1. fundur. — 1. dag júlím.

Árið 1871, laugardaginn 1. dag júlímánaðar var alþingi Íslendinga, hið 13., sett í Reykjavík.

Eptir lögboðinni venju var haldin guðsþjónusta í dómkirkjunni, og prèdikaði þar prestaskólakennari sèra Helgi Hálfdánarson, og lagði út af Rómv. 9. kapít. 1.—3. v. Að lokinni guðsþjónustugjörðinni gengu þingmenn í alþingissalinn. Auk konungsfulltrúa, stiptamtmanns Hilmars Finsens, og aðstoðarmanns hans, landsyfirrèttardómara Magnúsar Stephensens, voru alþingismenn þeir, er nú skal greina:

A. Konungkjörnir:

1. Yfirdómari í landsyfirrèttinum Th. Jónassen.
2. Amtmaður Bergur Thorberg.
3. Landlæknir jústizráð Jón Hjaltalín.
4. Landsyfirrèttardómari Jón Pètursson.
5. Biskup Pètur Pètursson.
6. Prófastur Ólafur Pálsson.

B. Þjóðkjörnir:

1. Stefán Eiríksson, hreppstjóri í Árnanesi, þingmaður Austur-Skaptfellinga.
2. Páll Pálsson, prestur að Kirkjubæjarklaustri, þingmaður Vestur-Skaptfellinga.
3. Dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum, þingmaður Rangæinga.
4. Prestaskólakennari Helgi Hálfdánarson, þingmaður Vestmanneyinga.
5. Assessor Benidikt Sveinsson á Elliðavatni, þingmaður Árnesinga.
6. Prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görðum, þingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu.
7. Halldór Kr. Friðriksson, kennari við latínuskólann í Reykjavík, þingmaður Reykvíkinga.

8. Hallgrímur Jónsson, hreppstjóri í Guðrúnarkoti, þingmaður Borgfirðinga.
9. Hjálmur Pètursson í Norðtungu, þingmaður Mýramanna
10. Verzlunarmaður Egill Egilsson í Stykkishólmi, þingmaður Snæfellinga.
11. Prófastur Guðmundur Einarsson á Breiðabólstað á Skógarströnd, þingmaður Dalasýslu.
12. Eiríkur Kúld, prestur í Stykkishólmi, þingmaður Barðstrendinga.
13. Skjalavörður Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, þingmaður Ísfirðinga.
14. Torfi Einarsson, hreppstjóri á Kleifum við Steingrímsfjörð, þingmaður Strandasýslu.
15. Jón Kristjánsson, prestur að Breiðabólstað í Vesturhópi, varaþingmaður Húnvetninga.
16. Davíð Guðmundsson, prestur að Felli í Slèttuhlíð, þingmaður Skagfirðinga.
17. Stefán Jónsson, umboðsmaður á Steinsstöðum, þingmaður Eyfirðinga.
18. Erlendur Gottskálksson, bóndi í Garði í Kelduhverfi, varaþingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
19. Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Gautlöndum, þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
20. Sigurður prófastur Gunnarsson, á Hallormsstað, þingmaður Suður-Múlasýslu

Úr Norður-Múlasýslu var enginn þingmaður kominn.

Konungsfulltrúi setti þingið með svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Eptir að Hans Hátign konungurinn í hitt eð fyrra hafði látið leggja fyrir alþingið tvö lagafrumvörp viðvíkjandi stjórnarbótarmálinu, annað um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, en hitt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, stakk meiri hluti þingsins upp á, að Hans Hátign lèti ekki hið fyr nefnda frumvarp ná lagagildi, en að Honum mætti allramildilegast þóknast að útvega fast árgjald handa Íslandi úr ríkissjóðnum, er næmi að minnsta kosti 60,000 rd., en hinu síðar nefnda frumvarpi breytti þingið til vara og stakk upp á, að konunginum mætti þóknast að staðfesta frumvarpið, eins og því var breytt af þing-

inu, en að öðrum kosti rèð þingið frá, að þetta frumvarp öðlaðist lagagildi.

Frumvarpið um stöðu Íslands í ríkinu var eptir hlutarins eðli, eins og það einnig skýrt og skorinort var tekið fram í ástæðunum fyrir því —, lagt fyrir þingið einungis til ráðaneytis, á meðan það á hinn bóginn var bundið við samþykki ríkisþingsins; og það var tilkynnt alþinginu, að eins og það væri vitaskuld, að konungurinn mundi taka eins mikið tillit til álits þingsins, eins og það ætti skilið, eins væri það hins vegar auðsætt, að ekki mætti skjóta á frest fram í óákveðinn ókominn tíma, að gjöra fyrir fullt og allt út um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, en að málinu yrði ráðið til lykta, þegar alþingi hefði gefizt kostur á að framkvæma þá hlutdeild sína til ráðaneytis, sem því bæri í þessu máli. Samkvæmt þessari tilkynningu Hans Hátignar hefir honum allramildilegast þóknazt með lögum frá 2. d. janúarmán. þ. á. fyrir fullt og allt að ákveða hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og á þann hátt að binda enda á það ástand, sem hefir staðið yfir um of langan tíma, og sem hefir valdið því, að allt var komið á reyk í stjórn landsins, vegna þess að alþingið hafði haldið þeirri skoðun fram, að spursmálið um stöðu Íslands í ríkinu væri vafasamt og bundið við samþykki þingsins, þó að bæði eptir hlutarins eðli, eptir fyrirheiti hins hásæla konungs Friðriks VII. frá 23. sept. 1848 og eptir alþingistilsk. 8. marz 1843, þetta spursmál væri alveg fyrir utan verkahring þingsins. Með lögunum frá 2. jan. þ. á. eru nú fengin hin óraskanlega undirstaða til endurbóta á fjárhags- og stjórnarmálefnum Íslands, sem stjórnarskráin um hin sèrstaklegu málefni Íslands getur orðið byggð á, ef alþingið áliti það landinu í hag að koma nýju skipulagi á stjórnarmálefni landsins.

Af því að alþingið í hitt eð fyrra hafði ráðið frá, að stjórnarskráin um hin sèrstaklegu málefni Íslands næði lagagildi nema með þeim breytingum, sem þingið hafði stungið upp á, og af því að þessar breytingar voru þess eðlis, að ekki gátu þær orðið teknar til greina, hefir Hans Hátign konungurinn ekki gjört þetta frumvarp að lögum gegn ósk alþingis; en aptur á mót hefir honum allramildilegast þóknazt með sèrstaklegu tilliti til þess, að lögin frá 2. janúarmán. þ. á. eru út gengin, að láta semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem eg skal hafa þá æru að leggja fram fyrir þingið. Þó að alþingistilskipunin með tilliti til breytingar á stjórnarlögunum ekki heimili alþingi

annan myndugleika en til þess að segja álit sitt um breytingar þær, sem konunginum virðast nauðsynlegar á tilskipuninni, og þó að allrahæstur úrskurður 23. sept 1848 ekki geti annað fyrirheiti en það, að ákvarðanir þær, sem, þá er litið er til Íslands sérstaka ásigkomulags, mundu þykja nauðsynlegar til að skipa stjórnarlögun landshluta þessa samkvæmt aðalstjórnarskipun ríkisins, skuli ekki að fullum lögum verða fyr en Íslendingar sjálfir á fundi í landinu eru búnir að segja álit sitt um þær; og þó að alþingið nú sè búið tvisvar að segja álit sitt um stjórnarskrána og að á þann hátt sè fengin full lagaheimild til þess að lögleiða hana, er það ekki áform Hans Hátignar konungsins að gefa landinu nýja stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni þess, nema með samþykki þingsins. Þessa samþykkis hefir frá stjórnarinnar hálfu verið leitað bæði 1867 og 1869, og þegar nú í þetta skipti verður enn einu sinni leitað samþykkis alþingis til stjórnarskrárinnar, vona eg innilega, að þessi tilraun stjórnarinnar, sem eptir minni sannfæringu mun verða hin síðasta, muni heppnast, og að samkomulag það, sem Hans Hátign konungurinn eptir því áður sagða álítur nauðsynlegt til þess að lögleiða stjórnarskrána, náist á þessu þingi. Og mèr virðast vera meiri líkur til þessa, einmitt vegna þess, að nú eru til fulls og alls ákveðin þau takmörk, sem stjórnarskráin eptir hlutarins eðli á að vera bundin við, og vegna þess að mótbárur þær, sem þingið áður hefir komið fram með á móti frumvörpum stjórnarinnar: að ekki mætti ríkisþingið fjalla um hin sèrstaklegu málefni Íslands, nú að öllu eru horfnar, eptir að lögin frá 2. d. janúarm. þ. á. í 7. gr. hafa ákveðið: «frá þessum tíma (1. aprílm. þ. á.) eru þau störf á enda, sem ríkisþingið hingað til hefir haft á hendi um fyrirkomulag á hinum sèrstaklegu tekjum og útgjöldum Íslands», því á þennan hátt er það nú alþingið eitt, sem á að semja við konunginn um stjórnarskrána, og það er komið einungis undir atkvæði alþingis, hvort það óskar alþingistilskipuninni breytt við samkomulag milli konungsins og þingsins, svoleiðis að alþingið fái löggefandi hlutdeild í hinum sèrstaklegu málefnum Íslands, eða það álítur landinu meira í hag að halda alþingistilskipuninni frá 8. marz 1843 óbreyttri.

En hvort sem verður, háttvirtu alþingismenn, er það nauðsynlegt að löggjafarvaldinu í hinum sèrstaklegu málefnum verði beitt til þess, að efla framfarir landsins, sem um of langan tíma hefir verið tálmað af umræðunum um stjórnarbótarmálið; og í þessum

tilgangi verða í þetta skipti lögð fyrir þingið mörg mikilsvarðandi lagafrumvörp, sem miða til þess, að undirbúa sjálfsforræði það, er Hans Hátign konungurinn hefir ætlað Íslandi bæði í fjárhagslegu og stjórnarlegu tilliti. Eg skal meðal þessara frumvarpa, sem mèr er falið á hendur að leggja fyrir þingið, nefna: frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, um póstmál o. fl. Þessi frumvörp munu reynast jafnhaganleg og nauðsynleg, ef alþingið verður löggefandi, og ef stjórnarskráin kemst eigi á, og eg treysti því, að þingið muni kosta kapps um, að gjöra þessi frumvörp svo úr garði, að þau geti orðið landinu til heilla og blessunar.

Áður en vèr byrjum samvinnu vora, skal eg þakklátlega viðurkenna þá miklu velvild og vináttu, sem þingmenn hafa auðsýnt mèr í þau tvö skipti, sem eg hefi haft þá æru að vera erindsreki Hans Hátignar konungsins á alþingi, og biðja yður, háttvirtu alþingismenn, einnig á þessum samvinnutíma vorum, sem nú fer í hönd, að sýna mèr þá sömu velvild.

Í þessu trausti og með bæn til hins algóða guðs, að hann blessi þessa samkomu og gjöri úrslit hennar oss sjálfum til sóma og föðurlandi voru til heilla, lýsi eg í nafni og umboði Hans Hátignar konungsins því yfir:

Alþingi er sett.

Að þeirri ræðu lokinni gat konungsfulltrúi þess, að alþingismaðurinn úr Norður-Múlasýslu, prófastur *Halldór Jónsson* á Hofi, hefði skýrt sèr frá, að hann gæti ekki komið á þing að þessu sinni, og hefði skýrt varaþingmanninum, umboðsmanni *Páli Ólafssyni* á Hallfreðarstöðum, frá því, en frá honum kvaðst konungsfulltrúi enga vitneskju hafa fengið, hvort hann kæmi eða eigi eða hve nær.

Þá skýrði konungsfulltrúi frá því, að þeir 3 þingmenn, sem nú væru nýir á þingi, en það væru þingmaður Snæfellinga, varaþingmaður Húnvetninga og varaþingmaður Norður-Þingeyinga, hefðu sýnt sèr kjörbrèf sín, og gæti hann ekkert að þeim fundið, og spurði, hvort nokkur þingmanna vildi hafa nokkur mótmæli fram gegn þingsetu þessara manna, en enginn þingmanna varð til þess.

Þá gat konungsfulltrúi þess, að hann samkvæmt skipunarbrèfi sínu, dags. 22. dag maímanaðar þ. á., til að vera konungsfulltrúi á þessu þingi og tilsk. 8. dag marzmán. 1843 hefði tekið assessor

Magnús Stephensen sèr til aðstoðarmanns, og væri hann viðstaddur hèr á þinginu.

Þessu næst skoraði konungsfulltrúi á hinn elzta þingmann, etazráð *Þórð Jónasson*, að gangast fyrir forseta-kosningu, og gjörði hann það, og bað þingmenn Reykvíkinga og Rangvellinga að vera sèr til aðstoðar, að skrifa upp atkvæðin. Var síðan til atkvæða gengið, og varð forseti þingmaður Ísfirðinga skjalavörður *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn með 16 atkvæðum. Biskup *Pètur Pètursson* fèkk 5 atkvæði, amtm. *Bergur Thorberg* 2 atkvæði, og skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson* 1 atkvæði, en einn atkvæðisseðill varð ógildur. Skjalavörður *Jón Sigurðsson* gekk þá til forsetasætis, og þakkaði þinginu fyrir það traust, er það sýndi sèr með kosningu þessari.

Síðan var kosinn varaforseti, biskup *Pètur Pètursson* með 19 atkvæðum. Amtmaður *Bergur Thorberg* fèkk 3 atkvæði, etazráð *Þórður Jónasson*, landsyfirrèttardómari *Jón Pètursson* og assessor *Benidikt Sveinsson* fèkk hver 1 atkvæði.

Til skrifara voru kosnir: skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson* og sèra *Eiríkur Kúld*, hvor með 23 atkvæðum. Amtmaður *Bergur Thorberg*, Dr. *Grímur Thomsen*, prestaskólakennari *Helgi Hálfdánarson* og prófastur *Þórarinn Böðvarsson* fengu hver um sig 1 atkvæði.

Konungsfulltrúi afhenti þá forseta skipunarbrèf konungs til hans, til að vera konungsfulltrúi á alþingi 1871, með íslenzkri útleggingu (II, bls. 1), og því næst afhenti konungsfulltrúi til útbýtingar meðal þingmanna lagaboð þau, sem nú skal greina:

1. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, dags. 22. dag maímánaðar 1871 (II, bls. 2).
2. Opið brèf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu, dags. 11. dag desembermánaðar 1869.
3. Opið brèf handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, dags. 11. dag desembermánaðar 1869.
4. Tilskipun handa Íslandi um eptirmyndun ljósmynda o. fl., dags. 11. dag desembermán. 1869.
5. Auglýsing fyrir Ísland um tilkynning um einkarètt til að eptirmynda ljósmyndir, dagsett 10. dag febrúarmánaðar 1870.
6. Auglýsing um, hve nær opið brèf handa Íslandi 11. dag des-

embermánaðar 1869 um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi, dags. 5. dag marzmánaðar 1870.

7. Opið brèf handa Íslandi um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, dagsett 12. dag marzmánaðar 1870.
8. Tilskipun fyrir Ísland um uppreist á æru og fl., dags. 2. dag janúarmánaðar 1871.
9. Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, dagsett 2. dag janúarmánaðar 1871.
10. Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., dagsett 4. dag marzmánaðar 1871.
11. Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmánaðar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, dagsett 4. dag marzmánaðar 1871.
12. Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og justizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, dags. 1. dag aprílmánaðar 1871.

Þá afhenti konungsfulltrúi forseta frumvörp þau, sem nú skal greina:

1. Frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands.
2. Frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi; en konungsfulltrúi gat þess, að hinn íslenzki texti af ástæðunum fyrir frumvarpi þessu væru enn eigi fullprentaðar, en þær skyldu verða prentaðar, svo fljótt sem kostur væri, og afhentar forseta þingsins til útbýtingar meðal þingmanna.
3. Frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík.
4. Frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
5. Frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál.
6. Frumvarp til tilskipunar, sem hefir inni að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, 1. kap. og fl.
7. Frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót.
8. Frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi.
9. Frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir.
10. Frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.
11. Frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdóm-

ara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti.

12. Frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja.

Þá er frumvörpum þessum var útbýtt meðal þingmanna, ákvað forseti fund næsta mánudag, hinn 3. dag júlím., á hádegi, og sagði síðan fundi slitið.

---

2. fundur. — 3. júlí.

Forseti gat þess, að hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði skýrt sèr frá, að hann gæti eigi komið á þing í dag sökum embættisanna. Sömuleiðis gat hann þess, að gjörðabók 1. fundar væri eigi fullbúin og upplestur hennar biði því næsta fundar. Þá skýrði hann enn fremur frá, að eptir samkomulagi við konungsfulltrúa væri þeir Jón Bjarnason og Þorvaldur Jónsson teknir til innanþingsskrifara, og gengu þeir til sætis.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til nefndarkosningar í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi» (II, bls. 25). Með því mál þetta er all-yfirgripsmikið, leyfi eg mèr að stinga upp á 7 manna nefnd; mælti enginn þingmanna á móti því, og fór síðan kosning fram.

Þessir 7 menn hlutu flest atkvæði:

Bergur Thorberg .	23 atkv.
Stefán Jónsson . .	19 —
Þórður Jónasson .	18 —
Guðmundur Einarsson	18 —
Erlendur Gottskálksson	13 —
Hjálmur Pètursson .	13 —
Jón Sigurðsson . .	9 —

Var svo málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni, (Bergi Thorberg) er flest atkvæði hafði fengið.

Forseti: Því næst kemur til nefndarkosningar í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík» (II, bls. 69). Eg sting upp á 5 manna nefnd, og bið þingmenn, ef þeir fallast á það, að kjósa fimm menn í nefndina. Þessir hlutu flest atkvæði:

Jón Pètursson . .	22 atkv.

Halldór Friðriksson 22 atkv.
Ólafur Pálsson . . 20 —
Eiríkur Kúld . . 13 —

Þórður Jónasson og Pètur Pètursson hlutu hvor um sig 8 atkv., og varð hinn fyrnefndi, sem er eldri, nefndarmaður.

Málið afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni (Jóni Pètursyni), sem hinum eldra af þeim, er flest atkvæði höfðu hlotið.

Forseti: Þá er næst að kjósa menn í nefnd til að íhuga hið konunglega «frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál» (II, bls. 101). Samþykkt var, að kosnir væru 5 menn í þá nefnd; þeir voru þessir:

Bergur Thorberg hlaut 21 atkv.
Pètur Pètursson . — 16 —
Sigurður Gunnarsson — 15 —
Jón Sigurðsson . — 14 —
Grímur Thomsen . — 9 —

Málið var síðan afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni, (Bergi Thorberg), er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þessu næst er að kjósa nefnd manna í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787, 1. kap. o. fl» (II, bls. 116).

Eptir uppástungu forseta var samþykkt 3 manna nefnd, og hlutu þessir kosning:

Grímur Thomsen með 16 atkv.
Hallgrímur Jónsson — 12 —
Stefán Eiríksson — 9 —

Málið afhent þingmanni Rangæinga, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þá skal eg enn biðja þingmenn að kjósa nefnd í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót» (II, bls. 123).

Eptir uppástungu forseta var 3 manna nefnd samþykkt í því máli, og hlutu þessir flest atkvæði:

Þórarinn Böðvarsson . 18 atkv.
Benidikt Sveinsson . 15 —
Hallgrímur Jónsson . 9 —

Málið var afhent þingmanni Gullbringus., er hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá er því næst að kjósa nefnd manna til íhugunar konunglegu »frumvarpi til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi« (II, bls. 138).

Þar var samþykkt 5 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosning:

Jón Pètursson . .	með	21 atkv.
Benidikt Sveinsson	—	19 —
Hjálmur Pètursson .	—	19 —
Ólafur Pálsson . .	—	18 —
Davíð Guðmundsson	—	11 —

Málið var svo afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni (Jóni Pèturssyni), er hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn að kjósa nefnd manna í málinu um konunglegt »frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysiugja« (II, bl. 150).

Samþykkt var 3 manna nefnd og hlutu þeir kosning:

Páll Pálsson . .	19 atkv.
Helgi Hálfdánarson	14 —
Jón Hjaltalín . .	10 —

Pètur Pètursson hlaut jafnmörg atkvæði og hinn síðast nefndi, en Jón Hjaltalín var eldri og varð þess vegna nefndarmaður.

Málið afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga, er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Loksins er að kjósa nefnd manna í málið um konunglegt »frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi« (II, bls. 147).

Þar var samþykkt 5 manna nefnd. Kosning hlutu:

Jón Sigurðsson . .	með	18 atkv.
Bergur Thorberg .	—	17 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	12 —
Torfi Einarsson . .	—	12 —
Jón Kristjánsson .	—	11 —

Sigurður Gunnarsson hafði og hlotið 11 atkvæði, en með því hinn fyr nefndi var eldri, varð hann nefndarmaður.

Málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Eg vil mælast til, að nefndarmenn skýri mèr svo fljótt frá sem auðið er, hverjir formenn og skrifarar verða kosnir í nefndum þessum. Eg skal geta þess, að það hefir orðið vart við margar prentvillur í frumvörpum þeim, sem nú eru komin til þings, en til þess að bæta úr þeim galla, þá ætlar hinn háttvirti konungsfulltrúi að skipa svo fyrir, að prentaður verði listi yfir prentvillurnar í hverju frumvarpi sèr í lagi, og verði þessar leið-

rèttingar síðan sendar þingmönnum, svo þær geti fylgt hverju frumvarpi, þar sem þær heyra til.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar frá 24. maí þ. á. skal eg afhenda hinum háttvirta forseta eitt exemplar af þeim almennu lagaboðum, er út hafa komið í Danmörku á árunum 1869 og 1870, til þess að alþingi geti gefizt kostur á, að taka til yfirvegunar og segja álit sitt um það, hvort nokkur af þessum lagaboðum sè þess eðlis, að þau geti orðið gjörð að lögum fyrir Ísland. En jafnframt skal eg geta þess, að stjórnin hefir ekki álitið að svo væri, að minnsta kosti nú sem stendur, og því ekki heldur fundið ástæðu til að leggja neitt af þeim fram í frumvarpi.

Forseti: Eg hefi þingsins vegna tekið við lagaboðum þessum frá 1869 og 1870, og skal eg sjá um, að þau verði lögð fram á lestrarsal þingsins, svo að þingmenn geti kynnt sèr þau, áður en kemur til umræðu, hvort nefnd skuli kjósa til að skoða þau eða ekki.

Samkvæmt alþingistilskipuninni liggur það fyrir, að kjósa 2 menn í ritnefnd alþingistíðindanna, og eptir dagskránni á sú kosning að fara fram í dag; skal eg því skora á hina háttvirtu þingmenn, að kjósa þessa tvo menn til ritnefndar.

Kosnir voru: Halldór Kr. Friðriksson með 20 atkv. og
Jón Pètursson . . . — 13 —

Forseti: Eg vil mælast til, að hinir háttvirtu þingmenn sendi mèr sem fyrst þær bænaskrár, er þeir hafa meðferðis, til þess eptirrit verði í tíma tekið af þeim og sent hinum háttvirta konungsfulltrúa. Eg skal geta þess, að á morgun á að halda sýnódus, og er vandi, að halda engan fund þann dag, og þá eigi heldur nú. Á miðvikudaginn er ákveðinn fundur í húss- og bústjórnarfèlagi Suðuramtsins á hádegi, og af því sumir þingmenn munu ætla að sækja þann fund, ákveð eg þingfund á miðvikudaginn kl. 10 f. m. Eg leyfi mèr að mælast til, að hinir virðulegu þingmenn mæti þá á tilsettum tíma, því þá vona eg að vèr höfum nægan tíma til að kjósa nefndir til að rannsaka hin konunglegu frumvörp, sem eptir eru.

Fundi slitið.

---

3. fundur. — 5. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók 1. og 2. fundar lesin og samþykkt.

Forseti: Konungsfulltrúi hefir afhent mèr ástæðurnar fyrir hinu konunglega frumvarpi til laga um sveitastjórn á Íslandi á íslenzku, sem ekki voru tilbúnar, þegar frumvörpin voru lögð fram. Þessar ástæður bið eg nú skrifarana að afhenda hinum háttvirtu þingmönnum, svo þær geti fylgt frumvarpinu. Þó að fyrirsögnin sè: «Ástæður fyrir frumvarpi þessu», vona eg, að þetta eigi villi neinn, því það er hægt að tengja þær við frumvarpið, sem fram var lagt, og svo var ætlazt til, þegar fyrirsögnin var samin. Eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni, er kosin var í málinu um konunglegt «frumvarp, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787 1. cap. og fl.», að í henni sè kosinn formaður Hallgrímur Jónsson og skrifari Grímur Thomsen, og frá nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi», að í henni sè kosinn til formanns Jón Sigurðsson og skrifari Bergur Thorberg.

Það sem liggur fyrir í dag samkvæmt dagsskránni, er að kjósa nefndir til að rannsaka þau fjögur konunglegu frumvörp, sem eptir voru í fyrra-dag. Hið fyrsta þeirra er málið um konunglegt «frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands» (II, bls. 8); í þetta mál hefir verið vant að kjósa að undanförnu níu manna nefnd, og sting eg upp á, að enn verði svo gjört, ef ekki koma fram uppástungur um að haga því öðruvísi. Þegar enginn mótmælti eða stakk upp á öðru, þá var nefnd kosin og fèllu atkvæði þannig:

Jón Sigurðsson	hlaut 20	atkv.
Guðmundur Einarsson	— 19	—
Þórarinn Böðvarsson	— 18	—
Eiríkur Kúld	— 17	—
Stefán Jónsson	— 17	—
Halldór Kr. Friðriksson	— 16	—
Benidikt Sveinsson	— 14	—
Hjálmur Pètursson	— 12	—
Þórður Jónasson	— 12	—

Málið var svo afhent þingmanni Suður-Þingeyinga (Jóni Sigurðssyni), er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þessu næst bið eg þingmenn að kjósa nefnd í mál-

inu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir» (II., bls. 130). Þingmennirnir úr Gullbringusýslu og Rangárvallasýslu kváðust hafa bænarskrár meðferðis um þetta mál og spurðu, hvort eigi mætti afhenda þær nefndinni, þegar hún væri kosin.

Forseti beiddi, að sèr yrðu afhentar allar bænarskrár fyrst, til þess að láta skrifa þær upp og senda konungsfulltrúa, síðan yrðu þær lagðar á lestrarsalinn, þangað til þær yrðu lagðar fram á þingi, og ákveðið að vísa þeim til annara nefnda eða kjósa nýjar nefndir um þær.

Þá var ákveðið, eptir uppástungu forseta, að kjósa 5 manna nefnd í máli þessu, og urðu þessir fyrir kosningu:

Torfi Einarsson	með	15 atkv.
Pètur Pètursson	—	13 —
Hallgrímur Jónsson	—	12 —
Bergur Thorberg	—	9 —
Hjálmur Pètursson	—	9 —

Var svo málið afhent þingmanni Strandasýslu, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Því næst bið eg þingmenn að kjósa nefnd til að rannsaka konunglegt «frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum» (II, bls. 90); eg sting þar upp á 5 manna nefnd. Þetta var samþykkt, og hlutu þessir þingmenn kosning til nefndarinnar:

Egill Egilsson	með	18 atkv.
Eirikur Kúld	—	10 —
Hallgrímur Jónsson	—	10 —
Jón Sigurðsson	—	10 —
Pètur Pètursson	—	10 —

Var málið síðan afhent þingmanni Snæfellinga, sem hafði hlotið flest atkvæði.

Forseti: Loksins bið eg þingmenn að kjósa nefnd í málinu um kgl. «frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretèra, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti» (II, bls. 153).

Þar var samþykkt uppástunga forseta um 3 manna nefnd, og urðu þessir nefndarmenn:

Jón Sigurðsson	með	15 atkv.
Þórarinn Böðvarsson	—	15 —

Egill Egilsson með 10 atkv.

Hinum eldra af þeim, er flest atkvæði hlutu, þingmanni Gullbringusýslu, var afhent málið:

Forseti: Ætlunarverk fundar þessa er þá lokið, og þar eð ekkert verkefni er fyrir hendi, sem stendur, þá get eg að sinni ekki ákveðið nær fundur geti orðið, en eg vonast eptir það geti orðið á laugardaginn kemur, eða í seinasta lagi á mánudag í næstu viku. En á meðan þessi tími er, þá vona eg að nefndirnar starfi sem kappsamlegast að málunum, svo að nefndarálit geti sem fyrst orðið afgreidd, einkum í smámálunum, svo þau geti komið til umræðu á þinginu svo fljótt, sem orðið getur, jafnframt og rætt verður um bænarskrár þær, sem til þingsins eru komnar. Eg mun birta dagskrá í seinasta lagi daginn áður en fundur verður haldinn, og þar ekki liggur meira fyrir hendi í dag, segi eg

Fundi slitið.

---

4. fundur. — 8. júlí.

Allir á fundi, nema hinn 6. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá nokkrum nefndum, að í þeim séu kosnir formenn og skrifarar, og eru í málinu um konunglegt «frumvarp um sveitastjórn á Íslandi» kosinn formaður Bergur Thorberg og skrifari Guðmundur Einarsson. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál» er kosinn formaður Bergur Thorberg og Jón Sigurðsson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík», er kosinn formaður Jón Pétursson, Halldór Kr. Friðriksson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi» er Ólafur Pálsson kosinn formaður og Jón Pétursson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja» er Páll Pálsson kosinn formaður og Helgi Hálfdánarson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frmvarp tti stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands» er Jón Sigurðs-

son kosinn formaður og Þórarinn Böðvarsson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna» er Bergur Thorberg kosinn formaður og skrifari Torfi Einarsson. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum» er Pètur Pètursson kosinn formaður og Egill Egilsson skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekritèra Benidikt Sveinssyni» er Jón Sigurðsson kosinn formaður og Þórarinn Böðvarsson skrifari.

Eg skal geta þess, að eg hefi ritað stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna og með hverjum kostum prentsmiðjan taki hana að sèr, og hefi eg nú fengið svar stiptsyfirvaldanna (II, bls. 158).

Skilmálar þessir eru hinir sömu og vant er, að því leyti sem viðvíkur verðinu á pappírnum, og á prentuninni, svo sem þingið hefir samþykkt áður; eg hefi því enga ástæðu til að fara fram á breytingu í þeim atriðum. En hvað hinn síðasta atriðinu viðvíkur, að eg mæltist til að fá vissu fyrir, að prentun þingtíðindanna yrði lokið fyrir 1. marzm. næsta ár, þá gjörði eg það í þeim tilgangi, eins og gefur að skilja, að alþingistíðindin gætu orðið send með 1. póstferð til Kaupmannahafnar og komizt þaðan til allra hafna á Íslandi, að svo miklu leyti, sem þau gætu ekki komizt beinlínis hèðan. Eg hefði gjarnan óskað, að hin háttvirtu stiptsyfirvöld hefðu getað gefið þinginu vissu um, að prentun þingtíðindanna yrði lokið innan þess tíma; og þessa vissu hefði að minni ætlun verið mögulegt að gefa, með því að miða við alþingistíðindin eins og þau hafa verið hingað til, af því eg ímynda mèr þau verði varla stærri í þetta sinn, og þá þyrfti að eins að ákveða, að prentaðar skyldu verða 3 til 4 arkir um vikuna, svo að þau yrðu fullbúin fyrir þann tíma. Mèr þótti einkum nauðsyn til að fara þessu á flot nú þegar, vegna þess að eg hefi þótzt verða var við, að bæði vinnukraptar prentsmiðjunnar og eins letur-byrgðir hennar sè nú sem stendur í veikara lagi, við það sem vant er, og væri óskandi, að úr því mætti bætast sem fyrst, til þess að þingtíðindin gætu orðið sem fljótast leyst af hendi. En sökum þess, að hin háttvirtu stiptsyfirvöld hafa nú lofað í brèfi sínu, að þau skuli gjöra sèr allt far um, að prentun alþingistíðindanna gangi sem greiðast, þá hefir mèr þótt rèttast, að fara ekki lengra út í það mál,

heldur láta sèr þetta loforð nægja, og finn eg því ekki ástæðu til að gjöra neinar uppástungur í því efni. Eg gjöri mig því ánægðan með skilmála þessa þingsins vegna fyrir mitt leyti, og ef enginn þingmanna gjörir neina athugasemd við þá, álít eg þá samþykkta.

Þar eð enginn þingmanna tók til máls, voru skilmálar prentsmiðjunnar þannig samþykktir.

Forseti: Það, sem kemur til meðferðar í dag, er fyrst, hvort nefnd skuli kjósa til þess að rannsaka þau hin dönsku lagaboð frá 1869 og 1870, og segja álit um, hvort nokkur þeirra sè svo löguð, að menn álíti vert að fara fram á, að þau verði gjörð gildandi hèr. Það hefir jafnan verið venja að kjósa nefnd manna um þetta álitsmál, en hvort svo skuli nú einnig gjöra, verður að vera komið undir atkvæði þingmanna. Af því eg gjöri ráð fyrir, að allir hinir háttvirtu þingmenn hafi kynnt sèr þessi lagaboð, meðan þau hafa legið frammi á lestrarsalnum, þá skal eg skora á þá, að segja álit sitt um, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg mæli með, að nefnd sè kosin í þessu máli, því að þótt þessi lagaboð sjálf kunni að vera svo, að þau eigi ekki við hèr á landi, þá getur þó gjarnan verið, að nefndin finni aðalefni einhvers þeirra þannig, að henni þyki ástæða til, að búið væri til frumvarp um það, og lagt fyrir þingið. En ef eigi er svo, þá tekur það eigi langan tíma, að ganga í gegnum þau og rannsaka þau.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, bið eg hina háttvirtu þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort þeir vilja að nefnd skuli kjósa eða eigi.

Var síðan gengið til atkvæða og málið fellt frá nefnd með 12 atkvæðum gegn 10.

Forseti: Þessu næst skal eg samkvæmt dagskránni skýra þinginu frá nokkrum bænarskrám, er til þingsins hafa komið að þessu sinni: Þá er 1, um jafnaðarsjóðsgjaldið úr Austur-Skaptafellssýslu ein bænarskrá; 2, um laun handa hreppstjórum úr Borgarfjarðarsýslu ein bænarskrá; 3, um laxveiði, brèf með uppástungu frá Ásgeiri Einarssyni á Þingeyrum; 4, um komu póstskipisins til Vestmannaeyja úr Vestmannaeyjum ein bænarskrá; 5, um að leyfð verði uppsigling á Stapahöfn úr Breiðavíkurhrepp í Snæfellsnessýslu; 6, um breytingu á veiðilögum (selveiði á Breiðafirði) úr Snæfellsnessýslu 2 bænarskrár; 7, um póstgöngur milli Skaptafells- og Suður-Múlasýslu 2 bænarskrár; 8, um breytingu á vegalögum úr

Suður-Múlasýslu, sömuleiðis frá 5 hreppum, 5 bænarskrár; 9, um að prestaefnum verði kennt hið nauðsynlegasta í læknisfræði úr Suður-Múlasýslu, sömuleiðis frá 5 hreppum, 5 bænarskrár; 10, um sveitastjórn úr Suður-Múlasýslu, samhljóða frá 5 hreppum, 5 bænarskrár. Af öllum þessum bænarskrám hefir konungsfulltrúi fengið eptirrit og því geta þær smámsaman, eptir að þær hafa legið á lestrarsalnum þingmönnum til eptirsjónar, orðið teknar upp á dagskrá, svo útkljáð verði á fundi, hvað við hverja þeirra skuli gjöra, hvort kjósa skuli nefndir manna þeim til íhugunar, eða fela þær á vald öðrum nefndum, eða fella þær með öllu. Frá fleirum bænarskrám en þessum, er konungsfulltrúi þegar hefir fengið eptirrit af, mun eg síðar skýra þinginu, þá er konungsfulltrúi einnig hefir fengið eptirrit þeirra.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt hinni konungl. auglýsing frá 22. maí þ. á II. N 5 skal eg leyfa mèr að skýra frá þeim ástæðum, sem hafa valdið því, að þegnleg bænarskrá alþingis frá í hitt eð fyrra um stofnun lagaskóla á Íslandi ekki hefir verið tekin til greina.

Að vísu hefir Hans Hátign konungurinn í auglýsingu frá 8. júním. 1863 tilkynnt þinginu, að það sè ósk Hans, að láta að þegnlegri bæn þingsins um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt gæti fè það, er til þess þyrfti; en sem stendur verður ekki sagt að þessum skilmálum sè fullnægt, því eptir allrahæstum úrskurði frá 4. marz þ. á., sem ákveður áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1871 til 31. marz 1872, eru eptirstöðvar tekjanna ekki meiri enn 5000 rd., sem álitnir eru nauðsynlegir til þess að stofna hjálparsjóð (Reservefond), og af þeim getur því ekki orðið neitt afgangs til þess að stofna lagaskóla hèr í landinu, sem mundi kosta ærið mikið fè að tiltölu við það gagn, sem hann — að minnsta kosti nú sem stendur — getur gjört. Því, þar sem hingað til ráð hefir verið gjört fyrir því, að próf við lagaskólann einungis mundi gefa lærisveinum aðgang til sýslumannsembætta landsins, en hvorki til amtmanna- nè yfirdómara-embætta, og þar sem enn fremur má gjöra ráð fyrir því, að nokkrir þeirra, sem sækja mundu um hin síðarnefndu embætti, til bráðabirgða ættu að þjóna sýslumannaembættunum, og fleiri þeirra mundu verða kyrrir í þeim, má ekki ætla að fleiri enn hèr um bil 10 lögfræðingar mundu hver 20 eða 30 ár sækja að lagaskólanum, eða með öðrum orðum að hvert sýslumannsefni mundi á þann hátt kosta landið

eins mikið fè og varið verður til lagaskólans í tvö eða þrjú ár; en eg held að þingmönnum muni þykja það afarkostnaður til þess að undirbúa hin nauðsynlegu embættismannaefni. Á hinn bóginn skal eg játa það, að það er ekki litlum kostnaði bundið að senda sonu sína til Kaupmannahafnar til þess að stúdera lögfræði; en það er hvorttveggja, að dvöl lærisveinanna í Reykjavík á lagaskólanum, eg gjöri ráð fyrir í 3 ár, mundi verða heldur kostnaðarsöm, og mikil *beneficia* eru veitt landsmönnum við háskólann í Kaupmannahöfn, sem, ef þau væri vel notuð, mundu koma því til leiðar, að kostnaðurinn til þess að nema lögfræðina við háskólann í Kaupmannahöfn, verður í raun og veru ekki meiri, en við lagaskóla í Reykjavík; en það skal eg taka fram, að ekki verður háskólanum í Kaupmannahöfn í öllum tilfellum kennt um það, að landsmenn hafa svo langa og kostnaðarsama dvöl við hann, heldur verður landsmönnum sjálfum optast nær að kenna um það.

Þar sem bænarskrá alþingis fór því fram, að við háskólann geti menn ekki fengið næga þekkingu á hinum sèrstöku lögum Íslands, þá getur orðið ráðin bót á þessu á annan veg, en með því að stofna lagaskóla hèr í landinu, og á hinn bóginn getur lagaskóli í Reykjavík komið því til leiðar, að þekking lögfræðinganna bæði á hinum sèrstöku lögum landsins og á hinum almennu lögum — en á þessu ríður ekki minna — mundi verða langtum minna vísindaleg og affarasæl landinu og þjóðinni.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin og dómsmálastjórnin hafa skrifazt á um þetta mál, hefir hin fyrnefnda tjáð sig fúsa til að koma því á veg, að við háskólann í Kaupmannahöfn verði framvegis haldnir fyrirlestrar yfir hin sèrstöku íslenzku lög, sèr í lagi landbúnaðarlögin og sögu laganna, og á þann hátt mun að minu áliti kennslan í lögfræðinni við háskólann handa íslenzkum embættismannaefnum verða bæði vísindalegri og fullkomnari, samt minni kostnaði bundin, en áþekk kennsla við lagaskólann í Reykjavík getur orðið.

Enn fremur skal eg, samkvæmt hinni koununglegu auglýsingu frá 22. maí þ. á. II. N. 7. leyfa mèr að skýra þinginu frá þeim ástæðum, sem hafa valdið því, að þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun sjómannaskóla á Íslandi hefir ekki orðið veitt áheyrsla, og gefa þinginu tækifæri til að láta uppi ýtarlegra álit sitt um það, hvernig augnamiðinu geti orðið náð á hagfelldastan hátt.

Eins og þingmönnum er kunnugt, stakk alþingið í hitt eð fyrra upp á:

1. að sjómannaskóli yrði sem fyrst settur hèr á landi, þar sem mönnum gæfist tækifæri á, að læra sjómannafræði, og að við skóla þennan yrði settur launaður kennari.
2. að þangað til fjárhagur Íslands og hins danska ríkis yrði aðskilinn, fengist veitt úr ríkissjóði fè það, sem með þarf til stofnunar og framhalds skóla þessum, og

til vara: að konunginum mætti þóknast að láta leggja fyrir alþingi 1871 frumvarp um stofnun sjómannaskóla hèr á landi.

Það er vafalaust, að það mundi koma landinu og fiskimönnum þess til mikils gagns, að þeim gæti gefizt tækifæri til að nema sjómannafræði, en um hitt getur verið spursmál, hvernig þessu augnamiði geti orðið náð á sem hagfelldastan hátt og með sem minnstum kostnaði. Um aðsetur skólans var ágreiningur þingmanna á milli í hitt eð fyrra, þar sem sumir kusu Ísafjörð, aðrir Reykjavík, en nokkrir Akureyri, og það er í þessu tilliti athugavert, að svo hagar til hèr í landinu, að sjómannaskólinn, hvar sem honum verður komið fyrir, að öllum líkindum mun verða sóttur einungis frá þeim fjórðungi landsins, eða frá því hèraði, sem hann er settur í, og að það mundi verða sèrstaklegum erfiðleikum bundið að útvega lærisveinum skólans nægilega praktiska sjómennsku í sambandi við þá þekkingu á sjómannafræðinni, sem það væri aðaltilgangur skólans að veita.

Þó að stofnun eins sjómannaskóla hèr í landinu samkvæmt þessu einungis yrði að litlum notum fyrir allt landið, mundi kostnaðurinn ekki að síður verða hýsna-mikill að tiltölu. Að vísu hafði þingið í hitt eð fyrra ekki gjört neina fasta áætlun um kostnaðinn, en þó var gjört ráð fyrir, að hann til skólahúss og áhalda mundi nema 4400 rdl, og til þess sem skólinn árlega með þyrfti 800 rdl, og þessi áætlun mundi líklega, þegar til framkvæmdanna kæmi, reynast heldur lág, og sèr í lagi mundu laun þau, sem ætluð voru kennaranum, árlega 500 rdl, reynast of lítil, þegar full trygging ætti að vera fyrir dugnaði hans.

Af þessum ástæðum, sem sè: 1, að kostnaðurinn, sem stofnun eins sjómannaskóla hèr á landinu hefir í för með sèr, mundi verða of mikill, 2, að örðugleikinn á því, bæði að útvega duglegan kennara handa skólanum, og að gjöra það að verkum, að lærisveinar hans geti numið nægilega praktiska sjómennsku, mundi reynast óyfirstíganlegur, og 3, að stofnun eins skóla mundi verða ónóg, og einungis koma litlum hluta landsins til góðs, hefir stjórnin

eigi getað fallizt á uppástungu þingsins í þessu máli. Enn á hinn bóginn kannast stjórnin við þá miklu þýðingu, sem sjómannafræðin mundi hafa fyrir landið og fiskimenn þess, og hefir þess vegna upp á lagt mèr að skjóta því til yfirvegunar þingsins, hvort ekki mundi vera vinnandi verk, að útvega landsmönnum kennslu í sjómannafræðinni og sjómennsku á annan hátt og svoleiðis, að þessi kennsla yrði bæði arðsamari, meira tryggjandi og minni kostnaði bundin, og skal eg í þessu tilliti leiða athygli þingsins að tveim vegum, sem mèr þykja að öllu aðgengilegri og affarabetri, en uppástungur þingsins, nefnilega:

1. annaðhvort að stofnuð verði á hinu danska herskipi, sem hvert ár kemur til landsins, kennsla bæði í sjómannafræðinni sjálfri og í hinni praktisku sjómennsku, sem hèr ræðir um, og að hvert ár verði útvegað allt að 10 landsmönnum tækifæri til að nota þessa kennslu, og að henni aflokinni ganga undir próf í því, sem þeir hafa numið. Kennslunni, sem ætti að standa yfir eitt sumar, eða hèr um bil 4 mánuði, mundi að mínu áliti geta orðið hagað á þann hátt, að hún gæti orðið öllu landinu langtum meira til gagns en stofnun eins sjómannaskóla á einhverju plássi í landinu.
2. eður að veita ungum landsmönnum, sem vildu gjöra sèr far um að nema sjómannafræðina, styrk til að nema hana á einhverjum sjómannaskóla í Danmörku.

Í báðum tilfellum mundi kostnaðurinn verða langtum minni, og betur samsvara efnum landssjóðsins, árangur hans koma öllu landinu til góðs og gjöra það að verkum, að lærisveinunum gæfist kostur á langtum betur að nema sjómannafræðina.

Mèr er ekki upp á lagt að leggja fyrir þingið sèrstaklegt frumvarp um þetta málefni, heldur einungis að skjóta því til álita þingsins, hvort ekki mundi virðast ástæða til að taka þetta mál til ýtarlegri yfirvegunar.

Forseti: Út af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, skal eg geta þess, að svo framarlega sem þingmenn vilja hafa það mál fram, þá væri bezt fallið, að einhver þingmanna tæki tillögur konungsfulltrúa um sjómannaskólann til íhugunar, og bæri síðan upp um það uppástungu sína á þingi; þá mætti kjósa nefnd í það mál til nákvæmari rannsóknar, og mundi mega vænta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi mundi láta nefnd þeirri í tè athugasemdir sínar og aðra leiðbeining, sem máli þessu mætti til gagns koma.

En það væri æskilegt, að þessi uppástunga gæti komið fram sem fyrst.

Egill Egilsson: Eg hafði einmitt hugsað mèr að takast þetta á hendur.

Eiríkur Kúld: Eg tók eptir einu orði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa og það var, að hann nefndi «Budget» eða áætlun um tekjur og útgjöld Íslands. Eg veit ekki hvort allir þingmenn hafa verið sama sinnis sem eg — en það ætla eg víst, að það muni vera fleiri en eg einn, sem hefir saknað þess, að sjá hèr lagða fram þessa áætlun; því sannarlega er það undarlegt, ef þingið á ekki að fá að sjá hana, þar sem ávallt á undanförnum þingum hefir allt það, er orðið hefir að lögum eða tekið til meðferðar í lagalegu tilliti frá hálfu stjórnarinnar, verið lagt fyrir þingið. Hverju lýsir þá þessi aðferð með áætlunina, að hún skuli ei vera lögð hèr fram fyrir þingið? Eg veit það ekki, og skal ei leiða neinar getgátur að því. Ef áætlun þessi sæist hèr í þinginu, þá væri þó vel hugsanda, ad menn kynnu heldur að reyna til að leita upp einhver ráð til að fá fè það, sem stjórnin eigi þykist geta lagt til stofnunar þeim skólum, er hèr ræðir um, og sem nú ætla enn að stranda á sama skerinu og fyrri, meðan fjárhagurinn var alveg óaðskilinn. En meðan þingið ei fær áætlunina lagða fyrir, verður það í þessu tilliti eins og að fálma í poku. Það er undarlegt, að enn þá, þegar þó er að því komið, að fjárumráð vor skuli fengin oss í hendur, skuli það vera allt af viðkvæðið, að allt, sem fè þarf til, hljóti að stranda á fjárleysi. Eg verð því að leyfa mèr í mínu og alls þingsins nafni, að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að hann skýri þinginu frá, hverju það sæti, að þessi áætlun er eigi þegar lögð fyrir þingið.

Konungsfulltrúi: Mèr er ekki falið á hendur að leggja þessa áætlun fyrir þingið og því hefi eg eigi heldur gjört það, en eg skal að öðru leyti með ánægju senda hinum háttvirta forseta nokkur exemplör af auglýsingunni til leiðbeiningar fyrir þá þingmenn, sem ekki þekkja hana.

Forseti: Í dag er þá eigi meira að starfa. Eg mun slá upp dagskrá til mánudags, og munu þá verða teknar fyrir nokkrar af bænarskrám þeim, er fyrir hendi eru, til að skera úr, hvað við þær skuli gjöra. Eg segi því

Fundi slitið.

---

5. fundur — 10. júlí.

Allir á fundi, nema þingmaður Árnesinga, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir afhent mèr, eins og ráð hefir verið fyrir gjört, nokkur exemplör af lista yfir prentvillur í hinum konunglegu frumvörpum, sem hafa verið lögð fyrir þingið í þetta sinn, og mun eg láta út býta þessum blöðum meðal þingmanna eptir fund í dag, svo þeir geti látið þau fylgja frumvörpunum.

Eg skal og geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit frá þeirri nefnd, er kosin var til að rannsaka konunglegt «frumvarp til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787, 1. kap. og fl.», og verður fyrst tekið eptirrit af nefndaráliti þessu, og síðan mun það verða lagt fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það, þangað til það verður sett á dagskrá til umræðu, þegar timi er til.

Þá er að taka til dagskrár í dag, og liggur þá fyrst fyrir að ræða um bænarskrár úr Suður-Múlasýslu um sveitarstjórn. Þessar bænarskrár eru fimm, allar samhljóða, og er hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu flutningsmaður þeirra, og læt eg honum í sjálfsvald, hvort hann vill lesa upp bænarskrána.

Sigurður Gunnarsson: Bænarskrár þessar, sem allar eru samhljóða, hafa sendar verið til þessa þings einungis í von um, að þing þetta fengi til meðferðar frumvarp um sama efni frá stjórninni; gæti þá sumt það, er fram á er farið í bænarskránum, orðið leiðbeinandi athugasemdir fyrir nefnd þá, er rannsaka á sveitarstjórnarfrumvarpið. Eg ræð því helzt til þess, að bænarskrár þessar verði afhentar sveitarstjórnarnefndinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg óska, að bænarskráin sè lesin upp fyrir þinginu.

Jón Sigurðsson: Eg sömuleiðis.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal þá lesa upp bænarskrána: (Sbr II, bls 159).

Eg skal ekki fara fleirum orðum um efni bænarskránna að svo komnu.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, skýt eg því undir atkvæði hinna háttvirtu þingmanna, hvort fela skuli bænarskrár þessar

á vald nefnd þeirri, er kosin er í sveitarstjórnarmálinu, eins og hinn háttvirti flutningsmaður hefir mælzt til.

Þessi uppástunga var samþykkt með 22 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Þá kemur til umræðu bænarskrá Borgfirðinga um laun hreppstjóra. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, er mun lesa bænarskrána upp og skýra frá því, er honum þykir þurfa, um efni hennar.

Hallgrímur Jónsson: Með því bænarskráin er næsta stutt og hefir að eins eitt niðurlagsatriði, þá leyfi eg mèr að lesa hana upp hèr í þinginu. Hún er svo látandi: (Sbr. II., 160. bls.).

Þótt bænarskrá þessi sè, eins og eg áðan sagði, næsta stutt, er hún þó fullkomlega innihaldsrík, og svo er ljóst efni hennar og alkunnugt bæði þinginu og öllum öðrum, sem veit hvað hreppstjóri er, að hún þarf eigi við minnar útskýringar og heldur ekki langrar meðmælingar. Bænarskráin, eða tilgangur hennar mælir þannig bezt með henni sjálfri, svo eg vona að hinir heiðruðu þingmenn gjöri allt sitt til, að hún nái að fá góðan framgang. Af því nú nefnd er þegar kosin til að segja álit sitt um konunglegt frumvarp til sveitarstjórnar og bænarskrá þessi stendur óneitanlega í mjög svo nánu sambandi við það, leyfi eg mèr að stinga upp á því, að henni verði vísað til þessarar nefndar, því eg þykist viss um, að hún muni gjöra sèr allt far um að bæta kjör hreppstjóranna, nema því að eins að þingið sjái einhvern annan beinni og betri veg; þó skal eg ekki mótmæla því, að sèrstök nefnd verði sett um bænarskrána, en að öðru leyti legg eg meðferð hennar algjörlega á þess vald.

Forseti: Fyrst enginn þingmanna tekur til máls, leyfi eg mèr að skora á hina háttvirtu þingmenn, að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort málinu skuli samkvæmt uppástungu flutningsmanns vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu.

Var svo gengið til atkvæða og uppástungan samþykkt með því nær samhljóða atkvæðum.

Forseti: Það, sem þá næst liggur fyrir, samkvæmt dagskránni, er að ræða um bænarskrár úr Suður-Múlasýslu um að fá póstgöngur frá Kirkjubæjarklaustri í Skaptafellssýslu til Eskifjarðar í Múlasýslu. Flutningsmaður bænarskránna er hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu. Eg veit eigi, hvort hann fellst á, að afhenda bænarskrár þessar nefndinni, er kosin er til rannsóknar hinu konunglega frumvarpi um póstmál; en mèr fyrir mitt leyti virðist efni bænarskránna heyra helzt undir nefnd þessa. Hinn háttvirti

flutningsmaður gjörir svo vel, að skýra þinginu frá því, er honum þurfa þykir viðvíkjandi bænarskrám þessum, og les þær upp, ef þingmenn óska.

Sigurður Gunnarsson: Áður fyrir nokkru gekk pósturinn frá Kirkjubæjarklaustri alla leið austur á Eskifjörð. Síðan lögðust póstferðir þessar af alla leið austur, svo pósturinn frá Kirkjubæjarklaustri hefir eigi farið lengra en að Stafafelli. Ætla eg að póstferð þessi væri stytt þannig af þeim ástæðum, að póstskipið var látið koma hèr um árið við á Djúpavogi endur og sinnum, og skyldi þó ekki vera ef nokkuð hindraði. Seinna kom póstskipið á Seyðisfjörð, sem að litlu eða engu gagni getur orðið syðri sveitum Suður-Múlasýslu. Allt um það hefir Kirkjubæjar-pósturinn eigi verið látinn ganga lengra heldur en að Stafafelli, og er þessi tilhögun næsta meinleg flestum í Suður-Múlasýslu, því það er langur vegur, margar heiðar og margar sveitir milli Stafafells og Eskifjarðar, og í þeim sveitum er þannig flestum fyrirmunað að ná í nokkrar póstferðir; þær eru þar hvergi nálægt. Hlutaðeigendur hafa því beðið mig að flytja bænarskrár þessar inn á þingið til að reyna að fá breytingu til batnaðar á póstgöngunum um þennan hluta landsins. Hið konunglega frumvarp um póstmál á Íslandi sýnist mèr vera alls annars efnis en bænarskrár þessar. Efni frumvarpsins er einkum t. a. m. um að á kveða burðareyri brèfsendinga á landi hèr og því um líkt, en um engar póstferðir, og er fyrir það með öllu fjarstætt efni bænarskránna, er fara fram á breytingu á póstgöngu í einum hluta landsins. Eg vil því engan veginn, að vísað sè bænskrám þessum til póstmálanefndarinnar, heldur óska eg annaðhvort, að sèrstök nefnd verði kosin í málið, ellegar að málinu verði vísað forsetaveginn til hinnar núverandi póstmálastjórnar, og hún beðin um, að bætt verði úr því sem fyrst, sem um er kvartað í bænarskránum; því eg vil, að mál þetta fái einhvern fljótan framgang, hlutaðeigendum til huggnunar. En mig uggir, að þess muni langt að bíða, að póstmál vor, sem nú eru í smíðum, verði út kljáð, og get eg því ekki fellt mig við að fela póstmálanefndinni málið. Vilji þingmenn eigi að nefnd sè kosin, til að fjalla um þessar bænarskrár, þá vil eg beiðast þess, að málinu verði vísað forsetaveginn til yfirvaldanna.

Eiríkur Kúld: Eg verð að beiðast þess, að bænarskrárnar sèu lesnar upp.

Sigurður Gunnarsson: Bænarskrárnar hljóða þannig: (sbr. II. bls. 160.)

Stefán Eiríksson: Eg get eigi neitað því, að bænarskrár þessar hafa mjög mikið til síns máls; því það er næsta óhentug tilhögun, að engar póstferðir skuli lengur vera milli Skaptafellssýslu og Múlasýslu; og eg veit jafnvel dæmi til, að fyrir þessa tilhögun hafa brèf og bögglar stundum legið heilum missirum saman annaðhvort í Bjarnaneshrepp eður Bæjarhrepp, sem komið hafa með póstinum frá Kirkjubæjarklaustri; því síðan verzlun kom á Papós, eru engar samgöngur milli Skaptafellssýslna og Múlasýslna og engar milliferðir yfir Lónsheiði. Aptur á hina síðuna vil eg geta þess, að mèr finnst ekki brýn ástæða til, að pósturinn gangi alla leið austur á Eskifjörð, heldur virðist mèr mega nægja og mikið unnið við það, ef hann gengi að eins austur á Djúpavog, því þá eru brèfin komin í Múlasýslu og ekki óhægra að nálgast þau af Djúpavog heldur en af Eskifirði.

Páll Pálsson: Mèr virðist á þessu stigi málsins eigi vera um annað að ræða en það, hvað við bænarskárnar skuli gjöra, og því ætla eg einungis að láta það álit í ljósi, að mèr virðist það vel til fallið, sem þingmaður Suður-Múlasýslu hefir farið fram á, að máli þessu verði vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda; með því móti tel eg næsta líklegt að bráðabyrgðarbót geti komizt á póstgöngur þær, er hèr er um að ræða.

Konungsfulltrúi: Þó að frumvarp það, sem lagt er fyrir þingið til tilskipunar um póstmál, ekki beinlínis stingi upp á fyrirkomulagi hinna sèrstöku póstferða, virðist mèr að öllu henta bezt, að vísa þessari bænarskrá til nefndarinnar í póstmálinu, en hún getur þá annaðhvort stungið upp á, að bænarskránni verði vísað forsetaveginn, eða að í áliti þingsins verði tekin bendingaratriði um það.

Sigurður Gunnarsson: Eg held eg verði að láta mèr lynda, ef málinu verður vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, hvort sem sèrstök nefnd verður kosin og kemst til þeirrar niðurstöðu, eða þinginu lízt, að skjóta því nú þegar hina alfaraleiðina. Mèr fyrir mitt leyti er sama hvort heldur verður ofan á.

Forseti: Er það þá meining þingmannsins, að fara ekki fram á sèrstaka nefndarkosning í máli þessu?

Sigurður Gunnarsson: Já.

Jón Pètursson: Mèr finnst þinginu mál þetta ekki nógu kunnugt til þess, að það nú þegar geti greitt um það atkvæði, hvort eigi að vísa því nú þegar gegnum forseta yfirvaldaveginn eður eigi.

Forseti: Mèr virðist málið þegar nógu ljóst til þess, að til atkvæða sè um það gengið, en það er á valdi þingmanna, hvort því nú eður seinna skal vísa forsetaveginn.

Þvínæst lèt forsetí ganga til atkvæða um það, hvort kjósa skyldi sèrstaka nefnd eða eigi, og var málið fellt frá sèrstakri nefnd með 11 atkvæðum móti 10. Þá leitaði forseti atkvæða þingmanna um það, hvort málinu skyldi vísað til nefndarinnar, er kosin var til að rannsaka hið konunglega frumvarp um póstmál á Íslandi, og var það samþykkt með 17 atkvæðum.

Forseti: Þá liggur næst fyrir samkvæmt dagskránni að álykta, hvort nefnd skuli kjósa til að rannsaka tvær bænarskrár, sem komnar eru frá Þórnesfundi og úr Snæfellsnessýslu um veiðilögin. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Snæfellsnessýslu, og mun hann lesa bænarskrárnar og skýra þær fyrir þinginu eins og honum þykir bezt við eiga.

Egill Egilsson: Mèr þykir nauðsynlegt, að önnur bænarskráin sè lesin upp. Þær eru báðar samhljóða, nema hvað niðurlagsatriðin í annari eru nokkuð öðruvísi en í hinni, og mun eg seinna gjöra grein fyrir því. Eg leyfi mèr því að lesa aðra þeirra upp fyrir þinginu: (sbr. II. bls. 161).

Hin bænarskráin er samhljóða þessari, nema að því, er snertir niðurlagsatriðin, eins og eg gat um áður, og hljóða þau þannig í þessari. (sbr. II. bls. 164.).

Bænarskrá þessi er, eins og þingmenn sjá, svo vel samin og tekur öll hin einstöku atriði svo skýrt fram, að eg álít óþarfi, að tala meira að sinni; en óska einungis, að kosin verði nefnd í bænarskrá þessa, og þar mèr finnst mál þetta mikils varðandi, leyfi eg mèr að stinga upp á 5 manna nefnd.

Guðmundur Einarsson: Bænarskrá sú, sem hèr er verið að ræða um, hvort nefnd skuli kjósa í eða ekki, virðist að hafa einhvern líkindablæ fyrir því, að það sè nauðsynlegt, að henni sè gaumur gefinn, og að sú breyting fáist, sem farið er fram á í henni; eg veit það líka vel, að menn þeir, er undir bænarskránni standa, eru margir hverjir hinir heiðvirðustu. En allt um það þykist eg mundi geta hæglega sannfært þingið um það, ef eg vildi nú þegar fara svo langt út í málið á þessu stigi þess, að það yrði mjög skaðlegt, ef þingið færi nú að fjalla um mál þetta og kæmist til þeirrar ályktar, að breyta hinu opna brèfi frá 22. marz 1855, þar sem bönnuð eru selaskot á Breiðafirði. Eg þykist nefnilega fullviss um, að ef brèf þetta yrði úr lögum numið, mundi eigi að eins megn óánægja rísa út af því, heldur myndu hlutaðeigandi hlunninda-eigendur eða njótendur missa árlega svo nokkrum þús-

undum dala næmi við það, að selurinn bæði eyddist og styggðist, en skytturnar sjálfar hefðu að 2 eða mest 4 árum liðnum langtum minni hag en menn hugsa eða gjöra ráð fyrir, því þá myndu selaskotin vera orðin þeim einn hinn arðminnsti atvinnustyrkur vegna þess, að þá væri selurinn eyddur eða burtflæmdur á því sviði, sem skotin hefðu verið tiðkuð. Og sè nú svo, að látur og lagnir eru eyddar og selur að eins sèst á stangli þar sem skotið er að ætlan manna í banni laganna, hvað myndi þá verða, ef selaskotin væru heimiluð með lögum. Eg verð því alvarlega að ráða frá, að nefnd sè kosin í mál þetta.

Torfi Einarsson: Eg held eg geti varla hjá því komizt, að fara dálitið út í efni máls þessa, þar sem nefnilega er talað um sel til beitu í bænarskránum. Eg hefi ávallt álitið opna brèfið frá 22. marz 1855 einhvern hinn mesta dýrgrip Breiðfirðinga. Annarsstaðar, eins og til að mynda hjá oss í Steingrímsfirðinum, er nokkuð fjarðarins friðað fyrir selaskotum, en nokkuð ófriðað, og þar sem svo er hagað er næsta örðugt, að komast til fullrar vissu um, hvort sá og sá selur sè skotinn innan heimilaðra takmarka eður ekki, því skotmenn munu sjaldnar komast til að mæla strykið, er liggur milli friðaðra og ófriðaðra selstöðva; því það mun optast bera bráðar en svo að fyrir þeim, er sel skjóta, að þeir geti því við komið. Þessara orsaka vegna gáfumst vèr upp þar nyrðra með að fá sel til beitu þar í nágrenninu, og nú var ekki annað fyrir en að fá sel til beitu sunnan úr Breiðafirði, og eg sálfur hefi fengið 2 seli þaðan, af því eg gat ekki fengið beitu þar nyrðra. Eg gef því atkvæði móti nefnd í máli þessu.

Þórður Jónasson: Eg legg á móti nefnd í þessu máli, því að ástæður þær, sem rèðu lagaboðinu frá 1855, eru enn þá óbreyttar. Selveiði á Breiðafirði er, eins og kunnugt er, arðmikill atvinnuvegur fyrir sveitir þær, er þar liggja að; en ef lagaboð það, er hèr ræðir um, yrði úr lögum numið, og almenn selaskot leyfð á Breiðafirði, þá yrði þegar úti með þennan arðsama atvinnuveg Breiðfirðinga, en þó einstakir menn, til að mynda skytturnar á Stykkishólmi, uni skotbanninu illa, getur það eigi komið til nokkurra greina, þar sem um verulegan hag almennings er að ræða.

Egill Egilsson: Mèr finnst á ræðum hinna háttvirtu þingmanna, að þeir hafi misskilið bænarskrá þessa. Bæði eg og þeir, er undir hana hafa skrifað, viljum feginsamlega vernda látur- og lagnasel. Það, sem bænarskráin fer fram á, er einungis að lína sú, sem hèr um ræðir, frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi, sè úr lögum numin, svo að ekki sè mönnum bannað að skjóta vöðusel,

sem jafnan kemur á vissum tímum ársins, og því til sönnunar tiltekur bænarskráin eingöngu tímabilið frá nóvembermán. miðjum til miðs marzmánaðar. Þessi er hinn eini tilgangur þess, að beiðzt er, að veiðilína þessi sè úr lögum numin, sem sett er í hinu opna brèfi frá 22. marz 1855. Mèr finnast því ræður manna, þær er enn hafa fallið, eigi hafa neinar þær ástæður við að styðjast, er geti hamlað því, að mál þetta komist í nefnd, og mæli eg því enn sem fyrri með 5 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Af því eg áður fyrri hèr á þinginu fylgdi því fram að selurinn væri eyðilagður, þá verð eg enn að gjöra það nú eins. Það mundi öllum erlendis, sem bera nokkurt skynbragð á mál þetta, þykja skrítið, að við hèrna á Íslandi værum sem óðast að friðhelga selinn, þegar allar aðrar siðaðar þjóðir láta sèr sem mest um það hugað, að upp ræta hann. Menn eru að tala um inntektirnar, sem selveiðin á friðuðum stöðvum hafi í för með sèr, en eg get frætt hina heiðruðu þingmenn um það, að þær eru mjög lítið að reikna móti því tjóni og eyðileggingu, sem selurinn kemur af stað. Þetta tók eg fram, þegar mál þetta fyr meir var til meðferðar hèr á þinginu, og eg tek það skýrt fram enn á ný, að það er ómögulegt, að laxveiðin nái nokkrum vexti eða viðgangi hèr í landi, meðan selirnir, þessir vargar í sjónum, eru verndaðir með lögum sem engri átt ná, eins og öllum liggur í augum uppi, þar sem verið er að helga heila flóa gegn skotum. Þetta er svo ljóst og skiljanlegt, að um það getur enginn efazt, sem vill taka nokkrum sönsum. Eða er silungsveiði og laxveiði svo lítilsverð á landi þessu, að eigi sè vert að vernda hana? En það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hún er stórkostlegur bjargræðisstofn víðsvegar um landið, og væri enn þá miklu arðmeiri, ef vargurinn eyðilegði hana ekki. Eg veit, að arðurinn af selveiðinni muni, ef til vill, á ári geta reiknazt hèr allt að 20 þúsundum ríkisdala. En þar sem eg hins vegar veit, að laxaár í útlöndum hafa leigðar verið fyrir 80 þúsundir ríkisdala, og að pundið af laxinum er selt fyrir 1 mark, — sýnist þá þinginu svoddan fráleit vitleysa, að vernda þennan atvinnuveg eins hjá oss, eins og alstaðar annars staðar. Eg vil annars spyrja, hvort þinginu mundi ekki þykja skrítið, ef menn færi að stinga upp á lögum til að vernda tóur og hrafna og önnur þau kvikindi, sem gjöra oss stóran skaða, að eins af þeirri ástæðu, að vèr getum haft eitthvert lítilfjörlegt gagn af dýrum þessum. Eg get annars svo góðs til þingsins, að það sannfærist um, að selurinn er hinn versti vargur, sem gjörir landi og lýð óbætan-

legt tjón á laxveiðinni. Eg mæli því með því, að nefnd sè kosin í máli þessu.

Jón Pètursson: Eg vil ekki, að nefnd sè sett í máli þessu. Hinn heiðraði flutningsmaður bænarskránna, þingmaður Snæfellinga, sagði í ræðu sinni, að bænarskráin miðaði eigi til þess, að eyða selnum, en hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður lèt þá ósk sína í ljósi, að bænarskráin fengi framgang, einmitt til þess að eyða selnum sem mest, og eg er viss um, að skotin eru hið öflugasta ráð til að eyða honum. Eg er hræddur um, beiðendurnir hugsi einungis um daginn í dag, en ekki um ókomna tímann. Eg get vel ímyndað mèr, að ef bænarskráin fengi framgang, kæmi á næsta alþingi inn bænarskrár um að leyft yrði að skjóta æðarfugl. Bænarskráin ber það annars með sèr, að hún tekur eigi hið minnsta tillit til hagsmuna landsins alls, er það ávallt hlýtur að hafa af sellátrum og lögnum, meðan þær eru friðaðar af lögunum.

Þórður Jónasson: Út af ræðu hins heiðraða þingmanns Snæfellinga, þar sem hann kvað aðalástæðu fyrir beiðni þeirri, er farið er fram á í bænarskránni, vera þá, að unnt yrði að veiða vöðuselinn, þá skal eg gjöra þá athugasemd, að Breiðfirðingar gætu tekið upp veiðiaðferð Eyfirðinga, veitt selinn með skutli, eins og lengi hefir átt sèr stað þar nyrðra með góðum árangri; þessari veiðiaðferð geta skot ekki orðið samfara, enda var nyrðra yfirvaldsbann á skotum á því svæði, sem selur var skutlaður. Með skutli geta því hlutaðeigendur náð tilgangi sínum, eða fengið veiddan vöðuselinn, og komizt hjá því að brjóta það umrædda lagaboð.

Eiríkur Kúld: Það kynni, ef til vill, að virðast undarlegt, ef eg þegði í máli þessu, þar sem eg er þó talsvert við það riðinn. Eg skal geta þess, að eg var hèr á þingi árið 1853, sem þingmaður Snæfellinga, og hafði þá til flutnings frá þeim 2 bænarskrár um friðun á sel og bann gegn skotum. Þingið tók þá vel í mál þetta og setti nefnd í málið og lauk því svo á því þingi, að þá var beðið um löggjöfina 22. marz 1855. Og nú koma aptur frá sömu sýslu 2 bænarskrár hèr inn á þingið, sem fara alveg í gagnstæða átt, og þó get eg fullvissað menn um, að sumir af þeim mönnum, sem áður báðu um algjörða friðun selsins fyrir skotum á Breiðafirði, standa nú undirskrifaðir undir þessum bænarskrám. En þó nú þessu sè þannig háttað, skal eg ekki neita því, að bænarskrárnar hafa nokkuð sèr til meðmælis. Með því eg vissi til, að von var á þessum bænarskrám úr Snæfellsnessýslu áður eg fór til þings, leitaði eg mèr álits nokkurra kjósenda minna í Barðastrandarsýslu, þeirra er eg gat til náð, sem eiga fyllilega eins mikið og enda

langtum meiri hlut að selveiði í látrum og með uppidrápi, en þeir sem búa sunnan Breiðafjarðar, á hinu opna brèfi 22. marz 1855, og komst eg þá að þeirri raun að þeir, eins og nú stæði, vildu nærri því heldur að löggjöfin væri úr lögum numin, að mèr skildist vegna þess, að hún væri ekki nema nafnið, heldur en það að löggjöfin væri ekki nauðsynleg á Breiðafirði, ef henni væri hlýtt og henni svo framfylgt sem vera ber; — en eg verð að segja að því fer fjærri. Það gæti að vísu verið hált að nema löggjöf þessa úr lögum af þeirri ástæðu, að þá má máske álíta, sem heimild sè gefin hverjum og einum sem vill, til að skjóta sel á Breiðafirði, og mætti þá ganga að því vísu, að allir mundi fara að skjóta, hvort sem þeir kynnu að hleypa úr byssu eða ekki, og þá má gjöra ráð fyrir að 50 selir yrði særðir eða drepnir eða hvorttveggja meðan að eins einn veiddist, og er hverjum manni auðskilið, hve skaðlegt slíkt væri og eyðileggjandi fyrir þessi afarарðmiklu hlunnindi á Breiðafirði, kópaveiðina, því vitaskuld er, að aldrei kæpir sá selur í látri, sem skotinn er eða fældur með skotum burt frá stöðvum sínum. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður lýsti annars furðulega miklum ókunnugleika á Breiðafirði í ræðu sinni, þegar hann var að brýna fyrir þinginu, hver vargur selurinn væri þar fyrir laxveiðina í ánum kringum Breiðafjörð, og er það undarlegt, þar sem hann þó er borinn og barnfæddur við Breiðafjörð. Hann sagði meðal annars, að á Breiðafirði gæfi selveiðin af sèr um 20 þúsundir ríkisdala (*Jón Hjaltalín*: Eg átti við á öllu landinu). Þetta var eigi ofhermt, en þennan arð 20,000rd. vill hann eyðileggja til þess að friða laxinn þar í ánum. Nú vildi eg mega biðja hinn háttvirta þingmann að nefna mèr einhverja af þessum ám. Eg fyrir mitt leyti þekki þar enga á, er lax veiðist í að nokkrum mun, eg tel það ekki, þótt í einhverri sprænu hafi veiðzt þar svo sem 4 laxar á sumri. Hvað enn fremur beituselnum viðvíkur, er hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu minntist á, þá skal eg geta þess, að sú ástæða í bænarskrá Snæfellinga er röng, því hvernig sem opið brèf 22. marz 1855 hefir verið brotið á Breiðafirði, sem eg skal ekki bera á móti að gjört hafi verið, er þar þrátt fyrir það ávallt að fá nægan sel til hákarlabeitu, enda efast eg um, hvort skotmenn mundi selja sel til beitu við vægara verði. Hvað það snertir, er bænarskráin ber fram, að það sè ósanngjarnt, að mega eigi veiða vöðusel, þá skal eg játa að með því talar mjög margt, og eg skal játa að nótaveiðin hefir vissulega fremur fælt farselinn á Breiðafirði, en víst er það, að skotin gjöra það ekki minna, en það er ætíð leyfilegt að veiða hann með skutli, en það er satt, eg veit ekki til, að

nú sem stendur sè fleiri en einn maður til á öllum Breiðafirði, er kunna mun að þeirri veiðiaðferð, og fyrir því virðist mèr ástæðulaust að gefa ný lög út um það efni. En þrátt fyrir allt þetta, ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir nefnd í þessu máli, af því eg veit með vissu, að lög þessi, sem hèr er um að ræða, hafa verið, eg verð að segja meðfram sakir fylgisleysis yfirvaldanna, svo þrálega brotin.

Guðmundur Einarsson: Eg ætla að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fáeinum orðum upp á það, er hann gjörði svo mikið úr laxveiðinni, en svo lítið úr selveiðinni við Breiðafjörð. Mèr er kunnugt um það, að í Breiðafjörð falla talsvert margar ár, sem laxveiði er í, en eg má fullvissa hann um, að þar er enginn árós, sem selur liggur við að nokkrum mun, nema Laxá í Laxárdal, og mun þó vera einna mest laxveiði í henni að tiltölu þar vestra. Það sýnist því engin ástæða vera fyrir því, að endilega þurfi að drepa þennan varg, sem þingmaðurinn álítur selinn vera, í því tilliti að auka laxveiðina vestra. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga kvaðst jafnvel heldur vilja, að lagboðið frá 22. marz 1855 væri úr lögum numið, en að það væri látið haldast, sem lög að nafninu, án þess því væri framfylgt af yfirvöldunum, en eg vil miklu heldur að lög þessi haldist, þrátt fyrir það, þótt þeim ekki sè nærri því svo vel hlýtt eða framfylgt sem vera bæri, því væri þau af numin, þá væri með öllu ómögulegt, að hamla selaskotum á Breiðafirði, og það sem menn nú gjöra leynilega, mundi menn þá gjöra opinberlega með margfalt meira fylgi og krapti, altènd fyrst um sinn, meðan eptir nokkurri veiði væri að slægjast. Eg veit annars hèr um bil með vissu, að lögum þessum hefir verið nokkurn veginn hlýtt fyrir vestan Hvammsfjörð, hvað svo sem er um hlýðnina við þau þar syðra.

Bergur Thorberg: Eg verð að mæla með nefnd í máli þessu sakir þess, að ef nefnd verður kosin, þá má ætla, að málið muni skýrast fyrir þinginu, og ástæðurnar bæði með því og móti því verða ljósari. En eg álít 3 manna nefnd næga. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði, það væri fylgisleysi yfirvaldanna að kenna, að opnu brèfi frá 22. marzmánaðar 1855 hefði eigi verið hlýtt, þá verð eg að mótmæla að svo sè. Mèr fyrir mitt leyti er eigi kunnugt um það, að kæra hafi komið út af broti gegn tilskipun þessari, án þess hún hafi verið tekin til greina. En annað mál er það, að eigi er æfinlega svo auðvelt, að fá upplýsingar um slík lagabrot og komast að fullkominni vissu um það, hver lögin hafi brotið, því þingmaður Barðstrendinga mun þó varla vilja, að menn sè dæmdir án þess, að þeir verði sannir að sök. Lög þessi eru

þess eðlis að ekki er til þess að hugsa, að þeim verði fullkomlega framfylgt, nema því að eins að þeir, sem eiga að njóta verndar af lögunum, leggist á eitt með yfirvöldunum, að sporna við því, að út af þeim sè brugðið. Væri lögin kær alþýðu manna, þá tel eg víst, að þau mundi duga. En það er nokkur mótsögn í því, þegar menn segja að lögin sèu þýðingarlaus af því þeim sè svo illa fylgt, en þó jafnframt álíta ófært að missa þau, ef þau væru upphafin. Eg er því hræddur um, að það sè nokkuð ýkt, hversu mikið lög þessi sèu brotin, eins og hitt hversu líulega þeim sè fylgt. Eg mæli með 3 manna nefnd í máli þessu.

Eiríkur Kúld: Eg ætla eigi að svara hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni nú, heldur skal eg færa honum sönnur á því, er eg sagði, ef málið kemst í nefnd og verður rætt aptur. En viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Dalamanna sagði, að engin selaskot mundi eiga sèr stað fyrir vestan Hvammsfjörð, þá er mèr um það fullkunnugt, að þess eru eigi fá dæmi. Eg mæli því eigi móti nefnd í máli þessu, en vildi mega biðja þingið, að kjósa mig ekki í þá nefnd, þótt hún verði kosin.

Jón Hjaltalín: Eg heyri nú, að hèr á þinginu eru æðimargir selavinir, og þykir mèr það næsta undarlegt, að menn eru svo blindir, að þeir vilja ekkert láta gjöra til þess að friða laxveiðina, heldur vilja lofa selnum að borða laxinn upp, og eyðileggja þannig fyrir sèr hina arðsömustu veiði. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagðist að eins þekkja eina sprænu við Breiðafjörð, þar sem 4 laxar hefði veiðzt í, og skal eg ekki rengja orð hans, en sè svo, þá er auðsætt, hvílíkan usla selurinn hefir gjört síðan í mínu ungdæmi, því þá var þar gróf laxveiði. Eg man t. a. m. eptir, að á einum stað, nefnilega á Ósi, var þá svo mikil veiði, að fólki þótti þar borðaður of mikill lax, og yfir þá á fer þingmaðurinn annanhvorn sunnudag. Hèr austanfjalls og í Hvítá í Borgarfirði veit eg að vísu ekki með vissu, hve mikinn lax selurinn hefir eyðilagt, en eg er viss um, að það er mjög svo mikið. Eg mæli enn með nefnd í málinu.

Páll Pálsson: Eg stend upp til að mæla með nefnd, einmitt vegna þess eg er einn af þeim, sem er dálítið kunnugur arði þeim, sem selurinn gefur af sèr. Eg er svo mikill selavinur, að eg vildi helzt styðja að því, að hið opna brèf frá 22. marz 1855 yrði gjört gildandi ekki að eins á Breiðafirði, heldur í kringum allt Ísland, því mèr virðist það æði-undarlegt, ef ekki skyldi vera þörf á, að friða selinn annars staðar en að eins á Breiðafirði.

Guðmundur Einarsson: Eg vona, að þingskrifararnir bóki ekki

nákvæmlega það, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður beindi að mèr í ræðu sinni, því ef þeir gjörðu það, þá yrði það hreint og beint axarskapt, sem menn kalla, við það sem eg hafði áður sagt; orð hans lágu, að efninu til, til þingmanns Barðstrendinga, en að orðfærinu til urðu þau að lúta að mèr, því eg, en ekki hann, er sóknarprestur á Skógarströnd.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, skora eg á hina háttvirtu þingmenn, að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd skuli kjósa í máli þessu.

Var þá gengið til atkvæða og var málið fellt frá nefnd með 15 atkvæðum gegn 8.

Forseti: Það, sem næst liggur fyrir eptir dagskránni, er að ræða um uppástungu Ásgeirs Einarssonar á Þingeyrum um nokkur atriði í laxveiðalögunum. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga, er mun lesa uppástunguna og skýra frá málinu, eins og honum þykir við eiga.

Jón Kristjánsson: Brèfið hljóðar þannig: (Sbr. II. bls. 165).

Bænarskráin lýtur eiginlega að því, að þegar alþingið 1867 beiddi um frumvarp til laga um friðun á laxi, þá stóð í frumvarpi þingsins undir 8. tölulið í niðurlagi: «enda skal heimilt hverjum manni að skjóta og styggja seli í veiðiám og ósum þeirra». Þessu óskar beiðandi að sè breytt, eða fellt öldungis úr álitsskjali þingsins nú, ef það hafi til meðferðar á þingi 1871 konunglegt frumvarp um friðun á laxi, og er í bænarskránni stungið upp á breytingunni, hvernig hún skuli vera, til vara. En í frumvarpinu, sem þingið hefir nú til meðferðar eru þessi orð hennar, sem finnast í beiðni þingsins 1867 um frumvarp til friðunar á laxi, felld í burtu, svo varnaglinn er þegar sleginn. Allt um það eru í bænarskrá þessari margar góðar bendingar fyrir nefnd þá, er rannsaka á frumvarpið um friðun á laxi, má og ske að hún taki þessa ákvörðun aptur upp í nefndarálit sitt, og virðist mèr því rètt, að vísa bænarskránni til þeirrar nefndar, og óska þess.

Jón Sigurðsson: Eg skal geta þess, að eptir beiðni höfundarins flutti eg uppástungu þessa hingað suður á þing; og var það meining hans, að ef konunglegt frumvarp um friðun á laxi kæmi inn á þetta þing, þá væri uppástunga hans falin nefnd þeirri, er skyldi íhuga það mál, en kæmi ekkert frumvarp frá stjórninni um þetta efni, skyldi uppástungan eigi vera lögð fram á þingi. Eg mæli því með því, að hún verði falin á hendur nefndinni í lax-

veiðamálinu, með því eg ætla, að þá sè ósk höfundarins að öllu leyti fullnægt.

Forseti: Eg vil þá, úr því eigi taka fleiri til máls, skora á hina háttvirtu þingmenn, að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort uppástungu þessari skuli vísa til nefndar þeirrar, er kosin var til að rannsaka hið konunglega frumvarp um friðun á laxi.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum, að vísa uppástungunni til nefndarinnar í laxamálinu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur þá næst fyrir að ræða um, hvort nefnd skuli kosin til að íhuga bænarskrá úr Austur-Skaptafellssýslu um jafnaðarsjóðsgjöldin. Hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptfellinga er flutningsmaður þessarar bænarskráar, og mun hann lesa hana upp fyrir þinginu og skýra frá henni eptir þörfum.

Stefán Eiríksson: Með leyfi hins háttvirta forseta skal eg þá lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 169).

Eg neyta því reyndar ekki, að mèr þykir niðurlag bænarskrárinnar miður heppilega orðað, en allt um það er þó innihald hennar svo satt, að eg hlýt að mæla með því, að þingið taki hana til greina. Mèr er kunnugt um það, að í Skaptafellssýslu er mönnum orðið næsta tilfinnanlegt, hve hátt jafnaðarsjóðsgjaldið er; því í mörg undanfarin ár hefir verið í Skaptafellssýslum mesta harðæri og aflaleysi, og þar af fljótandi mjög erfiður hagur manna, svo mönnum er mjög svo erfitt að greiða þetta feiknaháa gjald, sem ávallt er að fara í vöxt hèr í suðuramtinu. Það er allt öðru máli að gegna um sveitirnar hèr syðra, sem allt af hafa svo mikinn arð af aflanum, bæði hèr í Gullbringusýslu og jafnvel í Árnes- og Rangárvallasýslum; þeim getur varla fundizt gjald þetta svo tilfinnanlegt eins og Skaptfellingum, enda þó þeim hljóti að finnast gjaldálaga þessi í alla staði ósanngjörn, eins og oss Skaptfellingum. Eg vona annars, án þess að fara fleirum orðum um bænarskrána, að þingið taki hana til yfirvegunar og kjósi nefnd í málið.

Konungsfulltrúi: Mál þetta er að öllu svo nátengt sveitastjórnarmálinu, að mèr þykir sjálfsagt, að vísa þessari bænarskrá til nefndar þeirrar, sem kosin er til að taka hið konunglega frumvarp til tilskipunar um sveitastjórnarmálið til meðferðar.

Jón Sigurðsson: Eg vil stinga upp á því, að máli þessu sè vísað til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu, því eptir því sem

niðurlagsatriði bænarskrárinnar hljóða, virðist málið einmitt eiga heima hjá þeirri nefnd.

Stefán Eiríksson: Eg get ekki verið á máli hins háttvirta konungsfulltrúa eða þingmanns Suður-Þingeyinga, því sveitarstjórnarmálið getur vel dregizt svo og svo langan tíma. Eg býst við, að sveitarstjórnarmálið haldist í hendur með stjórnarbótarmáli voru, og eptir því, sem enn hefir sýnt sig, er það ekki sèrlega fljótt í ferðum, og getur því vel dregizt enn æðitíma; vèr vitum það allir, hve lengi hefir staðið á þessu stjórnarmálsþrefi, og þó gjört sè ráð fyrir í sveitarstjórnarfrumvarpinu, að það verði að lögum 1874, þá getur vel verið, að það verði ekki fyr en 1884, svo beiðendurnir fá þá ekki ósk sína uppfyllta, sem er að gjöra á jafnaðarsjóðsgjaldinu bráða breytingu til hins betra. Eg mæli því enn með nefnd í máli þessu, og álít hana fullskipaða með 3 mönnum.

Guðmundur Einarsson: Eg skil eigi, hvað nefnd manna ætti að gjöra í máli þessu. Á því stigi sem stjórnin nú er, getur hún ekkert hèr við gjört. Annað mál er það, ef sveitarstjórnarlögin væru komin í gang, því þá mætti gjöra á þessu einhverja breytingu. En sem stendur getur ekki heldur að mínu áliti nefndin í sveitarstjórnarmálinu gjört neitt við mál þetta. Hún hefir einungis að íhuga hið almenna í málinu, en hèr í bænarskránni er farið fram á það atriði, sem er alveg einstaklegs eðlis, og sem nefndin getur því ekki til greina tekið sèrstaklega, þar sem hún hefir einungis það verkefni fyrir hendi, sem lýtur að hinum almennu reglum fyrir sveitastjórn.

Jón Sigurðsson: Það var mín meining áðan, einmitt að hjálpa bænarskránni við, og eg er enn á sama máli, og í því skyni istakk eg upp á, og það gjöri eg enn, að bænarskrá þessari væri vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu. Það er nú búið að rusla þangað ýmsum málum, og finnst mèr ekkert á móti því, að þessi bænarskrá fari með þangað.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get þó með engu móti verið þingmanninum samdóma um, að nefndin í sveitarstjórnarmálinu eigi að vera ruslakista þingsins. Það, sem í bænarskránni er farið fram á, er alveg sèrstaklegs eðlis; sveitarstjórnarmálið virðist eigi að ná til þess, sem hèr er farið fram á, það er að segja, hversu mikil upphæð jafnaðarsjóðsgjaldsins er; sveitarstjórnarnefndin hefir allt annað verkefni til íhugunar, það er að skilja, hver eigi að hafa yfirráðin yfir gjaldi þessu. Ef þingið tekur bænarskrána til með-

ferðar og kýs nefnd henni til rannsóknar, þá getur þinginu gefizt kostur á, að kynna sèr reikninga jafnaðarsjóðsins í Suðuramtinu, sem eg ímynda mèr að mörgum þingmönnum sè lítt kunnugt um; það má eg að minnsta kosti játa um mig, án þess eg þó vilji draga nokkurn efa á, að þeir sèu þegar prentaðir fyrir hin síðustu árin; en þótt þeir sèu sendir sýslumönnunum, munu þeir verða almenningi lítt kunnir fyrir það; en eg tel vafalaust, að hinn háttvirti konungsfulltrúi sýni þinginu þann góðvilja, að lofa því að kynna sèr reikninga þessa. Menn gætu líka, ef nefnd er kosin í málinu, athugað, hvort nokkuð er það í bænarskránni, sem að svo komnu máli getur orðið tekið til greina.

Forseti: Inngangsumræðu þessari er þá lokið, og skal eg því leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli setja eða vísa því til nefndarinnar í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi.

Því næst var gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með 17 atkvæðum gegn 5.

Því næst leitaði forseti atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu til nefndarinnar í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi», og var það samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Suður-Múlasýslu um vegabótalögin. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu er flutningsmaður þeirra, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá því, er með þarf.

Sigurður Gunnarsson: Ef þingið leyfir, þá vil eg lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 170).

Í bænarskrá þessari eru teknar fram hinar helztu ástæður, er gjöra það nauðsynlegt, að breyting verði á vegabótalögunum. Það eru nú mörg ár síðan, að menn tóku að gjörast óánægðir með löggjöf þessa, og var það eigi án orsaka, eins og sjá má á Austurlandi af því, sem nú er komið fram, að síðan löggjöf þessi komst á, eru víða orðnir ófærir vegir, þar sem áður voru nokkurn veginn færir, meðan kákað var við þá með gamla laginu. Síðan vegalögin nýju komu, hefir mjög óvíða verið gjört hið minnsta við þá, svo nú er orðinn háski, að fara um þá fyrir menn og skepnur. Með þessu á eg sèr í lagi við vegina í Múlasýslunum. Víðast annarstaðar á landinu hagar öðruvísi til, það er mèr kunnugt; þar eru

miklu færri fjallvegir illir yfirferðar. Það er því engin furða, þótt Austfirðingar beri sig einna fyrstir upp undan löggjöf þessari, og eg er sannfærður um, að ef löggjöf þessi stendur lengi hèr eptir óbreytt, þá munu innan skamms nálega allir vegir á Austfjörðum verða ófærir, því skammt hrökkur vegabótagjaldið til að bæta þar ófærurnar. Eg fer þá eigi fleirum orðum um þetta mál að sinni, en vil biðja hina háttvirtu þingmenn að kjósa sèrstaka nefnd í málið, og það því heldur, sem ýms atriði í bænarskrá þessari fara í sömu átt og sumt í sveitarstjórnarlögunum — svo bezt færi, að þau mál yrðu samferða.

Pètur Pètursson: Er það meining þingmannsins, að málinu verði vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu? (*Sigurður Gunnarsson*: Engan veginn). Eg vil þá leyfa mèr að stinga upp á því, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar. Eg lít svo á þetta mál, að það heyri alls eigi undir sèrstaka nefnd, heldur undir nefndina í sveitarstjórnarmálinu, og það því fremur, sem bænarskráin fer fram á, að veganefndum þeim, er hún stingur upp á að settar verði, sè launað (*Sigurður Gunnarsson*: Nei). Er það misskilningur? Eptir eðli málsins er það þó rèttast að vísa því til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, því að auðsætt er, að eðlilegast verður, að sýslunefndunum eða hreppsnefndunum sè falið á hendur, að hafa umsjón með vegabótunum og stjórna þeim.

Helgi Hálfdánarsson: Eg mæli fastlega fram með sèrstakri nefnd í þessu máli, því að það getur hver maður sèð, að löggjöf um vegabætur og löggjöf um sveitarstjórn eiga alls eigi saman, heldur er tvennt öldungis ólíkt. Í bænarskrá þessari er beðið um, að breyting verði gjörð á vegabótalögunum, og held eg að engum geti blandazt hugur um, að á því sè brýn nauðsyn. Það er sannarlega víst, að þótt sumstaðar sèu þegar gjörðar nokkrar vegabætur, þá nemur það mjög litlu, og að þær eru varla teljandi í samanburði við hvað vegirnir árlega fara vesnandi víða annarstaðar. Enginn getur því neitað því, að reynslan hefir þegar sannað, að tilskipun þessi er ónóg til þess að gjöra vegina hèr á landi jafnvel þolanlega. Eg get nefnt sem dæmi þess, hvað lítið hefir enn þá orðið gjört við helztu þjóðvegi, að í fyrra fór eg norður í Húnavatnssýslu þann veg, sem vera mun einhver hinn tíðfarnasti á öllu landinu, og sá eg þá hvergi, það eg man, neinar vegabætur á leið minni, nema brúna fyrir ofan Ártún í Mosfellssveit. Eg er því fyrir mitt leyti fullkomlega sannfærður um, að vegabótalögin þurfa mikilla

breytinga, og held að það sè óráðlegt, að láta lengi dragast úr þessu að hugsa um, hvernig þau yrðu bætt. Oss ríður bæði á því, að fá hentugri lög um sjálfar vegabæturnar, og sèr í lagi á því, að finna, ef auðið er, einhver ráð til að auka tekjurnar, sem til vegabótanna þurfa.

Sigurður Gunnarsson: Þó margt sè nefnt í bænarskránni, sem við kemur sveitarstjórn, þá er þar líka margt fleira, sem ekki nær til hennar. Verði því vegamálinu vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, þá getur hún eigi tekið málið til greina, nema að svo miklu leyti sem það við kemur sveitarstjórn; það gæti alls eigi komið til sveitarstjórnar, að ákveða skipti vega til fulls, eða hvernig vegabótafènu skyldi verja, þó málinu væri vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, og hún tæki það til íhugunar og gjörði þær breytingar, er henni þætti þörf á með hliðsjón til vegabótalaga, þá væri slíkt þýðingarlaust, á meðan vegabótalöggjöfin, sem nú er, stendur sjálf óhögguð. Hún þarf að breytast um leið og sveitarlög eru sett. Einmitt vegna þessa leyfi eg mèr að skora á þingið, að setja sèrstaka nefnd til þess, að rannsaka vegabótalöggjöfina og breyta henni, þar sem þörf þykir, og vænti eg þess, að það, sem þingið fellst á um þau atriði, er saman koma í vegabótalögunum og sveitarstjórnarlögunum, eigi því betur saman, ef bæði málin eru kljáð á sama þingi og á sama tíma. Eg játa það að vísu, að nokkrir vegakaflar hafa verið bættir á Austurlandi, sumir vel, sumir illa, en mèr er þó óhætt að segja, að það er eigi tuttugasti, eigi hundraðasti parturinn af þjóðvegunum þar, sem endurbót hefir fengið. Á Austurlandi eru vegir svo margir langir og illir yfirferðar, að eg þori að fullyrða, að þeir verða aldrei lagfærðir, svo færir verði allir, meðan eigi koma hagfelldari vegabótarlög, en þau, sem nú eru gildandi, og verst er það, að færstar þær endurbætur, sem gjörðar hafa verið, geta staðizt lengi, án þess aptur og aptur sè gjört við þær, og eyðist þá árlega til þess vegafè. Er því óumflýjanleg nauðsyn, að bæta sem fyrst úr þessum vandkvæðum. Þessi bænarskrá miðar nú til þess, að reyna eitthvað að bæta úr þeim, og hafa menn hugsað, að það gæti bezt orðið á þann hátt, að þjóðvegum yrði fækkað, og þeir styttir, og að stjórn vegabótanna dragist sem mest inn í sveitirnar, og að sveitamenn sjálfir gætu haft einhver not af gjaldi sínu; það mundi mönnum þó hugnast betur og verða almennt vinsælla, heldur en að vegabótagjaldinu sè varið á fjarrum stöðum, þar sem greiðendur þess

koma aldrei á æfi sinni. Það getur enginn neitað því, að flest mælir með því, að nefnd sè sett í þetta mál, og vonast eg til, að enginn verði til, að mótmæla henni. Eg vil stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Eg fyrir mitt leyti mæli með nefnd í þessu máli, eigi af þeirri ástæðu, að mèr eigi sýnist, að talsvert sè gjört til þess að bæta vegina eptir þeim litlu efnum, sem fyrir höndum eru til þess, heldur fyrir það, að það er enn þá ónóg og getur eigi lengur staðið við svo búið, enda verður eigi móti mælt, að margir þjóðvegir eru nú því nær ófarandi. Til þess nú nokkuð að ráða bót á þessu, virðist mèr einna hentugast, að halda áfram, að skylda menn til ruðninga, eins og gamla vegabótalöggjöfin segir fyrir, jafnframt og menn eru skyldir til að greiða gjald af hendi árlega til vegabóta. Væri slíkum skylduruðningum komið á, þá mundi með því eigi vinnast all-lítið vegunum til bóta. Eg verð því, eins og eg hefi áður sagt, að mæla fastlega fram með nefnd í þessu máli, og virðist mèr eigi of mikið, að 5 manna sè kosin. Það dugar alls ekki, að horfa í kostnaðinn, þar sem um svo mikils varðandi mál er að tala, og þó menn hefðu tvöfalt gjald við það sem nú er til vegabóta, vorkenni eg það engum.

Eiríkur Kúld: Eg mæli með nefnd í þessu máli, og það fyrst og fremst sökum þess, að mèr finnst það allt of mikil byrði fyrir nefndina í sveitarstjórnarmálinu, ef einnig þessu máli er dengt á hana; eg get eigi að því gjört, að mèr fer þá að liggja við að kenna í brjósti um hana, og í öðru lagi skal eg geta þess, að mèr finnst uppástungur þær, sem bænarskráin kemur fram með, vera vel hugsaðar og hugsunum vel fyrir komið. Svo er og það, að eg veit vel, að þingmenn eru nákunnugir gömlu vegabótalögunum, svo að, þótt nefnd yrði kosin, þá mundi hún eigi þurfa langan tíma til þess, að ganga í gegnum þau, og gjöra þær breytingar við lögin, er henni þætti við eiga; því verður að vísu eigi neitað, að mál þetta á nokkuð skylt við sveitarstjórnarmálið, en eigi að síður virðist mèr þó rèttast, að sèrstök nefnd sè kosin í málið, og álít eg, að eigi megi nægja minna en 5 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Það er eigi meining mín, að þingið vísi málinu algjörlega frá sèr, þótt eg reyndar efist um, að þingið nú geti bætt lögin. Ef nóg fè væri fyrir höndum, þá mætti og mundi vel takast, að bæta vegina. En alþingi mun nú, eins og fyr, horfa í, að leggja meiri álögur á almenning. Það mun heldur eigi mæl-

ast vel fyrir hjá alþýðu, ef menn bæði eru skyldaðir til að greiða fè af hendi til vegabóta, og svo þar að auki eru skyldaðir til vinnu, því menn verða að gæta þess, að vinnan er líka peningar. Vèr höfum nú heyrt, að ýmsir hafa talað um, og gjört mikið úr, hve litlu vegabótalögin hafi til leiðar komið; eg skal nú eigi neita því, þótt þar sè að vísu mikill munur á, þar sem sumstaðar hefir lítið verið að gjört, en aptur sumstaðar engan veginn svo lítið, og eg er svo kunnugur bæði fyrir norðan og vestan, að eg veit, að það er þar eigi óvíða, sem talsverðar vegabætur hafa verið gjörðar. En ef menn ætla sèr að koma á meiri vegabótum, þá verða menn fyrst að sjá ráð til, að útvega fè það, er til þess þarf, og um það verða menn að hugsa, áður en nefnd er kosin til þess að taka málið að sèr. Eg skal geta þess, að það var alls eigi mín meining, að sveitarstjórnarnefndin gæfi vegabótalög, eg þekki vel muninn á vegabótalögum og sveitarstjórnarlögum.

Torfi Einarsson: Mèr virðast það sèr í lagi vera tvö atriði, er til greina verða að koma, þegar talað er um, að gjöra meiri endurbætur á vegum en að undanförnu; það eru nefnilega þessi tvö atriði, að meira eptirlit og umsjón sè haft með vegabótunum, og svo í annan stað, að auka gjaldið, en hvað hinu síðara atriðinu viðvíkur, þá virðist mèr litlar líkur til, að gjaldið verði aukið nú sem stendur. Hvað því viðvíkur, sem í bænarskránni er farið fram á, að gjald það, er árlega til fellur í hverri sýslu, eigi sè varið til þess að bæta vegu í öðrum sýslum, þá virðist mèr það beinlínis eiga heima hjá sveitarstjórnarnefndinni, því þar er sýslu- og sveitarnefndunum falin umsjón vega, og líka ákveðið, að ekki meir en $^1/_3$ megi ganga til vegabóta í öðrum sýslum, en tveir þriðjungar þess til vegabóta innan sýslu. Það er í bænarskránni kvartað um, að skylduvinna sè sumstaðar engin, en sumstaðar aptur mikil; þetta er satt, en það er eingöngu að kenna sveitarstjórninni; þess vegna get eg fyrir mitt leyti eigi sèð annað betra ráð, en að vísa máli þessu, meðan svo á stendur, til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, og að hún taki þessar uppástungur til greina.

Konungsfulltrúi: Eg skal vera hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga samdóma um það, að fleiri uppástungur bænarskrárinnar eru vel hugsaðar, en eg skal taka það fram, að til flestra þessara uppástungna er tekið sèrstaklegt tillit í frumvarpinu til sveitarstjórnarlaga, og þær að mestu leyti teknar til greina í frumvarpinu. Það, sem eptir verður þar óathugað er, eins og

hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu athugaði, einungis hækkun vegagjaldsins, og skal eg skjóta því til ályktunar þingsins, hvort nefnd eigi að setja í málið af þessari ástæðu.

Jón Sigurðsson: Því fer fjarri, að eg vilji spilla fyrir máli þessu á nokkurn hátt, því það er í alla staði mikilsvarðandi mál. Eg er sannfærður um, að það er öll þörf á að breyta vegabótalögunum í ýmsum greinum, en samt ætla eg, að þessi tími sé eigi sem hentugastur til þess, að gjöra stórfelldar breytingar á vegabótalögunum. Það hefir verið tekið fram af mörgum, að aðalmergurinn í hinum 14 niðurlagsatriðum bænarskrárinnar heyri undir ákvarðanirnar í sveitarstjórnarlögunum, og verður því eigi neitað, að sum atriðin liggja nærri ákvörðunum stjórnarfrumvarps þess, sem lagt var fyrir þingið, og mun því verða haft tillit til þeirra af nefndinni í sveitarstjórnarmálinu. Hvað því atriði í bænarskránni viðvíkur, að breyta þurfi ákvörðuninni um skiptingu á vegunum í þjóðvegi og aukavegi, þá getur vel verið, að það sé nauðsynlegt. En þótt nú farið væri að breyta þessari einu ákvörðun í lögunum, þá er það alls eigi nóg eða einhlítt til þess, að koma á fullkomnari vegabótum, eða bæta úr þeim göllum, sem eru einkum á stjórn og framkvæmdum vegabótanna. Maður verður jafnframt að hugsa um, að útvega meira fé en nú er fyrir hendi til þess, að auka vegabæturnar, en til þess mun þingið að minni ætlan eigi sjá mörg úrræði í þetta sinn. Þegar nú þess vegna liggur fyrir, að sveitarstjórnarlögunum verði breytt, og vonandi er að vér fáum allt annað og betra fyrirkomulag á sveitarstjórninni hér hjá oss, svo sem hreppa- og sýslunefndir, þá virðist mér ráðlegast að bíða með allar breytingar, þangað til hin nýju sveitastjórnarlög eru komin á, og nefndir þær, sem þar eru ráðgjörðar, eru setztar á laggirnar, því einmitt frá þeim held eg að uppástungur um breytingar á vegabótalögunum ættu að koma. Eg játa fullkomlega, eins og eg hefi þegar áður sagt, að brýn nauðsyn sé á, að breyta lögunum, ekki einasta hvað skiptinguna á vegunum snertir, heldur í ýmsum fleiri atriðum, en mér virðist, svo sem eg hefi áður sagt, að tíminn sé nú eigi heppilegur til þess, því eg er sannfærður um, að færi þingið að káka nú við einstök atriði laganna, þá yrði það má ske einungis til að spilla þeim, en alls eigi til að bæta þau, og væri þá sannarlega betra fyrir þingið, að hafa heima setið.

Stefán Eiríksson: Það er óþarfi fyrir mig, að fara mörgum orðum um þetta mál, því hinn háttvirti varaforseti tók það fram,

sem eg ætlaði að segja, nefnilega, að mál þetta heyrði undir sveitarstjórnarmálið. Eg er einnig samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga um það, að eigi sè tími til kominn til þess, að taka þetta mál til íhugunar, fyr en hin nýju sveitarstjórnarlög eru komin á, þá einmitt álít eg, að tími sè til að breyta löggjöfinni, því í sveitarstjórnarlögunum er ákvörðun um uppástungur um þjóðvegi og aukavegi. Það er eigi að búast við, eptir því fè, sem varið er til vegabóta, að alstaðar verði miklar vegabætur gjörðar, en því verður þó eigi neitað, að hèr í suðuramtinu, þar sem mèr er kunnugt, hefir eigi all-lítið verið unnið að vegabótum síðan vegalögin komu út. Sumir þingmenn hafa látið þá ætlun sína í ljósi, að ef vegabótalöggjöfinni yrði breytt, þá mundi allt ganga greiðara með vegabæturnar, en eg er hræddur um, að, þó henni væri breytt, þá mundi munurinn eigi verða svo mikill, eins og margir ætla, því það getur þó enginn ætlað, að vegabætur yfir allt land komist á allt í einu.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til orða hins heiðraða þingmanns Suður-Þingeyjarsýslu um skiptingu veganna skýrskota til tölul. 1. 37. gr. frumvarpsins til tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi, þar svo stendur: «Eptir uppástungu nefndarinnar ákveður hið sameinaða amtsráð, hverjir vegir skuli vera þjóðvegir, og gjörir breytingar á reglugjörð þeirri, sem gildir um þetta».

Sigurður Gunnarsson: Veit eg það, að meiri hluti uppástungnanna nær til sveitastjórnarfrumvarpsins, en þó er talsvert, er eigi kemst þar að. Mèr virðist það og óviðkunnanlegt, ef ýmsar ákvarðanir í sveitarstjórnarlögunum, er snerta vegabætur, kæmu til að stríða móti gildandi vegalögum. En þetta verður að koma fram, ef vegalögin eru ekki lagfærð nú þegar samkvæmt því, sem í hinum stendur. Það er því einnig af þeirri ástæðu áríðandi, að taka nú vegalögin til meðferðar og lagfæringar út af fyrir sig, og fresta því eigi lengur. Það er víða enn á Austurlandi, að lítill er árangur orðinn þessara vegabótalaga, sem nú eru (*Stefán Eiríksson*: Á Suðurlandi er þó mikið aðgjört). Það er að vísu satt, þegar borið er saman það, sem bætt er, við það, sem enn er ófært, því vegir um Skaptafellssýslu eru víðast allgóðir af sjálfum sèr, og ófærur harðla litlar í samanburði við hina löngu kafla, sem góðir eru. Allt öðru máli er að gegna um Austfirði.

Páll Pálsson: Eg get ekki verið samdóma þingmanninum úr Suður-Múlasýslu um það, að hèr á Suðurlandi þurfi lítið sem ekkert

að vegabótum að vinna, því það geta þó allir séð, að t. d. hér kring um Reykjavík hafa eigi all-litlar vegabætur verið gjörðar, og þó er margt eptir ógjört, er gjöra þyrfti. Hitt er annað mál, þó landslagi hér sé víða öðruvísi háttað, en austur í Múlasýslum. Hér sunnanlands er, ef til vill, víða meira slèttlendi og undirlendi, en slèttlendið þarf, ef til vill, eigi hvað sízt vegabóta við, eins og sjá má á þeim stórmiklu vegabótum, sem gjörðar hafa verið í Rangárvalla- og Árnessýslum, enda jafnvel í Skaptafellssýslum. En samt sem áður er það álit mitt, að nauðsyn beri til þess, að reyna að laga vegalögin, og vil eg því mæla með að nefnd verði sett til að íhuga þetta mál. Það er vitaskuld, að þetta getur heyrt undir sveitarstjórnarmálið að nokkru leyti, en sveitarstjórnarlögin eru enn ekki komin á, og þess er varla að vænta, að hinn fyrsti árangur, sem af þeim leiðir, verði endurbót á vegalögunum, og til þess, að það verði ekki látið dragast fram í óákveðinn ókominn tíma, þá virðist mèr ráðlegast, að nú þegar sé nefnd sett í málið til þess að yfirvega lögin, og gjöra þær breytingar á þeim, er kynni að virðast nauðsynlegar, og gætu þá þessi tvö mál, sveitarstjórnarmálið og vegamálið, orðið hvort öðru samsíða.

Jón Sigurðsson: Eg vil enn taka það fram, að mèr virðist bezt, að fara varlega í þetta mál, því mèr þykir ísjárvert, að fara að stinga upp á breytingum á gildandi lögum, þótt bænarskrá komi um það að eins úr einni sýslu landsins. Mèr segir líka svo hugur um, að þingið muni eigi vera nógsamlega undir það búið, að taka mál þetta til meðferðar. En ef þingið fer að káka við mál þetta, án þess að gjöra nokkrar þær breytingar, er veruleg bót sé í, þá verð eg að segja, að það hefði verið betur heima setið en að heiman farið.

Guðmundur Einarsson: Af því eg beiddi mèr hljóðs áðan, áður en þingmaður Suður-Þingeyinga talaði í þessu máli, en hann hefir greinilega tekið það fram, er eg vildi sagt hafa, vil eg að eins geta þess, að eg er á sama máli og hann.

Stefán Jónsson: Eg get eigi séð, að neitt verulegt verði gjört í þessu máli, nema vegabótagjaldið sé aukið, en það held eg ekki sé æskilegt eins og nú á stendur, þegar verið er að kvarta um, og það ekki án orsaka, hvað mikið að jafnaðarsjóðsgjaldið er, og sama mundi verða ofan á, ef farið væri að auka vegabótagjaldið, enda fer bænarskráin, sem hèr er til umræðu, fram á að minnka gjaldið, sem eg held að ekki heldur eigi vel við. Því

verður ekki neitað, að margir vegir þurfa umbóta við, en þó verða menn að játa það, að síðan vegabótalögin nýju komu, þá hafa þó tvöfalt eða þrefalt meiri endurbætur verið gjörðar á vegum, en áður á jafnlöngu tímabili, því það er óhætt að segja, að skyldu-vinnan var mjög vanrækt og henni litill gaumur gefinn víða hvar. Eg held líka, að þótt nefnd yrði kosin í málið, að þá mundi henni veita erfitt að ráða bót á öllu því, er bænarskráin fer fram á, t. d. skorti á verkefni. Eg verð því heldur að hallast að því, að málinu yrði vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, því það er líklegt, að ekki líði á mjög löngu, að önnur lögun komist á sveitarstjórnina, en nú er, og þá held eg, að þetta mál heyri réttilega undir hana.

Sigurður Gunnarsson: Eg veit vel, að sumstaðar er nú á seinni tímum mikið að gjört til vegabóta, þar sem litlar eða engar vegabætur voru áður gjörðar. En eigi að síður verður því þó eigi neitað, að á Austurlandi var fyrrum miklu meira lagað af vegum en nú, og að því er brýn nauðsyn til, að einhverjar breytingar verði þar á í þessu efni. Eg orðlengi nú eigi meira þetta mál, en óska þess eins og fyr, að þingið geti atkvæði sitt fyrir því, að sérstök nefnd sé kosin til þess. Fari svo, að málið nái eigi að komast í nefnd, þá vil eg þó heldur en ekki neitt, að það fari til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, því þá gæti borið til hún gæfi einhvern gaum bendingum bænarskráarinnar um vegalögin, þeim sem ná til sveitarstjórnarlaga.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari umræðu lokið, og skal eg því leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli setja í málið, eða vísa því til nefndarinnar í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi».

Því næst var gengið til atkvæða og bænarskráin felld frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 5.

Því næst leitaði forseti atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, og var það samþykkt með 16 atkvæðum.

Forseti: Þá kemur til umræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá Breiðvíkinga um siglingu á Stapahöfn. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga er flutningsmaður hennar, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá því, er með þarf.

Egill Egilsson: Eg leyfi mèr, að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 174).

Þótt bænarskrám þeim, er bornar hafa verið fram í dag, hafi gengið illa og þær fengi litla áheyrn hjá þinginu, þá vona eg þó, að þingið eigi felli þetta velferðarmálefni Breiðvíkinga frá nefnd, heldur setji sèrstaka nefnd í það, og vil eg leyfa mèr, að stinga upp á þriggja manna nefnd. Eg skal taka það fram, að eg get fullvissað þingið um, að, ef það eigi tekur mál þetta til meðferðar, þá mun afleiðingin verða sú, að allir dugandismenn munu brátt flytja sig úr Breiðuvíkurhreppi og leggja jarðirnar í auðn; hvar eru þá tekjur landsjóðs Íslands af þeim mörgu þjóðeignum, sem þar eru? þá skilja þeir einnig eptir alla ómaga og þá, sem fátæktar vegna ekki hafa ráð til að flytja; hvar er þá forlagseyrir fyrir þá, og hver á að greiða hann? og að síðustu, hvar er þá verzlun Búðakaupmannsins við Breiðvíkinga?

Þórður Jónasson: Eg hefi ætíð verið móti fjölgun kauptúna hèr, af því það sundraði verzlunarkröptunum, en sú ástæða hefir í þessu tilfelli litla eður enga þýðingu, því þótt svo færi, sem eg reyndar efast mikið um, að kauptún yrði stofnað á Stapa eða leyft að sigla upp Stapahöfn, mundi aðsókn þangað verða næsta lítil, bæði vegna fátæktar hlutaðeiganda, og líka vegna þess, að þar eru kaupstaðir á báðar hendur, og eigi all-langt í burtu. Þó að því bænarskráin fengi áheyrn og lausakaupmenn sigldu upp Stapahöfn, næðist þó ekki með því aðaltilgangur bænarskráarinnar, nefnilega sá, að byrgja sig upp af nauðsynjavörum fyrir veturinn, og hlutaðeigendur yrðu því á veturna, eins eptir sem áður, háðir verzluninni á Búðum, og þannig engu nær en áður. Eg segi þetta ekki í því skyni, að mæla á móti því, að nefnd verði sett í málið, en eg sè engan árangur af því, þó svo yrði, því kringumstæður þær, sem hèr liggja að, eru til fyrirstöðu.

Bergur Thorberg: Eg er á sama máli og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður um það, að það muni eigi bæta hag Breiðvíkinga, þó þeir öðluðust það, sem farið er fram á í bænarskrá þessari, og eg held, að tilgangurinn náist því eigi með því, að skipa nefnd í þetta mál. Mèr er það vel kunnugt, að mikil bágindi eru í Breiðavíkurhreppi, og ef það, sem bænarskráin fer fram á, nefnilega, að þar verði settur kaupstaður, væri skilyrði fyrir því, að hagur manna þar batnaði, þá mundi eg verða manna fúsastur til að styðja þetta mál. Þótt nú lausakaupmenn kæmu

þar á sumrum, þá mundi það lítið stoða, því hinir fátæku mundu eigi verða færir um, að afla sèr þá allra sinna nauðsynja, og er veturinn kæmi, yrðu þeir að leita til annara verzlana. En að föst verzlun komist á á Stapa, er mjög ólíklegt, því til þess er hèraðið allt of lítið og fátækt. Þótt menn álíti, að uppsigling þar á sumrum kynni að geta orðið sveitinni til hagsmuna, þá er samt sem áður eigi ástæða til, að veita þetta leyfi handa lausakaupmönnum, því eptir nú gildandi lögum er það öllum fastakaupmönnum hèr leyft að sigla á hverja þá höfn eður vík á landinu, sem þeir vilja, og selja þar nauðsynjavörur, og í annan stað er það einnig leyft, að flytja þangað alls konar vörur, ef þær eru áður pantaðar, og með þessu getur þá í öllu verulegu fengizt það, sem bænarskráin fer fram á, nefnilega, að þeir geti verzlað við fleiri kaupmenn en Búðakaupmanninn. Menn gjöra og of mikið úr þeim skaða, sem Breiðvíkingar hafa á verzlun sinni við Búðir, það er margt annað, en óhagfelld verzlun, sem veldur efnaleysi þeirra og bágindum, eg vil t. a. m. nefna aflaleysið hjá því, sem áður var, þar sem nú eru heilar veiðistöðvar lagðar niður, þar sem áður gengu mörg skip og mikil velmegun var meðal manna. Úr þessum bágindum sínum bættu Breiðvíkingar eigi, þótt þeir fengju þessa bænarskrá sína samþykkta. Eg get því eigi annað sèð, en að nefnd í þessu máli sè til einskis gagns. Eg vil og geta þess, að mèr virðist mjög óheppilegt, ef enn yrði bætt einum smákaupstað við í Snæfellsnessýslu.

Torfi Einarsson: Það er nú einungis af tilfinningu, að eg stend upp í þessu máli, því eg er því eigi nógu kunnugur. Eg get eigi sèð, hvað það getur skaðað, þó nefnd sè kosin í málið. Það er enginn efi á því, að höfnin þar er brúkanleg, fyrst að þar hefir áður lengi verið kaupstaður. Fáist nú þetta leyfi, þá verður annaðhvort, að menn nota sèr þetta leyfi eða eigi. Eg skal líka geta þess, að vèr Strandasýslumenn vorum í 10 ár, að berjast fyrir að fá leyfi til uppsiglingar á Skeljavík, og þótti það þá flestum ráðleysi af oss; en síðan leyfið fèkkst, hafa kaupmenn siglt þar upp hvert ár, og vèr haft mikinn hag af, einungis tvö ár komu þar engir, og höfðum vèr af því eigi all-lítið tjón. Eg fæ því eigi sèð, að smáverzlanir sèu ætíð einungis til skaða og tjóns fyrir landsmenn.

Eiríkur Kúld: Eg hefi ætíð verið móti fjölgun smákaupstaða, en þó mæli eg með nefnd í þessu máli. Breiðvíkingum er

ómögulegt, að nota aðra verzlun en á Búðum, og þótt má ske helzt til of mikið sè gjört úr því, hve óhagkvæm sú verzlun sè, þá verður því þó eigi neitað, að hún er fjarri því, að geta fyllt þarfir Breiðvíkinga hvað þetta snertir. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði áðan, að þeir hefðu kaupstaði á báðar hendur við sig; það er að vísu satt, en eg skal geta þess, að eigi verður þeim betra, að leita til Ólafsvíkur, en til Stykkishólms eru hèr um 16 vikur sjávar, og er eg sannfærður um, að Breiðvíkingar eiga ekkert það skip, er fært sè að leggja í þann sjó svo langan veg, því stóra áttræðinga eiga þeir ekki, og þess konar skip þyrfti til slíkra ferða. Eg óttast eigi svo mjög fyrir, að, þótt Stapahöfn yrði löggild, þá mundu fjölga smákaupstaðir, því þar er eptir litlu að slægjast. En ef lausakaupmenn kæmu þangað á sumrum, þá mundi það þó verða til þess, að verzlunin yrði Breiðvíkingum eigi eins tilfinnanleg og nú er sagt. Eg get líka sagt það fyrir víst, að kaupmenn mundu eigi fást til að koma þangað, og það af þeirri ástæðu, að á meðan höfnin sè eigi löggilt, þá fái þeir eigi skip sín assúreruð þangað. Það er að vísu satt, að eymd manna þar hefir ei einungis rót sína í verzlunareinokuninni, en þó þori eg að fullyrða, að hagur þeirra mundi batna, ef leyfi þetta fengist, því af því leiddi, að þeir fengju afla sinn betur borgaðan en nú.

Hjálmur Pètursson: Eg mæli með nefnd í þessu máli, bæði af þeim ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram af öðrum, og einnig af þeirri ástæðu, að, þegar slík mál hafa að undanförnu verið lögð fyrir þingið, þá hefir það jafnan tekið vel í þau, og vona eg, að það verði eins frjálslynt nú. Þingmaður Barðstrendinga sýndi fram á, hve miklir erfiðleikar væru á því fyrir Breiðvíkinga, að komast sjóleiðis til annara kaupstaða, en þá kynni mönnum að detta í hug, hvort eigi mundi vera mögulegt, að komast landveg til annara kaupstaða, en það er þeim með öllu ómögulegt, því bæði vantar þá hesta og öll áhöld til þess, og svo er landvegurinn langur og vondur. Ótti sá, er sumir menn hafa fyrir því, að þar muni koma upp smákaupstaðir, bendir einmitt á, að þeir játa óviljandi, að þar sè þörf á kaupstað, því ef hann þrífst þar, þá er þörf á honum, en ef hann þrífst ekki, þá þarf ekki að kvíða fyrir, að hann komist upp. Mèr finnst að hvíli á þinginu siðferðisleg skylda til þess, að taka málið til meðferðar,

þó það sè einungis eptir ósk einnar sveitar, og mæli eg því með, að þriggja manna nefnd verði sett í málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi jafnan verið á móti fjölgun smákaupstaða, og hefi enn þá sömu skoðun, að þeir sèu einungis til tjóns fyrir landið, því að það hlýtur þó að liggja hverjum manni með heilbrigðri skynsemi í augum uppi, að því meira afl, sem kaupmaðurinn hefir, því meira gagn getur hann gjört og hlýtur að gjöra landinu. En sá hagnaður, er menn þykjast hafa af uppsiglingu á nálega allar víkur og voga landsins, er einungis ímyndaður hagnaður og sprottinn af þekkingarleysi og dugnaðarleysi landsmanna, og auk annars styður næsta mjög að framtaksleysi og dáðleysi landsbúa, en út í slíkt hugsa þeir alls ekki. Það, sem Breiðvíkingar biðja um, er auk þess með öllu óþarft; því að í opnu brèfi 19. maí 1854 er leyft eigi að eins að flytja allar vörur á hverja vík og vog, heldur og verzla þar með þungavöru (korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp), og kaupa íslenzkar vörur. Það er og víst, að ef Breiðvíkingar hefðu nokkurt vörumagn, þá mundi vera hægðarleikur fyrir þá, að fá kaupmenn til að sigla þangað upp, þar sem það er leyfilegt, eins og eg þegar sagði, að selja þungavöru og flytja upp, hvar sem vera skal, og þó þeir sèu hestlausir, þá ættu þeir þó að hafa einhver ráð til að fá sèr einhverja dróg handa sendimanni inn í Stykkishólm, til að biðja einhvern kaupmanna að koma þangað og flytja þangað vörur þær, er þeir beiddu um, og sækja vörur þeirra, og þá þyrftu þeir eigi að fara neina sjóvegsferð; þess vegna er með verzlunarlögunum 1854 allt fengið, er bænarskrá þessi fer fram á. En þótt eg ávallt, eins og eg áðan sagði, hafi verið því mótmæltur, að smákaupstöðum væri fjölgað, og hafi litið svo á, og líti enn svo á, að þeir sèu til ills eins, þá ætla eg nú að snúa við blaðinu, og bæði nú og héðan í frá að vera því meðmæltur, að sem flestir staðir verði löggiltir sem verzlunarstaðir, til þess landar mínir af reynslunni sannfærist um, ef auðið er að sannfæra þá, hve illt það er, að fjölga þannig smákaupstöðunum.

Stefán Jónsson: Eg ætla, að menn sèu of hræddir við smákaupstaðina. Eg skal t. d. geta þess, að það veitti mjög erfitt, og stóð á löngum tíma, að fá löggilta uppsiglingu á Sauðárkróki, og nú eru þó liðin nálægt 20 árum síðan að því var fengið á komið, en enginn kaupstaður er enn kominn þar, en landsmönnum þó orðið mikill hagur að uppsiglingunni á sumrin *(Halldór*

Kr. Friðriksson: Ímyndaður hagur). Nei, sannur hagur, og verð eg því að mæla með nefnd í þessu máli.

Torfi Einarsson: Eg verð að svara þingmanni Reykvíkinga fám orðum. Hann talaði um ímyndaðan hagnað, en eg er hræddur um, að hann hafi eigi gjört sèr nógu ljósa hugmynd um það, hvernig verzluninni hagar til fyrir bóndann; hann verður að játa það, að það er mikill munur á, að vera má ske eigi meira en einn dag að sækja nauðsynjar sínar, eða vera að því viku eða hálfan mánuð, og mèr er óhætt að segja, að það er tilvinnandi að fara þangað, sem styttra er í kaupstað, jafnvel þótt þar sè nokkuð lakari prísar.

Pètur Pètursson: Það er fjarri mèr, að vilja spilla þessu máli, með því það er beðið um svo lítið, en eg er vonlaus um, að það verði að nokkru gagni, því þessi sveit er einungis eitt lítið prestakall, og fátæktin þar svo mikil, að eg get naumast ímyndað mèr, að nokkur kaupmanna gangist fyrir því og komi þangað, svo að þótt leyfið fengist, þá er eg hræddur um, að það yrði að eins ímyndaður hagur fyrir Breiðvíkinga, en eg vil þó eigi sleppa að gefa þeim kost á þessu, ef ske kynni, að það yrði þeim að verulegum notum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það var misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að hann ætlaði, að kaupmenn eigi fengju ábyrgð fyrir skipum sínum, nema á þær hafnir, er löggiltar væru, og þar af dró hann þá ályktun, að kaupmenn í Stykkishólmi mundu eigi fást til að sigla upp Stapahöfn, fyr en hún vær löggilt; því það, að kaupmönnum stundum veitir erfitt að fá ábyrgð fyrir skipum sínum, kemur alls eigi til af því, að hafnirnar eigi sèu löggiltar, er þau skulu sigla á, heldur fer það eptir því, hvort hafnirnar eru góðar eða illar; því að því verri sem höfnin er, því erfiðara veitir þeim að fá ábyrgð fyrir skipum sínum; til að mynda kaupmenn hèrna í Reykjavík sigla skipum sínum á margar þær víkur, sem eigi eru löggiltar hafnir, og hafa þó fulla ábyrgð fyrir skipum sínum; aptur á móti eru það sumar löggiltar hafnir, þar sem kaupmenn eigi fá ábyrgð fyrir skipum sínum, nema með mestu naumindum og afurkostum. Ef þess vegna nægileg sönnun fæst fyrir því, að höfnin sè góð, þá er líka hægt að fá fulla ábyrgð fyrir skipunum.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kosin í málið eða eigi.

Var síðan gengið til atkvæða og þriggja manna nefnd samþykkt með 21 atkvæði gegn 3.

Þessir hlutu kosningu:

Egill Egilsson með 21 atkv.
Eiríkur Kúld — 14 —
Torfi Einarsson og
Bergur Thorberg — 7 —

en með því Torfi var eldri, varð hann nefndarmaður.

Forseti: Eg vil að síðustu leyfa mèr að skýra frá nokkrum bænarskrám, er til þingsins hafa komið, nefnilega: bænarskrár um eptirlaun Havsteins amtmanns úr 6 sýslum í norður- og austuramtinu. Uppástunga þingmanns Vestur-Skaptfellinga um þóknun fyrir kennslu málleysingja. Bænarskrár um spítalahluti úr Gullbringusýslu og fleirum hèruðum. Bænarskrá prestsins á Stafafelli í Lóni um varpið í eyjunni Vigur og vörn eyjar þessarar fyrir árásum og ránum útlendra fiskimanna. Bænarskrá úr Gullbringusýslu um breyting á hjónabandstilskipun 30. apríl 1824 § 3., 10. Þessar bænarskrár verða lagðar fram á lestrarsalinn, og að minnsta kosti nokkrar af þeim teknar til umræðu á morgun. Þar eð ekki er meira fyrir hendi til starfa í dag, ákveð eg fund á morgun kl. 12 og segi þar með

Fundi slitið.

6. fundur. — 11. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót sè kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Benidikt Sveinsson. Þá er að taka til dagskrár, og koma þá fyrst til inngangsumræðu bænarskrár úr Gullbringusýslu og fleiri hèruðum landsins um gjald spítalahlutanna. Eg skal geta þess, að eg hefi í dag fengið bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu um sama efni, en með því eptirrit af henni hefir eigi orðið sent konungsfulltrúa enn, þá verður hún eigi tekin til greina í dag, en skal að öðru leyti verða tekin til meðferðar ásamt hinum bænarskránum, þegar tími er til. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu er flutningsmaður bænarskránna, og

mun hann gjöra svo vel og skýra þinginu frá þeim eða lesa nokkrar þeirra upp, ef honum þykir þess þurfa.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skýt því til atkvæða þingsins og forseta, hvort nokkra af bænarskránum skuli lesa (samþykkt). Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána úr Gullbringusýslu. (Sbr. II. bls. 175).

Eg skal enn fremur leyfa mèr að lesa niðurlagsatriðin í bænarskránni úr Reykjavík, og hefði eg gjarnan óskað þess, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga skýrði frá, hvaða afleiðingar spítalalöggjöfin hefir haft í Reykjavík, með því engum er það kunnugra en honum, hvað illt hefir þar af henni hlotizt. (Sbr. II. bls. 176). Ein bænarskráin er úr Vestmannaeyjum, og eru niðurlagsatriði hennar mjög svipuð og þeirra, er eg nú hefi lesið, svo að eg ætla, að þess gjörist eigi þörf, að lesa þau.

Torfi Einarsson: Eg óska, að niðurlagsatriði bænarskrárinnar verði lesin, og mun það ekki taka langan tíma upp.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa niðurlagsatriðin. (Sbr. II. bls. 176).

Niðurlagsatriði hinna bænarskránna fara nokkuð í aðra átt og nálgast meir grundvallarhugsunina í löggjöfinni, en með því að þau eru fremur löng, þá nenni eg eigi að vera að lesa þau. Einungis skal eg geta þess, að í bænarskránni úr Dyrhólahreppi er stungið upp á, að gjaldstofninn sè miðaður við skipatöluna. Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um bænarskrá þessa, því allir eru á einu máli um það, að löggjöf þessari þurfi að breyta. Gjaldendur krefjast þess, öll yfirvöld landsins viðurkenna það, og konungur sjálfur viðurkennir það, eins og sjá má af því, að hann nú hefir lagt fyrir þingið nýtt frumvarp í þessu máli. Því verður að vísu eigi móti mælt, að ýmsar illar afleiðingar, sem löggjöf þessi hefir haft í för með sèr, eru eigi beinlínis henni sjálfri að kenna, heldur hefir það sumpart orsakazt af því, hve illar undirtektir löggjöf þessi fèkk hjá alþýðu, sumpart einnig af því, hve óliðlega yfirvöldunum hefir farizt í þessu máli, og sumpart af því, að einstökum mönnum hefir verið kennt um það, er yfirvöldin og engir aðrir með rèttu urðu sakaðir um. Eg ætla mèr nú eigi, að fara lengra út í þetta atriðið, en skal taka það fram, að aðalorsökin til þess, að svo margt illt hefir hlotizt af löggjöf þessari, er þó sú, að öll tilhögun hennar er svo óhentug og óhagkvæm. Meðal annars, sem hefir leitt af löggjöf þessari, er það, að jafnaðarsjóðsgjaldið hefir hækkað, og er það sannarlega hart, að jafnaðarsjóðsgjaldið skuli hækka fyrir ný lagaboð, og það sè lögunum sjálfum mest að kenna. Aðal-

orsökin er að mínu áliti eigi einstök orð löggjafarinnar, nè einstakar ákvarðanir, heldur grundvöllur sá, er hún byggir á, það er að segja gjaldstofninn. Þetta orð «gjaldstofn» er annars merkilegt orð; mèr virðist rangur skilningur vera lagður í það orð, og sama átti sèr stað á þinginu 1869. Að eins eg og annar þingmaður til skildum það öðruvísi; vèr tókum það nefnilega um sjávarútveginn. Stjórnin virðist líka hafa misskilið það og tekið það í sama skilningi og «grundvallarreglà», og einmitt fyrir þá sök virðist hún hafa vikið frá þeim grundvelli, sem hún lagði fyrir þingið 1867. Nú liggur fyrir þinginu nýtt frumvarp, sem er á allt öðrum grundvelli byggt en bænarskráin, og vil eg ráða þinginu frá, að gjöra þetta frumvarp að lögum, því af því mundi leiða engu minni þráttanir og deilur, en af hinni gömlu löggjöf, og alls eigi meiri jöfnuður nást, sem menn þó eru að reyna til að fá. En ef þingið fellir frumvarpið, þá hljóta gömlu lögin að halda gildi sínu. En með því nú grundvallarhugsunin er öll önnur í frumvarpinu, en í bænarskránni, þá leyfi eg mèr að stinga upp á, að nefnd sè sett til þess, að íhuga bænarskrána, og getum vèr þá sèð, hvort sú niðurstaða, sem nefnd þessi kemst að, eigi getur verið þinginu leiðbeining til að semja nýtt frumvarp til laga í máli þessu.

Forseti: Er það meining þingmannsins að stinga upp á, að sèrstök nefnd verði sett um þessar bænarskrár?

Þórarinn Böðvarsson: Já.

Hallgrímur Jónsson: Eg mæli einnig með því, að sèrstök nefnd sè sett í málið, því bænarskrár þessar fara flestar fram á allt annan grundvöll til spítalagjaldsins en hið konunglega frumvarp, sem nú er lagt fyrir þingið og nefnd sett í, og mèr er svo kunnugt um hana, að hún er komin langt á leið með að íhuga málið, og get eg því ímyndað mèr, að ef önnur nefnd yrði sett, til þess að ganga í gegnum og íhuga bænarskrárnar, þá mundi hún má ske komast að annari og heppilegri niðurstöðu, en áður umgetin nefnd; að öðru leyti óska eg ekki sem nefndarmaður, að fá þær til að fjalla um.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er satt og víst, að mèr þykir málið um spítalahlutina mjög áríðandi, og tel það nauðsynlegt, að það sè vandlega íhugað; en eg fyrir mitt leyti verð að vera á móti því, að sèrstök nefnd sè sett til þess að íhuga þessar bænarskrár, því að eg sè eigi, hvernig það verður formlega gjört, þar sem þegar er búið að setja nefnd til að íhuga þetta mál, enda væri það vissulega undarlegt, ef nefnd sú, sem sett hefir verið til þess að rannsaka hið konunglega frumvarp um spítalahlutina, kæm-

ist að þeirri niðurstöðu, að halda skyldi grundvelli stjórnarfrumvarpsins, en nefnd sú, sem sett væri til þess, að rannsaka bænarskrárnar, kæmist að þeirri niðurstöðu, að halda skyldi grundvelli bænarskrárinnar, og liggur þá í augum uppi, hversu óformlegt það væri, að tvö gagnstæð nefndarálit lægju fyrir þinginu um sama málið; og ef þingið fèllist á álit beggja nefndanna, í máli þessu, þá leiddi af því, að þingið fèllist á tvær uppástungur, sem væru hvor annari alveg gagnstæðar; því grundvöllur sá, er bænarskrárnar hafa við að styðjast, er allur annar en undirstaða stjórnarfrumvarpsins. Enda væri slík meðferð óþörf með öllu, því að þingið getur allt eins vel komizt að þeirri niðurstöðu, sem því þykir hagfelldust, þótt ekki sè nema eitt nefndarálitið, og það óskipt. Það virðist og liggja í augum uppi, að þegar talað er um, hvernig tollinn skuli leggja á, þá heyrir sú spurning beint undir nefndina, sem sett er um stjórnarfrumvarpið. En hitt er annað mál, að þegar litið er til þess, hvernig kosningar fèllu til nefndarinnar, þá getur verið, að sú kosning hafi eigi að öllu leyti tekizt sem bezt, og því vil eg stinga upp á því, að nefndin sè aukin, og í hana sè bætt tveim mönnum; því að til þess getur ástæða verið. Þótt nefndin og síðar þingið komist að sömu niðurstöðu og áður, að miða tollinn við afla-upphæðina, hvort heldur eins og í tilskipun 10. ágúst 1868, eða eins og í frumvarpinu, sem nú var lagt fyrir þingið, þá þori eg að fullyrða, að öll þau lög, er við líka undirstöðu styðjast, falla innan skamms um koll af sjálfu sèr og verða að engu. Mèr er óhætt að fullyrða það, að það er sannfæring allra fyrir sunnan Faxaflóa, að sá grundvöllur, sem frumvarp stjórnarinnar 1867 hefir við að styðjast sè bæði sanngjarnastur og jafnastur, sem fengizt geti. Mèr virðist þá bezt, að láta hina, er öðru vilja halda fram, fá vilja sinn í þessu efni, og mun þá reynslan sýna þeim og sanna, hver aðferðin sè hentugri og haganlegri. Eg ætla mèr eigi að fara að nefna hinar illu afleiðingar, er af löggjöf þessari eru þegar orðnar, og, eins og fram hefir verið tekið, hefir af tilskipun 10. ágúst 1868 þegar leitt hækkun á jafnaðarsjóðsgjaldinu. Eg ætla að eins að taka það aptur fram, að eg legg það til, að nefndin sè aukin um 2 menn.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst, að þeir, sem hingað til hafa talað í máli þessu, hafi miskilið bænarskrárnar. Þeir virðast hafa gefið sumum þeirra hornauga, og ekkert vilja við þær eiga; aptur virðast þeir halda eindregið með sumum. Þeir hafa talað, eins og sá grundvöllur væri óhafandi, sem þingið samþykkti, og sem nú er orðið gildandi lagaboð, en eigi að síður vilja þeir þó eigi taka tillit

til bænarskránna, sem á sama grundvelli byggja og löggjöfin sjálf. Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að ef nefnd yrði sett, til þess að segja álit sitt um bænarskrárnar, þá mundi afleiðingin verða sú, að tvær ólíkar skoðaninir færu frá þinginu í sama málinu, þá sjá allir, að þetta er skakkt ályktað, því að auðvitað er, að sama þingið mundi aldrei fallast á tvö nefndarálit í sama máli, er færu í gagnstæða átt hvort við annað, heldur einungis á það, er því geðjaðist betur. Eg verð að mæla móti sèrstakri nefnd í þessu máli, en vil að nefndin í spítalamálinu taki tillit til þessara bænarskráa, að svo miklu leyti, sem henni þykir við eiga, því auðvitað er, að það er á þingsins valdi, hvern grundvöllinn það heldur aðhyllist. Mèr finnst, að mál þetta sè frá fyrri þingum svo rætt og undirbúið, að eigi sè öll þörf á, að 2 mönnum sè aukið í nefnd þá, er áður er kosin í málinu.

Jón Hjaltalín: Eg fellst á uppástungu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, að 2 mönnum sè aukið í nefndina; mál þetta er nú komið í eindaga, og væri æskilegt, ef einhver endir fengist á því. Mèr sýnist óþolandi allt það arg og þjark, sem löggjöf þessi hefir haft í för með sèr, og er varla að búast við, að slíku linni fyr en breyting er gjörð á löggjöfinni. Mèr sýnist því mjög mikilsvert, að þingið gefi máli þessu góðan gaum, og það því heldur, sem þingið hefir ætíð tekið vel í þetta mál og gjört allt sitt til, að koma því í gott horf, og stjórnin hefir líka ætíð sýnt mikinn áhuga á þessu máli. Það er því næsta hörmulegt að vita til þess, að þessi góði vilji alls þingsins og stjórnarinnar skuli einungis hafa orðið til þess, að koma á óánægju og argi í landinu. Með því að nú nefndin er bæði fjölmenn og vel skipuð, þá hefi eg það traust á nefndinni, að úrslit hennar beri góðan árangur, og hún komi málinu í það horf, er öllum er haganlegast.

Forseti: Eptir því, sem fyrir skipað er í alþingistilskipuninni 65. gr., þá geta nefndirnar borið upp þá ósk, að fleiri verði teknir í nefnd, og leyfir þá þingið það, en hèr hefir hvorki formaður nefndarinnar nè nefndin sjálf komið fram með þess konar ósk, en kann ske formaður nefndarinnar vilji segja til í hennar nafni, hvort hún óskar þess, að fleiri verði í hana teknir.

Bergur Thorberg: Mèr virðist það ómögulegt, að sèrstök nefnd geti orðið kosin í þetta mál, og mun því eigi annað fyrir, en að vísa því til nefndarinnar í spítalamálinu, og þar eð ýmsum hefir þótt það æskilegt, að kraptar nefndarinnar væru auknir, þá vil eg leyfa mèr að leggja það til fyrir nefndarinnar hönd, að tveim mönnum sè bætt í nefndina. Eg man eigi glöggt, hvort

venja er, að nefndin sjálf stingi upp á mönnunum eða að þingið velji þá.

Þórarinn Böðvarsson: Eg get eigi komizt á þá skoðun, að margt sè það, sem mæli móti nefnd í þessu máli. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður komst svo hart að orði um þetta atriði, að hann sagði það vera ómögulegt, en þennan ómöguleika hefir hann alls eigi sannað. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga fer enn lengra, því hann vill alveg eyðileggja málið, en eg verð nú reyndar að játa það, að eg átti von á því hjá honum, en hitt þótti mèr meiri furða, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga skyldi einnig vera máli þessu mótfallinn, og það af þeirri ástæðu, að ef sèrstök nefnd verði sett í málið, þá hljóti að koma frá þinginu tvær ólíkar uppástungur, en þetta er auðsjáanlega rangt hugsað. Eg gjörði áðan ráð fyrir, að þingið mundi fella stjórnarfrumvarpið nýja eða ráða frá því, en þó sú nefnd komist til þeirrar niðurstöðu, að taka frumvarpið með meiri eða minni breytingum, og þó nefndin, sem nú væri kosin, kæmist líka til þeirrar niðurstöðu, að semja frumvarp í gagnstæða átt, þá gæti þingið farið á milli og fellt það, sem því líkaði miður, en tekið það álitlegra. Eg verð annars að segja það, að eg hefi enn eigi heyrt neinar skynsamlegar ástæður gegn nefnd í þessu máli, og eg get eigi stillt mig um, að vara þingið við, að kasta svo mikilvægum bænarskrám alveg frá sèr, því það mun illa mælast fyrir.

Bergur Thorberg: Það er satt, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók nú fram, að eg til færði eigi ástæður fyrir orðum mínum, er eg sagði, að ómögulegt væri að setja nefnd í málið. Mín meining var sú, að þó það að vísu ekki væri formlega ómögulegt, þá væri það ómögulegt eptir eðli málsins, að setja sèrstaka nefnd í málið, þar sem konunglegt frumvarp um sama efni lægi fyrir þinginu. Það væri því að mínu áliti sama sem að setja 2 nefndir í sama málið, sem væri rangt, eða að minnsta kosti hefir aldrei verið fyr tíðkað og er öldungis óheyrt. Reyndar væri það hugsanlegt, að þingið gæti sameinað þær uppástungur, sem nefndir þessar kæmu fram með, en slíkt á eigi fyrir að koma, þar sem það stríðir bæði móti alþingistilskipuninni, og líka móti þeirri venju, sem alstaðar tíðkast, að tvær nefndir sèu skipaðar til að yfirvega sama málefni. Eg verð því að mæla á móti því, að sèrstök nefnd verði kosin í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir víst misskilið mig. Hann sagði, að eg vildi eyðileggja málið; það hefi eg aldrei sagt. Eg sagði einungis, eg bið hann vel að gæta

þess, að það væri mitt álit, að málinu ætti að vísa til nefndarinnar í spítalamálinu, því eg hefi það traust á nefndinni, að bænarskránum sè hvergi betur borgið en þar.

Hallgrímur Jónsson: Til stuðnings máli hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu, að valin sè sèrstök nefnd í málið, skal eg geta þess, að eg veit opt dæmi til þess, að menn, þegar á þing kemur til undirbúningsumræðu, hallast fremur að breytingaratriðum í nefndarálitinu, heldur en að greinum eða atriðum sjálfs nefndarálitsins, enda gæti líka svo farið, að báðar nefndirnar kæmust að sömu niðurstöðu, og þá væri vel unnið, og líkindi til, að það yrði þá í seinasta sinni, sem þyrfti að meðhöndla þetta mál hèr á þingi. En með því eg nú sè, að sèrstök nefnd eigi muni verða sett í þetta mál, þá hallast eg að þeirri uppástungu, að tveim mönnum sè bætt við í nefndina.

Þórarinn Böðvarsson: Eg neita því að vísu eigi, að ýmsir gallar eða annmarkar kunna að vera á því, að setja sèrstaka nefnd í málið. En nú hefir nefndin í spítalamálinu því nær lokið nefndaráliti sínu, svo að ef menn vísa bænarskránni til þeirrar nefndar, þá er það hèr um bil hið sama sem að vísa henni frá algjörlega, og er þá bænarskráin fallin.

Forseti: Þótt það að vísu eigi sè ómögulegt, þá álít eg það þó mjög óheppilegt, ef ályktað yrði að kjósa nýja nefnd í þessu máli. Eg fæ eigi betur sèð, en að tilgangi bænarskránna verði öldungis eins vel fullnægt fyrir það, þótt málinu verði vísað til nefndarinnar í spítalamálinu. Eg skal samt leita fyrst atkvæða þingsins um það, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa, og síðan um það, hvort vísa skuli því til nefndarinnar í spítalamálinu.

Síðan var til atkvæða gengið, og var uppástungan um sèrstaka nefnd felld með 20 atkvæðum gegn 2. Síðan leitaði forseti atkvæða þingsins um, hvort vísa skyldi málinu til nefndarinnar í spítalamálinu, og var það samþykkt með 22 atkvæðum. Því næst skoraði forseti á þingmenn að ganga til atkvæða um það, hvort þeir vildi samþykkja, að tveim mönnum skyldi, eptir ósk nefndarinnar, verða bætt í hana, og var það samþykkt með 16 atkvæðum.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Grímur Thomsen . með 10 atkv.
Þórarinn Böðvarsson — 10 —

Síðan voru bænarskrárnar afhentar formanni nefndarinnar, hinum 2. konungkjörna þingmanni (Bergi Thorberg).

Forseti: Viðvíkjandi málinu um eptirlaun amtmanns Havsteins skal eg geta þess, að eg hefi í dag fengið skjöl því við-

víkjandi, bæði uppástungu frá þingmanni Eyfirðinga og bænarskrá frá Havstein sjálfum. Með því nú hentast er, að skjöl þessi komi til greina við meðferð málsins, en eigi hefir verið tími til enn, að taka eptirrit af þeim og senda hinum háttvirta konungsfulltrúa, nè heldur þingmenn fengið tíma til þess, að kynna sèr þau, þá hefir mèr þótt rèttast, að sleppa þessu máli í dag, svo það gengur út úr dagskránni; en það, sem því næst kemur til umræðu, er uppástunga þingmanns Vestur-Skaptfellinga um þóknun fyrir kennslu málleysingja. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga er flutningsmaður, og mun hann lesa bænarskrána og skýra frá henni, svo sem þörf þykir.

Páll Pálsson: Með leyfi forseta ætla eg að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 182).

Málefni þessu er svo varið, að eg ætla eigi að fara um það mörgum orðum, en fel það einungis góðvild þingsins á hendur.

Forseti: Er það uppástunga þingmannsins, að málinu verði vísað til nefndarinnar í frumvarpinu til tilskipunar um kennslu heyrnar- og málleysingja?

Páll Pálsson: Nei, því vèr höfum þegar lokið við að semja nefndarálitið í þessu máli, og þar að auki fer bænarskrá þessi í allt aðra átt en hið konunglega frumvarp. Það er því mín ósk, að sèrstök nefnd verði kosin í málið.

Forseti: Hinn háttvirti þingmaður er sjálfur formaður nefndarinnar; það var þess vegna honum innan handar, að haga svo störfum nefndarinnar og þessari uppástungu, að hún gæti komið til meðferðar í nefndinni, og hún mun án efa geta komið það enn.

Páll Pálsson: Þessi bænarskrá getur að mínu áliti alls eigi heyrt undir nefndina í hinu konunglega frumvarpi, því frumvarpið á í raun og veru næsta lítið skylt við bænarskrána. Í frumvarpinu er einkum talað um að gjöra foreldrum og öðrum umráðamönnum mál- og heyrnarlausra barna að skyldu, að senda börn sín til málleysingjaskólans í Kaupmannahöfn, o. s. frv., en í þessari bænarskrá er að eins farið fram á það, að þingið leggi til með, að mèr verði veitt þóknun fyrir kennslu málleysingja hèr á landi.

Helgi Hálfdánarson: Eg er á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga um það, að mál þetta geti alls eigi heyrt undir nefndina, sem á að íhuga hið konunglega frumvarp um kennslu heyrnar- og málleysingja, og verð fyrir mitt leyti að vera mótfallinn því, að því sè vísað til þeirrar nefndar. Vèr þurfum eigi annað en að líta á fyrirsögnina á frumvarpinu, til þess

að sannfærast um, hve ólíkt það er bænarskránni; þar stendur nefnilega «um kennslu heyrnar- og málleysingja», en í bænarskránni, sem hèr er borin upp, er að eins beðið um árleg laun handa einum einstökum manni, sem nú kennir heyrnar- og málleysingjum. Frumvarpið talar líka sèr í lagi um það, að senda heyrnar- og málleysingja á heyrnar- og málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn, en í bænarskránni er alls ekkert um slíkt talað, heldur einungis um þóknun fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja hèr á landi. Af þessari ástæðu og svo líka af því, að vèr höfum þegar samið nefndarálitið, verð eg fastlega að mæla með því, að sèrstök nefnd sè sett í þetta mál.

Grímur Thomsen: Mèr virðist mál þetta vera svo persónulegt, þar sem sá er formaður í nefndinni, er mest er «interesseraður», og mun eg því gefa atkvæði á móti því, að málinu sè vísað til nefndarinnar í hinu konunglega frumvarpi.

Jón Hjaltalín: Eg er á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Rangæinga um það, að málinu eigi alls ekki að vísa til nefndarinnar í hinu konunglega frumvarpi, heldur skuli setja sèrstaka nefnd í það, því mèr virðist málið vera allt of skylt formanni nefndarinnar.

Páll Pálsson: Hefði eg ekki einmitt óttazt fyrir því, að eg mundi verða kosinn í nefndina í hinu konunglega frumvarpi um kennslu mál- og heyrnarleysingja, þá mundi eg hafa komið fyr með bænarskrá þessa, svo að hún hefði getað orðið samferða frumvarpinu. En ef nú skyldi eiga að dengja bænarskrá þessari upp á nefndina í hinu konunglega frumvarpi, þá vil eg fyrir mitt leyti helzt víkja úr nefndinni, því eg er að öllu leyti samdóma hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um það, að mèr sè málið allt of skylt til þess að vera nefndarmaður í því.

Pètur Pètursson: Mèr virðist það vera rèttast, að málinu sè vísað til nefndarinnar í stjórnarfrumvarpinu, með því eg fæ eigi betur sèð, en að hið konunglega frumvarp og bænarskráin sè að efni til mjög nærskylt. Frumvarpið talar um að skylda foreldra til þess, að senda börn sín til kennslu til Kaupmannahafnar, nema þeir geti sannað fyrir stiptsyfirvöldunum, að þeim hafi verið kennt hèr. Þegar því nefndin tæki frumvarpið til yfirvegunar, þá gæti hún hæglega tekið það fram, að innlend kennsla væri þegar komin á í þessari grein, og þess gjörðist því eigi þörf, að skylda foreldra til að senda börn sín til Kaupmannahafnar. Enn fremur ætti þá nefndin að lýsa því, hvernig þessari innlendu kennslu væri hèr hagað, og þá lægi ekkert nær fyrir hana, en um leið að minnast

á það, hvort eigi mundi vera ráð til, að sá maður, er hefði þessa kennslu á hendi, fengi þóknun fyrir starfa sinn. Að vísu getur nefndin ekki tekið þetta fram í álitsskjalinu um frumvarpið; en henni veitir svo hægt, að semja um það sèrstaklegt álitskjal og láta það verða samferða hinu. Þó uppástungumaðurinn sjálfur sè formaður nefndarinnar, þá fæ eg eigi sèð, að það gjöri neitt til, því hvað þessu atriði viðvíkur, þá gæti hann látið meðnefndarmenn sína ráða þar um atkvæðum, án þess að hann sjálfur gæfi um það atkvæði. Eg verð því heldur að ráða frá sèrstakri nefnd í þessu máli.

Helgi Hálfdánarson: Eg get eigi annað en haft alveg gagnstæða skoðun um þetta mál við þá, sem hinn háttvirti varaforseti hefir, því ef litið er á frumvarpið, þá er það auðsætt, að ef haft er tillit til bænarskrárinnar í því, þá komast menn inn á það svæði, sem alls eigi er ætlazt til í frumvarpinu; því í frumvarpinu er að eins talað um, að skylda foreldra til að láta kenna heyrnar- og málausum börnum sínum, en alls eigi um það, hvernig kennslunni skuli haga, nè um þau laun, sem kennarinn eigi að fá fyrir kennsluna, og er því frumvarpið alveg óskylt þessu máli.

Þórarinn Böðvarsson: Eg álít, að það verði að hafa töluverð áhrif á málið, að allir í nefndinni mótmæla því, að málinu sè vísað til nefndarinnar, og virðist mèr því rèttara hreinlega að fella málið en vísa því til hennar. En eg fyrir mitt leyti álít mál þetta í alla staði þess vert, að sett væri sèrstök nefnd í málið.

Forseti: Nefndin hefir enn eigi lokið nefndaráliti sínu, og er því engin ástæða til fyrir hana, að afsaka sig frá að taka við uppástungunni, eða fyrir þingið, að taka þá afsökun gilda.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg fæ eigi betur sèð, en að þetta mál heyri beinlínis undir nefndina, sem skipuð er um frumvarpið um kennslu heyrnar- og málleysingja, því að þar sem í frumvarpinu er beinlínis talað um kostnaðinn við kennslu barnanna, þá er auðvitað, að þar til má einnig telja þóknunina til kennarans fyrir starfa sinn, og mæli eg því móti sèrstakri nefnd í þessu máli.

Helgi Hálfdánarson: Þótt vèr nefndarmenn höfum færzt undan því, að taka við bænarskránni, höfum vèr alls eigi afsagt það. Ef þingið ályktar, að málinu skuli vísa til nefndarinnar, þá er sjálfsagt, að vèr beygjum oss undir þingsins vilja.

Forseti: Það var sem eg þóttist vita.

Sigurður Gunnarsson: Væri nokkuð á móti því, að nefndin væri aukin?

Jón Sigurðsson: Eg verð að vera á móti því, að bænarskránni sè vísað til nefndarinnar í málinu um kennslu heyrnar-

og málleysingja, og það af sömu ástæðu sem hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, að mèr finnst málið allt of persónulegt, þar sem bænarskráin fer að eins fram á, að beðið sè um árlega þóknun handa einum þeirra manna, sem í nefndinni eru. Öðru máli hefði verið að gegna, ef þessi þingmaður eigi sæti sjálfur í nefndinni. Ef þessi bænarskrá hefði komið inn á þingið jafnhliða hinu konunglega frumvarpi, þá hefði má ske ekkert verið á móti því, að hvorttveggja hefði verið tekið til meðferðar undir eins, og fengið sömu nefnd í hendur, en þá mundi flutningsmaður bænarskrárinnar, sem sjálfur á hèr hlut að máli, eigi hafa verið valinn í nefndina, því það hlýtur öllum að skiljast, að það er mjög óþægilegt fyrir hann, að verða sjálfur að vera með í því, að kveða upp álit sitt um það, er bænarskrá hans höndlar um. Að mínu áliti er málið einfalt, og mun eigi taka langan tíma upp fyrir þinginu, þótt nefnd sè í það kosin; eg get því ekkert sèð á móti sèrstakri nefnd.

Stefán Eiríksson: Eptir umræðum þeim, sem fram eru komnar í þessu máli, virðist mèr að uppástunga þessi heyri undir nefndina, sem sett er í frumvarpið um kennslu mál- og heyrnarlausra. Í hitt eð fyrra var mál þetta meðhöndlað á þinginu, og þá kom, ef mig minnir rètt, engin mótbára um það, að launabeiðsla þessa manns væri ekki rèttilega fram borin, þó hin sama nefnd fjallaði um hana, sem hafði þá aðalmálið til meðferðar, og þar uppástungan er komin frá formanni nefndarinnar sjálfum, þá er auðvitað, að nefndin muni taka hana til greina. Annað mál var það, meðan eigi kom skrifleg uppástunga frá höfundinum, þá var ekki við því að búast, að nefndin tæki upp í nefndarálitið launabeiðslu höfundarins, en úr því uppástungan er nú komin, þá getur nefndin ekki neitað að taka á móti henni.

Pètur Pètursson: Eg ætla mèr eigi að gjöra þetta mál að kappsmáli, en eg skal að eins geta þess, að mig minnir eigi betur, en að þessi sami háttvirti þingmaður væri í nefndinni 1869, og tæki þá við bænarskrá um sama efni.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti varaforseti tók það fram, sem eg ætlaði að segja. Eg get ekkert sèð á móti því, að hann sè í nefndinni, því ef hann ei mætti vera það, ætti hann eigi heldur að hafa atkvæði á þinginu í þessu máli. Annað mál er það, ef nefndin hefir þegar samið álit sitt, og treystist eigi til að breyta því, en þá getur hún beiðzt aðstoðar, og mun þá nefndin verða aukin. En eg vil alls eigi, að verið sè að eyða tímanum með því, að setja sèrstaka nefnd í svo lítilvægt mál, þar sem svo mörg

mikilsvarðandi mál eru fyrir hendi, og mörg, ef til vill, enn ókomin inn á þingið.

Páll Pálsson: Á þinginu 1869 stóð allt öðruvísi á. Þá var sett nefnd í bænarskrá frá mèr um það, að komið væri hèr á stofnun til kennslu málleysingja, en í þetta skipti er öðru máli að gegna. Eg verð því að halda því fast fram, að sèrstök nefnd sè sett í málið, enda þótt eg reyndar eigi vilji gjöra þetta mál að kappsmáli. Eg get ekki ætlað, að málefni þetta sè svo flókið eða vandasamt, að það geti eytt miklum kröptum eða tíma frá öðrum störfum þingsins.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að taka það fram, að uppástunga þingmanns Vestur-Skaptfellinga 1869 var, eins og menn muna, að eins um það, að komið væri á kennslustofnun handa heyrnar- og málleysingjum, og í sambandi þar við var rætt um laun handa kennaranum við slíka stiptun, en alls eigi um laun eða þóknun fyrir prívatkennslu heyrnar- og málleysingja; það er að segja, að sú uppástunga var alls eigi persónuleg. En nú, þegar um þessa uppástungu er að ræða, þá er tilgangur hennar allur annar, því hún höndlar einungis um prívat Interesser, um laun eða þóknun handa uppástungumanninum sjálfum fyrir það, að hann hefir þótzt vanhaldinn af meðgjöf þeirri, er hann hefir fengið með þeim heyrnar- og málleysingjum, er hann hefir haft undir hendi, en alls eigi um laun handa honum sem föstum kennara heyrnar- og málleysingja.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil leyfa mèr að gjöra þá fyrirspurn, hvort nefndin megi ekki, ef málinu verður vísað til hennar, semja 2 nefndarálit, því eg er hræddur um, að þetta mál verði eigi, svo vel fari á, tekið inn í nefndarálitið um hið konunglega frumvarp.

Forseti: Nefndin mun sjá einhver ráð til að komast út af því. En með því að eigi taka fleiri til máls, þá skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa í málið, eða vísa því til nefndarinnar, sem hefir hið konunglega frumvarp til meðferðar.

Uppástungan um sèrstaka nefnd var felld með 13 atkvæðum gegn 9. En samþykkt var, að vísa því til nefndarinnar með 18 atkvæðum.

Páll Pálsson: Fyrst svona er þá komið, vil eg leyfa mèr að biðja um, að tveim mönnum verði bætt í nefndina.

Jón Hjaltalín: Eg held, að það sè nóg, að einum sè bætt í nefndina.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort þeir vilja leyfa, að tveim mönnum verði bætt í nefnd þessa, eptir ósk formanns nefndarinnar.

Þá var samþykkt, að bætt skyldi tveim mönnum í nefndina, og voru þessir kosnir:

Pètur Pètursson með 8 atkv.
Grímur Thomsen — 6 —

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu bænarskrá prestsins á Stafafelli í Lóni um varpið í eynni Vigur og um vörn eyjarinnar. Hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptfellinga er flutningsmaður hennar, og mun hann skýra þinginu frá efni hennar eða lesa hana upp, ef honum virðist þess þurfa.

Stefán Eiríksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 184).

Hèr með fylgir brèf til stiptsyfirvaldanna, sem er eiginlega fyrirspurn til þeirra um það, hvort þau eigi sjái nein ráð til þess, að eyjan verði vel vöktuð, og að presturinn fái kostnað þann, er þar af leiðir fyrir hann, endurborgaðan. Því verður engan veginn neitað, að sá skaði, sem presturinn hefir af skemmdum varpsins, er mjög tilfinnanlegur, og að sá kostnaður, sem af því leiðir, að eyjan er vöktuð, er næsta mikill; en eg fyrir mitt leyti get eigi sèð, að þingið geti nokkuð bætt úr þessum vandræðum. Og með því þetta er brèf frá einstökum manni, þá virðist mèr rèttast, að vísa málinu forsetaveginn til yfirvaldanna eða hlutaðeigandi stjórnarráðs. Að öðru leyti ætla eg ekki fyrst um sinn að mæla frekar fram með þessari bænarskrá.

Pètur Pètursson: Megum vèr eigi fá að heyra svar stiptsyfirvaldanna?

Stefán Eiríksson: Eg skal leyfa mèr að lesa svar stiptsyfirvaldanna. (Sbr. II. bls. 188).

Grímur Thomsen: Eg óska, að fá að heyra það brèf prestsins, er þetta brèf stiptsyfirvaldanna er svar upp á.

Stefán Eiríksson: Eg skal þá leyfa mèr, eptir ósk þingmannsins, að lesa brèfið. (Sbr. II. bls. 185).

Eg ætla þá að hvíla mig eptir þennan upplestur og heyra undirtektir þingmanna.

Konungsfulltrúi: Í þessari bænarskrá kvartar presturinn á Stafafelli undan úrskurði nokkrum, er stiptsyfirvöldin hafa gefið út af fyrirspurn hans um varpið á eynni Vigur, og fer hann um úrskurð þennan þessum orðum: «og lýsi eg því hèr með opinberlega, að eg er ekki ánægður með svar þeirra upp á þessa mína

fyrirspurn». Getur skeð, að úrskurður sá, sem hèr ræðir um, ekki sè byggður á nægilegum rökum — eg skal á þessu stigi málsins, þar sem einungis ræðir um þingsins meðferð á bænarskránni, ekki tala um efni hennar —; en eg skal leiða athygli þingsins að því, að umkvörtun prestsins er ranglega borin upp fyrir þingið, því hana átti eptir málsins eðli og hinum gildandi lögum, að leggja fyrir kirkju- og kennslustjórnina, sem ein er fær um að breyta úrskurðinum. Alþingistilskip. 77. gr. segir: «alþingið á ekki að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum eður umkvörtunum, heldur vísa þeim til vor, ellegar til hlutaðeigandi stjórnarráðs eða yfirvalds». Þessi ákvörðun á að mínu áliti vafalaust við í þessu tilfelli, og þess vegna skal eg mæla móti því, að málinu verði vísað forsetavegina, því mèr þykir það vera sóma þingsins langtum meira samboðið, að vísa bænarskránni alveg frá, sem því óviðkomandi.

Pètur Pètursson: Eg skal eigi fara langt út í þetta mál, en einungis geta þess, að eptir 77. grein alþingistilskipunarinnar er þinginu leyft að taka bænarskrár einstakra manna til greina, þegar svo á stendur fyrir þeim, að þinginu þykir, að þeim hafi einhver órèttur verið gjörður. Eg er sannfærður um, að þingið eigi álítur, að stiptsyfirvöldin hafi með svari sínu misboðið prestinum, nè gefið honum önnur ráð, en þau, sem þeim var mögulegt að gefa, og eg er viss um, að presturinn með brèfi sínu til þingsins hefir alls eigi gjört sèr það ljóst, að hann með því ákærði stiptsyfirvöldin, og að það hefir aldrei verið tilgangur hans, því hann er, eins og kunnugt er, ráðvandur og samvizkusamur maður. En það er engin furða, þó honum hafi fallið þungt þessi rán og skemmdir útlendra manna, og því sè eg vel, hvernig brèf þetta hefir atvikazt. Honum hefir gramizt að sjá engin úrræði, er hann gæti gripið til móti þessu, og með því maðurinn er veikur fyrir, þá hefir það orðið í bráðræði fyrir honum, að rita brèfið. Hvað skoðunargjörð sýslumannsins viðvíkur, er hann talar um, þá er eg sannfærður um, að af því mundi eigi leiða annað en kostnaðarauki fyrir prestinn, auk þess, sem eg álít hana óþarfa, því eg er sannfærður um, að presturinn hefir ekkert ranghermt um kostnað þann, er þetta bakaði honum. Stiptsyfirvöldin svöruðu því eina, sem mögulegt var að svara, nefnilega, að hann skyldi láta fólk liggja úti í eynni um varptímann, eins og annarstaðar er venja, þar sem varpeyjar liggja fjarri landi. Annars er mikill misskilningur prestsins um þetta efni; hann játar sjálfur, að eptir það, að fólk fór að liggja úti í eynni, þá hafi það ekkert illt átt við hina

útlendu menn, en þeir horfið á burt, annaðhvort af því þeir eigi vissu, að nokkur var eigandi úteyjar þessarar eða af hræðslu við fólkið. Þar sem hann talar um, að ómögulegt verði að bjarga skipinu af 2 mönnum, þá er það og misskilningur hjá presti, því menn ættu að flytja þangað beinlínis 2 menn, er skyldu vera útbúnir að vistum og öðru, og dvelja í eynni um varptímann, og um þá gætu menn vitjað svo sem einu sinni eða tvisvar í viku, sem yrði þó eigi neinn sèrlegur kostnaður. Það er líka undarlegt, að presturinn segir, að dúntekjan hafi þó á endanum orðið eins mikil og vant er. Einungis lítur út fyrir, að eggjatekjan hafi orðið nokkuð minni. Eg neita því eigi, að ef 100 dölum ætti árlega að kosta upp á varpið, þá væri það of mikill kostnaður, því eyjan gefur eigi vanalega af sèr meir en 26 pund af dún, sem eru hèr um bil 160 dalir. En eg held, að svo mikill kostnaður sè óþarfur. Eg vona og vildi óska, að þingið vísaði málinu frá, en eg skal gefa prestinum þann vitnisburð, að það er alls eigi af óhlutvendni, að hann fer þannig með málið fyrir alþingi, heldur af fávizku og í einfeldni hjartans.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að álíta, að mál þetta sè þess eðlis, að það sè alls eigi rètt að leggja áherzluna á það, að það sè umkvörtun frá einstökum manni, því það sem hèr ræðir um, snertir þjóðeignir landsins og hagsmuni heillar stèttar, prestastèttarinnar; það er þó sannarlega alls ekkert persónulegt mál, hvort jarðir prestakallanna eða opinberar þjóðeignir verða fyrir skemmdum og ágangi af útlendingum eða eigi. Presturinn, sem hèr á í hlut, hefir margsinnis áður kvartað bæði fyrir alþingi og stiptsyfirvöldunum um þetta mál, en árangurinn hefir aldrei orðið sem skyldi. En eins og þetta mál beinlínis á eptir eðli sínu heimtingu á athygli alþingis, þannig er hinn lögákveðni verkahringur þess alls eigi svo þröngur, eptir grundvallarsetningunum í tilskipun 28. maí 1831 og 77. gr. alþingistilskipunarinnar, að það fyrir þá sök eigi að vísa málinu frá sèr. Mèr er líka óhætt að segja, að þingið hefir áður tekið mál til meðferðar, sem hafa verið miklu meir persónuleg en þetta mál, án nokkurra mótmæla frá þingsins hálfu, svo sem bænir einstakra manna um laun fyrir starfa sinn o. s frv., enda hafa og slík mál fengið góða áheyrn hjá konungi. Eg mæli því með, að nefnd sè sett í þetta mál.

Stefán Eiríksson: Eg er á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, að það væri æskilegast, að þingið kysi nefnd í málið, enda þótt eigi muni veita hægt, að fá ráð til að bæta prestinum þessi vankvæði. En þar kæran er einstaklegs efnis og frá

einum manni, álít eg að hennar rètti vegur sè forsetavegurinn, sem menn svo kalla, til hlutaðeigandi yfirvalda, heldur en að hún sè alveg felld, því það virðist mèr ábyrgðarhluti fyrir þingið; með því presturinn er óhraustur, getur vel hugsazt, að honum þyki í öll skjól fokið, ef þingið ekki gefur málinu neinn gaum, og að það geti aukið á vesöld hans, ef málinu verður vísað frá, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi og varaforseti hafa farið fram á. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að bezt væri að flytja mennina út í eyjuna og láta þá vera þar skiplausa, þá er þess að gæta, að eyjurnar eru 2, svo það þarf skip til þess, að fara á milli þeirra, því væru menn þar skiplausir, gætu útlendir fiskimenn rænt þá eyna, sem mennirnir ekki væru í, og því er vörn þar árangurslaus, ef ekki er skip við höndina, og til að bjarga skipinu fyrir sjóarróti, er ekki að hugsa til að hafa færri en 4 menn. Að presturinn fèkk eins mikinn dún af eyjunni Vigur, eins og vant var, kom til af því, að hann tók að verja hana með svo miklu kappi í byrjun eggvarpsins; því ef varpinu væri eigi spillt í Vigur, þá mundi hún gefa af sèr 60 pund og jafnvel meira.

Sigurður Gnnarsson: Eg er gagnkunnugur þessu máli og sannfærður um, að ef 2 menn fengjust, sem þyrðu að liggja í eynni, þá væri það nóg, en þá menn getur presturinn ekki fengið enn þá. Þó eyjarnar sèu tvær, þá er sundið milli þeirra á einum stað svo mjótt, að leggja má brú yfir. Gætu því 2 menn hirt um báðar eyjarnar. Eg er á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, að það sè nauðsynlegt, að opinberar eignir sèu varðar fyrir skemmdum og ágangi, og þess vert, að jafnvel nokkru af opinberu fè sè varið til þess, og með því mál þetta, sem hèr ræðir um, varðar mikilvægan tekjustofn opinberrar eignar, þá vil eg, að nefnd sè kosin í það. Áður hefir presturinn farið þess á leit við stjórnina, að hann fengi endurgoldinn af Frakkastjórn þann skaða, er Frakkar höfðu gjört honum á varpinu, en við það á presturinn alls eigi nú, heldur vill hann fá aðstoð alþingis til að útvega honum styrk til að standast kostnaðinn af vörninni í Vigri.

Þórarinn Böðvarsson: Mèr virðist málið engan veginn svo þýðingarlítið, að það sè fyrir neðan þingið, að skipta sèr af því, og með því presturinn er í alla staði heiðvirður maður, þá væri það sannarlega gleðilegt, ef þingið gæti liðsinnt honum, en eg sè

enn engin ráð til þess. Þó skal eg mæla með, að nefnd sè kosin, ef verða kynni, að hún sæi einhver úrræði.

Pètur Pètursson: Eg get eigi horfið frá því, að brèfið innihaldi nokkurs konar klögun yfir stiptsyfirvöldunum, og mæli eg því á móti nefnd í málinu, því mèr finnst það ólögleg og óformleg aðferð gegn stiptsyfirvöldunum. Það er allt annað, að sjá ráð til að tryggja opinberar eignir og verja þær skemmdum; sú uppástunga um það liggur hèr alls eigi fyrir, en alþingistilskipunin segir beinlínis, að þingið eigi megi taka tillit til annars, en þess, sem eru beinar uppástungur. Ef einhver þingmanna kæmi með uppástungu um þetta málefni, þá skyldi eg verða manna fúsastur að styðja hana, en hún liggur nú alls eigi fyrir þinginu, nema ef nefnd sú, sem sett væri, spynni það út úr bænarskránni, að búa til einhverja þess konar uppástungu.

Sigurður Gunnarsson: Getur vel verið, að í brèfinu sè engin uppástunga beinlínis um það, að þingið taki þetta atriði til íhugunar, en þar eru þó í bendingar til þess, að þörf sè á, að reglur verði settar um það, hvernig verja eigi hlunnindi opinberra eigna.

Benidikt Sveinsson: Eg fæ eigi sèð, að hèr sè um neina eiginlega klögun yfir stiptsyfirvöldunum að ræða, eins og hinn háttvirti varaforseti kvartaði svo sáran yfir. Presturinn kvartar einungis yfir því, að sèr hafi ei líkað svar stiptsyfirvaldanna, því þau hafi eigi gefið sèr nein ráð til þess, að hann fengi bættan kostnað sinn, og eigi heldur bent sèr á nein meðul til þess, að vernda varpið fyrir ránum og óskunda útlendra fiskimanna. Vèr megum eigi kasta frá oss bænarskrá þessari, því að hún er alls eigi þýðingarlítil; vèr megum eigi láta það þegjandi fara fram hjá oss, að eignir landsins sèu rændar og ruplaðar af útlendum mönnum, því með því móti elur alþingi upp í útlendum þjóðum þann ósóma, að skaða oss sem rèttlausa menn, og þetta á þó sannarlega ekki við. Vèr megum eigi, segi eg, vera svo feimnir, að vísa frá oss hverju því málefni, sem á einhvern hátt kann að snerta úrlausnir stiptsyfirvaldanna, án þess að líta til hægri eða vinstri um eðli og þýðingu þess, enda fer því fjarri, að presturinn lýsi í brèfi sínu nokkrum kala eða illvilja til stiptsyfirvaldanna, heldur segir hann beinlínis, að það, sem stiptsyfirvöldin sjálf höfðu frætt hann um, að þau ekkert fè hefðu undir höndum, er þau gætu bætt honum með skaða hans, það geti hann ekki gjört sig ánægðan með, án þess hann rengi þau um, að svo sè. En þegar nú stiptsyfirvöldin

þannig engin ráð hafa til þess, að bæta úr þessu vandkvæði, þá fæ eg eigi séð, að hann sè í nokkru nærgöngull stiptsyfirvöldunum, þó hann leiti til alþingis,og sendi þeim bænarskrá þessu viðvíkjandi. Eg er hræddur um, að það muni koma fyrir lítið, þótt máli þessu sè vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, því eins og stiptsyfirvöldin engin ráð hafa til þess, að útvega fè þetta eða ráða úr málinu með því, að sporna við skemmdunum, þá mun eigi heldur stjórnarráðið í Kaupmannahöfn vera færara um það. En ef konungsfulltrúi gæti gefið þinginu upplýsingu um góðfúsræði stjórnarráðsins, skal eg manna fúsastur beina málinu þangað með atkvæði mínu. Eg ætla eigi að fara fleiri orðum um þetta mál, en tek það aptur fram, að það, sem hèr ræðir um, snertir beinlínis arðsama eign landsins og óbeinlínis viðurkenningu útlendra um þjóðarrètt vorn, og tel eg það sjálfsagða skyldu þingsins, að halda svo hvorutveggja uppi með öllum leyfilegum meðulum.

Grímur Thomsen: Ef eg væri á þeirri skoðun, að þetta skjal, sem hèr ræðir um, hefði nokkra klögun yfir stiptsyfirvöldunum inni að halda, myndi eg vera á móti því, að þingið gæfi því gaum; en það er allt öðru máli að gegna. Mèr finnast einmitt orðin í bænarskrá hlutaðeiganda bera það með sèr, að hann hafi í ráðaleysi sínu borið málefni þetta upp fyrir þinginu. Það er mín ætlan, að hèr sè mikils varðandi mál fyrir almenning borið undir þingið, því það er ekki einungis varpey sú, er hèr ræðir um, er eins er ástatt með og skýrt er frá í skjali þessu, heldur allar varpeyjar umhverfis allt land. Eptir því, sem eg hefi tekið eptir, getur mèr ómögulega fundizt hlutaðeigandi meiða stiptsyfirvöldin í minnsta máta í áminnztri bænarskrá; þvert á móti hrósar hann þeim, og meðal annars fyrir það, hve vel þau kunni að lenda skipi í brimsjó, þó hann efist um, að þau sèu kunnug lendingunni í Vigur. Mèr finnst sjálfsagt, að þingið ekki kasti máli þessu algjörlega, því það ætti að finna til þess, hver nauðsyn er á því, að hlynna að prestaköllunum. Eg mæli því með því, að nefnd verði kosin í máli þessu.

Pètur Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga og sömuleiðis hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hafa talað næsta drjúglega um það, að fè mundi fást prestakalli því, er hèr ræðir um, til uppbóta; og fer því fjarri, að eg vantreysti þessum heiðursmönnum til að útvega fè, þar sem þess þarf við, prestaköllunum til handa; en allt um það verð eg að vera móti nefnd í máli þessu, meðan að

eins ein bón alveg einstaklegs eðlis kemur svona nærri því á skotspónum inn á þingið. Því að í rauninni ætti eða skyldi engum manni vera kærara en mèr, ef einhver vegur sæist til að bæta úr ókostum prestakallanna; en svo mikils varðandi mál mundi þessu þingi vera allt of umfángsmikið starf auk annars, er það nú á af hendi að leysa; svo eg er einnig frá þeirri hlið málsins mótfallinn því, að nefnd verði í því kosin. Eg játa það manna fúsastur, að þau prestaköll eru mjög mörg, sem eru undirorpin ýmsum skemmdum og sem eru svo rýr, að jafnvel enginn fæst til að fara til þeirra; og vilji þingið taka allt það mál til íhugunar, og sjái það ráð til að bæta úr þeim vandræðum, sem á þessu eru, þá skal eg verða fyrstur manna til að þakka þinginu bæði fyrir þess góða vilja og þann viturleik, sem stiptsyfirvöldunum virðist borið á brýn að þau hafi vantað til að gefa prestinum góð ráð í þessu efni.

Konungsfulltrúi: Út af orðum hins heiðraða þingmanns Rangvellinga skal eg leyfa mèr að leiða athygli þingsins að § 62 í alþingistilskipuninni, er segir: «Ef nokkur meðlimur ætlar sèr að bera upp nokkurt málefni til yfirvegunar, leiti hann þar um forseta með skriflegu skjali, er ætíð á að innihalda víssa uppástungu». En það virðist auðsætt, að þau orð, er sami þingmaður benti til í brèfinu: «þá óska eg í þessu mínu brèfi, að vort heiðraða alþingi taki málefni þetta til enn frekari yfirvegunar og meðferðar», geta á engan hátt heitið viss uppástunga. Hins vegar er það ljóst, að þar sem í brèfi prestsins er sagt, að hann sè óánægður með úrskurð stiptsyfirvaldanna, þá getur þetta ekki álitizt öðruvísi en umkvörtun.

Stefán Eiríksson: Mèr sýnist það með engu móti geta orðið máli þessu til fyrirstöðu, hvernig bænarskráin er komin inn á þingið; hún er flutt brèflega til forseta á þingi þessu af þingmanninum úr Suður-Múlasýslu. Hvað það snertir, að bænarskrá þessi geti eigi orðið tekin til greina, af því í henni sè engin bein uppástunga í neina átt, þá er það að vísu satt, að í brèfinu sjálfu er það ekki, en í fylgiskjalinu er það tekið fram, að hlutaðeigandi mælist til að fá 100 rd. þóknun árlega fyrir gæzlu eyjarínnar, og þann grófa kostnað, sem gæzlan hefir í för með sèr, mundi enginn vilja framkvæma fyrir minna en 100 rd. Hvað því viðvíkur, er þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að brúa mætti milli eyjanna, þá hygg eg að slíkt sè óhugsandi, og mundi verða töluverðum kostnaði bundið, þar brúin yrði að vera byggð á járnfestum. Eg

hefi heldur aldrei heyrt prestinn á Stafafelli tala um, að þar verði mögulegt að koma á brú.

Forseti: Eg get ekki fundið, að bænarskrá sú, er hèr er um að ræða, sè nein eiginleg kæra yfir stiptsyfirvöldunum, þótt hlutaðeigandi segi, að hann eigi sè ánægður með það svar, sem hann hefir frá þeim fengið. Mèr sýnist brèfið beinlínis heyra undir 77. grein alþingistilskipunarinnar, þar sem ákveðið er, að slíkum málum sem því, er hèr ræðir um, skuli vísa annaðhvort til konungs eða hlutaðeigandi stjórnarráðs eða yfirvalda; og eg hefi hugsað mèr, að það lægi beinast við um þetta mál, að vísa því forsetaveginn til stjórnarinnar. Þá fengi stjórnin meðfram ástæðu til að athuga að nýju mál það, er svo tíðrætt hefir verið um, það er að segja yfirgang útlendra fiskimanna hèr við strendur Íslands. Tilgangi máls þessa verður bezt náð, að mèr virðist, með þessari meðferð, því hvað snertir beiðni hlutaðeiganda um peningastyrk, þá er það eigi aðalatriðið, heldur hitt: vörn á hlunnindum prestakallsins fyrir ágangi og ránum útlendra sjómanna. Mèr finnst því eigi ástæða til, að kjósa nefnd í máli þessu, nema svo sè, að hinn heiðraði flutningsmaður eða aðrir gjöri fyrst einhverja vissa uppástungu, og af ráði þá þingið seinna, hvort nefnd skuli kosin þeirri uppástungu til rannsóknar.

Sigurður Gunnarsson: Eg er reiðubúinn að koma síðar fram með ákveðna uppástungu út af líku efni, því mèr er kunnugt, að víðar á Austurlandi er líkt ástatt og í varpey þeirri, er hèr ræðir um, að þar er hætt við, að útlendir fiskimenn ræni, og mikinn kostnað þarf til þess, að verja slík vörp.

Forseti: Er það þá meining þingmannsins, að inntak þeirrar uppástungu væri ráð gegn yfirgangi útlendra fiskimanna? (*Sigurður Gunnarsson:* Já).

Stefán Eiríksson: Eg fyrir mitt leyti óska heldur, að mál þetta yrði útkljáð nú þegar, og annaðhvort verði kosin í því sèrstök nefnd, ellegar því verði vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, eins og talað hefir verið um, því þó farið verði að bíða eptir uppástungu í þessa átt, og tengja þar við vöktunarkostnaði á fleiri varpeyjum kringum landið, þá hygg eg að presturinn á Stafafelli græði ekkert við það.

Forseti: Meðan beina uppástungu vantar, getur eigi orðið kosin sèrstök nefnd í því. Eg vil því bera undir atkvæði þingmanna, hvort málinu skuli vísa forsetaveginn til stjórnarinnar.

Var það samþykkt með 14 atkvæðum á móti 4.

Forseti: Það, sem þá liggur næst fyrir á dagskránni er að ályktа, hvort nefnd skuli kjósa til að rannsaka bænarskrá úr Gullbringusýslu um breyting á tilskipun frá 30. apríl 1824 um hjónabandið, § 3, 10. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, og skýt eg því til hans, hvort hann vill lesa bænarskrána upp, eða á annan hátt skýra málið fyrir þinginu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 189).

Það getur vel verið, að þinginu finnist mál þetta ekki mikils varðandi, en mèr finnst það allt fyrir það mesta nauðsynjamál. Það, sem mest er áríðandi í hverju sem er, er að lögum þeim, er gilda, sè hlýtt; en þá verður að sjá svo um, að lögin sèu þess eðlis, að unnt sè að hlýða þeim fyrir þá, sem hafa vilja á því. En mèr er hins vegar kunnugt um það, að þeir, er hingað til hafa flaskað á, að fram fylgja lögum þessum, hafa gjört það alveg óviljandi, þar þeir eigi hafa vitað, hvað til þessa útheimtist frá sinni hálfu, að lögum þessum væri hlýtt. Þótt eg að vísu álíti það gott og gagnlegt, að landsyfirrèttarinn gæfi oss skýring á því, hvernig presturinn ætti að skilja lög þessi, að því leyti sem þau snerta ábyrgð þá, er á honum hvílir, þá álít eg allt að einu, að óumflýjanlega nauðsynlegt væri, að breyta lagagrein þessari, svo að prestar villist eigi framar á henni; því eg skal geta þess, að það er sárt til þess að vita, að einhver hinn heiðvirðasti prestur og samvizkusamasti í þessari sýslu skuli nú vera dæmdur í 8 til 10 hundruð ríkisdala sekt fyrir það, að hafa óviljandi breytt móti lagaákvörðun þeirri, er hèr ræðir um. Eg skal svo eigi meira tala máli þessu til varnar að sinni, en að eins leyfa mèr, að mæla með því, að nefnd verði sett í máli þessu.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að ráða þinginu frá, að taka mál þetta til frekari meðferðar, þar sem mèr virðist bæði að sú trygging, sem ákvörðunin í tilskipun 30. apríl 1824 § 3 tölul. 10 veitir sveitunum, sè alveg nauðsynleg til þess að verja þær fyrir þeim óheppilegu afleiðingum, sem geta komið af þess háttar hjónaböndum, og að hún ekki heimti meira eða annað af prestinum, en hann vel getur uppfyllt. Það er auðsætt, að breyting sú, sem bænarskráin stingur upp á, ekki muni veita sveitunum neina tryggingu í þessu tilliti, og þó að hún kynni að verða prestunum til nokkurs lèttis, virðist mèr ekki að þessa þurfi við. Þau tvö dæmi, sem hingað til eru fram komin, og sem bænarskráin bendir til,

hafa ekki verið þess eðlis, að prestunum hefði veitt örðugt, að útvega þau skýrteini, sem tilskipunin heimtar, því í öðru tilfellinu var brúðurin sveitlæg í sömu sveit, sem hjónabandið var stofnað, og í báðum tilfellum hreppstjóri þeirrar sveitar, er brúðurin var sveitlæg í, annar svaramaður við hjónabandið; en það var svoleiðis engum erfiðleikum bundið, að útvega vottorð hreppstjórans um það, hvort brúðurin hefði þegið sveitarstyrk, ef hlutaðeigandi presti ekki hefði gleymzt ákvörðun sú, sem hèr ræðir um, og á þann hátt mun fara í flestum tilfellum, sem komið geta fyrir, og þar að auki var, að því mèr er kunnugt, í hvorugu tilfellinu neinn vafi um það, hvar brúðguminn var sveitlægur. Þar sem áður á þinginu hefir verið rætt mikið um öreigagiptingar, held eg að þingið finni ekki ástæðu til að nema úr lögum þá hindrun á þeim, sem hèr ræðir um, því að eins í þeim tilfellum, þar sem annaðhvort hjónaefna eða bæði eru öreigar, getur orðið spursmál um það, að þessi ákvörðun geti ollað prestunum ómaks eður ábyrgðar; en einmitt þá á það vel við, að útvega sveitunum þá tryggingu, sem kostur er á, þó að það kynni að vera samfara nokkrum erfiðleikum frá hálfu hlutaðeigandi embættismanns.

Þórður Jónasson: Eg er samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að ef bænarskrá þessi er tekin til greina, þá er þar með á burtu kippt hinni einu trygging gegn öreigagiptingum, sem eptir er í hinum gildandi lögum. Hvað í annan stað þau skilríki snertir, er prestur þarf að hafa útvegað í hvert skipti, áður en hjónavígsla fram fari, eptir tilsk. 30. apríl 1824 § 3, þá er útvegun þessara skilríkja lítlum vandkvæðum bundin, og þarf ekki að baka prestinum nokkra lagalega ábyrgð; því útvegun skilríkjanna er eptir tilskipuninni bundin við það skilyrði, að presturinn hafi getað útvegað skilríkin (saavidt deres Natur tillader) og gjört sèr far um að útvega þau, en það ber undir dómstólana, að skera úr því í hvert skipti, hvort presturinn í þessu efni hafi sýnt tilbærilega athygli. Komi það fram, að presturinn í þessu efni hafi eptir kringumstæðunum gætt allrar athygli, verður hann ábyrgðarlaus, enda þó það komi síðan upp, að hjónin, sem hann gipti, eigi t. a. m. ógoldinn sveitarstyrk, því hann hafði leitað um það þeirra upplýsinga, sem honum var unnt í það skipti, og meira er ekki heimtandi. Að öðru leyti getur presturinn, ef hann er í einhverri óvissu, skorað á svaramennina, að taka að sèr ábyrgðina fyrir því atriði, sem hann er í óvissu um eða þykir ísjárvert, og vilji svaramennirnir það ekki, getur

presturinn frestað giptingunni og leitað yfirvaldsins úrskurðar. Það er sjálfsagt, að þetta veldur drætti, en það kemur svo sjaldan fyrir, að hlutaðeigandi hjónaefni eigi ógoldinn sveitarstyrk, að þessi dráttur getur ekki til greina komið. Það er því auðvitað, að presturinn þarf aldrei að baka sèr nokkra ábyrgð í þeim málum, sem hèr ræðir um, nema hann sýni meira eða minna hirðuleysi í útvegun skilríkjanna, sem áskilin eru. Eg mæli á móti, að nefnd verði því sett í þetta mál.

Eiríkur Kúld: Það er þá enn einu sinni, að öreigagiptingarnar eru komnar hèr á borð, og þingmenn muna líklega eptir, að eg þótti þeim málum ekki sem hlynntastur á síðasta þingi; en eg býst nú við, að eg fari nú einförum í máli þessu, þegar eg þó einmitt vil styðja að því, að nefnd sè sett í þetta skipti. Eg hefi sem sè ekki sannfærzt af ræðum þeim, er enn hafa fallið um það, að bænarskráin hafi eigi mikið til síns máls. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að eigi væri of mikið heimtað af prestunum í máli þessu, þó löggjöfin standi óbreytt, en eg segi, að það sè allt of mikið; því eg vil taka til dæmis, að prestur væri vestur á landi, er væri nýkominn til brauðs síns og öllum ókunnugur. Nú kæmi og um sama leyti inn í prestakallið maður af allt öðru landshorni, er prestur ekkert þekkti til, hvernig á högum hans stæði. Færi nú svo, að maður þessi vildi kvongast, og beiddi prest um, að gefa sig í hjónaband, þá gæti presturinn ekki gipt manninn fyr en að minnsta kosti eptir 1 ár, og það kalla eg þó sannarlega band á kristilegu frelsi. Líka gæti eins verið ástatt með útlendan mann, er vildi kvænast, að honum yrði eigi leyft það fyr en eptir svo og svo langa rekistefnu. Fallist nú þingið, eins og eg óska, á það, að nefnd verði kosin í máli þessu, þá vil eg, að hún breyti lagagreininni svo, að öll ábyrgð slíkra hjónabanda sem þeirra, er hèr ræðir um, verði látin lenda á svaramönnunum, en ekki prestinum, því ekki hjálpar heldur, að ábyrgðin lendi á brúðgumanum; eg tel lítið á hans vottorð að byggja, er hann ætti að vitna í sinni eigin sök. Eg vil því, að nefnd sè sett, ef ske mætti, að þessari óeðlilegu ábyrgð yrði lètt af prestunum og yfir á svaramennina, hvar hún sannarlega á betur heima.

Ólafur Pálsson: Eg verð sömuleiðis að mæla með því, að nefnd sè kosin í máli þessu; og kemur það eigi að öllu leyti til af því, að eg skori mig eða presta yfir höfuð undan örðugleikum þeim, sem lagagrein sú, er hèr ræðir um, leggur þeim á hendur,

heldur af því, að eg finn til þess, eins og svo margir aðrir, að hin mestu missmíði eru á lagaákvörðun þessari. Eg vil að það sè þó nokkurn veginn mögulegt fyrir presta, að tryggja sèr vissu í málefni því, er hèr ræðir um, og þess vegna vil eg að nefnd sè kosin til að rannsaka, hvernig breyta megi nefndri lagaákvörðun þannig, að ábyrgð hjónabandanna hvíli eigi eins tilfinnanlega að öllu leyti á prestunum eins og nú á sèr stað. Eg veit, að menn hafa þegar fyrir löngum tíma fundið til þess í Danmörku, hve óhaganleg lagaákvörðun þessi er, og missmíðin á henni vöktu þar þá hina mestu eptirtekt; en mèr er síðan ekki kunnugt, hvað úr lögum þessum er orðið eða hvernig þau kunna að vera breytt orðin til hins betra. Eg er alls ekki að mæla presta undan því, þó þeim sè nokkur örðugleiki á höndum í þessu efni, enda er þeim jafnan innanhandar, að neita um hjónaband, þangað til skilríkin koma. En eg vona, að, ef nefnd er sett, þá kunni hún að geta fært það í lag. Það er samt hart fyrir prestinn, og getur naumast samrýmzt við mannúð, þegar hann verður að hrekja menn, ef til vill, landið á enda eða út úr landinu, til að leita skilríkja um það, er fyrir löngu er skeð, og því mæli eg með nefnd í þessu máli.

Þórarinn Böðvarsson: Það fór eins og við var að búast, að bænarskráin mundi fá misjafnar undirtektir í þinginu; og þótt sumir sèu mótfallnir breytingu þeirri á lögunum, er hún fer fram á, þá er mál þetta þó engu að síður alvarlegt og nauðsynlegt. Hinn háttvirti konungsfulltrúi fannst mèr heldur en ekki misskilja meiningu mína og bænarskrárinnar; hann skildi mig nefnilega svo, að eg vildi nema lagaákvörðun þá, er um er að ræða, úr gildi; en það var alls ekki mín meining. Niðurlagsatriði bænarskrárinnar er meir til málamyndar, en að eg ætlist til að nefnd sú, er kosin yrði í máli þessu, taki það óbreytt til greina. Það er samt ekki svo að skilja, að eg geti viðurkennt, að ekkert vit sè í niðurlagsatriðum bænarskrárinnar. Þannig er í landslögum vorum ákveðið, að enginn skuli sekur, nema hann játi sekt sína, og því virðist mèr, að sú ákvörðun einnig gæti gilt í þessu efni; en á hinn bóginn er það vitanlegt, að sumir eru skrifaðir til sveitar, þótt þeir aldrei hafi þegið af sveit, og fæ eg þá ei betur sèð, en að það sè sú eina gilda sönnun fyrir að einhver hafi þegið, að hann neiti því ekki. Út af ræðu hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns skal eg geta þess, að mèr brást hraparlega sú skýring

á hinum umrædda lagastað, er eg hálft í hvoru mæltist til að fá hjá landsyfirrèttinum. Eg vil nú taka eitt dæmi, til þess að sýna þessum háttvirta þingmanni, hversu óþægileg lagagrein þessi er, sem hann heldur svo með. Eg set svo, að eg væri prestur hèr í Reykjavík, sem ekki mun þurfa að óttast fyrir, og jústizíarius í landsyfirrèttinum, sem væri gamall maður og þó orðinn ekkjumaður, vildi kvongast á ný og bæði mig að lýsa. Þá mætti eg þó eptir bókstaf laganna ekki láta að orðum hans, fyr en eg væri búinn að fá mèr skriflegt vottorð frá öllum hreppstjórum í sveitum þeim, bæði á Norðurlandi og annarstaðar, þar sem hann hefði dvalið frá því hann var orðinn fullra 16 ára gamall, fyrir því, að hann hvergi ætti óborgaðan sveitarstyrk. Það, sem eg vildi sýna fram á með þessu dæmi, er það, að mèr finnst fullkomin ástæða til að losa presta við þá ókurteysi, sem þessi og þvílík atvik neyða þá til að hafa í frammi, ef þeir stranglega eiga að fylgja laganna bókstaf. Því, ef þessum nú gildandi lögum er haldið, þá verður að framfylgja þeim holt og bolt eða án alls manngreinarálits og heimta af hverjum sem er þær ítrustu skýrslur, sem heimtaðar verða, eða eiga það á hættu, að fá fyr eða síðar óheyrðar, óbærilegar sektir.

Guðmundur Einarsson: Mál þetta er að mínu áliti svo mikilvægt, að eg álít mjög nauðsynlegt, að nefnd sè í það kosin. Allir, sem nokkuð þekkja til hinna svo kölluðu «Acta synodi Johanneae», geta bezt borið vitni um, hvort ekki hefir orðið óánægja og þjark út af lagagrein þessari í Danmörku; og hèr á Íslandi eru nú þegar orðin þjóðkunn mál þau og sektir þær, sem af henni hafa hlotizt. Þetta finnst mèr vera full ástæða til þess, að taka bænarskrá þá, er hèr ræðir um, til yfirvegunar og álita. Eg vil ekki nema lagaákvörðun þessa úr lögum, heldur breyta henni svo, að vissa verði fyrir því, að allir vandaðir og samvizkusamir prestar geti komizt hjá því, að verða sektaðir fyrir það, sem þeim varla var unnt að geta fengið áreiðanlega skýrslu um og sem hefir átt sèr stað fyrir æfalöngu. Eg get eigi leitt hjá mèr að minnast á það álit, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður lèt í ljósi, er hann áðan skýrði ákvörðun 10. atr. í 3. grein hjónabandstilskipunarinnar; mèr virtist þingmaðurinn þar alls ekki fylgja lagabókstafnum, heldur gjöra eitthvert sanngirnisálit, sem eg veit ekki hvað mikið gildi hefir, þegar strangleika laganna er beitt. Loks skal eg geta þess, að eg er samdóma þingmanni Gullbringusýslu í þessu efni.

Jón Sigurðsson: Eg hèlt eg mundi ekki þurfa að standa upp í þessu máli, en nú sè eg, að mèr er nauðugur einn kostur, að tala fáein orð. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir látið í ljósi meðhald sitt með bænarskrá þessari, er hèr liggur fyrir, þá þykir mèr það engin furða, því hann er kunnur að því, bæði frá síðasta alþingi og áður, að hafa hinar mestu mætur á öreigagiptingunum, og því fer það eigi mót vonum, þótt hann enn vilji rýmka um þær dálítið meira en orðið er. En á hinu furðar mig, að hinn háttvirti þingmaður Dalamanna skuli nú vera orðinn sjálfum sèr svo ósamkvæmur frá því, sem hann var á alþingi 1869, þegar verið var að ræða um öreigagiptingarnar; þá vildi hann takmarka þær sem mest, en nú vill hann rýmka um þær. Það lýsti, finnst mèr, merkilegri ósamkvæmni af þinginu, ef það kysi nefnd í málið, og nefndin og þingið svo kæmist til þeirrar niðurstöðu, sem er samkvæm því, er farið er fram á í bænarskránni. Þar sem það hefir verið borið fyrir, að það sè örðugt fyrir presta, að útvega sèr þau skilríki um hver hjónaefni, sem lögin heimta, þá neita eg því, að þar á sè nokkur sèrlegur örðugleikur. Það er enginn að heimta af prestunum, að þeir gjörist smalar og hlaupi víðs vegar um landið til að heimta inn vissu fyrir því, hvar hver sè fæddur og hvort hann aldrei hafi þegið sveitarstyrk. Eg man ekki betur, en prestur þurfi að hafa miklu fleiri skýrteini, þá er hann gefur hjón saman, sem hjónin verða að sýna prestinum, áður en hann gefur þau saman í hjónaband; og á líkan hátt geta hjónaefnin sjálf verið sèr úti um lagasönnun þá, er hèr ræðir um; og sýnist mèr það lítið hættulegt fyrir landið, þó gipting þess konar blásnauðra manna dragist nokkra mánuði, eða jafnvel þó það væri heilt ár, eins og einn þingmaður sagði, á meðan þeir eru að útvega sèr hin heimtuðu skýrteini. Það hefir verið talað um, að koma allri ábyrgðinni í þessu efni yfir á bak svaramannanna, en sú uppástunga finnst mèr ekki alls kostar hyggileg, því það má búast við því, að, þegar ræða er um giptingar öreigamanna, þá muni svaramennirnir verða *partiskir*. Mèr sýnist, að engin fullnægjandi trygging sè fengin fyrir því, að lögunum í þessu efni verði fullnægt, nema með því, eins og að undanförnu hefir verið upp á lagt, að presturinn heimti af brúðhjónunum skýrteini fyrir því, að þau ekki hafa neinstaðar þegið sveitarstyrk, er eigi þegar sè endurborgaður. Það hafa enn fremur verið tilfærð tvö dæmi um sektir, sem prestar hafa orðið fyrir í suðuramtinu sakir þess-

arar lagaákvörðunar, er eiga að sýna, hve óhafandi þessi lagastaður sè. En þau sanna ekkert í þessu tilliti, því mèr sýnist það í sjálfu sèr ekkert gjöra til, þótt prestar verði fyrir sektum, eins og aðrir, þegar þeir breyta móti lögunum. Það er heimtað jafnvel af leikmönnum, að þeir hlýði þeim lögum, sem miklu örðugra er að vera heima í, heldur en þeim, er hèr er um að ræða, því fremur sem eðlilegt er, að prestar þekki lögin betur en leikmenn. Mèr finnst engin ástæða til, að heimta minna af prestunum, heldur finnst mèr það eðlilegt í alla staði, að þeir verði fyrir sektum, þegar þeir brjóta lög þau, sem skylda þeirra var að þekkja og framfylgja, hvort sem þeir gjöra það vísvitandi eða óvitandi, sem mèr er ekkert kunnugt um, að því er snertir dæmi þau, er til færð hafa verið. Þetta kennir þó líklega prestum eptirleiðis, að gæta sín betur í þessu efni. Allir þeir, sem hingað til hafa mælt með bænarskrá þessari, hafa verið prestar, en eg held, að við bændurnir ættum að tala með í þessu máli, því það erum við, sem berum afleiðingarnar af því, ef rýmkað verður um öreigagiptingar, og sannarlega held eg, að öreigagiptingarnar muni fjölga, en ekki fækka, ef það, sem þessi bænarskrá fer fram á, verður tekið til greina af þinginu.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi skýra þinginu og hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni frá því, að í lagagrein þeirri í tilsk. 1824 4. gr., sem hann skýrði frá, standa hvorki þau orð, sem hann til færði, nè heldur önnur orð, sem lögð verður í sú þýðing, sem hann tók fram. Hún hljóðar, að mig minnir, hèr um bil svona á dönsku: «Om alle foranförte Puncter bör Præsten forsyne sig med authentiske Beviser, forsaavidt deres Natur tilsteder det», það er að segja, að presturinn er skyldur að heimta eða krefjast «authentiske Beviser» fyrir því, að skilyrði þau, sem talin eru í 3. gr., ekki sèu hjónabandinu til fyrirstöðu, að svo miklu leyti, sem eðli skilyrðanna sjálfra leyfir. Hèr er því alls eigi sagt, að presturinn eigi að heimta «authentiske Beviser» fyrir öllum þessum skilyrðum, heldur að eins þeim, hverra eðli er þannig lagað, að fyrir þeim verði heimtað «authentisk Bevis». Hèr er því ábyrgð prestsins öldungis ekki miðuð við «kringumstæður», við «Skjön» eða álit, eins og hinn 1. konungkjörni þingmaður komst að orði hèr í salnum, eg bið þess vel gætt, og vildi telja þinginu trú um að væri, heldur við óraskanlegt eðli skilyrðanna sjálfra, og þetta sýnir augljóslega viðbætirinn «forsaavidt» o. s. frv., sem ella væri

ofaukinn og þýðingarlaus, já, alveg rangur. Til þess því að sjá, hvort prestar hafi brotið gegn þessari ákvörðun, verður ítarlega að rannsaka, hvort heimtingin um «authentiske Beviser» átti við eða ekki, og það er dómstólanna ætlunarverk, en það er líka þingsins skylda, að gjöra sèr það ljóst, hvernig lögin eru, þegar ræðir um breytingu á þeim. Líti maður nú á það, að það eru ýms skilyrði fyrir hjónabandi önnur en sveitarstyrkur, sem þannig ekki verður skilyrðislaust krafizt «authentiskra» sannana fyrir, t. a. m. undangangandi hjónaband, mægðir og blóðtengdir, og beri maður þau saman við spursmálið um sveitarstyrkinn, ætla eg það augljóst, að presturinn ekki þurfi að heimta «negativt Bevis« fyrir neinu af þessu, nefnil. sönnun fyrir því, að ekkert af þessu eigi sèr stað, heldur eigi einmitt svaramennirnir að ábyrgjast þessi atriði. Sè það aptur á móti kunnugt, að t. a. m. sveitarstyrkur hafi verið þeginn, þá á presturinn að heimta «authentisk Bevis» fyrir, að hann sè annaðhvort endurgoldinn eða hlutaðeigandi sveitastjórn gefi samþykki til hjónabandsins. Hèr veltur því á því, hvort prestur hafi vitað, eða þó af einum eða öðrum líkum mátt vita um sveitarstyrkinn eður ekki. Að hlutaðeigandi yfirvald geti, eins og hinn 1. konungkjörni sagði, með sínum úrskurði fyrir fram fríað prestinn fyrir ábyrgð, er alveg rangt að mínu áliti, því til að fella slíka úrskurði hefir yfirvaldið enga heimild.

Jón Pètursson: Mèr virðist full ástæða til að setja nefnd í þessu máli. Lagaboð þetta hefir áður verið gildandi í Danmörku, en nú er búið að breyta því þar, án efa af því það hefir eigi þótt hentugt eða gott að lifa eptir því, og er nú því breytt þar, þannig, að nú er þar ákveðið, að presturinn þarf að eins að fullvissa sig um, að brúðgumaefnið eigi hafi þegið 5 seinustu árin óendurgoldinn sveitarstyrk. Lagaboðið getur annars eigi verið gefið til að fyrirbyggja öreigagiptingar, því það getur vel þenkzt, að fullríkur maður hafi einhvern tíma á æfii sinni þegið styrk af sveit, og eigi borgað hann aptur, og um þennan mann þarf engin ástæða eða líkindi vera fyrir því, að hann nokkurn tíma komi framvegis til að þiggja sveitarstyrk. En samt sem áður banna lögin, að gipta manninn fyr en skýrsla er fengin fyrir endurborguninni. Lagaboðið er því viðara, en að það geti verið gefið til að fyrirbyggja öreigagiptingar.

Benidikt Sveinsson: Eg leyfi mèr að spyrja þá geistlegu herra, sem hèr eru á þinginu, hvort þeir af kirkjubókum presta-

kallanna hafi getað sèð vott þess, að prestar hafi við hjónavígslur krafizt «authentiskra» sannana um það, að hlutaðeigandi persónur eða börn þeirra eigi hafi þegið nokkru sinni eða nokkurstaðar á æfi sinni sveitarstyrk, er óendurborgaður sè. Á því, hvort þessi skýrteini eru við kirkjubækurnar, sèst, hvort það hefir verið praxis, að fylgja hèr á landi tilskipun 30. apríl 1824, eins og hèr er nú farið fram á, og öldungis ekki getur heldur verið laganna meining, eins og það eru ekki orð þeirra.

Þórarinn Böðvarsson: Út af ræðu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga skal eg geta þess, að það er alls ekki meining bænarskrárinnar, að af nema allar skorður við gipting öreigamanna. Ef mál þetta væri tekið í nefnd, þá er einmitt opnaður vegur til þess, að koma fram með nýjar ákvarðanir í því efni, eptir því, sem þinginu þykir þörf á. En hitt er hèr aðalatriðið, og það er það, sem bænarskráin vill, að ráðin verði bót á, að af numin verði hin óþolandi veraldlega ábyrgð, sem nú hvílir á prestunum, því það er í augum uppi, að engin önnur ábyrgð á að hvíla á þeim en sú, er eingöngu snertir kirkjuleg málefni, og að t. a. m. öll þessi sveitarábyrgð verði látin lenda á baki svaramannanna; því það sjá þó allir, að það er alveg óþolandi, að prestur sè sektaður um mörg hundruð ríkisdali fyrir vangát á því, sem í raun rèttri engum presti ætti að koma við. Eg vona, að nefnd verði sett í málinu, og að hún komist til einhverrar góðrar niðurstöðu.

Jón Sigurðsson: Eg verð enn að taka það fram, að eg álít enga ábyrgð hvíla á prestum í þessu efni aðra en þá, að þeir gæti embættisskyldu sinnar í því, að heimta af hlutaðeigandi persónum, að þær fram leggi skýrteini um, að lagabókstafnum sè fullnægt. Að leggja þessa skyldu svaramönnunum á herðar, ætla eg ísjárvert, því það er auðsætt, að svaramenn þvílíkra hjónaefna, sem hèr ræðir um, yrðu má ske hlutdrægir, sem ekki svífust þess, að útvega fölsk skýrteini, til að koma á hjónabandinu, en þegar til ábyrgðarinnar kæmi, gætu þeir má ske verið dauðir eða orðnir ófærir um, að bera ábyrgðina. Að velta ábyrgðinni á bak persónanna sjálfra, álít eg enn verra, því fyrst er það, að slíkar persónur mundu sjaldnast geta borið nokkra ábyrgð, og í annan stað yrði þetta hin mesta hvöt fyrir þær til að segja nei, þar sem þær eiga að segja já. Það er með öðrum orðum: aðalgallinn við niðurlagsatriði bænarskrárinnar er, að það freistar fáráðlinga til að skrökva.

Guðmundur Einarsson: Viðvíkjandi spurning hins háttvirta

þingmanns Árnesinga, skal eg geta þess, að reyndar munu vottorð þessi, sem hann um talar, vera mjög óvíða við kirkjubækurnar; en allt um það veit eg fyrir víst, að margir prestar hafa á hinum síðari árunum, einkum og sèr í lagi síðan hæstirèttardómurinn fèll 1860 í máli, skyldu því, sem hèr ræðir um, gætt svo vel sem þeim var unnt að fullnægja því, sem hjónabandstilskipunin býður þeim. Mèr þótti hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga ekki skoða mál þetta frá sem rèttastri hlið. Hann sagði, að eg væri nú orðinn ósamkvæmur sjálfum mèr, er eg með því að fylgja máli þessu væri farinn að styðja að öreigagiptingum; en hann og þingið hlýtur að skilja, að mèr gengur allt annað til. Það er satt og rètt, sem þingmaðurinn sagði, að prestur þarf ekki annað en að sitja fyrir og heimta sannanir, en það heyrir líka til, að presturinn sè kurteys, og það ættu lögin ekki beinlínis að meina honum. Hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu sýndi ljóslega fram á það með dæmi því, er hann tók (það er að skilja, þegar dæmið er tekið í almennum skilningi), í hvern vanda að presturinn opt getur komizt í þessu tilliti. Dæmið fannst mèr öldungis rètt.

Torfi Einarsson: Mèr þykir gangur máls þessa ætla að verða undarlegur hèr á þinginu. Á alþingi 1869, þegar málið um að skorður væri reistar gegn gipting öreigamanna var hèr til meðferðar, þá varð það niðurstaðan, að biðja hreppstjórana víðs vegar um landið, að gjöra allt sitt til, að reisa rönd við þessu; og það lítur svo út nú eptir öll málaferlin, sem prestarnir hafa komizt í út af giptingum þeirra, er óendurborgaðan sveitarstyrk hafa þegið, að hreppstjórarnir hafi ætlað að verða við bón alþingis í það sinni. Lagaákvörðun sú, er bænarskráin, er hèr er um að ræða, vill af nema, er hið eina band á öreigamanna gipting, og það virðist þó vera þvert á móti vilja þjóðarinnar, að af nema þetta band. Það virðist og næsta ögugt, að brúðhjónaefnin sjálf segi til, hvort þau hafi sveitarstyrk þegið eða eigi; því eg er hræddur um, að sum þeirra mundu hafa gleymt, þótt þau hefði þegið sveitarstyrk milli 16 og 20 ára. En viðvíkjandi ábyrgðinni á svaramennsku, þá játa eg hjartanlega, að eg hefi ekki orðið klókur á henni, og þar sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að presturinn mætti slengja henni allri upp á svaramennina, þá vil eg ekki rengja svo lögfróðan mann, um að slíkt geti staðizt, en þá þyrfti ekki heldur að kjósa nefnd til breytingar þeim laganna bókstaf, er hèr er um að ræða. Og

eg fyrir mitt leyti þykist sannfærður um, að við bændurnir gjörðum réttast í að vera móti nefnd í máli þessu.

Ólafur Pálsson: Af því hinn háttvirti þingmaður Árnesinga skoraði svo fast á um það, þá skal eg leyfa mèr að gefa nokkra skýrslu um reynslu þá, sem eg hefi í þessu efni. Hefi eg þá ávallt fylgt þeirri reglu, að heimta hin umtöluðu skilríki, þegar nokkur ástæða hefir verið að hafa grun um, að hlutaðeigandi persónur hefðu þegið sveitarstyrk, og það jafnvel þá, þegar mjög lítil líkindi hafa verið fyrir því, að það hafi átt sèr stað. Af þessum skilríkjum geymi eg allmikið, þó ekki hafi bókað um þetta. Að nema lagagrein þessa alveg úr lögum finnst mèr skaðlegt, nema eitthvað sè betra sett í staðinn. Í tilefni af því, er annar þingmaður sagði, get eg skýrt þinginu frá, að það hefir nýlega komið fyrir mig, að neyðast til að gipta hjón, sem annarstaðar voru sveitlæg; þau höfðu þegið af sveit, en hvorki endurborgað styrkinn, nè getað það; en þá kom skýlaust samþykki þess hrepps, hvar þau áttu sveit, og sannar þetta, að ekki verður með öllu sneitt hjá öreigagiptingum, þó lagaboðinu sè vandlega hlýtt.

Sigurður Gunnarsson: Eg veit ekki betur, en prestar á Austurlandi hafi jafnan skilið löggjöfina svo, að ábyrgðin lægi að öllu leyti á svaramönnunum, og þetta ætla eg sè álit manna alstaðar þar sem eg þekki til. Til sönnunar þessu máli mínu tel eg það, að það var fyrir skömmu á Austurlandi, er nærri lá, að svaramenn brúðhjóna væru dæmdir af sýslumanni til mikilla gjalda fyrir það þeir gættu þess ekki, að ógoldinn sveitarstyrkur hvíldi á hjónaefnunum.

Þórður Jónassen: Eg skal út af orðum hins heiðraða þingmanns frá Strandasýslu taka það fram, að eg sagði ekki, að presturinn gæti heimtað af svaramönnunum, að þeir skyldu ábyrgjast þau «authentisku» skilríki, sem presturinn ætti sjálfur að útvega, heldur að presturinn auk þess að útbúa sig með þeim áskildu «authentisku» sönnunum, gæti líka skorað á svaramenniua, ef þeir væri fáanlegir til að standa inni fyrir því, að hlutaðeigendur ekki ættu ógoldinn sveitarstyrk, og, ef þeir ekki yrðu fáanlegir til þess, frestað giptingunni, ef hann væri í einhverjum efa, þangað til hann væri búinn að fá yfirvaldsúrskurð í málinu; en þetta er allt annað en skylda svaramennina til þess, að taka að sèr ábyrgðina.

Hallgrímur Jónsson: Það er ekki min meining með þessum mínum orðum, að fara út í lagagreinina sjálfa, sem hèr ræðir um,

því það stendur ekki í mínu valdi, að útskýra hana; en mèr finnst hèr að eins eiga að ræða um það, hvort nefnd skuli kosin í máli þessu eður eigi, þó að sumra manna ræður sèu nú farnar að leiðast nokkuð lengra. Eg vil ekki, að nefnd verði kosin í máli þessu, og það af sömu ástæðu og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram í ræðu sinni, nefnilega þeirri, að lagaákvörðun sú, er hèr ræðir um, er hin eina trygging gegn gipting öreiga manna, og ef henni yrði breytt eða jafnvel úr lögum numin að öllu, þá álít eg það eina band vera hafið, sem helzt hefir orðið notað í þessu tilliti til þess, að af stýra hinum alkunnu vandræðum, sem opt leiða af öreigagiptingum. Í máli þessu hafa einungis prestarnir mælt með nefnd, en lagamennirnir og bændurnir hafa verið á gagnstæðri skoðun, og virðist mèr, að «embættis mæli andinn þar», því þeir munu í þessu falli vilja hafa sem allraminnsta ábyrgð. Allt fyrir það vil eg þó ekki gjöra þessum heiðruðu herrum gersakir, að það sè einungis tilgangurinn, að losast við ábyrgðina og koma henni á aðra, eða hún verði engin, með því líka sumir þeirra eru ekki fastir á því, að bænarskrá þessa eigi að taka til meðferðar og setja í hana nefnd. Eg mæli sem sagt móti nefnd í máli þessu; reyndar vil eg heldur æskja þess, að flutningsmanni bænarskrárinnar vildi þóknast að taka hana aptur, heldur en hún sè felld hèr með atkvæðafjölda; en ef til atkvæða skal um það ganga, hvort nefnd skuli kosin eða eigi, þá leyfi eg mèr að beiðast, að nafnakall verði við haft.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal fyrst svara hinum síðasta ræðumanni því, að mèr er alls ekki svo sárt um bænarskrá þessa, að þingið megi ekki fella hana með atkvæðafjölda, ef því þóknast; og mun eg því ekki taka hana aptur. Mèr er farið að leiðast að taka það fram, að það er alls ekki mín meining, að af nema lagagreinina, sem þykir svo góð trygging gegn gipting öreiga manna, heldur að breyta henni svo, að hún verði ekki tilfinnanleg fyrir prestana, sem að rèttu lagi eiga að vera með öllu ábyrgðarlausir í því hinu umrædda efni; enda hefir landsyfirrètturinn leyft hjónum að giptast þvert á móti þessum lagabókstaf. En sèu bændurnir hèr á þinginu hræddir um, að þeir verði ofurliði bornir, þá stendur þeim ýrítt fyrir, að velja tóma bændur í nefndina, fyrst þeir hræðast prestana svo mjög. Þess skal eg að lyktum geta, að lagagrein þessari hefir verið breytt í Danmörku, og þótt full ástæða til þess.

Stefán Jónsson: Eg ætla einungis að geta þess, að eg held það sè óþarfi, að kjósa nefnd í máli þessu, því eptir málaferlin, sem staðið hafa yfir gegn prestunum, og allar ræðurnar, sem núna hafa orðið um þetta mál, hygg eg að allt fari að jafna sig; prestarnir fara líklega að vara sig hèr eptir, og fara nú að útvega sèr skilríki í hjónabandsmálum öllu betur en hingað til hefir við gengizt, og jafnvel að sjálfar persónurnar, sem eiga hlut að máli, fari að útvega sèr skilríki, þegar þetta kemst inn í meðvitund manna yfir höfuð að tala. Hvað því viðvíkur, er einn háttvirtur þingmaður áðan sagði, að fullríkir menn vildu giptast, er áður fyrri hefði þegið sveitarstyrk, þá held eg reyndar, að næsta sjaldan komi til þess, að hreppstjórarnir gangi eigi eptir, að þeir borgi aptur þann styrk, er þeir hafa þegið af hreppnum, ef hlutaðeigandi er fær um að greiða hann. Ekki þurfa prestar heldur að vera að leita í öllum áttum að því, hvort hlutaðeigandi persónur hvergi hafi þegið sveitarstyrk, án þess að hafa endurborgað hann; því það á sèr ekki stað, að persónur fái sveitarstyrk, nema þar sem þær eru sveitlægar, nema það skyldi vera bráðabirgðarlán, sem þeirra sveit þá endurborgar.

Jón Pètursson: Það er ekki rètt, sem sagt hefir verið um landsyfirrèttardóm, sem hafi heimilað hjónaband þvert á móti hinni umræddu lagagrein, því svo stóð á í það skipti, að frá hlutaðeigandi sveitarstjórn kom fram fyrir yfirdóminn vottorð um, að styrkurinn væri endurborgaður.

Forseti: Þrír þingmenn hafa enn beðið sèr hljóðs, en fjöldi þingmanna hefir óskað, að umræðu þessari skuli nú vera lokið, vil eg því leita atkvæða um, hvort svo skuli vera (var það þá samþykkt með atkvæðafjölda, að hætta umræðunni).

Þá er inngangsumræðu þessari lokið, og vil eg því biðja hina háttvirtu þingmenn að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd skuli kosin. Það hefir verið beðið um, að nafnakall væri við haft, og skal eg því biðja þá þingmenn, sem vilja hafa nefnd, að segja já, en þá nei, sem á móti mæla:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Davíð Guðmundsson.
Bergur Thorberg.	Egill Egilson.
Grímur Thomsen.	Erlendur Gottskálksson.
Guðmundur Einarsson.	Hallgrímur Jónsson.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Helgi Hálfdánarson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Kristjánsson.	Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.	Jón Sigurðsson.
Ólafur Pálsson.	Stefán Eiríksson.
Páll Pálson.	Stefán Jónsson.
Pètur Pètursson.	Torfi Einarsson.
Sigurður Gunnarsson.	Þórður Jónasson.
Þórarinn Böðvarsson.	

Og var þannig nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 12. Samþykkt var síðan að kjósa 3 menn í þá nefnd.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Jón Sigurðsson . með 11 atkv.,
Þórarinn Böðvarsson — 9 —,
Þórður Jónasson . — 7 —;

og var svo málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga, er flest atkvæði hafði hlotið.

Konungsfulltrúi: Í hinni konunglegu auglýsingu 22. maí þ. á. er mèr uppálagt, að því er snertir lögin 2. janúar 1871, að skýra alþingi frá þeim athugasemdum, sem gjörðar eru um þetta mál í ástæðunum fyrir frumvarpi því til nefndra laga, sem lagt var fyrir ríkisþingið síðasta, og hefi eg í þeim tilgangi látið prenta íslenzka útleggingu af þessum ástæðum, sem eg hèr með afhendi hinum háttvirta forseta til útbýtingar meðal þingmanna.

Forseti: Eg hefi tekið við ástæðum þessum, og bið eg skrifarana að úthluta þeim meðal þingmanna. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu þingmanns Reykvíkinga um, að þjóðeignir megi eigi selja, nema með leyfi alþingis; sömuleiðis frá þingmanni Eyfirðinga 2 bænarskrár um eptirlaun amtmanns Havsteins, eins og eg gat um við byrjun þessa fundar; enn fremur frá Borgfirðingum um spítalahlutina, og verður afskript tekin af skjölum þessum og send hinum háttvirta konungsfulltrúa, síðan verða skjölin lögð á lestrarsalinn þar til þau koma til umræðu.

Ætlunarverki voru í dag er þá lokið. Eg mun slá upp dagskrá til morguns með málum þeim, er fyrir hendi eru, og ákveð þá fund kl. 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

7. fundur. — 12. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefnd þeirri, er kosin var til að segja álit sitt um bænarskrá Breiðvíkinga, að uppsigling verði leyfð á Stapahöfn, að þessi nefnd hefir kosið fyrir formann Egil Egilson og Eirík Kúld fyrir skrifara. Enn fremur hefi eg fengið uppástungu frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, að alþingi biðji um að stofnað verði kennaraembætti í sögu landsins og fornfræði Norðurlanda. Af skjali þessu verður fyrst tekið eptirrit og sent til hins háttvirta konungsfulltrúa, og að því búnu mun eg leggja það fram á lestrarsalinn svo þingmenn geti kynnt sèr það, áður en það verður tekið til umræðu til undirbúnings.

Hið fyrsta umtalsefni, sem liggur fyrir í dag, er uppástunga þingmanns Reykvíkinga um, að þjóðeignir verði eigi seldar nema með ráði alþingis. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna fyrir þinginu og skýra hana eptir því, sem honum finnst ástæða til.

Halldór Kr. Friðriksson: Uppástunga þessi hljóðar þannig: (Sbr. II. bls. 193).

Pètur Pètursson: Eg tók ekki eptir því, hvort orðin bljóðuðu svo í uppástungu þessari, að prestsetur hefði verið selt þannig, að uppástungumaður hafi haft einhverja þess konar sölu á vissu prestsetri í huga, þá er hann samdi skjal þetta. Sè það meining uppástungumanns, að kirkjujarðir sèu þjóðeignir, og að sala þeirra eigi að bíða alþingis aðgjörða, og af því eg sè þannig, að uppástunga þingmannsins einnig gengur út yfir kirknagózin, þá hlýt eg að mæla á móti því, að nefnd verði sett í máli þessu. En að eg snúi mèr að því tjóni, sem prestaköllin skyldu hafa haft á jarðasölu, þá skal eg geta þess, að þetta hefir á seinustu árum sjaldan komið fyrir, nema þegar jarðirnar Eiríksstaðir og Brimnes voru seldar, og má eg fullyrða, að sala þeirra jarða hefir verið til stórkostlegs hagnaðar fyrir hlutaðeigandi prestaköll; og eg er mjög hræddur um, að ef söluleyfi þessara jarða hefði átt að ganga gegnum alþingi, þá hefði tíminn við það dregizt svo mikið, að mjög líklegt er, að þeir, er keyptu, hefðu gengið frá kaupunum. Eg gef því atkvæði mitt móti nefnd í máli þessu að því, er snertir sölu jarða þeirra, er prestaköllunum til heyra.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal nú reyndar játa, að eg tel víst, að þeir sèu margir, er kunna að telja uppástungu þessa óþarfa og í ótíma upp borna, og það einmitt af þeirri ástæðu, að í frumvarpi stjórnarinnar um hin sèrstaklegu málefni landsins er í 23. grein ætlazt til, að slík jarðasala sem sú, er hèr ræðir um, eigi geti fengið framgang, nema alþingi gefi til þess samþykki sitt. Jafnvel þótt það nú sè bæði ósk og von mín, og vissulega einnig þingsins í heild sinni, að þingið að þessu sinni fari svo liðlega sem auðið er í stjórnarmál vort, og gjöri allt sitt til, að gjöra frumvarpið um hin sèrstaklegu málin svo úr garði, að stjórnin geti aðhyllzt það og látið það svo komizt á hèr á landi, þá hefi eg þó enn enga vissu fyrir því, að undirtektir stjórnarinnar undir tillögur alþingis verði svo vaxnar, að eigi geti, ef til vill, komið einhver snurða á mál það enn að nýju, svo frumvarpið verði eigi þegar í stað lögleitt, og að það geti því dregizt, að alþingi fái löggefandi ráð yfir opinberum eignum landsins. Af þessari ástæðu finnst mèr mjög ísjárvert fyrir þingið, að hleypa fram hjá sèr uppástungu þeirri, er hèr ræðir um, sem eg vona að fæstir þingmanna álíti ónauðsynlega, þá er litið er á málavexti. Ef eg nú lít á tímann, er liðinn er síðan 1859, og athuga sölu jarða á því tímabili, þá skal eg játa, að margar konungsjarðir hafa eigi verið seldar síðan, að því mèr er kunnugt, en þó nokkrar; og skal eg ekkert um það segja, hvort hagurinn að sölu þeirra sè nokkur, hvorki í bráðina nè til lengdar, en þótt svo hafi verið, að hagur sè að sölunni, sem eg læt alveg ósagt, þá er þetta þess konar mál, að það þarf að hugsa vandlega um, hvort hagurinn er í raun rèttri svo mikill, sem sumum kann stundum að hafa virzt. Eg skal taka til dæmis söluna eða jarðaskiptin á Bessastöðum; eg skal reyndar engan dóm leggja á það, eða finna að sölu þeirri í þetta skipti; en hvað sem um það er, þá virðist auðsætt, að það með engu móti hefði getað verið til nokkurs tjóns, hvorki fyrir hið opinbera nè fyrir kaupanda, þótt álits alþingis hefði um það verið leitað, og salan fyrir þá sök hefði dregizt um eitt ár, og svo mun optar hafa verið; því að salan á slíkum eignum getur þó aldrei dregizt meir en svo sem rúmt ár af þeim sökum, að álits alþingis er leitað. Svo eg nú svari hinum háttvirta varaforseta, þar sem hann var að bera það fyrir gegn uppástungu minni, að kirkjujarðir yrðu ekki með rèttu lagi kallaðar þjóðjarðir, þá verð eg að halda því föstu, að kirkjujarðir og prestsetur eru opinberar eignir, sem eru eign þjóðarinnar og

landsins, og þess vegna að öllu leyti undir umráðum hins opinbera, og af sömu sökum hljóta að komast undir umráð alþingis, ef Ísland fær stjórnarskipun sèr. Nái því stjórnarfrumvarpið lagagildi hèr í landi, þá er eflaust, að allar kirknajarðir hljóta að heimfærast undir 23. grein þess. Að þessar kirkjujarðir, er seldar hafa verið á seinni árum, hafi verið seldar til beinlínis tjóns fyrir hlutaðeigandi prestaköll, það segi eg ekki beinlínis; en hvort prestaköllin hafi haft af sölu þessari margfaldan hagnað, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði, það læt eg ósagt að svo komnu, og efast um það um sumar jarðirnar. Það gæti verið, að þótt þeir prestar, er setið hafa að prestaköllunum, þá er salan fór fram, kunni að hafa haft hagnað í bráðina af sölunni, að sanna mætti, að prestakallið eptir á hefir, ef til vill, beðið af henni töluverðan hnekki. Eg vil taka eitt dæmi þessum mínum orðum til sönnunar. Það eru eigi mörg ár síðan, að Sel var selt undan Reykjavíkurprestakalli, og eg efast ekki um, að það hafi í bráðina þótt til nokkurra hagsmuna fyrir sóknarprestinn; það mun hafa þótt talsverður hagur, að fá jörðina selda fyrir 1500 rd., eða 60 rd. árlegt gjald, en víst er það, að sá, er keypti, vill nú með engu móti selja þessa jörð helmingi meira, eða fyrir 3000 rd. Eg vil biðja þennan þingmann og alla aðra að gæta að því, að það er eigi jörðunum að kenna, þótt umráðamenn þeirra fái eigi fullkominu arð upp úr þeim; jarðirnar geta eins vel verið ágætar í sjálfu sèr fyrir því. Það er sitt hvað, hvert afgjald fæst af jörðunum á þeim eða þeim tíma, eða hver gæði jarðirnar hafa í rauninni í sèr fólgin. Þá hefi eg og annað dæmi á reiðum höndum um sölu á prestsetri einu, því þótt sala sú sè eigi enn að fullu um garð gengin, þá mun hún þó vera samþykkt af yfirvöldunum og stjórninni, og afráðin að fullu og öllu; en þetta prestsetur er Eyri í Skutulsfirði. Með því eg er uppalinn þar frá blautu barnsbeini, er eg gagnkunnugur, hvernig þar hagar, og það getur verið, að mèr liggi sú sala næst hjarta af þeim sökum; en það er víst og ómótmælanlegt, að þar hefir presturinn eigi haft hagnað af sölunni; og einmitt sú sala var það, sem knúði mig til, að bera fram uppástungu þá, er nú liggur fyrir þinginu. Eg verð að segja það öldungis eins og mèr býr í skapi, að presturinn þar hefir misst jörðina fyrir ekki einn danskan túskilding, og eg treysti mèr til að sýna þinginu fram á, að svo er. Ef eg veit rètt, þá á presturinn að fá 150 rd. á ári hverju fyrir jörðina frá kaupstaðarbúum. Eg

skal reyna að skýra frá þessu svo rètt, sem eg bezt veit; því mèr liggur það á hjarta, að rangherma ekkert, hvorki í þessu máli nè öðru. Fyrir þessa 150 rd. á presturinn þá að missa lóðina milli túnsins á Eyri og kaupstaðarins, og er mèr kunnugt um, að lóð sú hlýtur nú að gefa af sèr um 30 rd. sem lóðargjald húsa, er þar standa, og svo er þar líka talsvert stór möl, sem var leigð fyrir hèr um bil 8 til 10 dali, þegar eg var þar, til að notast til fiskverkunar. Auk þessa hafa kaupstaðarbúar hingað til orðið að kaupa alla hagabeit handa kúm sínum af prestinum á Eyri, og eru svo algjörlega komnir upp á prestinn í þessu efni, að þeir hvergi annarstaðar geta fengið gripum sínum hagagöngu en í Eyrarlandi, og þegar eg þekkti til, þá gengu þar 5 til 6 kýr úr kaupstaðnum, og það getur vel verið, að þær nú sèu orðnar fleiri, síðan kaupstaðurinn stækkaði. Það gjörir í þessu efní ekkert til, þótt vera kunni einhver tilhæfa í því, að kaupstaðarbúum hafi á síðari árum þótt þeir verða hart úti af hálfu þess prests, er nú þjónar þessu prestakalli, að því er hagbeit snertir og borgun fyrir hana; það kann vel að vera satt, að presturinn hafi með því móti gjört sèr sjálfum óhag; um það dæmi eg ekkert. En hitt liggur í augum uppi, að þótt leigan sè mjög svo sanngjarnlega sett af presti, þá hlýtur hún talsvert að gefa af sèr. Nú er enn fremur þess að gæta, að eptir að prestsetrið er selt, þá er presturinn orðinn húsvilltur, og hlýtur því að kaupa sèr hús, og þar af leiðir þá aptur, að hann verður að gjalda alla skatta og skyldur af því húsi, sem eg skýt til allra, er nokkurt skyn bera á þetta mál, hvort muni geta orðið reiknað minna en 100 rd. um árið; og þá eru nú komnir hálft annað hundrað dalir, sem jafna sig á móti árgjaldi kaupstaðarbúa til prestsins. En svo fylgir jörðu þessari enn fremur nægilegt land til að afla fóðurs fyrir að minnsta kosti 100 fjár og 4—6 kýr, sem prestar hafa haft sjálfir á jörðu þessari, og þetta þykist eg nú hafa sýnt fram á að presturinn hafi misst fyrir alls ekki neitt, eða með öðru orði: hann missir öll afnot jarðarinnar fyrir alls ekkert, og er að því leyti með öllu kominn upp á kaupstaðarbúa. Eg býst nú við, að eg fái þá mótbáru, að talsverð skuld hvíli á Eyrarkirkju, sem presturinn verði að borga að meira leyti úr sínum sjóði. Eptir því, sem mèr er kunnugt, mun skuld kirkjunnar vera nálægt 108 rd. árlega, og sem liggur á prestinum að greiða; en sú skuld á að vera fullborguð eptir 14—16 ár, að því er mig minnir, og þá er allt búið. Það getur

reyndar verið, að hinum núverandi presti í prestakalli þessu sè með þessu móti borguð fullkomlega leiga eptir jörðina, svo hann bíði engan halla af sölunni, og efast eg þó um það. En eg get sagt þinginu það með fullri vissu, að þetta er að eins um stundarsakir, þangað til skuld kirkjunnar er borguð; en þá er hún er greidd, þá mun það eigi dyljast, hvílíkt tjón sala þessi hefir í för með sèr fyrir prestakallið. Eg vil nú spyrja: lá svo ósköp á, að selja jörðina undan prestakalli þessu, að það hefði gjört tjón, ef söluleyfið hefði orðið að dragast, þangað til alþingi hefði gefizt kostur á, að segja álit sitt um málið? Dráttur sá, sem það hefði valdið á málinu, hefði í mesta lagi verið eins árs tími. Sumir munu bera það fyrir, að þótt prestakallið eigi hafi haft hag á þessari sölu, þá hafi hún verið til mestu hagsmuna fyrir kaupstaðinn. En þessi ástæða er næsta lítils virði; því eg tel það bæði mjög svo varhugavert, að auðga eina stofnun með tjóni annarar; auk þess er líka alveg óvíst, hvort kaupstaðurinn hafi nokkurn hag haft af kaupunum. Dæmi þessi, er eg hefi til greint, vona eg sýni hinum heiðruðu þingmönnum ljóslega það, sem eg vildi með þeim hafa tekið fram. En að lyktum get eg þess, að eg bið engan misskilja svo orð mín, að eg vilji banna sölu á öllum opinberum eignum, heldur er hitt ósk mín, að slíkt sè vandlega íhugað áður, og fram fari að eins með samþykki alþingis, svo þjóð vorri gefist nægt færi á, að íhuga alla málavexti og ástæður. Eg skal svo ekki tala meira að sinni; en óska að eins, að nefnd verði kosin í máli þessu, og hygg eg nefnd þá munu fullskipaða þremur mönnum.

Jón Pètursson: Eg vona, að ekki verði sett nefnd í þetta mál. Það er einmitt tekið fram í 23. grein stjórnarfrumvarpsins um hin sèrstöku mál Íslands, að slík sala, sem sú, er hèr ræðir um, skuli eigi eiga sèr stað, nema með samþykki alþingis. Og þá kalla eg það skrítið, að fara að taka eina grein úr frumvarpinu eða rèttara einn kafla úr einni grein þess til umræðu og sèrstakrar nefndarkosningar. Eg vil þá líka eins vel stinga upp á, að farið verði að ræða hina kafla greinar þessarar eða aðrar greinir frumvarpsins á líkan hátt, t. a. m. ákvörðunina um það, að ekki skuli skatt á leggja nema með samþykki alþingis; og yfir höfuð yrði þá hver grein í 6. kapítulanum efni í sèrstaka bænarskrá og nefndarkosning. Eg verð að álíta, að þetta falli undir nefndina í stjórnarskipunarmálinu, og uppástunga sú, er hèr ræðir um, sè svo fjarri rèttu

lagi, að það stríði á móti réttum þingsköpum, að taka hana í nefnd. Eg mæli því fastlega móti nefnd.

Eiríkur Kúld: Það er til þess að mæla með nefnd í máli þessu, að eg nú stend upp. Þar sem hinn háttvirti varaforseti var að verja það, að sala á kirkjujörðum, er hann til greindi, hefði eigi verið til skaða fyrir hlutaðeigandi prestaköll, þá ber eg ekkert á móti því, að t. a. m. salan á Eiríksstöðum hafi verið til einhverra hagsmuna; eg er því alveg ókunnugur og skal því ekkert segja um það. En eg er líka viss um, að þótt söluleyfi slíkra jarða hefði orðið að ganga gegnum alþingi, þá mundi það í engu hafa getað hamlað því, að kaup þessi fram færu. Aptur munu hin dæmin eins mörg, ef ekki langtum fleiri, að slík sala hafi orðið prestaköllunum til mikils tjóns; það eru ljós dæmi til þess; að eg nefni fáein, skal eg geta um, þótt hinn háttvirti varaforseti þekki eins vel og betur en eg til þess, þegar allur Tanginn, sem allur kaupstaðurinn á Ísafirði stendur á, var látinn fyrir Brekku á Ingjaldssandi, og sama er að segja um Grund í Grundarfirði; að eg nú ekki tali um það dæmi, sem bæði mér og hinum háttvirta varaforseta er svo kunnugt um; það er salan á Hlíðarhúsum og Ánanaustum undan Helgafellsprestakalli; því fyrir því má víst ráð gjöra, að sú sala sé árlega, eins og nú stendur, að minnsta kosti frá 150—200 rd. skaði fyrir það prestakall. Að eg nú ekki tali um greiðsluna á gjaldinu eptir jarðir þessar frá Reykjavíkurbæ, síðan eg kom til Helgafellsprestakalls, og um það er engum þingmanni kunnugra en hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni sjálfum. Það er nokkuð líkt ástatt með Hlíðarhúsin eins og hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga lýsti með Eyrarsölunni. Þessi jörð er alveg eins komin undan Helgafellsprestakallinu, og svo eg brúki orð þingmannsins, sem hann við hafði um Eyri, þá hefir Reykjavíkurbær náð undir sig Hlíðarhúsum með Ánanaustum frá Helgafellsprestakalli án þess að borga «danskan túskilding» fyrir eignarréttinn (possessio), og eg get búizt við, að eins fari um óánægju seinni presta á Eyri yfir þeirri sölu, eins og nú er komið fram út af Hlíðarhúsum og Ánanaustum. Það fælir mig alls ekki frá að mæla með nefnd í máli þessu, þó lík ákvörðun uppástungu þeirri, er hér ræðir um, sé í einni grein stjórnarfrumvarpsins um hina sérstöku stjórnarskrá Íslands, því þó eg voni og óski, að það mál fái hin heppilegustu úrslit á þessu þingi, þá er það ekki, ef til vill, strax

orðið að lögum. Eg sè enga ósvinnu í því, þó hèr sè beðið um það, sem maður eptir tèðu frumvarpi sèr að stjórnin álítur rètt.

Þórarinn Böðvarsson: Í máli því, er hèr liggur fyrir, verð eg að játa það, að mèr hálft um hálft blandast hugur. Eg vil reyndar, að spornað sè við því, að þjóðeignir sèu seldar landinu til skaða, en eg hefi enn eigi heyrt neina knýjandi ástæðu fyrir því, að þetta þurfi nú að takast fyrir sèrstaklega, því eg vona, að þess muni eigi lengi að bíða, áður alþingi fær meira vald í öllum málum vorum, en það nú hefir. Það skyldi vera, að knýjandi ástæða væri til að bera þessa uppástungu fram af þeirri orsök, að á seinni árum hafa ýms óheppileg kaup opinberra eigna fram farið hèr; þetta er ekki ljóst fyrir mèr.

Hvað sölunni á Bessastöðum viðvíkur, þá játa eg það, að það er satt, að hún mundi hafa dregizt, ef söluleyfið hefði orðið að ganga gegnum alþingi, en þar við hefði víst ekki neitt unnizt; eg hefði þá reyndar líklega fengið jörðina og haft þar í seli frá Görðum, en með því móti hefði jörðin án efa verið miklu ver setin en nú á sèr stað. Hvað Eyri í Skutulsfirði snertir og sölu þeirrar jarðar, þá er mèr nokkuð kunnugt um það mál, því þegar sala sú kom til tals, var eg þar vestra og átti að heita prófastur; og mèr er því kunnugt um, að á meðan eg var þar, þorðu menn ekki að hreifa máli þessu, því eg var harðlega á móti því. En svo gengu stiptsyfirvöldin í málið, eptir að eg fór. Eg segi þetta í þeirri meiningu, að eg hefi allt af verið mótfallinn sölu þessari, meðan eg hafði nokkur afskipti af málinu. En eg tek það fram, að eg var sölunni mótfallinn af því eg var prófastur og átti að líta á hag prestakallsins. En þegar málið er skoðað frá sjónarmiði almennra hagsmuna landsins, þá má eins segja að salan sè góð. Ef eg man rètt, þá var hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga á þingi, þegar rætt var frumvarp til laga um það, að veita Ísafirði bæjarrèttindi; ef eg man rètt, þá mælti hann með þessu. En þessu hefði hann aldrei átt að mæla með, ef hann hefði ekki þá þegar verið alráðinn í því, að styðja að því, að bærinn fengi Eyri keypta, því án þess getur kaupstaðurinn ekki átt sèr stað sem bær, eða fengið neinn viðgang. Eg hefi aldrei neitað því, og játa það nú fúslega, að af sölu þessari leiðir það gott, að við fáum miklu betri bæ í landinu, og þó prestakallið hafi beðið óhag, þá má mikið úr honum bæta, ef prestur t. a. m. fengi sèr aðra jörð í sóknunum til ábúðar. Það er eigi til neins, að fara lengra út í

mál þetta, nema til þess að refsa stiptsyfirvöldunum, og verðum vèr þó að láta þau laus. Eg veit eigi, hvort eg hefi rètt skilið þingmann Reykvíkinga, að hann ætti við að prestur sá, sem nú er á Eyri, myndi hafa spilað í með of hárri leigu (*Halldór Kr. Friðriksson*: Misskilningur). Ef svo er, þá þarf eg eigi að svara þeim orðum þingmannsins. Eg vona, að nefnd þurfi ekki að setja í máli þessu, heldur að þingið sannfærist um, að mál þetta græðir ekki neitt við það, þótt nefnd taki það til rannsóknar, heldur að það muni geta endað á annan hátt.

Pètur Pètursson: Eg þarf því síður að halda vörn uppi fyrir stiptsyfirvöldunum, sem engin kæra gegn þeim hefir staðið á dagskránni. Eg skal að eins geta þess, að eg ætla fáa svo kunna um allt land, að þeir geti borið um það, að sölur kirkjujarða, er nýlega hafa seldar verið, hafi verið hinu opinbera til óhagnaðar. Hvað sölu prestsetursins Eyrar viðvíkur, þá hefi eg enga ástæðu til að rengja orð prófastsins, sem þar á hlut að máli, en það er einmitt sóknarpresturinn að Eyri, er hefir lagt með því, að leyfi þetta yrði veitt, þar það væri til mikilla hagsmuna fyrir prestakallið; enda er eg líka þeirrar skoðunar, að sala sú geti engan veginn verið því bráðri til tjóns. Eg er móti nefnd í máli þessu, þótt eg þar með engan veginn felli mig illa við þá ákvörðun í stjórnarfrumvarpinu, er þessu efni viðvíkur. En eg álít ótilhlýðilegt, að plokka einstakar greinir út úr frumvörpum stjórnarinnar og gjöra þær að sèrstöku máli. Eg vil því mæla með því, að uppástungu þeirri, er hèr liggur fyrir, verði vísað til nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri brot móti rèttum þingsköpum, ef þingið tæki uppástungu mína til greina, þá fæ eg eigi skilið, að það geti náð nokkurri átt, því að í hverju er það brot fólgið? og svara eg ekki þeirri mótbáru fleirum orðum. En þar sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að 23. grein stjórnarfrumvarpsins tæki út yfir efni uppástungu minnar, þá verð eg að leyfa mèr að segja honum, að það er alls ekki víst, hvort frumvarp það verður þegar að lögum, og meðan það er eigi, þá nær 23. greinin eigi til þessara hinna opinberu stofnana; hann efaðist líka um, að kirkjujarðir mætti reikna með þjóðeignum (*Pètur Pètursson:* Nei!), en hvað sem hann kallar þær, þá verður vald löggefandi þings að ná til þeirra. En þótt nú stjórnarfrumvarpið verði að lögum 1873,

eins og bent er til í frumvarpinu sjálfu, þá eru þó 2 ár þangað til, og á þeim tveimur árum má selja margar jarðir, enda gæti sá dráttur, sem yrði á sölu jarða um rúmt ár, ef til vildi, ef málið ætti að ganga gegnum alþingi, eigi orðið til tjóns fyrir neinn. Þau dæmi, er eg til nefndi, hafa öll nýlega átt sèr stað. En að því, er það dæmi snertir, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga kom með um sölu Hlíðarhúsa og Ánanausta, þá skiptir það nokkru öðru máli, því að þá var alþingi eigi stofnað, og því var eigi hægt, að bera mál það undir það. En þar sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að, þá er kæmi til að ræða um sölu kirkjujarða, þá mundi fæstum þingmönnum vera nógu kunnugt um, hvernig til hagaði í því efni víðs vegar um landið, þá er það að vísu satt, en þó eru ávallt nokkrir kunnugir í hverju hèraði landsins; því að hèr á alþingi eru saman komnir menn úr öllum sýslum á Íslandi. Þótt hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sè vel kunnugur á Ísafirði, þá er eg þó eins vel kunnugur þar og hann, og meira að segja, eg er þar kunnugri en hann. Eg get frætt hann um marga hluti viðvíkjandi Eyri í Skutulsfirði, sem hann eigi þekkir til hlítar. Þar sem hann sagði, að eg hefði verið í nefndinni 1865, er það um, að Ísafjörður fengi kaupstaðarrèttindi, og að eg þá hefði verið því máli hlynntur, þá er það rètt hermt, en þá var alls eigi farið fram á það, að kaupstaðurinn fengi jörðina Eyri keypta, enda datt hvorki mèr nè öðrum þingmönnum það í hug. Það er og misskilningur hjá hinum sama háttvirta þingmanni, er hann ætlar, að kaupstaðurinn á Ísafirði geti eigi staðizt, nema hann fái jörðina Eyri keypta, og telur undir því komið allan vöxt og viðgang kaupstaðarins, því að hvaða hag hefir kaupstaðurinn af því? Hagurinn er enginn annar en sá, að nú geta þeir látið skepnur sínar ganga þar leigulaust, en það er enginn hagur, því að þá þurfa þeir aptur að gjalda prestinum hið ákveðna árgjald eptir prestsetrið. Presturinn getur fullt eins vel hjálpað kaupstaðarbúum, ef hann hefir ráð yfir jörðinni, eins og kaupstaðurinn getur það, þótt hann hafi umráð hennar, því að kaupstaðurinn getur eigi haft meiri pening á Eyri, en presturinn. Þess ber einnig að gæta, að vel getur svo farið, að kaupstaðurinn hafi sjálfur jafnvel óhag af kaupum þessum, því að naumast er að búast við, að ef bæjarbúar fá umráð yfir jörðinni, að þeir rækti hana eins vel og presturinn mundi gjöra. Kaupstaðurinn gæti allt að einu stækkað, þótt presturinn hefði umráð jarðarinnar, því þótt kaupstaðurinn þyrfti

lóð til húsabygginga, þá gæti hann eins vel fengið hana hjá prestinum, en þá fær presturinn líka leigu fyrir húsin. En auk þess er að gæta að því, að á eyrinni sjálfri er enn stórt óbyggt svæði, bæði milli kaupstaðarlóðarinnar og túns prestsetursins, og líka fyrir neðan efri kaupstaðinn, sem svo er nefndur, svo að þess mundi lengi að bíða, að kaupstaðarbúar þyrftu að flýja á náðir prestsins til að fá handa sèr húsastæði á túninu, og eg efast stórlega um, að kaupstaðurinn á Ísafirði verði nokkurn tíma svo stór, að honum eigi nægi lóð sú til húsabygginga, er hann nú á sjálfur. Því menn verða vel að gæta þess, að verzlunaraðsóknin getur aldrei mikil orðið, þar sem einungis hèr um 3000 manns geta rekið verzlun á Ísafirði. Eg fæ því eigi sèð, eins og eg hefi þegar áður sagt, að það geti valdið nokkrum vandræðum, þótt slík skipti eða sala á opinberum eignum verði frestað um svo sem eitt ár og alþingi fái færi á að íhuga málið. Hvað skiptin á Bessastöðunum snertir, sem þingmaður Gullbringusýslu minntist á, þá skal eg láta það ósagt, hvort landið hefir haft hag eða óhag af þeim skiptum.

Forseti: Þrír þingmenn hafa beðið sèr hljóðs, en allmargir þingmenn hafa mælzt til, að umræðunum skuli hætta. Eg vil því skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort umræðunum skuli halda áfram eða eigi. Þá var það samþykkt með meiri hluta atkvæða, að umræðunum skyldi hætta.

Jón Pètursson: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að verði sèrstök nefnd sett í þetta mál, þá verða tvær nefndir settar til að íhuga sama málið, sem sè 23. grein stjórnarfrumvarpsins, sem er þó móti rèttum þingsköpum, eða má eg spyrja: á eigi nefndin í stjórnarmálinu eins að íhuga 23. grein stjórnarfrumvarpsins eins og aðrar greinir þess?

Forseti: Jú, það er auðvitað. Eg vil því næst biðja hina háttvirtu þingmenn ganga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli setja í málið.

Síðan var gengið til atkvæða, og var nefnd samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10, en með því atkvæðagreiðslan þótti óglögg, þá var heimtað nafnakall, og fór það fram; skyldu þeir segja já, sem óskuðu nefndar, en hinir nei, sem enga nefnd vildu hafa. Þessir sögðu

«já»:	«nei»:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.

«já»:	«nei»:
Halldór Kr. Friðriksson.	Erlendur Gottskálksson.
Benidikt Sveinsson.	Grímur Thomsen.
Davíð Guðmundsson.	Jón Hjaltalín.
Egill Egilson.	Jón Pétursson.
Guðmundur Einarsson.	Jón Sigurðsson.
Hallgrímur Jónsson.	Ólafur Pálsson.
Helgi Hálfdánarson.	Pétur Pétursson.
Hjálmur Pétursson.	Sigurður Gunnarsson.
Jón Kristjánsson.	Torfi Einarsson.
Páll Pálsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Stefán Eiríksson.	Þórður Jónasson.
Stefán Jónsson.	

Var þannig nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 12, og þessir urðu fyrir kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson með 15 atkv.
Eiríkur Kúld — 8 —
Benidikt Sveinsson — 7 —

Var síðan málið afhent þingmanni Reykvíkinga, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til umræðu bænarskrár úr ýmsum hèruðum landsins um stjórnarmálið. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga, og mun hann skýra frá bænarskránum og lesa þær upp, að því leyti, sem þess verður óskað.

Jón Sigurðsson: Eg skal lesa svo margar þeirra, sem þinginu þykir þörf á vera, og svo niðurlagsatriði hinna. (Sbr. II. bls. 195).

Jón Hjaltalín: Eru eigi líka bænarskrár úr Vestmannaeyjum og Grímsey um sama efni?

Jón Sigurðsson: Þótt eg sè nú orðinn bæði þreyttur og rámur af þessum langa lestri, þá ætla eg samt að tala fáein orð. Eg býst við, að bænarskrám þessum verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, með því að þær eru þess efnis, og get eg sem formaður nefndarinnar að vísu eigi mótmælt því, enda þótt eg viti, að það auki talsvert erfiðleikana fyrir nefndinni, en eg býst við, að menn muni segja, að vèr þurfum eigi að kvarta um liðfæð í nefndinni, að minnsta kosti ekki hvað höfðatöluna snertir. Eg ætla mèr ekki að fara langt út í efni bænarskránna, heldur

einungis minnast á eitt atriði, sem í þeim stendur, og sem þegar hefir komið til tals í nefndinni, nefnilega um samþykktaratkvæði alþingis. Flestar bænarskrárnar halda því fram, að þingið eigi megi taka stjórnarmálið til meðferðar, nema það hafi fullt samþykktaratkvæði í málinu, sem það á fulla heimting á, og verður því alls eigi neitað, að margt er það, er sú krafa eða heimting Íslendinga og alþingis hefir við að styðjast. Eg skal fyrst til nefna konungsbréfið 23. september 1848, sem að vísu bæði stjórnin og alþingi hefir skýrskotað til og skýrskota til enn í dag — alþingi til að sanna, að það hafi og eigi bæði að lögum og rètti fullt samþykkisatkvæði í málinu — en stjórnin til að sanna hið gagnstæða, nefnilega það, að þingið hafi alls eigi ályktar- eða samþykktaratkvæði í þessu máli. En hvernig sem menn nú að öðru leyti skilja þetta brèf, þá verður eigi á móti því borið, að það hefir efalaust verið meining og vilji konungsins, að þing með fullu og frjálsu ályktaratkvæði skyldi gjöra út um og fastákveða bæði um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu og um stjórnarfyrirkomulagið í heild sinni. Þetta sýnir ljósast öll tilhögun og allt fyrirkomulag þjóðfundarins 1851, sem einmitt var sniðinn í sama formi, sem frjáls þjóðþing hafa. Og þó að þjóðfundurinn gæti eigi sýnt í verkinu, að hann hefði þetta vald, sökum þess, að honum var hleypt upp fyrir tímann, eða áður en hann hafði lokið ætlunarverki sínu, þá má ráða það af því, sem á eptir fór, að stjórnin sjálf hefir þá álitið, að þjóðfundurinn hefði haft ályktar- eður samþykkisatkvæði. Hèr verður því að koma til álita hin næsta tilraun stjórnarinnar til þess, að uppfylla loforð konungsins í kóngsbrèfinu 1848, og fæ eg ekki betur sèð, en það sè einmitt frumvarp það til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem lagt var fyrir alþingi 1867, því þótt stjórnin legði fyrir alþingi 1865 frumvarp til fjárhagsaðskilnaðar um stundarsakir milli Íslands og Danmerkur, þá var það einungis blátt og bert fjárhagsspursmál án nokkurra sèrstaklegra ákvarðana frá stjórninni um stjórnarfyrirkomulagið. Þar sem nú konungsfulltrúi, eins og kunnugt er, lýsti því yfir á þinginu 1867, að alþingi hefði samþykktaratkvæði í máli þessu, þá sýnir það ljósast, að stjórnin, sem þá var, áleit, að vèr eða þing vort hefði fullan rètt til þess. Reyndar var nú allt annað hljóð í bjöllu stjórnarinnar 1869, því þá neitaði hún því, að þingið hefði þetta samþykktaratkvæði, og má ætla, að það hafi verið orsökin, að þá var lagt fyrir þingið frumvarp um

hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, jafnhliða frumvarpi til hinnar sèrstöku stjórnarskrár, en stjórninni mun ekki hafa verið um, að þingið fjallaði um hið fyrra frumvarpið með samþykkjandi valdi. Þar sem nú þau atvik hafa síðan borið á rekana, að stöðulögin 2. janúar þ. á. eru út komin og orðin bindandi fyrir Danmörku, svo þar með eru á enda kljáð öll afskipti ríkisþingsins af málum vorum, og vèr eigum nú hèr eptir einungis við konunginn einan um stjórnarfyrirkomulagið í okkar sèrstöku málum, þá leiðir þar af beinlínis, að þingið hlýtur að hafa samþykktaratkvæði í málinu, og stjórnin getur ekki haft hina minnstu hvöt nè ástæðu til að svipta oss því. Eg þykist nú hafa fært ljós rök að því, að þingið hafi og hljóti að hafa fullt samþykkisatkvæði í þessu máli, bæði eptir þjóðrèttindum vorum, eðli málsins sjálfs og yfirlýstum vilja konungsins og stjórnarinnar á ýmsum tímum; en eg skal nú leitast við, að sýna hver áhrif samþykktarvald þingsins muni hafa á störf þess. Allir munu hljóta að játa, að það er sitt hvað, að starfa að hverju máli, sem er, með þeirri meðvitund og sannfæringu, að maður sè bær um, að dæma um málið, og að orð manns verði til greina tekin, eða að starfa að því með þeirri fullu vissu, að maður sè eigi myndugur, og að því verði að eins það tillit tekið til orða manns, sem «þau eiga skilið», að eg við hafi stjórnarinnar eigin orð. Eg þori óhikað að skýrskota til tilfinninga sèrhvers þingmanns, að þeir muni með langtum meiri áhuga, rósemi og örugglеik starfa að málinu, þegar þeim er það ljóst, að þingið hefir samþykktarvald. Þetta kom líka glöggt fram á þinginu 1867 og 1869. Árið 1867 starfaði þingið með rósemi, festu og stillingu að málinu, og mèr er óhætt að segja, að þá var mjórra muna vant, að samkomulag gæti á komizt og málið leiðzt til lykta. En hvernig málinu reiddi af á þinginu 1869 er fullkunnugt, og þori eg að fullyrða, að það var að kenna hinu snubbótta afsvari stjórnarinnar um samþykktaratkvæði í ástæðum frumvarpsins. Það er því ekki einasta sannfæring mín, heldur örugg vissa, að til þess að málið verði nú meðhöndlað og rætt hèr á þingi með þeirri rósemi, stillingu og festu, sem það sannarlega verðskuldar, er mjög áríðandi, að þingið fái fulla vissu um það samþykktaratkvæði í málinu, er það á með öllum rètti. En með því að eg hefi orðið þess var, að sumir þingmenn eru, ef til vill, trúarveikir um það, að stjórnin vilji viðurkenna þetta samþykktarvald þingsins, þá hefir oss nefndarmönnum komið saman um, að eg sem for-

maður í nefndinni skoraði á hinn háttvirta konungsfulltrúa, að lýsa því yfir í heyranda hljóði hèr á þinginu, að þingið hafi samþykktaratkvæði í málinu. Eg skal því leyfa mèr að beina þeirri ósk minni og áskoran til hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann annaðhvort nú þegar, eða seinna, þegar honum þykir tími til, *staðfesti samþykkisatkvæði þingsins með beinni yfirlýsingu sinni.* Eg hefi að vísu áður tekið það fram, að þessa þyrfti ekki í raun og veru, þar sem það getur ekki verið nokkrum efa undirorpið, að þingið hafi samþykktarvald, en eg er viss um, að, ef konungsfulltrúi treystir sèr til, að gefa þinginu slíka yfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd, þá muni það hafa góð og heillarík áhrif á meðferð málsins hèr á þinginu og úrslit þess framvegis.

Konungsfulltrúi: Eg er á sama máli og hinn heiðraði flutningsmaður, að þessum bænarskrám eigi að vísa til nefndar þeirrar, sem kosin er til að íhuga frumvarpið til stjórnarskrár Íslands. Að öðru leyti álít eg það á þessu stigi málsins bæði stríðandi móti þingsköpunum og ónauðsynlegt, að mótmæla öllu því, sem rangt er hermt í flestum þessara bænarskráa; til þess mun gefast tækifæri, þegar þingið á að ræða stjórnarbótarmálið seinna, og mèr þykir það bæði vera til tímaspillis og í sjálfu sèr óheppilegt, að ræða svo mikilsvarðandi mál í smábrotum. En þar sem hinn heiðraði flutningsmaður hefir beint þeirri fyrirspurn til mín, hvort þinginu með tilliti til stjórnarskrárinnar sè veitt samþykktarvald, eða ekki, skal eg skýrskota til ástæðnanna fyrir stjórnarskránni, þar sem segir: «Aptur á hinn bóginn hefir það ekki verið tilgangur stjórnarinnar, að gjöra neina tilbreyting á fyrirkomulagi alþingis frá því, sem nú er, á meðan þingið sjálft kýs heldur að láta það vera eins og það er, en að taka við tilboði stjórnarinnar um rýmkað vald þess, og hefir konungur því ekki viljað gegn beinni ósk alþingis gjöra stjórnarfrumvarpið 1869 óbreytt að lögum». Af þessu virðist mèr vera ljóst, að konungurinn ekki ætlar að gefa landinu nýja stjórnarskrá, nema með samþykki alþingis, og þess vegna verður þessa samþykkis leitað í frumvarpi því, sem nú er lagt fyrir þingið til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands; en í ástæðunum fyrir því er því við bætt, «að konungurinn hafi ekki viljað leiða það hjá sèr, að gjöra enn eina tilraun til þess með fulltingi alþingis, að ráða þessu máli til lykta, sem nú um svo langan tíma hefir verið umræðuefni». Mèr geta ekki skilizt þessar tilkynningar á annan hátt, en að alþingi með þeim

sè veitt samþykktarvald með tilliti til stjórnarskrárinnar um hin sèrstaklegu málefni Íslands, og eg þori þess vegna að fullvissa þingið um það, að hún mun ekki verða lögleidd, nema með samþykki þingsins. En á hinn bóginn hlýtur það að vera skoðun stjórnarinnar, að ef tilraun hennar í þetta skipti verður árangurslaus, mun ekki vera von á því, að frumvarp til stjórnarskrár verði optar — að minnsta kosti ekki fyrst um sinn — frá hennar hálfu lagt fyrir þingið.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, þá skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort þessum bænarskrám eigi að vísa til nefndarinnar í stjórnarmálinu.

Var það samþykkt með nálega samhljóða atkvæðum.

Þórður Jónasson: Eg óska eins og nú er komið, að 3 eða 5 mönnum sè bætt í nefndina; mèr þykir engin vanþörf á því, eptir að búið er að auka verkefni nefndarinnar, eins og nú var gjört.

Forseti: Formaður nefndarinnar hefir eigi borið upp neina ósk í þessu efni, og með því nálega helmingur þingmanna er í nefndinni, þá þykist eg fullviss um, að nefndin hafi nóg vinnuafl, og muni fá lokið verki sínu svo vel, sem hèr yfir höfuð að tala er kostur á. Eg sè því enga ástæðu til að bera það upp, að nefndin verði aukin.

Það sem því næst kemur til umræðu samkvæmt dagskránni er uppástunga og bænarskrár úr norður- og austur-amtinu um eptirlaun amtmanns Havsteins. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga er flutningsmaður uppástungunnar, og mun hann út skýra málið, eins og honum þykir þurfa.

Stefán Jónsson: Bænarskrárnar eru úr öllum sýslum norður- og austuramtsins, nema Suður-Þingeyjarsýslu; líka fylgir uppástunga frá sjálfum mèr og brèf frá amtmanni Havstein sjálfum, og skal eg lesa það af skjölum þessum, sem þingið óskar. (Sbr. II. bls. 214).

Eg ætla mèr eigi að fara út í efni málsins, en óska þess og vona, að nefnd verði sett í málið, að hvaða niðurstöðu sem hún kann að komast.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla að eins að minnast á hinar helztu orsakir til þessa, að vèr fyrir austan rituðum þessar bænarskrár, og er þá 1. orsök sú, að oss kom það mjög óvart, er amtmanni vorum var veitt lausn frá embætti sínu, án þess hann hefði beðið um það, og það með þeim kostum, sem fáheyrðir eru, að

hann skyldi þegar fara burt úr húsum sínum og af ábúðarjörðu sinni með konu og börnum á öndverðum vetri. Þessi aðferð stjórnarinnar við hann sárnaði oss mikillega, því meðan Havstein amtmaður var sýslumaður á Austurlandi, þá ávann hann sèr mikla virðing og þokka sýslubúa sinna. Önnur orsökin var sú, að vèr minntumst embættisdugnaðar hans, skyldurækt og umhyggju fyrir vellíðun sinna amtsbúa, meðan hann var amtmaður, því þótt þeim, sem nær honum bjuggu og margt áttu fleira við hann að sælda, hafi stundum eigi líkað alls kostar við hann, þá kom það eigi fram við oss á Austurlandi. Vèr þekktum hann einungis af embættisfærslu hans, og þar kom hann ætíð fram sem framkvæmdarsamur og ágætur embættismaður, sem lèt sèr mjög annt um, að einkis rèttur væri fyrir borð borinn. Þar var enginn svo lítilmótlegur, er bar upp fyrir honum brèflega vandkvæði sín, að hann svaraði honum ekki og leiðbeindi. 3. orsökin var sú, að oss var það vel kunnugt, að Pètur amtmaður er maður fátækur og í skuldum, svo engin líkindi eru til, að eptirlaun þau, sem við heyrðum að honum ætti að veitast, mundu brökkva til viðurlífis honum og fjölskyldu hans, eptir þeirri lífsstöðu, sem hann hafði verið í, allrasízt þegar hann yrði að eyða árlega af eptirlaunum sínum til annars en uppheldis sèr og sínum. Þetta fannst oss ótilhlýðilegt, einkum þegar svo merkur embættismaður átti í hlut, er þjónað hafði svo lengi og dyggilega. Og sömu tilfinningar skil eg að muni hafa komið upp bænarskránum úr Norðurlandi. Til að bæta úr þessu, hafa Norðlendingar og Austfirðingar leitað fyrst með bænir sínar til alþingis. Eg verð því fastlega að mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Þórður Jónasson: Eg mæli einnig fram með því, að þingið taki mál þetta í nefnd, því bænarskrá þessi styðst við hlutarins eigið eðli og sanngirni. Það er nefnilega að mínu áliti óeðlilegt, að íslenzkir embættismenn, sem hafa föst laun, skuli einnig í því, sem eptirlaun þeirra snertir, standa á baki embættismönnum í Danmörku, og fái að eins eptirlaun af þeim embættislaunum, sem þeir höfðu, áður en launalögin frá 1863 komu út, eða þeir fengu, þegar er þeir komu í embættið eptir 1863, enda þótt laun þeirra kunni að vera orðin helmingi hærri, þegar þeir fara frá, en þau voru upphaflega. Þetta er nú einnig eins og menn vita, gagnstætt því, sem við gengst í Danmörku, því þar fá embættismenn eptirlaun af þeim tekjum, sem þeir höfðu seinustu 5 árin, og það er líka

reglan um eptirlaun sýslumanna. Launin við amtmannsembættið fyrir norðan voru, þegar amtmaður Havstein kom að því, 1700 rd. og frí bústaður og bújörð, og af þessari launaupphæð eru eptirlaun hans reiknuð, því þau eru rúmir 1200 rd. um árið, en hefðu orðið, ef farið hefði verið eptir seinustu 5 ára tekjum hans, eptir því sem mèr reiknast það, 1696 rd. um árið, og þessi eptirlaun hefði hann orðið að fá í Danmörku samkvæmt launalögunum. Með þessi tilgreindu eptirlaun getur amtmaður Havstein, sem eigi á auði að fagna, en hefir fjölskyldu að annast, ómögulega komizt af, og þar eð það væri öldungis óviðurkvæmilegt, ef hann, sem eptir almenningsdómi hefir gegnt embætti sínu með stökustu árvekni og dugnaði, eins og skýrt er tekið fram í bænarskránum, skyldi þurfa að búa við þröng á efri árum sínum, virðist mèr þingið hljóti og eigi að leggja sín góðu meðmæli fram með því, að hann fái eptirlaun sín reiknuð eptir tekjum þeim, sem hann hafði seinustu 5 árin, sem hann þjónaði embætti sínu, og það er einmitt til að yfirvega þetta atriði og að komast að þessari niðurstöðu, sem eg óska að nefnd verði sett í málið. Þingið fer með þessu eigi fram á neitt nýmæli, því það eru dæmi til, að stjórnin hefir veitt einum embættismanni hèr á landi, eptir að launalögin 1863 komu út, eptirlaun eptir sömu reglu og í Danmörku. Eg skal á þessu stigi málsins eigi fara hèr um fleirum orðum, en mæla fram með því, að nefnd verði sett í málið. Einungis skal eg leyfa mèr að taka það fram, að eptir þeim gildandi reglum, getur það að mínu áliti ekki tekizt til greina, að amtmaður Havstein fái, eins og bænarskrárnar fara fram, sín fullu embættislaun í eptirlaun, nè heldur að hann fái, eins og hann sjálfur hefir óskað, full embættislaun frá 1. nóvember f. á. til fardaga þ. á.

Þórarinn Böðvarsson: Að því leyti að enginn hefir mælt á móti nefnd, þá er óþarfi fyrir mig að mæla með henni; samt ætla eg að gjöra það. Þegar eg var á þingi 1869, las eg eins og aðrir umkvartanir og klaganir, sem komu til þingsins um þennan heiðarlega embættismann. Eg gat að vísu þá ekki vitað, að þess mundi skammt að bíða, að stjórnin setti hann af embætti, en eg gat því síður vitað, að fyrir næsta þing kæmu bænarskrár hópum saman, sem teldu hann hinn mesta embættismann, og ekkert þekktu um hann annað, en hið bezta. Eg get ekki heldur vitað nú, nema þess sè skammt að bíða, að stjórnin setji hann aptur í embætti, og landsbúar sendi aptur klaganir yfir hann. Eg verð að láta það

í ljósi sem meiningu mína, að eg álít það ótækt, að embættismenn í landinu, ungir og gamlir, sèu af settir og settir á full eptirlaun. En í þessu máli er það nokkuð sèrstakt, sem ákvarðar mig og leiðir mig til þess, að hafa eindregið álit. Eg hefi sjálfur dvalið 5 ár í amti þessa heiðarlega embættismanns. Eg sá hann að vísu aldrei; hann hafði þess vegna engin áhrif á mig, nema sem embættismaður, en öll embættistjórn hans hafði hin beztu áhrif á mig, og þótt eg síðan hafi verið undir stjórn 3 ágætis-amtmanna, þá hafa þó áhrif þau, er embættisstjórn amtmanns Havsteins hafði á mig, aldrei horfið, og einmitt fyrir þá sök, að eg hefi borið svo mikla virðingu fyrir þessum embættismanni, og fyrir þá sök, að hann er orðinn hniginn á efra aldur og þreyttur af mörgu, þá vil eg mæla með nefnd í þeirri von, að hún styðji að því, að kjör hans verði bætt svo, að hann ekki þurfi að líða neyð þau ár, sem hann kann að eiga eptir ólifuð.

Jón Hjaltalín: Eg mæli með nefnd í þessu máli, því að mèr sýnist það fallegt af löndum mínum, að þeir sýni gömlum embættismönnum sínum alla velvild, því það hefir átt að pína og níða úr þeim allan þokka til embættismannanna, því þeir hafa eigi minnst stuðlað að því og gjört allt til að niðurlægja embættismennina í almennings augum, eigi sízt blaðamennirnir. Það er eins og það hafi átt að gjöra þá að skóþurrkum þjóðarinnar. Á hinn bóginn verða menn líka að játa, að amtmaður Havstein sè þess sannarlega maklegur, að menn taki málstað hans, eigi sízt þegar litið er til þess, hvernig hann var sviptur embætti sínu. Amtmaður Havstein er góður drengur, þótt eitthvað megi að honum finna eins og öllum. Eg þekki hann vel, við höfum líka leitt hesta okkar saman. En hvað sem um það er, getur enginn neitað því, að hann var mjög árvakur og ötull embættismaður; það hefir bæði þjóð og þing áður viðurkennt.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla einungis að rèttlæta það, sem stendur í bænarskránum að austan, þar sem er beðið um, að Pètur amtmaður fái að halda í eptirlaun fullum amtmannslaunum. Með þessum orðum er átt við þau laun, er hann byrjaði með amtmannsstörf sín, og lætur það mjög nærri þeirri upphæð, sem þingmaður Eyfirðinga fer fram á í uppástungu sinni að amtamtmaðurinn fái í eptirlaun.

Stefán Jónsson: Mèr virðist það vera óþarfi fyrir hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu, að fara að minnast á það, er fram

fór á þinginu 1869; eg veit ekki hvað hann vinnur við það. Þar sem sami þingmaður ætlaði, að ske kynni, að konungur veitti amtmanni Havstein aptur embætti, þá er það mjög ólíklegt, því hann er maður gamall, kominn um sextugt og að miklu leyti þrotinn að heilsu, og hann mun heldur eigi sjálfur sækjast eptir því; eg fæ því eigi annað séð, en að máli þessu sé svo varið, að nauðsyn beri til, að þingið taki það til greina og kjósi nefnd í það, og sting eg upp á 3 manna nefnd.

Eiríkur Kúld: Eg stend eigi upp til þess, að mæla með nefnd, og eigi heldur til þess, að mótmæla henni beinlínis. Hvað það snertir, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að Íslendingar hefðu jafnan viljað fara með embættismenn sína sem «skóþurrkur», þá verð eg að mótmæla því sem alveg ósönnu. Hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu hneykslaði það, að á næsta þingi á undan komu fram kærur og klagamir gegn þessum sama manni, sem nú er verið að biðja um fèstyrk til. En hafi það hneykslað hann, þá hneykslaði það mig eigi minna, að hið sama þing komu frá honum sjálfum fram sterkar kærur gegn 2 heiðvirðum þingmönnum. Eg get eigi verið á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga um það, að 1250 rd. sèu eigi talsverður styrkur fyrir hann, þegar hann nú er orðinn laus við allan þann kostnað, er hann hafði af embætti sínu sem amtmaður. Mèr þykir skrítið, að í bænarskránum er allt af talað um lausn í náð, og þó er það sagt líka, að þessi «lausn í náð» hafi komið honum á óvart; hann hefir þá ekki beðið um þessa lausn, og hvernig er það þá lausn í náð? Eg skal biðja þingmenn að gæta þess, að það er bezt fyrir oss nú, að fara varlega í þess konar málum. Vèr höfum enn engan fjárveitingarrètt, eigi einu sinni að lagt væri fyrir þingið áætlun yfir tekjur og útgjöld landsins. Vèr megum, segi eg, fara varlega í þetta mál, svo að vèr eigi bindum hendurnar á seinni þingum, þegar þingið hefir fengið fjárforræði í hendur, í líkum málum. Eg segi þetta eigi af því, að eg ekki vilji, að embættismönnum sè vel launað, bæði meðan þeir gegna embættum sínum, og eins eptir að þeir hafa fengið lausn frá þeim eptir trúa og góða embættisþjónustu. Og hvað amtmann Havstein snertir, þá ann eg honum þess vel, að eptirlaun hans verði hækkuð, þar sem hann er bæði maður gamall og þrotinn að heilsu, en hitt er annað mál, hvort þetta þing getur nú átt þar að nokkurn hlut að svo komnu.

Stefán Jónsson: Það hefir enginn sagt, að það eigi væri talsverður styrkur, sem amtmaður Havstein hefði, heldur hitt, að hann væri ónógur eptir kringumstæðum hans. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál, fyr en eg sè hvað nefnd sú, er kosin mun verða, gjörir við málið; nú á þessu stigi þess álít eg fleiri ræður óþarfar.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari umræðu lokið, og skal eg leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skal kjósa í málið.

Því næst var þriggja manna nefnd samþykkt, og fór kosning fram, en þessir urðu fyrir kosningu:

Stefán Jónsson með 14 atkv.
Þórður Jónasson — 11 —
Jón Hjaltalín — 6 —

Eiríkur Kúld hafði og fengið 6 atkvæði, en með því Jón Hjaltalín var eldri, varð hann nefndarmaður.

Síðan var málið afhent þingmanni Eyfirðinga, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu um gjald spítalahluta. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána, eða skýra frá henni sem nauðsynlegt er.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 181).

Þótt bænarskrá þessi fari nokkuð í aðra átt en hinar bænarskrárnar um sama efni, þar sem hinar flestar stefna að því, alveg að af nema löggjöfina um spítalagjaldið frá 10. ágúst 1868, en þessi hallast fremur að því, að breyta henni í þá átt, sem frumvarpið, sem nú liggur fyrir þinginu, stafar að, þá álít eg þó sjálfsagt, að henni verði vísað sama veginn og hinum, nefnilega til nefndarinnar í spítalamálinu, sem nú nýlega er svo heppilega aukin með tveimur mönnum, að hún mun því síður teljast undan, að taka við henni, og ætla eg svo eigi að fara fleirum orðum um hana.

Forseti: Ef þingið samþykkir, verður bænarskránni vísað til nefndarinnar í spítalamálinu.

Þetta var þá samþykkt í einu hljóði, og bænarskráin afhent formanni nefndarinnar (Bergi Thorberg).

Forseti: Dagskrá er þá lokið í dag, og ákveð eg fund á morgun kl. 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

8. fundur. — 13. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá fyrirfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá nefndinni í málinu um eptirlaun amtmanns Havsteins, að í henni sè kosinn formaður Stefán Jónsson og Þórður Jónasson skrifari. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir beðið sèr hljóðs, til að skýra þinginu frá viðvíkjandi málinu um fiskiveiðar útlendra þjóða hèr við landið.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt hinni konunglegu auglýsingu frá 22. maí þ. á. II. tölul. 10. skal eg með tiliti til þegnlegrar bænarskrár þingsins frá í hitt eð fyrra, um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands og um það, að tollur sá, sem verið hefir á innfluttum fiski frá Íslandi til Frakklands verði af numinn, skýra þinginu frá, að stjórnin af ástæðum þeim, sem konungsfulltrúi á alþingi 1863 skýrði þinginu frá viðvíkjandi ákvörðunum þjóðarèttarins um landhelgina (Söterritoriet), og vegna þess, að samningar þeir, sem stjórnin hvað eptir annað hefir með miklu kappi átt í við hina frakknesku stjórn, og að nokkru leyti einnig við hina ensku, hingað til hafa verið árangurslausir, ekki sèð sèr fært að taka 1. og 2. atriði í bænarskrá þingsins frá í hitt eð fyrra til greina, eða að gjöra frekari ráðstafanir út af þeim, en hún mun reyna til, þegar tækifæri gefst, að halda samningstilraunum sínum áfram.

Aptur á móti hefir dómsmálastjórnin út af 3. niðurlagsatriði bænarskrárinnar, viðvíkjandi tollinum á innfluttum fiski frá Íslandi til Frakklands, leitað álits utanríkisstjórnarinnar um það, hvort búast mætti við, að nokkur árangur yrði af því, að farið væri að reyna samninga við Frakkland um, að tollurinn af fiski frá Íslandi yrði af numinn. En utanríkisstjórnin hefir í brèfi frá 6. apríl 1870 lýst því yfir, að allar tilraunir til þessa, að áliti hennar,

mundu verða árangurslausar, vegna þess, að á Frakklandi sè ekki greiddur hærri tollur af íslenzkum fiski, en af samkynja fiski frá öðrum löndum, svo að Ísland í þessu tilliti á eins góðum kjörum að sæta eins og önnur lönd. Utanríkisstjórnin hefir þar hjá skýrt frá tollgjaldinu á Frakklandi á innfluttum fiski, en það er, að því henni er kunnugt, sem nú skal greina:

Alls konar fiskur úr vötnum og ám . .			40 frcs pr.	200 ℔ Netto[1].
Fiskur úr sjó frá útlendum veiðistöðum	Stockfish		10 — -	200 - Brutto[1].
	ósaltaður	harðfiskur .	40 — -	200 - Netto[1].
		annar fiskur	5 — -	200 - Brutto[1].
	þurrkaður, saltaður, reyktur		40 — -	200 - Netto[1].
	niðursoðinn (marinés eða l'huile) úr öllum veiðistöðum		25 — -	200 - Netto[1].

án tillits til undir hvaða flaggi fiskurinn er fluttur inn.

Frakkneska orðið «Stockfish» (sem eiginlega er danskt orð) táknar þurrkaðan saltfisk (morue), sem ekki eru meira en $^{12}/_{100}$ partar af salti í.

Sá fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, mun vera annaðhvort þessi svo nefndi «Stockfish», og yrði þá tollurinn af honum . . . . . 12 frcs pr. 200 ℔ eður «morue» (saltaður þorskur), og tollurinn af honum . . . . . 48 — - 200 - undir hverju flaggi, sem hann er fluttur inn, jafnvel þó það sè frakkneskt flagg.

Forseti: Vèr tökum þá til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu álit nefndarinnar í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, svo sem þörf gjörist.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sbr. II. bls. 216).

Eg ætla að fara fáum orðum um það, hvað það var, er sèr í lagi vakti fyrir nefndinni, þegar hún samdi þetta álit sitt. Henni þótti fyrsta grein frumvarpsins óþörf að því leyti, sem innihald hennar væri þannig, að eigi væri ástæða til að taka það fram með lögum. En með því að nefndinni var kunnugt, að tilraunir hafa verið gjörðar og það alvarlegar af hálfu stjórnarinnar til þess, að

1) Þar að auki eru borgaðir 20 af hundraði í gjaldheimtulaun.

fá breytt landhelginni, þá þótti henni í fyrra lagi að gjöra fyrstu grein frumvarpsins að lögum, og alveg á sömu skoðun var nefnd sú, sem stiptamtið setti í vetur í Reykjavík til þess, að íhuga þetta mál. Nefndin ímyndaði sèr, að ske kynni, að þeir yrðu tímarnir, að Frakkar slökuðu til við Dani, svo að samningar gætu komizt á, með því líka henni var kunnugt, að margir yfirmenn á hinum frönsku herskipum, er hingað koma á sumrum, hafa verið alveg samþykkir uppástungu hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, er var formaður hinnar áður áminnztu nefndar, að sú lína kvæði á landhelgi, er dregin væri milli Garðsskaga og Akranesskaga, og eg get sagt það fyrir mitt leyti, að einn þeirra, yfirforinginn *Duperrè*, lofaði í minni viðurvist, að mæla fram með þessu við stjórnina í Frakklandi. Meðan því þessir samningar milli frönsku stjórnarinnar og dönsku stjórnarinnar alls eigi væru á enda kljáðir, þá þótti báðum nefndunum of snemmt að gjöra nokkra ákvörðun um það, sem 1. grein frumvarpsins hefir inni að halda, enda ísjárvert, að setja landhelginni nokkur viss takmörk, meðan menn sæju eigi fyrir endann á því, hvort hinar útlendu stjórnir slökuðu eigi í þessu efni meira til, en nokkurn tíma enn hefir verið farið fram á. Mönnum kann að þykja hegning sú, er lögð er við broti á landhelgi í tilsk. 13. júní 1787, allt of hörð, og eg skal fúslega játa það, að hegning sú, sem ákveðin er í 4. grein tilskipunarinnar, er mjög hörð. Þar segir nefnilega svo: «*Skulde nogen Fremmed imod denne «vores Anordning forsee sig, og overbevises om enten at bruge «saadant forbudet Doggerie og Fiskerie, eller at drive nogen «Slags Handel med Islænderne, som man rimeligviis kan formode «at föres for Rhedernes Regning: da skal Skibet og Varene op-«bringes til Confiscation efter foregaaende Dom*». Eg skal fúslega játa, að þessi hegning er svo hörð, að þó eg eigi vilji segja, að það sè ómögulegt, þá er það þó mjög erfitt, að láta slíkt straff lenda á nokkrum manni. En eg skal biðja þingið vel að gæta þess, að vèr erum nú búnir að hafa lög um þetta efni í hèr um bil 100 ár, nefnilega síðan 1787, og jafnvel enn þá fyr, nefnilega 1763 kom tilskipun út um þetta atriði, en þó hefir ekkert það tilfelli komið fyrir, að þessari hegningu hafi verið beitt, og eg efast um, að, þótt fyrsta grein frumvarpsins væri að lögum gjörð, þá yrði þeirri hegningu, sem þar er ákveðin, nokkru sinni beitt við útlenda fiskimenn, því að mèr er óhætt að segja, að það er mjög erfitt að sanna það, að landhelgi hafi verið brotin, og get

til nefnt það sem dæmi, að í fyrra sást útlend fiskidugga út undan Keilisnesi, og varð tilrætt um, að reynt væri að komast eptir nafni og númeri skipsins, svo að það yrði tilkynnt hlutaðeigandi yfirvaldi. En þegar til kom og skera skyldi úr, hvort skipið hefði brotið landhelgi eða eigi, þá urðu menn eigi betur ásáttir um það en svo, að einn sagði, að það hefði að eins verið hálfa viku undan landi, en annar, að það hefði verið liðuga viku undan landi, og datt þetta svo niður við svo búið. Eg ímynda mèr, að aldrei verði hægt að skera úr því til hlítar, hvort útlendir fiskimenn brjóta hèr landhelgi eða eigi, fyr en vèr fáum oss smáskútur eða eins konar herbáta, og æfða og ötula sjómenn til að stýra þeim, og ættu þeir að hafa öll áhöld og verkfæri, sem nauðsynleg eru til þess, að mæla með fjarlægðina, svo að þeir gætu borið um hana með fullri vissu. Eg álít, að það muni annars aldrei geta orðið sannað, að þeir hafi brotið landhelgina, en fari svo, að það einhvern tíma verði sannað, þá er oss það kunnugt, að ströng hegning er lögð við því, bæði í frakkneskum og enskum lögum. Eg veit að vísu eigi, hve mikil hegning lögð er við því í enskum lögum, en í frakkneskum lögum er talsverð fèsekt lögð við því, hve há hún er man eg að vísu eigi, en þá er annað, sem meira er í varið, og það er það, að skipstjóri missir rètt til þess, að stýra skipi um mörg eptirfarandi ár, og þetta er þó sannarlega hörð hegning. Og þótt þetta kæmi fyrir, að einhver yrði sannaður um brot á landhelgi, þá mundi svo fara, að hann sætti miklu harðari hegningu í sínu eigin landi en hjá oss, því það liggur í lunderni voru og skaplyndi, að þegar hegningin er ákveðin frá 10—200 dölum, þá munum vèr optast fremur hallast að því, að dæma hinn seka í 10 dala sekt en 200 dala. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál fyr en eg heyri undirtektir konungsfulltrúa og annara þingmanna. Einungis skal eg geta þess, að oss kom í hug, þótt það eigi standi í nefndarálitinu, að bæta við frumvarpið ákvörðun um það, hver hegning skuli lögð við því, ef útlendir fiskimenn ganga á land í varpeyjum og gjöra þar óskunda með fugldrápi, skotum og öðru þess konar, með því líka því var farið fram í frumvarpi nefndarinnar, sem stiptamtið setti í vetur, eins og sjá má af ástæðunum fyrir 2. grein stjórnarfrumvarpsins, þar segir nefnilega svo: «Nefndin hafði líka stungið upp á að taka upp í grein þessa bann gegn því, að útlendir fiskimenn við strendur Íslands eða á þeim, ellegar í eyjum eða hólm-

um nærri landi skjóti seli og fugla o. s. frv., eða taki burt æðardún og egg o. s. frv. En þessa ákvörðun áleit stjórnin óþarfa vegna tilsk. 20. júní 1849. Vèr játum að vísu, að frá voru eigin sjónarmiði er þessi viðauki við frumvarpið þess vegna óþarfur, en það sem sèr í lagi vakti fyrir nefndinni, er henni kom ásamt um, að gjöra þennan viðauka við frumvarpið, var það, að ef frumvarpið yrði að lögum gjört, þá mundi því verða snúið á útlend mál og sent bæði til Frakklands og Englands til þess, að 1 exemplar af því yrði haft á hverju skipi, sem hingað kæmi undir strendur, og ætluðum vèr, að þá mundi eigi vera óhentugt eða óþarft, að einnig stæði þar bann gegn óskunda í varpeyjum, því reynslan hefir sýnt, að eptir að veiðilögin 1849 eru komin út, hafa slíkar skemmdir á varpeyjum optlega að borið, og nú í síðustu 3 árin hafa komið fram kærur og kvartanir yfir þessu, sem vonlegt er. Þess vegna var það, að eg mælti fram með bænarskrá sjera Bjarna Sveinssonar til þess enn á ný að sýna stjórninni, hve mikinn skaða útlendir fiskimenn optlega gjöra hèr með ránum sínum og yfirgangi. Eg get t. d. til nefnt það, að í fyrra var á Hólmum í Reyðarfirði stolið öllum eggjum þar í byrjun varpsins, og var ómögulegt að sanna, hver gjört hefði. Í hitt eð fyrra gengu líka 2 enskir menn á land í Engey og skutu þar æðarfugla. Þetta varð nú að vísu sannað. Og í sumar komu frakkneskir menn þar á land með stöng í hendi, og hafa víst ætlað sèr að slá og rota æðarfuglinn. En þegar nú þetta við gengst hèr umhverfis Reykjavík undir handarjaðrinum á stiptsyfirvöldunum, þá gefur að skilja, að örðugra muni vera, að koma í veg fyrir það og sporna við því á útkjálkum landsins. Eg fæ því eigi annað séð, en brýna nauðsyn beri til, að taka þessa ákvörðun inn í frumvarpið, til þess enn á ný að minna útlenda fiskimenn á, að þeir alls eigi megi gjöra neinar óspektir í varpeyjum, því víst er um það, að sumir gjöra það einungis af fávizku. Þeir ætla, að þeim sè leyfilegt að skjóta, og ímynda sèr eigi, að þeir geti valdið nokkru tjóni með því. Hvað breytingarnar í 2. grein frumvarpsins snertir, þá eru það að eins orðabreytingar, er nefndin áleit að kynnu að vera íslenzkulegri. Að öðru leyti fel eg nefndarálit vort velvild þingsins og konungsfulltrúa. Hinar greinir frumvarpsins áleit nefndin í alla staði góðar og hentugar.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir aðhyllzt frumvarpið í heild sinni, að undantekinni 1. grein, sem hún stingur

upp á að falli alveg burt, meðan hún til vara stingur upp á nokkurri orðabreytingu í henni.

Nefndin telur til styrks uppástungu sinni um að fella 1. gr. úr frumvarpinu, að það sè óþarft að lögleiða þjóðrèttinn, ef næg tilsjón sè höfð með því, að þeir fylgi honum, sem það liggur næst í þessu efni, nefnilega útlendir fiskimenn, og skaðlegt ef þeir hlýðnist honum ekki, meðan tilsjónina og framkvæmdina vantar af hálfu þeirra, sem eptirlitið eiga að hafa. Það er nú fyrst, að það er ekki tilgangur 1. greinar, einungis að lögleiða þjóðrèttinn, heldur hefir nefndinni líka yfirsèzt, að þegar ákveða á um lagareglur um fiskiveiðar útlendra við strendur landsins, þá er það áríðandi, að gjöra það í heild sinni, bæði gagnvart útlendum fiskimönnum og svoleiðis, að ekki verði meiningamunur milli þeirra og landsmanna um það, sem er aðalatriði málsins, nefnilega um þau takmörk á sjó, þar sem landhelgi er. En það er einmitt óvissa sú, sem í þessu tilliti á sèr stað eptir tilsk. 13. júní 1787, er, eins og þingmönnum er kunnugt, einungis inniheldur almennt bann gegn því, að útlendir veiði og fiski við landið, án þess að fjarlægðin nákvæmar sè tekin fram, sem að mínu áliti að miklu leyti hefir verið því til fyrirstöðu, að — eg vil ekki segja fullt eptirlit, því þetta er eptir kringumstæðum vorum ómögulegt, heldur að — ekkert eptirlit hefir orðið hafandi með fiskiveiðum útlendra. Eg gjöri ráð fyrir því, eins og hinn heiðraði framsögumaður einnig benti á, að þegar frumvarp það, sem hèr ræðir um, verður lögleitt, þá muni stjórnin annast um, að það verði auglýst þeim þjóðum, sem helzt koma hingað til fiskiveiða, en þá er auðsætt, að það muni vera þýðingarmikið, hvort lögin þá ákveða aðalatriði málsins, eða láta það, eins og hingað til, óákveðið. 1. grein frumvarpsins hefir nú, eins og nefndin líka kannast við, ákveðið þetta aðalatriði á þann hátt, sem kostur er á, og einnig tekið tillit til þjóðsamninga, sem heppnast kynni að semja Íslandi í vil, og mèr virðist það þess vegna óskiljanlegt, hvers vegna nefndin hefir ráðið frá þessari grein. Einnig frá sjónarmiði landsmanna virðist mèr það bæði æskilegt og nauðsynlegt, að halda þessari grein óbreyttri eða með orðabreytingum nefndarinnar, því þar sem svo hagar til hèr í landinu, að eptirlitið með brotum á móti frumvarpinu optast nær mun verða framkvæmt af landsmönnum sjálfum, er mjög áríðandi, að þeir geti átt það víst, hvað langt lögin leyfa útlendum fiskimönnum að fara til fiskiveiða. Eg fyrir mitt leyti álít þetta

miklu heppilegra, en eins og nú stendur á, að menn ekki hafa fastákveðnar reglur að fara eptir.

Á móti orðabreytingum nefndarinnar, bæði í 1. og 2. gr. hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt.

Framsögumaður: Eg sal geta þess, að viðvíkjandi því, sem konungsfulltrúi sagði, að landhelgin eigi væri ákveðin í íslenzkum lögum, þá er það satt, að hún er eigi ákveðin í tilsk. 13. júní 1787, en það er til önnur eldri tilskipun, nefnilega tilskipunin 15. ágúst 1763, og þar er hún ákveðin, því í 14. grein hennar segir svo: «*Saa maa og Ingen, hverken vore egne Undersaatter eller «Andre bruge nogen Doggerie omkring Island nærmere end 4 «Mile rundt omkring udenfor Landet under Skib og Godses For-«brydelse, hvor det antræffes*». En þessa ákvörðun áleit nefndin alveg þýðingarlausa. Það vakti nefnilega fyrir nefndinni, að þó landhelgin eptir hèr gildandi lögum sè í 4 mílna fjarska frá landi, meðan hún í þjóðrèttinum er ákveðin $^3/_4$ mílu frá landi, og ef þá sannað yrði, að einhver útlendur hefði fiskað innan þess takmarks, þá mundi það vera sjálfsagt, að hann yrði dæmdur eptir þjóðrèttinum og sínum landslögum, en ekki eptir tilsk. frá 1763. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa, hvort svo mundi eigi vera? Það er satt, að ef fyrsta grein frumvarpsins væri felld burtu, þá væri engin ákvörðun um hegning fyrir brot á landhelgi í íslenzkum lögum, en þess virtist nefndinni eigi þurfa, þar eð sá, er landhelgina bryti, yrði dæmdur eptir eigin lands lögum. Eg efast heldur eigi um, að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður geti skýrt þinginu frá, hvort eigi sè leyfilegt, að dæma menn eptir «analogiske Bestemmelser», þegar engin ákvörðun er gefin fyrir hegningu brotsins í landslögunum. Hvað það snertir, að konungsfulltrúi sagði, að sèr þætti það óskiljanlegt, að nefndin rèði frá, að gjöra 1. grein frumvarpsins að lögum, þá skal eg minna hann á það, að nefnd sú, er stiptamtið setti í vetur, bað um, að hún mætti vera undanþegin frá, að semja frumvarp, heldur að eins álitsskjal um þetta mál, því að henni þætti það vera í fyrra lagi. En það varð þó eptir áskorun stiptamtsins svo að vera, að nefndin samdi frumvarpið og stjórnin endurskoðaði það og lagði það síðan fyrir þingið. En nefndin tók það beinlínis fram í brèfi sínu til konungsfulltrúa, að það væri einungis eptir áskorun hans, en eigi af því, að henni þætti að svo stöddu næg ástæða vera til þess nú þegar, að semja frumvarp til laga um þetta efni, og skal

eg leyfa mèr að skýrskota til hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, er var formaður í nefndinni, hvort eg hafi eigi rètt að mæla. Þessi nefnd fer því lengra en nefndin, sem sett var í vetur, þar sem þessi nefnd ræður til að fella burt að eins 1. grein frumvarpsins, en gjöra hinar greinir þess að lögum, en hinni nefndinni aptur á móti þótti of snemmt, að nokkurt frumvarp um þetta efni væri nú þegar gjört að lögum.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til athugasemdar hins heiðraða framsögumanns einungis skýrskota til skýrslu konungsfulltrúans á alþingi 1863. Það mun eptir því vera ljóst, að ákvarðanirnar í þeim íslenzku lögum ekki einungis eru óvissar, eins og eg gat um áður, heldur einnig alveg stríðandi móti þjóðarèttinum.

Framsögumaður: Eg er að öllu leyti samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa um það, að lög þau, sem hèr er um að ræða, væru góð í sjálfu sèr, en aptur á móti er það álit mitt, að í praxis hafi það ekkert að þýða, þótt íslenzk lög innihaldi ákvörðun um þetta efni, því vissulega mundi svo fara, að, ef sannaðist upp á einhvern útlendan, að hann hefði hèr landhelgi brotið, þá yrði hann eigi dæmdur eptir þessum lögum, heldur eptir þjóðrèttinum.

Eiríkur Kúld: Eg ætlaði einungis að áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. grein frumvarpsins, en hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið sèr hið sama breytingaratkvæði. Viðvíkjandi 3. grein frumvarpsins áskil eg mèr það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir orðin: «þar á staðnum» skuli setja «sýslumanni eða fógeta». Sömuleiðis áskil eg mèr annað breytingaratkvæði við 3. grein, nefnilega að bætt verði við dagsetningu á sóttvarnartilskipunum eða nákvæmar til tekið en er í greininni. Einnig áskil eg mèr það breytingaratkvæði við 4. grein, að í staðinn fyrir orðin: «sem skipað er fyrir» verði sett: «sem skipað verður fyrir», og það er víst meiningin í danska textanum. Þar stendur: »de ham i saa Henseende givne Tilhold». Eg er alveg samdóma nefndinni um, að burt fella 1. grein frumvarpsins, og stefnu nefndarálitsins yfir höfuð.

Framsögumaður: Hvað snertir breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga viðvíkjandi orðunum: «þar á staðnum» í 3. grein, þá hefir það líklega verið látið laga sig eptir danska textanum, þar sem stendur: «Stedets Övrighed». Hvað hitt breytingaratkvæði hans við 3. grein snertir, að setja skuli dagsetningu á sóttvarnartilskipunum, þá er eg því alls eigi sam-

dóma, því það væri eigi að eins rangt, heldur jafnvel skaðlegt, því að það er auðvitað, að bæði getur það fyrir komið, að tilskipununum verði breytt, og svo geta komið út alveg nýjar sóttvarnartilskipanir, sem eru lagaðar eptir því, sem á stendur í það og það skiptið, og dagsetningu þeirra er eigi gott að vita löngu fyrirfram. Eg vona, að meðnefndarmenn mínir séu mèr samdóma um þetta atriði. En hvað breytingaratkvæði hans við 4. grein snertir, þá skal eg bera það undir meðnefndarmenn mína, hvort þeir vilji fallast á það eða eigi.

Stefán Eiríksson: Eg stend eigi upp til þess, að verja álit nefndarinnar, því hinn háttvirti framsögumaður er betur fær til þess en eg, og hann hefir líka gjört það dyggilega. Að eins skal eg geta þess, að eg er að öllu leyti samþykkur því breytingaratkvæði framsögumannsins, að inn í frumvarpið sè tekið bann gegn því, að útlendir fiskimenn skjóti seli eða fugla í eyjum eða hólmum nærri landi eða taki þaðan æðardún og egg o. s. frv., og áskil eg nefndinni rètt til að koma með ákvörðun í þá stefnu, og þessu samdóma var líka nefndin, sem stiptamtið setti í vetur í Reykjavík til þess að íhuga þetta mál. Eg get vel ímyndað mèr, að útlendum fiskimönnum sèu alls ekki kunnug veiðilögin 20. júní 1849, og að þess vegna sè full ástæða til að taka ákvörðun þessa upp í frumvarpið, og einkum þegar það er athugað, að þessi lög verða auglýst útlendum fiskimönnum, og sem einungis eru gefin út þeirra vegna, því væri mjög hentugt, að þessi ákvörðun stæði einnig í þessum lögum, því þá yrði hægra að ná í þessa ránsmenn með sektir, og gjöra þeim sektirnar skiljanlegri heldur en eptir veiðilögunum, sem þeir ekkert vita um.

Sigurður Gunnarsson: Eg sleppi því nú að minnast þess, sem eg ætlaði mèr um þetta mál, því þingmaður Austur-Skaptfellinga hefir nú þegar gjört það.

Eiríkur Kúld: Eg heyrði eigi ljóslega ástæður þær, er hinn háttvirti framsögumaður færði til gegn síðara atkvæði mínu við 3. grein, en eg mun líklega geta komið mèr saman um það við hann seinna. Eg áskil mèr líka rètt til þess viðaukaatkvæðis, að tekið sè fram í álitsskjali þingsins til konungs, að línan, sem talað hefir verið um, viðvíkjandi landhelgi hèr í Faxaflóa verði og sett frá Öndverðarnesi á Bjargtanga.

Framsögumaður: Eg skildi hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga svo, að hann vildi gjöra það breytingaratkvæði við 3. grein frumvarpsins, að bætt væri þar við dagsetningu á sóttvarnartilskipununum. En þetta áleit nefndin rangt og eigi gjörandi, með

því slíkar tilskipanir koma opt út og breytast iðulega eptir því, sem á stendur. Ef t. d. kólera kæmi inn í landið, þá kæmi ný tilskipun; ef svarti dauði að kæmi, þá aptur önnur ný. Hvað línuna snertir, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður stakk upp á að ákveðin væri hèr um árið, þegar hann var konungsfulltrúi, þá virðist mèr ráðlegt að taka einnig með þá ákvörðun upp í álitsskjalið til konungs, svo að stjórnin jafnan hafi vakandi auga á þessu máli.

Davíð Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra það breytingaratkvæði við 3. gr., að í stað «og 50% að auki» sè sett: «og að auki helmingur þess gjalds». Og við 4. grein áskil eg mèr það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir orðin: «hlutaðeigandi amtmaður» sè sett «hlutaðeigandi lögreglustjóri», því eg álít það eins mikla trygging, þótt hann gefi leyfið, en ætla, að það opt geti valdið skaðlegum drætti, ef leyfið þyrfti að sækja til hlutaðeigandi amtmanns, eins og ef t. d. þyrfti að senda af Eskifirði til hlutaðeigandi amtmanns, þá sjá allir, að til þess mundi fara talsverður tími, er valdið gæti óhagræði þeim, sem hlut ættu að máli.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga hefir víst tekið eptir því, að stiptamtmaður fór einmitt hinu sama fram, að hlutaðeigandi lögreglustjórar mættu veita leyfi þetta, en að stjórninni þótti varlegra að áskilja hlutaðeigandi amtmanni að gjöra það, og með því stjórnin þannig eigi hafði fallizt á skoðun stiptamtmanns um þetta efni, þá sá nefndin heldur eigi ástæðu til að fara fram á það við stjórnina, þó skal eg bera þetta nákvæmar undir meðnefndarmenn mína.

Sigurður Gunnarsson: Eg áskil mèr það breytingaratkvæði við 3. grein, að í staðinn fyrir orðin «þar á staðnum» sè sett: «sem þar á yfir að segja». Eg vil og, að það sè tekið fram í 1. grein, hve langt frá landi þjóðrètturinn telur að landhelgi nái. Áskil eg mèr um það viðaukaatkvæði.

Þórður Jónasson: Eg hvorki þarf nè ætla mèr að fara mörgum orðum um þetta mál. Eg leyfi mèr að eins að lýsa því yfir, að eg felli mig eigi við uppástungu nefndarinnar, að fella úr frumvarpinu þess fyrstu grein, sem mèr þykir vel hugsuð og eiga að standa í upphafi lagaboðsins; það getur vel verið, að það megi, eins og hinn heiðraði framsögumaður sagði, finna Analogier, er fara megi eptir, þegar dæma skal um afbrigði gegn fiskilögunum. En það er þó betra, að hafa skýrt og beint lagaboð að fara eptir,

því eg get heldur ekki aðhyllzt þá skoðun framsögumanns, að brot útlendra fiskimanna hèr við land þurfi ekki að ákæra hèr, því þeim verði hegnt í þeirra eigin landi. Eg vil því halda fyrstu grein frumvarpsins, en eigi legg eg neina áherzlu á það, hvort henni er haldið eins og hún er, eða með þeirri breytingu, sem nefndin hefir gjört á henni. Það annað atriði, sem eg vildi minnast á og framsögumaðurinn tók fram, er það, hvort eigi mundi eiga við að taka upp í frumvarpið grein þá, er upphaflega stóð í frumvarpi nefndarinnar, sem hèr var sett á næstliðnum vetri, og snertir bann gegn því, að útlendir fiskimenn færu við strendur Íslands upp í eyjar og hólma til þess að skjóta, taka egg og dún og annað því líkt; það koma hèr opt kvartanir yfir þess konar ágangi af hendi útlendra fiskimanna, og má stundum hafa það fyrir satt, að þetta komi af því, að útlendir fiskimenn viti eigi, að þetta sè bannað; það er að vísu bannað í veiðilögunum frá 1849, en það lítur svo út, eins og útlendir þekki þau ekki, eða hafi þá gleymt þessum ákvörðunum. En þegar þetta frumvarp er orðið að lögum, má, eins og framsögumaður tók fram, gjöra ráð fyrir því, að lagaboðið verði að tilhlutun stjórnarinnar þýtt á framandi mál og þannig verði alkunnugt þeim útlendingum, er hingað sækja til fiskiveiða, og bannið gegn óskunda þeim, sem hèr ræðir um, þannig betur komist inn í meðvitund þeirra. Að öðru leyti álít eg frumvarp þetta bæði verulega og nauðsynlega rèttarbót, og vona því, að þingið aðhyllist það hèr um bil eins og það liggur fyrir.

Framsögumaður: Það er að vísu öllum leyfilegt að breyta skoðun sinni, og þá einnig hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni. Í vetur þótti honum allt of snemmt, að lögleiða nokkurt frumvarp um þetta mál, en nú hefir honum allt í einu snúizt hugur. En eg skyldi alls eigi furða mig á þessu, ef ástæðurnar til þess væru rèttar og á rökum byggðar. Ef vèr gætum að, þá sjáum vèr, að á 4. bls. í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur, að áríðandi sè, að fá eindregnar og öflugar lagaákvarðanir í staðinn fyrir lög, sem eigi eru annað en dauður bókstafur. En eg get eigi trúað því, að hinn 1. konungkjörni þingmaður eða nokkur annar sè sá, er geti sèð, að eindregnar og öflugar lagaákvarðanir sèu innifaldar í 1. grein, og þess vegna get eg eigi álitið, að nein ástæða sè til, að lögleiða 1. grein frumvarpsins.

Konungsfulltrúi: Eg skal í tilefni af orðum hins heiðraða 1. konungkjörna leyfa mèr að taka fram, að veiðilögin af 1849 eru,

að því mèr er kunnugt, útlögð á frakknesku og send hinni frakknesku stjórn, og að þessi útlegging er fengin í hendur þeim fiskimönnum, sem hingað sigla.

Eiríkur Kúld: Með því að eg af umræðunum er orðinn hræddur um, að varauppástunga nefndarinnar kunni að komast að, þá áskil eg mèr rètt til þess, að gjöra breytingaratkvæði í þá stefnu, að seinni liður hennar falli burt, en í stað þess sè sett ákvörðun um það, að allir firðir og flóar verði fyrir innan friðhelgislínuna. Eg kann má ske síðar að falla frá þessu, ef mèr svo sýnist.

Benidikt Sveinsson: Eg fellst yfir höfuð að tala á nefndarálitið að aðalstefnunni til, en það er gallinn, að aðalhugsun nefndarinnar nær ekki eins langt, eins og hún leiðir til. Eg áskil mèr því rètt til þess, að gjöra breytingaratkvæði við hið áskilda breytingaratkvæði nefndarinnar, nefnilega á þann hátt, að sú hegning, sem eptir tilskipuninni 13. júní 1787 er lögð við því, ef útlendir menn brjóta landhelgi og fiska of nærri landi, sè einnig látin ná til þeirra, sem þar að auki ganga á land í eyjum og hólmum, og gjöra þar rán, óspektir og óskunda. Það er sem sè auðsætt, að ef 1. grein frumvarpsins er felld, þá stendur tilskipunin 13. júní 1787 § 4 óbreytt, og þá eiga útlendir fiskimenn, sem hafa brotið hana, að sæta hegningu eptir henni, ekki síður fyrir það, þó þeir að auk gjöri óspektir og rán í eyjum eða hólmum. Eins og eg hefi þegar sagt, áskil eg mèr því breytingaratkvæði í þessa stefnu, og ætla að bera mig saman við nefndina um það, að 1. og 2. grein frumvarpsins falli burt. Eg áskil mèr líka rètt til þess, að breyta fyrirsögn frumvarpsins eptir innihaldi þess.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir sektin of misjöfn og óákveðin, þar sem sagt er, að hún skuli vera frá 10—200 rd. Mèr virðist það engin sekt vera, þó maður sè sektaður um 10 rd., sem gengur í land á varpeyjum og hólmum og eyðileggur varpið með skotum, ránum og alls konar óspektum. 10 rd. eru alls engar bætur móti skaða þeim, sem hann þar með gjörir. Og sè dómarinn vægur, þá mega lögin alls eigi heimila honum svo mikla vægð. Eg áskil mèr því það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir 10—200 rd. sè sett 20—200 rd. Eg felli mig vel við það, að upp í frumvarpið sè tekin viðaukaákvörðun um rán í varpeyjum, einkum þar eð þessi lög eiga að útleggjast á önnur mál og munu verða víða kunnug. Eg ætla því að sameina mig við þá, er þessu

fylgja, og vil eg sama hegning sè lögð við það sem broti á landhelgi.

Hallgrímur Jónsson: Eg þarf lítið að mæla með nefndarálitinu, því bæði hefir hinn heiðraði framsögumaður gjört það svo vel, sem honum er lagið, að eg hefi þar engu við að bæta, og svo hefir það yfir höfuð að tala fengið lítil mótmæli; einungis nokkrir þingmenn hafa áskilið sèr orðabreytingar. Eg skal geta þess, að eg held, að eg sem nefndarmaður muni verða flestum breytingaratkvæðunum samþykkur, nema hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga um dregnar línur á fjörðum og flóum, en að þess sè getið í álitsskjalinu, hefi eg ekkert á móti; og heldur ekki mun eg geta samrýmt mig við breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga um það, að gömlu sektirnar haldist í tilliti til þeirra, sem fara með rán og rupl í eyjum og hólmum, og nefndin hefir áskilið sèr breyting með að koma inn undir sektirnar í 2. grein.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr virðist það vera varúðarvert, að sleppa 1. grein frumvarpsins; því að það er þó nauðsynlegt, að taka það fram í lagaboðinu, að útlendingar megi eigi fiska fyrir innan landhelgi, svo að Íslendingar sjálfir geti vitað, að þeir megi kæra útlenda fiskimenn, ef þeir fiska of nærri landi. Að þessi grein sè ótímabær nú, vegna þess alþingi muni síðar fá löggjafarvald, og geti þá sett lög um þetta atriði, það get eg eigi sèð, því að fái alþingi löggjafarvald og vilji að einhverju leyti breyta þessu lagaboði, er eg álít að mörgu leyti nauðsynlegt, þá er auðvitað, að það er öldungis á þess valdi, að gjöra þær breytingar við það, er því þurfa þykir, enda er það alkunnugt, að eldri löggjöfum opt er breytt, og stundum alveg numdar úr gildi, og það þótt þær sèu eigi mjög gamlar. Eg fellst á varauppástungu nefndarinnar um það, að ákvörðun um hegningu fyrir skemmdir á eyjum og hólmum sè tekin inn í frumvarpið, en með því að þess konar brot að minni ætlun heyra undir hin almennu hegningarlög, þá virðist mèr nauðsyn til bera, að vísa til þeirra eða taka ákvarðanirnar úr þeim um það atriði upp í frumvarpið, því að löggjöf þessi mun efalaust, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, verða útlögð á önnur mál, og henni síðan úthlutað meðal útlendra fiskimanna.

Framsögumaður: Eg ætla að fara fám orðum um breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Árnesinga. Hann áskildi sèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að fella líka burt 2. grein frum-

varpsins, en láta hegningu fyrir brot, sem þar er um talað, vera metna eptir tilsk. 13. júní 1787. En þó eg sè ekki lögfróður, hèlt eg að ráðlegt væri, að lögin um sama efni væri sjálfum sèr samhljóða, og hegning sú, sem ákveðin er í 2. grein frumvarpsins, er alveg samkvæm öðrum lögum um sama efni, t. d. veiðilögunum 1849; þar er hegningin eigi nærri eins hörð fyrir æðarfugladráp, eins og sú, sem tilsk. 1787 ákveður, enda er hegningin þar svo gífurleg, að henni hefir aldrei verið beitt og mun aldrei verða, heldur farið eptir samkomulagi við yfirmenn útlendu herskipanna. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að nauðsyn bæri til, að frumvarp þetta yrði að lögum gjört, svo að landsmenn gætu vitað, að þeir mættu kæra útlenda fiskimenn, ef þeir fiskuðu of nærri landi, þá ætla eg, að sú ástæða sè þýðingarlítil, því að landsmenn vita vel, að þeir mega kæra þá, og því verður eigi neitað, að þeim fremur hættir við, að gjöra meira en minna úr yfirgangi þeirra, og nú í 2 ár hefir verið reynt með öllu móti að sanna einhvern þeirra um brot á landhelgi, en allt af árangurslaust. Flestum formönnum hèr mun enda vera vel kunnugt, að landhelgi er $^3/_4$ en eigi 4 mílur frá landi. Eg álít, að, til þess að gjöra þetta öllum kunnugt, nægi einföld auglýsing í «Þjóðólfi» eða annarstaðar, en þurfi alls eigi til þess lagaboð.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir misskilið mig. Það var alls eigi ætlun mín, að nauðsynlegt væri að taka fram í frumvarpinu, hver landhelgin væri, heldur ætlaðist eg til, að í 1. grein frumvarpsins skyldi það vera tekið fram, að það alls eigi væri ósamkvæmt, að brjóta hèr landhelgi, hver sem hún svo væri, hvort sem hún heldur væri $^3/_4$ mílu, eða meira.

Benidikt Sveinsson: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður talaði um, að ósamkvæmni yrði í lögunum, ef breytingaratkvæði mínu yrði gaumur gefinn, þá er þess að gæta, að þetta breytingaratkvæði flýtur beinlínis af skoðun og niðurstöðu sjálfrar nefndarinnar.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og vil eg biðja þá, er breytingaratkvæði hafa gjört, að koma með þau sem fyrst, og helzt eigi seinna en um hádegi á morgun.

Þá kemur næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga hins háttvirta 4. konungkjörna

þingmanns (Jóns Pèturssonar) um kennara í fornfræðum og sögu Norðurlanda. Uppástungumaðurinn er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána, og skýra frá um hana, eins og honum þykir þurfa.

Jón Pèturrsson: Eg skal þá lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 219).

Eg ætla eigi að mæla margt með uppástungu þessari; hún hefir tvisvar áður verið fyrir þinginu, og þingið í bæði skiptin gjört góðan róm að henni og aðhyllzt hana, og svo veit eg að það enn muni gjöra, enda þótt kostnaðurinn, sem af því risi, sem hèr er farið fram á, ætti að koma á landið, og það því fremur, sem auðsèð er á hinni konunglegu auglýsingu, að stjórnin viðurkennir, að það yrði að vera mjög æskilegt fyrir oss, ef þetta gæti komizt á. Einungis þykir henni það ísjárvert, eins og eðlilegt er, að gefa nú út lagaboð um þetta efni, án þess að þingið á ný segði álit sitt um það, þar sem fjárhagurinn nú er orðinn aðskilinn, en kostnaðurinn hlyti að lenda á landssjóðnum. Stjórninni hefir samt eigi þótt málefni þetta svo áríðandi, að hún ætti að semja frumvarp um það og leggja fyrir þingið, heldur hefir hún auðsjáanlega ætlazt til, að vèr kæmum aptur með bænarskrá þessu viðvíkjandi, og sýndum þannig í verkinu, að oss væri alvarlega umhugað um, að fá þessu framgengt. Eg óska því, að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Af því að hinn háttvirti uppástungumaður hefir skýrskotað til hinnar konunglegu auglýsingar, þar sem segir, að það hafi nú sem stendur þótt ísjárvert, að leggja útgjöld til þess á hinn íslenzka landssjóð, skal eg leyfa mèr að leiða athygli þingsins að tvennu: Ef stjórnarskráin í þetta skipti verður samþykkt af þinginu, mun spursmálið um þessi útgjöld eptir hlutarins eðli ekki ekki verða útkljáð, nema eptir samþykki hins löggefandi alþingis; en ef það verður ekki, mun stjórninni að mínu áliti þykja það eins ísjárvert og hingað til, að leggja þessi útgjöld á hinn íslenzka landssjóð. Eg skal þess vegna skjóta því til hins heiðraða uppástungumanns, hvort ekki muni vera tilefni til að fresta þessu máli til næsta alþingis.

Jón Pèturrsson: Eg þóttist mega gjöra ráð fyrir, að alþingi mundi taka nú svo í stjórnarfrumvarpið um stjórnarskrá Íslands, að alþingi fengi bráðum löggjafarvald, og ef það yrði og alþingi

hefði beðið um þetta, þá mundi stjórnin samþykkja þessa uppástungu.

Grímur Thomsen: Mèr virðist áminning konungsfulltrúa mjög tímabær, því þótt það sè mjög æskilegt, er uppástungan fer fram á, þá ættum vèr þó að geta beðið eptir þessu 2 ár til, fyrst vèr erum búnir að bíða svo lengi hvort eð er.

Jón Sigurðsson: Því fer fjarri, að eg vilji hafa á móti innihaldi bænarskrárinnnar, því mèr er óhætt að segja það, að mèr er mjög annt um, að þekking á sögu og fornfræði Norðurlanda aukist og útbreiðist í landinu. En eigi að síður verð eg að vera samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa um það, að bezt muni vera að fresta þessu máli, þó eigi sè af annari ástæðu, þá samt beinlínis af þeirri, að eg eigi vil, að þingið taki mál til meðferðar, er miklu fè þarf að verja til, fyr en það hefir fengið meira vald, það er að segja löggefandi vald, er menn vona að eigi verði langt að bíða. Eg ætla því einungis að bæta við þeirri fyrirspurn til hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, hvort hann eigi vilji taka uppástungu sína aptur.

Jón Pètursson: Nei, þingið getur fellt uppástunguna, ef það vill. Mèr virðist það líka í sannleika nokkuð undarlegt, ef þingið nú skyldi fella þetta mál, þar sem það þó tvisvar áður hefir sent konungi bænarskrá um það. Allir gjöra ráð fyrir, að þingið bráðum fái löggjafarvald; væri það þá fallegt fyrir þingið, ef það nú kastaði málinu, þegar landið ætti að bera kostnaðinn, en hafa beðið tvisvar um það, meðan útgjöld til nauðþurfta landsins voru borguð úr ríkissjóði? Ef þingið þar á móti sendir stjórninni bænarskrá um málið, sèr hún, að oss áður hefir verið full alvara með bænir vorar í þessu efni. Hvað kostnaðinn annars snertir, sem af þessu mundi leiða fyrir landið, þá get eg eigi álitið, að sökum hans sè horfandi í, að koma embætti þessu á fót, og eg er sannfærður um, að ýmsum útgjöldum landsins er eigi betur varið, en þótt nokkru fè væri varið til þessa.

Jón Sigurðsson: Eg er alveg á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Rangæinga um það, að fyrst að landið hefir verið kennaralaust í þessari vísindagrein í mörg hundruð ár, eða síðan það byggðist, þá muni það einnig geta baslazt af kennaralaust í 2 ár til, eða hvað það kann nú að verða. En þar sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður talaði um ósamkvæmni hjá þinginu, ef það ætlaði að fella þá uppástungu, er það tvisvar áður hefir aðhyllzt

þá getur sú ósamkvæmni vel skilizt, því eg skal fyrir mitt leyti játa það, að eg er maður þeim breyskleika háður, að vera gjarn til «að rista breiðan þveng af annars skinni», og má vera að svo hafi verið fyrir þinginu að undanförnu. En nú verður allt öðru máli að gegna, því hvernig sem allt fer, er auðsætt, að laun þessa kennara verða tekin af landsins fè, eða úr landssjóði, og því held eg, að þetta mál ætti að bíða, þar til vèr fáum meiri umráð eigna vorra en vèr nú höfum.

Jón Hjaltalín: Eg get eigi verið bænarskránni meðmæltur, eigi af því, að eg eigi sè málinu hlynntur, heldur af því, að eg eigi sè ráð til, að fá fè það, er til þess þarf, því að eg er hræddur um, að þær «skandinavisku Sympathier» nái eigi svo langt, að þær nái út hingað til landsins, og vèr munum víst verða að tefla upp á vorar eigin spítur. Eg hefði óskað, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefði stungið upp á einhverjum ráðum til þess, að útvega fè þetta, t. d. að hann hefði stungið upp á að leggja toll á tóbakið. Það hefði mèr skilizt, því vèr höfum sannarlega eigi forþènað að fá skóla, meðan vèr tökum svo mikið í nefið, og brúkum svo mikið af möluðu kaffi.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari umræðu lokið, og skal eg nú leita atkvæða þingsins um það, hvort nefnd skuli setja í málið eða eigi.

Því næst var gengið til atkvæða og málið fellt frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 6.

Forseti: Það, sem því næst kemur til umræðu, er bænarskrá úr Vestmannaeyjum um, að póstgufuskipið verði látið koma þar við í hverri ferð. Hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra frá henni, svo sem honum þykir þurfa.

Helgi Hálfdánarson: Eg skal þá lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 220).

Það er svo glögglega tekið fram í bænarskránni, hve áríðandi það sè fyrir Vestmannaeyinga, að póstskipið komi þar við á ferðum sínum til og frá Reykjavík, að eg efast eigi um, að það muni vera öllum ljóst orðið. Einkum er það áríðandi fyrir þá, að það komi þar við, ef veður leyfir, á fyrstu og síðustu ferð sinni, því að menn eru þar opt í hreinum vandræðum með að koma nauðsynlegum brèfum sínum frá sèr á haustin og vorin; en þá hefir það þó sèr í lagi brugðizt, að póstskipið hafi komið þar við. Og

þótt svo kunni að vera, að póstskipsstjóranum hafi áður verið boðið að koma við á Vestmannaeyjum, þá veit eg eigi, hvort svo er nú, með því ýmsar breytingar hafa orðið á reglum póststjórnarinnar á seinni árum. Eg hefi sjálfur fyrir víst einu sinni og, að mig minnir, optar spurt póstskipsstjórann, hvort hann mundi koma við á Vestmannaeyjum á þeirri ferð sinni héðan, og hefir hann þá svarað á þá leið, að hann eigi gæti sagt það, því það væri undir kringumstæðunum komið, nefnilega því, hvort hann færi þar hjá á nóttu eða degi, og hvernig vindur og veður væri. Ef hann færi þar fram hjá á nóttu, þá væri fólk þar í svefni, og sæi eigi til ferðar skipsins. Eg hefi þess vegna sjaldan séð mér fært að senda bréf til Vestmannaeyja með póstskipinu. Það hlýtur líka öllum að skiljast, hvílíkt óhagræði það væri fyrir mann, sem vildi fara héðan til Vestmannaeyja, ef svo færi, að póstskipið alls eigi kæmi þar, heldur færi með hann til Færeyja, og hann yrði að bíða þar, þangað til það kæmi aptur, og ætti svo eigi einu sinni víst, að það kæmi þar við á leiðinni hingað aptur. Þótt póstskipið kæmi við á Vestmannaeyjum, hvenær sem veður leyfir, og staldraði lítið eitt við, get eg eigi skilið, að það yrði kostnaðarauki, sem nokkru munaði. Eg sé líka, að póstskipið er opt fljótara á ferðum sínum, en «Fartplanið» gjörir ráð fyrir, svo að eigi getur hin litla töf, er leiddi af því, að það kæmi þar optast við, orðið því til hindrunar, að hið umbeðna fáist. En hvað það snertir, hvort nefnd skuli setja í málið, þá er eg eigi fastur á því; mér virðist kann ske eins gott, ef þingið að eins vill mæla með því, að málinu sé vísað forsetaveginn til stiptamtmannsins. Mönnum kynni að koma til hugar, að máli þessu væri réttast að vísa til nefndarinnar, sem á að ræða um gufuskipsferðir kring um Ísland; en beinlínis til hennar vil eg eigi að því sé vísað, heldur fyrst til stiptamtmannsins, því eg hefi það traust til hans, að hann veiti máli þessu sín beztu meðmæli. Eg er þess fullviss, að hann, eins og allir, kannast við, að þetta er brýn nauðsyn fyrir Vestmannaeyinga, sem eru svo þráfalt útilokaðir frá öllum samgöngum við meginlandið. Mér væri mjög kært að heyra annara þingmanna álit um málið; en vona að allir verði því meðmæltir.

Jón Hjaltalín: Eg álít ótækt, að þingið setji nefnd í máli þessu. En eg vil styðja að því, að þingið vísi bænarskránni forsetaveginn til stiptamtmannsins, að hann mæli með því við stjórnina ytra, að taka bæn Vestmannaeyinga til greina, að því leyti,

sem því verður við komið. Vèr hèr á þinginu erum ekki færir að dæma um, hvort póstskipið getur komið við á Vestmannaeyjum í hverri ferð sinni; og því getur nefnd ekkert gjört máli þessu til fyrirgreiðslu. Ekki vil eg heldur, að þingið fari að vísa bænarskránni til nefndarinnar, er kosin var í vetur viðvíkjandi gufuskipsferðum umhverfis Ísland, því með því móti er máli þessu varla borgnara, meðan enginn veit, hve lengi kann að dragast, þar til nokkur árangur af gjörðum hennar verður sýnilegur.

Stefán Eiríksson: Eg stend upp í því skyni, að mæla með bænarskrá þeirri, er hèr liggur fyrir; því mèr finnst brýna ástæðu bera til þess, að hlutaðeigendur eigi að fá þá ósk sína uppfyllta, að póstskipið eigi að koma við í eyjunum í hverri ferð sinni; því það er ekki nóg, þó það komi þar við stöku sinnum, ef eyjabúar hafa enga vissu fyrir, að það skuli koma við í hverri ferð; það er mèr kunnugt um, að fjarska-langur tími getur liðið, svo engin ferð verði milli lands og eyja, svo það er með engu móti mögulegt, hvað sem við liggur, að koma embættisbrèfum eða öðrum mikilsvarðandi brèfum til eða frá eyjunum. Eg ímynda mèr því, að valdstjórnin muni gjöra allt sitt til, að lagfæring komist á þetta mál. Þess vegna, þó eg ekki mæli með nefnd, vildi eg sterklega styðja að því, að bænarskrá þessari verði vísað forsetaveginn til stiptamtmannsins, sem þá mundi taka allt mögulegt tillit til, að Vestmanneyingar fengju þessa sína ósk fyllilega uppfyllta.

Jón Pètursson: Mèr finnst bænarskrá þessi íhugunarverð, og eg vil ráða þinginu til, að athuga hana vandlega, áður en það samþykkir, að veita henni áheyrn. Eptir því, sem heyra er á bænarskránni, má búast við, að talsverðan kostnaðarauka mundi leiða af því, ef Vestmannaeyingar fengi ósk sína uppfyllta; og með því, að stjórnin eigi hefir álitið tilhögun þessa nauðsynlega, að minnsta kosti ekki sín vegna, þá er enginn efi á því, að sá kostnaður, er leiddi af því, að póstskipið væri látið koma við í Vestmannaeyjum á ferðum þess, hlyti beinlínis að lenda á landssjóðnum. Nú hefir mèr fundizt nýlega í öðru máli hinir heiðruðu þingmenn ekki vera mikið fyrir, að auka landinu kostnað, þótt um fullkomið nauðsynjamál væri þá að ræða, og því vona eg einnig, að þingið fari varlega í þessu máli. Eg vil því ráða til, að þessi bænarskrá eigi verði tekin til greina. Reyndar er eg ekki nógu kunnugur ástæðum fyrir bæn þessari, en eg vildi líka að eins áminna þingið um, að fara varlega.

Ólafur Pálsson: Eg vil styðja að því, að þingið taki vel í mál þetta. Vestmannaeyingar eru útilokaðir frá nálega öllum samgöngum, eigi einungis við aðrar sveitir landsins, heldur og einnig við Danmörk. Það eru ekki einungis einstakir menn, sem líða mikinn baga við þetta, heldur einnig er samgönguleysið mjög svo bagalegt fyrir bæði valdstjórnina og verzlunina þar í eyjunum. En þótt eg nú leggi þetta til og óski, að hlutaðeigendur fái bót ráðna á þessum vandkvæðum, þá gjöri eg mig vel ánægðan með, að máli þessu verði vísað forsetaveginn til amtmannsins í suðuramtinu, því eg er sannfærður um, að þar er málinu vel borgið.

Páll Pálsson: Eg er alveg samdóma þeim heiðruðu þingmönnum, er mælt hafa með bænarskránni, og mèr finnst það vera mjög sanngjarnt, að Vestmannaeyingar fái bænheyrslu. Mèr er kunnugt um það, að þeir eru í margan handa máta illa settir; eg vil taka fram eitt dæmi, sem ljóslgga sýnir, hve báglega getur farið, ef þar er ekki bót á ráðin. Eg set svo, að presturinn á Vestmannaeyjum dæi; þá gæti vel svo farið, að eyjarskeggjar yrðu prestlausir í fulla 4 mánuði; því það er allopt, að engin skipaferð er milli lands og eyja svo langan tíma. Eg get eigi gjört mèr í hugarlund, að það yrði kostnaðarauki, svo nokkru næmi, þótt póstskipið kæmi við í eyjunum ávallt á ferðum sínum, þar sem það annars fer þar meðfram landsteinunum, hvort sem er. Mèr þótti það undarlegt, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður skyldi segja, að þetta mundi auka kostnað á landssjóðinn, því að það er vitaskuld, að verði beiðni þessi tekin til greina af stjórninni, þá álítur hún hana nauðsynlega; og eg ber það traust til stiptamtmannsins, að ef hann álítur málið nauðsynjamál, sem eg vona hann gjöri, þá eigi hann hægt með að sannfæra stjórnina um, að svo sè.

Helgi Hálfdánarson: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir skakkt tekið eptir, er hann ætlar það standi í bænarskránni, að beiðendur gjöri ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka, ef póstskipið yrði skyldað til að koma við á Vestmannaeyjum í hverri ferð til og frá. Það var eg, sem gat þess til, að þetta kynni, ef til vill, að valda dálitlum kostnaðarauka, sem eg þó reyndar efast næsta mjög um að yrði nokkur. En setjum svo, að einhvern lítils háttar kostnað kynni að leiða af þessu, þá get eg ekki ímyndað mèr, að póstmálastjórnin fari að fást um fáeina dali, er til þessa kynni að ganga. Og þótt landssjóður vor ætti að bera þennan

litla kostnað, þá finnst mèr, að vèr ættum eigi að sjá eptir slíku lítilræði.

Pètur Pètursson: Eg vil feginn styðja að því, að samgöngur um landið geti orðið sem beztar og greiðastar, og að því leyti er eg einnig meðmæltur því, að þeir, er hèr eiga hlut að máli, eigi sem hægast með að standa í sambandi við önnur hèruð landsins. En mèr finnst bænarskrá þessi vera allt of óákveðin til þess, að þingið geti tekið hana til greina. Hún fer fram á það, að póstskipið komi við í Vestmannaeyjum á hverri ferð þess til og frá. Eg veit nú ekki betur, en póstskipið komi við í Vestmannaeyjum á ferðum sínum, þegar því verður við komið, því nokkuð er það, að eg hefi opt og iðulega sent með því brèf þangað, og þau hafa ávallt komizt skilvíslega. Reyndar getur vel verið, að það ekki komi þar við í fyrstu ferð sinni á vorin, nè heldur hinni seinustu, um það get eg ekki fyllilega borið. En það tel eg víst, að yfirmaðurinn á póstskipinu gjörir sèr allt ómak fyrir, að koma þar við, þegar kringumstæður leyfa; en sökum brims getur það eflaust stundum orðið ókljúfandi; líka mun í eyjunum engin «*Lanterne*» vera, svo í náttmyrkri er það þá einnig frágangssök. Nú er í bænarskránni alveg óákveðið, hvort póstkipið skuli hafna sig í Vestmannaeyjum í hverri ferð eða ekki; en ef hið fyrra er meiningin, þá er það án efa allmiklum erfiðleikum bundið. En ef póstskipið fer þar um á nóttu, þá er víst bezt fyrir eyjarbúa, að láta einhvern vaka um nætur þær, er von væri á því, til að segja til, svo allt yrði á reiðum höndum, þegar skipið færi hjá; og væri þetta næsta auðvelt, síðan «*Fartplan*» skipsins hefir verið birt almenningi. Með þessu móti þyrfti skipið aldrei að standa þar við og hafna sig; enda mundi kostnaður sá, er gengi til þess, að láta mann vaka, ekki verða nærri því eins mikill og sá, er af því leiddi, ef skipið hafnaði sig.

Helgi Hálfdánarson: Efni bænarskrárinnar er alls eigi svo óákveðið, eins og hinum háttvirta varaforseta fannst hún vera. Það er beðið um, að skipið komi við á Vestmannaeyjum í hverri ferð til og frá, þegar kringumstæður með nokkru móti leyfa. Það er að vísu eigi tekið fram í bænarskránni, hvort skipið eigi að hafna sig eður eigi, en eg tel víst, að til þess sè eigi ætlazt. Þar sem hinn háttvirti varaforseti enn fremur gat þess, að það mundi opt vera ókljúfandi fyrir póstskipið sökum brims, að koma við í Vestmannaeyjum, þá er það misskilningur. Það er ekki brim í

Vestmannaeyjum, er veldur því svo tíðum, að ófært er að komast milli lands og eyja, heldur er það brimið við Landeyjasand, er gjörir svo einkar-torveldar og hættulegar allar sjóferðir, bæði til og frá eyjunum. En að póstskipið muni opt og iðulega koma við í Vestmannaeyjum, eins og sami þingmaður einnig bar fram, er auðsjáanlega ekki á rökum byggt, því Vestmannaeyingar hefðu þá ekki sent til þingsins þessa bænarskrá; enda hefi eg, eins og eg áður hefi vikið á, með eigin eyrum heyrt skipstjórann á póstskipinu segja, að það væri með öllu óvíst, hvort skipið kæmi við í Vestmannaeyjum.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki orðlengja þetta mál, heldur einungis leyfa mèr að styðja uppástungu hins heiðraða flutningsmanns, að málinu verði vísað forsetaveginn.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, er umræðu þessari lokið. Ef það er ósk flutningsmannsins, að eg leiti atkvæða þingmanna um, hvort nefnd skuli kosin í máli þessu, þá mun eg fyrst bera það upp til atkvæðagreiðslu.

Helgi Hálfdánarson: Mèr sýnist það rèttara.

Því næst leitaði forseti atkvæða um tèð atriði, og gaf enginn atkvæði fyrir því. Þá leitaði forseti atkvæða þingmanna um, hvort vísa skyldi bænarskránni forsetaveginn til stiptamtmannsins, og var það samþykkt með 23 atkvæðum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá úr Suður-Múlasýslu um, að prestaefnum verði kennd heilbrigðisfræði og einfaldar lækningar. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu er flutningsmaður máls þessa, og mun hann lesa bænarskrána og skýra nákvæmar frá henni fyrir þinginu, svo sem hann álítur að þörf sè til.

Sigurður Gunnarsson: Bænarskrá þessi hljóðar svo. (Sbr. II. bls. 221).

Eins og bænarskrá þessi ber með sèr, er hún sprottin af sárri tilfinningu Austfirðinga á læknaskortinum í þeim hèruðum; og má eg fullvissa þingið um það, að sú tilfinning er eigi um skör fram, því það er ljóst, að þar sem byggðin með sjó fram, er einn læknir á að gegna, mun að minnsta kosti vera 140 mílur, o: frá Skeiðará til Langanesstanga eða Skála á Langanesi, fyrir utan allar uppsveitabyggðir á slíkum ógna-geim, þar sem og þvílíkar vegatorfærur eru eins og í Austfjörðum, og upplendið svo víðáttu-

mikið eins og kunnugt er, að í slíku umdæmi geti einn læknir, hversu góður og mikill maður sem er, varla hjálpað meiru en einum hundraðasta parti þeirra, er þurfa læknishjálpar. Til þess að bæta ofurlítið úr þessum dauðans-vandræðum, sjáum vèr Austfirðingar engan líklegri veg, en það sem farið er fram á í þessari bænarskrá, að prestaefnum væri kennt hið allranauðsynlegasta, sem þyrfti til að bjarga sóknarmönnum í lífs- og heilsunauðsyn, sem gæti þá og orðið lækni til mikils léttis, svo hann gæti gagnað fleirum. Öllum, er skyn ber á mál þetta, mun eigi virðast það litlu varða, að næmum sjúkdómum verði varnað að út breiðast um landið; en til þess að varnað verði útbreiðslu sjúkdóma, verður einhver að vera, sem þekki eða beri skyn á sjúkdómana og sóttnæmi þeirra; en nú, þar sem enginn er sá, er hafi þetta skynbragð á sjúkdómunum, nema þessi eini læknir, þá er auðvitað, hvílíkt tjón sjúkdómarnir gjöra fram yfir það, sem komast mætti hjá, ef fleiri væri, er þekkti þá. Þá er það og mælt, að illt lopt og óhreinindi spilli mjög sjúkdómum og gjöri þá banvæna, en fæstir vita, hvernig úr þessu skaðræði á að bæta. Vèr höfum þess óteljandi dæmi, að sè tekið á móti sjúkdómum skynsamlega í byrjuninni, þá verða þeir léttari, skammvinnari og hættuminni en ella. Þá getur það og gjört mikið gagn, að nokkrir sèu þeir í sveitunum, er kunni að lýsa sjúkdómum rètt fyrir læknum, með því það er skilyrði fyrir því, að læknirinn geti fyrirskrifað þau meðul, er við eiga. Eg veit þess enn fremur mýmörg dæmi, að þau slys og meiðsli, er annars hefði hæglega mátt gjöra við, hafa valdið þeim, er fyrir þeim hafa orðið, hinna hörmulegustu afleiðinga alla æfi, af því enginn var nálægur, sem vit hafði á að hjálpa í tíma; t. a. m. þegar limur hefir gengið úr liði, eða beinbrot hafa viljað til, þá hafa limirnir aldrei komizt í lið af því, að enginn var sá, er hefði vit á að færa þá í lag, eða limir hafa skekkzt eða stytzt eða misst liðamót, því enginn kunni að binda við þá. Og er þau atvik hafa að borið, að menn hafa skyndilega látizt eða sýnzt dauðir, drukknað, orðið úti eða því um líkt, þá hefir orðið að sleppa öllum lífgunartilraunum, sem margopt hefði getað haft hinn bezta árangur, ef nokkur í nánd hefði kunnað þær. Og margt má fleira telja af hörmungum hjálparlausra manna fyrir læknisleysi. Sú var eigi ætlun þeirra, er sendu þessa bænarskrá, að kunnátta sú, er prestar í þessu efni ætti að afla sèr, skyldi vera svo mikil, að það þyrfti að valda miklum tímaspilli eða kostnaðar-

auka, heldur að þeir lærðu svo mikið, að nokkuð bætti úr bráðri nauðsyn líðandi bræðra, á meðan læknaskipunin er svo aumlega á sig komin sem nú er og lengi mun verða enn. Enda ætla eg, að sú hjálp, sem hèr er óskað eptir, að prestar lærðu að geta veitt sínum sóknarbörnum í líkamlegum efnum, liggi harðla nærri skyldu þeirra. Mèr er það og fullkunnugt, að það hefir sært hjarta margra góðra og samvizkusamra presta, að geta eigi liðsinnt í bráðri nauðsyn líðandi náungum sínum, og þeim hefir gramizt, að bera ekkert skyn á, hvernig líkna mætti.

Með því nú svo margt mælir með því, að ósk og þörf beiðanda sè gaumur gefinn, þá vona eg margir þingmenn verði með því, að nefnd verði sett til að íhuga mál þetta, jafnvel þótt eg gangi að því vísu, að sumir þeirra muni verða málinu gagnstæðir.

Davíð Guðmundsson: Eg tek til máls til þess, að ráða frá því, að nefnd verði sett í máli þessu. Í fyrra dag gaf eg atkvæði móti því, að nefnd væri sett í máli, er var þess eðlis, að lètta ábyrgð á prestum, er eg áleit eigi ofætlun fyrir presta að hafa, og jafnframt hollt fyrir fèlagið, að þeir hefðu; og í dag mæli eg móti nefnd í þessu máli, af því að mèr virðist það leggja prestum of þunga ábyrgð á herðar, og einnig vafasamt, hvort það sè alls kostar hollt fyrir fèlagið. Það er kunnugt, að prestar hafa mörgum störfum að gegna; þeir hafa á hendi prestskap, og lúta þar undir ýms afskipti af sveitamálum og fátækrastjórn; einnig hafa þeir á hendi búskap. Ef nú prestum ferst eigi betur en vel að leysa þessi störf sín af hendi, eins og dæmi mun mega til finna, þá býst eg eigi við, að betur mundi fara, ef enn væri aukið á þá nýjum og næsta umfangsmiklum störfum, eins og þessi uppástunga fer fram á. Eg tel víst, að þessi ólíku störf, er prestar ættu að gæta, mundu spilla hvert fyrir öðru, svo allt yrði tómt hálfverk og eigi neitt úr neinu, og það álít eg mjög óhollt fyrir þá, er prestanna eiga að njóta. Það hefir verið borið fram, að kennsla sú, er beðið er um í uppástungu þessari, mundi eigi valda miklum kostnaði, en það get eg alls eigi fallizt á. Eg álít fullnóg að læra á prestaskólanum þennan 2 ára tíma, sem prestaefnum er ætlað að dvelja þar; eg er einnig öldungis viss um, að engin vísindagrein, er þar er kennd, má missast, ef prestaefnin eiga að geta fengið almenna vísindalega menntun, og svo þá hina sèrstaklegu prestslegu menntun. Ætti nú kennslu í læknisfræði

einnig að veita prestaefnunum, þá mundi slíkt talsvert draga frá hinu eiginlega námi þeirra, og þá hlyti þeir að verða miður að sèr í hinu eiginlega skyldunámi sínu en ella; þeir hefðu þá að vísu nasasjón í fleirum greinum, en eg vil heldur, að menn læri fáar fræðigreinir vel, en margar illa. Annað mál er það, ef tíminn til námsins væri aukinn á prestaskólanum, en þess get eg varla vænzt, að slíkt mundi þykja ráðlegt, þar sem styrkur fæst þar einungis til tveggja ára, svo prestaefni þau, er læknisfræði næmu, yrði þá sjálfir að bæta við tíma og kostnaði til þess náms af eigin rammleik; en til þess mundu færri hafa efni. Eg er og hræddur um, að þótt í bænarskránni eigi sè til ætlazt, að nema lítið skuli heimtað af prestum í þessu efni, þá kynnu margir, er fram líða stundir, að færa sig upp á skaptið, svo úr þessu yrði, að prestar leiddust út í að gefa sig við lækningakáki og meðalaprangi; en slíkt álít eg að hefði hin lökustu áhrif á samlíf presta og safnaða. Eg ræð því þinginu til, að hugsa sig vandlega um, áður en það fellst á, að eyða tíma sínum og kröptum til þess, að fara ítarlega í annað eins mál og þetta.

Helgi Hálfdánarson: Af því eg stend í sambandi við þá vísindastofnun, er hèr er um að ræða, þá get eg eigi leitt hjá mèr, að fara um bænarskrá þessa fáum orðum. Eg ber ekki á móti því, að það getur sýnzt fögur hugsun, að þeir, sem eiga að bæta úr hinum andlegu þörfum manna, skuli einnig græða hin líkamlegu mein þeirra, — að þeir, sem vera eiga andlegir læknar safnaðanna, skuli einnig vera líkamlegir læknar þeirra. En það er sannfæring mín, að þetta geti varla sameinazt, nema öllum blutaðeigendum til skaða. Þeir voru fyr meir tímarnir, að lærðir menn lögðu stund á að nema margar og ólíkar fræðigreinir í senn, og rituðu þá einnig fræðibækur um mjög mörg og sundurleit efni. En á hinum síðari tímum hefir þessu verið hætt, með því menn hafa sannfærzt um, að yfir höfuð væri það ofvaxið nokkrum einum manni, að nema *til hlítar* margar vísindagreinir ólíks efnis; og hefir mönnum þótt ráðlegra, að hver námsmaður takmarkaði sig við einhverja eina vissa vísindagrein og vissa köllun. Eg er einnig þeirrar skoðunar, og ræð því fastlega frá því, er bænarskráin fer fram á, og það bæði vegna prestaskólans og læknaskólans, bæði vegna prestanna og safnaðanna. Eg ann báðum þessum stofnunum, prestaskólanum og læknaskólanum, og vil ekki stuðla til neins þess, er geti orðið annarihvorri þeirra til hnekkis.

Að því, er prestaskólann snertir, er eg sannfærður um, að fengist það, sem um er beðið, hlyti það að trufla og tefja guðfræðisnámið; því eptir því, sem orðin hljóða í bænarskránni, er það ekkert lítilræði, sem um er beðið að kenna prestaefnum í læknisfræði. Þar segir svo: «að á prestaskólanum verði hèr eptir kennd öll-«um prestaefnum aðalatriði heilbrigðisfræðinnar, þekking algeng-«ustu bráðra og hættulegra sjúkdóma, kunnátta að lýsa sjúkdóma-«einkennum, og rètt aðferð til að bæta úr meiðslum og tjóni af «slysaviðburðum, svo sem að binda um beinbrot, draga í lið, «lífga frosna og aðra, er dauðir sýnast, og fleira þess háttar». Þetta finnst mèr allt annað en lítilræði. Eg hefi og spurt lækni um, hvort skemmri tími mundi nægja til að nema það í læknis-fræði, er hèr er greint, en 1 ár, og fèkk eg það svar, að það væri með öllu ómögulegt. Það er því bersýnilegt, að talsvert yrði að lengja námstíma prestaefnanna; en afleiðingarnar af því yrðu ekki einungis það, að námið yrði miklu erfiðara fyrir prestaefnin, held-ur líka talsverður kostnaðarauki fyrir landið. Þar á ofan biði læknaskólinn, ef til vill, tjón af þessu. En eg vil láta hlynna að þeirri stofnun öldungis eins og prestaskólanum. Það væri sannar-lega miklu nær, að því fè, sem gengi til þess að kenna og nema það, sem hèr er beðið um að kennt verði í læknisfræði á presta-skólanum, væri varið sjálfum læknaskólanum til eflingar. Kennsla þessi í læknisfræði á prestaskólanum gæti og verið viðsjárverð að því leyti, að hún kynni of mjög að draga huga prestaefnanna frá hinu eiginlega ætlunarverki þeirra. Eg efast eigi um, að mörgum kynni að þykja gaman að þessari lækningakennslu, og gæti þá svo farið, að sumir legðu minni stund á guðfræðisnámið, en æskilegt væri. En þetta gæti og orðið til hnekkis fyrir læknaskólann, því úr því farið væri að kenna læknisfræði á prestaskólanum, má bú-ast við, að sumir hèldu að meiri kennslu þyrfti eigi í þeirri grein, en þá, er þar væri látin í tè, og þyrfti svo læknaskólans eigi við. En mèr er, eins og eg áðan drap á, svo annt um læknaskólann, að eg vil eigi með nokkru móti samþykkja neitt, er honum gæti verið til hnekkis. Þá væri þetta enn fremur optlega ófært fyrir prestana, er í embættunum þjóna, sakir hinna miklu örðugleika, sem af því gæti leitt fyrir þá. Prestaköllin eru, eins og kunnugt er, mörg svo rýr, að enginn fæst til að þjóna þeim, og þar af hefir eðlilega leitt, að sami presturinn allvíða verður að þjóna fleirum en einu prestakalli. Eg tek til dæmis prestinn á Mýrum í

Álptaveri, sem jafnframt er prófastur í Vestur-Skaptafellssýslu. Auk síns eigin prestakalls, Þykkvabæjarklausturs, á hann einnig að þjóna Meðallandsþingunum og Ása- og Búlandsprestakalli í Skaptártungu. Ætli nú nokkur sanngirni væri að heimta, að sá prestur, eða aðrir, er viðlíka mikinn starfa hafa á hendi, væri til taks, hvenær sem einhver meiddi sig? Það er sannarlega ógjörningur, að auka slíkum störfum ofan á önnur embættisstörf presta, og fyrir hvern þann prest, er annt er um að leysa verk köllunar sinnar vel af hendi, mundi þetta verða þungbær skylda, enda gæti þetta líka í mörgum tilfellum orðið meinlegt fyrir söfnuðinn, t. a. m. ef börn væru komin til prestsins langar leiðir að til spurninga, og svo væri presturinn allt í einu sóttur til að veita læknishjálp. Eg er mjög hræddur um, að þeir, er samið hafa bænarskrána, hafi eigi haft neina ljósa hugmynd um, hvað eða hve mikið það er, sem lækna-efni og presta-efni þurfa hvorir um sig að læra. Þeir virðast álíta sumt það óþarft, er numið er á prestaskólanum í samanburði við þessi *hjálpsamlegu fræði*, er þeir svo kalla; því í bænarskránni stendur svo: «Þykir oss líklegt, að betra væri að sleppa «í stað þessara hjálpsamlegu fræða einhverju öðru, sem kennt er «og vèr getum ekki skilið að gjöri prestunum minnsta gagn í «skyldustörfum þeirra eða þeim, sem eiga að njóta þeirra». En þeir segja oss, því miður, ekki hvað af kennslugreinum þeim, er á prestaskólanum eru kenndar það sèu, er óþarft sè að nema. Eg verð að vera á máli hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga, að engin kennslugreinin, sem nú er kennd á prestaskólanum, megi missa sig; og að því, er tímann snertir, er ákveðinn er til námsins á prestaskólanum, þá má hann sannarlega ekki styttri vera, þótt engu sè við bætt. Mèr finnst það annars vera fráleitt, að fara að kenna læknisfræði á prestaskólanum eins og að kenna guðfræði á læknaskólanum. Og ef farið væri að kenna læknisfræði á prestaskólanum, veit eg ekki nema sumum kynni að finnast ástæða til að biðja um, að þar yrði kennd lögfræði. Það kemur sèr líka opt vel, að hafa lögfróða menn við höndina, og kynni þá sumum að sýnast gott, að geta gripið til prestanna einnig í því efni. En að slíku vil eg ekki styðja. Eg verð fyrir mitt leyti að vera á móti öllu samblandi ósamkynja námsgreina, því sè margt ósamkynja haft undir í einu, er hætt við, að ekkert verði numið svo vel sem þarf. Að læra lítið eitt sitt í hverju, er sjaldan til gagns, en opt til skaða. Það mun reynast satt um hverja vísindagrein sem er, sem

merkur fræðimaður, Franz Baco af Verulam, sagði fyrir löngu síðan um heimspekina, að ef menn að eins dreyptu á henni, þá væri hún einungis til ógagns.

Ólafur Pálsson: Eg efast alls eigi um, að þeir, er samið hafa bænarskrá þessa, hafi gjört það í bezta skyni og viljað fara fram á það eitt, er til góðs horfði; og allir munu einnig samdóma beiðendunum um það, að það er mjög svo æskilegt, að læknishjálp gæti orðið sem bezt víðs vegar um landið. En allt um það mun enginn efi leika á því, að uppástungur þær, er bænarskráin fer fram á, eru engan veginn heppilegt ráð til þess; til þess að bæta úr vandkvæðum í þessu þyrfti án efa allt önnur úrræði, því uppástungur beiðandanna yrðu eflaust, ef þær fengju framgang, til mikils skaðræðis, sem opt hefir verið kvartað yfir hèr á landi, með því slík tilhögun mundi út breiða svo kallað lækningakák. Það mun og varla dyljast fyrir neinum, er vandlega skoðar bænarskrá þessa, að það hefir eigi verið alls kostar ljóst fyrir beiðendunum, hvað til guðfræðisnáms eða vísindalegs náms yfir höfuð heyrir, nè heldur hvað til er tekið að nema eigi á prestaskólanum á svo stuttum tíma, sem til er tekinn. Það mun mega fullyrða, að ekkert megi missa af því, sem þar er kennt, hvorki af því, er beinlínis heyrir til prestskapar, nè heldur af forspjallsvísindunum; sè það hugsun beiðandanna, að þeim ætti að sleppa, þá gæta þeir þess eigi, að það nám er ómissandi til undirbúningsmenntunar undir allt æðra nám. En nú er tími sá, er til námsins er ætlaður, svo naumur, að hann má eigi styttri vera, eigi því sómasamlega að vera af lokið; og þó biðja þeir í bænarskránni um mikinn viðauka, en þeir hafa eflaust eigi gjört sèr það ljóst, að með því fyrirkomulagi á kennslunni, er þeir hugsa sèr, yrði bæði hin eiginlega guðfræðiskennsla ónýt og að sama skapi kennsla sú í læknisfræðinni, er beðið er um, því óvíst er, til hverrar lengri tíma þyrfti. Og það er einkum þess vegna og frá sjónarmiði vísindanna, að eg verð alvarlega að mæla á móti því, að nefnd verði sett í þessu máli.

Þórarinn Böðvarsson: Af því það hefir komið til tals, að umræðunum um þetta mál yrði hætt, þá mundi eg ekki taka til máls, ef hinn háttvirti flutningsmaður eigi hefði afsagt mèr, að taka bænarskrá þessa aptur, eins og eg hefi ráðið honum til, svo hún yrði eigi felld með atkvæðafjölda. Það er ekki svo að skilja, að eg ætli að fara að hafa á móti því, að bænarskrá þessi hafi

margt satt við að styðjast. Því verður varla neitað, að það hafa lengst af verið prestarnir, er mestu góðu hafa til leiðar komið með læknishjálp í sveitum sínum; og þótt læknaskóli sè kominn á fót hjá oss, þá er lið það, er landið hefir af honum, enn þá eigi svo mikið, að læknishjálp prestanna sè orðin óþörf. Það getur vel verið, að eg hefji prestana hærra en þeir eiga skilið; en það er mín sannfæring, að umbót á flestu hèr á landi hljóti að koma frá prestunum. Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga var hræddur um, að ef prestar ættu að skyldast til að veita læknishjálp, þá mundi með því móti verða ofþyngt á þeim, svo þeir þar fyrir neyddust til að standa verr í stöðu sinni en ella; en slíkt er ástæðulaust, því eg veit það með vissu, að margir þeir prestar, er slíka læknishjálp hafa veitt, hafa allt eins vel rækt skyldustörf sín eins og aðrir. En þrátt fyrir þetta, að því, er snertir það atriði í bænarskránni, að presta-efni skyldu vera skyld til að ganga undir próf í læknisfræði, þá álít eg slíka ráðstöfun með öllu ótæka. Vèr höfum 2 embættismannaskóla: prestaskóla og læknaskóla; annar þeirra er veikur, en hinn máttugur, því úr öðrum þeirra útskrifast menn með þrennum vitnisburðum; en út úr hinum fer enginn með minna en *laud.* Það sýndist því eigi illa til fallið, að þeir úr lakari skólanum lærðu dálítið í hinum betra; enda væri það, ef til vill, harðla æskilegt, að læknaefnin lærðu á læknaskólanum eitthvað dálítið í trúarfræði og siðafræði og auðmýkt, því slíkt eru óneitanlega hjálpsamleg fræði einnig fyrir þá seinna meir í lífinu. En það, sem eg umfram allt vil varast, er það, að skólum þessum verði blandað saman; þeir þurfa báðir að þroskast og fá viðgang, og á hverjum fyrir sig er nóg að vinna eins og er; þeim fræðum, sem þar eru kennd, verður ekki blandað saman í skóla. Eg verð því að mæla á móti því, að nefnd verði sett í máli þessu, heldur mælist eg enn að nýju til þess, að hinn háttvirti flutningsmaður taki bænarskrána aptur.

Páll Pálsson: Eg er einn þeirra þingmanna, er mæla móti nefnd í máli þessu, og hafa þingmenn þeir, er þegar hafa talað, tekið hinar helztu ástæður fram á móti bænarskránni. En úr því eg er staðinn upp, þá vil eg enn fara um mál þetta fáum orðum. Eg minnist þá þess, að þá er eg var á prestaskólanum, bauð landlæknirinn oss, er þá vorum á prestaskólanum, að hlýða á fyrirlestra í einföldum atriðum læknisfræðinnar. Vèr þáðum tilboð þetta; en eptir að eg hafði komið í einn tíma og hlýtt fyrirlestr-

um þessum, þá fann eg, að eg mundi engin veruleg not geta haft af þeim, einkum vegna þess, að eg gat engan tíma misst frá guðfræðisnámi mínu. Mèr finnst þannig alveg óhæfilegt, að bæta við guðfræðiskennsluna námsgrein, sem henni er svo alveg óskyld, enda mundi töluverðum tíma verða við að auka til námsins á prestaskólanum, ef læknisfræðiskennsla sú, er hèr ræðir um, ætti að koma að nokkrum verulegum notum. Í bænarskránni er á það drepið, að prestar geti eigi numið þessi nauðsynlegustu atriði læknisfræðinnar, nema þeir fái tilsögn í þeirri grein; en kann ske þeir gæti þá orðið prestar án tilsagnar!! Það hefir verið sagt, að ofþyngt yrði á prestum með því, að skylda þá til læknishjálpar þeirrar, er um er beðið í bænarskránni, og skal eg eigi bera á móti, að svo mundi verða; því margir prestar eiga svo annríkt, að þeir með engu móti komast til, að gegna sjálfir bólusetningarstörfum, og verða því að fá sèr aðstoðarbólusetjara; og hve miklu síður mundu þeir komast til skyldustarfa sinna, ef enn fleirum væri á þá dengt? Í bænarskránni er og drepið á ýmsar námsgreinir á prestaskólanum, er gott væri að sleppa í staðinn fyrir þessi hjálpsamlegu fræði, er þar er á vikið; eg skyldi fúslega mæla með því, að einhverju af því, er kennt er á prestaskólanum, væri sleppt, ef nokkru mætti sleppa; en af því eg varð ekki var við, að neitt óheilsusamlegt væri kennt á prestaskólanum, meðan eg var þar, og eg tel víst, að svo sè enn, þá get eg eigi ráðið til þess, að neinu sè sleppt af þessum kennslugreinum. Eg held það væri eins vel til fallið, eins og hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga benti á, að presta-efnunum væri líka kennt að vera prókúratórar, því það hefir orðið ofan á, að þeim hefði opt komið vel, að vita eitthvað í lögum. Eg held það megi segja við þá, er bænarskráin er frá: «Þèr biðjið og öðlizt ekki, af því þèr biðjið illa».

Forseti: Þrír þingmenn hafa enn beðið sèr hljóðs; en aptur á móti hafa margir þingmenn beiðzt þess, að umræðunni skyldi hætta. Meðal þeirra, sem hafa beðið sèr hljóðs, er hinn 3. konungkjörni þingmaður, landlæknirinn, sem ekki hefir enn tekið til máls, en sem eg ímynda mèr að þingmenn vilji heyra; sömuleiðis flutningsmaður málsins, og þingmaður Dalamanna; en eg vil halda, að þingmenn óski, að þeir verði sem stuttorðastir.

Sigurður Gunnarsson: Eg beiddi mèr að eins hljóðs til þess, að skora á hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, að láta í ljósi álit sitt á máli þessu. Mèr dettur ekki í hug að svara þing-

mönnum þeim, er mælt hafa svo ákaflega á móti bænarskránni. Það er auðheyrt á orðum margra þeirra, að þeir eru leiknir í *Hyperbolik* austurheimslanda, og gjöra býsn og undur úr því, sem er mjög svo lítið. Það hefir aldrei verið ætlun beiðandanna, að prestar skyldu verða hálærðir í læknisfræði, heldur að þeir fengju að eins numið svo mikið í fræðum þessum, að þeir gætu liðsinnt hyggilega, þegar bráð hætta og lífsnauðsyn bæri að höndum, en læknir í fjarska; og er vitanlegt, að slíkt nám mundi eigi geta valdið miklum kostnaði eða tímaspilli, því það, er til þess útheimtist, þyrfti eigi að vera svo mikið. Mèr finnst annars kynlegt, að margir þingmenn, og það prestar, er talað hafa um þetta mál, hafa tekið svo illa undir það, sem verst mátti hugsast. Mèr finnst það varla kristilegt, að taka þannig undir neyðarkvein píslarvotta læknaskipunarinnar á Austurlandi, er enga björg geta sèr veitt. Það hefir verið sagt meðal margs annars, að þetta, er bænarskráin fer fram á, miði til þess, að hlaða nýjum og óbærilegum skyldu-verkum á prestana; en hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu minnti þó á það, að hann þekkti til þess, að prestar, er vel hefðu rækt embætti sitt, hefðu mörgum hjálpað með læknisaðstoð, og þetta hið sama vitna eg einnig hátíðlega, þeir hinir sömu hafa stundað sín embættisverk afbragðs-vel. Þar sem minnzt var á, að það væri eins nauðsynlegt, að kenna presta-efnum lögfræði, þá skildi eg vel, að þetta var fram borið í háði, og vil þess vegna eigi svara því. Allir vita hèr, að vèr höfum nóga lögfræðinga, er leita má til, þá er á liggur; en þeir, sem hjálpað geta, þá meiðsl og slys bera til, þeir eru of fáir og optast fjarri. Eg þykist annars sjá fyrir, hverja útreið þessi bænarskrá, sem hèr ræðir um, muni eiga að fá hèr á þinginu, og því getur verið eg taki hana aptur um sinn, en ítreka að lyktum það, sem eg nefndi nú í upphafi ræðu minnar, að biðja, áður en þessu umtali hættir, hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, að láta mig og þingið heyra tillögur sínar og álit í þessu máli.

Jón Hjaltalín: Þegar eg las bænarskrá þessa, þá fannst mèr hún fljótt svo vel samin, að èg efast um, að nokkru sinni hafi komið til þings þessa önnur betur samin. En eptir að eg hefi nú heyrt undirtektir þingmanna undir hana, þá held eg verði að taka mèr í munn orð þau, er Bjarni heitinn Thórarensen mælti fram eptir Odd sáluga bróður minn:

«Enginn ámæli
þeim undir hömrum
liggur *lifandi*
með limu brotna
og hraunöxum
holdi söxuðu,
að hann ei æpir
eptir nótum».

Bænarskrá þessi hefir sannarlega ekki æpt eptir nótum þingsins; en allt að einu er hún sönn og á engin ámæli skilið. Það er verið að kvarta þar um hjálparleysi í lífsnauðsynjum manna, og beðið um að ráða bót á því, og vænti eg þess sízt, að þeir hèr á þingi, hverra kennari og meistari gekk um kring, gjörði gott og græddi alla, að þeir, segi eg, skyldu svara bæn aumingjanna eins og raun hefir á orðið. Eg segi þetta ekki af því, að eg ætli mèr að fara að mæla með nefnd í máli þessu, því þótt bænarskráin sè vel samin, er hún þó svo löguð, að hún varla getur orðið tekin til greina að svo komnu. En eg skal sjálfur koma með uppástungu um læknamálið, og vita um, hvort eg fæ ekki nefnd kosna henni til íhugunar. Því eg veit ekki, hvernig á mönnum stendur, ef óþarfi á að vera að læra allt; það er þá bezt menn hafi skottulæknana, þá mun mega fá nógu marga til að dímittèra þá; að minnsta kosti hitti eg einn vestra, er var útskrifaður af einum presti. Eg býst annars við, ef mönnum er alvara, að eg megi fara að hætta að gefa út heilbrigðistíðindin. Eg get annars ekki neitað, að þegar eins er talað, eins og gjört hefir verið í þessu máli, sem lítur út fyrir að sè þvert á móti sannfæring, þá gremst mèr; því eg vil álíta, að það sè betra að þegja, en segja það, sem naumast á sèr nokkurn stað. Eg er sem sagt ekki með því, að nefnd verði sett í málinu; en eg hefi hugsað mèr, að bera læknaskipunarmálið enn inn á alþingi, og kann ske þingið ekki hefði þá neitt á móti því, að láta þessa bænarskrá vera þar með. Hún er sem sagt svo úr garði gjörð, að hún væri frambærileg hvar í heiminum sem vera skyldi, hvort sem það væri frammi fyrir *absolut* einvaldsstjóra, eins og keisaranum í Rússlandi, eða það væri frammi fyrir hverri *constitutionel* stjórn sem vera skyldi. En eg get ekki orða bundizt, að svara hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga, að mig furðaði stórlega á því, að hann, sjálfur læknirinn (*Páll Pálsson*: Eg er ekki læknir! Eg hefi aldrei neinn

læknað!), skyldi rísa svo öndverður gegn bænarskrá þessari. Og þar sem hann minntist á fyrirlestrana mína um árið, er hann hefði hlustað á að eins einn tíma, þá veit eg vel, að eg einu sinni, er taugaveikin gekk, bauðst til þess, eins og víða er siður lækna erlendis, er sóttir ganga, að lesa þeim, er nokkur not gætu af því haft, fyrir um *Typhus*-veikina, bæði helztu einkenni hennar og varúðarreglur við henni; og með því stúdentar á prestaskólanum voru nálega hinir einu hèr í bæ, er gagn gætu af slíkum fyrirlestrum haft, fèkk eg samþykki forstöðumanns prestaskólans til, að presta-efnin ættu kost á að sækja fyrirlestra þessa. Fyrirlestrar þessir eru enn til, og eg get lagt þá fram á lestrarsalnum, svo þingmenn geti sèð þá, því eg skammast mín ekkert fyrir þá; og eg held þessi heiðraði þingmaður hefði haft gott af, að koma optar en í einn tíma til að kynna sèr þá, því vel má svo fara, að mál- og heyrnarlausu börnin hans fái Typhus eins og aðrir menn, og þá væri hann betur staddur, ef hann hefði betur kynnt sèr fyrirlesturinn minn. Meira hefi eg eigi að segja að sinni. En seinna mun eg koma fram með mína uppástungu,

Guðmundur Einarsson: Fyrst meiri hluti þingmanna hefir óskað, að umræðurnar um mál þetta hættu hèðan af sem fyrst, skal eg með allrafæstu orðum leyfa mèr að gjöra að eins aukabending í máli þessu. Eg hefi með hrærðu hjarta hlustað á ræður manna, því eg veit mikið vel, hvílíkur sorglegur sannleikur það er, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir skýrt fyrir þinginu, bæði skýrt og skorinort. Það má sannarlega heita lífsspursmál landsins, að einhver sá sè, er leita megi ráða til, þegar skjótir sjúkdómar koma fyrir, og þá stendur þetta vissulega næst prestinum, að vera slíkur ráðaneytis- eða líknarmaður, enda veit eg og, að mörgum prestum hefir það verið hin mesta ánægja, að geta liðsinnt bræðrum sínum í þessu efni, og þeir hafa álitið það siðferðislega skyldu sína, að gjöra í þessu efni svo mikið gott, sem þeim væri auðið. Eg er og samdóma hinum háttvirta þingmanni úr Gullbringusýslu í því, að margir prestar hafi í þessu efni mörgum manni hjálpað, án þess að hafa fyrir það vanrækt embætti sitt. Samt sem áður er eg eigi á því máli, að fylgja fram þeirri stefnu, er bænarskráin lýtur að, því eg álít það of mikið og of vandasamt starf til þess, að það með sanngirni verði heimtað af einum og sèrhverjum presti, því margir þeirra hafa hvorki náttúru eða lunderni til að geta numið læknisfræði, þó mjög lítils yrði krafizt, og

þó þeir næmu eitthvað, yrði það þýðingarlaust í framkvæmdinni; en aptur á móti álít eg það nauðsynlegt, að presta-efni, ef þeir væru lagnir til lækninga, ættu kost á að öðlast tilsögn í hinu einfaldasta í heilnæmisfræði, og sömuleiðis hvað til bráðabirgða skuli til bragðs taka í hinum almennustu sjúkdómsatvikum, sem koma fyrir bæði innvortis og útvortis. Því vil eg skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort eigi sè ástæða til að skjóta bænarskrá þessari forsetavegiun til landlæknis, með þeirri ósk, að hann komi því svo fyrir, að prestaskólamenn þeir, er þess óska, fái leyfi til að hlýða ókeypis á fyrirlestra í ýmsum einföldustu greinum læknisfræðinnar á læknaskólanum. Því verður ekki neitað, að prestar þeir, er veitt geta hjálp í þessu efni, eru, ef þeir eigi fara út fyrir viss takmörk, hinir nytsömustu menn í voru fèlagi.

Forseti: Það er auðvitað, að þó eigi verði kosin nefnd í máli þessu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að bænarskráin geti komizt í hendur nefnd, sem kynni verða kosin í öðru máli, að svo miklu leyti, sem sú nefnd kynni óska að hafa bænarskrá þessa til hliðsjónar; það er mál, sem getur farið þeim í milli, nefnd þessari og flutningsmanni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvort honum eigi sýnist rèttast, að taka bænarskrána aptur og geyma hana, þar til hann, ef til vill, getur komið henni að síðar, er hinn 3. konungkjörni þingmaður kemur með uppástungu um læknakennsluna.

Sigurður Gunnarsson: Jú; eg fellst nú á, að taka aptur bænarskrána í þetta sinn og láta hana bíða þangað til seinna.

Forseti: Bænarskráin er þá tekin aptur, og umræðu þessari þar með lokið.

Fundarefni er þá lokið í dag. Eg skal geta þess, að þar eð ekkert mál er fyrir hendi, getur fundur ekki orðið á morgun og, ef til vill, eigi heldur á laugardaginn. En eg skal boða fund með dagskrá svo fljótt sem auðið er daginn áður en fundur verður haldinn. Nú segi eg

Fundi slitið.

---

9. fundur. — 17. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það, sem liggur fyrir í dag eptir dagskránni, er ályktarumræða í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787, 1. kap. o. fl.», og vona eg, að hinir háttvirtu þingmenn hafi atkvæðaskrána prentaða fyrir sér. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, og skýt eg því til hans, hvort hann þegar vill taka til máls.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eg skal einungis leyfa mèr að skýra þinginu frá, hver breytingaratkvæði á atkvæðaskránni nefndin aðhyllist og hver eigi. Tölulið 1. getur nefndin eigi fallizt á, eigi heldur tölulið 4. Tölulið 3. hefir nefndin ekkert á móti, en hún verður að álíta hann ónauðsynlegan. Svo kemur 9. töluliður; nefndin getur eigi talið hann öldungis nauðsynlegan («eða gjöra þar aðrar skemmdir»); allt um það hefir hún ekkert sèrlegt á móti honum. Um tölulið 12. og 13. er það að segja, að nefndin álítur þá báða tvo ónauðsynlega, sakir þess sú orðabreyting, er þeir fara fram á, er í engu til bóta. Hvað 14. tölulið snertir, þá er þess að gæta, að eins og sú grein er orðuð í frumvarpinu, þá er hún eigi nógu ákveðin, og að því leyti fellst eg á tölulið þennan, þar eð hann skýrir betur hugsun þá, sem felst í frumvarpsgreininni. 15. tölulið mun nefndin einnig aðhyllast, en álítur hann þó ekki nauðsynlegan. 18. tölulið getur nefndin eigi fallizt á, og eigi heldur 25. töluliðinn. En að því, er snertir tölulið 27., þá er nefndin að vísu á því, að vel ætti við, að taka fram í álitsskjalinu til konungs sem uppástungu einhver viss takmörk fyrir landhelgi við Ísland; en nefndin getur þó ekki fallizt á viðaukaatkvæði þetta, eins og það hèr er orðað, því það má telja víst, að aðrar þær útlendar þjóðir, er sjávarútgjörð hafa við strendur Íslands, fáist aldrei til að takmarka þjóðarèttinn svo, að þeir samþykki, að landhelgistakmörk vor «nái út yfir alla firði og flóa» á Íslandi, sèr í lagi flóa.

Konungsfulltrúi: Með skýrskotun til þess, er eg tók fram við undirbúningsumræðuna skal eg ráða þinginu til að aðhyllast tölul. 6 á atkvæðaskránni eða varauppástungu nefndarinnar undir tölul. 5, sem að mínu áliti einungis er orðabreyting við 1. gr. frumvarpsins. Eg álít það nauðsynlegt, að tilskipunin innihaldi

allar þær ákvarðanir, sem snerta fiskiveiðar útlendra við strendur landsins, bæði til þess að þessar ákvarðanir geti verið landsmönnum ljósar, og til þess þær geti orðið auglýstar útlendum fiskimönnum, sem koma hingað til fiskiveiða, því eg gjöri ráð fyrir, eins og eg sagði um daginn, að stjórnin muni annast um, að tilskipunin verði út lögð og fengin þeim í hendur, og þá er auðsætt, að það muni vera mjög áríðandi, að lögin innihaldi allar ákvarðanir viðvíkjandi skyldum og réttindum þeirra í þessu tilliti. Af þessari sömu ástæðu skal eg mæla með uppástungu nefndarinnar undir tölulið 7, því þó að þessi breyting, eins og segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu, í sjálfu sèr sè óþörf, vegna þess, að veiðilögin frá 20. júní 1849 innihalda þær í þessu tilliti nauðsynlegu ákvarðanir, þykir mèr það samt vel til fallið, að hafa þær í þessari tilskipun, sem eptir minni meiningu á að innihalda alla þá fræði, sem nauðsynleg er handa útlendum fiskimönnum þeim, er hingað koma, til þess að þeir geti varazt að brjóta á móti lögum landsins og réttindum landsmanna.

Um hinar breytingaruppástungurnar ætla eg ekki að fara mörgum orðum; þær virðast mèr að mestu leyti vera óverulegar orðabreytingar, nema uppástungur hins heiðraða þingmanns Árnesinga undir tölul. 1 og 25; en um þær skal eg einungis taka það fram, að mèr þykja þær alveg óhafandi. Þar sem í þessu máli einmitt ræðir um, að breyta tilsk. 13. júní 1787, vegna þess, að hún er orðin úrelt og ómögulegt að beita hegningarákvörðunum hennar, af því þær eru of harðar og anda tímans og hinna almennu hegningarlaga móthverfar, þá er það að vísu óvenjulegur framgangsmáti, að stinga upp á að brýna fyrir mönnum þessar ákvarðanir, sem öllum þykja óhafandi; en ef þingmenn hafa lesið þá tilvitnuðu 4. grein í 1. kapítula tilsk. 13. júní 1787, get eg ekki ímyndað mèr, að þeir geti aðhyllzt þessar uppástungur, því þá muni þeim vera ljóst, að greinin, sem einkum snertir ólöglega verzlun, þó að hún að vísu nefni «Fiskeri» og «Doggeri», ekki eigi við með tilliti til fiskiveiða, eptir að aðalatriði hennar eru numin úr lögum með tilsk. 15. apríl 1854. Hinn heiðraði uppástungumaður hefir að vísu viljað bæta úr þessu með því, að bæta því við, að auk þeirrar hegningar, sem á er lögð í tilsk. 13. júní 1787, eigi þeir, sem verkið vinna, að sæta hegningu eptir hinum gildandi lögum á Íslandi. Eiga þeir nú eptir þessari uppástungu að sæta tvöfaldri hegningu fyrir hið sama brot á móti lögunum?

eða hvernig hefir hinn heiðraði uppástungumaður hugsað sèr þetta? Á tilsk. 13. júní 1787 eptir þessari breytingu að teljast gildandi lög, eða, eins og uppástungan sýnist að gjöra ráð fyrir, að vera nokkuð annað en gildandi lög?

Þar sem frumvarpið, einnig eptir uppástungu hins heiðraða þingmanns Árnessýslu, að því mèr skilst hún, hefir inni að halda aðrar og merkilegri ákvarðanir en þær, sem snerta rán útlendra fiskimanna við strendur Íslands, mun fyrirsögn sú, sem stungið er upp á undir tölul. 25., verða óaðgengileg, hvort sem þingið aðhyllist tölul. 1. eða ekki.

Eg skil uppástungu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga undir tölul. 27. á þann hátt, að tilgangur hennar sè að biðja stjórnina, að hún haldi samningstilraunum sínum um þetta atriði við útlendar þjóðir áfram, og þess vegna hefi eg ekki neitt á móti uppástungunni.

Eiríkur Kúld: Eg skal eigi lengja umræður í máli þessu út af breytingaratkvæðum á atkvæðaskránni, sem við mig eru kennd. Eg ætla að halla mèr að viðaukaatkvæðinu undir 9. tölulið, og sting eg upp á, að orðin í honum: «eða gjöra þar aðrar skemmdir» sèu tengd aptan við orðin: «egg eða dún» í 7. tölulið, því eg álít alveg nauðsynlegt, að taka upp í tilskipunina ákvörðun um refsing fyrir aðrar skemmdir og óskunda, er útlendir fiskimenn valda, en rán dúns og eggja; því eg veit til, að fyrir austan hafa þeir farið upp í eyjar og rænt þar kindum, er þeir hafa skotið; hið sama hafa þeir sýnt af sèr fyrir vestan, þótt eigi hafi það þar á eyjum verið. 12. og 13. töluliðir fara fram á orðabreyting, sem er líks eðlis, og mun eg því láta mèr nægja, hvorn þeirra sem þingið aðhyllist. 14. tölulíðurinn er einungis fram borinn til þess, að skýra betur hugsun frumvarpsins. 19. tölulíðinn hefir nefndin aðhyllzt og ekkert að honum fundið, svo eg vona, að hann fái meðmæli þingsins. Hvað 27. tölulið snertir, þá sparar það mèr ómak, að halda vörn uppi fyrir honum, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir í tilliti til hans tekið það fram, er fyrir mèr vakti, svo eg vona, að þingið komi til sannleikans viðurkenningar um það, að hann sè alveg nauðsynlegur til þess, að hvetja og áminna stjórnina um, að halda áfram samningunum við hinar útlendu stjórnir, og reyna til að fá þær til að viðurkenna, hversu óumflýjanlega nauðsynlegt það er fyrir Íslendinga, að landhelgin nái hèr yfir alla firði og flóa landsins. Dæmin eru deginum ljósari, að út-

lendir fiskimenn optlega liggja inni á innstu fiskimiðum landsmanna, svo þar er færi við færi innan um fiskibáta Íslendinga; svo láta þeir reka undan eða «reiða yfir», og í því þeir slæða til sín fiskinn úr botninum, krækja þeir upp lóðir og net Íslendinga, þeim til hins mesta skaða; þær raddir hafa og heyrzt iðulega hèr á þinginu, er tekið hafa þetta fram, og það með fullum rökum og sannindum. Síðan fara fiskimennirnir frá landi og slægja fiskinn lengra úti á djúpinu, en nokkrir íslenzkir fiskibátar nokkru sinni komast; og með þessu hamla þeir allri fiskigengd upp á miðin með fram ströndum landsins, með því fiskurinn nemur staðar við niðurburðinn. Það er því alveg nauðsynlegt, að taka það upp í álitsskjalið til konungs, að landhelgin nái út yfir alla flóa og firði umhverfis allt landið, svo stjórnin sjái, að þetta er áhugamál Íslendinga. Að öðru leyti fel eg þetta á vald hinna heiðruðu þingmanna.

Forseti: Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi er genginn af fundi, og að aðstoðarmaður hans er genginn til sætis í hans stað.

Sigurður Gunnarsson: Þegar rætt var um bænarskrá prestsins að Stafafelli hèr um daginn, þá kvaðst eg vera þess reiðubúinn, að bera fram hèr á þinginu skýlausa uppástungu út af óskunda, er útlendir fiskimenn hafa gjört víða á Austfjörðum; en nú er eg fallinn frá þessu, og það af tveim orsökum. Hin fyrri er sú, að eg hefi eigi í höndum nein skýrteini frá þeim, sem hèr eiga hlut að máli, um skemmdaverk útlendra fiskimanna, þótt eg hins vegar viti sjálfur nóg dæmi, er sanna þetta ljóslega. Það er ekki langt síðan að rænt var og skotið í varpey að Kolfreyjustað og skömmu seinna stolið þaðan kindum ekki svo fáum, rænt Njarðvíkurvarp í Borgarfirði, og í fyrra var stolið miklu úr varpey að Hólmum í Reyðarfirði; líkt þessu hefir víðar verið gjört. En önnur orsök þess, að eg fell frá uppástungunni er sú, að nú koma líklega sektir inn í lagaboðið, sem hèr er rætt um, fyrir slík rán og gripdeildir; og er eg ber þetta atriði um rán útlendra fiskimanna saman við það, sem stendur hèr undir tölulið 9, þá kann eg betur við, að í staðinn fyrir síðasta orðið: «skemmdir» væri sett: «spillvirki». Um breytingaratkvæði mitt undir 3. tölul. skal eg að eins geta þess, að eg kann betur við, að ákveða með skýrum orðum, hver sèu takmörk landhelginnar eptir hinum al-

menna þjóðarètti; og um tölulið 12. get eg þess, að hann er að eins orðabreyting, til þess málið verði ljósara.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla eigi að tala mörg orð til varnar þeim tveim breytingaratkvæðum, sem eg á á atkvæðaskránni. Töluliður 4. þótti framsögumanni óþarfur, sökum þess, að hann vill fella úr alla greinina, en á það get eg eigi fallizt, því að auk annars þyki mèr það vel við eiga, að taka það fram í lagaboðinu, að útlendingar megi eigi fiska í landhelgi, því annars gæti Íslendingum til hugar komið, að útlendingum væri leyft, að fiska svo nærri landi, sem vera skyldi; en á hinn bóginn getur vel verið, að takmarki því fyrir landhelgi, sem þjóðarètturinn nú til tekur, verði fyr eða síðar breytt fyrir Ísland, og er þá auðsætt, að orð þau í frumvarpsins 1. grein, er 4. töluliður vill burt fella, eru óþörf og þýðingarlaus. Að því, er snertir uppástungu mína undir 9. tölulið, þá gjörði eg hana sökum þess, að eg sá, að viðaukaatkvæði þingmanns Barðstrendinga var tekið upp í uppástungu nefndarinnar; en ef 1. uppástunga nefndarinnar verður felld úr og eigi samþykkt, þá fellur uppástunga þingmanns Barðstrendinga einnig um leið. Að minnsta kosti væri það eigi formlegt, ef öðruvísi væri að farið. Reyndar er viðaukagrein mín sama efnis og grein nefndarinnar, en tekur þó skýrar fram hugsun þá, er í henni á að felast, þar sem við er bætt: «eða gjöra aðrar skemmdir».

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti framsögumaður máls þessa kvaðst að svo komnu eigi hafa neina sèrlega athugasemd að gjöra við 1. tölulið, enda furðar mig á því, ef hann er sömu skoðunar honum viðvíkjandi og hinn háttvirti konungsfulltrúi. Eg ímynda mèr, að allir verði að vera mèr samdóma í því, að samkvæmni nefndarinnar við sínar eigin ástæður og niðurlagsatriði hljóti að leiða til þess, að töluliður 1. á atkvæðaskránni hljóti einnig að verða tekinn til greina. Eg tók það skýrt fram við undirbúningsumræðu þessa máls, er eg áskildi mèr breytingaratkvæði, að það einmitt væri samkvæmt áliti nefndarinnar sjálfrar og sjálfsögð afleiðing af því, að fella burt 2. grein frumvarpsins eins og hina 1., og mèr er það því óskiljanlegt, hvernig á að fara að halda þeirri grein og fella mína. Konungsfulltrúi tók að sönnu hart á breytingaratkvæði mínu, en hann tók, að mínu viti, alls ekkert fram, sem heitið gat sönn ástæða á móti því, heldur misskildi það og talaði þannig um allt annað, er eigi náði neinni átt. Hann gleymdi

því, að nefndin — þess bið eg gætt — vill halda tilsk. 1787 enn óbreyttri. Þar sem hann því sagði, að tilskipunin frá 1787 væri gagnstæð anda tímans og grundvelli laganna, og vildi með því hnekkja breytingaratkvæðinu, en fallast þó á nefndina, þá spyr eg, hvað þýðir þessi röksemd? Ekkert. Að tilskipunin sè að öðru leyti gagnstæð anda tímans í sjálfu sèr, getur vel verið, en það gengur út yfir minn skilning, að hún sè gagnstæðari anda tímans fyrir það, þó eg vilji halda henni óbreyttri einnig í því tilfelli, að útlendir fiskimenn, ofan á ólöglegar fiskiveiðar innan landhelgi, einnig rupli, ræni og steli hlunnindum og landsnytjum vorum, heldur en þó nefndin vilji halda henni óbreyttri í því tilfelli, þar sem þeir einungis hafa fiskað ólöglega innan landhelgi, er þá eigi bætt gráu ofan á svart með því að gjöra landgang til spillvirkja? Eg segi það enn, að það getur verið, að hegning sú, sem tilskipunin ákveður, sè hörð í sjálfri sèr, en hvað um gildir, hún hefir af Danastjórn verið álitin maklega hörð og sjálfsagt hið bezta meðal til að verja Íslendinga fyrir ágangi og spillvirkjum útlendra fiskimanna við strendur landsins. Það er vel aðgætandi, að það er stjórnin sjálf, en ekki alþingi Íslendinga, er hefir sett þessi lög fyrir ekki einni öld síðan, og þau eru sett í því skyni, að vernda land það óheyrilegum ágangi, er heyrir undir Danakonung. Það á því sannarlega ekki við, að ámæla Íslendingum fyrir það, þótt tilskipun þessi sè hörð, og því síður á það við, að ámæla þeim fyrir það, að henni hafi ekki verið beitt, því það liggur mikið nær, að Íslendingar ámæltu Danastjórn fyrir það, að henni hefir aldrei verið beitt, hvernig sem útlendir fiskimenn ekki að eins hafa fiskað gegn henni kringum strendur Íslands, heldur líka rænt og ruplað og sýnt hinn óforsvaranlegasta yfirgang víðs vegar á ströndum og eyjum landsins, og mèr virðist það næsta kátlegt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi skuli vera að bera mèr eða öðrum þingmönnum það á brýn, að maður skilji eigi, hversu óhafandi lög þessi sè, þar sem þó þetta «óhafandi» ekki styðst við annað, þegar öllu er á botninn hvolft, en að stjórnin aldrei hefir haft vilja, afl eða dug til að fram fylgja sínum eigin lögum, því eg er sannfærður um, að hefði tilskipuninni einhvern tíma verið beitt, þegar útlendir fiskimenn hafa verið sem nærgöngulastir og brotið lögin bæði á sjó og landi, þá hefði sá rekspölur aldrei komizt á með yfirgang þeirra, sem nú er á kominn. En einmitt af því, að yfirgangurinn fer vaxandi en ekki minnkandi, þá segi eg óragur, að

hafi hegning sú, sem í lögum þessum er ákveðin, átt við árið 1787, þá á sú hegning sannarlega enn betur við 1871, nema það sè meiningin og liggi á botninum, að eptir því sem Íslendingum er meiri órèttur og yfirgangur sýndur, eptir því fari rèttur þeirra minnkandi, og alþingi eigi að setja nafn sitt undir þessa setningu! Jú, menn segja að stjórnin láti sèr umhugað um, að vernda rèttindi Íslendinga; en allt fyrir það hegða fiskimenn útlendra þjóða sèr svo við strendur Íslands, eins og Íslendingar væru rèttlausir skrælingjar, svo það munu einsdæmi, að nokkur þjóð mæti slíkum ágangi, án þess að gjört sè, og geta menn þá eigi sèð, að vèr erum að engu bættari fyrir þessa stjórnlegu umhyggju? Sè því tilskipunin frá 1787 þvert á móti anda tímans, þá hefi eg ástæðu til að spyrja, hvort ekki atferli hinna útlendu fiskimanna hèr við strendur Íslands sè enn þá meir móti anda tímans. Eg vildi í þessu efni feginn fá einhver huggandi eður sannfærandi orð frá konungsfulltrúastólnum, ef kostur væri á. Væri eg nefnilega þeirrar skoðunar, að nú væri sá tími, að hvöt væri til mildi í þessari grein laganna, þá mundi eg vera manna tilleiðanlegastur í því efni, að setja aðrar og mildari reglur. Eg vona þannig, að allir þingmenn sjái, að það er að tala út í hött, sem menn segja, að rífa niður breytingaratkvæði mitt með þessari ástæðu, enda þótt hún kæmi frá sjálfum konungsfulltrúa. Líkt er um þá ástæðu, að ekki eigi við að minnast á gildandi lög eða brýna þau fyrir mönnum, þegar þau þó eiga að gilda eptirleiðis, eins og nefndin vill. Eg segi: tilskipunin frá 1787 verða enn lög eptir tillögum nefndarinnar og konungsfulltrúa, og má þá ekki eins vel útleggja þau lög eins og önnur ný, og útbreiða þau svo meðal hinna útlendu fiskimanna, svo þeir sjái, að þeim er óleyfilegt, að vaða uppi með rán og gripdeildir, eins og að undanförnu. Þessi röksemd gildir því harðla lítið móti uppástungu minni. Sem sagt hefi eg tekið þetta fram til að sýna ósamkvæmni nefndarinnar, að fella 1. grein frumvarpsins, en halda 2. greininni, og fella svo mitt breytingaratkvæði undir 1. tölul. Að hèr því ræði um tvöfalda hegningu fyrir sama brot, eins og konungsfulltrúi sagði, er hreinn misskilningur á breytingaratkvæðinu og afbökun, og er þvert ofan í það, sem eg frá því fyrsta hefi skýrt tekið fram. Eg hefi nefnilega aldrei ætlazt til, að aðrir en þeir, sem bókstaflega hafa brotið gegn tilskipun 1787, sæti hegningu eptir henni, en eg vil ekki láta þá sleppa með hana, ef þeir þar á ofan brjóta önnur lög landsins; hèr ræðir

nefnilega um tvöfalt lagabrot og tvöfalda hegningu. Eptir tilskipuninni frá 1787 eiga útlendir fiskimenn, ef þeir fara að eins inn fyrir landhelgi til að fiska, að sæta þeirri hegningu, að skip þeirra skal gjört upptækt; en eptir uppástungu nefndarinnar sleppa þeir við þessa hegningu, ef þeir bara láta sèr hugkvæmast, að fara síðan í land til að stela (t. a. m. eggjum og dún), ræna og rupla, og sýna af sèr alls kyns óknytti, og það svo, að þeir geta afplánað allt með 10 ríkisdölum; 5 spesíur eru þá nægar til að afplána þetta tvöfalda afbrot, fyrst það, að brjóta landhelgina, og svo það, að ganga á land með ránum og stuldi. Þjófnaður og rán hættir að draga eptir sèr hegningu almennra laga vorra, þegar þau bætast ofan á brot gegn tilsk. 13. júní 1787. Hvað má um þetta sannara segja en það, að uppástungur nefndarinnar leiði til þess, að vèr hèr á alþingi gefum samþykki vort til þess, að útlendir fiskimenn skaði oss sem rèttlausa og lagalausa skrælingja? Með þessu móti er eyjunni Vigur borgið og prestinum þar? Þetta er víst allt samkvæmt anda tímans og hinum gildandi lögum á Íslandi? Það er annars merkilegt, að mönnum skuli eigi geta skilizt það, að confiscations-hegningin er afleiðing af því, að landhelgi hefir verið brotin, og þar sem það er skipstjórinn, sem ræður því, hve fjarri eða nærri landi skipið fiskar, þá er eðlilegt, að hegningin, sem af brotinu leiðir, lendi beinlínis á skipstjóranum. En með þessu er það alls eigi sagt, að það sè með skipstjórans ráði og vitund, að einhverjir af skipinu fara á land upp í eyjum eða hólmum, og gjöra þar ýms spillvirki; þeir geta hæglega skotizt burtu til þess, án þess skipstjórinn viti nokkuð af því, og enda þótt það sè með öllu gagnstætt vilja hans. Það væri því mjög óeðlilegt, að láta skipstjórann gjalda þess, er nokkrir af skipverjum hans hefðu gjört sig seka í móti vilja hans og vitund. Nei, þvert á móti, hegningin á að eins að koma fram við þá, er verkið hafa unnið, þeim á að verða hegnt eptir hinum gildandi lögum á Íslandi. Þess vegna er alls eigi sagt, að sú hegning, sem tekin er fram síðast í breytingaratkvæði mínu, lendi á öllum skipverjunum; hún lendir nefnilega einungis á þeim, er óspektirnar gjöra, eða eins og þar segir: «á þeim, sem verkið vinna». Eg vil brýna það alvarlega fyrir þinginu, að ef það skrifar undir þessi lög, þá er það hið sama sem að segja amen og hallelúja til þess máttleysis, þrekleysis og skeytingarleysis af hálfu stjórnarinnar, sem hefir valdið því, að löggjöfinni 13. júní 1787 aldrei nokkru sinni hefir verið fram fylgt, enda þótt næstum árlega hafi gefizt

tækifæri til þess að beita henni. Slíkt skeytingarleysi af hálfu stjórnarinnar við gengst hvergi í öðrum löndum; þannig eru t. d. í Noregi allir útlendir fiskimenn reknir burtu, ef þeir koma þar, sem þeim er bannað að fiska. Mèr er óhætt að segja, að Íslendingar mundu hafa verið ánægðir, ef stjórnin hefði gjört nokkuð, nema á pappírnum, til að vernda rèttindi þeirra og helgi gagnvart útlendum fiskimönnum. En þótt nú svo sè, að stjórnin hafi alls ekkert liðsinni veitt oss í þessu efni, þá megum vèr allt fyrir það eigi halla í nokkru þeim rèttindum og helgi, sem vèr Íslendingar, þótt fátækir sèum, eigum heimtingu á gagnvart öðrum þjóðum, því að ef vèr gjörum það, hvað er það þá annað, en að vèr með því viðurkennum, að vèr sèum rèttlausir skrælingjar samkvæmt anda tímans og grundvallarreglum laganna.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, að konungsfulltrúi vill, að fyrstu grein frumvarpsins sè haldið, skal eg geta þess, að mèr virðist hún alls ekki eiga við, og það sèrstaklega af þeirri ástæðu, að það er mjög óvanalegt, að teknar sèu upp í lög greinir áhrærandi samninga, sem enn eru eigi fullgjörðir, og er mèr kunnugt, að í öðrum löndum, t. d. Danmörku og Englandi, munu þess trauðlega finnast dæmi, að slíkt eigi sèr stað, því maður getur vel hugsað sèr það, að þjóðunum, er samningarnir fara á milli, muni þykja það kynlegt og alls eigi líka það, er aðrar þjóðir sèu teknar fyrir trúnaðarmenn um samningana, meðan þeim enn er eigi lokið. Mèr þykir því undarlegt, að á 4. bls. í ástæðunum segir svo, að utanríkisstjórninni hafi verið gefið færi á að kynna sèr innihald frumvarps þessa, og hafi hún eigi fundið ástæðu til að gjöra neina athugasemd við það. Þetta er víst satt, en það er víst í fyrsta sinni, að utanríkisstjórn hefir þóknazt að taka upp í lög þá samninga, er enn eru eigi fullgjörðir. Þegar þjóðrèttur er til, þá virðist eigi nauðsynlegt að lögleiða hann með nýrri ákvörðun, því að í hverri fiskiskútu, er hèr til lands kemur til fiskiveiða, er í káetunni til sýnis reglugjörð um, hve langt þjóðrètturinn nái, nefnilega $^3/_4$ mílu frá landi, þess vegna er það eigi nauðsynlegt, að lögleiða hann á ný með nýrri ákvörðun, og það sèr í lagi af þeirri ástæðu, að hvorki þing nè þjóð er ánægð með hann þeim takmörkum bundinn, sem hann nú er; þess vegna er líka samningatilraunum haldið áfram af hálfu stjórnarinnar við hina frakknesku stjórn. En öllum gefur að skilja, að Íslendingar eigi geta verið ánægðir með þjóðrèttinn þannig takmarkaðan, þegar flest fiskimið

þeirra liggja meir en $^3/_4$ mílu undan landi, og þeir þannig verða að horfa á, án þess nokkuð að geta að gjört, að fiskimið þeirra verða fyrir skemmdum á ýmsa vegu af útlendum fiskimönnum, eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga ljóslega sýndi fram á, sem eg þarf eigi að ítreka. Af þessum ástæðum, er eg nú hefi tekið fram, virðist mèr 1. grein frumvarpsins, ef eigi skaðleg, þá þó að minnsta kosti óþörf, því auk þess, sem eg nú hefi tekið fram, þá gæti maður hugsað sèr, án þess eg vilji gjöra stjórninni nokkrar gersakir, að ef 1. grein frumvarpsins yrði að lögum gjörð, þá yrði með því stjórninni gefin nokkurs konar hvíld, því stjórnin getur hugsað sem svo: «vèr skulum nú láta staðar nema við þjóðrèttinn fyrst um sinn, sem nú er á ný staðfestur með lögum; vèr höfum heldur engan enda getað fengið á samningunum, þótt vèr um langan tíma höfum leitazt við að ráða þeim til lykta». En þetta vil eg eigi, og get eigi viljað það gagnvart landsmönnum mínum, eg vil, að stjórnin hafi stöðugt á sèr ótta og andvara, eg vil hún sjái, að þjóðrètturinn hèr sè eigi fullnægjandi, og því öll nauðsyn til, að hún hafi aðhald til, að halda samningunum áfram. Nefndin hefir samþykkt breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga undir tötulið 27. um það, að sett verði í álitsskjalið til konungs grein, er taki fram, að landhelgi nái yfir alla firði og flóa. Einungis skal eg geta þess, að ef því á að halda fram, að landhelgi nái yfir alla flóa, þá ímynda eg mèr, að það náist aldrei, eða nokkur þjóð gangi að því, því að 2 þeirra, Breiðiflói og Faxaflói, eru svo breiðir, að þeir eptir þjóðrèttinum heyra til hafs, en þó skal eg ekkert hafa á móti því, að einnig orðið «flóar» standi þar, ef þingið óskar þess. Hvað breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga undir tölulið 9 viðvíkur, þá fellzt nefndin fullkomlega á það, að bætt sè við «eða gjöra þar aðrar skemmdir», því oss hafði eigi hugsazt aðrar skemmdir en þær, er leiddu af sela og fugla skotum, eggjatöku og dúntöku, en nú hefir með rèttu verið tekið fram, að skemmdir geti orðið á fleiri vegu, t. d. að stolið sè kindum og fleira því um líkt. Nú sný eg mèr þá að hinu gerðarlegasta breytingaratkvæðinu undir tölulið 1. Eg þarf nú reyndar eigi að sanna, hve ástæðulaus sú breyting er, því konungsfulltrúi hefir þegar gjört það. En þar sem uppástungumaður talaði um ósamkvæmni hjá nefndinni, þá skal eg geta þess, að þótt tilskipun 13. júní 1787 aldrei nema gæti átt við það brot, sem talað er um í 1. grein, þá getur

að minnsta kosti engum ólögfróðum manni komið til hugar, að hún geti átt við um þau brot, sem talað er um í 2. grein. 1. grein talar um brot á landhelgi, en 2. grein um rupl af hendi einstakra manna; þar við á þá að liggja sú hegning, að skipið verði gjört upptækt, en hvernig á þá að fara með einstaka menn? Þeir geta farið í land og rænt í óleyfi skipstjóra og að honum óafvitandi. Á þá skipið að gjörast upptækt fyrir það? (*Benidikt Sveinsson*: Misskilningur). Setjum nú annað dæmi, að 2 eða 3 útlend skip sèu nærri landi, og nokkrir óhlutvandir menn taki sig saman af þeim og gangi í land og gjöri þar óspektir og óskunda, á þá að gjöra öll skipin upptæk fyrir það? Þessi lög mundi honum, ef hann væri dómari, þykja næsta hörð og ísjárvert að fram fylgja þeim. Lesi maður enn fremur með athygli breytingaratkvæði þingmannsins, þá er auðsætt, að hann mótsetur tilsk. 13. júní 1787 hinum gildandi lögum á Íslandi. Hann segir nefnilega: auk þess sem þeir, er verkið vinna, sæti hegningu eptir hinum gildandi lögum á Íslandi. Í þessum orðum felst það beinlínis, að hann telur eigi tilskipunina 13. júní 1787 með gildandi lagaboðum á Íslandi (*Benidikt Sveinsson*: Hreinn misskilningur). Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta breytingaratkvæði, en eg vona, að það verði fellt af þinginu, og þá fellur líka breytingaratkvæðið undir tölulið 25. Eg man nú eigi til, að það sèu fleiri breytingaratkvæði, er eg þurfi að minnast á.

Stefán Eiríksson: Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess út af ræðu hins háttvirta þingmanns Árnesinga, þar sem hann var að tala um eyjuna Vigur, að breytingaratkvæði hans undir 1. tölulið útilokar alla, sem verða fyrir ráni og stuldi í eyjum, að geta náð í nokkrar skaðabætur. Eyjan Vigur hefir nokkrum sinnum verið rænd, og tilskipun 13. júní 1787 staðið í fullu gildi; má eg nú spyrja: hvað hefir presturinn unnið við þetta gildandi lagaboð? alls ekkert, en nefndin vill einmitt eigi útiloka sèra Bjarna Sveinsson eða aðra frá, að fá þóknun fyrir skaða sinn, þótt hún sleppi 1. grein, því samkvæmt því, sem 2. grein verður eptir uppástungu nefndarinnar, þá verða bætur fyrir slíkar skemmdir metnar eptir henni, og getur þá svo farið, að presturinn fái 200 rd. bætur fyrir skaða sinn, því eptir niðurlagi 2. gr. eiga þess háttar ránsmenn að dæmast eptir grundvallarreglum laganna, og með því getur presturinn fengið meira, en hann nokkru sinni hefir farið fram á; þess vegna er það mjög áríðandi, að þessari ákvörð-

un sè haldið í tilskipuninni, því hægra er þó fyrir þá, sem verða fyrir útlendra fiskimanna ránum, að handsama 2—3 menn á bát og krefja þá um sektagjöld, heldur en að gjöra skip upptæk og þess konar, sem aldrei hefir orðið framkvæmt til þessa.

Davíð Guðmundsson: Breytingaratkvæði mitt undir tölul. 15 er að vísu lítilfjörlegt, en í sjálfu sèr er það mjög áríðandi, að allt hið einstaka í lögunum sè vel vandað, því sè hið smávægilegra og einstaklega í lögunum miður vandað en skyldi, er hætt við að það spilli fyrir því, sem er aðalefni laganna. Aptur á móti álít eg meira varið í breytingaratkvæði mitt undir tölul. 18, því ef amtmaður ætti ávallt að veita leyfið, þá yrði það mikill tímaspillir, er útheimtist til þess, að nálgast leyfið, fyrir þá, sem þess ættu að njóta, auk þess sem það hefði í för með sèr fyrir þá eigi alllítinn kostnað. Vèr getum t. d. sèð, að það mundi taka talsverðan tíma upp, ef senda þyrfti af Eskifirði norður að Friðriksgáfu, eða ef senda þyrfti úr Vestmannaeyjum til Reykjavíkur til þess, að fá leyfið hjá hlutaðeigandi amtmanni. Stjórnin er heldur eigi beinlínis á móti því, að veita lögreglustjórunum þetta leyfi; hún segir að eins í ástæðunum fyrir 4. grein, að sèr hafi þótt varlegra, að áskilja hlutaðeigandi amtmanni að gjöra það.

Framsögumaður: Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölul. 15 skal eg geta þess, að nefndin hèlt því, af því það var þannig orðað í frumvarpinu, en annars er mèr alveg sama um það. Eg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni um það, að lögin eiga að vera vel orðuð og skiljanleg. En hvað hið síðara breytingaratkvæðið snertir undir tölul. 18, þá fæ eg eigi sèð, að landið missi nokkurs í eða hafi nokkurn óhag af, þó hinir útlendu fiskimenn verði að bíða nokkuð eptir leyfinu; eg get eigi annað sèð, en að það sè landsmönnum alveg óviðkomandi, og þar eð stjórninni, þrátt fyrir meðmæli stiptamtmanns, eigi þótti næg trygging vera í því, að hlutaðeigandi lögreglustjóri veitti leyfið, heldur þótti varlegra að áskilja hlutaðeigandi amtmanni að gjöra það, þá verð eg að álíta, að eigi stoði, að fara þess aptur á leit við hana, auk þess sem eg líka vil, að leyfi þetta sè veitt með mestu varúð.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga bað mig að skila því til framsögumanns, að hann meinti einungis þá, sem komnir væru í landhelgi, og færu síðan og gjörðu óskunda. Eg kann eigi við orðið «landsnytjar» í 1. tölul., því þar með telst eiginlega ekki egg og dún. Mèr fellur vel við 2. tölul., að 1. gr.

frumvarpsins falli burt, eins og nefndin hefir stungið upp á, og það af sömu ástæðu, sem hún hefir tekið fram. 3. tölul. geðjast mèr eigi að; eg efast um, að landhelgin sè miðuð við danskar mílur (*Framsögumaður*: Það eru meintar þær mílur, sem af hverjum 15 gjöra eina gráðu). Hvað 7. tölul. snertir, þá felli eg mig vel við hann, en vil einungis, að felld sèu úr orðin: «eða taka þar egg eða dún», því það er beinlínis þjófnaður, og varðar þá meira en 10—200 rd. fèsekt, en sú sekt á vel við að sè ákveðin fyrir þá útlendinga, er ólöglegan veiðiskap fremja. Slíkt hið sama hefi eg á móti tölul. 9, en vil þó, að haldið sè viðbótinni: «eða gjöra þar aðrar skemmdir». Hvað 27. tölul. viðvíkur, þá virðist mèr vel tilfallið, að í álitsskjalinu til konungs standi sú ósk til hans frá þinginu, að stjórnin reyni til að sjá um, að landhelgi haldist innan þeirra takmarka, sem tilsk. 13. júní 1787 til nefnir eða ákveður.

Framsögumaður: Viðvíkjandi skilaboðunum, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hafði að færa mèr frá þingmanni Árnesinga, skal eg geta þess, að mèr hefir engan veginn misskilizt hugsunin í breytingaratkvæði hans. Eg skildi það nefnilega svo, að fyrsta brot væri fólgið í því, að brjóta landhelgi, annað í því, að senda skip eða báta upp í eyjar eða hólma og láta ræna þar. En þetta á eigi við, því skip getur verið fyrir utan landhelgi og menn þó farið af því og rænt; það er rangt eptir hugsun sjálfs þingmannsins. Eg veit líka dæmi til, að menn hafa farið af skipi, sem legið hefir á höfninni, og gengið á land á eyjum eða hólmum, og rænt og gjört þar ýmsar óspektir; þetta hefir t. d. komið fyrir á Hólmum í Reyðarfirði. Af þessu er það því auðsætt, að hegningin getur eigi átt við í mörgum tilfellum eptir hans eigin hugsun. Hvað þá athugasemd snertir, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður gjörði viðvíkjandi 7. tölul., þá er þess að gæta, að þar er talað um meiri hegningu en um fèsektina, því í enda greinarinnar segir svo: «Bíði nokkur tjón af þessu, skal að auk bæta skaðann samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna», þ. e. hver, sem hefir stolið, verður dæmdur eins og þjófur eptir íslenzkum lögum, hver svo sem hann er.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja menn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg vona að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sbr. II. bls. 223).

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið og þar með starfi voru að þessu sinni. Eg skal að eins geta þess, að eg hefi veitt móttöku nokkrum bænarskrám, og er eptirrit þegar tekið af þeim og sent konungsfulltrúa, og þær lagðar fram á lestrarsalinn, og eru þær þessar: bænarskrá um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík, bænarskrá Borgfirðinga um sveitaverzlun, og uppástunga þingmanns Snæfellinga um kennslu í sjómannafræði á Íslandi. Sömuleiðis hefi eg meðtekið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um síldarveiði með nót, og enn fremur nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja. Eg vona, að vèr getum tekið eitthvað af þessum málum til meðferðar á morgun, og ákveð eg því fund á morgun kl. 12, og segi því næst

Fundi slitið.

---

10. fundur. — 18. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi síðan í gær fengið uppástungu frá 3 þingmönnum um áætlun yfir tekjur og útgjöld Íslands frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, sem birt er með auglýsingu 4. marz þ. á.; einnig uppástungu frá þingmanninum í Gullbringusýslu um Thorkilliisjóðinn. Af hinni fyrri er þegar eptirrit tekið og sent konungsfulltrúa, en af hinni síðari mun eptirrit brátt verða tekið og sent konungsfulltrúa, og þær báðar lagðar síðan fram á lestrarsalinn. Það, sem þá fyrst liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, er mun lesa nefndarálitið og skýra málið, eins og honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sbr. II. bls. 226).

Eg ætla fyrst að geta þess, að það var alls eigi af ókurteisi við frumvarpið, heldur af ógáti, að nefndin hefir talið leiðrèttingu á prentvillum meðal breytinga þeirra, sem hún hefir gjört. Þegar litið er á fyrstu grein frumvarpsins, þá er það öllum ljóst, að þar

er eingöngu meint til landsbúa, því aðrir hafa ei leyfi til að fiska í landhelgi, nema það sè fengið sèrstaklega. Hèr er því að eins að tala um rèttindi milli landsmanna sjálfra. Nefndin hafði það yfir höfuð fyrir augum, að gjöra veiði þessa sem aðgengilegasta fyrir landsbúa og koma í veg fyrir, að hún mætti hindrunum af þeim, sem land hefðu til umráða. Veiði þessi er að nokkru leyti ný, og lítt tiðkuð enn af landsbúum, en getur orðið til mikilla gagnsmuna; vildi nefndin því hlynna að henni. Að öðru leyti lúta breytingar nefndarinnar mest að því, að gjöra löggjöfina óbrotnari, orðaskipunina íslenzkulegri, og ákvarðanirnar eðlilegri eptir lögum vorum og landsháttum. Viðvíkjandi breytingunni á 1. grein, er vèr gjörðum, með tilliti til landshlutarins, þá skal eg geta þess, að oss nefndarmönnum datt í hug, að setja upp sèrstaklegt gjald til ábúanda jarðarinnar af hendi þeirra, er aflann drægju þar að landi, fyrir átroðning þann, er þeir gjörðu honum, en vèr hurfum frá því, og urðum ásáttir um, að hækka heldur hið almenna gjald, því það er alls eigi ósanngjarnt fyrir það, ef vel aflast, og getur alls eigi fælt neinn frá, að stunda svo arðsama veiði, sem síldarveiðin er, ef hún heppnast. Vèr höfum þegar í nefndarálitinu tekið fram ástæður fyrir því, að nefndin skeytti saman báðar málsgreinir fyrstu greinarinnar í eitt, svo á það þarf eg eigi að minnast. Að öðru leyti eru breytingar nefndarinnar eigi verulegar, og ætla eg eigi að mæla meira fram, með þeim að sinni, fyr en eg heyri álit annara þingmanna um þær.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáeinum orðum um nefndarálitið, sem mèr virðist yfir höfuð að tala vel samið og á góðum rökum byggt. Það er einungis í tveim atriðum, að hin heiðraða nefnd hefir stungið upp á verulegam breytingum á frumvarpinu, nefnilega með tilliti til upphæðar landshlutarins, sem hún stingur upp á að verði hækkaður um helming, og um það, hvernig landshlutinum eigi að skipta niður milli leiguliðans og eigandans.

Hvað upphæð landshlutarins snertir, getur hækkun sú, sem nefndin stingur upp á, að vísu verið æskileg frá hálfu þeirra, sem hann fellur til, ef hún verður ekki því til fyrirstöðu, að menn stundi síldarveiðina með nót; en ef svo verður, mun þessi breyting ekki verða hlutaðeigendum til góðs. Á hinn bóginn virðist mèr 3% af veiðinni vera nægileg borgun bæði fyrir að draga veiðina á land, og fyrir allt hitt, sem landshluturinn á að vera borgun fyrir, þegar litið er til þess, að í 2. gr. frumvarpsins eru ákveðnar

fullar skaðabætur fyrir skaða þann, sem gjörður verður á túni, engjum og haga m. m. En það segir sig sjálft, að ómögulegt er með rökum að sanna, hvort 3 eða 6 pCt megi álíta hentugra, og eg skal þess vegna ekki orðlengja um það, heldur einungis skýrskota til þess, að við undirbúning frumvarpsins hefir verið stungið upp á bæði 3, 4 og 6 af hundraði, eins og segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 5, og að stjórnin meðal þessara uppástungna hefir fallizt á þá, sem komin var frá amtmanninum í norður- og austurumdæminu, sem er hið eina amt hèr í landinu, þar sem síldarveiði með nót hefir hingað til tíðkazt. Með þessum athugasemdum skal eg ráða þinginu til, að aðhyllast ákvörðun frumvarpsins.

Á móti uppástungum nefndarinnar við 3. og 4. gr. hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt, og það sama er að segja um hinar aðrar uppástungur nefndarinnar.

Framsögumaður: Hvað snertir athugasemd hins hæstvirta konungsfulltrúa við fyrstu grein, þá er eg alveg á sömu skoðun og hann um það, að það sè eigi gott að segja fyrir víst, að talan 3 sè röng, en talan 6 rètt. En þótt nú landshluturinn sè hækkaður þannig, þá er það alls eigi frágangssök að stunda veiðina. Eg tek það aptur fram, sem eg sagði fyrir skemmstu, að landshluturinn var hækkaður meðfram með tilliti til þess, að þeir, sem að síldarveiðum eru, gjöra eptir því sem hèr á landi hagar til meiri eða minni átroðning, en nefndinni virtist ei hæfilegt, að setja sèrstakt gjald upp fyrir það, eða hafa neina tiltekningu um það í lögum, en hækkaði landshlutinn meðfram með tilliti til þess. Að vísu getum vèr eigi talið síldarveiði með landsnytjum, og þess vegna verður heldur eiginlega ekki sagt, að ábúandi jarðarinnar líði tjón af því, þegar hún eigi er stunduð, en ef hún á annað borð er stunduð, þá virðist mèr eigi of mikið, að hann fái 6 af hundraði í landshlut, og þar í sè þá einnig innifalin þóknun fyrir átroðning þann, er af þessari veiði hlýtur að verða á jörðunni.

Guðmundur Einarsson: Af því eg er með öllu ókunnugur veiði þessari, þá vil eg leyfa mèr að gjöra fyrirspurn til hins háttvirta framsögumanns um það, hvort maður hafi leyfi til að leggja þar nót, sem net eru fyrir. Hvað upphæð landshlutarins snertir, þá virðist mèr 6 af hundraði vera vel hátt; eg vil fara bil beggja og láta mèr nægja, að landshlutur sè 4 af hundraði, og vil, ef til vill, geyma mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu.

Framsögumaður: Viðvíkjandi fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Dalamanna skal eg geta þess, að nefndin hafði þá skoðun, að síldarmönnum væri heimilt að draga nætur á land, hvernig sem á stæði og hvers konar net sem væru fyrir; hún áleit sem sè síldarveiðina svo arðsama, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu, að menn fengju að draga. Að hinu leytinu er þeim, sem net eiga, áskildar svo fullar skaðabætur, að rèttur þeirra getur sízt talizt skertur. Nefndinni þótti þær ákvarðanir fullharðar, en þótti þó ei full rök til að draga úr þeim.

Stefán Jónsson: Þó eg sè ekki kunnugur þeirri síldarveiði, sem hèr ræðir um, þá var eg þó nokkuð kunnugur síldarveiði á Akureyri fyrrum. Þar hefir opt verið dregin síld á land með dráttarnetjum; en þar hagar svo til, að lækur einn skiptir landamerkjum millum næstu jarðar og kaupstaðarins. Nú var það ýmist, hvar menn drógu netin á land, er menn voru að síldarveiðum; stundum voru þau dregin upp á lóð kaupstaðarins, og stundum upp á land jarðarinnar, en ávallt, þegar menn drógu þau upp á land jarðarinnar, þá guldu menn landshlut, og eg ætla hærri en 6 af hundraði, og þótti það engin frágangssök, svo eg verð að hallast að þeirri breytingu nefndarinnar, að landshlutur sè 6 af hundraði. Hvað uslann snertir, er leiðir af því, að síld er dregin á land, þá er það mikið misjafnt eptir því, hvernig til hagar, og virðist mèr, að eigi sè vert að ákveða sèrstaklega borgun fyrir hann, heldur að ráðlegra sè, að hafa landshlutinn þeim mun ríflegri. Það getur líka opt valdið talsverðu ómaki að þurfa í hvert sinn að meta skaða þann, er uslinn við veiðina hefir í för með sèr, því þessi skaði verður náttúrlega misjafn, sumstaðar meiri og sumstaðar minni. Það getur líka verið annmörkum bundið, að útvega matsmenn til þess að meta tjónið í hvert sinn, og ákveða gjaldið fyrir það.

Sigurður Gunnarsson: Eg er nokkuð kunnugur síldarveiði á Austurlandi, og hefi sèð, að þar eru lögð síldarnet nokkuð frá landi hingað og þangað úti fyrir ströndinni. Þau eru mikið djúp og ánetjar síldin sig í þeim, en í síldarnótum alls ekki. Þegar gengd er og síldarnót er til og verður lögð, mega síldarnet engan veginn aptra því, að hún verði dregin að landi, þar eð um svo mikinn feng er að gjöra. Lögin verða að leyfa, að draga netin með inn í nótarkvína, svo síldartorfan verði lokuð inni með nótinni. Verður svo formaður nótar að semja við netjaeigendur um

allan þann baga, sem þeir verða fyrir af nótardrættinum, líkt og hèr er ákveðið. Það er auðsèð, að frumvarpið til laga um þessa veiði er samið eptir bendingum kunnugra manna, og getur orðið að góðu gagni og komið í veg fyrir margan ágreining út af síldarveiðum. Aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli falla mèr vel. En mèr þykja þó ýmsir annmarkar á orðatiltækjum í þeim greinum, sem hún hefir látið ósnertar. Vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um nokkra af þeim. Það er svo greylegt mál á mörgum þessum frumvörpum, að eg tel þinginu minnkunn að láta það fara ólagfært frá sèr.

Torfi Einarsson: Það hefir nú verið tekið fram mest af því, er eg ætlaði að segja. Þó er eitt atriði, sem eg vil minnast á. Eg heyrði nefnilega að netin ættu að víkja fyrir nótinni, sem líka víst er rètt, en það er einmitt að mínu áliti ástæða til að hækka landshlutinn, því þeir munu víst optast eiga netin, sem eiga landið, þar sem nótin er dregin upp, og verða þeim þannig gjörð tvöföld spjöll. Eg hallast því að þeirri breytingu nefndarinnar, að landshluturinn sè hækkaður í 6 af hundraði.

Eiríkur Kúld: Það er að eins eitt orð, sem eg vil spyrja hinn háttvirta framsögumann um, en hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu gaf mèr tilefni til þess. Af orðum hans skildist mèr svo, að með sama nótfèlagi gætu verið fleiri bátar en einn, og ef svo er, gæti orðið «*tvennir*» valdið misskilningi, en þá finnst mèr orðabreyting nefndarinnar í 9. grein eiga illa við, er hún setur í staðinn fyrir «tvö nótfèlög» «tvennir». En þó ætla eg, áður en eg áskil mèr breytingaratkvæði við þetta, að gjöra fyrirspurn um þetta til hins háttvirta framsögumanns.

Sigurður Gunnarsson: Það getur verið, að eg hafi eigi getið þess áðan, að nótamenn er annað en netjamenn, en skilja mátti það af því, sem eg talaði um net og nætur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil að eins taka það fram, að í fyrstu grein frumvarpsins stendur á tveim stöðum «*landhluti*», og svo víðar í þessu frumvarpi, en það er líklega prentvilla; það á að vera *landshluti*. Orðið *landshlutur* er haft, bæði að fornu og nýju, um þann hluta veiðar, sem landinu ber, og þannig hafa allir þeir þingmenn, sem talað hafa í málinu í dag, haft það, og það er sönnun fyrir því, að orðið sè haft þannig um allt land; en *landhlutur* er allt annað, það er: hluti úr landi.

Framsögumaður: Nefndin áleit, að hún ætti sèr í lagi að

líta á efni frumvarpsins og búning þess, en eigi að gefa sig við ritvillum, eða því, er til réttritunar heyrði. Út af ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, skal eg geta þess, að eg tók eigi nógu vel eptir henni eða skildi hana eigi til hlítar. Það getur vel verið, að það sé hótfyndni af mèr, að eg kann eigi við orðið «nótfèlag», en mèr líkar hvorki orðið sjálft, nè sú þýðing, sem þar er lögð í orðið «fèlag». Eg get heldur eigi séð, að það fái valdið neinum misskilningi, þó í staðinn fyrir orðin «tvö nótfèlög» í 9. grein sè sett «tvennir», því þótt nótin væri lögð fram af fleirum bátum í senn, þá gæti eigi að síður orðið «tvennir» vel staðizt.

Jón Pètursson: Eg veit eigi beinlínis, hvort nauðsyn er á þessum lögum nú fyrir landsmenn, en því verður þó eigi neitað, að það er mikil framför, er slík lög koma út, ef landsmenn geta hagnýtt sèr þau, og því vil eg, að komi út lög um þetta efni. Eg vil að eins minnast á eitt atriði í 1. grein, nefnilega á það, að mèr virðist svo sem alstaðar megi eigi þetta leyfi veita, t. d. ekki að draga síldarnót upp í eða hjá varpeyjum, því neyti menn þessa leyfis þar, meðan á varpinu stendur, þá getur það valdið óbætanlegum skaða fyrir varpið, og er alls eigi víst, að síldarmennirnir sèu færir um að borga hann; sömuleiðis getur það valdið miklu tjóni, ef þessa leyfis er neytt í friðuðum selalögnum eða selalátrum, því það getur orðið til þess, að allur selur styggist burt. Eg verð nú að álíta, að það ætti alls eigi að vera leyfilegt, að gjöra landeigendunum óbætanlegan skaða og rýra eign þeirra fyrir sakir hagnaðar einstakra manna; þvílíkt væri ranglátt. Eg vil því áskilja mèr rètt til að bæta við á eptir orðunum «skal leyft» í 1. grein: «þar sem það ekki er til skaða fyrir friðlýstar varpeyjar, selalagnir eða sellátur». Hvað landshlutinn snertir, þá vil eg að hann sè 6 af hundraði. Jónsbók gefur að vísu hvergi almenna reglu um landshlut yfir höfuð, en eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu í danska textanum, þar sem segir svo: «Der har i det Hele været Enighed om» etc., þá er landshlutur óbeinlínis heimilaður eptir Jónsbók, og leiðir það af því, að hver landeigandi á alla veiði fyrir sínu landi í nótlögum. Enginn annar má því veiða þar en hann; sá, sem vill veiða þar, verður því enn fremur að fá leyfi hjá honum til þess, og leyfi hann honum það, verða þeir að koma sèr saman um borgunina fyrir leyfið, eða um upphæð landshlutarins, er venjulega gelzt af veiðinni. Í íslenzka text-

anum er allri þessari hugsun snúið við; þar segir nefnilega svo: «Menn hafa yfir höfuð verið samdóma um, að landshlutur sè *heimtaður* (fyrir heimilaður) í Jónsbókar rekabálks 2. kapítula, sem gefur landeigendum *fortakslausan* rètt til að fiska í netlögum» etc. (*Forseti*: Það á að vera landeigendum einum). Það er annað mál. En þó nú Jónsbók eigi leyfi mönnum þannig yfir höfuð að veiða í nótlögum annara, þá þekkir hún líka hèr, sem optar, að takmarka rèttindi einstakra manna, ef almenningi er það til heilla. Þannig leyfir hún að flytja hval á annars land, að landeiganda fornspurðum, en ákveður, að landsdrottinn fái þá $^2/_3$ úr hvalnum; þetta er að vísu mikil hlunnindi fyrir landeiganda, en þó óneitanlega nokkur takmörkun á rètti hans. Ef menn reka hval lifandi upp á land annars, þá fær landeigandi að eins þriðjung hans, en meiri tilslökun gjörir Jónsbók hvergi. Eg hefi þó eigi á móti því, að hafa landshlutinn nokkuð minni, en hann verður þó að vera meiri, en beinlínis borgun fyrir þann átroðning, er jörð hans verður fyrir. Landeigandi verður að fá sómasamlega þóknun fyrir það, að veiði, sem honum ber, er notuð af öðrum, og land hans notað án leyfis hans. Eg mæli því með, að landshluturinn sè hækkaður frá því, sem er í frumvarpinu, upp í 6 af hundraði af veiðinni, og er sannfærður um, að það fælir engan frá, að stunda síldarveiði. Í 3. grein stjórnarfrumvarpsins er farið fram á það, að landshlutnum sè skipt milli landsdrottins og leiguliða. Nefndin vill, að hann falli allur til leiguliðans, nema öðruvísi sè um samið, en eg álít, að hann eigi allur að falla til landsdrottins, því öll slík höpp eiga að falla til hans; þau við koma eigi leiguliða-notum. Leiguliðarnir mega sjálfir veiða fyrir sínu landi; en hèr er ekki talað um veiði þeirra, heldur annara. Það er og meira samkvæmt Jónsbók, að landsdrottinn fái landshlutinn; þar segir svo, þar sem er verið að að greina rètt landsdrottins og leiguliða, «að landeigandi eigi alla hvali, er kvikir hlaupa á land». En það er auðvitað, að menn geta byggt þessi hlunnindi sem önnur leiguliða. Eg vil því að 3. grein sè orðuð þannig: «Landshlutur fellur allur undir landsdrottin, nema öðruvísi sè um samið». Út af þessu efni geta annars risið ýms spursmál, t. d. það, ef veitt væri fyrir fleiri manna landi, en dregið upp á eins manns land, þá yrði rèttur margra skertur, en þó mest þess, er dregið er upp á land hans; hinir sýndust því ættu að fá nokkurn hluta veiðarinnar líka, þó hann

ætti að fá mest; en eg vil eigi ræða um þetta eða önnur spursmál, er risið gætu út af þessum lögum.

Jón Sigurðsson: Eg get ekki aðhyllzt kenningu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns um 3. grein. Eg held að það sè eðlilegra, eins og nefndin stingur upp á, að leiguliði fái landshlutinn, því sá, sem veiðir, hann skilar náttúrlega landshlutnum af veiðinni, eins og venjulegt er, og alstaðar mun við gangast, en ef landsdrottinn er langt í burtu, þá er hætt við, að honum verði lítið úr honum. Það er allt öðru máli að gegna með hvalreka, en með síldarveiði; síldarveiði er ekki *happ*, heldur *notkun* eða notkunarhlunnindi, og að skilja notkunarrèttinn frá brúkunarrèttinum, ætla eg sè miður hyggilegt, og enda rangt eptir okkar nú gildandi lögum. Hitt er annað mál, hvernig um semst milli landsdrottins og leiguliða um hlunnindi jarða, hvort sem er veiði eða annað; landsdrottinn hefir heimild til að setja upp landskuldina, ef hann svo vill, þegar um mikil hlunnindi er að ræða; enda held eg að eigi þurfi um það að kvarta, að jarðeigendur kunni ekki að leigja hlunnindi jarðar sinnar nógu dýrt. En mèr þykir eigi breyting nefndarinnar á 3. grein vel orðuð. Eg vil að hún sè orðuð þannig: að sá, sem á jörðu býr, taki landshlut allan og skaðabætur, *hvort sem hann er landsdrottinn eða leiguliði.* Eg er ekki alveg sáttur við 7. greinina; mèr skilst tilgangur frumvarpsins vera sá, að 2—50 rd. gjaldið komi í staðinn fyrir fátækrahlutinn úr helgidagaveiðum, sem mig minnir að sè einn fimmti partur veiðarinnar, er það eigi satt? (*Framsögumaður*: Jú!), en það virðist mèr eigi heppilegt; mèr virðist betra, að láta ákvarðanirnar í reglugjörð 8. janúar 1834 gilda eins um síldarveiði eins og um aðra veiði; eg hefi líka mörg dæmi þess, að fimmti hlutinn af aflanum nemur meiru, en upphæð gjalds þess, er ákveðið er í 7. grein. Það gæti líka verið, að þetta yrði til þess, að aptra mönnum frá, að nota sèr veiði á helgidögum, því þegar þeir vissu, að þeir ættu að gjalda svo og svo mikið, að minnsta kosti 2 rd., þá væru þeir má ske hræddir um, að veiði þeirra yrði svo lítil, að hún svaraði eigi kostnaði, og það yrði þá til þess, að firrta menn frá að veiða á helgum dögum, sem alls ekki er æskilegt, því þeim fátæku veitir sannarlega ekki af því, sem þeim áskotnast, hvort sem er á helgum dögum eða endrarnær, og virðist mèr, að eigi megi draga úr því. Mèr virðist því fullt eins haganlegt, að hinni gömlu ákvörðun um helgidagahlutinn sè haldið.

Framsögumaður: Nefndin var eindregin á því, að hafa eigi hlut eða part úr veiðinni, til þess að menn eigi að ástæðulausu væru að brjóta helgidagatilskipunina. En þótt sekt sè við lögð, er eigi nemur meiru en 5—50 rd., þá fælir hún engan frá mikilli veiði, því nefndin vill eigi hafa með aðra veiði að gjöra, en verulega veiði, en þá ekki heldur hamla henni. Hvað breytingaratkvæði hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns snertir, þá vil eg helzt ráða honum til að taka það aptur, því það er alls engin von, að nefndin aðhyllist það. Í 2. grein frumvarpsins er talað um skaðabætur, og fæ eg eigi betur sèð, en að þar í geti og innibundizt bætur fyrir það tjón, er veiðin gjörði á varpeyjum og sellátrum, er þingmaðurinn fèkkst svo mikið um. Eigi getur heldur nefndin fallizt á það, að landsdrottinn fái allan landshlut, því það er þó leiguliðinn, en eigi landsdrottinn, sem fyrir átroðningnum verður. Það getur reyndar verið, að eg væri skoðun hins háttvirta þingmanns meðmæltur, ef eg ætti fleiri jarðir, en þó veit eg það ekki, því eg sæi, að eg gæti samið við leiguliða, eins og mèr litist.

Grímur Thomsen: Þótt frumvarpið eiginlega tali um síldarveiði, þá sèst það þó af ástæðunum fyrir 1. grein, að tilgangurinn hefir verið sá, að láta löggjöfina einnig ná yfir annan fiskiafla. Nefndinni, sem sett var í Reykjavík veturinn 1870—71, var og gefinn kostur á, að kynna sèr norsku löggjöfina um landshlut. Það er sèr í lagi ein fiskitegund, upsinn, sem er veiddur öldungis á sama hátt og síldin; hann kemur nefnilega í stórum og þèttum torfum, líkt og síldin. Mèr virðist því, að nefndin ætti öldungis eins að láta löggjöfina ná yfir upsaveiði eins og síldarveiði, og vil eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort hann eigi vill bæta upsanum inn í frumvarpið, því mèr virðist það sanngjarnt, að af honum sè einnig goldinn landshlutur.

Framsögumaður: Eg hefi sem nefndarmaður ekkert á móti því, og vona, að meðnefndarmenn mínir fallizt líka á það.

Grímur Thomsen: Eg áskil mer þá breytingaratkvæði í þá átt.

Guðmundur Einarsson: Viðvíkjandi breytingaratkvæði hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, vil eg geta þess, að eg álít það eigi einungis ósanngjarnt, heldur og rangt, því maður getur hugsað sèr, að leiguliði væri svo framtakssamur, að hann ætti sjálfur nót fyrir landi; en þá gæti landsdrottinn, ef hann væri ósanngjarn og ágengur, heimtað hlut af afla sjálfs leiguliðans.

Jón Pèturssson: Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að landsdrottni mundi verða lítið úr landshlutnum, ef hann væri langt burtu. Hann vill þá víst heldur eigi halda ákvörðun stjórnarfrumvarpsins, sem segir, að til landsdrottins skuli falla hálfur landshlutur. En þá vil eg spyrja hann: verður landsdrottni þá einnig lítið úr hval, ef hann rekur á land? Álítur þingmaðurinn þá, að það ætti að telja meðal leiguliða-nota, ef hval rekur, og leiguliði fái hann, af því landsdrottinn kann að vera í fjarska? Er það eigi skylda leiguliða, að vernda og gæta allra þeirra hlunninda, er lögin heimila landsdrottni og eigi eru talin meðal leiguliða-nota? Það væri nokkuð skrítið, ef menn hèr í þingsalnum hèldu, að leiguliði mætti fara með það, hvernig sem hann vildi, eða alls eigi hirða neitt um það. Leiguliðinn hefir einungis jörðina til venjulegra afnota og ekki annars; óvanaleg höpp, er henni til falla, þau á því landsdrottinn, nema því að eins, að jörðin sè byggð leiguliða með þeim skilmálum, að hann eigi þau. En það er þó örðugt, að byggja þau með jörðinni; það er auðsætt, að væru þau byggð með, ætti jörðin að hækka í eptirgjaldi, en það munu verða fáir til að taka jörðina til byggingar með hærra eptirgjaldi vegna óvissra happa, en þó hún væri byggð án þeirra. Eg sè nú sem sagt enga ástæðu til, að landsdrottni þurfi að verða lítið úr landshlutnum, og þó honum yrði lítið úr honum, þá virðist mèr eigi þar fyrir nein ástæða til, að hann missi hann. Það er óviðurkvæmilegt, ef lögin skyldu leyfa öðrum mönnum að nota jörð eins, án leyfis hans og að honum fornspurðum, og án þess, að gefa honum nokkra þóknun fyrir, einkum þegar notkunin gefur hlutaðeigendum mjög mikinn arð; slíkt væri beinlínis að skerða eignarrètt eigandans; það er að vísu líka nokkur skerðing á rètti leiguliða, að lögin leyfa að nota leiguland hans öðrum að honum fornspurðum, en þó eigi nærri því eins mikil, þar honum eigi er byggð jörðin nema til leiguliða-nota, en af því þetta er þó nokkur skerðing á rètti leiguliða, þá fer líka frumvarpið fram á það, að veita báðum nokkuð, eða skipta landhlutnum milli þeirra, og það er þó sanngjarnara, en að leiguliði fái allt. En hvað það snertir, er hinn háttvirti framsögumaður sagði út af orðum mínum um þann skaða, er varpeyjar og selalagnir gætu haft af veiði þessari, þá fæ eg ekki sèð, að það eigi við rök að styðjast. Hann játar að vísu, að það geti orðið til tjóns fyrir varpeyjar og selalagnir, en segir, að sá skaði verði bættur samkvæmt 2. grein frumvarps-

ins; en því verð eg alveg að neita, því þar er einungis átt við skaða þann, sem gjörist þar, er nótin er dregin á land; en varpið getur verið nálægt og til hliðar, og buslið, sem af veiðinni verður, getur hæglega styggt fuglinn og skemmt varpið, og það svo, að það eigi nái sèr í mörg ár, en sem sagt, í frumvarpinu eru alls eigi heimilaðar skaðabætur fyrir slíkt. Eptir því mega síldarmennirnir veiða og draga nótina fram hjá varpeyjum og selalátrum eða selalögnum í fullu lagaleyfi, og þá er auðvitað, að þeir eru eigi skyldir til að bæta tjón það, er af því hlýzt fyrir varpið eða selalátrin. Eigi þeir að vera skyldir til þess, verða lögin að ákveða það. Eg álít það mjög hæpið, að spilla hinum mestu herlegheitum jarðanna með síldarveiði, og eg kalla lögin ósanngjörn, ef þau eigi vilja vernda æðarvarp og selalagnir.

Jón Sigurðsson: Eg skal játa það, að eg hefði kann ske aldrei átt að tala í þessu máli, því eg verð að játa það, að eg er með öllu ókunnugur síldarveiði og sjávarafla yfir höfuð; reyndar veit eg þó svo mikið, að *síldarveiði með nót* er allt annað en *hvalreki*, og að sömu ákvarðanir geta eigi átt við um hvorntveggja þennan afla. En eg er gagnkunnugur silungsveiði, sem mjög er stunduð við Mývatn, og sem er einna líkust síldarveiði; og hvað sem Jónsbók segir um það, þá veit eg þó, að engum manni hefir frá ómunatíð komið til hugar, að taka landshlut af silungsveiði. Þess vegna álít eg það mjög óheppilegt, ef sú ákvörðun verður tekin upp í hina nýju tilskipun um síldarveiði, að landeigendur, en ekki leiguliðar, eigi að taka landshlutinn.

Forseti: Úr því ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið, og vil eg biðja þá þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í þessu máli, að koma þeim hið fyrsta til mín, og ekki seinna en kl. 12 á morgun.

Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, bænarskrá frá forstöðumönnum forngripasafnsins um, að því verði veittur árlegur fjárstyrkur. Flutningsmaður þessarar bænarskrár er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, er mun lesa hana upp fyrir þinginu og skýra hana, eins og hann álítur þörf vera.

Halldór Kr. Friðriksson: Bænarskráin hljóðar þannig: (Sbr. II. bls. 230).

Eg vona, að eg þurfi eigi mörgum orðum að fara um þetta mál; því að það hefir svo opt verið til meðferðar hèr á þinginu,

að það hlýtur að vera öllum þingmönnum kunnugt, hvernig hagur þessa forngripasafns er. Málið hefir líka ávallt fengið hraðbyri hèr á þingi, og þá vona eg, að eins verði enn að þessu sinni. Allir munu vera beiðendunum samdóma um það, að það er mjög nauðsynlegt, að safna öllum þeim forngripum, sem enn liggja víðsvegar um landið óeyddir; því að allir hljóta að vera einhuga á því máli, að forngripasafn er eitt af því, sem hvað mest og bezt styður að því, að skýra sögu landsins, hvers sem er, og þá eigi síður Íslands en annara landa, og íslenzkt forngripasafn skýrir eigi að eins sögu lands vors, heldur allra Norðurlanda. Og að minni ætlun er eigi einungis nauðsyn að safna saman slíkum gripum, sem nú eru orðnir fornmenjar, heldur og einnig hlutum, sem reyndar enn eru eigi orðnir gamlir, en þeir verða þó einhvern tíma gamlir, en þá er auðsætt, að safnið þarf fjár til að kaupa slíka hluti fyrir. Þetta vona eg að þingmenn sjái engu síður en bæði eg og beiðendurnir. Það skal reyndar enginn þingmanna vera fúsari en eg, að fara að orðum hins háttvirta konungsfulltrúa, er hann minnti þingið á fyrir nokkrum dögum, að fara varlega í það, að biðja um fè, meðan svona standa hagir vorir. En allt um það, verð eg að mæla með því fastlega, að bænarskrá þessi verði tekin til greina, með því í bænarskránni er farið fram á fjárveiting af ákveðinni útgjaldagrein, það er að segja af fè því, sem ætlað er til óvissra útgjalda Íslands, og sem nú er að upphæð rúmlega 4,300 rd.; og er eg athuga, hve brýn nauðsyn mælir með fjárveiting þessari, og eg hins vegar ímynda mèr, að þessu fè verði eigi haganlegar varið á annan hátt, þá gjöri eg það með góðri samvizku, að mæla með því, sem um er beðið; því sannarlega verður þessu fè til einskis annars betur varið, en til að verja með því forngripi landsins og auðga safnið, og þá liggur í augum uppi, að til þess dugir varla minna en 300 rd. árlega, eins og bænarskráin fer fram á. Eg skal reyndar þakklátlega kannast við þá 500 rd., er stjórnin fyrir tillögur alþingis hefir veitt safninu í eitt skipti fyrir öll, og það veit eg einnig með vissu, að forstöðumennirnir einnig gjöra; en það gefur að skilja, að þessir 500 rd. eru fljótt eyddir; megnið af þeim gekk til að búa til herbergi handa safninu. Þar sem svo margt þarf að kaupa í bráð, og gripirnir koma upp smátt og smátt, svo ávallt þarf að halda kaupunum áfram, þá er það auðsætt, að safn þetta þarf nauðsynlega að hafa nokkurt fè árlega til umráða. Auk þess eru ýmsar

aðrar nauðsynjar, sem safnið með engu móti getur án verið, eigi það að geta staðizt, t. a. m. skápar, og ef safnið eykst, þá þarf meira og betra húsrúm. Eg vona, að þingmenn séu á sama máli og eg, og samþykki, að nefnd verði kosin máli þessu til rannsóknar. Eg sting upp á 3 manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt ályktun þingsins með tilliti til uppástungunnar um kennaraembætti í sögu Íslands, held eg að þingið ekki muni finna ástæðu til, að taka þessa bænarskrá til frekari meðferðar í þetta skipti, því um hana gilda alveg þær sömu ástæður, sem um kennaraembættið, að betur mun fara, að fresta málinu til næsta alþingis. Eins og beiðendur skýra frá og þingmönnum er kunnugt, hefir kirkju- og kennslustjórnin með brèfi frá 5. marz f. á. veitt forngripasafninu 500 rd. styrk, og af þeim eru, eptir því sem stiptamtmaðurinn hefir skýrt mèr frá, 150 rd. enn þá óeyddir til innkaupa á gripum, og eptir beiðni forstöðumannanna í vörzlum stiptamtmannsins, og held eg að þessi upphæð muni nægja til næsta alþingis.

Eiríkur Kúld: Þótt eg í þessu máli standi upp í því skyni, að mæla með bænarskrá þeirri, er hèr liggur fyrir, þá er það eigi af því, að eg eigi hafi hugföst þau orð hins háttvirta konungsfulltrúa, er hann talaði til þingsins, þá er ræða var uppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns um stofnun kennaraembættis í íslenzku og fornfræðum Norðurlanda, er hann áminnti þingið um að fara varlega í allar fjárbænir á þessu þingi; enda skal eg láta það sjást, áður þingi er lokið, að eg mun hafa þessa áminningu hugfasta í fleirum málum en þessu. Eg mæli með bænarskrá þessari af því eg álít, að þingið geti eigi vísað henni frá, nema sèr til hinnar mestu vanvirðu; því hvað er það annað en hlynna að sögu landsins, að hlynna að forngripasafninu; og af sögu lands vors drekka Íslendingar enn í dag, og svo mun framvegis verða, en það er einmitt forngripasafnið, sem á og getur skýrt sögu lands vors um ókominn tíma. Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga um það, að það er eigi rètt, að mál þetta strandi allt af á sama skerinu, því nefnilega, að fjárhagsaðskilnaður Íslands og Danmerkur eigi sè á kominu, því hann er að nokkru leyti þegar á kominn, enda vona eg, að hèðan af líði eigi á löngu, áður alþingi fái meira að segja um fjármál vor en hingað til hefir verið; og sýnist því engin ástæða fyrir þingið, að draga lengur undan sèr, að verja forngripasafnið. Það getur mèr því ó-

mögulega sýnzt neitt boðorðabrot, þótt þingið beiðist þess, að nokkrum hundruðum ríkisdala af fè því, er ætlað er til hinna óvissu útgjalda Íslands, verði varið til að vernda þjóðstofnun þá, er hèr ræðir um, að minnsta kosti verð eg að álíta þetta nauðsynlegt, meðan engin skýrsla er til, er sýni, til hvers fè þessu er varið, er þarflegra sè. Eg mæli því fastlega með því, að 3 manna nefnd verði sett í máli þessu.

Ólafur Pálsson: Eg verð einnig að mæla með því, að bænarskrá þessari sè gaumur gefinn, og að þingið taki vel undir þetta mál, og það af sömu ástæðum og teknar hafa verið fram af þeim háttvirtu þingmönnum, er þegar hafa talað í máli þessu. En eg bæti einungis við þeirri ástæðu, að safn þetta er þegar orðið svo aukið, að óhugsandi er, að gætur sèu á því hafðar, nema nokkurt fè verði til þess veitt. Það er að vísu satt, að hinir heiðruðu menn, er nú sem stendur veita forngripasafninu forstöðu, hafa hingað til gjört það fyrir alls ekki neitt, en það álít eg óíært, að þeir ekkert fái fyrir þennan starfa sinn. Og þótt nú svo sè, að þeir af góðsemi sinni haldi áfram að hafa þennan starfa á hendi fyrir ekki neitt, þá er safninu ekki borgið með því, því að hver getur ábyrgzt, að þeirra ekki kunni að missa við? og þá er næsta efasamt, að nokkur fáist, er takist á hendur þennan starfa fyrir alls enga þóknun. Eg verð því fastlega að mæla með því, að nefnd verði sett í máli þessu.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið. Vil eg því skora á þingmenn, að ganga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kosin í máli þessu.

Síðan var gengið til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa í máli þessu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum móti 1.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á 3 manna nefnd, og vil eg því biðja þingmenn að kjósa 3 menn í nefnd þessa.

Þessir hlutu kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson með 14 atkv.
Ólafur Pálsson — 13 —
Eiríkur Kúld — 7 —

og var málið afhent þingmanni Reykvíkinga, er flest atkvæði hlaut til nefndarkosningar.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá Borgfirðinga um, að alþingi búi til frumvarp til laga um sveitaverzlun.

Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er flutningsmaður þessa máls, og mun hann lesa bænarskrána og skýra frá því í máli þessu, er hann álítur þörf á.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána. (Sbr. II. bls. 231).

Eg vona, að eg þurfi ekki að halda mikilli vörn uppi fyrir bænarskrá þessari, því eg get ekki trúað, að hún fái mikil mótmæli, heldur að hún fái hagstæðan byr hèr á þinginu, og eg veit hún strandar ekki á því skerinu, sem flestar aðrar bænarskrár, að beðið sè um fè. Hèr er einungis farið fram á, að bönd verzlunarinnar hèr í landi verði leyst, svo að hún verði sem eðlilegust og hagfelldust fyrir landsmenn, og það er meining bænarskrárinnar að yrði með því, að leyfð verði sveitaverzlun, og eg verð að vera henni samdóma í því, að hún ætti hèr á landi víða vel við. Allir vita, hve hörmulegt er að lesa verzlunarsögu vora, og vèr, sem til þess finnum, hvað illt einokun og óeðlileg bönd verzlunarinnar hafa aukið oss, og vèr sem líka finnum til þess, að hvað lítið sem losað hefir verið um þau, hefir gjört töluvert gagn, vèr, sem vitum þetta hvorttveggja, eigum að starfa að því, að ráðin verði bót á því í verzluninni, sem enn þá er ólagað. Alstaðar þar sem hingað til hefir á síðari tímum verið leyfð uppsigling, eða að stofnaðir væru smákaupstaðir, hefir það borið talsverða ávexti, og vèr megum þakka þinginu og stjórninni af hjarta fyrir það hagræði, sem veitt hefir verið með því, að leyfa uppsigling og smáverzlanir, sem nú eru víða notaðar, og hvergi ónotaðar, sem leyfðar hafa verið, sem allt vitnar um það, að leyfið hefir ekki verið að óþörfu. Og það er mín von, að ef sveitaverzlun kæmist á, þá mundi margt gott þar af leiða, þá mundi vöruvöndun talsvert batna frá því, sem nú er, því það er hægra fyrir hvern einn, sem lítið hefir, að gæta hennar, og eigi einungis það, heldur og einnig mundi vörumagnið aukast, að eg tali ekki um það, hvað ferðakostnaður hlyti talsvert að sparast við slíkt fyrirkomulag, því að á meðan farið er í kaupstaðinn, mætti eitthvað annað gjöra, sem gagn er að. Enn fremur er þess að gæta, að allur ágóðinn af slíkri verzlun hlyti að renna inn í landið, þar eð kaupmenn þessir, sem í sveitunum verzluðu, væru búsettir í sjálfu landinu, og þess hefir fyrri verið æskt hèr á þingi, að allir verzlunarmenn á Íslandi væru búsettir í landinu sjálfu. Eg vona því, að þingið verði eigi á móti því, að nefnd verði kosin máli þessu til íhugunar, og leyfi eg mèr að

stinga upp á 3 manna nefnd. Eg ímynda mèr, að mál þetta geti eigi tekið upp langan tíma, því að þótt ýmislegt sè, ef til vill, athugavert við mál þetta í sjálfu sèr, þá hefir það þó talsvert verið skýrt áður á þingum. Eg vil taka það fram, að það band á verzluninni, sem hingað til hefir verið, hefir með engu móti getað hindrað hið ólöglega prang, er víða hvar við gengst í sveitum, en eg vona, að þessi uppástunga, ef hún næði fram að ganga, myndi verða til þess, að hindra það, því þegar einstökum mönnum væri leyfð slík verzlun í sveitum, þá mundu þeir vilja reyna að sjá við því, að slíkir prangarar færu um landið til að bjóða varning sinn. Að öðru leyti þykist eg viss um það, ef að sveitaverzlun verður leyfð og er nauðsynleg, þá muni hún bera góðan ávöxt, þar sem hún á við; en ef hún á ekki við eða er ónauðsynleg, þá verður leyfið eigi notað, og gjörir þá heldur ekkert skaðlegt. Eg skal svo ekki fara hèr um fleirum orðum, heldur fela hinum heiðruðu þingmönnum meðferð málsins, og vona, að þeir verði því meðmæltir.

Þórður Jónasson: Eg get ekki verið meðmæltur þessari bænarskrá, því eg get ekki sèð neinn gagnlegan árangur af henni, þó henni yrði framkvæmt. Það væri að lögleiða okur og prang, sem hingað til, og það af góðum rökum, hefir verið lögbannað. Eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á verzlun og flutningum þeim, sem nú eiga sèr stað, er búið að sjá fyrir því, að svo miklu leyti, sem þess er kostur, að allur almenningur geti nálgazt vörur sínar með svo hægu móti, sem þess er unnt. Sveitaverzlunin getur ekki bætt betur úr því sem er, því sveitakaupmenn geta ekki byrgt sig upp með hinar eiginlegu nauðsynjavörur, en þar við skil eg kornvöru og aðra þungavöru, svo nokkru nemi. Það yrði því einungis munaðarvörur, kaffi, brennivín, tóbak, lèrept og því um líkt, sem þeir, sveitakaupmennirnir, mundu hafa á boðstólum; en er nú nokkurt verulegt gagn að því fyrir almenning, að auka útbreiðslu þess, sem að mestu leyti er almenningi til eyðileggingar? Eg hefi þekkt af orðspori og enda af reynslu fleiri bændur, sem í leyfi eða óleyfi hafa haft sveitaverzlun, og sumir þeirra hafa auðgazt, en það held eg megi fullyrða, að þeir einir hafa haft gagn af því, og að þeir ekki hafi verið almenningi til neinnar uppbyggingar, heldur miklu fremur gagnstætt. Eg skal ekki fara hèr um fleirum orðum. Eg vona, að þingið vísi bænarskránni frá nefnd, og tel það sjálfsagt, að svo verði.

Guðmundur Einarsson: Jafnvel þótt eg játi það, að bænarskrá þessi hafi að styðjast við ástæður, er hafa sennilegan blæ, þá get eg ómögulega búizt við, að það, sem um er beðið, verði til framfara hèr í landi að sinni. Bænarskráin er að minni ætlun of snemma upp borin, og því ótímabær, því þótt eg sè móti hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni í því, að allir þess konar menn hafi verið sveitafèlögunum skaðlegir, þá get eg eigi sannfærzt um það, að sveitaverzlun í sjálfu sèr sè holl fyrir land og lýð. Þvert á móti veit eg það með vissu, að með því móti mundi margur óþarfinn verða keyptur, er annars ekki á sèr stað; eyðsla mundi því verða meiri en nú, með því hún takmarkast þó dálítið við erfiðleikana, sem því eru samfara, að ná munaðarvörunum úr kaupstöðunum. Og út af því, er hinn heiðraði flutningsmaður sagði, að varningur mundi batna, ef sveitaverzlun kæmist á, þá er eg alveg gagnstæðrar skoðunar, að minnsta kosti meðan eigi væru tilkvaddir reglulegir vörumatsmenn í kaupstöðunum, því þessir sveitaverzlarar mundu verða að neyðast til, að taka illt með góðu til að fá eitthvað í skuldir sínar, en síðan færu þeir í kaupstaðinn, og þá spyr kaupmaðurinn sjaldan að, hvort varan sè góð, ef hún er mikil. Enn fremur mundi það reynast, að margir fátæklingar gripu til framgengins fènaðar, til að lúka með skuldir þær, sem þeir hefðu má ske aldrei hleypt sèr í, ef freistnin til þess hefði ekki stigið fyrir þá með því, hvað hægt þeim veitti að ná í munaðinn. En þegar það stig kemst á, að menn verða að láta af framgengnum fjárstofni sínum jafnóðum og hann kemst upp, þá er örbyrgðin óumflýjanleg. Það eru nóg og sorgleg dæmi þess, hvernig margur hefir af einberri heimsku, munaðarlöngun eða fyrirhyggjuleysi orðið öreigi í kringum kaupstaði, eða í grennd við heimili gróðamanna, og því ætti þingið að fara varlega í, að gefa gaum uppástungu þessari. Eg ræð þar fyrir frá nefnd í máli þessu.

Torfi Einarsson: Það hafa verið teknar fram margar ástæður á móti þessari bænarskrá, og vil eg því eigi taka þær upp aptur; en eg skal einungis benda á afleiðingarnar af smá-sveitakaupskap, þegar allt er í sinni vægari mynd. Eg þekki einstaka menn, er tekið hafa einungis nauðsynjavöru og haft hana á boðstólum meðal sveitunga sinna, þegar kaupstaðirnir hafa verið vörulausir; en allt um það hefir kaupskapur þessi ekki komið að verulegum notum. Einstakir menn hafa nefnilega sakir þess, að fá mátti, ef til vill, eina hálftunnu hjá bóndanum í sveitinni, treyst því, að þar væri

allt af forðinn vís, en hlaupið svo í kaupstaðinn með allt, sem þeir gátu með nokkru móti misst til þess, að ná í munaðarvöruna. Og eg býð ekki fé við verðinu á varningnum hjá slíkum sveitakaupmönnum, þegar þeir væru búnir að reiða allt saman heim á drógunum. Annars ætla eg ekki að rekja feril máls þessa lengra, en álít ekkert spursmál um, að taka mál þetta í nefnd.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að vona, að þingið fari ekki að tefja tímann með að kjósa nefnd í öðru eins máli og þessu, því allir hljóta þó víst að skilja, að hèr er verið að biðja um, að lögleiða okur og prang, sem eg aldrei veit til að hafi verið til annars, þar sem það hefir við gengizt, en tómrar ólukku og niðurdreps. Eg hefi einu sinni hitt einn slíkan prangara, og til dæmis upp á nákvæmnina á málinu hjá honum, þá mældi hann brennivíns-hálfpottinn í hálfri *Champagne*-flösku; það var líka sagt um annan, að hann hefði tvær vigtirnar, aðra til að vega vörur þær, er hann tók við, og hina til að vega það, sem hann lèt af hendi. Það dettur því, vona eg, engum þingmanni í hug, að ala upp slíkan ósóma í landinu. Eg hefi líka heyrt, hve óhemjandi fólk er orðið sumstaðar, þar sem verið hefir verið að auka smákaupstaðina, t. a. m. norður í Hrútafirði; þar er sagt að menn sèu einlægt sí og æ að þessu strunsi í kaupstaðinn eptir tómum óþarfa og óhófsvarningi, og er slíkt kaupabrutl til hins herfilegasta niðurdreps, hvar sem það liggur í landi. Eg vona sem sagt, að þingið verði ekki lengi að vefjast um slíkan hègóma sem bænarskrá þessi er.

Eiríkur Kúld: Mèr þótti vænt um, að hinn heiðraði þingmaður, er flutti bænarskrá þessa, mælti ekki mikið með henni; enda verð eg að álíta hana einhverja hina óþörfustu, er til þessa þings hefir komið. Það er merkilegt, að það er úr Borgarfjarðarsýslu einni, að slík beiðni kemur úr þeirri sýslu, þar sem hver kaupstaðurinn er við annan og vegalengd hvergi því til tálmunar, að hægt sè að ná vörum úr kaupstöðunum. Borgfirðingar bæði geta hæglega, og gjöra líka stöðugt, sótt til Reykjavíkur; þeir hafa Brákarpoll og þeir hafa Lambhússund, og samt er þeim þetta ekki nóg, heldur er nú beðið um, að hver megi verzla fyrir sínum bæjardyrum. Að leyfa slíkt, er eigi einungis með öllu ástæðulaust, heldur getur slíkt verið mjög svo hált, því með þessu móti yrði sundrað öllu afli hinna eiginlegu kaupmanna, en eg vil biðja þingmenn vel að gæta þess, að það er eitthvað hið fyrsta, sem útheimtist til velliðunar eins lands, að kaupmannastèttin ei sè

ofurliði borin, og að hlynna að henni, álít eg skyldu þingsins. Eg vona, að enginn þingmaður verði með því, að nefnd sè kosin í máli þessu.

Stefán Jónsson: Hinn heiðraði flutningsmaður taldi það mundi verða landinu til hagsmuna, að leyfð væri hin umbeðna sveitaverzlun, en eg þykist sannfærður um, að það yrði til langtum meiri óhags en hagnaðar, því ef margir byrjuðu á að stunda smáverzlun, þá mundi það verða til þess, að gjöra ógagn, en ekkert gagn; því búast mætti við því, að þeir fátækari þyrftu að fá lán hjá þessum sveitaverzlunarmönnum, og leita á náðir þeirra, er kaupskap stunduðu, eins og hinna eiginlegu kaupmanna á verzlunarstöðunum. Eyðslan yrði langtum meiri, þegar munaðarvaran yrði auðfengin hèr og hvar í sveitunum, en matvara mundi verða lítil á boðstólum, og svo yrði jafnvel bæði kaupanda og seljanda óhagur einn að slíku leyfi. Eg veit til þess, að þeir, sem fengið hafa leyfi til að selja munaðarvöru í kaupstöðum hèr á landi, þeir hafa ekki allir haft hag af sölu sinni, og ekki nema þeir, sem sjálfir hafa verið sèrlegir reglumenn, og svo mundi fara, og eigi betur, ef leyft væri það, sem hèr er um beðið. Eg verð því að álíta, að það sè ekki heppilegt, að bera beiðni þessa upp að sinni, og ræð eg því flutningsmanni til, að taka bænarskrána aptur.

Hallgrímur Jónsson: Mèr hefir brugðizt sú von, að bænarskrá þessi fengi hagstætt leiði hèr á þinginu; eg hugsaði, að hèr væru fleiri frelsisvinir, en eg sè nú að frelsishugmyndir þeirra eru að minnsta kosti nokkuð talsvert takmarkaðar. En það er ekki í fyrsta sinni, að verzlunarmál vor eiga erfitt uppdráttar hèr á þingi, það hefir verið svo frá byrjun þess, að einhverjir hafa orðið til að mæla á móti þeim, og skil eg þó ekki í þeim mótmælum, þar sem að reynslan sannar hið gagnstæða, bæði í þessu landi og annarstaðar, nefnilega, að af sem frjálsastri og haganlegastri verzlun er mestra framfara von; en allt um það, þó menn í þetta sinn hatist við sveitaverzlunina, mun þó sá tími koma, að mál þetta sigrar og nær framgangi, og í þeirri von sezt eg niður, en eigi mun eg taka bænarskrána aptur, heldur lofa þingmönnum að fella hana, ef þeim svo þóknast.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og bið eg því þingmenn að skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli kosin.

Því næst gengu þingmenn til atkvæða um það, hvort nefnd

skyldi kosin bænarskránni til íhugunar, og var hún felld frá nefnd með 19 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Það, sem þá liggur næst fyrir samkvæmt dagskránni, er að taka til umræðu og ákveða, hvort nefnd skuli kosin til að rannsaka uppástungu þingmanns Snæfellinga um, að stofnuð verði kennsla í sjómannafræði. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður uppástungu þessarar, og skýt eg því til hans, að lesa uppástunguna og skýra hana, eins og hann álítur að þörf sè.

Egill Egilson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sbr. II. bls. 232).

Eg vona, að eg þurfi eigi mörgum orðum að eyða til að mæla með uppástungu þessari, með því mál þetta fèkk hin beztu meðmæli á þinginu 1869. En eg skal að eins geta þess, hvers vegna eg gat eigi aðhyllzt uppástungu hins háttvirta konungsfulltrúa máli þessu viðvíkjandi. Í fyrsta lagi kemur herskip það, er hann benti til að notað yrði, alls eigi á fullkomlega ákveðnum tímum hingað til landsins. Það er vandi, að það komi hingað einhvern tíma í maímánuði og dvelji hèr við landið fram í ágústmánuð, svo það er þá að eins 3 mánaða tími, sem skóli þessi gæti verið þar innan borðs, og bæði er tími sá, að minni hyggju, langtum of stuttur, til þess nokkuð geti orðið numið að ráði, og í annan stað hlyti kennslan öll að fram fara á *púra*-dönsku, sem hlyti að gjöra lærisveinunum mjög mikinn erfiðleika með námið, einkum þar eð enginn væri sá á skipinu, er nokkra hjálp gæti veitt með að útþýða það, er bágast væri að skilja. Enn fremur yrði það mjög miklum kostnaði bundið fyrir hlutaðeigendur, að ná í kennsluna á skipi þessu, einkum þá, er heimili eiga langt burt frá Reykjavík, t. a. m. á Ísafirði eða Akureyri; þeir yrðu nefnilega að taka sig upp svo snemma að heiman, að þeir væru vissir um að vera komnir í Reykjavík, þá er skipið kæmi þangað fyrst, og af því það er alveg óákveðið, þá gæti opt svo farið, að þeir mættu til að liggja hèr í Reykjavík hálfsmánaðartíma eða meir með ærnum kostnaði, og til þess að nota hinn stutta kennslutíma út, yrðu þeir aptur að koma hingað upp í Reykjavík á haustin, og bættist enn nýr kostnaður á þá, er leiddi af ferðinni heim til átthaga sinna; því þennan stutta tíma, sem skipið liggur hèr, mættu þeir með engu móti skerða. En lakast þykir mèr þó af öllu við fyrirkomulag þetta, að sá eini og bezti atvinnutími á árinu eyðist þannig

fyrir lærisveinum þessum, svo að þeir einskis forða hafa getað aflað sèr til vetrarins, ef fátækir eru. Auk þessa gæti svo að borið, að Danir færu með öll sín herskip í leiðangur, og gætu þess vegna ekki verið án skips til þessa augnamiðs, og hvað yrði þá úr sjómannaskólanum. Að öðru leyti fel eg þinginu mál þetta, og vona, að nefnd verði kosin, og ætla eg, að nægja mundi 3 menn, ef vel væru valdir; og eg fulltreysti, að fyrirkomulag þetta verði til þess, að vèr fáum sem fyrst reglulegan sjómannaskóla á Íslandi, sem vèr bráðum heldur eigi getum án verið.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til þeirrar uppástungu, sem nú var lesin upp, láta þá skoðun mína í ljósi, að mèr virðist hún fara þann veg, að vonast megi að það muni heppnast nefnd þeirri, sem eg skal mæla með að kosin verði, að búa til brúkanlegt frumvarp um fyrirkomulag á kennslu í sjómannafræði hèr í landinu. Eg skal bæta því við, að eg sjálfsagt mun verða fús til, að láta nefndinni allar þær upplýsingar og bendingar í tè, sem eg get.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, skora eg á hina háttvirtu þingmenn að skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli kosin í máli þessu.

Síðan var gengið til atkvæða, og var samþykkt, að nefnd skyldi kosin, og með því enginn mótmælti því, að hún skyldi skipuð vera 3 mönnum, voru þessir 3 kosnir í nefndina:

Egill Egilson með 23 atkv.,
Grímur Thomsen — 13 — og
Bergur Thorberg — 8 —,

og var málið afhent þingmanni Snæfellinga (Egli Egilsen), er flest atkvæði fèkk til nefndarinnar.

Forseti: Eg skal geta þess, að síðan fundur þessi var settur, hefi eg fengið uppástungu þingmanns Árnesinga og þingmanns Barðstrendinga um stofnun lagaskóla, og verður afskript tekin af henni eins og vandi er til og send hinum háttvirta konungsfulltrúa, en uppástungan sjálf lögð á lestrarsalinn. Með því þá eigi er fleira að gjöra í dag, segi eg

Fundi slitið.

---

11. fundur. — 19. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá nefnd þeirri, er kosin var í málinu um sölu opinberra eigna, að þar sè kosinn formaður Halldór Kr. Friðriksson og skrifari Eiríkur Kúld.

Það, sem í dag liggur fyrst fyrir, samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt «frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja». Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið eptir því sem hann álítur þörf vera.

Framsögumaður (Helgi Hálfdánarson): Eg leyfi mèr þá að lesa upp nefndarálitið: (Sbr. II. bls. 235).

Eg hefi að sinni ekkert sèrlegt að taka fram um mál þetta, þar eð í nefndarálitinu er gjörð grein fyrir þeirri niðurstöðu, er vèr nefndarmenn höfum komizt til. Hvað hið konunglega frumvarp snertir, þá er nefndin yfir höfuð að tala alveg samþykk því í öllu verulegu. Eitt var þó það atriði, er nefndinni virtist athugavert. Nefndinni fannst, að eins og frumvarpið er orðað, þá sè þar ætlazt til, að aðalreglan verði sú, að senda skuli hin heyrnar- og málausu börn á heyrnar- og málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn, en hitt skuli vera eins konar undantekning, að þeim væri kennt hèr í landinu. Nefndin áleit, að aðalreglan ætti að vera sú, að innlend kennsla yrði notuð sem mest, án þess þó þar með að meina þeim, er þess þættust umkomnir og kysu það heldur að láta mál- og heyrnarleysingjana á skólann í Kaupmannahöfn. Ástæðurnar fyrir þessu áliti nefndarinnar, sem teknar eru fram í nefndarálitinu, eru að minni hyggju svo sannfærandi, að eg vona, að allir þingmenn fallist á þær; enda hefir nefndin hèr að styðjast við álit forstjóra hins konunglega mál- og heyrnarleysingjaskóla í Kaupmannahöfn, Geheimeetazráðs Traps, þar sem hann í brèfi sínu, er prentað er í alþingistíðindunum frá 1869, beinlínis ræður til, að stofnun til uppfræðslu mál- og heyrnarleysingja komist á fót á Íslandi, og sýnir, hvaða annmörkum það sè bundið, að íslenzkir heyrnar- og málleysingjar læri í Kaupmannahöfn. Því neitar að vísu enginn, að mjög líklegt er, að kennsla sú, er hèr verður veitt, hljóti að minnsta kosti fyrst um sinn að verða talsvert ófullkomnari í einu

og öðru, heldur en kennsla sú, er veitt er í skólanum í Kaupmannahöfn; það er og auðvitað, að kennsla sú, er mál- og heyrnarleysingjum frá Íslandi er þar veitt, er í alla staði góð og hentug fyrir málleysingjana eptirleiðis í lífinu, ef þeir koma eigi út til Íslands aptur, heldur staðnæmast í Danmörku; en hingað til hefir sú raunin á orðið, að þeir hafa komið hingað aptur, og hafa þá, sem von er, eigi haft full not þeirrar kennslu, er þeir höfðu notið, af því að þeir, er þeir hafa umgengizt hèr, hafa venjulega að eins kunnað íslenzku, svo að þeir hafa hvorki skriflega nè með fingramáli getað talað við þá. Og hvað vinnuna snertir, sem málleysingjar læra í Kaupmannahöfn, þá þekki eg að minnsta kosti tvö dæmi þess, að málleysingjar, er hafa komið frá skólanum í Kaupmannahöfn, hafa engin not getað haft af námi sínu í því tilliti, þegar hingað kom. Í 2. grein frumvarpsins hefir nefndin gjört dálitla orðabreyting, nefnilega breytt *ef í: að því leyti sem*; því nefndinni þótti það orðatiltæki betur við eiga, með því svo kynni að vera, að hlutaðeigendur kynnu að geta borgað sjálfir nokkuð af kostnaðinum; enda tókum vèr eptir því á eptir, að þessi breyting er alveg samkvæm orðanna hljóðan í hinum danska texta frumvarpsins. Enn fremur þótti nefndinni ómissandi, að bæta við viðaukagrein, er ákvæði, að annazt væri um, að heyrnar- og málleysingjarnir, að afloknu námi, fengju góða og hentuga samastaði, svo þeir gætu haldið við því, er þeir hefðu numið. Þetta vona eg að öllum virðist áríðandi, enda er lík ákvörðun gjörð við skólann í Kaupmannahöfn, nefnilega sú, að málleysingjarnir eru undir umsjón skólastjórans lengri eða skemmri tíma að afloknu námi, og ef þeir eru úti í landinu, þá eru þeir þar undir umsjón sóknarprestanna. Nefndin stakk upp á, að prófastar og sýslumenn hefðu þessa umsjón á hendi, en eigi hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri, því af því áleit nefndin að kynni að leiða, að þessu yrði blandað saman við önnur sveitamál, sem eg fyrir mitt leyti vil ekki að verði, þar eð eg get ímyndað mèr, að það yrði mál- og heyrnarleysingjunum í óhag. Hvað snertir uppástungu nefndarinnar undir tölulið II., þá er hún lík því, sem þingið bað um 1869. Mèr þykir líklegt, að þingmönnum virðist sanngjarnt, að hlutaðeigandi prestur, sèra Páll Pálsson, fái eitthvað fyrir kennslu þá, er hann lætur í tè, og annað það, er að henni lýtur. En ef hann fengi föst árleg laun, þá áleit nefndin og sjálfsagt, að leggja honum eða hverjum öðrum, er eptir hann

kynni að hafa slíka kennslu á hendi, ákveðnar skyldur á herðar með tilliti til málleysingjakennslunnar, og í því skyni hefir nefndin stungið upp á síðari hluta uppástungunnar undir tölul. II., 2. stafl. a, b, c. Að svo mæltu fel eg mál þetta þinginu á vald, og óska að heyra góðar tillögur þingmanna.

Konungsfulltrúi: Þar sem tilgangur frumvarpsins einungis er að sjá um, að hinum heyrnar- og mállausu börnum verði útveguð sem bezt og haganlegust kennsla, þá er það að nokkru leyti misskilningur frá hálfu hinnar heiðruðu nefndar, að frumvarpið ætlist til, að það verði aðalreglan, að þessi börn verði send til skólans í Kaupmannahöfn, því eins og frumvarpið er orðað, veitir það að mínu áliti sama aðgang til skólans í Kaupmannahöfn og til kennslu þeirrar, sem stofnuð er hèr í landinu, en af því að þessi kennsla er bundin við einn einstakan mann, hefir það, eins og segir í ástæðunum, ekki þótt stjórninni heppilegt, að taka sèrstaklegt tillit til hennar í frumvarpinu. Breyting sú, sem hin heiðraða nefnd stingur upp á í þessu tilliti, er svoleiðis í raun og veru einungis orðabreyting. Á meðan frumvarpið gjörir ráð fyrir, að það verði að fela umboðsstjórninni á hendur, að ákveða, á hverju aldursskeiði gjöra eigi heyrnar- og mállausum börnum að skyldu, að taka kennslu, stingur nefndin upp á, að taka ákvörðunina um þetta upp í lagaboðið, og að ákveða 10—14 ára aldur. Þó að mèr þyki þessi ákvörðun í sjálfu sèr aðgengileg, þori eg ekki sem stendur að dæma um það, hvort hún sè heppilegri, en að láta umboðsstjórnina í hverju einstöku tilfelli skera úr þessu.

Hvað snertir uppástungu nefndarinnar um það, að þegar heyrnar- og málleysingjar hafa lokið náminu, og eiga ekki forsorgara, skuli prófasti og sýslumanni í þeirri sýslu, sem þeir eiga heima í, vera skylt að sjá um, að þeir fái jafnan góða samastaði, og geti haft sem bezt not af því, er þeir hafa numið, þá fellst eg á hugsun þá, sem hún er byggð á; en eins og lagaboð það, sem nefndarálitið í þessu tilliti skýrskotar til, sem sè reglugjörð 17. apríl 1807, eins og framsögumaður tók fram, leggur þessa skyldu á prestinn í þeirri sókn, þar sem hlutaðeigandi á heima, virðist mèr einnig hèr í landinu eiga betur við og vera meira samkvæmt gildandi lögum, að leggja þessa skyldu á prestana, og eg skal þess vegna skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki muni finna ástæðu til að breyta þessari uppástungu á þá leið.

Hvað snertir styrk þann til forstöðumanns kennslunnar, sèra Páls, sem nefndin stingur upp á nndir tölul. II., skal eg, sem hefi haft þá ánægju, að vera við próf nokkurt, sem hann í fyrra hèlt á Prestbakka, og sem eg get vottað um, að honum hafði heppnazt vonum framar, að kenna börnum þeim, sem honum er trúað fyrir, mæla með þessari uppástungu, og mèr þykja einnig þeir skilmálar, sem hin heiðraða nefnd hefir bundið þennan styrk við, að öllu vel tilfallnir.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr eigi að vera langorður í máli þessu. Eg ætla einungis að drepa á ýmislegt, sem mèr finnst athugavert við nefndarálitið. Að því, er snertir niðurlagsatriði nefndarinnar undir I. tölul., þá hefi eg ekkert að athuga við það, nema ákvörðunina í 3. lið greinarinnar, þar sem svo segir, að prófastur og sýslumaður skuli annast um, að mál- og heyrnarleysingjarnir, að afloknu náminu, fái góða samastaði. En eg er þvert á móti máli hins háttvirta konungsfulltrúa um það, að það eiga ekki að vera prófastar og sýslumenn, er annast þetta, heldur beinlínis sveitarstjórnin í þeirri sveit, þar sem heyrnar- og málleysinginn er sveitlægur, og með því að presturinn er ávallt í sveitarstjórninni, sè eg eigi, að sveitarstjórninni sè eigi eins trúandi fyrir þessu eins og prófasti og sýslumanni; eg sè eigi, hvers vegna prestinum er eigi eins trúandi fyrir, að sjá heyrnar- og málleysingjanum fyrir góðum samastað eins og prófastinum, og ef málleysingjar þessir þurfa á styrk að halda til að hafa ofan af fyrir sèr, þá er það sveitarinnar, er styrkinn á að veita, að annast um uppeldi aumingja þessara, og þá er auðsèð, að engum getur verið annara um, að útvega þeim góðan samastað, og þar sem þeir geta haft bezta atvinnu, heldur en einmitt sveitarstjórninni. Prófastur og sýslumaður munu að öllum líkindum eigi láta sèr eins annt um þetta; að minnsta kosti hafa þeir eigi aðra eins hvöt til þess, að sjá um, að sem minnst þyngsli fyrir hlutaðeigandi sveit leiði af samastaðnum. Að því, er snertir uppástungu nefndarinnar undir tölul. II., þá verð eg nú að vera henni algjörlega mótfallinn, því að eg verð að telja það nú sem fyr mjög varúðarvert fyrir þingið, að biðja um mikið fè af landsjóðnum, meðan vèr alls engin fjárhagsráð höfum, og eigi svo mikið, sem að áætlunin sè borin undir þingið til álita. Það getur vel verið, og mèr kemur eigi til hugar að efast um það, að maður sá, er hèr á hlut að máli, sè vel hæfur til þessarar kennslu, og leysi hana af

hendi svo vel, sem óskað verður eptir ástæðum, eða að minnsta kosti þannig, að menn geti sèr látið vel nægja; en allt fyrir það, sè eg alls eigi, að nokkur sem helzt ástæða sè til að rífka laun hans enn sem komið er; fyrst og fremst ætla eg, að bæn þessi fari eigi rèttan veg, því að hún átti fyrst að ganga til stjórnarinnar, og frá henni hingað til þingsins, því að það liggur svo sem öllum i augum uppi, að þess konar fjárbænir eiga fyrst að ganga til stjórnarinnar; enda hefir þingið alls ekkert fè til umráða. Því næst er það athugavert, að þar sem þess er beiðzt, að sèra Páli Pálssyni verði veittur 200 rd. árlegur styrkur sem föst laun fyrir kennslu hans á heyrnar- og málleysingjum, þá vitum vèr alls eigi, hve mörg mál- og heyrnarlaus börn hann kann að hafa, en það vitum vèr, að með hverju barni tekur hann 120 rd., og má taka 140 rd., ef hann vill; og nú skulum vèr setja, að hann hafi 10 börn til kennslu, og taki hann nú 140 rd. með hverju þeirra, eins og honum er heimilt, þá eru úr því, sem nú er, þessir 200 rd. fengnir, sem nú er beðið um, með þessu 140 rd. meðlagi með hverju barni, sem er 20 rd. hærra, en hann nú tekur. Eg bið og þingmenn vel að gæta þess, að þar sem sèra Páli er leyft að taka 120 rd. eða jafnvel 140 rd. með hverju barni um árið, þá er það einmitt sökum þess, að kennslukaupið á að vera í því fólgið; því að engum gæti þó dottið í hug, að gefa 120—140 rd. með nokkru barni í sveit, einungis fyrir kost og þjónustu, og það í þeirri sveit, þar sem kostur hlýtur að vera ódýrastur á öllu Íslandi, og ætla eg víst, að þar sè kostur og þjónusta fullborguð með 60 rd., svo að sèra Páll hefir nú helming meðgjafarinnar fyrir kennsluna, og ef hann á að fá 200 rd. föst laun, þá verður hann og að láta sèr lynda, þótt meðgjöfin verði sett niður, og það veit eg eigi, hvort honum verður hagur í, og auk þess er þess að gæta, að flestir af málleysingjunum geta unnið nokkuð, og sumir talsvert, upp í fæði sitt, að minnsta kosti um sumartímann. Auk þessa er enn eitt athugavert, að þótt eg í engan máta efist um, að tilsögn sèra Páls sè góð, þá er mèr að minnsta kosti ekki vitanlegt, að hann enn hafi af lokið kennslu nema 1 barns; og þá ætla eg víst, að enn sè eigi ljós nægileg ástæða til að ákveða honum þegar í stað föst laun; því enn er eigi fullkomin reynsla fyrir því, að kennsla hans sè í alla staði einhlít; og nægilega vissu fyrir því fá menn fyrst þá, þegar hann hefir kennt nokkru fleiri börnum til fullnustu, og hann hefir sýnt sig betur, og þá fyrst væri, að mèr finnst, ástæða

til að bæta kjör hans. Eg þykist nú vita, að menn beri það fyrir, að honum sè jafnframt lagðar miklar skyldur á herðar, og það er satt, en mèr virðist þær skyldur, sem uppástungur nefndarinnar leggja honum á herðar í þessu efni, ef til vill um megn, og eg get ímyndað mèr, að hann, ef til vill, geti eigi fullnægt þeim. Ætli eigi gæti svo farið, að svo mörg börn sæktu að honum, að hann gæti eigi veitt þeim viðtöku? og er vèr enn fremur athugum, að hann er prestur, er hefir að þjóna víðlendum sóknum og fjölmennum, þá má furðulegt virðast, ef hann hefir nægan tíma afgangs til svo umfangsmikillar kennslu, eins og nefndin ætlast til. Eg get fyllilega borið um það, að sá, sem kennir, hvað sem vera skal, verður að hafa nægan tíma til þess starfa, og að það því er með engu móti unnt, að hafa slíka kennslu, sem hèr ræðir um, á hendi, og verða að vinna að henni að eins í hjáverkum jafnframt miklum og mörgum embættisönnum. Á hinn bóginn getur vel verið, að stundum bjóðist honum eigi nema svo sem 1 barn, eða, ef til vill, alls ekki neitt til kennslu, og þá á hann að fá þessa 200 rd. fyrir alls ekki neitt. Eg vil ráða þinginu til að bíða með mál þetta og sjá, hverju fram vindur.

Guðmundur Einarsson: Hvað snertir uppástungu nefndarinnar undir I. tölulið viðvíkjandi aldurshæð málleysingjanna, þá virðist mèr það ísjárvert, að binda aldurinn við mjög takmarkað tímabil, því slíkt mundi valda ísjárverðum afleiðingum, t. a. m. má ske of miklum þyngslum á jafnaðarsjóðunum, því það yrði auðsjáanlega næsta þung byrði, sem af því leiddi, að börn, er eigi hefðu efni til þess, skyldu flytjast á kostnað sjóða þessara þangað, sem kennslustofnunin væri, er þau ættu að læra á, og kosta sig þar. Eg vil því fylgja uppástungum nefndarinnar á alþingi 1869, er ákvað aldurshæðina frá 10—20 ára, eða þá, að ákvörðun væri bætt inn í, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi stakk upp á, um það, að þessu skuli hagað eptir ráðstöfunum umboðstjórnarinnar, og sömu skoðunar hefir einnig verið amtmaðurinn í vesturamtinu. Eg leyfi mèr því, að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt, eða þá, að sèrstakri grein verði bætt inn í þess efnis, að amtmönnunum skuli heimilt að takmarka kennsluleyfi þetta. Viðvíkjandi 2. málsgreininni hefi eg ekkert að athuga, og hvað 3. greinina snertir, þá vildi eg reyndar, að umsjónin um hina mál- og heyrnarlausu yrði sem bezt og haganlegust, en þó jafnframt sem einföldust og óbrotnust, hvort heldur hin æðri yfirstjórn, prófastur og sýslumaður,

hafa umsjón þessa á hendi, eða hin lægri, prestur og hreppstjóri; höfuðatriðið er, að tilsjónin í þessu efni verði sem haganlegust. En hvað viðvíkur annari aðaluppástungu nefndarinnar undir tölul. II., þar sem stungið er upp á, að presti þeim, er hèr á hlut að máli, verði veitt 200 rd. árleg laun úr landssjóðnum fyrir kennslu málleysingjanna, þá er eg alveg móti því, að sèrstökum ákveðnum útgjöldum sè dengt upp á hinn svo nefnda landssjóð, meðan menn alls eigi vita neitt um hagi hans. Allt um það er eg þó mjög hlynntur því, að innlend kennslustofnun í þessari grein nái að komast á hèr á landi, því eg er sannfærður um, að þótt þessi innlenda kennsla kynni að verða ófullkomnari en hin útlenda, þá hlyti hún þó að verða miklu notasælli og affarabetri. En fari eg annars að hreifa við sjóði Íslands til útgjalda handa menntunarstofnun þessari, sem að minni ætlun er öldungis nauðsynleg, úr því menn verða lögskyldir til að láta kenna mál- og heyrnarleysingjum, þá álít eg, að þóknun sú, sem nefndin hefir stungið upp á, sè langtum of lítil í samanburði við þær skyldur, sem hún vill að kennaranum verði um leið á herðar lagðar, ef hann forsvaranlega á að geta leyst þær af hendi. Eg er sannfærður um, að honum veitti alls ekki af 500—800 rd. til þess. Eg er og samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga í því, að það væri óbærilegt fyrir einn mann, að takast svo umfangsmikil störf á hendur, auk þess, sem hann á að gegna prestsþjónustu í víðlendum sóknum, svo að í þessu efni virðist koma hin mesta ósamkvæmni fram í uppástungum nefndarinnar. Enn fremur er staður sá, er hlutaðeigandi kennari býr á, einhver hinn óhentugasti á öllu Íslandi fyrir slika kennslustofnun. Allt annað mál væri það, þó sèra Páll Pálsson fengi sómasamlega þóknun af hinu opinbera fyrir hvert það barn, sem hann hefir kennt til fullnustu. Eg veit annars, að hann er ekki svo grunnhygginn maður, að hann láti sèr vel líka þau kjör, er nefndin vill að hann fái; en sè svo, þá vona eg, að þingið hafi vit fyrir honum.

Framsögumaður: Hinn háttvirti konungsfulltrúi kvaðst ætla, að það væri misskilningur, er nefndin hefði skilið stjórnarfrumvarpið svo, að aðalreglan ætti að vera sú, að senda skyldi börnin á heyrnar- og málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn, en hitt eins konar undantekning, að þeim væri kennt hèr í landinu. Eg verð að segja, að eg get enn eigi öðruvísi skilið orð frumvarpsins en nefndin hefir gjört, en mèr skal þykja vænt um, ef það er mis-

skilningur, og því ver eg það eigi með fleirum orðum. Viðvíkjandi aldursákvörðuninni, 10—14 ára, þá er eg alls eigi fastur á, að halda henni fram, því mèr þykir líklegt, að nóg væri að fela þetta umráðum umboðsstjórnarinnar; en í hinu danska lagaboði er líkur aldur til tekinn, nefnilega 8—14 ár. Hinn háttvirti konungsfulltrúi og þingmaður Reykvíkinga voru báðir mótfallnir því, að prófastur og sýslumaður skyldu annast um samastað málleysingjanna eptir aflokið námið, og vildu, að sveitastjórarnir, prestur og hreppstjóri, sèu fyrir þessu; en eg er enn á móti því, eins og áður, af því að eg vil ekki, að með slíkt verði farið sem venjuleg sveitarmál, því þá væri hætt við, að hagur sveitarinnar rèði stundum meiru en málleysingjanna. En aðalatriðið er, að einhver umsjón væri höfð með þessu, og að því vildi nefndin styðja. Þingmaður Reykvíkinga hafði mjög á móti annari aðaluppástungu nefndarinnar (tölul. II.), af því það væri óvarlegt, að fara fram á fjárbónir, meðan fjárhagsmál vort væri óútkljáð. Eg er og á því, að eigi sè vert að fara langt í því, að biðja um fè að svo komnu. En eg man þó ekki betur, en bænarskrá kæmi hèr fram í gær, er fór fram á fjárveitingu, og þá studdi þingmaðurinn það fastlega, að sú bænarskrá yrði tekin til greina; sömuleiðis er von á uppástungu um stofnun lagaskóla, er því að eins getur tekizt til greina, að þingið biðji um, að talsvert fè verði veitt til þess. Eg er líka hlynntur þessum uppástungum, en mèr finnst að þingið verði að hrinda öllum slíkum uppástungum jafnt, ef það vill vera sjálfu sèr samkvæmt. Hèr er beðið um að eins lítilræði, eina 200 rd. á ári, og sýnist mèr ekkert á móti því, að þeir væru fyrst um sinn teknir af þeim rúmum 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. Þá voru ein mótmælin þau, að sèra Páll kynni að fá fleiri börn til kennslu, en hann gæti kennt í einu, en eg hygg slíkt næsta sjaldan mundu koma fyrir; en kæmi slíkt fyrir, þá er vitaskuld, að hann yrði að taka sèr aðstoðarmann. Þingmanni Reykvíkinga virtist 200 rd. of há laun, en þingmanni Dalasýslu of lítil; þar af ályktа eg, að nefndin hafi farið hinn rètta meðalveg. Þingmaður Dalasýslu kvaðst álíta þær skyldur, er nefndin vildi leggja sèra Páli á herðar, óbærilegar; en vèr nefndarmenn spurðum hann einmitt, hvort honum þætti sèr þær ofvaxnar, og kvað hann það eigi vera; og hvað því viðvíkur, að hann ætti að kenna einhverjum manni aðferðina við málleysingjakennslu, þá mundi slíkt eigi taka langan tíma, eins og sjá má af

því, að sèra Páll var að eins skamman tíma að nema þetta í Kaupmannahöfn; enda hefir sèra Páll sjálfur sagt mèr, að fljótt mundi verða gagn að slíkum manni til þess, að aðstoða sig við kennsluna. Að staður sá, er sèra Páll á heima á, sè mjög óhentugur í þessu tilliti er satt að nokkru leyti, það er að segja, hann er óhentugur fyrir sjálfan hann, sakir örðugleika með aðflutninga o. s. frv., en að öðru leyti verður aldrei sá staður fundinn á Íslandi, að eigi verði langt að sækja þangað kennslu úr ýmsum hèruðum landsins; þó getur verið, að sumir aðrir staðir væru hentugri í þessu tilliti.

Eiríkur Kúld: Af því eg er mótfallinn þriðja liðnum í fyrri aðaluppástungu nefndarinnar, þá leyfi eg mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að í staðinn fyrir «prófasti og sýslumanni» verði sett: «hlutaðeigandi presti og hreppstjóra»; því eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi gat um, þá eiga mál- og heyrnarleysingjar einmitt að standa, að því er þetta snertir, undir umsjón hlutaðeigandi sveitarstjórnar, og einkum prestsins, sem á hverjum áramótum á að gefa skýrslu um alla slíka menn, er eiga heima í sóknum þeirra. Prófastur og sýslumaður mundi einnig miklu ókunnari högum manna í þeirri sveit, þar sem málleysinginn ætti heima, og ættu þeir því eflaust miklu örðugar með að útvega honum forsvaranlegan samastað. Hvað uppástungu nefndarinnar snertir undir tölul. II., þá hefir nú talsvert verið um hana rætt. Eg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að prestur sá, sem hèr á hlut að máli, sè fullkomlega verður launanna, sem nefndin stingur upp á, úr því þau ekki eru hærri, því eg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Dalamanna um það, að þau sèu langtum of lág í samanburði við þær umfangsmiklu skyldur, sem nefndin stingur upp á að honum sèu á herðar lagðar, um leið og hann verður launanna aðnjótandi; þó verður þess að gæta, að þessi laun eiga einungis að vera þóknun fyrir kennsluna, en ekki fyrir að undirhalda börnin að öðru leyti, því fyrir það fær maðurinn sèrstaka borgun í meðgjöfinni með börnunum. En allt um það, þótt hinn umbeðni fjárstyrkur eigi sè mikill, verð eg samkvæmt orðum hins háttvirta konungsfulltrúa að álíta ísjárvert fyrir þingið, að fara eins og að veita árlegt fè af landssjóði vorum, meðan svona standa hagir vorir. Eg held það hefði verið langtum heppilegra af nefndinni, að stinga upp á því, að hlutaðeiganda væri veittur talsverður fjárstyrkur eitt skipti fyrir öll, svo það væri honum hvöt til þess,

að kennsla þessi fèlli eigi niður. En eg tek það enn fram, að eg álít, að það sè bezt fyrir þingið, eins og nú stendur, að fara hægt í svo lagaðar uppástungur eins og þær, er hèr ræðir um.

Jón Sigurðsson: Eg er samdóma nefndinni í aðalatriði þessa máls, því nefnilega, að það ætti að verða lagaskylda, að kenna mál- og heyrnarleysingjum, enda hefir nú stjórnin aðhyllzt þessa skoðun, svo eigi er vert að orðlengja um það. Svo hefir mèr og einnig fundizt það skynsamlegt af nefndinni, að halda því fram, að kennslan ætti að vera innlend, því auk þess, að eg er á þeirra skoðun, sem vilja hafa alla menntun og menntastofnanir innlendar, hefi eg haft tækifæri til að kynnast fleirum en einum, er lært hafa á mál- og heyrnarleysingjaskólanum í Kaupmannahöfn, og er mèr kunnugt um, að kennslan hefir orðið þeim alls eigi að tilætluðum notum, og það af engu öðru en því, að þeir höfðu lært erlendis. Það er eflaust satt, að bókleg kennsla gæti varla orðið eins fullkomin hèr sem við kennslustofnunina í Kaupmannahöfn, en hitt er víst, að hin svo kallaða verklega kennsla verður þar miklu einhæfari og óhagfelldari en hún mætti verða hèr með góðri tilsögn. Svo er og annar annmarki á kennslunni í Kaupmannahöfn, að hún fram fer öll á dönsku, og því verða aumingjar þessir svo einræningslegir og út úr heiminum, eptir að þeir aptur komu heim, af því þeir ekki geta gjört sig skiljanlega fyrir innlendum fyr en eptir fleiri ár, og þetta tálmar svo mjög framförum þeirra, bæði andlegum og líkamlegum. Handverk þau, er þeir eru látnir nema í Kaupmannahöfn, eru jafnaðarlega valin óheppilega fyrir þá, sem alla æfi þaðan í frá eiga að lifa úti á Íslandi; venjulega mun drengjum vera kenndur skraddarasaumur eða vefnaður, og kvennfólki að hekla eða því um líkt, en hvorttveggja þetta er arðlítill og óþarfur atvinnuvegur hèr á landi. Eg veit um einn, sem lærði vefnað, að þegar hann kom til Íslands, þá hafði hann ekki lag á að vefa í íslenzkum vefstólum, og var svo látinn hætta við að vefa og látinn fara að læra söðlasmíði, og fyrst þá, er hann hafði numið það handverk til hlítar, fór hann að geta unnið sèr brauð eins og hver annar. Hvað kennslu sèra Páls Pálssonar snertir, þá verð eg að játa, að hèr sè komin góð byrjun til innlendrar kennslustofnunar, en hún er veik og á völtum fæti, meðan maðurinn er að eins einn, sem kennt getur. Úr þessu hefir nú nefndin viljað bæta bæði með því, að skylda hann til að kenna öðrum aðferðina við tilsögn málleysingja, og með því, að stinga upp á þóknun

handa honum fyrir kennsluna. Eg er nú nefndinni alveg samdóma um þetta í aðalatriðunum og ætla vel til fallið, að viðleitni sèra Páls, að gjöra kennsluna innlenda, sè studd með því, að veita honum árlega þóknun í launaskyni. Eg er líka samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga í því, að vèr eigum að fara mjög varlega í það, að stinga upp á föstum árlegum útgjöldum úr landssjóði vorum, á meðan vèr erum eigi búnir að fá full umráð hans í hendur; en maður verður þó að fara að hugsa sig um, þegar um nytsöm fyrirtæki eða stofnanir er að ræða, hvað menn muni vilja leggja á landssjóðinn eður ekki leggja á hann, því vèr vonum þó, að sá tími liggi ekki fjarri, að vèr fáum fjárhagsráðin í hendur. Og að því, er þetta fjártillag snertir, þá ímynda eg mèr, að þingmenn álíti málefnið svo áríðandi, að menn geti eigi hleypt því fram hjá sèr, að styðja það eptir megni, og það nú þegar, því annars gæti má ske svo farið, að þessi kennsla legðist niður aptur, sem eg verð að álíta mjög óheppilegt. Eg vil því styðja þessa uppástungu nefndarinnar með mínu atkvæði, en eg álít rèttara, að fjárstyrkur þessi verði til bráðabirgðar tekinn af þeim rúmum 4 þúsund dölum, sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. Það er nú að vísu hulinn helgidómur, hvað með fè þetta á að gjöra, með því að stjórninni eigi hefir þóknazt að gjöra þinginu nokkra grein fyrir því, og meðan svo er, vil eg heldur vita dálítið af fè þessu ganga til þarflegs fyrirtækis í landinu sjálfu, heldur en að stjórnin fari með það að eigin vild, því naumast eru þessir 4 þúsund dalir svoddan helgidómur, að ekki megi við þeim hræra. Það er ekki langt síðan 1. apríl, þá er fjárhagsárið byrjaði, svo það er varla líklegt, að búið sè þegar að eyða þessu fè. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt, og mun eg orða það nákvæmar síðar. Hvað tilsjóninni viðvíkur með samastað málleysingjanna eptir aflokið nám, þá verð eg að mæla á móti því, að hún sè lögð á herðar prófföstum og sýslumönnum, því mèr finnst einmitt hún eiga að heyra undir presta og hreppstjóra sem hvert annað sveitarmál, því eg er alls ekki hræddur við það, sem hinn heiðraði flutningsmaður benti á, að hagur sveitanna mundi þá verða látinn ráða meira en hagur málleysingjanna; hagur hinna síðarnefndu getur naumast nokkru sinni komið í bága við hag sveitarfèlaganna, miklu fremur hlýtur þeim að vera um það hugað, að þessir aumingjar komist í þá stöðu og þær kringumstæður, að þeir geti sem fyrst haft sjálfir ofan af fyrir sèr. Annars vil eg

leyfa mèr að skora á þingmann Vestur-Skaptfellinga, að skýra fyrir mèr og þinginu, hvernig málleysingjakennslunni er hagað. Allir bera að vísu kennslu hans hið bezta orð, og dettur mèr eigi í hug, að efast um það, að svo sè. En eg ímynda mèr, að það mundi sem menn segja gjöra gott *Indtryk* á landsmenn, ef þeir sæju í alþingistíðindunum skýrslu um tilhögun kennslunnar.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði mèr í upphafi algjörlega að þegja í máli þessu; enda stend eg ekki upp til þess, að hafa á móti nefndarálitinu, er að minni hyggju er mjög heppilegt yfir höfuð að tala, heldur vildi eg einungis sameina mig með þingmanni Dalasýslu í breytingaratkvæði út af aldursákvörðuninni. Hvað snertir annað aðaluppástungnatriði nefndarinnar, þá skal eg að vísu játa það, að mèr eru mislagðar hendur til að skamta, eins og mèr skilst um aðra þingmenn suma hverja; en allt um það vil eg þó skamta í þessu tilfelli, ef eg get, og mæla með því og gefa atkvæði með því, að kennarinn fái þá 200 rd., sem upp á er stungið. Töluliður þessi er auðsjáanlega byrjun til reglulegs skóla, þar sem til er ætlazt, að skipaður verði fastur kennari með ákveðnum árlegum launum. Skyldurnar eru auðvitað all-umfangsmiklar og erfiðar, og í samanburði við þær eru launin helzt of lítil. Þegar nú mælt er fram með því, að kennarinn fái föst laun, þykir mèr naumast annað hæfa, en að tíminn sè til tekinn, þegar námi hvers barns skal lokið; sú skylda, sem honum er lögð á herðar, að kenna öðrum, sem gæti tekið við af honum, virðist mèr og að eigi að vera bundin við ákveðinn tíma. Vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að tími sá yrði til tekinn, nær námi hvers barns skyldi lokið, og eins námi þess, er lærði að segja málleysingjum til hjá sèra Páli.

Halldór Kr. Friðriksson: Það eru að eins fá orð, er eg ætlaði að segja, til að svara hinum háttvirta framsögumanni. Ef prófasti og sýslumanni getur verið annt um, að málleysingjar fái góðan samastað, þá hlýtur sveitarstjórn þess hrepps, er í hlut á, að vera því fremur um það umhugað, að málleysingjarnir geti gjört sem mest gagn, til þess þeir verði sveitinni til sem minnstrar byrðar; en prófastum og sýslumönnum gæti alls eigi verið eins annt um hag viðkomandi hreppsfèlags, enda er þetta eptir gildandi lögum beinlínis sveitarmál. Að því, er fjárveitingaruppástungu nefndarinnar snertir undir II. tölul., þá er það engin ósamkvæmni af þinginu, þótt nefnd væri kosin til íhugunar bænarskránni frá

forstöðumönnum forngripasafnsins, og að neita þessari fjárbón, því að enn er eigi víst, hver úrslit verða um forngripasafnið, meðan það mál er ekki komið frá nefndinni, því síður farið frá þinginu, enda fór uppástunga sú fram á, að fè það, sem þar var beiðzt, yrði beinlínis veitt af þeim 4 þúsundum og 3 hundruð ríkisdölum, er ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. En ef allt á að taka af þessu fè, þá er eg hræddur um, að það nái skammt á leið, eða það verða að koma einhver óskiljanleg drýgindi í það; það sèr hver maður, vona eg. Framsögumaður sagði, að sumum hefði þótt 200 rd. of lítil laun, en sumum of mikil handa sèra Páli. Eg nefndi eigi með einu orði, að laun þessi væru of há handa hlutaðeigandi kennara, en eg sagði, að ef hann hefði 10 börn og 140 rd. með hverju, þá hefði hann þar með fengið þessa 200 rd., með því 120 rd. væri fullhá þóknun í *sveit* fyrir fæði hvers barns, sem má sjá á því, að uppgjafaprestur einn er nú að kvarta undan, að hann verði að borga 3 rd. fyrir kost sinn og herbergi um mánuðinn, eða 36 rd. um árið; og þá er auðsèð, að sèra Páll fær með þessu móti góða borgun fyrir kost barnanna, ef hann tekur 120 rd. með hverju. En þá er líka önnur spurning, sem liggur beint fyrir: Getur hann fengið 120 rd. fyrir kost hvers barns? og býst eg við, að flestum þyki það fullmikið. Allir eru einhuga í því, að vilja styðja að kennslu þeirri, er hèr ræðir um, og það vil eg einnig feginn gjöra, með því eg er sannfærður um, að innlend kennsla er miklu hagkvæmari og notalegri fyrir oss í þessari grein, heldur en kennsla erlendis; en hitt er athugavert, hvort það er ekki rèttast gjört af þinginu, að bíða enn tvö ár með fjárframlag þetta.

Pètur Pètursson: Hvað snertir viðaukauppástungu nefndarinnar undir I. tölul. um það, að prófasti og sýslumanni skuli á hendur falið, að hafa tilsjón með samastað málleysingjanna, eptir að þeir hafa af lokið náminu, þá hefir mönnum orðið allfjölrætt um þetta efni, og hafa menn sagt, að þeir mundu ókunnugri í þessari grein en hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri; en eg skil eigi, að svo þurfi að vera, því sèu þeir ókunnugir málavöxtum, þá geta þeir spurzt fyrir hjá hlutaðeigandi sveitarstjórum og víðar, hvar forsvaranlegan stað muni að finna. Það geta líka verið þeir hreppar, þar sem enginn almennilegur samastaður handa slíkum er að fá, og þá er auðvitað ekki hægra að útvega þeim samastaði fyrir prest og hreppstjóra, heldur en prófast og sýslumann. Hvað

annari aðaluppástungu nefndarinnar viðvíkur, þá heyrist mèr allir vera einhuga í því, að vilja styðja eptir mætti að innlendri kennslu í þessari grein; en meðulin til að hjálpa henni við eru allmisjöfn hjá mönnum. Mèr heyrast ræður margra þingmanna lúta að því, að sèra Páll þurfi eigi að sinni að vita um það, hvort þingið vilji framvegis styðja að kennslu þeirri, er hann hefir tekizt á hendur; en þetta verð eg þó að álíta alveg nauðsynlegt fyrir hann, svo hann sjái, hvort honum er fært að halda fram kennslu sinni eður eigi. Menn hafa sagt, að laun þau, er nefndin hefir stungið upp á honum til handa sèu allt of lág; og þar af hefir mèr heyrzt sumir draga þá ályktun, að hann því ætti engin laun að fá, en eg vona, að þetta sè misskilningur af mèr. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga segir, að 120—140 rd. meðgjöf með hverju barni muni borga allt saman, bæði fæði barnanna, kennslu, þjónustu o. s. frv., og áleit hann því óþarft, að hlutaðeigandi fengi nokkra þóknun frá hinu opinbera; en eg vil skjóta því til þingsins, hve heppileg þessi skoðun muni vera. Satt er það óneitanlega, að það er rètt, að fara varlega með fjárveitingar úr landssjóðnum, en eg vil ekki, að þessari fyrirbáru sè verið að snúa við ýmist til eða frá í þinginu, og hafa hana eins og nokkurs konar grýlu til að fæla menn, þegar sumum þykir það við eiga. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að prestur, er hefði svo víðlendu kalli að gegna, mundi naumast fá nægan tíma frá öðrum störfum til þess, að stunda þessa kennslu eins og þyrfti, þá játa eg, að eg var líka efablandinn og hikandi í, hvort hann mundi fá þessu af kastað, en eg vona þó, að maðurinn sè svo samvizkusamur maður, að, ef hann sèr, að hann eigi muni geta komizt út af því án aðstoðar, að hann þá fái sèr annaðhvort aðstoðarprest til þess að gegna prestsverkum fyrir sig, eða þá aðstoðarmann við kennsluna. En það hafði eg sízt ætlað, að umkvörtun um þetta efni mundi koma frá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, sem sjálfur er mesti starfsmaður og af kastar kvo miklu, sem sjálfur brýzt í svo mörgu og blandar sèr í svo margt.

Stefán Eiríksson: Það hefir nú verið flest tekið fram af því, sem eg ætlaði mèr að segja. Mèr virðist sú uppástunga nefndarinnar mjög æskileg, að börnunum verði heldur kennt hèr á landi en í Kaupmannahöfn, því bæði yrði það kostnaðarminna, og auk þess hefðu börnin meira gagn af því, þar sem kennslan færi fram á íslenzku og þeim líka yrði kennd íslenzk

vinna, sem er aðalskilyrði fyrir því, að þau gætu orðið sjálfum sèr bjargandi. Hvað uppástungu nefndarinnar í 3. lið undir tölul. I. snertir, nefnilega um það, að prófastur og sýslumaður í þeirri sýslu, sem barnið á framfæri, skuli sjá um samastað handa barninu, þá er eg þeirri uppástungu alveg mótfallinn; mèr þykir það sjálfsagt, að sveitarstjórnin í þeirri sveit, sem barnið á framfærslurètt, ráði fyrir samastað barnsins, en eigi sýslumaður og prófastur hafi þar um úrskurðarvald, því það liggur í augum uppi, að sú sveitarstjórn, sem hèr á hlut að máli, er eins fær um að koma barninu þar fyrir, sem haganlegast er bæði fyrir það og sveitarfèlagið yfir höfuð. Mig minnir, að hinn háttvirti varaforseti tæki það fram, að sumir hreppar væru svo fátækir og aumir, að enginn almennilegur samastaður mundi fást þar fyrir barnið; en það á sèr hvergi stað, þar sem eg þekki til, að ekki megi fá allgóða samastaði í hreppnum, enda er eg hræddur um, að ef ætti að fara að koma barninu fyrir í öðrum hrepp, þá mundi það verða ærinn kostnaður fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn, að þurfa að kosta þennan málleysingja í öðrum hreppi en sínum eigin. Hvað tölul. II. í niðurlagsatriðum nefndarinnar snertir, þá er það að vísu satt, að sèra Páll hefir mikið fyrir þessari kennslu, og verður miklu til að kosta, sèr í lagi af því, að hann býr á óhentugum stað, þar sem aðflutningar eru svo erfiðir, en eg er eins og fleiri hræddur um, að þessi fyrirhugaði landssjóður tæmist fyr en menn varir. Það eru nú komnar fram ýmsar bænir um fè úr honum, bæði um launaviðbætur og aðrar fleiri bollaleggingar, en það mun þó vera ákveðið, ef mig minnir rètt, að hann fyrst um sinn megi ekki yfir stíga 90,000 rd. í útgjaldalegu tilliti, svo að honum getur með hægu móti orðið eytt, með því líka, eptir fjárhagsáætluninni, sem vèr höfum allir sèð, eru þessir 90,000 rd. einungis til að standast þau vanalegu útgjöld, sem hvíla á því opinbera nú sem stendur. Þar sem sèra Páll fær með hverju barni 120 rd. meðgjöf, þá get eg ekki verið nefndinni samdóma um það, að þetta sè einungis fyrir matgjöf handa barninu um árið; mèr er óhætt að segja, að upp til sveita er fæði manns ekki reiknað meir en helmingur þessa gjalds, og mundi þó þykja vel í lagt. Auk þessa er það athugandi, að vel getur verið, ef barnið annars er efnilegt, að það eptir 1 eða 2 ár gæti hjálpað töluvert til vinnu, og yrði þá forstöðumanni þessarar stofnunar eigi svo mikill óhagur að því, að hafa þess háttar fólk, að minnsta kosti um sumartímann.

Páll Pálsson: Það er sèr í lagi út af áskorun hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga, að eg tek til máls í þessu máli. Hann mæltist til þess, að eg skýrði í fám orðum frá, hvernig kennslunni hagaði. En til þess að geta svarað þessu, virðist mèr sú spurning liggja fyrst fyrir: hvað er heyrnar- og málleysingi? það er maður gæddur öllum sömu sálargáfum og aðrir menn, en sem vantar málfærið, af því hann heyrir ekki. Lengi framan af var þetta eigi viðurkennt; ýmsar heiðnar þjóðir álitu þá bjána eða hálfvita, sem engum andlegum framförum gætu tekið, og það jafnvel heimspekingar hinna menntuðustu þjóða fornaldarinnar, Grikkja og Rómverja, t. d. Aristoteles, og hjá þessum þjóðum var það lengi fram eptir almenn siðvenja, að börnunum var fyrirfarið, þá er vart varð við, að þau voru mál- og heyrnarlaus. Aptur á móti á dögum keisaranna fóru þó Rómverjar að gefa því gaum, að þessir menn voru ekki hálfvitum líkir, því þeir gátu gjört sig svo skiljanlega með hinum fjörmiklu bendingum (Mimik), að þeir urðu eins konar leikarar á torgum þeirra. Justinianus keisari gaf út verndarbrèf fyrir málleysingjana, svo að þeim yrði ekki misþyrmt, en engin önnur borgaraleg rèttindi urðu þeim veitt eptir lögum hans. Aptur á móti Egyptar og Persar álitu þá standa undir sèrstaklegri vernd guðanna, og báru þess vegna eins konar lotningu fyrir þeim, og við líka skoðun verður enn vart í Svissaralandi, því sumstaðar þar í dölunum álíta menn, að það flytji hamingju í búið, er slíkt barn fæðist. Fyrir nokkrum öldum síðan, nálægt 1540, var byrjað á að kenna málleysingjunum, en það voru að eins einstakir menn, svo kennslan gat heldur ekki náð nema til einstaklinganna. Fyrst hèr um bil 1760 var byrjað fyrir alvöru að stunda kennslu þessara barna, og hófst það fyrst á Frakklandi og Þýzkalandi, og hefir breiðzt út þaðan. Kennsluaðferðin var og er enn æði-ólík. Sumir kenna þeim að sjá á hreifingum varanna, hvað sagt er við þau, og venja þau þannig við, að tala manna-máli; sú venja tíðkast einkum á Þýzkalandi, og er því kölluð «þýzka kennslu-aðferðin», og er einn skóli í Kaupmannahöfn, er þeirri aðferð fylgir. Önnur aðferð er sú, sem nefnd er hin «frakkneska», að kenna þeim skrifmál, bendingar og fingramál, og er sú aðferð við höfð í hinum konunglega málleysingjaskóla í Kaupmannahöfn, og er sú kennsla innifalin í því, að þeim er kennt bæði að skilja það, sem skrifað er, og líka að gjöra sig skiljanlega með því, að skrifa, og bókstafina sýna þeir á fingrunum. En til þess,

að gjöra þau nokkurn veginn fær í málinu, nægir eigi að kenna þeim að eins eina bók, sem er samkynja efnis, það verður að kenna þeim ýmislegt fleira, sem er hvort öðru frábrugðið; það verður fyrst að sýna þeim hluti, og skýra þeim frá þeim og hvað þeir heita. Þeim er kennt dálítið í dýrafræði, náttúrusögu, landafræði, sagnafræði og reikningi; þeim eru fengin myndabréf og þau látin skýra frá, hvað á þeim standi; sömuleiðis er þeim bent á, hvað helzt sem fyrir augun ber, og þau látin segja frá því, eg tek til dæmis íveruhús, og eiga þau að segja frá, hvað í húsinu er. Síðan er byrjað á að kenna þeim trúarfræði, og eru þau þá fyrst látin læra biflíusögur með myndum; út af dæmisögunum eru dregnir trúar- og siðferðislærdómar og gjörðir þeim á þann hátt skiljanlegir, og að því loknu er byrjað að kenna þeim aðalatriði kristilegrar trúar. Á þennan hátt fer hin bóklega kennsla fram, en til þess að börnin eigi verði leið eða þreytt á henni, er kennslan jafnframt höfð verkleg, þeim er ætíð jafnframt haldið til að vinna, og það jafnan eitthvað nytsamlegt. En þau þurfa líka eins og önnur börn tómstundir og uppörfun til þess, að leika sèr, og fá þau það jafnan á hverjum degi. Við skólana í Kaupmannahöfn hafa þau leyfi hèr um bil rúman mánaðartíma á sumrin, og sum þeirra jafnvel lengur, og fara þau þá heim til foreldra sinna eða vandamanna, en hèr verður þessu eigi við komið, því hèr eru hvorki járnbrautir nè gufuskip, sem menn geta farið með kostnaðar- og fyrirhafnarlítið á stuttum tíma. Hèr verða flest þau börn, sem til kennslu eru send, að vera þar, sem þau eru komin, þangað til þau hafa lokið námi sínu. Eg hefi því gjört mèr það að reglu, að hætta kennslunni um hásumarið, en að eins sèð um það, að þau eigi gleymdu því, er þau höfðu numið; þá hefi eg haldið þeim til að læra alla vanalega sveitavinnu, sem eg get gefið þeim kost á að nema. Eg vona, að með þessari fáorðu skýrslu, hafi eg að því, sem hèr er hægt, fullnægt ósk hins háttvirta þingmanns úr Suður-Þingeyjarsýslu, og gefið nokkurn veginn greinilegt yfirlit yfir kennsluna og kennslu-aðferðina. Að öðru leyti er það fátt, sem eg ætla að tala. Viðvíkjandi breytingaruppástungu hins háttvirta þingmanns Dalamanna, þá er eg hræddur um, að hún sè komin af misskilningi; hann bjóst við, að ef þessi takmörkun, 10—14 ára, væri sett, þá mundi það verða til þess, að svo mörgum börnum yrði komið í kennslu, að jafnaðarsjóðunum yrði svo mjög ofþyngt. En eg vil þá spyrja þingmanninn, hvort hann eigi heldur,

að börnin muni verða eins mörg, ef takmörkunin er sett frá 10—20 ára, því geta má nærri, að þau eru fleiri frá 10—20 ára, en á aldrinum 10—14 ára. Það var mín meining, og eg ætla allrar nefndarinnar, að börnin ættu að koma, þegar þau væru orðin 10—14 ára. Ef hinn háttvirti þingmaður vill tala sig saman við nefndina, þá getur hún víst gjört það fyrir hann, að bæta orðinu «orðin» á undan 10—14 ára. Það verða líka víst allir að játa, að það er miklu erfiðara að taka börn til kennslu, þegar þau eru orðin gömul, og hin sama regla hlýtur einnig að gilda um þessi börn. Við hinn konunglega skóla í Kaupmannahöfn er aldur barnanna ákveðinn frá 8—12 ára, og í hinum skólanum frá 7—12 ára. Eg get því eigi skilið, hvers vegna það á endilega að vera hlutfall mitt, að fá eigi börnin, fyr en þau eru orðin svo gömul, að öðrum kennurum þykja þau óhæfileg orðin til að nema; þó er þetta eigi svo að skilja, að eg muni meinast við, að taka við eldri börnum, ef svo ber undir, og þau hefðu fulla hæfilegleika og jafnvel löngun til að læra. Í ræðu sinni beindi hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga þeirri spurningu hálfvegis að mèr, hve mörg mállaus börn eg hefði nú til kennslu, og skal eg þá svara því, eins og er, að eg hefi 4 eptir, nú sem stendur, en eitt fór nú í sumar, og eg veit eigi, hvort þingmanninum er það kunnugt, að það var af því, að það vantaði opinberan styrk, en foreldrar þess eigi færir um að gefa lengur með því, og vildu að það kæmi nú þegar heim. Eg varð því að við hafa fljótari og ófullkomnari aðferð við það, en eg ella hefði haft, og það náði því heldur eigi þeirri fullkomnun, er það hefði getað náð með nægum tíma. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði, að nauðsyn mundi vera á, að gjöra mèr skylt, að taka aðstoðarmann við kennsluna, þá er það kunnugt nokkrum þingmönnum hèr í salnum, að eg er nú einmitt að reyna að útvega mèr aðstoðarmann við tilsögn barnanna, og eg dirfist þess, að lýsa yfir því hèr í þingsalnum, að eg aldrei hefi vanrækt kennslu hinna mállausu barna þrátt fyrir aðrar annir mínar. Hvað það snertir, er hinn háttvirt þingmaður Gullbringusýslu sagði, að nauðsynlegt væri, að námstíminn væri til tekinn, þá skal eg játa það, að það væri æskilegt, en það ætti þá einkum heima í reglugjörð þeirri, sem nefndin hefir ætlazt til að mèr verði gefin af stiptsyfirvöldunum, en þó yrði það að vera með sínum undantekningum, eins og hver önnur regla. Þeim er hafa spurt um, hve langur námstíminn mundi vera, hefi eg svarað á

þá leið, að í Kaupmannahöfn væri hann venjulega 6 ár, og varla mundi vera að búast við, að hann gæti orðið styttri hjá mèr einum, en þar sem eru 8 kennarar og 2 eða 3 konur, sem líka segja til. Viðvíkjandi skyldum þeim, sem meðnefndarmenn mínir hafa lagt mèr á herðar, hefir það verið tekið fram, að þær væru of þungar, en meðnefndarmenn mínir voru svo góðir, að sýna mèr þær og spyrja mig um álit mitt á þeim; eg vildi alls ekki skorast undan þeim, því mèr þótti sanngjarnt, að, ef eg fengi launin, þá yrði eg líka að vinna til þeirra. Hinn háttvirti framsögumaður tók það líka fram, eins og satt er, að það tekur eigi upp langan tíma, að kenna manni að segja til málleysingja, annars er maðurinn eigi vel til þess fallinn, og getur hann þá fljótt orðið manni til aðstoðar við kennsluna. Af því allir þingmenn tóku svo vel undir þetta málefni 1869, vona eg að þeir einnig gjöri góðan róm að því nú, og ætla eigi að fara fleirum orðum um það í þetta sinn.

Guðmundur Einarsson: Eg ætla að fara fljótt yfir efnið, en skal að eins geta þess, að því meir sem eg hugleiði þetta mál, því meir sannfærist eg um, að annað niðurlagsatriði nefndarinnar hafi leitt málið inn á of vítt svið. Eg er mjög vel samþykkur fyrra niðurlagsatriði nefndarinnar, og vildi helzt, að hún hefði ekki farið lengra út í málið. En fyrst að nefndin fer lengra og stingur upp á í tölulið II., að kennarinn skuli fá 200 rd. árlega í laun, þá virðist mèr það vera of lítil laun í samanburði við skyldurnar, sem honum eru lagðar á herðar, ef þeim á annað borð á að verða fullnægt. Þess vegna sting eg upp á nokkrum breytingum, til þess að þinginu gefist kostur á, að segja álit sitt um þær, og er það þá á þess valdi, að fella þær, ef því svo lízt. Eg vil nefnilega annaðhvort heilt eða hálft; eg vil, úr því talað er um laun og skyldur, að stofnaður sè verulegur skóli hèr í landinu, því það er óneitanlega mikill hagnaður, að innlendur skóli komist á, en það, sem nefndin fer fram á, er næsta ófullkomið. Það getur vel verið, að sumar uppástungur mínar þyki nokkuð gífurlegar, því eg sting þá upp á, að kennaranum sè veittur 500 rd. styrkur árlega; að hann sè skyldaður til, að sitja sig eigi úr færi, að fá meðal eða betra brauð einhverstaðar í miðju landinu. Enn fremur gjöri eg þá viðaukauppástungu, að hann taki mann til kennslu, og hafi hann síðan fyrir aðstoðarmann, og gjöri sèr þetta að stöðugri reglu. Eg áskil mèr rètt til að orða uppástungur mínar nákvæmar síðar.

Jón Hjaltalín: Eg ætla þó að tala fáein orð í þessu máli,

einkum af því, að mörg mál, en þó ekki öll, hafa verið felld frá nefnd á þessu þingi af þeirri ástæðu, að fè skorti til þess, að fá því á komið, er bænarskrárnar fóru fram á, og því hefir niðurstaðan orðið sú, að bezt væri að bíða, ef ske kynni, að meiri fjárráð yrðu seinna í höndum alþingis. Þeir vilja fylgja reglunni: «rusticus exspectat, dum defluat amnis»; en mèr finnst það vera óhyggilegt fyrir oss, að fylgja henni. Mèr finnst ekkert vera á móti því, þó vèr biðjum um fè til nauðsynlegra fyrirtækja, ef vèr sjálfir eigi höfum það, og mun hvorki landsstjóri nè stjórn skorast undan, að reyna að útvega oss það, og þá fellur burt þessi mótbára þingsins, sem nú er orðin næstum standandi mótbára þess gegn hverri bænarskrá, að fè vanti. Það er nokkuð satt í því, sem Magnús heitinn «sálarháski» sagði, þegar maðurinn sagði við hann, að nógur væri dagur til næsta bæjar: «þú átt hvorki daginn nè veginn». Sama má segja um oss; vèr höfum ekki ráð yfir tímanum, ekki einu sinni yfir morgundeginum, og því er það mjög óhyggilegt, að fresta nauðsynjamálefnum fram í ókominn tíma, og ef þessi kostnaður er svo mikill, að þingið engin ráð sèr til, að fá hann endurgoldinn, þá veit eg ekki, hvað vèr getum, og hygg eg þá, að flest sè oss ofvaxið. Eg þakka annars sèra Páli mikillega fyrir upplýsingar hans um kennsluna og kennslumátann, og þær eru sannar, að því er mèr er kunnugt, en eg vil ekki, að þessu máli sè frestað allt of lengi, ef mögulegt er fyrir oss, að kljúfa kostnaðinn, en það er mögulegt, ef vèr á annað borð viljum það; en eg vil ekki, að allt af sè verið að ríða þessum 4,000 rd., eða hvað það nú er, sem til vara eru ætlaðir, ef bráða nauðsyn kynni að bera að höndum, því allir sjá, að það er sama sem að fella málið, að vísa á fè af þessum peningum. Eg efast því ekki um, að þingið muni hrinda þessu máli áfram og ekki fresta því, enda þótt sumir komi með mótbárur, sem eg álít allar einskis verðar.

Hallgrímur Jónsson: Eg hefi nú hlýtt um stund á ræður þingmanna, og hefir þeim yfir höfuð að tala líkað vel við nefndarálitið og uppástungur nefndarinnar undir tölulið II., og slíkt hið sama segi eg einnig fyrir mitt leyti, og sèr í lagi líkar mèr það vel, að ef kennslan kemst á, þá verður hún innlend. Sumir hafa og áskilið sèr breytingaratkvæði, og geðjast mèr vel að sumum þeirra, ef uppástungan fær framgang. Mèr hefir komið til hugar, að taka mèr breytingaratkvæði við tölulið II., með því enginn hefir

gjört það, á þá leið, að hann, presturinn sèra Páll, fái einhverja vissa þóknun fyrir hvert það barn, er nær nægilegri tilsögn hjá honum. Þar á móti verður honum ekki gjört að skyldu að kenna. Eg vil síður, að honum verði ákveðin föst laun, 200 rd. árlega eða um árabil, og fengnar vandasamar skyldur að varðveita, hvar til hann er nú sem stendur ekki svo vel settur. Að öðru leyti veit eg nú ekki hvaðan eg á að benda til að taka launin handa honum, hvort sem þau verða mikil eða lítil.

Páll Pálsson: Viðvíkjandi breytingaratkvæði því, sem þingmaðurinn, er nú settist, ráðgjörði, get eg ekki að því gjört að geta þess, að þess eru víst hvergi dæmi, að kennarinn fái einungis borgun fyrir þau börn, er ljúka námi sínu, en ekkert fyrír hin, hvort sem hann segir þeim til lengur eða skemur, enda væri það æði-ósanngjarnt, því kennarinn getur haft tífalt meira fyrir því barni, er aldrei lýkur námi sínu, heldur en fyrir mjög mörgum, sem ljúka því.

Torfi Einarsson: Það er eitt atriði, sem mèr er ei ljóst, nefnilega það, hvernig fjárhag vorum er háttað. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hnýtti í þingið fyrir það, að það vildi fresta öllum nauðsynjamálum fram í ókominn tíma, og er eg honum samdóma í því, að slíkt dugi eigi. En þegar eg nú lít á fjárhagsáætlunina, þá get eg ekki sèð neitt það fè, er til þess mætti verja; en þá kynni menn að segja: það á að leggja toll á brennivín, og honum má verja til þess; en eg sè ekki, að honum verði varið til þess, fyr en hann að minnsta kosti er kominn á. Eg vil feginn, að einhver skýrði þetta fyrir mèr, svo það verði annaðhvort standandi eða liggjandi regla, að vísa öllum þeim málum frá, sem fè þarf til.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis við 2. gr., II. tölulið, að í staðinn fyrir «gjört að skyldu» sè sett: «bundinn þeim skilmálum», en það getur þó vel verið, að eg falli síðar frá þeirri breytingu.

Forseti: Úr því eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg vil biðja þá, er breytingaratkvæði hafa gjört, að koma þeim til mín hið fyrsta á morgun.

Það, sem því næst samkvæmt dagskránni kemur til umræðu, er uppástunga þriggja þingmanna viðvíkjandi fjárhagsáætlun og fjárhagsmálinu yfir höfuð að tala. Hinn háttvirti þingmaður Reyk-

víkinga er flutningsmaður uppástungunnar, og mun hann lesa hana upp og skýra frá henni, eins og þörf þykir.

Halldór Kr. Friðriksson: Uppástungan hljóðar þannig. (Sbr. II. bls. 240).

Eg er sannfærður um, að enginn þingmanna er sá, er eigi sè mèr samdóma, að telja þetta mikilsvarðandi málefni. Vèr höfum nú fyrir oss frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, sem vèr vonum að nái lagagildi innan skamms, og þá fáum vèr um leið ráð yfir fjárhag vorum; en áður en vèr tökum við þessum fjárforráðum, þá er skiljanlegt, að mjög er áríðandi fyrir oss, að kynna oss sem bezt allt það, er að honum lýtur. Þessi fjárforráð vor voru áður í höndum ríkisþings Dana, en eg ætla nú eigi að þessu sinni að fara að rekja það, við hvaða rök það átti að styðjast, eða með hverjum rètti ríkisþingið skamtaði oss fè vort; en nú hefir ríkisþingið afsalað sèr þessum rètti, en til hvers? Eigi til alþingis, enda þótt það lægi beint fyrir, heldur til dómsmálaráðgjafans, og þess vegna hefir honum líklega eigi þótt ástæða til, að leggja þessa áætlun fyrir alþingi, með því hann telur sig einráðan orðinn um fjárhag vorn. Þegar standaþingin komu fyrsta sinn saman í Danmörku, var sú fyrsta spurning þingmanna þar, hvernig fjárhagnum liði, og þeir lètu sèr ávallt á miklu standa, að áætlunin væri lögð fyrir þingið. En þetta hafði reyndar lítið upp á sig, en þó það, að árið 1840 var farið að prenta árlega reikninga og áætlun yfir tekjur og útgjöld ríkisins. Eg vona, að það sè öllum ljóst, að hvað sem öðru líður, þá sè nauðsyn, að Íslendingar gjöri sèr sjálfum grein fyrir, hver útgjöld landsins eru, og jafnframt hverjar eru tekjur þess. Eg vona því fastlega, að þingið setji nefnd í þetta mál, og hefi það traust á hinum háttvirta konungsfulltrúa, að hann greiði fyrir þeirri nefnd, eins og honum framast er auðið, og ljái henni öll þau skjöl og skilríki, er henni kunna að verða að notum og sem hann hefir hönd yfir, og gefi henni allar þær skýringar, sem hann getur í þessu efni. Eg er líka sannfærður um, að ef þingið kæmist að þeirri niðurstöðu, að eitthvað væri það í áætluninni, er betur mætti fara öðruvísi, annaðhvort tekjurnar ekki rèttilega taldar eða útgjöldin eigi sem haganlegust, þá mundi konungsfulltrúi mæla með, að því yrði breytt, og þá verða menn að ætla, að ráðgjafinn mundi fallast á það. Eg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. En einungis vil eg taka svo sem eitt dæmi; hèr í á-

ætluninni eru talin eptirlaun 11,000 rd.; það væri þó fróðlegt að vita, hvernig á þessu stendur, og eins það, hvernig því er varið, að þau nú skulu borgast úr landssjóðnum, þar sem þau áður hafa ávallt verið borguð beinlínis úr ríkissjóðnum, og talin til ríkisins almennu útgjalda, en eigi til Íslands sérstöku útgjalda, án þess nokkrar samsvarandi tekjur fyrir landssjóðinn séu tilfærðar í áætluninni. Slíkt hið sama á sér stað með skólana hér á landi. Það er kunnugt, að þá er stólsgózin voru seld 1785, þá ákvað konungur, að andvirði þeirra skyldi renna í ríkissjóð, en aptur skyldi ríkissjóðurinn borga allan þann kostnað, er af skólunum risi. Þetta og annað því um líkt er nú nauðsynlegt að rannsaka, og eg held, að ef þetta og, ef til vill, fleira er talið sem beinlínis útgjöld ríkissjóðsins, þá muni fara að minnka 30,000 rd. tillagið, sem Ísland á að fá úr ríkissjóðnum. Eg fer nú eigi fleirum orðum um þetta mál, en óska að eins, að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Þegar hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga um daginn spurði, hvers vegna eg ekki hefði lagt áætlunina um tekjur og útgjöld Íslands frá 4. marz þ. á. fyrir þingið, skýrði eg þinginu frá, að mér hefði ekki verið falið á hendur, að leggja hana fyrir þingið, en aptur á móti hefi eg eptir tilefni því, sem fyrirspurnin gaf, seinna sent hinum háttvirta forseta nokkur exemplör af áætluninni til framleggingar á lestrarsalnum.

Eptir alþingistilskipuninni á hin árlega áætlun um tekjur og útgjöld landsins ekki að leggjast fyrir alþingi til álita þess, því allrahæstur úrskurður sá, sem hefir ákveðið áætlunina, getur ekki talizt meðal þeirra lögmála, er eptir alþingistilskipuninni og tilsk. 28. maí 1831 á að leggja fyrir þingið til yfirvegunar þess og álits, því þessi lögmál eru, eins og segir í tilskipuninni, einungis þau, er miða til umbreytingar á persónulegum eða eigindómsréttindum þegnanna, eður á sköttunum, ellegar annari þegnskyldu. Hin árlega áætlun yfir tekjur og útgjöld landsins er eptir allrahæstri auglýsingu frá 4. júlí 1842 ekki lög eða tilskipun, heldur einungis reglugjörð fyrir umboðsstjórnina, og þar sem hún ekki inniheldur neina breytingu á persónulegum eða eigindómsréttindum þegnanna, þá liggur hún, svo framarlega sem hún ekki hefir hækkun á sköttunum í för með sér, alveg fyrir utan verkahring alþingis; en hvað áætlunina frá 4. marz þ. á. snertir, hefir hún, eins og þingmönnum er kunnugt, ekki neina hækkun á sköttunum eða breytingu á annari þegnskyldu inni að halda. Þegar litið er til

alþingistilskipunarinnar og yfir höfuð að tala til hinna gildandi laga, hefir svoleiðis von sú, sem getið er um í uppástungunni um það, að áætlun fyrir árin 1872—74 mundi verða lögð fyrir þingið í þetta skipti, ekki verið byggð á neinum rökum. Ef þingið óskar, að stjórnarskráin verði lögleidd, þá verður alþingi með henni fengið langtum meira vald í þessu tilliti, en þó að uppástunga sú, er hèr ræðir um, yrði tekin til greina, og þess vegna er uppástungan alveg þýðingarlaus, ef þingið getur aðhyllzt frumvarp það til stjórnarskrár, sem nú liggur fyrir því, og eg get fullvissað þingið um það, að alþingi muni, eins og segir í uppástungunni, fá greinilegt yfirlit yfir fjárhag landsins á þeim tíma, sem það tekur við fjárforráðum sínum, en sem stendur get eg ekki dæmt um það, hve nær þetta verður, eða hver árangur í þessu tilliti muni verða af umræðum þingsins. Ef þingið á hinn bóginn kysi að halda alþingistilskipun 8. marz 1843, get eg vel skilið, að þinginu virðist það ákjósanlegt, að hinar árlegu áætlanir um tekjur og útgjöld landsins verði lagðar fyrir þingið til álita, en þá er athugavert, að fjárforræðið eptir hinum gildandi lögum og sèrstaklega eptir alþingistilskipuninni liggur alveg fyrir utan verkahring alþingis, og þess vegna getur það verið nokkrum vafa undirorpið, hvort stjórnin muni fallast á þessa breyting á alþingistilskipuninni. Eg get ekki sagt neitt víst um þetta, en eg skal leyfa mèr að benda þinginu á sögu þessa máls á umdæma-standaþinginu í Hróarskeldu. Það er, ef til vill, ekki hinum heiðruðu þingmönnum ókunnugt, að umdæmastöndin í Hróarskeldu með miklu kappi og miklum dugnaði fylgdu því fram í öll þau ár, sem þau stóðu yfir, að áætlunin yfir tekjur og útgjöld landsins yrði lögð fyrir þau til ráðaneytis, en það mun á hinn bóginn vera þingmönnum kunnugt, að konungurinn ekki lèt að því, að aðhyllast bænarskrár þær, sem hvað eptir annað voru sendar honum um þetta málefni frá umdæma-stöndunum. Eg skal í þessu tilliti einungis skýrskota til allrahæstra auglýsinga frá 11. júlí 1840, 4. júlí 1842, 10. október 1844 og 10. júlí 1846, þar sem ástæður þær, er eg gat um áðan, voru teknar fram eða skýrskotað til þeirra. Mèr þykir nú ekki ólíklegt, að á sama hátt muni fara með bænarskrár alþingis um þetta málefni.

Spursmálið um það, hvort alþingi geti fengið ráðgefandi hlutdeild með tilliti til áætlananna fyrir þau komandi ár, er ekki að síður svo mikilsvarðandi, ef þingið óskar að fá löggefandi vald í

þessu máli og í öðrum, að mèr þykir líklegt að þingið ályktí að kjósa nefnd í málinu, og skal eg fyrir mitt leyti ekki mæla á móti því, en eg skal þegar á þessu stigi málsins taka það fram, að eptir því, sem eg fæ bezt sèð, getur ekki verið von á neinum verulegum árangri af því, sem uppástungan gjörir ráð fyrir, að nefndin taki áætlunina frá 4. marz þ. á. til meðferðar, því bæði þingið og mig vantar nauðsynlegar upplýsingar til að ræða og rannsaka hana til hlítar. Eg mun sjálfsagt vera fús til að láta nefndinni allar þær upplýsingar í tè í þessu máli, sem eg hefi ráð á, en eg get sagt það fyrirfram, að þær munu reynast alveg ónógar til þess, að rannsaka og ræða málið til hlítar.

Eiríkur Kúld: Það gladdi mig mikillega, að eg heyrði, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er eigi mótmæltur nefnd í þessu máli. Eg kann honum og miklar þakkir fyrir það, hve mannúðlega hann tók í það, er eg um daginn spurði hann, hví þessi áætlun eigi hefði verið lögð fyrir þingið, og að hann lèði þinginu 4 exemplör af henni. Eg fór þessa á leit um daginn ekki af því, að mèr dytti í hug, að þingið hefði rètt til þess, að breyta nokkru í áætluninni fyrir árin 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, en eg hugsaði þó, að ef vèr hefðum hana í höndunum, þá gætum vèr þó leitað upplýsingar um þau atriði í henni, er oss þætti eigi nægilega ljós, því ef alþingi fær löggjafarvald, þá yrði fjárhagsáætlunin sá hyrningarsteinn, sem þingið byggði á. En það vona eg, að enginn þingmanna sè sá, er halda vilji í gildi tilskipuninni 8. marz 1843, heldur vilji að þingið fái löggjafarvald. Eins og kunnugt er, nær áætlun þessi, sem auglýst er 4. marz þ. á., frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, en hvernig sem nú fer með stjórnarskrána, þá er þess þó engin von, að hún verði að lögum fyr en seint á árinu 1873; þar af leiðir, að fyrir fjárhagsárið 1872—73 verður þá ný áætlun samin, sem alþingi heldur eigi fær að sjá. Eg vona því, að nefnd verði sett í þetta mál, og eg vona, að hinn háttvirti konungsfulltrúi verði nefndinni hliðhollur, og eg veit, að hann er svo kunnugur stiptamtmanninum yfir Íslandi, að hann getur útvegað nefndinni hjá honum öll þau skjöl og skilríki, er þessir embættismenn hafa undir höndum og nefndinni getur orðið að notum við starfa sinn. Hann mundi og geta útvegað nefndinni þær skýrslur, er landfógetinn á Íslandi hefði þessu mikilsvarðandi máli til skýringar. Það er auðvitað, að það er nauðsynlegt, þegar byrja á búskap, að vera vel kunnugur því,

að hverju maður gengur og með hverju maður á að byrja, eða við hvað á að búa, en þetta getum vèr eigi vitað, nema vèr fáum glöggt yfirlit yfir allan fjárhag vorn, og það er nauðsynlegt, eigi að eins fyrir þingmenn, heldur og fyrir alla landsmenn, svo að þeir geti sèð fjárhagsáætlun vora, og gjört þar við sínar athugasemdir. Með því, að mál þetta er bæði mikilsvarðandi og umfangsmikið, en óðum er farið að líða á þingtímann, þá sting eg upp á 7 manna nefnd í þessu máli.

Jón Sigurðsson: Eg skal eigi fara mörgum orðum um þetta mál. Eg ætla heldur eigi að mótmæla hinum háttvirta konungsfulltrúa í því, að alþingistilskipunin eigi heimili þinginu rètt til að segja álit sitt um áætlunina og gjöra athugasemdir við hana. Þetta spursmál vil eg láta liggja milli hluta í þetta sinn. En hitt get eg sagt, að mèr þótti dæmi það, sem hann tók af standaþingunum í Hróarskeldu, alls eigi heppilega valið, til þess að vèr hèr ættum að fara eptir því. Eg ætla sem sè, að um það leyti sem standaþingin voru uppi, að þá muni ríkisreikningarnir eigi hafa verið á reiðum höndum eða í því lagi, að þeir yrðu lagðir fyrir standaþingin, og þetta ætla eg muni hafa verið orsökin; en hèr stendur nú allt öðruvísi á, eins og kunnugt er. Spursmálið, sem hèr liggur fyrir til úrlausnar er það, hvort það sè nauðsynlegt eða eigi, að alþingi megi segja álit sitt um áætlunina um tekjur og útgjöld Íslands og gjöra athugasemdir við hana, eptir því sem þurfa þykir. Eg fyrir mitt leyti álít það mjög nauðsynlegt, og kalla það mjög óheppilegt, að stjórnin eigi hefir lagt áætlunina fyrir þingið, en eg vil þó leggja það út á bezta veg fyrir henni, og segja, að það annaðhvort hafi orðið af gleymsku fyrir henni eða kurteysisskorti. Það sjá þó allir, hvað það er þýðingarlítið, að vera að leggja fyrir þingið frumvarp um tolla og skatta og annað því um líkt, nema þinginu sè jafnframt gefið tækifæri til að kynna sèr, til hvers þessu á að verja. Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál, en vil að eins benda á, að nauðsynlegt er, að þingið taki málið til álita, og mæli eg því með, að nefnd sè kosin.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Nefnd var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á sjö manna nefnd, og vil eg biðja menn að segja til, ef þeir eru því eigi samþykkir.

Sumir stungu þá upp á fimm manna nefnd, en sjö manna nefnd var samþykkt með atkvæðum.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson	með	20 atkv.
Eiríkur Kúld	—	20 —
Jón Pètursson	—	16 —
Benidikt Sveinsson	—	15 —
Jón Sigurðsson	—	15 —
Grímur Thomsen	—	11 —
Stefán Jónsson	—	10 —

Var málið afhent þingmanni Reykvíkinga, með því hann var eldri en þingmaður Barðstrendinga, er annar hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Störfum vorum er þá lokið í dag, og ákveð eg fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

12. fundur. — 20. júlí.

Konungsfulltrúi mætti eigi á þessum fundi, en í hans stað aðstoðarmaður hans. Enn fremur höfðu þingmenn Vestur-Skaptafellssýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynnigu frá nefndinni í málinu um breytingar á tilskipuninni 30. apríl 1824, að í henni sè kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og Þórður Jónasson skrifari. Enn fremur hefi eg fengið uppástungu frá hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um, að alþingi biðji konung um, að tollur verði lagður á ýmsar vörur, og verður eptirrit af henni tekið og sent hinum háttvirta konungsfulltrúa, og hún sjálf lögð á lestrarsalinn.

Það, sem þá í dag liggur fyrir að taka til umræðu, er uppástunga hins háttvirta þingmanns Árnesinga og þingmanns Barðstrendinga um lagaskóla á Íslandi. Flutningsmaður er hinn hátt-

virti þingmaður Árnesinga, og mun hann lesa upp uppástunguna og skýra um hana það, er honum þykir þurfa.

Benidikt Sveinsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sbr. II. bls. 241).

Eg skal að svo stöddu eigi fara út í einstaklegar mótbárur, er komið hafa fram gegn máli þessu að undanförnu, því það er hvorttveggja, að málið er mikið rætt á undanfarandi þingum, enda á það ei heldur við á þessu stigi málsins, þar sem einungis er spursmálið nú um það, hvort nefnd skuli kjósa í málið eða eigi. En eg verð, til þess ef mögulegt væri, að spara mèr og, ef til vill, öðrum orðalengingar, fara nokkrum almennum orðum um málið. Þegar vèr lítum til mannkynssögunnar og gefum gætur að reynslu allra tíma, þá sjáum vèr, að sumir menn eru móti allri nýbreytni, og það eru opt miklir og skarpskyggnir menn í sjálfu sèr, en einmitt vegna þess, að þeir eru miklir og skarpskyggnir menn, þá er það auðskilið, að þeir opt geta fundið þá agnúa og allrahanda viðbárur, sem aðrir menn, er ekki eru jafnmiklum kostum búnir, ómögulega geta sèð eða fundið. Mannlegur andi er svo auðugur af undanskotum og viðbárum, og útbúinn með ótal ráðum, að gefa þeim sannleikans og vísindanna blæ, þó þær í raun og rèttri veru sèu ekki annað en hègóminn einber. Það er því nauðsynlegt, að hafa stöðugar gætur á tillögum slíkra manna, því ef þeir ekki hafa það sjálfir, sem opt ber við, þá verða aðrir, sem einhverju góðu og sönnu vilja koma til leiðar, að hafa gætur á þeim. Eg vil líkja þessum mönnum við góðan gæðing, sem hefir þann galla, að hann er rammstaður, og verður því ekki komið úr sporunum, ef hann á að fara á undan, því þá prjónar hann. Eg vil taka aðra líkingu, sem, ef til vill, er heppilegri; eg vil líkja þeim við mann, er gengur á skipi frá framstafni til afturstafns í undanhaldi og fleygibyr; hann heldur að vísu, að honum skili áfram, en í rauninni stendur hann kyrr eða rekur aptur á bak. Slíkir menn berast undan straumi tímans, án þess þeir viti af því, ófugir og andsælis við eðlilega framrás mannlífsins. Eg legg það nú á þingsins vald, að dæma um það, hvort nokkur hafi hèr í salnum að undanförnu komið svona fram í þessu máli; en eg skal vekja athygli þingsins á því, ef svo skyldi nú fara. Aptur vil eg geta hins, að það er hlutskipti sumra málefna, að fá sterka mótspyrnu fremur öðrum, og það jafnvel af hálfu þeirra, sem annars eru fylgismenn nytsamra málefna; en einkenni þessara mála er

optast auðþekkt; það eru jafnaðarlega einmitt þau mál, sem mest er í varið, sem hafa í sèr mestan og háleitastan sannleika fólginn. Þessi málin mæta öflugustu og sterkustu mótspyrnunum. Þetta sýnir og reynsla mannkynsins, því engin málefni hafa mætt sterkari og bitrari mótstöðu, en hin himnesku sannindi sjálf. En þetta er eðlilegt. Þetta á rót sína í hinni djúpsettu baráttu milli hins góða og hins illa, hins rètta og hins ranga. Hið ranga og ósanna færist aldrei betur í hraukana, en einmitt þá, þegar það er í andarslitrunum, þegar það er að hniga fyrir ofurmagni sannleikans. Þingið hefir nú jafnan gefið þessu máli góðan gaum að undanförnu, en samt hefir það mætt mesta þófi og baráttu, því það hefir aldrei fengið áheyrn hjá Danastjórn, og það þrátt fyrir það, þótt vor hásæli konungur Friðrik hinn sjöundi hafi lýst því skýlaust yfir í auglýsingu til alþingis 1863, að það væri skýlaus vilji sinn eða ósk, að stofnaður yrði hèr á landi lagaskóli, en eigi að síður hefir málinu, sem sagt, ekki þokað einu hænufeti áfram síðan, og, ef til vill, heldur aptur á bak. Eg skal geta þess, að mig furðar þetta alls ekki, því eg hefi reynsluna fyrir mèr í því, hvað nauðsynjamál vor Íslendinga eiga örðugt uppdráttar yfir höfuð hjá Danastjórn, eins í andlega eins og líkamlega stefnu. Þá er alþingi var stofnað, var enginn vísindalegur skóli eða stofnun hèr á landi. Svona sáu hinir einvöldu konungar fyrir menntaframförum vorum! síðan hefir þó prestaskólinn komizt á og læknaskóli eptir mikla mæðu. Áður var það álitið ómögulegt og óþarft, að kenna guðs orð á vísindalegan hátt á Íslandi á íslenzku; það varð endilega að kenna það á dönsku í Danmörku í Kaupmannahöfn, og eg er viss um, að þessi mótbára hefði komið fram gegn prestaskólanum, ef hann hefði ekki verið í rauninni stofnaður fyrir eins konar atvik um það leyti að alþingi komst á. Ef mig minnir rètt, munum vèr eiga það frakkneskum manni að þakka, eða rèttara tillögum hans, að þessi skóli var stofnaður svo greiðlega. Það þarf ekki annað, en að líta á læknaskólann, hvað hann hefir átt örðugt uppdráttar. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður veit það bezt, hve mikinn róður hann hefir orðið að við hafa til þess, að fá honum komið á, og það má heita aðdáanlegt á þessu landi, að nokkur maður skuli geta haft svo mikla seiglu og þrek, að berjast á móti jafnlangvinnum mótspyrnum, svo mikið fylgi og áhuga á málefninu, svo mikla elsku til sannleikans, eins og þessi maður hefir sýnt í læknamálinu. En nú vil eg spyrja: Erum vèr nú betur farnir

síðan vèr fengum þessa skóla, eða erum vèr ver farnir? Eru þessar stofnanir vísindalegar apturfarir fyrir oss, eins og spáð hefir verið að lagaskólinn mundi verða, eða ekki? Vèr skulum gæta að táknum tímanna; þau sýna, að mig vonar, hverjum heilvita manni, að það hefir orðið oss til ómetanlegra framfara, að þessar vísindastofnanir komust á fót. Eg játa það að vísu, að þessar menntastofnanir eru má ske eigi svo fullkomnar, sem þær ættu að vera, og sem þeir háttvirtu herrar, er mest gengust fyrir því, að koma þeim á fót, mundu hafa óskað. En hvað kemur til, að þjóðin ber eigi að síður ósjálfráða virðingu fyrir nafni þessara heiðursmanna? Þjóðin finnur, að hún hefir fyrir þeirra tilstyrk fengið rètt sinn viðurkenndan og andlega nauðsyn uppfyllta; hún sèr, að þessar stofnanir eru eins gagnlegar og ómissandi oss Íslendingum, eins og sams konar stofnanir eru það öðrum þjóðum í öðrum löndum. Hvað lagaskólanum viðvíkur, þá vil eg minna þingið á, að það verkefni, sem nú liggur fyrir þinginu, nefnilega stjórnarskráin, sýnir bert þinginu, hvort því eigi að blandast hugur á því, hvaða stefnu það eigi að taka í lagaskólamálinu. Eg vil líkja stöðu alþingis við vegamót í þjóðferli Íslendinga; en hver eru þessi vegamót? Það eru umskiptin á því stjórnarfyrirkomulagi, sem verið hefir í margar aldir, og því stjórnarfyrirkomulagi, sem verða á um margar aldir. Vèr getum eigi annað en ósjálfrátt litið til baka í hverju þjóðmáli voru sem er, og skoðað þá leið, sem farin er. Vèr getum eigi annað, segi eg, en litið til baka til þeirra horfnu tíma, þegar sá grundvöllur myndaðist, sem sá stjórnarrekspölur, er verið hefir nú um nokkrar aldir, er byggður á. En hvað sjáum vèr þá á þessu svæði? Vèr sjáum ekkert nema apturför og hnignun, allt er fjötrað og bundið í hlekkjum ófrelsis, deyfðar og dáðleysis; allir líkamlegir atvinnuvegir eins og í dái, og ekkert gjört til þess, að glæða þá eða halda þeim við. Sama er að segja um allt andlegt líf og þroska þjóðarinnar, ekkert var gjört til þess, að glæða og styrkja andlega krapta vora, og þeir hlutu því líka að missa af lífsafli sínu, eins og detta í dá. Eiginlega þjóðmenntun vantaði oss alveg, ver lifðum í eins konar andlegri leiðslu og gengum eptir villuljósi útlendrar og óþjóðlegrar menntunar, nema að því leyti, sem forsjónin hefir hagað því svo, að í skauti heimilislífsins á Íslandi hefir sú menntun haldizt og jafnan verið iðkuð, sem kemur því til leiðar, að Íslendingar aldrei geta gleymt sínu sèrstaka þjóðerni; ljós og lifandi meðvitund um

það er óslítanleg frá hverju einu einasta íslenzku hjarta. Eg þarf eigi að fara að lýsa því, hvernig það hefir gengið í stjórnarmálum vorum. Sú harmasaga er öllum oss kunnug, enda mundi það of langt mál.

Þegar vèr nú aptur á hinn bóginn lítum fram fyrir oss, hvaða tilfinningar vakna þá hjá oss? Vonin, hin huggunarríka von um, að betri tímar fari í hönd, og það ekki einungis von, heldur og vissa, svo framarlega sem vèr neytum krapta vorra og liggjum eigi á liði voru, lifir hjá oss. Þingið hlýtur að hafa það hugfast, að það er meira en auga og hjarta þjóðarinnar, það er líka vilji Íslendinga; ályktun þingsins er ályktun þjóðarinnar. Í þessu liggur aptur sú hryggilega vissa um, að Íslendingum er ómögulegt að feta sig áfram á stig sannarlegrar menntunar og framfara, nema þeir neyti krapta sinna, og nema því að eins, að þetta verði orð og að sönnu, er hin glæsilega von einnig á förum. Eg vil því segja, að ætlunarverk þingsins er það, að glæða og magna alla andlega og líkamlega krapta vora með föstu og lifandi trausti á forsjóninni, að vèr hljótum að ná því fullkomnunartakmarki, sem oss Íslendingum sæmir, en hvernig eigum vèr að ná þessu takmarki? Þessu verður bezt svarað með orðtækinu: «með lögum skal land byggja». Þetta er gömul setning, en hún er ekki hrakin enn, þvert á móti staðfestir allra þjóða og allra tíma reynsla hana fram á þennan dag. En hvaða þýðing felst þá í þessu spakmæli, sem segir svona mikið með svo fáum orðum? Þýðing þess er sú, að þjóðfèlagið er eðlismynd eður eðlisskapnaður mannkynsins, og þjóðfèlagið getur aptur ekki staðizt án laga. Lögin eru sá búningur, er þjóðfèlagið hlýtur að koma fram í. En er þá meiningin sú, að öll lönd eða öll þjóðfèlög geti haft sömu lög? Nei, það er eins fjarstætt, eins og sami búningur ætti við í öllum löndum, það er eins fjarstætt eins og ef menn bæru sama klæðnað í kuldabeltinu, sem í hitabeltinu. Lögin verða að vera samvaxin eðli þjóðarinnar, þau verða að vera sprottin úr höfði, hjarta og vilja hennar; þau verða að vera sannkallaður ávöxtur og eðlileg afleiðing af lífsstefnu hennar, lífsskoðun og lífsþörfum í andlegan og líkamlegan máta. Menn verða því að segja: með þessum lögum skal þetta land byggja en ekki öðrum, með öðrum orðum: hvert land verður að byggja með þess eigin lögum. Þetta sannar líka reynslan oss ljóslega, því allar þær þjóðir, er hafa gleypt við annara þjóða lögum og siðum, en lagt sín lög og sína siði á hyll-

una, allar þessar þjóðir, segi eg, hafa óðum gengið til baka og farið aptur; þær hafa lagt þjóðerni sitt í gröfina um leið og þjóðbúning sinn. Gætum að því, að ástand þjóðanna gengur á undan lögum þeirra, en eigi lögin á undan ástandinu; af þessari ástæðu er það, að þjóðirnar vilja fá sjálfar löggefandi vald til þess, að þær geti skapað lögin eptir þeirra eigin ásigkomulagi, þörfum, vilja og hugsunarhætti. Að öðrum kosti álíta þær eigi og geta eigi álitið, að þær geti náð því fullkomnunar og farsældartakmarki, er öll sönn þjóðfèlög stefna og eiga að stefna að. Gleymum því ei, háttvirtu alþingismenn, að «með lögum skal land byggja» er sama sem að segja: með íslenzkum lögum skal Ísland byggja, það er að segja: Ísland getur aldrei náð þeirri fullkomnun og framförum, sem því er auðið, nema því að eins, að því sè stjórnað eptir íslenzkum lögum, það er að segja þeim lögum, sem sprottin eru út úr hjarta, hugskoti og vilja sjálfra Íslendinga. Það er þetta sýnilega og ósýnilega innsigli laga vorra, sem ekki má án vera. En fyrst þessu er þannig háttað, þá vil eg spyrja: hvar eiga menn að afla sèr þekkingar á þessum lögum? Eiga menn að fara mörg hundruð mílur burt af Íslandi til að nema þau lög, sem þó eru íslenzk? eiga menn að fara til Englands eða Frakklands eða Þýzkalands til að læra að þekkja það, sem hvergi er til nema á Íslandi og hvergi getur myndazt nema á Íslandi? Þetta er að sínu leyti jafnmóthverft heilbrigðri skynsemi, eins og ef læknir væri sóttur til sjúklings hèrna upp á Kjalarnesi, og hann sigldi þá t. a. m. til Englands til þess, að fræðast um ástand sjúklingsins. Hèr er nefnilega, þó dæmið sè má ske ekki sem heppilegast, einnig um lög að ræða, lög náttúrunnar, sem haga sèr með óendanlegri margbreytni eptir eðli einstaklingsins. Eg segi þá: það er óhugsanlegt, að nema til hlítar lögin annarstaðar en í því landi, er þau eiga heima í. Þau verða eigi þekkt til hlítar, nema maður rannsaki þjóðlíf það, sem þau eru sprottin af, og þetta þjóðlíf verður eigi rannsakað nema þar sem það er. Þetta ætti nú að minnsta kosti að vera viðurkennt af lagamönnum á alþingi, altènd af þeim, er þykjast hafa og hafa fengið, sem menn svo kalla, heimspekilega eða vísindalega lagamenntun; það þarf engan speking til að sjá þetta, en það þarf andlega blindan júrista til að sjá það ekki. Þetta hefir og líka einlægt verið ljóst fyrir alþingi, og tek eg sem dæmi þess meðal annars áhuga þingsins á að fá íslenzkan lagatexta; það gekk nú reyndar eigi greiðlega heldur en annað, en varð þó á

endanum fyrir atvik, er eg eigi þarf eður hirði að nefna. Þingið sá nefnilega, að íslenzk lög eiga að vera á íslenzku, að íslenzk lög geta ekki verið nema á íslenzku, ef það eiga að heita lög fyrir Íslendinga; málið og lögin eru tvíburar þjóðlífsins, þau eru andleg systkyni, er eigi geta skilið hvort við annað, líf þeirra er líf þjóðernisins, og dauði þeirra óumflýanlegur dauði þess. Ef menn vilja neita þessu, þá vil eg biðja þá hina sömu að nefna mèr einhverja þjóð, sem ekki hefir farið aptur, já, sem ekki hefir hætt að vera þjóð, eptir að hún hætti að hafa þjóðmál sitt, þjóðleg lög og þjóðlega landstjórn. Eg vil biðja þingið að líta á málið frá þessu sjónarmiði, og fyrirgefa mèr, að mèr liggur þetta mál sannarlega svo ríkt á hjarta. Hvað hið annað uppástunguatriði snertir, nefnilega það, að þetta mál útheimtir fè, þá er eg sannfærður um, að alþingi, svo framarlega sem það einu sinni fæst af stjórninni, að þetta fè verði lagt á landið, verður fúst á, að veita það; annars væri og þinginu heldur engin alvara, en hitt er annað mál, hvort nú sèu nokkur ráð sjáanleg til þess, að rýma viljaleysi stjórnarinnar burtu, með að veita oss þessa þjóðstofnun, þó vèr viljum aldrei nema þúsund sinnum leggja fè til hennar; það hefir uppástungan eigi farið út í. Vèr hugsuðum oss, að nefnd sú, er sett yrði í málið, skyldi taka þetta atriði til yfirvegunar og skýra þinginu frá áliti sínu um það efni. Að svo mæltu fel eg málið á vald þingsins, og vona, að það verði við ósk vorri og kjósi nefnd í málið, og sting eg upp á 3 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Eg skal eigi lengja þingræðurnar, eg ætla að eins að tala fáein orð. Mèr fannst hinn háttvirti flutningsmaður eigi herma rètt, þar sem hann sagði, að hèr væri læknaskóli, og gekk út frá því sem öldungis vissu, því hèr er enginn læknaskóli enn þá; hann er ekki viðurkenndur af stjórninni, eins og sjá má á 17. grein staflið *e* í frumvarpinu til stjórnarskrár Íslands, sem nú liggur fyrir alþingi, og enn ljósar má sjá í ástæðunum fyrir sama staflið, þar segir svo, að «mikill efi sè á, hvort sèrstakir skólar fyrir læknaefni og lagamenn komist á á Íslandi». Eg vil nú spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvort eigi þessi orð bendi á, að hèr sè enn enginn læknaskóli á kominn. Eg verð því að feta í feril hans og koma með samkynja bænarskrá um læknaskóla, en eg á nokkuð hægra, því læknamálið er þó komið nokkuð áleiðis, og svo hefi eg líka fè til að benda á, en hvar er fèð, sem hann vill taka? eða hvar er þessi landssjóður, sem verið

er að tala um? Hinn háttvirti flutningsmaður er sjálfur í nefndinni í málinu um stjórnarskrá Íslands, og vil eg þá spyrja hann: Er það víst, að allt gangi svo greitt, og strax verði náð í landssjóðinn? Getur hann búizt við, að stjórnarskráin verði lögleidd að ári eða þá 1873? Sè svo, þá gleður það mig mikillega. Hinn háttvirti flutningsmaður hreifði því, að það væri opt einkenni merkra mála, að þau ættu örðugt uppdráttar; það er alveg satt, og skal eg til færa eitt dæmi, nefnilega málið um stjórnarskrá Íslands; það er nú í þriðja sinni, að það er lagt fyrir alþingi, og vil eg óska, að það fái nú betri byr hèr á þinginu, en árin 1867 og 1869, því þá getur flutningsmaðurinn fyrst haft von um bænheyrslu í þessu efni, og þegar nokkur vegur er til, að fá þessu framgengt, þá skal eg vera manna fyrstur til, að styðja þetta mál, því eg játa, að hver partur mannkynsins, sem hefir sèrstakt mál og rit, eigi skilið, að hlynnt sè að þeim og hann fái vísindalega kennslu í þeim.

Konungsfulltrúi: Út af uppástungu þeirri, sem nú er enn á ný komin fram fyrir þingið um stofnun lagaskóla á Íslandi, skal eg leyfa mèr að skýrskota til skýrslu þeirrar, sem þinginu hefir verið gefin um ástæðurnar fyrir því, að stjórnin ekki gat tekið til greina bænarskrá alþingis 1869 um sama efni. Eg verð af þeim ástæðum, sem þar voru teknar fram, að ráða þinginu frá að setja nefnd í þetta mál, og að minnsta kosti efast eg ekki um, að þingið af sömu ástæðum, sem rèðu ályktun þess um uppástungu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda hèr í Reykjavík, muni komast til þeirrar niðurstöðu, að fresta einnig þessu máli, þangað til þingið hefir fengið full umráð yfir tekjum og gjöldum landsins.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi orðum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns skal eg játa það, að eg hefi má ske misnefnt mig, þegar eg nefndi læknaskólann. En af hvaða ástæðu gjörði eg það? Eg lagði alla áherzluna á það, að þeir kandídatar, er próf taka í læknisfræði í Reykjavík, njóta líkra rèttinda sem kandídatar af háskólanum í Kaupmannahöfn (*Jón Hjaltalín*: Nei). Jú, að minnsta kosti af hálfu Íslendinga. Eg get eigi stillt mig um, að taka mèr í munn orð þau, er þingmaður Borgfirðinga sagði einu sinni, að stjórnin fengi allt af eins og «Vandskræk», þegar hún heyrði, að skóli væri nefndur á Íslandi. Eg held það sè af

þessu, að læknaskólann má eigi nefna læknaskóla. Hvað fèð snertir, er til lagaskólans þarf, þá er mèr það atriði eigi nógu ljóst; það getur vel verið, að hindranir komi fyrir í þessu tilliti, en þær koma þá frá stjórninni, af því hún vill ekki veita oss lagaskólann, en ekki frá þinginu; en þar sem hinn háttvirti þingmaður talaði um það, að eg væri í nefndinni um stjórnarmálið, þá veit hann þó líklega það, að það er ekki verkefni hennar, virkilega að stofna sjóði og útvega fè, heldur það, að ræða og íhuga málið. Hvað snertir ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, þá álít eg naumast ástæðu til að svara henni. Eg skil eigi hvers vegna fremur er ástæða til að draga ályktun af forlögum kennsluembættisins í fornfræði hèr á þinginu, heldur en af öðrum nauðsynjamálum, er síðan hafa verið borin fram hèr á þinginu og fengið framgang hjá því, svo sem um forngripasafnið. Eg ætla eigi að fara mörgum orðum um auglýsingu konungs til alþingis viðvíkjandi stofnun lagaskóla hèr á landi, sem konungsfulltrúi skýrskotaði til, því henni er svarað með uppástungunni, og ástæður þær, er teknar eru fram í auglýsingunni gegn stofnun lagaskólans, eru alveg ófullnægjandi fyrir þingið, hvort sem það væri löggjafarþing eður ekki.

Eiríkur Kúld: Það var sannarlega hryggilegt, að uppástungan fèkk ekki betri viðtökur hjá hinum háttvirta konungsfulltrúa; en ástæður þær, er hann færði til móti henni, voru ofur lítilvægar, svo sem sú, að bera það fyrir, að fyrst að uppástungan um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda eigi hefði fengið frámgang á þinginu, þá ætti þessi ekki heldur að fá áheyrslu. En þar sem hann skýrskotaði til auglýsingar konungs um það efni, sem hèr ræðir um, þá get eg eigi skilið orð konungsins í auglýsingunni öðruvísi en svo, að hann ætlist til, að lagaskóli komist á hèr á landi; þar segir nefnilega svo: «þar sem», o. s. frv. Í þessum orðum liggur það beinlínis, að stjórnin ætlast til, að lagaskóli komist hèr á, og hún getur heldur ekki annað, þar sem hún er bundin við heitorð hins hásæla konungs vors, Friðriks 7., 1863, og reglugjörð 28. Desember s. á. fyrir skólann, sem jafnframt var send stiptsyfirvöldunum, viðvíkjandi þessu efni. Síðan hefir þingið ávallt verið að fara þess á leit við stjórnina, að þetta loforð konungs yrði efnt; en það hefir allt til þessa orðið árangurslaust, og þó mun enginn þingmanna vera sá, er eigi játi, að brýn nauðsyn er á, að stofnun þessi komist á fót, og því verður eigi neitað, að það er allt öðru

máli að gegna með ýmsar aðrar uppástungur, er komið hafa frá alþingi, þótt stjórnin ekki hafi tekið tillit til þeirra; því ef nýtt stjórnarskipulag kemst á, þá verða líka að koma ný lög, það er að segja, innlend lög, sem kennendurnir við háskólann í Kaupmannahöfn þekkja harðla lítið til, og það væri þá eitthvað undarlegt, að senda stúdenta héðan af landi til háskólans í Kaupmannahöfn til að nema þar þau lög, sem ekki eru kennd þar, og ekki verða kennd þar. Mig furðaði mjög á því, hvernig hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skildi 17. greinina í stjórnarskránni undir staflið e. Mèr skildist svo, hafi eg ekki misskilið hann, að hann þýddi greinina á þá leið, að þeir kandídatar, er tekið hefðu próf í læknisfræði í Reykjavík, eigi hefðu kosningarrètt; en eg vil biðja hann að lesa alla greinina; það er ekki nóg, að lesa hana hálfa; því þegar greinin er rèttilega skilin, þá er eg sannfærður um, að engri kjörstjórn kæmi til hugar, að útiloka þann kandídat frá kosningarrètti, sem kæmi með vitnisburð frá landlækninum á Íslandi, það er að segja, ef hann er ei öðrum háður, eða vantar ei að öðru leyti eitthvað það, er til kjörgengis og kosningarrèttar heyrir sem skilyrði. Það kom mèr óvænt hjá honum, að hann fór að tala um fèleysi, hann, sem sjálfur hefir nýlega komið fram með uppástungu um tolla, sem veittu meira, en ferfalt fè við það, er til lagaskólans þyrfti. Auk þess liggur líka nú fyrir þinginu frumvarp frá stjórninni um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og virðist mèr eigi þeim tolli vera varið til annars betur, en til þess, að fá góða og rèttláta dómara; en það geta þeir eigi orðið, nema mönnum sè kennt að þekkja lögin, en þekkt lögin geta þeir ekki, svo vel sè, nema lagaskóli sè stofnaður hèr á landi, eins og þrálega hefir verið tekið fram. Eg ætla nú eigi að fjölyrða meir um þetta mál að þessu sinni; eg vil að eins mæla fram með uppástungunni, og vona fastlega, að nefnd verði kosin í málið.

Jón Hjaltalín: Eg ætla mèr að eins að skýra betur orð hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga. Hann sagði, að eg hefði ekki lesið nógu langt, en því neita eg, og það stendur með berum orðum á bls. 67 í ástæðunum fyrir frumvarpinu til stjórnarskrár Íslands, að efi sè á, hvort sèrstakir skólar fyrir læknisefni og lagamenn komist á á Íslandi. Og eins og Magnús sálarháski heitinn sagði við manninn: «Þú átt hvorki daginn nè veginn», eins verð eg að minna hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga á það, að

það er eigi á hans valdi, hvorki að stofna laga- nè læknaskóla hèr á landi. Þar sem þingmaðurinn skilur orðin í 17. grein frumvarpsins undir staflið e: «opinbert próf» um þá kandídata, er tekið hafa próf í læknisfræði í Reykjavík, þá vil eg fræða hann um það, að það eru til fleiri opinber próf hèr á landi; það er líka opinbert próf, sem stúdentar ganga undir við lærða skólann í Reykjavík; álítur hann þá, að þeir hafi einnig kosningarrètt? Eg fyrir mitt leyti verð mikillega að efast um það. Eg segi því, að enginn læknaskóli sè hèr enn þá til, enda þótt eg hafi verið að berjast fyrir því í samfleytt 14 ár. En það gleður mig, að þegar eg kem enn á ný fram með uppástungu í þessu efni, og þess skal eigi verða langt að bíða, að eiga þá vísa aðstoð hinna háttvirtu þingmanna, þingmanns Árnesinga og þingmanns Barðstrendinga, og vona eg þá að málinu verði vel ágengt, einkum þar sem von er á, að breyting verði gjörð á löggjöfinni um læknasjóðinn. En hvað landssjóðinn snertir, þá má svo að orði kveða, að hann sè á meðgöngutímanum, og er því mjög hæpið, að byggja vonir vorir á honum. Ef hinn háttvirti þingmaður Árnesinga gæti sannfært mig um það, að allt gengi greitt með stjórnarskrána, þá skyldi eg vera djarfari; en eins og nú stendur, er eg mjög vonardaufnr.

Jón Pètursson: Eptir mínum skilningi skoðar stjórnin læknaskólann enn eigi kominn á; því auk þess, sem stendur í 17. gr. frumvarpsins til stjórnarskrár Íslands undir staflið e, sem nú liggur fyrir alþingi, og sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skýrskotaði til, þá stendur líka í frumvarpinu til stjórnarskrár Íslands, sem lagt var fyrir alþingi 1869, í 18. grein staflið c, að kosningarrètt til alþingis hafi þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, hjá landlækninum, eða við læknaskólann eða lagaskólann, þegar þeir skólar kynnu að verða stofnaðir. Á þessum orðum sèst það ljóslega, að þó stjórnin skoði þessa kennslu, sem landlæknirinn hefir á hendi, sem fasta kennslu handa læknum, því kennsla þessi er eigi bundin við hinn núverandi landlækni, þá vill hún samt eigi kalla það læknaskóla. Hvað maður annars á að kalla þetta Institut með 2 kennurum veit eg ekki. Hvað lagaskólamálefnið þar á móti snertir, þá virðist mèr í þessu máli mest komið undir því, hvernig alþingi tekur í málið, því heitorð konungsins er þegar fengið. Friðrik konungur 7. hèt því, að hjá oss skyldi lagaskóli verða stofnaður, svo framarlega sem fè það fengist, er til hans þyrfti.

Benidikt Sveinsson: Eg ætlaði mèr eigi að tala meira í þessu máli, en af því hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók það aptur fram, að eigi væri hugsandi, að fè það fengist, að minnsta kosti fyrst um sinn, er útheimtist til þess, að stofnaður yrði hèr lagaskóli, þá get eg þó eigi leitt það hjá mèr, að fara enn þá fáum orðum um málið, með því annars getur svo farið, að sumir þingmanna líti nokkuð öfugt á málið. Eg skil sannarlega eigi í því yfir höfuð, hvaða meining er í því hjá hinum háttvirta aðstoðarmanni konungsfulltrúa og hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að Íslendingar geti engu komið á fót, sem þeir vilja, nema þeir fái «Constitutionel» fjárveitingarrètt. Ríkisdagurinn er búinn að afsala sèr því að fjalla um fjármál vor, hann hefir nú því eigi framar nein afskipti af fjármálum Íslendinga; en hverjum hefir hann afsalað þennan rètt? ekki ráðgjafanum, því það gat hann ekki; hann getur ekki flutt þessi afskipti í hendurnar á hverjum sem vera skal, og það er heldur ekki meining ríkisdagsins; það er tekið fram í ræðum margra ríkisdagsmanna, að Íslendingar innan fárra mánaða eigi að fá ráð yfir fjármálum sínum. Það verður heldur ekki gott að hugsa sèr það fyrirkomulag, að vèr höfum ráðgefandi þing, en þó alls engin ráð yfir fjárhag vorum eður atkvæði um hann. Í alþingistilskipuninni stendur, að eigi skuli leggja skatta á landið, nema leitað sè um það atkvæðis alþingis, en þar af leiðir alls eigi, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði í gær, að eigi ætti það að vera borið undir ráðgefandi þing, hvernig fè þessu skyldi verja, þvert á móti liggur það í eðli ráðgefandi þings, sem er að skoða sem millumstig milli einveldis og «Constitutionel» stjórnarskipunar, að það á ráðgefandi atkvæði, engu síður um það, hvernig fè landsins er varið, en um hitt, hverja skatta eigi að leggja á það, því hvernig skyldi þingið vilja leggja tolla á landið, og landsmenn greiða þá, án þess að vita, hvað af fènu verður, eða til hvers því er varið. Þegar því stjórnin leggur fyrir alþingi frumvarp til tolla, sem þingið ekkert hefir yfir að segja, þá er það sama sem stjórnin segi við þingið: Eg legg hèr fyrir yður frumvörp, er eg veit, að þèr eigi getið gengið að. Hver sem eigi efast um, að hin nýja stjórnarskipun komist hèr á, hann ætti sízt að hugsa sèr, að alþingi ætti engin afskipti að hafa af fjármálum sínum, nei, Íslendingar eiga fè sitt, hvernig svo sem stjórnarskipun þeirra er, og þá líka ráð yfir og sjálfsagt atkvæði um það, hvernig því er varið, þeir eiga eins sitt eigið fè og eiga að ráða því með skynsamlegum tillögum, þó þing þeirra sè ráðgefandi, en eigi löggefandi. Væri alveg einvaldur konungur, þá

mundi hann, svo framarlega sem hann væri góður og vitur stjórnari, leggja þær skyldur og þá skatta á landið, sem nauðsynlegir væru til þess að efla framför þess; þótt vèr því ekkert þing hefðum, þá ættum vèr eigi að síður heimtingu á, að fè voru væri varið oss til gagns og framfara. En skyldum vèr þá eigi vera ver farnir fyrir það, að vèr höfum þjóðþing, sem einmitt er stofnað til þess, að bera fram rètt vorn og þarfir fyrir konunginn, þetta er þó alveg óhugsanlegt; það er eigi annað en þessi gamla grýla, sem verið er að veifa að þinginu, eg skil naumast í því, að slíkt skuli vera boðað þinginu æ ofan í æ. En hvað sem því líður, þá geng eg eins öruggur að því, að ráða konungi til, til hvers fènu skuli verja, eins og til hins, hvaða fè skuli á landið leggja. Ef vèr eigi megum ráða fènu, þá er líka alveg rangt, að leggja það á oss. Það er sjálfsögð skylda þingsins að krefjast þess, að því sè varið eptir óskum þings og þjóðar. Stjórnin hefir líka lagt fyrir þingið einn lið úr þessu máli, en ef það hefir rètt til að segja álit sitt um einn liðinn, þá hefir það líka rètt til að segja álit sitt um allt málið. Eg fæ því eigi annað álitið, en að ástæður þær, er hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúa, og eins hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður færðu til gegn uppástungu þessari, hafi við minna en engin rök að styðjast.

Helgi Hálfdánarson: Mèr virðist það gjöra í rauninni lítið til, hvort sagt er, að hèr sè læknaskóli eða ekki, því það er þó «factum», að hann er hèr. Þeir, sem tekið hafa próf í læknisfræði í Reykjavík, hafa orðið konunglegir embættismenn, og fengið læknaembætti með alveg sömu rèttindum og kandídatar frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Mèr finnst það öldungis ófært, ef þingið ætlar að gjöra sèr það að reglu, að hrinda frá sèr öllum þeim málum, er einhvern kostnað útheimta. Það eru næsta fá mál þess eðlis, að engu þurfi til að kosta, ef þau eiga að fá framgang; og ef öllum slíkum málum, sem útheimta fè úr landssjóði, ætti að vísa frá, þá yrði þingið líka að vísa frá sèr sjálfu stjórnarbótarmálinu. Hvað það mál snertir, er hèr ræðir um, virðist mèr mjög ísjárvert fyrir þingið, að hrinda því nú frá sèr, því það gæti orðið til þess, að spilla fyrir máli þessu síðar, þar eð stjórnin kynni þá að álíta það ástæðu til að synja oss um lagaskólann, ef alþingi 1871 hefði eigi þótt ástæða til að biðja um hann. Nei, vèr verðum sífellt að halda því vakandi fyrir stjórninni, hve brýn nauðsyn og hve mikið áhugamál það sè oss Íslendingum, að fá stofnaðan innlendan lagaskóla. Vèr þurfum því síður að hika oss við að halda áfram að biðja um lagaskólann, sem vèr höfum heitorð vors hásæla kon-

ungs, Friðriks 7., um stofnun þessa. Eg er líka sannfærður um, að stjórnin ætlar sèr að efna heitorð hans við oss, hvað lagaskólann snertir, þótt hún þykist nú eigi sjá sèr það fært fyrst um sinn, sakir kostnaðarins. En þegar um kostnaðinn er að ræða, þá er ekki einungis að líta á þann kostnað, er til lagaskólans þarf; hèr er einnig að líta á annan kostnað. Það kostar líka nokkuð, að senda stúdenta til háskólans í Kaupmannahöfn; sá kostnaður er engan veginn lítill, þar sem þeir eru optast 6—8 ár að nema þar lögfræði, auk þess sem allt það fè, sem til þess er varið, beinlínis gengur út úr landinu. Þar á ofan bætist það, að sumir þeirra stúdenta, er fara til háskólans í Kaupmannahöfn, ljúka sèr þar eigi af, svo að sá kostnaður, sem af ferð þeirra til háskólans leiðir, verður að miklu eða öllu arðlaus. Þegar nú líka þess er gætt, hve tekjulítil sum lagaembættin eru hèr á landi, t. d. eins og Barðastrandar- og Strandasýsla, þá hljóta vissulega allir að játa, að kostnaðurinn við það, að vera 6—8 ár í Kaupmannahöfn við lærdómsiðkanir, samsvarar alls eigi svo vesölum embættistekjum á eptir. En ef skólinn væri innlendur, þá yrði minni kostnaður við lærdóminn. Eg vil því að þessu máli sè hinn bezti gaumur gefinn, og að þingið enn á ný biðji um, að lagaskóli verði stofnaður hèr á landi, og þótt vèr eigi gætum fengið hann næstu 2 árin, þá er það þó til þess, að halda þeirri skoðun vakandi fyrir stjórninni, að það sè brýn nauðsyn fyrir oss Íslendinga og einlægur vilji vor, að fá hèr lagaskóla stofnaðan. Hvað innlenda lagakennslu snertir, þá er það álit mitt, að hún, eins og hver önnur innlend kennsla, mundi verða hin hollasta fyrir oss, þegar á allt er litið.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins leiðrètta þessa skoðun hinna háttvirtu þingmanna; það er misskilningur hjá þeim, hèr er enginn læknaskóli, heldur læknakennsla, við erum að eins tímakennarar. Heldur þingið kann ske að við, sem nú erum að kenna, mundum fá «Pension», ef við þyrftum að fá lausn? nei, eg held ekki, en kennararnir við prestaskólann mundu þó fá «Pension». Sjá þá eigi allir, að þetta er ærinn munur. Hvað það snertir, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður skýrskotaði til, að stæði í frumvarpinu 1869,þá skal eg minna hann á það, að það var frumvarp Nutzhorns, en það er nú fyrir löngu um garð gengið. Ministrarnir, sem nú eru, hafa allt aðrar skoðanir. Það var heldur eigi beysibyr, sem læknaskólamálið fèkk á þinginu 1869. Konungsfulltrúi var á móti því, en stjórnin reyndar að nokkru leyti með því; þessi varð niðurstaðan 1869. Það er eigi auðhlaupið með þessa skóla.

Eg ætla eigi að fara að leiða rök að því, hvers vegna það gengur svo ógreiðlega, því það kann að vekja óþægilegar tilfinningar hjá mèr og líklega fleirum. Eg skal þó bráðum minnast á þetta. Það er annars auma ástandið með lækna hèr á landi, því þegar sótt og manndauði upp á kemur, þá er þó ómögulegt að fá læknishjálp, en þó veit eg eigi betur en að það sè skylda allra stjórna, að reyna sem mest að fyrirbyggja sóttir og manndauða, og þótt mitt forsvar sè lítið, þá hefi eg þó fulla dirfsku og einurð til að sýna stjórninni fram á, hve hörmulega Íslendingar eru farnir í tilliti til læknishjálpar. Eg segi eigi þetta í því skyni, að eg vilji vera á móti því, að innlendur lagaskóli komist hèr á, eða efist um, að það mundi verða landinu til heilla og framfara, heldur ímynda eg mèr, að það muni koma fyrir ekkert, að fara þess nú á leit við stjórnina, að stofnaður verði hèr lagaskóli, af því mèr virðast mál vor vera á svoddan ringulreið. Eg ætla mèr þó eigi að vera á móti nefnd í málinu, kann ske hún geti hjálpað til að vèr fáum þennan svo kallaða landssjóð og sèum eigi að sýta út í nokkur þúsund dali.

Torfi Einarsson: Eg veit eigi nema eg hafi í gær óvart gefið ástæðu til þess, að umræðurnar hafa orðið lengri í dag, en þær ella mundu hafa orðið. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga var að tala um staðan klár. Eg hefi líka einu sinni átt staðan klár, en hann hafði þann kost, að hann bar á við aðra tvo, og þótt hann ætíð færi hægt, þá komst hann þó töluvert langt um síðir. Hvað fjárhagsmál vort snertir, þá er það álit mitt, að til þeirra fjárkrafa, sem strax eiga að borgast út, sè ekkert fè að vísa á. Hvað því þessa stofnun snertir, sem verið er að tala um að undirbúa nú, þá vil eg spyrja þingið, hvort endilega sè nauðsynlegt að taka það mál fyrir á þinginu nú, þar sem vèr höfum þegar fengið konunglegt heitorð fyrir því, að stofnun þessi skuli verða sett á fót hjá oss, þegar það fè, sem til hennar þarf, er fengið, og hvort eigi muni verða betra að fresta málinu til næsta þings, með því vèr vonum, að vèr þá höfum fengið fjárforræði, og getum þá sjálfir sèð, hvort nægilegt fè muni fást til stofnunar þessarar eða eigi. En af því eg álít það mjög nauðsynlegt, að innlend menntun komist á í öllum greinum, þá ætla eg þó eigi að vera á móti nefnd í málinu.

Bergur Thorberg: Hvort sem það er nauðsynlegt eða eigi, að lagaskóli komist á í landinu, þá álít eg það nauðsynlegt, að því sè frestað þangað til vèr höfum fengið fjárforræði. Þessi setning gildir einnig frá þeirra sjónarmiði, sem álíta innlendan

lagaskóla æskilegan, því einnig frá þeirra sjónarmiði hljóta að útheimtast ýmisleg skilyrði fyrir því, að skólinn geti komizt á, 1., andlegir kraptar, þ. e. að til séu hentugir kennarar, eða með öðrum orðum, að fengizt geti viðunandi kennsla handa skólanum, svo hið tilætlaða augnamið og takmark hans náist. En þótt nú þetta skilyrði sè hèr til staðar, sem þó alls eigi er víst, en þó heldur líkindi til, þá er þó 2., efnin skilyrði fyrir lífi skólans, og þau eru nú sem stendur alls eigi til, og mjög óvíst, að þau verði til, að minnsta kosti nú fyrst um sinn. Það hefir verið talað um, að borga kostnaðinn við skóla þennan af tolli þeim, sem stungið er upp á að leggja á brennivín, en það er sannarlega of snemmt, að ætla sèr strax að fara að verja til þessa eða hins þeim tollum, sem að eins eru í ráði, en alls eigi enn þá lagðir á. Það, sem mèr virðist eiga að ráða í þessu máli fyrir þinginu er það, að með því að biðja um fè til þessarar stofnunar úr landssjóði, þá leggur þingið landssjóðnum byrði á herðar til langframa, sem mjög er ísjárvert, þar sem þingið hefir nú eigi atkvæðisrètt, heldur fær hann seinna. Mèr virðist það eigi standa á miklu, hvort skólinn kemst á fót 2 árum fyr eða seinna, og því rètt að fresta málinu, því að vèr vonum, að næsta sinn, er þingið kemur saman, þá hafi það fengið löggjafarvald. Eg er því með öllu samþykkur skoðunum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, sem mèr virtist einnig koma fram hjá þingmanni Strandasýslu, nefnilega að fresta þessu máli fyrst um sinn. Og ef þessi skoðun er almenn hjá þinginu, þá vona eg, að þingið eyði eigi tíma og fè til að ræða málið að þessu sinni. Eptir því, sem eg hefi vikið á, gef eg atkvæði mitt á móti því, að nefnd verði sett í málið, en vil, að því verði frestað.

Grímur Thomsen: Af því eg var viðriðinn við þá uppástungu alþingis í lagaskólamálinu 1869, að þangað til skólinn kemst á, verði gjört hinum íslenzka landsyfirrètti að skyldu, að halda próf yfir þeim, sem á Íslandi vilja komast í lagaembætti, og sömuleiðis þegar krafizt verður, að halda fyrirlestra til undirbúnings undir þvílíkt próf, þá ætla eg nú að tala fáein orð í málinu, og þá sèrstaklega biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa að skýra fyrir mèr þær ástæður, er hann færði til fyrir því um daginn, að uppástungan ekki fèkk framgang, því eg heyrði þær eigi ljóslega. Vèr gjörðum þessa uppástungu 1869 í úrræðaleysi, og ætluðumst til, að kennslunni í lögum yrði fyrst um sinn hagað álíkt og kennslunni í lækn-

isfræði er nú hagað í Reykjavík. Ef konungsfulltrúi tilfærir þá ástæðu, að yfirdómararnir eigi sèu færir um, að takast þennan starfa á hendur, og sèu heldur eigi skyldir til þess, þá finnst mèr það undarleg ástæða, þar sem landlæknirinn þó, er fullt eins miklar embættisannir hefir, getur varið talsverðum tíma til kennslu í læknisfræði. Mèr þykir það annars nokkuð snubbótt, þegar menn fá slík svör hjá stjórninni, og gjörir það einmitt menn ákvarðaðri og fúsari á, að fá þessari stofnun sem fyrst á fót komið. Eg er að vísu samdóma hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, að örðugt sè fyrir ráðgefandi þing, að biðja um þær stofnanir, er fè þarf til; en þegar stjórnin svarar svo snubbótt og stuttlega, þá neyðast menn til, að horfa eigi í þessi vandkvæði, og verð eg því í þetta sinn að vera með nefnd í málinu.

Konungsfulltrúi: Þar sem þingmaður Rangárvallasýslu hefir óskað upplýsingar um ástæður stjórnarinnar til að neita bæn þingsins um lagaskóla, skal eg geta þess, að aðalástæðan var sú, að engin brýn nauðsyn væri á slíkri stofnun, og þá eigi heldur á hinu, að landsyfirrèttur inn yfirheyrði menn í lögfræði eða kenndi hana, enda hefir ekki heldur verið skortur á sýslumannaefnum hèr á landi.

Grímur Thomsen: Eg skal játa það, það er satt, sem hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúa sagði, að landlæknirinn, hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, hafði boðizt til, og jafnvel óskað, að stjórnin fæli honum á hendur, að annast kennslu læknaefna, og að svo miklu leyti sýnt stjórninni fram á, að unnt væri, að stofna læknaskóla hèr í landi; en það, að stjórnin enn ekki hefir fengið neinar bendingar í þessu tilliti frá þeim yfirvöldum landsins, er hèr eiga hlut að máli, þurfti þó alls ekki að gefa henni ástæðu til að svara í þessu efni, eins og hún hefir svarað. Hún hefði getað svarað sem svo: «Vèr verðum fyrst að heyra, hvort dómendurnir í landsyfirrètti Íslands sjái sèr fært, að annast um kennslu lögfræðingaefna, og þegar vèr höfum fengið vissu fyrir því, að þeir vildu takast þetta á hendur, þá er frá vorri hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að hin umbeðna lögfræðiskennsla komist á. Hvað þeirri mótbáru viðvíkur, að ekki hafi verið skortur á lögfræðingum, til að gegna sýslumannaembættum í landinu, þá er því alls ekki svo varið; því það er kunnugt, að einn af alþingismönnunum, hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu, hefir tvisvar haft á hendi sýslumannsembætti, þótt hann ekki sè lærður lög-

fræðingur, og hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, sem er amtmaður í vesturamtinu, er bezt kunnugt um það, hvort eigi hefir optlega verið skortur á sýslumönnum.

Konungsfulltrúi: Eg get upplýst þingið um það, að þegar Þingeyjarsýsla var liðug, þá sótti kandídat frá háskólanum um constitution í því embætti og fèkk ekki. Að sýslur hafa staðið liðugar í vesturamtinu er ekki að kenna skorti á sýslumannaefnum, heldur því, að þær eru svo tekjulitlar, að menn ekki sækja um þær.

Eiríkur Kúld: Út af fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Strandasýslu um það, hvort brýn ástæða mundi vera til þess nú þegar, að hreifa máli þessu við stjórnina, þá get eg eigi úr því skorið, nema að því leyti sem snertir mig og meðuppástungumann minn. Við vorum á því, og það álít hefi eg enn, að allur dráttur á máli þessu væri beinlínis skaðlegur. Eg skal að vísu játa það, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður benti á, að það er varúðarvert, meðan svo stendur sem er fyrir oss, að gjöra mikið af því, að biðja um árlegt tillag af landssjóði vorum; en þar sem eins er ástatt eins og hèr, að svo brýn nauðsyn rekur á eptir, þá fælir þetta mig alls eigi frá því að biðja. Þær mótbárur frá hinum háttvirta aðstoðarmanni konungsfulltrúa og hinum 2. konungkjörna þingmanni, að ávallt hefðu nógu margir lögfræðingar verið til þess, að gegna sýsluembættum landsins, það eru ósannindi; eg er neyddur til að taka svo stórt til orða. Því menn vita þó vel, og einkum hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, að ólöglesinn maður hefir verið settur til að gegna sýslumannsembætti í vesturamtinu um fleiri árabil, og það veit hann, að Barðastrandasýslu hefir verið skipt upp á milli tveggja annara sýslumanna til, að minnsta kosti, einskis hægðarauka fyrir sýslubúa, og hefir þetta allt af komið til af því, að enginn lögfræðingur fèkkst í sýsluembættin. Það er og varla að vænta, að þeir lögfræðingar, sem komið hafa frá háskólanum í Kaupmannahöfn, og sem hafa varið hèr um bil 8 árum og ærnu fè til þess, að kljúfa þann kostnað, er af náminu leiddi, og opt koma heim aptur stórskuldugir, sèu fúsir á að takast á hendur sýsluembættin í sumum fátækustu sýslunum hèr á landi. En eg er sannfærður um, að ef kennsla í lögfræði væri að fá á innlendri stofnun, þá yrði hún miklum mun ódýrari fyrir hlutaðeigendur, og þar af leiddi þá, að margur mundi fúslega krjúpa að hinum minni sýslu-embættunum, þegar svo miklu

minna væri til námsins kostað. Hvað enn fremur þá mótbáru snertir, er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður kom með, að það kynni að vanta kennara á lagaskóla þennan, þá sýnist mèr það vera fremur undarleg ástæða móti því, að biðja um, að kennslustofnun þessari verði komið á fót. Ef fyrst ætti að fara að hugsa fyrir kennurunum á undan skólanum, þá væri það eins og smíða fyrst negluna í skipið áður en skipið er smíðað. Eg get annars ómögulega ímyndað mèr, að væri lagaskóli kominn hèr á, að þá fengist enginn til kennara í honum; það mætti þá koma af því, að Íslendingar væru allra manna tornæmastir, ef enginn vildi verða til þess að vilja nema svo lög, að hann gæti kennt þau. Eg vona annars, að hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu verði mèr samdóma um, að brýn nauðsyn sè á því, að fá lagaskóla sem allrafyrst hèr á fót, því hann þekkir eins vel og eg, hvernig sýsluembættin hafa verið skipuð á Vestfjörðum; eg segi þetta eigi til að lasta þá menn, sem í embættunum hafa svo iðulega þjónað, því margir þeirra hafa verið mjög heiðarlegir menn; en vèr hljótum þó heldur að vilja þá sýslumenn, sem lög hafa lært.

Benidikt Sveinsson: Eg neyðist enn til að tala nokkur orð í máli þessu. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri tvö skilyrði fyrir því, að lagaskóli gæti hèr komizt á fót, nefnilega: 1., menn til þess að kenna, og 2., fè til að viðhalda skólanum. Þetta er hvorttveggja satt og rètt. En þar sem hann lèt jafnframt í ljósi, að nú sem stendur vantaði hentuga kennara handa skóla þessum, þá gegnir slíkt furðu, að menn skuli geta komið með annað eins. (*Bergur Thorberg*: Eg sagði það ekki). Jú, þetta var einmitt meiningin, því annars átti það ekkert við að koma með þetta skilyrði sem mótbáru? Allt af þarf endilega sú bjalla við að klingja, að kennara vanti á lagaskólann. En eg vil benda mönnum á, að það er næsta varúðarvert, að kasta slíku fram án þess að hugsa um, hvað menn segja eða hvað liggur í orðum manns. Hvar læra Íslendingar lög? Við háskólann í Kaupmannahöfn. Geti nú þeir, sem koma útlærðir frá háskólanum eigi kennt íslenzk lög á lagaskólanum, þá verð eg að leyfa mèr að segja, að prófessórarnir við háskólann kunni ekki heldur að kenna íslenzka lögfræði. Ómögulegleikinn liggur þá í því, að háskólinn í Kaupmannahöfn er eigi fær um að veita nægilega kennslu í vorum lögum; og eg skal játa, að þetta er í fullkomnasta skilningi satt, að því er snertir íslenzk lög. Eg hika mèr

ekkert við að lýsa því yfir — þó eg sè minnstur allra postulanna, þá þekki eg nokkuð til lagakennslunnar við háskólann —, að eg átti engan kost á að nema að nokkrum mun íslenzk lög, meðan eg var á háskólanum í Kaupmannahöfn, enda játuðu prófessórarnir sjálfir og það í skriflegu álitsskjali viðvíkjandi nýrri útgáfu á Jónsbókinni, að þeir ekki væru færir um að kenna íslenzk lög; þetta skjal hefi eg áður fyr síterað hèr á þingi, 'og þó eg ekki hafi það núna við höndina, þá er það þó til og gæti eg sýnt þinginu það, ef þörf gjörðist. Allir vita líka, hve sorglegar eru afleiðingar þessa fyrir Ísland; rèttaróvissan er svo mikil manna á meðal, að fæstir alþýðumanna geta áttað sig á hvað lög sèu og ekki lög. Hèr er dengt saman og prentað jöfnum höndum rentukammerbrèfum, kansellíúrskurðum, kongsbrèfum, úrskurðum stiptsyfirvaldanna og mörgu fleira, án nokkurrar rannsóknar um það, hvað af þessu sè bindandi regla og hvað ekki, og án þess alþýðan skilji það mál, dönskuna, sem þetta optast er á; svo ósamstæð, ósamkvæm og innbyrðis mótstríðandi er öll vor lagaregla orðin; og þetta er ávöxturinn af lagakennslunni við háskólann í Kaupmannahöfn. Það er þó eigi meining orða minna, að eg eigi játi, að vel sè kennt það í lögum við háskólann, sem kennt er, en það er allt í öðrum skilningi; það er frá almennu lagalegu sjónarmiði og frá dönsku sjónarmiði að þar er kennt. Hvað eigum vèr þá hèr við að gjöra; svo búið má þó eigi lengur standa. Eigum vèr kann ske að fara að *reformera* háskólann í Kaupmannahöfn? Það held eg væri bæði hin mesta ókurteisi af hverjum, sem vildi ráða til þess, og lægi líka alveg fyrir utan verkasvið alþingis Íslendinga. Þegar háskólinn í Kaupmannahöfn var stofnaður, ætli þá hafi eigi verið líkt, að minnsta kosti eigi betur, ástatt með kennara-efni, en nú er hèr á Íslandi lagaskólanum til handa. Það kann að vera, að Danir hafi þá fengið einhverja menn til að kenna frá Þýzkalandi, en heima í Danmörk höfðu þeir enga hálærða menn á þeim dögum; en mennirnir komu upp í Danmörk smám saman, eptir því sem háskólinn þróaðist; og svo eg nefni einn mann, sem fær mundi vera svona til að byrja með að kenna lögfræði, þá vil eg minna þingið á hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann sjálfan, ekki satt? Það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem lært hafa á háskólanum í Kaupmannahöfn og síðan hafa auk þess lagt sig «specielt» eptir íslenzkri lögvísi, hljóta að vera manna bezt færir til þessa starfa; og eins og hinn

háttvirti þingmaður Rangæinga benti á, er varla líklegt, að aðrir væri færari til þessa en yfirdómendurnir í landsyfirrètti Íslands, og ekki einu sinni prófessórarnir í Kaupmannahöfn sjálfir. Og frá sjónarmiði danska háskólans gæti maður aldrei heimtað meira, en bezta karacter þaðan, sem skilyrði fyrir því að kenna við lagaskólann. Hvað nú snertir fjárspursmálið, eður hið annað skilyrði, er hinn 2. konungkjörni þingmaður sagði að útheimtist til að lagaskólinn gæti komizt á, en sem hann sagði að ekki yrði fullnægt, þá er það satt, að það liggur eigi í valdi alþingis að svo komnu, meðan það eigi hefir fengið löggjafarvald, að öllu leyti að ráða bót á þessu; en það liggur þó í augum uppi, að fyrst stjórnin hefir lagt að þessu sinni fyrir þingið frumvarp um, bæði hvernig tolla skuli leggja á landið, og líka um það hvernig fè landsins skuli varið, þó ekki sè nema í einu litlu atriði, þá hefir hún þar með viðurkennt rètt þingsins til að hafa atkvæði um það, hvernig þessum tollum skuli varið, enda sjá allir, eins og eg hefi áður skýrt tekið fram, að enda þótt alþingi enn hafi að eins ráðgefandi vald, þá er auðvitað, að það liggur í hlutarins eðli, að það ráði að nokkru nú þegar um það, hvað gjöra eigi við fè það, sem í fjárhagsáætluninni nú er um fram það sem verið hefir. Eða erum vèr komnir hèr á þing til þess að segja að eins já og amen til alls þess, sem stjórninni hefir til hugar komið að gjöra og láta ógjört á Íslandi? Og hvað eigum vèr þá að vera að lengja þingræðurnar? Þetta verður þingið að hafa hugfast. Þingið hlýtur að sjá að það hefir sjálfsagðan tillögurètt um öll fjármál, þó það hafi eigi öðlazt löggjafarvald. Mèr þykir það annars næsta bágborið, að umræðurnar um mál þetta skuli lengjast fyrir mótbárur, sem að eins sýna, að mál þetta á og hlýtur að fá framgang á þinginu, því þetta er að eyða tímanum til einkis.

Hallgrímur Jónsson: Það mun þykja undarlegt, ef eg stend eigi upp fyrir nefnd í máli þessu; en eg ætla mèr ekki að gjöra það, og það öldungis af sömu ástæðum og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefir tekið fram; hann hefir tekið þær svo skýrt og greinilega fram, að eg gjöri það ekki betur.

Það er of snemmt að setja á heyin, áður en farið er að hirða, og svo er um landssjóð vorn; það er nógu snemmt, að fara ráðstafa t. a. m. brenivínsskattinum, til ýmissa útgjalda, sem enn er eigi samþykktur, auk heldur orðinn að inntekt. Ef eigi bíður lengur en 2 ár, þangað til vèr fáum fèð og umráð þess, þá er hægt

fyrir oss, að þreyja þann stutta tíma og þá eigum vèr kaupin við okkur sjálfa. Eg vil líka biðja menn að gæta þess, að nú er nokkuð liðið á þingtímann, og þó er einungis eitt mál til lykta leitt. Mig minnir líka, að hinn háttvirti forseti skýrði frá máli í dag, er eigi mun verða svo umfangslítið; og tekur það tölverðan tíma, að ræða og setja nefndir í önnur eins mál og þetta, sem hèr um ræðir, sem að öðru leyti ekki mun geta borið mikinn árangur. Það er ekki af því, að mèr geðjist ekki vel að uppástungunni, því eg þykist vera viss um, að hún er samkvæmt þörfum og rèttindum vorum, en á þessum tíma get eg ekki álitið nauðsynlegt, að hún komist í nefnd.

Forseti: Með því að eigi taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og bið eg því þingmenn að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd skuli kjósa.

Var svo geingið til atkvæða og samþykkt, að nefnd skyldi kjósa, með 17 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Með því enginn hefir stungið uppá öðru en 3 manna nefnd, bið eg þingmenn að kjósa 3 menn í nefndina.

Þessir hlutu kosning:

Benidikt Sveinsson með 16 atkv.
Eirikur Kúld — 10 —
Grímur Thomsen — 8 —

og var málið afhent þingmanni Árnesinga, er flest atkvæði hafði hlotið.

Forseti: Jafnvel þótt löng umræða hafi orðið um þetta mál, þá held eg vèr verðum þó að leggja út í hitt málið, sem á dagskránni stendur, nefnilega málið út af bænarskrá um Thorchilliisjóðinn og tilhögun á efnum hans og tekjum. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu er flutningsmaður þessarar bænarskrár, og mun hann lesa hana og skýra frá málinu eins og hann álítur að þörf sè.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 243). Eg veit ekki, hvort eg að sinni á að fara mörgum orðum um mál þetta, því á þessu stigi málsins á það varla við. Þó held eg verði að skýra þingmönnum frá, hvernig á þessum svo kallaða Thorchilliisjóði stendur, þó þeir að líkindum viti það flestir eða allir. Hann er þá svo til kominn, að maður einn, að nafni Jón Þorkelsson, er fæddist í Strandahrepp hèr í sýslu af mjög fátækum foreldrum, byrjaði bóknám og hèlt því fram til enda,

þrátt fyrir hina mestu örðugleika og peningaskort. Seinna meir varð hann skólastjóri fyrir Skálholtsskóla, og á dánardægri gaf hann allar eigur sínar með gjafabréfi til menntunar og framfærslu fátækum börnum í Kjalarnesþingi; og það, sem knúði hann til þessarar ráðstöfunar, hefir eflaust verið endurminningin um það, hve bágt hann átti með að koma sèr fram til menntunar á hinum yngri árum sínum. Eptir dauða hans var fè þetta að vísu að nafninu sett á vöxtu, en allt um það fór þó næsta illa um sjóðinn lengi fram eptir. Eptir ráðum og undirlagi Ólafs stiptamtmanns var skóli stofnaður á Hausastöðum fyrir síðast liðin aldamót, og var svo ákveðið, að skóla þann skyldi halda upp á reikning Thorchilliisjóðsins. Síðan leið skóli þessi undir lok, og fóru þá litlar sögur af sjóð þessum allt þangað til konungsúrskurðurinn frá 5 okt. 1866 kom út, er breytti fyrirkomulaginu á stjórn hans í það horf, sem nú er. Eg leiði hjá mèr, að benda á, hverjar orsakir lágu til þeirrar breytingar, er úrskurður þessi kom á sjóðinn; en mesta orsökin mun þó hafa verið sú, að hrepparnir voru þá orðnir svo aumir, að þeir þurftu hjálpar við. Af hverju sú eymd var sprottin, um það vil eg ekki tala að þessu sinni. En hvernig sem um það er, þá er það mín sannfæring, að fè sjóðs þessa sè eigi varið samkvæmt tilgangi gjafarans, þar það eigi er látið ganga til þeirra þarfa, er mest ríður á. Vèr játum það allir, að siðgæði og menntun sè undirstaða alls þess góðs, er vèr viljum vinna að eigi einungis hèr á alþingi, heldur og einnig á hverjum stað og í hverri lífsstöðu vorri, og bænarskrá þessi fer ekki fram á neitt nema það, sem miða á til eflingar þessa takmarks. Bænarskráin fer nefnilega fram á það, að spornað verði við því, að fè sjóðsinsètist upp án þess að ná tilætluðu augnamiði. Eg býst við því, að sumir verði kann ske á móti því, er bænarskráin fer fram á, en eg vona, að flestum skiljist, að á þessum tíma er mjög áríðandi, að efla sem mest menntun og upplýsing alþýðu vorrar. Nú er mönnum svo tíðrætt um frelsi, með því líka menn vonast eptir að öðlast frjálslegri stjórnarskipun en verið hefir. En er vèr athugum sveitarstjórnarmál vort, er nú liggur fyrir þinginu, og gætum hve vandasöm störf og margvísleg bændum vorum eptirleiðis er ætlað að annast, þá vona eg að allir sjái, hve nauðsynlegt oss er það, að styðja að því, að alþýða geti öðlazt alla mögulega upplýsing. Án þess að fara fleirum orðum um mál þetta að sinni, sting eg

upp á, að kosin verði 3 eða, ef til vill, 5 manna nefnd til að rannsaka það, og vona eg, að fáir verði til að mótmæla því.

Konungsfulltrúi: Viðvíkjandi bænarskrá þeirri, sem nú var lesin upp, um að leigunum af Thorchilliisjóði verði varið í þarfir barnaskóla nokkurs, sem áformað kvað vera að stofna á Hvaleyri við Hafnarfjörð, skal eg leyfa mèr að geta þess, að mèr virðist bænarskrá þessi ótímabær, og það að fleiru en einu leyti.

Fyrst er það, að þar sem ákvarðanirnar, sem nú eru, um brúkun rentnanna af Thorchilliisjóði eru settar af stjórninni (með konungsúrskurði 5. oct 1866), þá hefði legið næst fyrir beiðendurna, að fara til stjórnarinnar með beiðni sína um að þessum ákvörðunum yrði breytt, og fara ekki að ómaka þingið með þessu málefni, sem að eins snertir eina sýslu, fyr en þeir vissu, hvernig stjórnin mundi taka í það. Svo er annað: Beiðendurnir fara þess á leit, að rentunum af Thorchilliisjóði verði varið til launa handa kennara og til ölmusna við þennan áformaða barnaskóla á Hvaleyri, en þeir gjöra ráð fyrir, að fyrst verði komið þar á stofn álitlegu skólasetri og álitlegu skólahúsi, og þeir segjast hafa beztu von um, að sèr muni takast að fá það fè, sem til þessa þarf með samskotum innan- og utan-hèraðs; eg efast heldur ekki um, að þeim muni takast það, og eg hefi þeim mun minni ástæðu til að efast um það, sem hinn háttvirti flutningsmaður þessarar bænarskrár hefir gjörzt forgöngumaður þessa mjög svo lofsverða og eptirbreytnisverða áforms, sem eg óska hins bezta framgangs. En það getur þó verið, og það er mjög eðlilegt, að nokkur tími hljóti að líða, áður búið er að koma þessu í kring, að safna fènu og koma upp skólasetrinu og skólahúsinu, og þess vegna finnst mèr heldur snemmt að koma með þessa bænarskrá, meðan skilyrði þau, er hún sjálf setur þeirri bæn, sem hún fer fram, enn þá hljóta að eiga nokkuð í land. Loksins vil eg leyfa mèr að vekja athygli þingsins á því, að þó það væri mjög svo æskilegt fyrir þá, sem næstir búa hinum áformaða barnaskóla á Hvaleyri, að leigunum af Thorchilliisjóði verði varið í hans þarfir, þá er ekki sagt að hin önnur sveitarfèlög, sem eiga hlutdeild í gjöf Jóns Þorkelssonar, mundu vera á sama máli, og það er því mjög varúðarvert fyrir þingið að fallast á að rita hans hátign konunginum bænarskrá í þá stefnu, sem hèr er farið fram á, meðan það ekki veit, hvort það er samhuga vilji allra, sem hèr eiga í hlut. Eg verð því að ráða þinginu frá að setja nefnd út af þessari bænarskrá, en ef

þingið vill gjöra nokkuð við hana, sýnist mèr rèttast að vísa henni til hlutaðeigandi yfirvalda.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að taka undir með hinum háttvirta aðstoðarmanni konungsfulltrúa, að hinn eini vegur, er þetta mál ætti að ganga, sè til yfirvaldanna. Auk þess virðist mál þetta allt of snemma uppborið, meðan sýslubúar hafa eigi hreift því einu orði. Það sýnist ekki heldur liggja svo mikið á, að biðja um fè þetta til skólastofnunar þeirrar, er hèr er um að ræða, fyr en skilmálum fyrir því, að stofnun þessi geti á fót komizt, er alveg fullnægt; það er eigi nóg, að fengið sè skólasetrið, eða jörð, þar sem skólahúsið verði sett, heldur og einnig skólahúsið. Bænarskrá þessi er svo undir komin, að hún, eptir því sem undir henni stendur, er samin á fundi í Hafnarfirði og er undirskrifuð af 3 mönnum; hverjir eða hversu margir sótt hafi fund þennan, er mèr að öllu ókunnugt um, en eptir því sem jeg hef heyrt, mun hann eigi hafa verið mjög fjölmennur, og að minnsta kosti munu fáir hafa sótt hann, nema Hafnfirðingar einir, og nokkrir þeir, er þar búa í grenndinni; og þótt þetta hafi verið vilji þessara fáu manna, sem eg get vel gjört mèr skiljanlegt, þá vitum vèr þó alls eigi, hvort það er vilji annara í sýslunni; og eg sem þingmaður Reykvíkinga verð harðlega að mótmæla því, að það, sem bænarskráin fer fram á, nái framgangi. Vèr Reykvíkingar höfum hèr hjá oss hentugan skóla, sem vèr ekki viljum missa, en sá skóli, sem stofnaður kann að verða á Hvaleyri, yrði fyrir oss ónýtur, því að hann væri þar óhentuglega settur, enda gætum vèr miklu miður notað hann, en vorn eiginn skóla, og sá hluti sem oss ber úr sjóði þessum að vorum hlut, kæmi oss þar að margfalt minni notum, en hann kemur oss hèr í vorum skóla. Ætti Reykjavík að leggja samþykki sitt á, að ósk beiðandanna yrði framgengt, þá yrði hún að áskilja sèr, að fènu af sjóðnum yrði skipt eptir rèttu hlutfalli fólkstölunnar, og þá ætti Reykjavík, eptir því sem nú er, að fá hèr um bil þriðjung allra vaxtanna af sjóðnum; en þessi upphæð yrði ávallt að breytast; því að vèr gætum með engu móti gjört oss um aldur og æfi ánægða með þann hluta vaxtanna, sem oss ber að rèttri tiltölu nú; heldur yrðum vèr að fá að tiltölu við sýsluna eptir því sem Reykjavík jykist að fólksfjölda, svo hluti sá, er hinir aðrir hreppar sýslunnar fengju, færu smámsaman minnkandi, eptir því sem Reykjavík stækkar. En ef þetta yrði að álitum gjört, þá mundi Reykjavík eigi berjast neitt

um það, hvernig hinir aðrir hreppar hagnýttu sèr sinn hluta af sjóðnum. Annars veit eg ekki betur, en sýslubúar fyrir utan Reykjavík hafi fengið ríflega sinn hlut síðan úrskurðurinn kom út 5. okt. 1866, og það mun alls eigi rètt, að fè því, er hver hreppur hefir hlotið, hafi eigi verið varið í þarfir hreppsbúa, því að börnum þeim, er styrkur úr sjóðnum hefir verið veittur, hefir ávallt verið komið fyrir á hinum haganlegustu heimilum, er fengizt hafa, það verð eg að telja víst og sjálfsagt; og eg tel efasamt, hvort skóli sá, er haft er í hyggju að stofna, getur verið í nokkru haganlegri fyrir börnin. Þar sem flutningsmaður bænarskrár þessarar sagði, að tilgangur gjafarinnar væri menntun og siðgæði, en þessum tilgangi væri eigi fullnægt, heldur væri fèð ètið upp án þess að tilgangi gjafarans væri fullnægt í þessu efni, þá verð eg að neita því, að svo sè að því er snertir barnaskólann í Reykjavík, því eg er sannfærður um, að forstöðumaður tèðs skóla lætur sèr mjög annt um, að mennta börnin sem bezt og sjá svo um, að þeim innrætist góðir siðir. Eg álít nefnd með öllu óþarfa í máli þessu, og hvernig sem fer, þá verð eg að áskilja Reykjavík allan sinn rètt óskertan.

Þórarinn Böðvarsson: Eg verð fyrst að svara fáum orðum upp á mótbárur hins háttvirta konungsfulltrúa móti bænarskrá þessari. Hann sagði, að bezt mundi að vísa bænarskránni til stjórnarinnar, en eg get ekki verið því samþykkur. Eg álít að mál þetta sè reglulegt þingmál. Sú ráðstöfun, sem nú er á sjóði þessum, er sprottin af tillögum alþingis, og hvað getur þá verið rèttara, en að alþingi fari aptur með málið og stingi upp á nýjum ráðstöfunum, ef því svo sýnist. Ráðstafanir stjórnarinnar að undanförnu hafa líka verið fremur sundurleitar og sjálfum sèr ósamkvæmar. Eg neita því eigi þar með, að stjórnin hafi verið þæg, þegar hennar hefir verið leitað um þetta mál. 23. ágúst 1851 vildi stjórnin að fyrir fè þetta væri stofnaður búnaðarskóli; í febrúar 1862 vildi kultusministeríið, eptir undirlagi stiptsyfirvaldanna, að stofnaður yrði skóli handa sveitabændum hèr á landi af sjóði þessum. Þá voru enn fremur jarðyrkjumanni Guðmundi Ólafssyni veittir af þessum sjóði 150 dalir sem styrkur til að ferðast til Norvegs. Hvað þeirri mótbáru viðvíkur, sem þingmaður Reykjavíkinga kom með, að bænarskrá þessi sè ótímabær, þá vil eg biðja þingið að líta aptur í bænarskrána, en þar stendur, að fjárstyrksins er eigi beiðzt, fyr en skólahúsið er komið upp; og ef þingmaður Reykvíkinga ekki

trúir því, að það muni verða, þá vil eg bjóðast til að setja honum fullríflegt veð fyrir þessu. Sami þingmaður sagði líka, að vel kynni sumum sýslubúum að líka þetta illa, sem bænarskráin fer fram á, en þar sem séra Þorkell á Mosfelli er einn af þeim, sem undir bænarskránni standa, þá bendir það þó á, að fleiri sé þessari ósk samþykkir en þeir, sem búa í grennd við Hafnarfjörð; enda hafa allir þeir, sem eg hefi minnzt á þetta við, verið alveg á sama máli. Þingmaður Reykvíkinga talaði annars um ýmislegt, sem væri á móti bænarskránni, eitt var það meðal annars, að svo fáir hefðu verið á þessum sýslufundi í Hafnarfirði, sem bænarskráin er frá; en eigi það að vera ástæða móti bænarskránni, þá vildi eg biðja menn að telja nöfnin undir bænarskrám þeim, er þingmaður Reykvíkinga hefir haft meðferðis. Að Reykjavík yrði að vera út af fyrir sig með sinn hluta sjóðs þessa, eins og sami þingmaður enn fremur heimtaði, álít eg einnig sjálfsagt; og þetta er einmitt samkvæmt uppástungu vor beiðandanna. Honum hefir víst eitthvað misheyrzt, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að í stað þess að efla menntun og siðgæði, hefði fé sjóðs þessa verið einungis haft til að èta það upp. Hvað barnaskólanum hèr í Reykjavík viðvíkur, þá játa eg það reyndar, að eg ekki er svo kunnugur honum, að eg geti sagt neitt um, að hve miklu leyti fé þetta gengur til hans, nè að öðru leyti til hvers því er varið; en það er víst, að kunnugur maður hefir sagt mèr, að afsagt hefir verið, að verja fé þessu börnum til menntunar. Mèr kemur að vísu ekki þetta við, og óska því að eins, að Reykjavík verji sínum hluta af Thorchillii-sjóðnum til einskis annars en barnakennslu. Aðra sögu ætlaði eg hálfpart að segja um Thorchillii-sjóðinn hèr úr Reykjavík; en eg held bezt sè að sleppa því.

Halldór Kr. Friðriksson: Viðvíkjandi því, að eigi hafi verið rannsakað, hve margar undirskriptir hafi verið undir bæuarskrám, er eg hefi flutt hèr á þinginu, þá verð eg að geta þess, að eg hefi að eins borið fram eina hèr á þingi nú, og hún var eigi frá neinum fundi, heldur rituðu beiðendurnir allir undir hana, og er þá hægt að sjá, hversu margir þeir voru. Aðra uppástungu kom eg með frá sjálfum mèr, og er þar eigi öðrum til að dreifa. En eg get ekki neitað því, að eg hefi heyrt, að fundurinn í Hafnarfirði hafi verið næsta fámennur, og að þetta sè ekki sameiginleg ósk meginþorra sýslubúa, á það bendir sams konar bænarskrá, sem nýlega mun vera kominn til stiptsyfirvaldanna úr Stranda-

hrepp þess efnis, að fá fè úr Thorkilliisjóði til styrktar barnaskóla þar, og ef sagt er, að von sè á einni bænarskránni enn úr Rosmhvalaneshrepp um sama efni, þá sýnist það engan veginn næg vissa fyrir sameiginlegri ósk allra sýslubúa, þótt 3 menn hafi undirskrifað bænarskrá þá, er hèr ræðir um. Eg efast líka um, að nokkur einn maður hafi verið á þessum Hafnarfjarðarfundi úr Kjósinni; og sè svo, þá er auðsætt, að engin vissa er fyrir því, að þetta sè almennur vilji Kjósarbúa og því síður allra sýslubúa. Mèr sýnist því næst að fresta máli þessu, þar til sèst, hvort þetta er almenn ósk þeirra, er hlut eiga að máli þessu.

Pètur Pètursson: Hvað því viðvíkur, er mèr heyrðist hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu segja, að fè Thorkilliisjóðsins væri eigi varið til menntunar barnanna hèr í Reykjavík, þá er mèr alveg ókunnugt um það, að því sè þannig háttað. En að fènu almennt eigi sè varið til að fá börnunum sem bezt uppeldi og siðgæði, á það get eg eigi heldur fallizt, því eg er sannfærður um, að þessu er eptir kringumstæðunum fullnægt svo vel sem kostur er á; því sveitarstjórarnir stinga upp á börnum þeim, er veita eigi styrkinn, við stiptsyfirvöldin, og í annan stað er börnunum komið fyrir á hin beztu heimili, sem fást í sýslunni. Þetta vildi eg sagt hafa til þess, að laga það, sem ofhermt mun vera í máli þessu; en það liggur alls ekki í orðum mínum, að eg vilji kasta skugga á svo lofsvert höfðingsstryk, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir sýnt með því, að gefa svo ágæta jörð sem Hvaleyri til þessarar fyrirhuguðu skólastofnunar. En eg er á því með hinum háttvirta konungsfulltrúa, að málinu er rèttast að vísa til stjórnarinnar sakir þess það eigi er nógu vel undirbúið komið hèr inn á þingið; því, eins og þingmaður Reykvíkinga gat um, er bænarskrá á ferðinni um sama efni frá öðrum hrepp; og eins geta fleiri atvik verið í máli þessu, þau, er þinginu eigi geta verið kunn að svo komnu. En eg vil ómögulega, að mál þetta detti svo niður hèr á þinginu, að enginn votti hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu í almennings nafni innilegustu þakkir fyrir bæði það höfðinglyndi, er hann sýndi með gjöfinni, og þann mikla áhuga, sem hann hefir haft á máli þessu frá fyrsta til síðasta.

Ólafur Pálsson: Eg stend að eins upp til þess að gefa þinginu skýringu í tilefni af því, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, og get eg naumast leitt það hjá mèr sem formaður barnaskólanefndarinnar hèr í Reykjavík. Eg vil þá skýra

frá, hvernig fé Thorchilliisjóðsins hafi verið varið hèr í Reykjavík; og skal eg þá geta þess, að börnum þeim, er styrkinn hafa fengið, hefir ávallt verið gjört að eindreginni skyldu, að ganga í barnaskólann til að njóta þar kennslu, enda hafa þau öll gjört það gjörvallt hvert skólaár; sömuleiðis hefir mönnum verið mjög um það hugað, að velja börnunum þá staði, er beztir hafa fengizt í tilliti til uppeldisins, og hefir bæði skólanefnd og fátækranefnd lagzt á eitt í því efni Þetta segi eg þó engan veginn til þess að vera málinu mótfallinn, því eg vil feginn, að grundvöllur sá, er þegar er lagður svo fagurlega og af svo miklum höfðingsskap til hinnar umræddu nýju stofnunar, nái að bera sem mestan og beztan ávöxt.

Grímur Thomsen: Opt hafa komið hingað til þingsins bænarskrár um það, að stofnaður yrði búnaðarskóli hèr í landi; en það hefir aldrei verið bent á neina undirstöðu eða fjárvisi til þeirrar stofnunar, nema þegar áskorunin var send til þingsins um stofnun slíks búnaðarskóla í Húnavatnssýslu; stjórnin hafði áður sett það skilyrði fyrir því að hún veitti styrk til þeirrar stofnunar, að landsmenn fyrir sitt leyti skytu jafnmiklu fé saman að sínu leyti, eins og af stjórninni væri beiðzt. Annars geta menn séð, hvað stendur í hinni konunglegu auglýsing til þessa alþingis þessu efni aðlútandi, og frumvarp er lagt fyrir þingið, er fer því fram, að stofnaðir verði búnaðarskólar víðs vegar um landið. Allir hljóta víst að muna, því það er þjóðkunnugt, að bænarskrár þessar, er til þings og stjórnar hafa komið um þetta efni, hafa þó ekki bent á neinn vísi í peningalegu tilliti til að koma skólum þessum á fót; og allt um það hefir þeim þó verið vel tekið bæði innanlands og utan. Nú hefir hèr til þingsins komið bænarskrá til að styðja að því, að viðlík alþýðustofnan komist hèr á fót sem skólar þeir, er um hefir verið beðið að stofnaðir yrðu. Stofnan þessi hefir þegar fengið svo fasta undirstöðu, að enginn efi er á því að hún geti staðizt, og hinn háttvirti konungsfulltrúi efaðist alls eigi um að svo væri. En sè það satt, sem enginn efar, að undirstaðan sè fengin, þá sýnist mèr það fremur öfug «Logik» af þinginu, ef það, þegar svo ástendur, vildi eigi veita ásjá sams konar bænarskrá eins og þær, er áður hefir verið tekið með mestu virtum bæði af þinginu og stjórninni: þegar undirstaðan er fengin, að þá skuli eiga að heimta meira heldur en þá, þegar engin undirstaða er fengin. Jörðin er þegar til handa skóla þessum; en

nú heimta menn líka að hús sè tilbúið handa skólanum. En áður hafa menn beðið um búnaðarskóla án þess nokkur grundvöllur væri lagður. Samt eru menn hèr að efast um, hvort nefnd skuli kjósa þessu máli til íhugunar, og af hverju? Af því menn líklega eru eins skapi farnir nú og á þinginu 1869, þá er rætt var um að fá stofnaðan sjómannaskóla hèr á landi; þá þótti einum rèttast að hann væri á Ísafirði, öðrum í Reykjavík, þriðja á Djúpavogi og fjórða á Akureyri. Þannig vilja líklega sumir nú að skóli sá, er hèr ræðir um, sè á Hvaleyri, sumir á Hausastöðum, eins og til forna, sumir á Útskálum, enn aðrir á Kálfatjörn, og sjálfsagt margir í Reykjavík. Þótt nú þingið vildi fella mál þetta frá því að rita um það bænarskrá til konungs, þá er varla hugsanlegt, að það geti fengið af sèr að fella það frá nefnd.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga tók það fram, sem eg ætlaði að segja, miklu betur en eg mundi hafa gjört; því skal eg að eins leiðrètta misskilning hins háttvirta varaforseta og 6. konungkjörna þingmanns á orðum mínum um það, hvernig fè «Thorchilliisjóðsins» væri varið hèr í Reykjavík. Eg játa það reyndar, að eg er hèr svo ókunnugur, að eg líklega hefði gjört rèttast í að minnast ekki með einu orði á Reykjavik og barnaskólann hèr; en það, sem í orðum mínum lá, var það, að þessu fè úr «Thorchilliisjóðnum væri varið eigi einungis til menntunar barnanna, eins og tilgangur gjafarans hefir verið, heldur og einnig þeim til líkamlegs uppeldis. Börnunum er að vísu komið fyrir á góðum heimilum, þótt sumstaðar sè það tvísýnt hvort svo sè, og húsbændurnir munu gjöra sèr allt far um það, að uppala börnin sem bezt; en þótt þau eigi nytu styrks af þessum sjóði, mundu þau þó allt að einu lenda á sömu stöðum, sem nú á sèr stað. Eg hefi annars engar ástæður heyrt enn móti því, að nefnd verði sett í máli þessu.

Benidikt Sveinsson: Það er satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það er óvíst, hvort allir þeir, sem sjóður þessi tilheyrir, það er að segja: allir menn í Kjalarnesþingi, eru samþykkir bæn þeirri, sem borin er hèr fram í þinginu, en, má eg þá spyrja: Hve margir eru þeir, sem þurfa til þess, að þingið taki bæn þeirra til greina? Eg veit annars ekki neinn lagabókstaf fyrir því, að bænarskrár þær, er þingið kýs nefnd í, þurfi að vera neitt «Plebiscit». Það er nóg, yfrið nóg, að bænarskrá þessi er komin frá skynsömum mönnum, í því skyni að efla al-

þýðumenntun í Kjalarnesþingi samkvæmt tilgangi legats þess, er hèr ræðir um. Og ef vèr skoðum nöfnin, sem undir bænarskránni standa, þá munum vèr vart fá aðra 3 menn betur samvalda í Kjalarnesþingi, en þessa, til að sjá hvað næst er í þessu máli, og öllum hlutaðeigendum hentast. Og þegar nú einn af þeim, er ritað hefir sig undir bænarskrá þessa, hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, hefir gefið slíka jörð sem Hvaleyri stofnan þeirri, er hèr ræðir um, þá getur þingið varla minnkunarlaust leitt hjá sèr að gefa máli þessu hinn bezta gaum, og setja nefnd, er líklega kynni að sjá ráð til þess, að jörðin stæði eigi lengi ónotuð, en að hinn fyrirhugaði skóli komist sem fyrst á fót.

Jón Sigurðsson: Eg vil mæla með því að nefnd verði sett í máli þessu, og hvers vegna? Af því eg held, að tilgangi gjafarans með gjöfina sè alls eigi fullnægt með þeirri tilhögun, sem viðhöfð hefir verið á vöxtum sjóðsins um nokkur ár að undanförnu. Það er sem sè ljóst af testamenti Jóns Þorkelssonar, að hann hefir ekki ætlazt til, að gefið væri af sjóði þessum með einu og einu barni hingað og þangað, heldur að menntunar- og kennslustiptun handa börnum kæmist á fót sem allra fyrst, að efni sjóðsins leyfðu það. Þegar mál þetta var fyrir alþingi 1865, þá var það í nokkurs konar ráðaleysi, að þingið rèð til þess, að tilhögun sú með vexti sjóðsins, er haldizt hefir síðan eptir konungsúrskurðinn frá 1866, kæmist á, sökum þess að þá þóttu engin tiltök á, að þessleiðis kennslustiptun kæmist á fót. Nú þar á móti er allt öðru máli að gegna, þar sem að fyrir hendi er jörð, er gefin er í því skyni, að sams konar skóli og sá, er gjafarinn hafði fyrir augum, þá er hann gaf út gjafabrèf sitt, geti komizt á; og þegar þar við bætist, að einstakur maður hefir gjört þetta mikla heiðursstryk, þá hlýtur það að vera siðferðisleg skylda þingsins, að styðja að slíku fyrirtæki svo sem í þess valdi stendur. Það hefir verið sagt, að þetta hafi verið heiðarlega gjört, og menn hafa lagt verðskuldað lof á hinn heiðraða gjafara jarðarinnar; en þetta er ekki nóg; þingið á að sýna það í verkinu, að það kunni að meta og virða önnur eins heiðursstryk sem þessi, með því að styðja málið á allan þann hátt, sem í þess valdi stendur. Það kynni að hvetja fleiri til að gjöra slíkt hið sama. Eg álít því sjálfsagt, að kjósa eigi nefnd í mál þetta, og mun þá nefndin koma fram með álit sitt um, hve mikinn part af Thorchilliisjóði skyldi ætla þessari Hvaleyrarstofnun til styrktar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að segja að dæmi hins háttvirta þingmanns Rangæinga átti hèr alls ekkert við. Þeir, sem beiddu um styrk handa búnaðarskóla 1869, beiddu um það til að stofna skóla handa öllu Íslandi, en ekki að eins fyrir Húnavatnssýslu eina. Hèr er er verið að biðja um ákveðið fè einnar sýslu, og því er það ekki nóg, þótt þessir þrír menn, þó aldrei nema þeir væru beztir allra sýslubúa, standi undir þessari bænarskrá; bæn þessa er fyrst að marka þá, þegar allir sveitarstjórar sýslunnar eru henni samþykkir. En vilji þingið sýna röggsemi í verki, og hlynna að þess konar stofnun, þá liggur næst fyrir það, að veita fè til hennar af almenningsfè. En að velja nefnd til þess að finna ráð til að verja fè Thorchilliisjóðsins án vilja hreppanna, það álít eg með öllu tilgangslaust. Þó nefnd sè kosin, hlýtur hún að láta málið niður falla, eða vísa því til yfirvaldanna að öðrum kosti; og sting eg upp á, að þetta hið síðara verði gjört þegar í stað.

Benidikt Sveinsson: Eg hèlt, að orð mín mundu sannfæra þingið um það, að það væri rètt að kjósa nefnd í máli þessu.

En hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga segir að þessir þrír, sem undir bænarskránni standa, hafi eigi vald til, að bera slíkt fram fyrir þingið. Má eg þá spyrja þingmanninn og hinn háttvirta aðstoðarmann konungsfulltrúa, sem sitja svo nálægt hvor öðrum: Geta þessir herrar sagt mèr, hve margir hreppstjórar í Gullbringu- og Kjósarsýslu samþykktu, að fjárstyrkur af Thorchillii-sjóðnum væri veittur jarðyrkjumanni Guðmundi Ólafssyni hèrna um árið? Og eg gæti fleiri dæmi tilfært, til að sýna, hve ógildar ástæður þetta og þvílíkt er til að fella bænarskrá þessa frá nefnd. Það er satt, að menn eiga með mestu varúð að fara með gjafir dáinna manna, eg meina sèr í lagi það, sem gefið er sem menn kalla í «pietisk Öiemed»; en hvað snertir gjafabrèf Jóns Þorkelssonar, má eg þá spyrja þingmann Reykvíkinga: Hefir hann lesið brèf þetta? Hefir hann skilið það? og hefir hann skilið það rètt? Væri það tilgangur bænarskrárinnar að breyta tilgangi gjafarans með gjöfina, þá væri orsök fyrir þingmanninn að standa fast á móti; en ef nú bænarskráin fer fram á það, að verja helgi gjafabrèfsins, þá eru allir skyldugir til, að gjöra breytingu á notkun og meðferð fjárins, sem nú er og gjafabrèfinu er einmitt móthverfara. Nú er það einmitt meining gjafarans að stofna skóla til menntunar fátækum börnum. En á þá að vera skóli í hverri sveit? Skilur þingmaðurinn gjafabrèfið svo? Mig vonar ekki, að hann haldi að

stofna eigi skóla fyrir allar sveitir sýslunnar með svo litlu fé. Eg vil því mæla fastlega með því að nefnd verði kosin og þingmaður Reykvíkinga verði með í þeirri nefnd, svo hann sannfærist um hið rètta í máli þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki svarað þingmanni Árnesinga spurningu þeirri, er hann lagði fyrir mig út af styrk þeim, sem Guðmundi Ólafssyni á að hafa verið veittur; það mál er mèr með öllu ókunnugt um; enda skiptir það engu í máli þessu, þótt einhvern tíma hafi eigi verið farið sem rèttast með sjóð þennan; það getur þó aldrei verið ástæða til, að ávallt sè haldið á fram að verja fé þessu ranglega. Út af hinum öðrum spurningum þingmannsins get eg sagt honum það, að eg hefi lesið gjafabrèf Jóns Þorkelssonar. Eg þykist einnig hafa skilið það rètt, þótt eg hafi skilið það á allt annan veg en þingmaður Árnesinga; en það þykist eg vita, að hann einn þykist skilja það rètt.

Þórarinn Böðvarsson: Eg veit ekki hvort eg á að hreifa mótbárum þeim, er komið hafa fram á móti bænarskránni. Áðalástæðan, að til þess að bera þetta mál fram, þyrfti samþykki allra sveitarstjóra sýslunnar, er þegar marghrakin. Eg er viss um, að hefði Jón Þorkelsson vitað undirtektir manna í þessu máli, hefði honum þótt það fyrirsögn, og eigi sízt, hefði hann heyrt oið þingmanns Reykvíkinga. Eg veit ekki, hvað gjöra skal; en líklega væri rèttast fyrir mig að hætta við að gefa jörðina, og með því móti sýna alþingi Íslendinga í verkinu maklegt þakklæti fyrir undirtektir þess í þessu máli. En þetta vil eg þó ekki gjöra allrasízt að svo stöddu. Það væri og ekki rètt, að hætta við gott fyrirtæki, þó það mætti mótspyrnu hjá þeim, sem annaðhvort ekki hafa vit eða ekki hafa vilja til að viðurkenna það verulega gagn, sem það getur gjört. Meira að segja, flest góð fyrirtæki hafa mætt mótspyrnu hjá mörgum.

Jón Pètursson: Eg held það sè ekki meining gjafabrèfsins, að það þurfi samþykki allra sveitarstjóra sýslunnar til að ráðstafa sjóði þessum. Hreppstjórarnir hafa ekkert með þennan sjóð að sýsla, heldur eiga forstöðumenn legatsins að annast um, að hinum bágstöddustu og fátækustu börnum í Kjalarnesþingi veitist styrkurinn úr honum. En til þess að geta sèð, hver þau börn sèu, er gefandinn hefir átt við, verða menn að setja sig inn í ástandið, sem var, þegar hann gaf. Í fyrri daga var þá hinum fátækustu mönnum ekkert lagt af sveit, í þeim skilningi sem nú er

gjört, heldur var þeim leyft að flakka manna á milli, til að hafa ofan af fyrir sèr, og sumir aumingjar flökkuðu þá með börn sín, en öll fátækratíundin og matgjafirnar fèllu til fátækustu bændanna í hreppnum. Auka-útsvör voru þá engin. Nú hefir það auðsjáanlega ekki verið augnamið gefandans, að flökkubörnin, sem stóðu undir umsjón hreppstjóranna, skyldu hafa gott af þessari gjöf, heldur börn þau, sem hreppstjórunum voru óviðkomandi, börn fátækra foreldra, er voru sjálfbjarga; þess vegna eru það ekki sveitarstjórarnir sem eiga ráð á meðferð Thorchilliisjóðsins, heldur stjórnin og þau yfirvöld sem hún hefir sett til að ráðsmennskast yfir þessum sjóði, og sem þá sjálfsagt laga sig þar í eptir ráðum hinna beztu manna.

Bergur Thorberg: Eg tek til máls af því eg er hræddur um, að eg verði annars misskilinn, þegar eg gef atkvæði í þessu máli. Eg vil af fúsu geði styðja mál þetta eptir mætti, og álít að það væri æskilegt, ef stofnun sú, sem hèr er um rætt, gæti fengið styrk úr Thorchilliisjóði, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við rèttindi annara; en þegar um það er að ræða, hvernig þingið skuli taka í málið, þá virðist mèr mest von um góðan árangur, ef því verður beint þangað sem það verður bezt meðhöndlað; og eg er sannfærður um, að í því skyni væri langbezt að vísa máli þessu frá þinginu til yfirvaldanna; og með því málið í sjálfu sèr er mikilsvarðandi, leyfi eg mèr, að stinga upp á því, að þingið ekki einungis vísi málinu forsetaveginn, heldur gjöri það á þann hátt, að það láti því fylgja beztu meðmæli sín; eg man ekki betur, en sú aðferð hafi stundum tíðkazt. Eg er viss um, að þótt nefnd verði kosin, þá getur hún alls ekki neitt upplýst þetta mál. En væri það sent til hlutaðeigandi yfirvalda, á þann hátt, sem eg drap á, þá er eg sannfærður um, að þau muni líta sem bezt á það í alla staði, og ráða úrslitum þess svo mikið sem unnt væri eptir óskum beiðandanna.

Hjálmur Pètursson: Ef eg hefði ekki verið búinn að biðja um orðið, þá hefði eg getað látið hjáliða að taka til máls, því hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður tók fram einmitt það, sem eg vildi segja. Eg er þeirrar meiningar, að þar sem mál þetta snertir einungis eitt kjördæmi landsins, þá eigi þingið ekki að vera að tefja sig á að kjósa nefnd í því; mitt álit er, að málinu sè bezt borgið með því, að vísa því til hlutaðeigandi yfirvalda; eg vil að máli þessu, og þeirri fögru og merkilegu stofnun, sem hèr

ræðir um, sè sýndur allur sómi, en það held eg verði bezt með því móti, að vísa því til yfirvaldanna.

Jón Sigurðsson: Mèr sýnist það engin ástæða móti nefnd í máli þessu, þó bænarskráin sè að eins frá einu kjördæmi landsins; eptir því mætti vísa mýmörgum öðrum málum frá, er miklu fremur snerta einstakar sveitir og jafnvel einstaka menn. Eg veit ekki betur en að vèr einmitt núna höfum frumvarp frá stjórninni um bæjarstjórn í Reykjavík, og það mál er þó miklu einstaklegra efnis en það, er hèr ræðir um. Eg álít það eigi mjög illa við, að svo mikilsvarðandi mál sè sent svona þegjandi til stiptsyfirvaldanna án þess að þingið segi um það nokkurt verulegt eða á rökum byggt álit, og það einmitt af þeim ástæðum, að þingið annaðhvort ekki hafi heimild til að meðhöndla málið eða þá að það sè eigi nógu undir búið til þess. Verði nefnd kosin, þá kann vel að vera, að hún álykti að málinu skuli vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, með þeim skýringum og uppástungum, sem henni þætti ástæða til að gjöra; en að senda það þegar með meðmælum þingsins, meðan alls ekkert hefir verið um það rætt til hlítar, álít eg bæði gagnslítið, og ekki rètt af þinginu. Eg er sannfærður um, að sú nefnd, er kosin yrði mundi verða málinu til mesta gagns, hver sem svo úrslitin yrðu.

Stefán Eiríksson: Eg get ekki neitað því, að í fyrstunni þá umræðurnar hófust í máli þessu, þá var eg í talsverðum vafa um, hvernig eg ætti að greiða atkvæði. En eptir að eg nú hefi heyrt á ræður manna, þá hefir mál þetta skýrzt þannig fyrir mèr, að eg er nú kominn til þeirrar niðurstöðu með sjálfum mèr, að það sè rètt að kjósa nefnd til að rannsaka þetta mál. Meining gjafabrèfsins er sú, að skóli skuli á stofn settur til menntunar fátækum börnum í Kjalarnesþingi, og þá liggur beint við, að styðja að því, að þessari ósk gjafarans verði fullnægt, og það verðnr með því móti, að vöxtum sjóðsins verði varið handa þeim skólastofnunum, sem fyrir hendi eru. Mèr sýnist því rèttast, að skipta vaxtafè sjóðsins á milli barnaskólans hèr í Reykjavík og skóla þessa, sem þegar er stofnaður á Hvaleyri, því mèr finnst mikið mæla með því, að hlynnt sè að skólastofnun þeirri, sem byrja á með á Hvaleyri, og þar sem svo heiðarleg gjöf er fram látin til fyrirtækisins. Hvað því viðvíkur, að hrepparnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi að ráða því, hvernig farið skuli með vaxtafè sjóðsins, þá álít eg, að það geti með engu móti verið meiningin,

heldur að þau yfirvöld, sem stjórnin hefir falið á hendur umráð þess sjóðs, ráði því að öllu leyti, hvernig vöxtum sjóðsins er varið.

Forseti: Margir þingmenn hafa beiðzt þess, að umræðum þessum mætti hætta. En aptur á móti hafa tveir þingmenn, þingmaður Árnesinga og þingmaður Gullbringusýslu, beðið sèr hljóðs enn, og vona eg, að þeir verði eigi mjög langorðir.

Benidikt Sveinsson: Eg ætlaði að eins að benda þinginu á, að úr því einn af uppástungumönnum er gefandi jarðar þeirrar, þar sem hin fyrirhugaða skólastofnun á að grundvallast, þá tekur það eigi tali, að vísa málinu forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna móti hans vilja.

Þórarinn Böðvarsson: Það, sem eg ætlaði að drepa á, er það, að eg held því föstu, að málefni þetta er þingmál; og ef nefnd verður kosin, þá má búast við því, eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga gat um fyrir skömmu, að málið geti mjög mikið skýrzt, með því nefndin mun geta aflað sèr margra upplýsinga, sem enn eru eigi við höndina; líka gæti þá orðið opinbert, hve miklar gjafir hafa gefizt stofnun þessari og hvaðan þær væru; og mundi þá koma upp úr kafinu, að gjafir eru komnar úr Strandarhrepp, hvað sem um bænarskrá þá er að segja, er nú á að vera komin til stiptsyfirvaldanna.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið. Vil eg því skora á þingmenn, að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd skuli kosin.

Pètur Pètursson: Eg lýsi því yfir, að eg greiði ekki atkvæði í þessu máli.

Síðan var gengið til atkvæða, og var nefnd samþykkt með 14 atkvæðum.

Forseti: Það hefir verið stungið bæði upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd. Vil eg því biðja þingmenn að skera úr, hvort 3 eða 5 menn skuli kjósa í nefnd þessa.

Samþykkt var 3 manna nefnd.

Þessir 3 menn hlutu kosning til nefndar:

Þórarinn Böðvarsson . með 16 atkv.
Halldór Kr. Friðriksson — 11 —
Grímur Thomsen . . — 9 —

og var málið afhent þingmanni Gullbringusýslu (Þórarni Böðvarssyni), er flest atkvæði hafði hlotið.

Forseti: Málum þeim, er á dagskrá standa, er þá lokið. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefnd þeirri, er kosin var til að íhuga bænarskrá forstöðumanna forngripasafnsins, að hún hafi kosið Ólaf Pálsson sèr til formanns og Eirík Kúld til skrifara. Fundur þessi hefir orðið talsvert lengri en menn mundu hafa ímyndað sèr; en á morgun getur ekki orðið haldinn fundur, meðal annars vegna þess, að ekkert mál er albúið fyrir hendi. Þar á móti vonast eg til, að fundur geti orðið á laugardaginn, og mun eg boða þann fund með dagskrá svo fljótt sem kostur er á. Þar með segi eg

Fundi slitið.

---

13. fundur. — 22. júlí.

Forseti gat þess, að konungsfulltrúi hefði tilkynnt sèr, að hann gæti eigi komið á fund í dag, en í hans stað mætti aðstoðarmaður hans, Magnús Stephensen. Sömuleiðis gat forseti þess, að varaforseti og hinn 1. konungkjörni þingmaður hefðu tilkynnt sèr, að þeir eigi heldur gætu sótt fund.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal skýra þinginu frá, að eg hefi fengið tilkynning frá nokkrum nefndum um, hverjir formenn og skrifarar sè valdir í þeim. Í málinu út af uppástungu nokkurra þingmanna um fjárhagsáætlunina er Grímur Thomsen kosinn til formanns og Eiríkur Kúld til skrifara; í málinu út af bænarskránni um Thorchilliisjóðinn er Þórarinn Böðvarsson kosinn til formanns og Grímur Thomsen til skrifara; í málinu út af uppástungu tveggja þingmanna um lagaskóla er Grímur Thomsen kosinn til formanns og Benidikt Sveinsson til skrifara. Eg skal enn fremur geta þess, að eg hefi fengið uppástungu nokkurra Gullbringusýslubúa frá Hafnarfjarðarfundinum um bústað sýslumanns þeirrar sýslu. Þá hefi eg enn fengið nefndarálit í málinu um sölu opinberra eigna og málinu um eptirlaun amtmanns Havsteins; verður eptirrit tekið af uppástungu þessari og nefndarálitunum, og sent hinum háttvirta konungsfulltrúa, og síðan verða öll skjölin lögð á lestrarsalinn, eins og venja er til.

Það, sem fyrst liggur fyrir í dag samkvæmt dagskránni, er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um konunglegt «frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót». Framsögumaður máls þessa er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann nú þegar vill taka til máls.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það er kann ske réttast, að eg sem framsögumaður í máli þessu mæli nokkur orð til að láta í ljósi álit nefndarinnar á þeim breytingaratkvæðum, er standa á atkvæðaskránni. Nefndin var annars þeirrar skoðunar, að hún í áliti sínu hefði gjört nægar breytingar við hið konunglega frumvarp. En allt um það, þá eru flest breytingaratkvæðin svo vaxin, að eg mun eigi hafa mikið á móti þeim, ef þingið aðhyllist þau, enda eru þau mörg að eins orðabreyting. Þó verð eg að minnast lítið eitt á sum þeirra. Hvað þá snertir breytingaratkvæði hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns undir 1. tölul., þá er það í raun réttri sanngjarnt, sem þar er farið fram á, en eg hygg það mest ímyndun eina, að slíkt beri við, sem þar á að sjá við. Að minnsta kosti þekki eg engin dæmi til þess, að viðlík tilfelli hafi komið fyrir hèr á landi; en þó mun eg eigi berjast á móti því, ef þingið vill aðhyllast að halda þessari ákvörðun. Um 2. töluliðinn hefi eg ekkert að segja, með því að hann er samþykktur af nefndinni. Hvað tölulið 3. snertir, sem hljóðar um að breyta «landhlutur» í «landshlutur», þá vildi eg helzt, að «essið» þyrfti eigi að koma til atkvæðagreiðslu. Eg hefi leitað eptir orði þessu í ýmsum fornlögum vorum, t. a. m. í Grágás og Gulaþingslögum, og hefi hvoruga orðmyndina fundið (*Halldór Kr. Friðriksson* og *Forseti*: Það stendur í Jónsbókar rekabálki, sjöunda kapítula). Eg skal ekkert um það segja, hvort það er þar eða ekki; ekki þekki eg heldur útgáfu þá, sem hinir háttvirtu þingmenn hafa; en eg álít breyting á orðmyndinni «landhlutur» óþarfa og eigi rètta. Eg hefi og leitað orðsins í öðrum yngri bókum og hvergi getað fundið þessa orðmynd þingmanns Reykvíkinga. Líka hefi eg spurzt fyrir um þetta, og hafa flestir verið á því, að «landhlutur» væri tíðkanlegra nú á dögum, og hinn eini málfræðingur, sem tekið hefir examen í íslenzku og það með «prae», hefir sagt mèr, að hann áliti þessa orðmynd réttari en landshlutur. Alþingisdóm getum vèr líklega eigi fengið fyrir essinu, og veit eg þá varla, hvað gjört verður; það eina sem eg get sèð að gjört verði er þá það,

að þingið snúi sèr til stjórnarinnar og ráði hans hátign konunginum allraþegnsamlegast til að essi verði bætt í orðið «landhlutur». Hin önnur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni eru mest orðabreytingar, sem eg hefi ekki neitt verulegt á móti.

Konungsfulltrúi: Atkvæðaskrá sú, sem hèr liggur fyrir, hefir ekki margar efnisbreytingar inni að halda, sem ekki var þegar stungið upp á í nefndarálitinu. Hvað 1. tölul. snertir, er eg hinum háttvirta framsögumanni samdóma um, að breytingaratkvæði það, sem þar stendur, sè óþarft, og eg verð jafnvel að álíta það skaðlegt, að því leyti að slíkt bann, sem í því er fólgið, kynni að verða tilgangi laga þessara, að tryggja og efla síldarveiðina, til fyrirstöðu. Um breytingaratkv. tölul. 9. skal eg geta þess, að ef þingið samþykkir 7. tölul., getur það breytingaratkvæði ekki komizt að, því þá mundi vanta í frumvarpið ákvörðun um, hvernig fara skuli með skaðabæturnar. Um 10. og 11. tölul. skal eg taka fram, að þó eg ekki hafi neitt að efni þeirra að finna, álít eg þá miður heppilega orðaða, 11. tölul. að því leyti, að þar virðist gengið út frá, að aðalreglan sè sú, að ábúandi jarðar sè eigandi hennar, en hitt undantekning að ábúandinn sè leiguliði, en svo mun ekki vera, og 10. tölul. að því leyti, að þar sem fyrri málsgreinin segir, að leiguliði skuli taka landshlut allan, segir síðari málsgreinin, að þegar ábúandi sè leiguliði, skuli fara um landshlut &c. 16. tölul. virðist mèr óþarfur, því það er vitaskuld, að orðin í 5. grein frumvarpsins: «og svo — annað» eiga við bæði um það, hversu mikill landshlutur skuli goldinn, og um það í hverju skuli goldið, svo það að bæta við orðunum: «nema öðruvísi verði um samið, yrði «tautologi». Um hinar breytingarnar hef eg ekki neitt sèrstaklegt að segja.

Jón Sigurðsson: Það er bágt til þess að vita, að það lítur svo út sem hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúa hafi hvorki lesið rètt nè skilið rètt breytingaratkvæði mitt undir 10. tölul. Það hljóðar svona: «Sá, sem á jörðu býr, tekur landshlut allan og skaðabætur, hvort sem er landeigandi eða ekki». Eg vona, að af þessu megi verða fyllilega ljóst, að mín meining er, að hvort sem ábúandi er eigandi eða leiguliði, þá eigi hann að taka allan landshlut og skaðabætur. En svo stendur enn fremur: «Sè ábúandi leiguliði, fer um landshlut eptir því, sem um er samið milli hans og landsdrottins». Í þessum orðum getur ómögulega annað legið en það, að landsdrottni skuli vera heimilt, að áskilja í samningum

sínum við leiguliða, að hann fái landshlutinn, en skaðabæturnar getur hann ekki — og á ekki að geta — dregið undir sig. Eg bið hinn háttvirta aðstoðarmann konungsfulltrúa, að hafa hugfast, að landshlutur er allt annað en skaðabætur. Það liggur sumsé í hlutarins eðli, að skaðabæturnar verða með engu móti teknar frá leiguliðanum, því sè síld eða hver annar afli sem er dreginn upp á það land, sem tilheyrir jörð þeirri, er hann býr á, þá er það einmitt leiguliðinn en ekki landsdrottinn, sem verður fyrir átroðningi, og hann á eflaust borgun fyrir þann ágang og usla, sem af þeim átroðningi leiðir. Af þessu er það auðsætt, að 10. tölul. er í alla staði rètt hugsaður og verður eigi misskilinn. En aðstoðarmaður konungsfulltrúa hefir eigi skilið, hvað í orðunum lá, og við því get eg ekki gjört. Að öðru leyti er það í þingsins valdi, hvort það aðhyllist þetta breytingaratkvæði mitt eður eigi. Þó það falli, mun eg eigi taka mèr það neitt nærri.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend eigi upp í því skyni, að eg ímyndi mèr að eg muni sannfæra framsögumann um að «landshlutur» sè rèttara en «landhlutur»; enda ætla eg mèr ekki að setja hann mèr á knè til að kenna honum íslenzka málfræði; enda hefi eg litla von um, að geta komið honum í skilning um, að «landshlutur» sè hèr rèttara en «landhlutur», ef honum getur eigi skilizt það af sjálfum sèr; og því er það með öllu óþarft, að vera út af slíku smáræði, að fara út í málfræðislegar rannsóknir. En hvort sem þingmaðurinn sannfærist eða ekki, þá er «landshlutur» rèttara, í þeirri merkingu, sem hèr ræðir um, enda haft bæði að fornu og nýju; það stendur í rekabálki Jónsbókar, og að orðmynd þessi sè höfð nú almennt um allt land, því til sönnunar er það, að bæði hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, þingmaður Suður-Þingeyinga og þingmaður Suður-Múlasýslu hafa við haft orðmyndina «landshlut» í breytingaratkvæðum sínum á atkvæðaskránni, og hafa þeir vissulega eigi tekið það upp eptir mèr, svo að það sýnir þó, að þeim hafi verið kunnug orðmyndin «landshlutur». «Landhlutur» er haft í allt annari merking, það er að segja, sama sem hluti eða partur úr jörð. Hvort þingið nú vill hafa þetta orð eða ekki, stendur mèr á sama; það er að öllu leyti á þess valdi, hvort það vill hafa rèttar eða rangar orðmyndir í lögum sínum; mèr dettur ekki í hug að troða upp á það því, sem er rètt, ef það getur ekki aðhyllzt það.

Sigurður Gunnarsson: Breytingaratkvæði mín, sem eru á at-

kvæðaskránni, og snerta að eins orðabreytingar, bar eg upp af því mèr fannst sumt vera eptir í frumvarpi stjórnarinnar, sem lagfæra þyrfti, svo það yrði skiljanlegra. Öðru máli er að gegna með viðauka-atkvæði mitt undir 16. tölulið. Eg hefi síðan sannfærzt um, að þess mundi í raun rèttri eigi við þurfa, enda er það ófullkomlega orðað, og ekki nema breyting á orðaskipun. Ætlan mín var sú, að færa orðin nokkuð til, svo og breyta þeim, svo betur færi. En eg gleymdi að taka það fram, að samhljóða málsgrein á undan fèlli þá burtu Um orðmyndirnar «landhlut», og «landshlut», þá get eg þess, að eg hefi aldrei heyrt «landhlutur» heldur ávallt «landshluti» í þeirri merking, sem þingmaður Reykvíkinga tók þetta orð.

Eiríkur Kúld: Það var eitt orð, sem hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúa sagði, er veldur því, að eg tek til máls að þessu sinni, og það einmitt til þess að lýsa yfir því, að eg gef óhikað atkvæði mitt með 1. tölul. á atkvæðaskránni. Hann sagði, að það gæti verið skaðlegt, að lögleiða þá ákvörðun, sem farið er fram á í 1. tölulið, sakir þess hún mundi verða því til fyrirstöðu að menn gætu notað sèr síldarveiðarnar. En eg vil segja, að af tvennu illu vil eg heldur hið minna. Færi svo, að einhver jörð yrði fyrir slíkum skemmdum á varpi eður selveiðum, að það, ef til vill, eigi yrði bætt á 30 árum, þá vildi eg alls ekki vinna til þess, þó einhver síldarveiðamaður hefði af því einhvern óhagnað í bráðina, að hann mætti ei draga á við varpeyna. Eg þekki að vísu eigi til hlítar, hvernig síldarveiðinni er hagað, og veit eigi, hvort þær eru stundaðar um varptímann, þegar hann stendur yfir sem hæst, en eg þekki vel, hvernig haga með æðarvarp, og án efa miklu betur en hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúa, og veit, að æðarfuglinn er svo spakur, þar sem hann er vanur að leggjast að, að nærri því má taka hann með höndunum; og eg er því viss um, að það yrði næsta óhægt á slíkum stöðum að draga fyrir með síldarneti, nema fleiri eða færri æðarfuglar flæktust svo í netið að erfitt yrði að ná þeim lifandi úr flækjunni, heldur yrði að snúa þá úr hálsliðnum. Þá tala eg ekki um, hversu skaðlegt það mundi verða, að draga þar fyrir með síldarneti, þar sem selalagnir eru. Eg vona það liggi öllum í augum uppi. Hvað breytingaratkvæðinu undir 3. tölul. viðvíkur, þá skal eg að eins geta þess, að eg er samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að »landhlutur« er haft í sömu merking sem partur úr jörðu. En eg get ómögulega farið

að gjöra kappsmál úr slíku lítilræði, þar sem öll frumvörpin frá stjórninni eru að þessu sinni svo úr garði gjörð, að þau hafa aldrei verið svo herfilega bjöguð og skekkt í mállegu tilliti; og vissulega munu þau verða til minnkunar, ef málið á þeim er eigi lagað á mjög mörgum stöðum.

Benidikt Sveinsson: Það er að eins fátt, sem eg að þessu sinni hefi að tala, því hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir tekið flest það fram, er eg vildi hafa bent á. Hvað breytingaratkvæðinu undir 8. tölulið viðvíkur, þá er eg alveg á máli hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga og hins 4. konungkjörna þingmanns, er borið hefir það fram, að það sè vel til fallið. Eg fellst nefnilega að öllu leyti á það, að síldarveiði sè bönnuð, þar sem fyrir eru önnur hlunnindi, sem friðuð eru áður með lögum, því þau má þó ,eigi skerða annara hagsmuna vegna. Eg var reyndar í fyrstu á móti þessum orðum breytingaratkvæðisins: «þar sem eigi er til skaða fyrir friðlýst æðarvörp» o. s. frv., af því mèr virtist þau, eins og hinum háttvirta aðstoðarmanni konungsfulltrúa, ef til vill innihalda of óákveðið bann móti því að síldarveiði væri notkuð, með því slíkt yrði eigi unnt að ákveða fyrir fram, hvar eigi mætti síld veiða. En eptir því, sem uppástungumaður hefir skýrt meiningu breytingaratkvæðisins, nefnilega að uppdráttur síldarnótarinnar, skyldi varða skaðabótum, þar sem raun verður á, að hann hafi gjört skaða, og með því þennan skilning má taka skýrt fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, þá get eg verið alveg samdóma þessari ákvörðun. Hvað þriðja tölulið snertir, um orðið «landhlut» í staðinn fyrir «landshlut», þá veit eg, að í Skaptafellssýslu, þar sem eg er uppalinn, er jafnan við haft orðið «landhlutur», en aldrei «landshlutur». En hitt ætla eg víst, að hvortveggja orðmyndin er tíðkuð á ýmsum stöðum landsins, og að þær báðar eru í rauninni réttar. Að öðru leyti táknar orðmyndin «landhlutur» eða «landshlutur» ýmist hluta af landi, og er þannig eins konar «genitivus partis»; en ýmist táknar það «genitivus subjectivus» eður þann hluta af veiði, er heyrir landinu til. Hèr ræðir því um eina og sömu orðmynd, sem hefir tvær þýðingar, en ekki um tvær orðmyndir sína með hvorri merkingu, eins og þingmenn eru að halda fram. Hvað breytingaratkvæðið undir 10. tölulið snertir, þá verður meining þess nokkuð ápekk uppástungu nefndarinnar undir 11. tölulið. En þó er munurinn mikill. Það er ekki rètt, sem þó flýtur af tölulið 10., að leiguliði geti ekki

samið svo við landsdrottin, að hinn síðarnefndi fái hlut í skaðabótunum; þó þessi samningur væri ekki eðlilegur, er hann þó eptir almennum grundvallarreglum mögulegur. Nefndin gekk reyndar ekki út frá því, að skemmdirnar, er leiddu af síldarveiðinni, rýrðu jörðina, ef til vill um lengri tíma, svo að skaðabætur fyrir þessar skemmdir gætu eðlilega fallið undir landsdrottin. En að slíkt tilfelli sè óhugsandi, er þó eigi gott að segja. Og að minnsta kosti ætti landsdrottni að vera leyfilegt, að áskilja sèr svo mikið af slíkum skaðabótum, sem honum þætti viðunanlegt. Hið sama er að segja um landhlutinn, að hvort sem nú kann að virðast eðlilegra, að landsdrottinn eða leiguliði njóti hans, þá ættu þeir auðvitað að geta hagað þessu eins og þeir vildu með samningum sín á milli. En hið venjulegasta í þessu tilliti eða «ordinarium» er það, að bæði landhluturinn og skaðabæturnar falli undir leiguliðann, enda mundi það þykja óviðkunnanlegt, að ákveða öðruvísi í lögum, og þyrfti talsverða ýtni frá landsdrottni til þess að tiltaka rètt sinn í þessu efni gagnvart leiguliða, öðruvísi með samningi, en banna honum það með lögum er fráleitt. Yfir höfuð virðist mèr þannig ákvörðun nefndarinnar undir 11. tölulið, sem menn kalla, «juridisk» rèttari en hin undir 10. tölulið. Auk þessa eru orð nefndarinnar stytt; en það er kostur allra laga að hafa þau sem fáorðust.

Stefán Eiríksson: Af því eg hefi eigi fyr látið meining mína í ljósi í þessu máli, þykir mèr betur við eiga, að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli Mèr líkaði þegar í upphafi nefndarálitið mjög vel, og flestar breytingar nefndarinnar álít eg að bætti frumvarpið, en allt um það hefi eg ekkert á móti því, að mörg af breytingaratkvæðunum geti verið til bótar, og með því það eru að eins orðabreytingar, sem betur eiga við, mun eg gefa þeim flestum atkvæði mitt. Einkanlega vil eg mæla með breytingaratkvæðinu undir 1. tölulið, því það má búast við, að svo geti farið, að bæði æðarvörp og enda sellátur bíði hið mesta tjón af því, ef síldarveiðimönnum ætti að vera heimil að draga fyrir með nótum sínum hvar sem vera skyldi, og einkum þegar þeim er leyft, að leggja þar upp veiðarfæri sín, þá er æðarvarp alveg eyðilagt með því; og hvað selalagnir snertir, þá er mèr það kunnugt, að hinn svokallaði «nórungsselur» er svo styggur, að hann flýr alveg stöðvar sínar við mikla umferð manna, og þó minna væri, en nótarbusl þetta eða nótardrættir hafa í för með sèr. Við-

víkjandi 3. töluliðnum, þá er eg á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, að á sama standi, hvor orðmyndin er höfð; en eg má fullyrða, eins og þingmaðurinn, að í Skaptafellssýslu er allt af haft orðið «landhlutur», og kann eg jafnvel betur við, enda þó orðið landshlutur standi í Jóns-lagabók. Um 10. og 11. töluliðinn er lítið að segja; eg held þeir geti báðir verið góðir, enda þótt eg felli mig betur við uppástungu nefndarinnar undir 11. tölulið. Annars finnst mèr ekkert á móti 3. grein frumvarpsins óbreyttri, þar sem hún fer fram svoddan jafnrètti á milli landsdrottins og leiguliða, að hún vill láta báða hafa not af landshlutnum.

Jón Kristjánsson: Eg álít mèr skylt að skýra frá, hvers vegna eg eigi get aðhyllzt breytingaratkvæðið undir 9. tölulið, vegna þess það er eptir hinn háttvirta 4. konungkjörna þingmann, með því hann er maður lögfróður. Mèr finnst ákvörðun nefndarinnar undir 11. tölulið miklu samkvæmari viðlíka ákvörðun í Jónsbókar landsleigubálks 7. kapítula; þar stendur svo: «Ef menn beita engjar leiglendings eða haga, þá á hann sök á því, en landeigandi, ef hann vill eigi sækja, ok svá ef jörð er skaðt, þá skal honum þat allt bæta skaðabótum, ok landnámi, sem 6 grannar þeirra meta». Þessi ákvörðun sýnir, að ætlazt hefir verið til, að skaðabætur allar fèllu til leiglendings. Og enn fremur stendur þar: «Ef fiskiveiði, eðr fuglaveiði, eðr eggver fylgir leigulandi, þá á leiguliði þat allt, nema frá sè skilit í kaupi þeirra. Ok svá ef þar rekr fugla eður fiska, sela eðr háskerðinga, ok hnísur». Með þessari ákvörðun lítur út fyrir að ætlazt sè til, að öll hin smærri rèttindi skyldu tilheyra leiglendingnum. Löggjöfin sýnist hafa viljað vernda rètt þess, sem er minni máttar, og er það eðlilegt, þar eð landsdrottinn getur með samningi skapað sèr sinn rètt sjálfur. Að ákveða skaðabæturnar og landshlutinn minna en 6 af hundraði af veiðinni, finnst mèr óhæfilegt, þegar litið er til þess, hver rèttindi eru veitt nótarmanni, og allt of smásmuglegt í íslenzkri löggjöf, að skipta landshlutnum milli landsdrottins og leiguliða.

Jón Pètursson: Eg á tvo töluliði hèr á atkvæðaskránni, nefnilega viðaukaatkvæði undir 1. tölulið, og breytingaratkvæði undir 9.; um hið síðar nefnda er mèr ekki sèrlega mikið umhugað, og má þingið fella það, ef það vill; en um 1. tölulið er mèr mjög annt, því ef þingið fellst ekki á hann, þá get eg ómögulega gefið atkvæði fyrir því, að frumvarpið verði gjört að lögum. Aðstoðarmaður

konungsfulltrúa áleit 1. töluliö skaðlegan, vegna þess að menn mundu þá ekki þora að nota sèr þessi síldarveiðarlög. Þá verð eg að segja, að það sè slæmt, að þessi lög hafa ekki komið út fyr, fyrst þau eru til svo ómetanlegs gagns. Það kann vel að vera til skaða fyrir síldarveiðimenn, að taka upp þessa ákvörðun í lögin, að því leyti að hún hamlaði þeim að gjöra öðrum skaða. Vörp og selalagnir eru þó rèttindi, sem eru vernduð og viðurkennd, og gjöra jarðirnar hærri í dýrleika, og hvaða sanngirni væri þá í því, að leyfa mönnum fyrir, ef til vill, lítilfjörlegan ávinning, að skemma þessi hlunnindi. Aðstoðarmaður konungsfulltrúa sagði, að 2. grein frumvarpsins heimilaði hlutaðeigendum skaðabætur í þessu tilfelli. Það er satt, ef nótin er dregin upp á slíkum stöðum. En hver innistendur fyrir því, að veiðimenn þeir, er þannig skemma hin beztu hlunnindi, geti bætt fyrir skaða þann, er þeir valda? geta lögin innistaðið fyrir því? Jú, ef happið er stærra en skaðinn; annars ekki. Eg held sumir síldarmenn kynnu að fara að reyna að afla á þann hátt, sem ætlazt er til í lögum þessum, án þess að græða við það stórt, og að þeir því, ef til vill, ekkert gjörðu annað, en spilla rèttindum annara manna, að minnsta kosti er það hugsanlegt. Auk þess hljóða skaðabætur þær, sem ákveðnar eru í 2. grein, alls eigi um þann skaða, sem þeir verða fyrir, er búa til hliðar við þann stað, þar sem síldarveiðin fram fer, og væri það þó alveg nauðsynlegt, þar eð fuglinn eins getur fælzt við það busl og þann skarkala, sem er til hliðar eða þar í grennd. Annars er auðsætt, að þar sem frumvarpið talar um skaða á túni og engjum o. s. frv., þá hefir löggjafinn eigi haft slík tilfelli fyrir augum, sem hèr um ræðir, ella mundi það vera tekið fram. Reyndar mun engin ákvörðun í þessa átt standa í norsku síldarveiðarlögunum, en í Norvegi eru heldur engin vörp, að minnsta kosti ekki til munar. Út af 9. töluliðnum skal eg geta þess, að það er alveg rètt, eins og þingmaður Suður-Þingeyinga benti á, að gjöra mun á skaðabótum og landshlut. Skaðinn getur vel þenkzt meiri, en 3 eða 6 af hundraði úr veiðinni. Mèr er annars ekki neitt annt um 9. töluliðinn, eins og eg áðan gat um. Eg fellst á 11. töluliðinn. Á jörðu býr vanalega annaðhvort eigandi eða leiguliði; búi eigandi á jörðinni, þá ætlast nefndin til, að hann taki landshlutinn, en ef hann ekki er eigandi, þá er hann leiguliði; en að eins sá leiguliði fær þá landshlutinn eða part af honum eptir meining nefndarinnar, sem svo hefir um

samið við sinn landsdrottin (*Benidikt Sveinsson:* Misskilningur!) Að minnsta kosti mundi eg leggja það svoleiðis út, eða eg skil það svo nú; það getur verið að eg skilji það öðruvísi seinna við nánari umhugsun. Hin önnur breytingaratkvæðin þykja mèr öll góð, þau eru flest orðabreyting, og eins uppástungur nefndarinnar sjálfrar. Frumvarpið ætlast til, hvað skaðabæturnar snertir, að óvilhallir menn meti, hve mikið af þeim skuli falla til hvers um sig, landsdrottins og leiglendings, og er það rètt, því sumar skemmdir valda jörðum langvinnum hnekki, og fyrir slík spjöll ætti landsdrottinn að fá skaðabætur; aptur eru aðrar skemmdir, sem að eins eru í bráð, og á auðsjáanlega leiguliði að fá skaðabætur fyrir þær. Mèr sýnist því ástæða til, að halda þessum lið frumvarpsins, því hann er mjög rèttvís og hyggilegur.

Framsögumaður: Eg vildi taka það fram, sem eg drap á við undirbúningsumræðuna, að mèr sýnist það eigi þörf, að bera upp til atkvæða þá töluliði, sem að eins eiga að laga prentvillu, og sem þar að auki stendur í prentvillulistanum, eins og t. a. m. undir 19. tölul. »manns« í staðinn fyrir »sýslumanns«. Þótt nú nefndin gjörði sèr allt far um að nema á burtu slíkar villur, þá hefir oss þó yfirsèzt í 2. greininni orðatiltæki eitt, sem eg vildi mælast til, að mætti breyta og laga í álitsskjalinu til konungs. (*Forseti:* Það getur ekkert verið móti að breyta slíku án atkvæða, og setja t. a. m. »nótlagnirnar« í stað þess, sem stendur í frumvarpinu; eða hefir framsögumaður hugsað sèr nokkurt annað orð, er hann kunni betur við?). — Nei eg held að það megi vel fara. Hvað þá snertir breytingaratkvæðin, þá er eg enn þeirrar skoðunar, að þau sèu ekki til bóta. Tölul. 1. get eg ekki fallizt á, þrátt fyrir það, þó hinn háttvirti uppástungumaður þess viðaukaatkvæðis mælti með því; því að því, er mèr er kunnugt, þá er, hvað vörp og selalagnir snertir, í landslögum vorum að eins bannað, að skjóta, en ekkert annað. (*Eiríkur Kúld:* Jú!). Það er þá án minnar vitundar, ef svo er. (*Jón Pètursson:* Það má eigi leggja hrognkelsanet á slíkum stöðum). — Það veit eg vel; en engin umferð er þar bönnuð, ef hún fer fram friðsamlega. 9., 10. og 11. töluliður fara allir í líka stefnu; en eg get þó ekki enn vel aðhyllzt 9. og 10. tölulið, eins og uppástungu nefndarinnar undir 11. tölul., því eg verð með nefndinni að vera á móti því, að landsdrottinn fái landshlutinn eða skaðabæturnar, með því einungis leiguleiðinn verður fyrir átroðningi þeim, er af slíkri veiði leiðir; orðið »öðruvísi« getur eigi mis-

skilizt eða skilizt öðruvisi en svo, að leiguliðinn eigi að skila landsdrottni þeim hlut, er honum ber. Á »essið« ætla eg eigi að minnast framar; eg er enn sömu meiningar í því efni sem fyr, þótt mèr þá hafi dulizt þessi eini staður í Jónsbók, sem eg annars eigi veit eptir hve áreiðanlegu handriti er út gefin.

Torfi Einarsson: Þótt eg minnist með fám orðum á 1. töluliðinn, þá bæti eg mig líklega harðla lítið á honum; en eg vil benda þinginu á, að eg held það sè varúðarvert, að samþykkja hann ekki. Svo getur vel á staðið, að varpeyjar liggi innst inn undir landið upp undir botni á víkum; en í slíkum víkum mundi mjög þægilegt fyrir síldarveiðimenn að draga fyrir með nótum sínum, og gæti þá mikið tjón verið búið varpinu í eyjum þar fast við, ef lögin heimiluðu slíkt. Allra-hættulegast mundi þetta þó verða þar, sem verið væri að planta upp á nýstofnað æðarvarp; því það tjón, sem veiði sú, er hèr um ræðir, á slíkum stöðum kynni að valda, mundi með öllu ómögulegt að meta til skaðabóta; varpið gæti kannske eyðilagzt með öllu. Þótt þetta nú aldrei kynni að koma fyrir, þá skaðar eigi, að ákvörðun um það stendur í lögum; en komi það fyrir, þá er lagagreinin ómissandi. Viðvíkjandi selnum, þá hefi eg heyrt, að ef á þeim stöðum, þar sem uppidráp er, er einhver sú umferð eða mannagangur, sem veldur talsverðu busli og hávaða, þá geti það tekizt, að fæla með því móti allan selinn að minnsta kosti það haustið. Mèr sýnist því engin ástæða fyrir þingið að vilja ekki samþykkja 1. töluliðinn.

Guðmundur Einarsson: Þeir, sem talað hafa á undan mèr, hafa að miklu leyti tekið það fram, sem eg vildi hafa sagt. Eg vildi, að þingið hefði það hugfast, að þegar það vill veita einhverjum ein eður önnur rèttindi með nýju lagaboði, þá gæti það þess, að skerða eigi rèttindi annara um leið. Ef 1. tölul. eigi verður samþykktur, þá er eg mjög hræddur um, að síldarveiðar, þótt eg sè þeim ókunnugur, geti orðið vörpum og selalögnum til skaða. Eg get vel hugsað mèr, að síldarveiðin kunni að koma upp á þeim stöðum, þar sem slík hlunnindi eru, þó að þær sèu þar ekki, nú sem stendur, tíðkaðar, og ef svo lögin leyfðu, að veiða þar, þá álít eg það mjög svo óhappalegt. Eg álít því þessa ákvörðun undir 1. tölul. mjög nauðsynlega og alveg óumflýjanlega, að girða fyrir það, að annara manna rèttindi verði með síldarveiðunum fyrir borð borin.

Framsögumaður: Hvað breytingaratkvæðinu undir 10. tölul.

viðvíkur, þá skal eg geta þess með fram sem skilaboða frá þingmanni Árnesinga, að eptir nú gildandi lögum getur sú ákvörðun, er sá tölul. hefir inni að halda, eigi komizt að, því þar er eigi skýrt frá, hver þennan landhlut á að hafa. Breytingaratkvæðið bætir ekkert úr ákvörðun nefndarinnar og er óskipulegt og óeðlilegt í sjálfu sèr.

Hallgrímur Jónsson: Af því eg er einn af nefndarmönnum, þá skal eg geta þess, að nefndin var eigi eindregið mótfallin 1. tölul. á atkvæðaskránni, og eptir því sem málið hefir meira skýrzt fyrir mèr við umræðurnar nú, eptir því hefi eg betur getað aðhyllzt þennan tölul., og mun eg gefa honum atkvæði mitt, eins og eg vil mæla með því, að hann verði samþykktur. 2. tölul. hefir nefndin samþykkt, svo um hann hefi eg ekkert að segja; um «essið» þarf eg ekki að vera margorður; það er heldur ekki þess virði að halda um það langar ræður; hvort sem það er eða ekki, breytir það varla meiningu nefndarinnar, en almennt mál mun það vera hèr á Suðurlandi að segja «landshlutur»; hin önnur breytingaratkvæði aðhyllist eg flest, því þau eru lítið annað en orðabreytingar, nema tölul. 9. er eg alveg á móti, og svo vildi eg að fleiri yrðu.

Forseti: Þar eð eigi fleiri taka til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og bið eg svo þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir munu hafa fyrir sèr. (Sjá II, bls. 244).

Forseti: Atkvæðagreiðslu þessari er þá lokið, og liggur þá næst fyrir samkvæmt dagskránni ályktarumræða í málinu um konunglegt «frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja». Hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga er framsögumaður þessa máls, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls nú þegar.

Framsögumaður: Eg vona, að það þurfi ekki að verða löng umræða um þetta mál, því mèr heyrðust flestir taka vel undir það við undirbúningsumræðuna. Flest breytingaratkvæðin, sem eru á atkvæðaskránni eru svo vaxin, að þau eigi eru beinlínis á móti uppástungum nefndarinnar, en eg verð að segja að mèr virðist þau óþörf. Hvað 2. tölul. (I. 2.) snertir, þá er eg því samþykkur, að bætt sè við orðinu «orðin» á undan: «10—14 ára», en að aldursákvörðunin verði hækkuð til 18 ára (I. 1. tölul.) get eg eigi aðhyllzt. Hvað I. 3. tölul. snertir, þá heyrði eg við undirbúnings-

umræðuna, að margir vildu heldur, að sú umsjón með málleysingjunum, sem nefndin vildi að falin væri á hendur prófasti og sýslumanni, skyldi lögð presti og hreppstjóra á herðar. Aðalástæða fyrir þessari uppástungu nefndarinnar var það, að henni þótti varlegra, að einhver tilsjón væri höfð með því, að málleysingjarnir fengju góða samastaði eptir aflokið nám. Hitt álít eg gjöra minna til, hver þessa umsjón á að hafa, en eg fell þó eigi enn frá því, að það sè réttara, sem nefndin hefir stungið upp á, því eg held sveitastjórnirnar hafi nóg að starfa, þó þessu verði eigi bætt ofan á; auk þess vil eg ekki, eins og eg hefi áður sagt, láta fara með hina mál- og heyrnarlausu eins og sveitarlimi. Hvað snertir uppástungu þingmanns Borgfirðinga undir II. 1. tölul. um þá 30 dala þóknun, sem hann vill að sèra Páll fái fyrir að kenna hverju barni út, þá get eg ómögulega fallizt á, að það sè viðunanleg kjör fyrir hann; því það er þó hart, ef kennarinn á að bíða eptir ekki meiri launum, þangað til hvert barn hefir af lokið námi, sem líklega sjaldnast mun verða fyr en eptir 6 ára tíma; og svo getur það komið fyrir, að hann geti aldrei staðfest sum börnin; þá ætti hann alls ekkert að fá, og sèr það hver maður, hvílík ósanngirni slíkt er. Út af II. 2. tölul. skal eg geta þess, að mèr í rauninni stendur á sama, hvaðan þessir 200 rd. eru teknir, en þó finnst mèr engin sèrleg ástæða til að falla frá uppástungu nefndarinnar. Um II. 3. og 5. tölul. ætla eg eigi að tala að sinni. 6. tölul. hefi eg ekkert á móti í sjálfu sèr, en sú ákvörðun ætti að koma í instrúxið, sem stiptsyfirvöldin fengju hlutaðeigandi kennara í hendur viðvíkjandi kennslunni. Á móti 8. tölul. hefi eg það, að þar er ætlazt til, að sèra Páll sè allt af að kenna einhverjum að segja til málleysingjum; svo marga heyrnar- og málleysingjakennara þarf auðsjáanlega ekki; mèr sýnist nóg að hann kenni að eins 1 eða 2, sem geti verið til taks, þegar hann hætti kennnslunni eða þegar hans missir við. 9. tölul. er orðabreyting, sem mèr reyndar er jafnkært þó samþykkt verði, en eg álít hana óþarfa. Fleira ætla eg eigi að minnast á að sinni.

Guðmundur Einarsson: Af því eg við undirbúningsumræðuna var svo drjúgur með breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar, þá verð eg að leyfa mèr að fara um þau fáum orðum. Hvað 1. tölulið snertir, þá get eg eigi verið hinum háttvirta framsögumanni samdóma um það, að eigi þurfi að rýmka aldurstakmarkið; mèr finnst tíminn vera allt of stuttur ákveðinn einung-

is til 4 ára. Mèr sýnist miklu vissara og hagkvæmara að hafa aldurstakmarkið rýmra. En vilji nú þingið ekki aðhyllast þetta breytingaratkvæði mitt, hefi eg líka komið fram með hitt, sem á eptir kemur og sem mèr þykir sjálfum miklu aðgengilegra og sem eg vona til að ekki falli. Hvað nú snertir breytingaratkvæði mín undir II. 3. og 5. tölul., þá er þess að geta, að úr því nefndin vildi hafa kennara með föstum launum og þannig nokkurs konar skóla, og með því enn fremur að það lítur út fyrir, að gjört verði vandamönnum mál- og heyrnarleysingja að skyldu, að koma þeim til kennslu, og þar eð innlend kennsla sýnist miklu hentugri að öllu leyti, virtist mèr sem að laun þau, er nefndin vill ákveða sèra Páli Pálssyni sèu allt of lítil, þess vegna stakk eg upp á, að hann fengi 500 rd. laun í staðinn fyrir 200 dala laun, sem nefndin stakk upp á, og með því staður sá, þar sem sèra Páll á heima, er einhver hinn óhentugasti á öllu landinu fyrir hlutaðeigendur að koma þangað málleysingjunum, þá stakk eg upp á, að hann sæi sig ekki úr færi um, að fá sem allra-fyrst meðal- eða betra brauð í þeim hèruðum landsins, þar sem daufdumbaskólinn þykir sem haganlegast settur. En síðan að eg kom fram með þessa uppástungu, hefi eg fengið að vita, að tekjur hans í brauði því, sem hann nú er á, eru miklar, og að hann hefir bætt jörð þá, er hann býr á, ágætlega, svo það mundi verða til mikils skaða fyrir hann að rífa sig upp þaðan, hversu gott brauð sem hann fengi, þá sè eg að ætlun mín, að þetta gæti bætzt honum með þeim 500 dala launum, sem eg stakk upp á að hann skyldi fá, er engan veginn rètt. Með því eg nú hefi komizt að því, að ætlan mín getur eigi náð tilgangi sínum, tek eg aptur báða þessa töluliði (II. 3. og 5.), svo að þingið þurfi ekki að eyða tíma til þess. Aptur á móti verð eg fast að halda við II. 8. tölul., að hann takist sem viðauki við uppástungu nefndarinnar, því eg vil að hann hafi allt af aðstoðarmann, og að hann kenni öðrum, þegar hinn fer. Eg vil sum sè, að aðstoðarkennari sè ætíð til taks bæði til að kenna í embættisanna- og sjúkdómsforföllum sèra Páls, og sömuleiðis til að taka að sèr kennsluna, þegar sèra Páls kann á einhvern hátt að missa við.

Forseti: Eg vona, að þingmenn hafi tekið eptir, að II. 3. og 5. tölul. á atkvæðaskránni eru teknir aptur, og falla þessir tölul. því burt, ef enginn þingmaður tekur þá að sèr, og gjörir þá að sinni uppástungu.

Páll Pálsson: Eg kann betur við að tala fáein orð, áður en máli þessu lýkur. Eg er á sama máli og eg var við undirbúningsumræðuna viðvíkjandi orðinu «orðin», að eg vil bæta því framan við 10—14 í uppástungu nefndarinnar. Aptur á móti get eg ekki aðhyllzt ákveðna rýmkun á aldurstakmörkunum, því það liggur í augum uppi, að verra er að kenna barninu, þegar það er orðið gamalt. Eg sagði það áður, og segi það enn, að eg vil ekki hamla hæfum börnum frá kennslu, þótt gömul sèu í byrjuninni, meðan kennslustofnun þessi er að komast á, en eg vil fyrirbyggja það í framtíðinni. Það sjá allir að ofseint er að byrja kennslu á barni 18 ára gömul, þó eg fyrst um sinn ekki hafi haft á móti því; enda hef eg tekið börn, þótt þau hafi verið komin yfir tvítugt. Mèr finnst það óþarft að stuðla að því, að börnin verði ofgömul, áður en þau eru látin byrja að læra. Það er vanalega álitið heyra til, að börn skuli hafa byrjað nám 10 ára gömul, hví skyldu þá ekki hin mállausu börn einnig eiga að vera undir sömu reglu? Eg verð því að vera beinlínis á móti tölul. I. 1. Um uppástungurna undir II. 1. tölul. get eg varla talað; hún er fyrir neðan það, að á hana verði minnzt. Eg skal að eins geta þess, að samkvæmt henni gæti það komið fyrir, að eg hefði kennt barni í 5 ár, og þá deyi barnið, þá ætti eg ekkert að fá fyrir ómak mitt. Öðru hefi eg eigi hèr við að bæta. Eg hefi þegar sèð mót á því, að þingið muni koma málinu í æskilegt horf.

Hallgrímur Jónsson: Breytingaratkvæði mitt undir II. 1. tölul. er nú þegar dæmt, og býst eg varla við, að hægt sè að mæla því bót, þó það hefði góða meiningu við að styðjast. Það kann að vera, að þar sè lítið tiltekið og það þyki helzt að því. En mèr fannst það varla geta verið meiningin, að sèra Páll, sem situr á einu af betri brauðunum, er í fjölmennri sókn og á þar að auki að þjóna nú sem stendur fleiru en 1 prestakalli, yrði skyldaður til, eða gæti skyldazt til að takast á hendur reglulega skólakennslu, heldur að hann tæki við einstöku börnum til kennslu fyrir bón hlutaðeiganda, og hefði frjálst vald eptir vilja sínum að játa því eður neita, líka með tilliti til þess, hvort honum virtist að barninu yrði kennt, því sum af þessum aumingjum munu vera svo báglega á sig komin, að varla er unnt að kenna þeim. Enn fremur er maðurinn næsta illa settur til að hafa slíka skyldukennslu á hendi, þar sem hann er í þeirri strjálbyggðustu sýslu, sem fjærst liggur fjölmennu plássunum, og þaðan mundi þó meiri von á málleys-

ingjunum, og eru þá því meiri örðugleikar á því, að koma þeim til hans. 140 dalir, sem hann má taka með hverju barni sem meðgjöf, virðist mèr vera svo ríflcg þóknun fyrir fæði og föt barnanna, að hann sè vel í haldinn, í það minnsta svarar það miklu meiru en menn almennt hèr sunnanlands meta fullorðins manns fæði og föt upp á slèttan og einfaldan máta. En þessa mína tillögu, að hann fengi 30 dali að eins sem eins konar «honor» eða heiðursvott fyrir aflokna kennslu hvers barns, sem hann um daginn kallaði dæmalausa, en í dag neðar en svo að á það verði minnzt, álít eg þó engan veginn svo fjarstæða, eins og honum þótti. Það er hverju orði sannara, að barnið er dauðlegt, en sèra Páll er það líka, og þá hefir hann sín laun með sèr þegar þangað er komið, fyrir það sem hann hefir gjört hèr gott, og það verður honum miklu meira virði en margir dalir hèrna megin. Það má annars vera óþægilegt fyrir þennan þingmann að vera aptur og aptur að bera sig fram á bænarörmunum fyrir alþingi, þar sem hann þó veit eins vel og hver annar þingmaður, að fjárskortur hamlar öllum nytsamlegum fyrirtækjum í landinu, auk heldur að þingið geti sinnt annari eins rellu og þessari.

Eiríkur Kúld: Eg get eigi verið hinum háttvirta framsögumanni samdóma um það, að breytingaratkvæði mitt undir tölul. 3 endilega þurfi að leiða til þess, að málleysingjarnir verði skoðaðir sem sveitarómagar, og eg er sannfærður um, að, ef hann íhugar þetta vandlegar, þá mun hann sjá, að þetta hefir verið misskilningur hjá sèr, því hann veit, að prestar hafa afskipti af þeim hvort sem er; þannig gefa þeir árlega skýrslu um þá málleysingja, sem eru í sóknum þeirra. Eg verð að álíta, að þessi breyting mín sè í alla staði hagkvæm fyrir málleysingjana sjálfa, því eigi verður við því búizt, að prófastur og sýslumaður sèu jafnvel kunnugir í hverjum hrepp í sýslunni, eins og hver prestur og hreppstjóri er í sínum hrepp, nema að eins í þeim hreppum, er þeir sjálfir eiga heima í, og þess vegna er það eigi ætlandi, að þeir eigi eins hægt með að útvega málleysingjunum góða samastaði eins og hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri. Eg ætla eigi að fara að gjöra þetta mál að kappsmáli, og vona líka, að eg eigi þurfi að mæla mikið fram með þessari breytingu minni, þar eð margir tóku vel undir hana við undirbúningsumræðuna. Það gladdi mig mikillega, að hinn háttvirti þingmaður Dalamanna tók aptur breytingaratkvæði sín undir II. 3. og 5. tölul., því annars hefði eg neyðzt til þess að gefa at-

kvæði á móti þeim, eigi af þeirri ástæðu, að eg eigi vilji hlynna að allri innlendri kennslu, eins og mögulegt er, heldur af þeirri ástæðu, að eg hefi mèr hugföst orð hins háttvirta konungsfulltrúa, er hann sagði um daginn, að þingið ætti að fara varlega að biðja um mikinn fjárstyrk, meðan svona stendur á högum vorum. En hvað breytingaratkvæði hans undir tölul. 8 snertir, þá álít eg það mjög nauðsynlegt, því sèra Páll er dauðlegur, eins og vèr allir, og ef hann engum kennir, þá erum vèr, þegar hans missir við, jafnnærri eptir sam áður, og verðum þá að senda alla málleysingja til Kaupmannahafnar, sem bæði er mjög óhentugt, og miklum erfiðleikum bundið. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga tók mjög óstinnt upp breytingaratkvæði hins heiðraða þingmans Borgfirðinga undir II. 1. tölul., en mèr fannst hann leggja allt of harðan dóm á það, því það er auðvitað, hvað honum hefir gengið til með því, og eg ætla, þótt eg reyndar viti, að hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga muni þykja það nokkuð hart (*Páll Pálsson*: Já), að gefa atkvæði mitt með því breytingaratkvæði, úr því eigi er á atkvæðaskránni nein uppástunga um, að hann fái hjá stjórninni þóknun í eitt skipti fyrir öll, eins og hann hefir einu sinni áður fengið, því þeirri uppástungu mundi eg glaður hafa gefið atkvæði mitt. En þetta, sem uppástunga hins háttvirta þingmanns fer fram á, er þó betra en ekkert, og góð viðbót við þá 120 til 140 dali, sem hann má taka með hverju barni um árið, því það verður þó eigi annað sagt, en að það sèu ríflegir fæðispeningar með barni í sveit, þar sem meðgjöfin með barni er vanalega hvergi meiri, en 6 vættir, hèrumbil 30 dalir, og þá eru eptir 90 dalir, sem er nokkurn veginn viðunanlegt kennslukaup, einkum ef þau eru fleiri en eitt eða tvö. Mèr virðist sèra Páll eigi nógu lítilþægur; eg segi þetta eigi af því, að eg álíti, að hann sè eigi launaverður, og ef vèr hefðum mikið fè, þá mundum vèr eigi horfa í að veita honum góðan fjárstyrk, en eins og nú er ástatt fyrir oss, getum vèr það eigi, og sè eg því eigi, að eg geti gjört annað betra en hallast að breytingaratkvæði hins háttvirta þingmans Borgfirðinga.

Þórarinn Böðvarsson: Viðvíkjandi breytingaratkvæðum mínum undir tölulið 6. og 7., þá var það tilgangur minn, að eg vildi sem mest styðja að því, að kennslan yrði innlend, en vil þó setja kennaranum viss takmörk, er hann á að hafa lokið kennslu hvers barns á, en að prestur, sem þjónar brauði á Austurlandi, þar sem erfiðast er að ná til manns, geti stundað þessa kennslu eins vel

þar, eins og sumstaðar annarstaðar hèr á landi, það er ómögulegt; þess vegna er það rètt og gott, að skylda hann til, að kenna öðrum, að segja til málleysingjum. Ef þingið fellst á uppástungu nefndarinnar, um að hann fái 200 rd. árleg laun, sem kennari heyrnar- og málleysingja hèr a landi, þá fellur af sjálfu sèr breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, og þarf eg því eigi um það að tala.

Framsögumaður: Viðvíkjandi tölulið I. 3., þá ætla eg eigi að gjöra það að kappsmáli; en hvað snertir II. 1. tölulið, þá skal eg enn leiða athygli hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga að því, að þessi uppástunga hans er mjög ósanngjörn, bæði að því leyti, hve lítil þessi þóknun er, sem hann vill veita kennaranum, og að því leyti, að hann á að bíða eptir borguninni, þangað til barnið hefir lokið námi sínu. En hvað tölulið II. 8. snertir, þá játa eg það, að eg hafði eigi athugað orðin: «jafnótt og þörf gjörist», því það er vitaskuld, að það getur orðið áríðandi, að kenna að minnsta kosti fleirum en einum, þar eð það getur vei að borið, að sá, er numið hefir, deyi, þegar minnst varir; en aptur á móti er það óþarft og ósanngjarnt, að skylda þann málleysingjakennara, sem vèr höfum nú, til að kenna mjög mörgum. Hvað II. 6. og 7. snertir, þá verð eg enn að vera á því, að það eigi ekki hèr heima, heldur í því Instruxi, sem stiptsyfirvöldin eiga að gefa kennaranum.

Jón Sigurðsson: Með því mál þetta hefir verið allmikið rætt, þá ætla eg, að eigi sè þörf á fyrir mig, að fara um það mörgum orðum. En af því eg á 2 breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, þá ætla eg að gjöra grein fyrir þeim. Eg hefi að vísu engan heyrt hafa neitt verulegt á mót uppástungu nefndarinnar, en veit þó eigi, hvort mönnum er fyllilega ljóst, hvað það er eða hverja þýðingu það hefir, sem menn eiga að greiða atkvæði um; en um þetta vil eg að þingið gjöri sèr greinilega hugmynd áður en til atkvæða er gengið. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga talaði um, að maður ætti að fara varlega í, að biðja um fjárstyrk til nýrra fyrirtækja eða stofnana, meðan svona er ástatt hag vorum, að vèr höfum engin fjárhagsráð, og engan fjárveizlurètt, og eg skal játa, að sú regla er rètt yfir höfuð að tala, en menn verða þó að gá að því, hvað það er, sem verið er að biðja um, og hvort eigi er brýn nauðsyn til, að það, sem menn ætli að koma fram með fjárstyrknum, fái framgang sem fyrst; því eg verð að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þingið eigi hispurslaust að kveða upp af þeim þörf-

um sínum, sem því bráðliggur á, hvort sem það er búið að fá fjárhagsráðin í hendur eða ekki; en hinar fjarlægari og minna áríðandi þarfir vorar held eg að þingið eigi að láta liggja milli hluta í þetta sinn að minnsta kosti. Hvað nú þetta mál snertir, er hèr ræðir um, þá hefir mèr heyrzt, að allir séu á sama máli um það, að það væri mjög æskilegt og nytsamlegt, að kennsla heyrnar- og málleysingja yrði innlend, og þegar vèr fáum ráð á fjárhag vorum, þá mundum vèr örugglega styðja að því. Þegar vèr nú erum á þessari skoðun, þá eigum vèr líka nú þegar að fara að greiða fyrir málinu með því, að koma kennslunni í eðlilegra horf og á fastari fót, en hún hefir verið. Nú fæ eg eigi séð, að sèra Páli verði gjört að skyldu, að halda kennslunni áfram, nema hann fái fasta árlega þóknun fyrir kennsluna, því laun get eg eigi kallað það, þó hann fái eina 200 rd. um árið, en ef hann fær fasta árlega þóknun, þá er hann skyldur til, að halda kennslunni áfram. Hvað I. 3. snertir, þá virðist mèr af þeim ástæðum, er eg tók fram við undirbúningsumræðuna, það vera eðlilegra, að umsjónina með hverjum málleysingja hafi á hendi presturinn og hreppstjórinn í þeirri sveit, sem hann á heima í, en ekki prófastur og sýslumaður; eg er líka sannfærður um, að það verður affarasælla fyrir málleysingjana sjálfa. Hvað breytingaratkvæðið undir II. 1. tölulið snertir, þá er eg öldungis samdóma hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga um það, að það sè alls eigi til að tala um; það er sama sem að bjóða manni ekki neitt, að eiga von á 30 rd. að aflokinni kennslu hvers heyrnar- og málleysingja, sem mun geta orðið 4—6 ár. Að stinga upp á þvílíku, sýnist mèr þinginu fremur til vanvirðu en sóma. Viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu undir tölulið II. 2., þá skal eg geta þess, að eg álít, að vèr eigum einskis fjár að krefjast eða beiðast af stjórninni eins og nú stendur á, nema vèr um leið bendum á, hvaðan fèð skuli taka. Eg hefi nú yfirfarið áætlunina yfir tekjur og útgjöld Íslands fyrir þetta ár, sem legið hefir til skoðunar á lestrarsalnum, og er þar öllum tekjum landsins ráðstafað á ýmsan hátt, og til ýmissa útgjalda, nema einungis þeim 4,374 rd. 45 sk., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda. Eg get nú naumast ætlað, að stjórnin sè búin að ráðstafa þessu fè, og eg er sannfærður um, að henni er það kærkomið, ef vèr bendum henni á, hversu þessu fè skuli verja, og ef vèr gjörum það, þá sýnum vèr líka, að vèr erum ekki alveg hugsunarlausir um fjárhag vorn. Hvað tölulið II. 9. snertir, þá er

það að eins orðabreyting frá því, sem nefndin hefir stungið upp á, en sem eg ætla að gjöri meininguna skýrari og ljósari. Eptir uppástungu nefndarinnar getur sèra Páll fengið launin, hvort sem hann kennir eða ekki, en eptir minni uppástungu er það bundið því skilyrði, að hann haldi kennslunni stöðugt áfram. Eg ætla svo ekki, að tala um fleiri tölulíði á atkvæðaskránni, en einungis geta þess, að eg mun fallast á suma þeirra, en suma ekki.

Sigurður Gunnarsson: Eg á ekkert breytingaratkvæði á atkvæðaskránni. En mèr hefir fundizt menn dæma of hart tölulið II. 1., því eg ímynda mèr, að meining höfundarins sè sú, að kennarinn fái 30 rd. á ári fyrir hvert barn, sem hann kennir, og yrði það þá hèr um bil sama fjárupphæð, eins og nefndin stingur upp á að hann fái, ef hann kennir 6—8 unglingum. Þegar eg skil breytingaratkvæðið svona, líkar mèr það betur en uppástunga nefndarinnar.

Forseti: Úr því ekki taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg gjöri ráð fyrir þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Síðan var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig: (Sbr. II. bls. 247).

Forseti: Það, sem því næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er inngangsumræða um uppástungu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns um, að leggja toll á ýmsar vörur innfluttar og útfluttar. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra hana fyrir þinginu eptir því, sem honum þykir þörf á vera.

Jón Hjaltalín: Eg skal þá lesa uppástunguna. (Sbr. II. bls. 249).

Eg ætla nú ekki fyrst um sinn að vera margorður um uppástungur þessar, en eg skal reyna að svara þeim mótmælum, er koma fram gegn þeim. Eg vona fastlega, að þingið taki uppástunguna til greina og setji nefnd í málið, því eg efast ekki um, að hver maður, sem nokkuð þekkir til hagfræði, muni játa það, að sá, sem ræður yfir efnum landsins, hann ráði yfir landinu sjálfu. En hver ræður þá yfir efnum þessa lands? Það gjöra kaupmennirnir. Þegar menn falast eptir fè, sem kemur hingað til bæjarins, þá er það allt af viðkvæðið: «Þú skalt fá það annaðhvort á fæti eða eins og það leggur sig». Það var lengi vel, sem eg ekki skildi þetta, en seinna komst eg að því, að sú er mein-

ingin: Þú skalt fá það, ef þú borgar það, eins og kaupmaðurinn borgar það með vörum sínum. Þetta er sannarlega falleg stjórn; það sèst líka á ávöxtunum, því það er fjöldi manna hèr við sjóinn, en lifir á eintómum blóðmör og þorskhausum, sem hvergi undir sólinni væri talin boðleg fæða, nema hèr hjá þessum aumingja Íslendingum; það vita þó allir, hve mikið undir því er komið, að það fólk, sem að vinnu á að ganga, fái holla og nærandi fæðu, en hèr er allt öðru máli að gegna. Hèr lifir vinnufólkið víðast hvar á óhollri og lítt nærandi fæðu. En af hverju kemur þetta? Það kemur af stjórnleysi. Stjórnin verður að skipta sèr af högum vorum, ef vel á að fara, og allt ekki fara í hundana. Vèr getum borið landsstjórnina saman við hússtjórn. Hvernig mun sú hússtjórn fara úr hendi, þar sem allt er í óreglu? Setjum t. a. m. það dæmi, að á einu heimili sèu 6 vinnumenn og 4 vinnukonur, og húsbóndinn vegur þessu fólki út, en það eru svo ráðlausar skepnur, að þær selja og brutla út allri útvigt sinni fyrir einhvern óþarfa; svo kemur húsbóndinn til þeirra og segir við hjúin: Því eruð þið ekki að vinna? Þá segja þau: «Æ, við erum svo máttlaus, við getum það ekki. Við höfum látið það í burt, sem við áttum að borða, og höfum nú ekkert að nærast á». Öldungis á sama hátt gengur fyrir þeim löndum, þar sem engin landsstjórn er; þar er eytt öllum ósköpum af alls kyns óþarfa, kaffi, brennivíni og ýmsum ölföngum; en látum þá drekka brennivín og malað kaffi, sem eitthvað hafa afgangs, en mèr sýnist það hreinn óþarfi, meðan fátækraútsvarið hækkar um þrefalt á 15 árum. Nú eru líka margir tollar orðnir svo háir, að ómögulegt er, að innkrefja þá; þannig er t. d. jafnaðarsjóðurinn, sem líka er lagður á lausafjárhundruðin, en þau eru nú reyndar allt af að fækka, því fèð minnkar óðum í landinu, svo að tollur þessi er nú orðinn 16 skildingar, sem fyrir eigi all-löngu var ekki meira en 4 sk. af hverju lausafjárhundraði. Það hefir verið sagt við mig optar en einu sinni: Hvað viltu vera að leggja toll á útflutta vöru? og eg býst við, að fá það framan í mig hèr á þinginu; en eg skal reyna að svara því, þegar þar að kemur. Eg orðlengi nú þetta ekki frekar að sinni, en vona að eins, að þingið taki málið til yfirvegunar og kjósi nefnd í það.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki að svo stöddu máli fara út í það, hvort uppástunga hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, sem nú var lesin upp, um tollálögu á ýmsar aðfluttar og útfluttar

vörur, sè hagfelld, eða sèr í lagi, hvort hún sè praktisk. En eg skal leyfa mèr að taka það fram, að uppástunga þessi er nýstárleg að því leyti, að uppástungur um nýja skatta og nýjar álögur eru vanar að koma frá stjórninni, en ekki frá þegnunum, sem eiga að gjalda skattana beinlínis eða óbeinlínis. Þegar stjórnin ekki treystir sèr til að komast af með þær tekjur, sem fyrir hendi eru til hinna nauðsynlegu útgjalda, eða til að framkvæma nýjar ráðstafanir, þá er hún vön að fara til þegnanna eða fulltrúa þeirra og stinga upp á við þá, hvort þeir vilji ekki leggja fram það fè, sem hún þarfnast, og bendir jafnframt á, hvernig fèð geti fengizt á minnst tilfinnanlegan hátt fyrir þegnana. Hitt er óvanalegra, að þegnarnir fari að fyrra bragði til stjórnarinnar og leiði henni fyrir sjónir, að hún þurfi á meira fè að halda, en hún hafi til umráða, og beri því upp þá allraþegnsamlegustu bæn, að mega leggja á sig nýja skatta, mega leggja fram meira fè, til þess að stjórnin geti fengið fleiri peninga í hendur.

Hans hátign konungurinn hefir nú lagt fyrir þingið frumvarp til tilskipunar um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, en ekki álitið nauðsynlegt að stinga upp á öðrum nýjum álögum. Stjórnin álítur því, að hún ekki þurfi að sinni meira fè, en tekjurnar sem nú eru, að viðbættum afrakstrinum af þessum nýja tolli, til þess að koma fram þeim ráðstöfunum til framfara Íslands, sem brýnust nauðsyn er á. Það sem stjórnin ætlast til af þinginu er þá, að það samþykkist þessari nýju álögu, sem hún stingur upp á, en hitt væri ofætlun, að þingið segði: við viljum ekki að eins borga toll af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, eins og stjórnin stingur upp á, heldur viljum við borga enn meira; við viljum líka borga toll af tóbaki og brenndu kaffi, og af hestum, sauðfènaði og ýmsu öðru, sem við seljum til útflutnings úr landinu. Mèr finnst ekki vert, að þingið sè svona rausnarlegt, heldur að það bíði átekta, láti stjórnina stinga upp á nýjum sköttum, ef þeirra verður þörf, en vera ekki að fyrra bragði að bjóða henni peninga, sem hún ekki álítur sig þurfa.

Eg verð því að leggja á móti, að þingið taki þetta málefni til meðferðar að sinni, en eg kann hinum háttvirta uppástungumanni þakkir fyrir þær bendingar, sem hann með uppástungu sinni hefir gefið stjórninni um það, hverja leið hún eigi að fara, ef hún síðar kemst til þeirrar viðurkenningar, að hún þurfi að leita þingsins á ný til þess að auka tekjur landsins enn meir.

Jón Hjaltalín: Eg skal leyfa mèr að svara hinum háttvirta herra, er í konungsfulltrúastólnum situr, fáum orðum. Hann sagði, að það væri nýstárleg aðferð, er eg færi fram á í uppástungu minni, þar sem eg vildi láta þjóðina stinga upp á skattaálögum, í stað þess að stjórnin ætti ávallt að gjöra það. En eg verð að lýsa því yfir, að þetta er öldungis rangt hermt hjá honum, því þess má finna mörg dæmi bæði í Englandi og Ameríku, þó það kann ske sè ekki í Danmörku, að þing og nefndir manna opt hafa stungið upp á, að tollar væru lagðir á landið, og nú hèlt eg, að Danir ekki þyrftu að hafa ástæðu til að segja um oss Íslendinga, sem þeir opt segja, og hinn háttvirti aðstoðarmaður hefir sjálfur víst opt heyrt, að það væri bágt við oss að eiga, því við vildum fá allt, en hefðum ekkert fè til. Hinn háttvirti herra sagði líka, að stjórnin vissi vel, hvað væri nóg til landsins þarfa og nauðsynja. Það gleður mig, ef svo er, en má eg spyrja: Er ekki þörf á fleiru að gjöra hèr, en það sem stjórnin lætur gjöra? Jú margt og mikið, en það verður eigi gjört með engu í höndunum. Eg vil taka eitt dæmi, sem eg veit að öllum er kunnugt, það er um vegatollinn. Eg veit ekki betur, en að alþingi stingi upp á, að hafa þennan toll tvöfalt hærri, en hann er, en stjórnin setti hann niður. En eg vil spyrja: ætli það hefði verið gjört of mikið við vegina, þó stjórnin ekki hefði lækkað tollinn? Eg vil biðja þann þingmann, er segir það, að gjöra svo vel og standa upp. Eg læt þetta nú vera, hefði stjórnin hugsað sem svo: «þeir hafa líklega ekki meiri peninga», en látið þá halda áfram skylduvinnu jafnframt. Eru þá betri vegir nú en áður? Það verður víst lítið á munum; þess konar lög, sem ekkert lið verður að, verða menn að segja að sèu ónýt. Professor Kantú segir í veraldarsögu sinni, sem er svo nafnfræg: »Ef einhver vill sjá miðöldina, þá fari hann upp til Íslands». Er þetta stór sómi fyrir stjórnina og landið? Hvað lengi eigum vèr nú að halda oss í þessu ástandi? eigum vèr ekki að reyna að leggja nokkuð í sölurnar til þess að geta þokazt úr því? Eg skal segja hinum háttvirta herra, sem í konungsfulltrúastólnum situr, það sem hann líklega ekki veit, að í Ameríku hefir verið lagður útfærslutollur á ýmsar nauðsynjavörur, t. d. bómull, en það gjörðu þeir, þegar þá hèr um árið skorti fè til hernaðarins. Eg þarf heldur ekki annað, en leggja fyrir hann hinn enska «Tarif» til þess að sannfæra hann um, að sama á sèr einnig stað á Englandi, Þar er t. d. lagður tollur á steina (koparsteina, járn-

steina), sem menn eigi geta sagt að sè óþarfavara. Það er því alls ekki óheyrt dæmi. Það er sama eins og menn segðu: það má ekki banna hjúunum að selja mötuna sína, eins vill hann ekki láta banna landsmönnum, að selja mesta þarfa-eigur sínar til annara landa. Enda þótt eg beri virðingu og «respect» fyrir hinni dönsku stjórn, þá get eg þó eigi annað sagt, en að hèr sè óendanlega margt ógjört, er gjöra þarf, og lízt mèr eigi á ástand vort, einkum síðan eg nýlega hefi sèð reikninga, er svo eru lagaðir, að vèr eptir þeim eigum að byrja að hokra með 75,000 dala «undirballance» til stjórnarinnar, og get eg varla trúað því, að stjórninni misliki, þótt vèr skjótum nokkru fè í vasa hennar til þarfa vorra.

Guðmundur Einarsson: Eg veit upp á víst, að það efast enginn um, að hinn háttvirti 3. konungskjörni þingmaður hefir jafnan hinn bezta vilja, að gjöra landi sínu allt til gagns og sóma, sem hann getur. En hitt er annað mál, hvort hann ætíð velur hin hentugustu og hagkvæmustu meðul til þess að kom þessum vilja sínum fram. Þegar eg nú sný mèr að uppástungu þeirri, sem hann í þetta sinn hefir lagt fyrir þingið, þá er eg viss um, að hann hefir haft hinn bezta tilgang með henni, en eigi að síður verð eg að álíta, að hún engan veginn sè heppileg, eins og nú stendur á fyrir oss. Eg hlýt líka að taka það alvarlega fram, að mèr virtist hann leggja allt of harðan dóm á landa sína áðan, og eg dirfist að segja, að margt var ósatt í ræðu hans, því þótt það reyndar eigi verði varið, að landar vorir, að minnsta kosti sumir hverjir, fari óforsjállega með efni sín, þá er það þó ofhermt, eins og hann lýsti því. Það gladdi mig mikillega, hvernig hinn háttvitri aðstoðarmaður konungsfulltrúa tók undir þetta mál, og er eg honum með öllu samdóma. Hvað það snertir, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði áðan í ræðu sinni, að kaupmennirnir væru fjárhaldsmenn vorir, þá verð eg alveg að neita því, að minnsta kosti hafa þeir aldrei verið mínir fjárhaldsmenn, en vèr höfum annan fjárhaldsmann nú sem stendur, sem sèr um efni vor og ræður þeim. Það er nú þegar búið að leggja eitt tollmál fyrir þingið, og mèr virðist það nóg í bráð, þótt ekki sè farið að bæta öðru við, og demba þannig einni álögunni ofan á aðra, svo þjóð vor fái ekki risið undir. Eg verð því að ráða frá, að nefnd sè sett í þetta mál, þar eð eg álít uppástunguna ótímabæra og í flestum greinum óhæfilega.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það sannarlega hart, að hinn hátt-

virti þingmaður skuli helzt vilja, að sem mest af nauðsynja- og þarfavöru sè flutt út úr landinu, en þar á móti að sem mest af ónauðsynja- og óþarfavöru sè flutt inn í landið. Máske honum þætti það gott líf og heilsusamlegt, ef landsmenn eigi lifðu á öðru en möluðu kaffi; máske honum líka líki það vel, að næstum allir hestar sèu seldir út úr landinu, svo að eigi verður annað fyrir sèð, og er þegar farið að verða svo, en að stór vandræði muni af því hljótast.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ímynda mèr, að þetta mál sè öllum svo ljóst, að eigi þurfi langar umræður um það, og vil eg því stinga upp á, að umræðuuum sè hætt, en þegar gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eða eigi.

Sigurður Gunnarsson: Eg kannast fúslega við, að hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni hefir gengið allt gott til að bera upp þessa uppástungu, og veit, að hann hefir borið hana fram af umhyggju fyrir velferð landsmanna sinna; það er von, að öllum skynsömum mönnum blöskri þessi mikli óþarfi, sem landsmenn hèr eru að kaupa. Ef tollur væri lagður á sumt af því, gæti það gjört tvöfalt gagn, minnkað óþarfakaupin og auðgað landssjóðinn, og líku máli er að skipta, þó tollur væri lagður á sumt, sem sent er út úr landinu því til mikils meins.

Eg hefi heyrt þess getið, að sumum verði illt af þessu malaða kaffi, og er þá líklega eitthvað óhollt í því, og það heyrði eg núna á austanleiðinni um hestasöluna úr sveitum að horfði til mikilla vandræða af henni, því sumir aumingjar seldu þá einu drógina, sem þeir ættu, og yrðu þeir svo að bera að sèr á bakinu eða aðrir að flytja að þeim, ef þeir ættu að geta hangt inni. Sama má segja um fjársölu, sem líka er að fara óðum í vöxt; hún er og að mínu áliti mjög skaðleg fyrir landsmenn sjálfa, og gæti verið þarflegt, að einhver tollur væri lagður á útflutt fè eins og hesta, bæði til að minnka útflutninginn og auðga landssjóð. En hins vegar er eg eigi meðmæltur neinum tollum, eins og nú stendur á, til að auðga landssjóð þennan, sem vèr höfum engin ráð yfir enn, og óvíst er, hve nær vèr fáum. Meðan eg veit eigi, hver á að skamta úr honum, get eg varla lagt með tollum handa honum. Því er eg deigur á, að mæla með nefnd í þessu máli.

Jón Pètursson: Eg fyrir mitt leyti álít að þessi uppástunga hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns hafi margt gott til að bera, og þótt sumt sè að vísu í henni, er efasamt kann að þykja,

hve haganlegt eða hentugt muni vera, þá virðist mèr þó ísjárvert fyrir þingið, að kasta henni alveg frá sèr, og vil eg því stinga upp á, ef þingið eigi vill setja sèrstaka nefnd í málið, að það þá vísi henni til nefndarinnar í brennivínsmálinu.

Jón Hjaltalín: Það vil eg alls ekki; eg tek uppástunguna heldur aptur, en að henni sè vísað þangað.

Eiríkur Kúld: Mèr þótti vænt um, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaðnr sló sjálfur varnaglann, því formaður nefndarinnar í brennivínsmálinu er sjálfur eigi á þingi í dag, og sú nefnd hefir nú þegar lokið starfi sínu og nefndaráliti. Hvað uppástunguna snertir, þá er eg sannfærður um, að hinum háttvirta uppástungumanni hefir gengið allt gott til með að bera hana fram hèr á þinginu, og er eg honum mikið þakklátur fyrir það, en þó verð eg að vera hinum háttvirta aðstoðarmanni konungsfulltrúans samdóma um það, að hún eigi sè borin upp á rèttum tíma; mèr finnst heldur eigi alstaðar vera rètt hugsun í henni; þannig er það talið þar framsýnum og forsjálum mönnum til gildis, að þeir geymi haustull sína þangað til á vorin, og selji hana þá eins og vorull; eg veit eigi, hvort það er rètt að kalla þetta forsjálni eða framsýni; mèr finnst það miklu heldur mega kallast brögð eða svik. Það er heldur eigi rètt að segja, að Íslendingar sèu svo grunnhyggnir, að þeir selji hesta sína kaupmönnum og útlendum mönnum með lægra verði fyrir óþarfa, svo sem brennivín og þetta títtnefnda malaða kaffi, en þeir selja þá hvorir öðrum móti peningum, að minnsta kosti veit eg ekkert dæmi til þess. Það er heldur eigi talað um í uppástungunni, hvort fè þetta á að renna, hvort það á að renna í landssjóðinn eða læknasjóðinn, en það getur nú verið, að uppástungumaðurinn hafi ætlað sèr, að láta það vera á valdi nefndarinnar, er hann óskaði að sett yrði í málið, hvernig hún vildi ráðstafa því. Uppástungan fer því líka fram, að tollur sè lagður á útfluttar lifandi kindur; eg veit eigi til, að svo mikil brögð sèu að því enn sem komið er, að minnsta kosti finnst mèr það varla vera til að tala um, þótt nokkrar kláðarollur hefðu verið fluttar út frá Suðurlandi tolllausar. Af þessum ástæðum finnst mèr rèttast, að uppástungumaðurinn tæki uppástungu sína aptur og biði við, þangað til stjórninni þykir ástæða til að leggja líkt frumvarp fyrir þingið.

Jón Hjaltalín: Eg vil öldungis eigi kalla það «svik», þótt bændur vorir sumir hverjir sèu svo hyggnir, að þeir geymi haust-

ull sína þangað til á vorin, og selji hana þá eins og vorull, eg kalla það forsjálni eða eins konar grein af Industrie. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga neitaði, að landar vorir seldu kaupmönnum hesta sína minna verði en þeir seldu þá hvorir öðrum, þá get eg til greint mörg dæmi upp á það. Það erl íka eðlilegt, því kaupmennirnir borga mest í brennivíni og möluðu kaffi, og suma taka þeir þá upp í skuldir. Hann sagði líka, að það væri heldur eigi að neinum mun, sem kindur væru fluttar lifandi út úr landinu; það getur reyndar verið, að það sè enn eigi orðið svo mikið, en hver veit, hvað það kann að verða. Reyndar lítur svo út, sem það eigi ekki vel að blessast þeim, að flytja mikið lifandi fè út úr landinu, því haustið 1865, þegar þeir keyptu mest af því á Austurlandi, fór það mestallt í sjóinn hjá þeim; á sömu leið fór með kjötið 1857, þegar þeir fluttu svoddan ósköp af því, að þeir misstu það líka mestallt í sjóinn. Eg skal líka sýna með dæmi, hve óðum þessi hestasala fer í vöxt. Árið 1868—9 voru flutt út hross hèr um bil 500 að tölu, flest af Suðurlandi, en árið 1870—71 voru flutt út hèðan hross hátt á annað þúsund að tölu, og geta allir sèð, að það fer að verða skarpt um hesta, ef þessu heldur áfram, einkum þar eð þeir nú líka kaupa merar, sem eru þó, eins og kunnugt er, mjög fáar hèr á landi í saman burði við hestana, þar sem 6 hestar eru á móti einni meri, og þó eru hestarnir eigi fleiri en 30,000, svo að vèr landsmenn getum eigi einu sinni tvímennt á þeim hestum, sem til eru; endirinn á þessu verður líklega sá, að fólk hættir að geta komizt til kirkju, og getur, þar sem löng er kirkjuleið, eigi verið til altaris; þess vegna finnst mèr það líka sízt sitja á prestunum að vera á móti því, að reynt sè til að stöðva þetta æði landsmanna. Árið 1869 voru fluttar út 15,000 gærur, flestar fyrir 1 dal, og mest ef kaupmenn borguðu þær með 7 marki, náttúrlega í vörum. Gærurnar voru allar af fullorðnu fè, því af lömbum taka þeir naumast. Þetta getur mèr nú eigi annað en virzt nokkuð ískyggilegt, þar sem fèð er nú eigi orðið meira en liðug 300,000, þótt það fyrir nokkrum árum væri yfir hálfa millión, og 1849 var það 700,000. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga fann það líka að uppástungunni, að þar væri eigi talað um, hvert fèð skyldi renna, þá skal eg segja honum það, að ef hann vill enga tolla hafa, heldur fyrirbjóða þetta allt saman, þá skal eg styðja hann í því, en eg hafði hugsað mèr, að nefndin, sem sett yrði í málið, skyldi stinga

upp á því, hvort fèð skyldi renna, en eg skal að eins geta þess, að þar sem menn eru svo mjög hræddir við, að láta nokkurt fè renna í þennan landssjóð, ef þeir, sem stjórna honum, eigi verja því hyggilega, þá finnst mèr það eigi vera svo mjög að óttast, því stjórni þeir honum illa, þá er ætíð hægt að setja þá af ráðsmennskunni yfir honum; aptur er eg meira hræddur um, að sumar af þeim uppástungum, sem nú eru komnar til þingsins, t. d. um sjómannaskóla, lagaskóla o. s. frv., eigi fái framgang, því eg sè hvergi það fè, sem til þess má verja. Eg skal nú eigi fara fleirum orðum um málið að þessu sinni, en að eins lýsa því yfir, að ef þingið fellir þessa uppástungu mína frá nefnd, þá mun eg eigi koma fram með fleiri uppástungur á þessu þingi, og eigi einu sinni um læknaskólann, enda þótt eg áður hafi gjört ráð fyrir því. Enda vakir það alveg ljóst og bert fyrir mèr, að ef þingið fellir þessa mína uppástungu, þá veit það eigi, hvað til síns friðar eða landsheilla heyrir.

Jón Sigurðsson: Eg vil styðja tillögur hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, að hinn heiðraði flutningsmaður taki uppástungu sína aptur, því að eg vil síður, að hún verði felld frá nefnd af þinginu, því eg er henni alveg samdóma, hvað aðalhugsunina snertir; eg álít nefnil., að vèr eigum einmitt að hafa það hugfast, að auka fjármegin landssjóðsins á allan þann hátt, sem eigi kemur í bága við hagsmuni alls landsins. Eg er því samþykkur uppástungunni að því leyti, að mèr virðist rètt og vel tilfallið, að leggja toll á ýmsar innfluttar vörur, t. d. malað kaffi, tóbak, o. s. frv., en mèr virðist aptur á móti ekki rètt að leggja toll á hinar útfluttu vörur, sem nefndar eru í uppástungunni, svo sem sauðfè, kjöt, gærur o. s. frv., og eg er sannfærður um, að hinn háttvirti uppástungumaður hefir haft í huga einungis hagsmuni Reykjavíkur og sveitanna í grennd við hana, en eigi alls landsins, þegar hann var að semja uppástungu sína, og eg er hræddur um að þingið áynni sèr lítið þakklæti í hinum fjarlægari hèruðum landsins, ef það yrði þess ollandi, að tollar yrðu lagðir á þessar vörutegundir. Nú er heldur eigi að mínu áliti hentugur tími til að koma fram með uppástungur um tolla, og eg er heldur eigi viss um, að þingið sè competent til að koma fram með þessleiðis uppástungur að fyrra bragði.

Jón Hjaltalín: Eg kom með þessa uppástungu, af því eg áleit hana nauðsynlega, já aldeilis bráðnauðsynlega, ef eigi á allt að

ganga á trèfótum í landinu. Þingið getur fellt hana, ef það vill, það er þess ábyrgðarhluti, því aptur ætla eg mèr eigi að taka hana, hún skal þó að minnsta kosti sjást í alþingistíðindunum. En felli þingið hana frá nefnd, þá skal eg lofa því og líka enda, að eg skal eigi koma fram með fleiri uppástungur á þessu þingi að sinni.

Jón Sigurðsson: Eg fyrir mitt leyti álít það gleðilegt, ef þingið eigi fær fleiri uppástungur frá þessum háttvirta þingmanni. En hèr ræðir nú einungis um málið sjálft, og hvað það snertir, þá er þingið alls eigi á móti því, en álítur einungis, að það sè eigi á hentugum tíma fram borið, og vill þess vegna, að þingmaðurinn taki nú þessa uppástunga sína aptur.

Jón Hjaltalín: Eg get ómögulega verið hræddur um, að þessum svo kallaða landssjóð verði svo illa stjórnað, að þess vegna eigi að hika við, að leggja tolla á landið, en með þessu getur ráðizt bót á fèleysinu, sem hefir sífellt verið skorða fyrir öllum framförum vorum. Eg get heldur eigi sèð, hve lengi allt á að ganga, eins og það nú gengur, og eigi heldur, hve lengi það getur gengið svona; aðflutningur af óþarfa-vöru fer óðum vaxandi, en af þarfavöru varla neitt. Eg skal leyfa mèr að lesa greinarkafla úr landshagsskýrslunum fyrir 1867, til þess að sanna þetta; þar segir nefnilega svo: «Aðflutningurinn hefir á þessum tímabilum ekki aukizt eins mikið á nokkurri vöru eins og á óþarfavörum, og teljum vèr með þeim brennivín og önnur ölföng, kaffibaunir, sykur og tóbak, en þar á móti hefir aðflutningurinn á hinni helztu þarfavöru, sem eru kornvörur, að sínu leyti farið miklu minna vaxandi; þannig hefir aðflutningur á flestum óþarfavörum, að tóbaki undantöldu, í samanburði við fólkstöluna hèrumbil tvöfaldazt á tímabilinu frá 1849—65, en aðflutningurinn á kornvöru á sama tíma eigi vaxið nema um um þriðjung. Eg vil nú biðja menn að segja mèr, til hvers leiðir þetta? Luxus tvöfaldast ár frá ári, svo að eg get eigi annað fyrir sèð, en að fátækir muni smásaman fara að fækka, þeir muni nefnil. fara að hrökkva upp af. Eg fel nú uppástunguna á vald þingsins, en skal að eins geta þess, að eg gjörði hana eptir beztu sannfæringu og eptir langa yfirvegun og umhugsun. Geti líkar uppástungur og þessi er eigi fengið framgang hèr á þingi, veit eg þó með vissu að hún finnur meðhald í eyrum margra skynsamra Íslendinga. Þeir finna, hvar skórinn kreppir að, þótt alþingi Íslendinga eigi látist finna það.

Eiríkur Kúld: Eg get eigi verið samdóma hinum háttvirta þingmanni Suðurþingeyinga í því, að vèr eigum að gleðjast yfir því, ef hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður eigi kemur fram með fleiri uppástungur fyrir þetta þing, því eg vona og er viss um, að hann eigi muni efna þetta loforð sitt. Eg hefi nú lengi vonað eptir frá honum uppástungu í læknamálinu, sem hann um daginn kvaðst ætla að leggja fyrir þingið, en sem enn er ókomin; skyldi nú þingið verða svo óheppið að fá eigi í þetta sinn uppástungu frá hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um þetta áríðandi mál, þá ætla eg að leyfa mèr að bera fram fyrir þingið uppástungu í þá stefnu, því hèr er allt öðru máli að gegna, en með lagaskólamálið, sem hann nefndi, og önnur slík mál, því hèr getum vèr vísað á fè, sem beinlínis er ætlazt til að varið sè í þarfir læknaskólans. Eg vona, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður styðji þetta mál, svo að ef spítalasjóðurinn kemst, sem eg vona, nú í gott horf, að læknaskólinn komist á sem fyrst.

Benidikt Sveinsson: Eg skal eigi lengja þingræðurnar með að styðja þessa uppástungu, þótt mèr virðist hún engan veginn hafa við svo slæm rök að styðjast, eins og mèr virðist margir þingmenn hafi álitið, en eg ætla að eins að gjöra fáeinar athugasemdir til þess að skýra það fyrir þinginu, hvers vegna eg eigi get gefið atkvæði mitt fyrir nefnd í þessu máli, sem þó að mínu áliti er mjög mikils varðandi í sjálfu sèr. Það voru einkum orð hins háttvirta aðstoðarmanns konungsfulltrúans, sem mèr þóttu eptirtektaverð. Hann sagði, að það væri nýstárlegt, að slíkar uppástungur kæmu frá þegnunum; það er að vísu satt, en hver er meiningin í þessum orðum hans? Ef þetta á að vera ástæða á móti því að nefnd sè sett í málið, þá er það sama sem að segja, að alþingi hafi eigi uppástungurètt í þess konar málum. Eg segi, að þetta hafi orðið að vera meining aðstoðarmannsins, því annars hefði hann eigi getað komið fram með það sem sanna ástæðu gegn nefnd í málinu. En þessari skoðun verð eg alveg að neita og mótmæla; alþingi hefir öldungis eins Initiativ- eða uppástungurètt í þessum málum eins og í öðrum málum, sbr. 59. gr. alþingistilskipunarinnar. Þar er þingmanninum, ef hann gætir hinna formlegu skilyrða, engin takmörkun sett önnur en sú, að hann verði að fylgja sannfæringu sinni um það, að það, sem hann stingur upp á, horfi til almennings-heilla og framfara. Hann er við ekkert «Instrúx» bundinn frá kjósendum sínum, og þá því síður

frá stjórninni. Eg vildi eigi láta þetta og annað eins standa ó» svarað í alþingistíðindunum, að verkahringur alþingis væri svo takmarkaður, að það eigi hefði uppástungurètt í þess konar málum, eins og hèr ræðir um, eða með öðrum orðum í skattálögumálum, því annars væri eins og vèr samþykktum þessa hættulegu villukenningu með þögninni. En eg vil spyrja hinn háttvirta aðstoðarmann konungsfulltrúa að gá að því, hvort eigi sè nýstárleg ástæða fyrir þingið til að koma fram með slíkar uppástungur sem þessa. Líti menn á ástand landsins frá austri til vesturs og frá norðri til suðurs, hvernig er það þá? það er sannarlega hryggilegt og aumkunarvert, svo að hver góður drengur hlýtur að finna hjá sèr hvöt og álíta það sóma fyrir sig, ef hann með einhverjum ráðum gæti bætt hin bersýnilegu vandkvæði lands vors og lýðs á löglegan hátt. Þetta er eg sannfærður um að vakað hefir fyrir hinum háttvirta uppástungumanni, eins og líka hann sjálfur hefir ljóslega skýrt frá. En það er aðgætandi, að hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúans sagði meira en þetta; hann sagði líka, að stjórnin hefði nóg fè til að stjórna landinu, hún hefði stungið að eins upp á einum tolli, það er að segja á brennivín og aðra áfenga drykki, og með því sýnir hún, að hún eigi þurfi meira fè til að stjórna landinu. Eg bið þingið að taka vel eptir þessum orðum, því hèr í felst beinlínis ástæða fyrir hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann til að taka uppástungu sína aptur. Eg bið, að þess sè vel gætt, að stjórnin, með því að leggja fyrir þingið þetta eina frumvarp um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, játar, að hún með því fái nóg fè til að stjórna landinu. En hvað er þá að stjórna landinu? Það er að allar bænir þegnanna, sem eru á rèttum rökum byggðar, og sem miða til almenningsheilla og framfara, sèu uppfylltar, því eg miða eigi við þá stjórn, er ekki getur kallazt annað en óstjórn. Og um slíka stjórn get eg eigi ætlað að aðstoðarmaðurinn heldur sè að tala. Allt svo af þessari ástæðu, að hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúans segir, að stjórnin hafi nóg fè til að bæta úr þörfum landsins, er eg því mótfallinn, að fleiri tollar sèu lagðir á landið sem stendur, eður að þess konar mál sèu tekin til umræðu á þessu þingi, og af þessari ástæðu gef eg atkvæði mitt móti því, að nefnd sè sett í málið, án þess eg þurfi að taka fram þá galla, sem að öðru leyti óneitanlega eru á uppástungunni.

Jón Hjaltalín: Eg hefði gjarnan viljað koma fram með upp-

ástungu í læknaskólamálinu, en úr því svona ætlar að fara með þessa uppástungu mína, þá gjöri eg það þó eigi. Þetta mál höggur mèr nær en þingið hyggur, að því leyti sem eg er læknir. Mèr finnst mèr skylt að halda því fram, að tollar sèu lagðir á þær vörur, er eg álít skaðlegar fyrir heilsu manna, t. d. eins og tóbak, malað kaffi o. s. frv. Það er annars ljót saga, er eg hef heyrt um það, hvernig þetta malaða kaffi væri tilbúið, en eg vil ekki segja hana, en hitt veit eg, að það er sumstaðar fyrirboðið. Hvað ormakornið snertir, er hingað hefir flutzt, þá álít eg það mjög skaðlegt, og hver veit nú nema þessir ormar flytjist til okkar malaðir í malaða kaffinu. Hvað hrossasöluna snertir, þá má kann ske segja, að hún eigi komi mèr við, hún komi meir við prestunum; en eg verð þó að segja, að hún komi mèr líka við, því svo getur staðið á, að sækja þurfi í skyndi meðul, og er þá eigi gott, ef hestlaust er heimilið. Hvað kjötsöluna snertir, þá fæ eg eigi annað sèð, en það horfi til vandræða. Vinnufólk fær enga krǫptuga fæðu og getur því eigi þolað vinnuna, heldur verður illt af henni, og þá verðum við læknarnir að fara að ráðleggja þessum aumingjum, sem ekkert gengur annað að, en skortur á almennilegri fæðu. Af þessu leiða líka önnur vandræði, það er skæðaskinnsleysið. Jeg sá t. d. nýlega tvo berfætta stráka vera að smala, og eg er viss um, að það fer bráðum að verða almennt, að menn gangi berfættir. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um uppástungu þessa, en að eins taka það fram aptur, að eg ætla eigi að taka uppástunguna aptur, heldur láta þingið fella hana, ef því lízt svo.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Því næst var gengið til atkvæða, en með því atkvæðagreiðslan þótti óglögg, var við haft nafnakall, og fèllu þá atkvæði þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Benidikt Sveinsson.	Eiríkur Kúld.
Jón Hjaltalín.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Pètursson.	Bergur Thorberg.
Sigurður Gunnarsson.	Davíð Guðmundsson.
	Egill Egilson.
	Erlendur Gottskálksson.
	Grímur Thomsen.

«Nei sögðu»:
Guðmundur Einarsson.
Hallgrímur Jónsson.
Hjálmur Pètursson.
Jón Kristjánsson.
Jón Sigurðsson.
Ólafur Pálsson.
Páll Pálsson.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Torfi Einarsson.

Helgi Hálfdánarson og Þórarinn Böðvarsson greiddu eigi atkvæði. Var málið þannig fellt frá nefnd með 17 atkv. gegn 4.

Forseti: Störfum vorum er þá lokið í dag. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til póstmála fyrir Ísland, einnig í málinu um konunglegt frumvarp til búnaðarskóla á Íslandi, og enn fremur í málinu um stofnun lagaskóla á Íslandi. Þessi nefndarálit verða send í afskript hinum háttvirta konungsfulltrúa, og lögð á lestrarsalinn, þar til þau koma til umræðu. Eg ákveð fund á mánudaginn kl. 12, og skal birta dagskrá á morgun um þau mál, sem þá verða til umræðu.

Fundi slitið.

---

14. fundur. — 24. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá næstundanfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni í málinu um stofnun sjómannaskóla á Íslandi, að þar er kosinn formaður Egill Egilson og Bergur Thorberg skrifari.

Það, sem þá liggur fyrir í dag samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. Hinn háttvirti varaþingmaður Húnvetninga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá því, eins og honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Jón Kristjánsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið (Sjá II. bls. 252).

Nefnd sú, er þingið kaus til þess að íhuga hið konunglega frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, er yfir höfuð að tala sátt og sammála innbyrðis, og hið konunglega frumvarp hefir hún svo algjörlega aðhyllzt, að hún hefir enga efnisbreytingu gjört á því, nema hún í 2. gr. hefir sett orðið «landsstjórn» í staðinn fyrir «dómsmálastjórn». Eigi heldur fannst nefndinni ástæða til að auka neinu við frumvarpið; eigi heldur sá nefndin ráð til að flýta málinu meir en frumvarpið fer fram á, enda þótt í ástæðunum sè bent á, að það sè mögulegt, en nefndin leitaði og fann eigi nein ráð til þess. Í ástæðunum segir nefnilega svo: «Þessar tálmanir fyrir því, að koma málinu áleiðis, eru nú horfnar, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. þ. á. eru út gengin». Á þetta atriði vildi nefndin benda þinginu, ef ske kynni, að það yrði heppnara í leitinni en hún sjálf. En hví meðnefndarmaður vor, hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, eigi er oss öðrum nefndarmönnum samdóma um þetta atriði, er eigi ljóst; hann gjörir sjálfur grein fyrir því. Það er þó ómögulegt, að sú sè ástæðan, að lögin 2. jan. eigi megi nefnast hèr á þinginu, þar sem þau þó eru þinglesin um allt land, og konungleg auglýsing, sem minnist á þau, send þinginu, og konungsfulltrúi hefir út býtt þeim meðal þingmanna. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um nefndarálitið að sinni, en skal að eins geta þess, að nefndin mun taka vel öllum þeim breytingum, er til bóta eru.

Konungsfulltrúi: Eins og nefndin sjálf tekur fram, hefir hún að eins stungið upp á einni efnisbreyting í þessu frumvarpi, nefnilega að í 2. gr. verði fyrir skipað, að landsstjórnin eigi að ákveða nákvæmar fyrirkomulag og stjórn búnaðarskólanna, á meðan þessi myndugleiki er ætlaður dómsmálastjórninni eptir frumvarpinu. Þar sem, að því mèr er kunnugt, ekki er enn þá búið að ákveða verkahring landsstjórnarinnar, og spursmálið um það, hverju umboðsvaldi skuli fá í hendur störf þau, er hèr ræðir um, er komið undir því, hvernig landsstjórninni yfir höfuð verður skipað niður, skal eg fyrir mitt leyti ekki mæla á móti þessari breytingu. Eg skal bæta því við, að mèr þykir ómak það, sem hin heiðraða nefnd hefir gjört sèr með því að búa til nýtt frumvarp, alveg óþarft.

Jón Sigurðsson: Eg hefi sem nefndarmaður eiginlega ekkert

að segja í þessu máli, því hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði ekkert á móti þeirri einu efnisbreytingu, sem nefndin gjörði, og þá líklega eigi heldur þingið. En hvað það snertir, er hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það hefði verið óþarfi af nefndinni að fara að búa til alveg nýtt frumvarp að málinu til, þá held eg, að nefndinni hafi gengið gott til þess, því það er hörmulegt að vita til þess, að á engu frumvarpi, er frá stjórninni kemur, skuli vera almennilegt mál eða nokkurn veginn viðunanlegt. Eg skal annars geta þess, að þessi breyting á málinu, er eigi nefndinni í heild sinni að þakka, heldur framsögumanni einum, og er það sannarlega virðingarvert, að hann hefir ótilkvaddur tekið upp á sig þetta ómak, og á hann sannarlega þakkir skildar fyrir það bæði af konungsfulltrúa og stjórninni. En hvað þennan litla ágreining snertir, sem er á milli hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns og annara nefndarmanna, sem er að vísu svo lítill, að hann naumast getur kallazt ágreiningur, þá fannst mèr rètt af nefndinni að koma með þá athugasemd, sem hún hefir sett í nefndarálitið um þetta efni, því verði þingið ekki heppnara en nefndin í að finna fè það, sem með þarf, til að koma búnaðarskólanum á fót svo fljótt sem þörf er á, þá finnst mèr vel til fallið, að það sè tekið fram í álitsskjalinu til konungs, sökum þess að í ástæðunum fyrir frumvarpinu er fullkomlega gefið tilefni til þess. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er sagt, að tálmanirnar, sem að undanförnu hafa verið því til fyrirstöðu að koma málinu áleiðis, sèu nú horfnar, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar þ. á. sèu út gengin. Þessu get eg alls eigi verið samþykkur; mèr finnst þær tálmanir, er áður hafa verið málinu til fyrirstöðu, nefnilega fjárskorturinn, alls eigi vera horfnar, þó lögin 2. jan. sèu út gengin, því eg fæ eigi sèð, að fjármegn landsins hafi aukizt við þessi lög, og svo höfum vèr heldur eigi umráð þess litla fjár, sem vèr eigum, og það er nú í rauninni aðalatriðið. Eg get því eigi álitið, að þessir annmarkar sèu horfnir, og virðist mèr því, að það hafi við gild rök að styðjast, að nefndin eigi treystist til að vísa á ráð til þess að koma málinu meir áleiðis.

Guðmundur Einarsson: Eg skal játa það, að þetta mál er eitt hið mesta nauðsynjamál, og sannarleg þörf á, að það fái framgang, og ætti því að vera oss öllum áhugamál, eins og líka hefir komið fram á undanfarandi þingum, þar sem þau optsinnis hafa haft bænarskrár meðferðis um stofnun búnaðarskóla og þeim jafnan

verið vel tekið bæði af þinginu og stjórninni, en allt um það hefir þó málið staðið yfir í heil 18 ár, án þess því hafi miðað nokkuð áfram. Nú er þá einu sinni enn lagt fyrir þingið af stjórninni konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. Þetta kann nú mörgum við fyrsta tillit virðast gleðiefni, en þegar eg skoða málið vandlegar, þá fer að daprast yfir mèr, því auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal, en þessi fjárstofn, sem ætlaður er til búnaðarskólans, er svo lítill, að hann má heita sama sem ekki neitt, og þess mun verða langt að bíða, að slík stofnun komist á með eigi meira fjártillagi. Allir þeir, sem nokkuð þekkja til sveitabúskapar, vita, að hann kostar eigi lítið, 1, kostar það eigi lítið að fá jörðina, 2, að gjöra þær endurbætur á jörðunni, að hún verði almennilega byggileg, 3, að fá fjárstofninn, og 4, öll búsáhöld. Alls þessa þarf nú með bara í einföldum sveitabúskap. Til þess að fá gott bú í sveit, þarf að minnsta kosti 5 til 6000 dali, hvað þá heldur til að koma á fót menntunarstofnun í landbúnaði; til þess þarf að minnsta kosti, og ætla eg eigi að taka djúpt á árinni, 8000 dalir, og svo mundi reynslan sýna, að eigi mun veita af 1000 dölum á ári hverju til að við halda stofnuninni og styrkja framkvæmdir hennar. Nefndinni, sem kosin var til þess að íhuga þetta mál 1863, skjátlaðist að mínu áliti mikillega, enda þótt nefndarmenn væru bæði greindir menn og búhyggnir (*Benidikt Sveinsson*: Sönnun). Eg ætla mèr eigi að fara að eyða tímanum með því að færa rök og ástæður fyrir þessari skoðun minni, þó skal eg til nefna eitt dæmi: Nefndin 1863 komst að þeirri niðurstöðu, að eigi mundi þurfa meira fè til þess að koma þessari stofnun á fót en 4090 dalir, og þar í ætlaði hún að eins 500 dali fyrir öll búsáhöld, en þetta ætla eg sè langtum of lítið, því á þess konar stofnun, næstum hve lítilfjörleg sem hún væri, mættu þó eigi vera minna en 12 rúm, og þegar nú hvert einfaldasta rúm kostar hèr um bil 30 dali, þá fer nú strax að skarða í þessa 500 dali, sem ætlaðir voru til þess að kaupa öll búsáhöld, er stofnunin þyrfti við; eg er sannfærður um, að þau fást eigi fyrir minna en nálægt þúsund dölum. Þegar þess vegna er verið að tala um að byrja með 319 dali, það er það sama sem að að byrja með engu. Mèr hefir því dottið í hug að gjöra viðauka við 3. grein frumvarpsins til þess að auka tekjur búnaðarsjóðsins, þótt það muni litlu. Mèr virðist eigi mega hækka tollinn, sem þar er lagður á hvert jarðarhundrað, nefnilega $1\frac{1}{2}$ skilding á hvert hundrað, en eg þekki annan gjaldstofn, skyldan jarðareignunum.

nefnilega húseignirnar, og virðist mèr rètt að leggja samsvarandi toll á þær. Eg veit að vísu vel, að það verður vandi að skera úr, hverjar húseignir skuli vera tollskyldar, og hverjar eigi, og eins hitt, að ákveða eptir hvaða hlutfalli leggja skuli tollinn á þær, en eg held þó, að menn með skynsemi og samheldni geti gjört það nokkurn veginn sanngjarnt. Eptir jarðamatinu er hundraðið virt að meðaltali 30 rd. Almennt söluverð á 1 jarðarhundraði að meðallagi er 40—50 rd., því mun nærri sanni að ætla 50—60 dali í húsaeigninni móti því. Eg áskil mèr því viðaukaatkvæði við 3. grein á þessa leið: «Sömuleiðis má fyrst um sinn til sama kostnaðar leggja gjald á virðingarupphæðir húseigna í landinu samkvæmt álitum og úrskurðum hlutaðeigandi yfirvalda og yfirstjórnar um, bæði hverjar húseignir skuli tollskyldar vera, og hve hátt dalatal í húseignum skuli jafngilda hverju meðalhundraði í fasteignum». Að vísu veit eg eina mótbáru gegn þessu, en eg ætla eigi að tala um hana, fyr en einhver þingmaður kemur með hana, og mun eg þá reyna að hrekja hana.

Sigurður Gunnarsson: Eg felli mig vel við það, sem nefndin hefir gjört við frumvarpið, bæði við þessa einu efnisbreytingu, sem hún hefir gjört, nefnilega í annari grein, og svo líka þær breytingar, er gjörðar hafa verið á málinu, því þetta er nú miklu ljósara og íslenzkulegra en áður. En hvað efni frumvarpsins snertir, þá er eg á báðum áttum um það, hvort eg eigi að aðhyllast það eða eigi, eptir því sem nú stendur. Mèr virðist sem það hafi vakað fyrir nefndinni, er hún breytti orðinu «dómsmálastjórn» í 2. grein í «landsstjórn», að það, sem þetta frumvarp ráðgjörir, mundi eigi verða komið í verk fyr, en landsstjórn væri komin hèr á og fjárumráð, og hefi eg líka sömu skoðun. Annars er eg mjög óánægður með, að enn skuli eiga að bæta einum tolli, þó hann lítill sè, á bændurna, ofan á þessa 15—20 tolla og greiðslutegundir til opinberra þarfa, sem hvíla áður á þeim; væri nær að fækka einhverjum af þessum beinlínis tollum og fá þá með öðrum hætti. Fyrir utan þetta er líka fè það, sem frumvarpið stingur upp á, mikils til of lítið, þó það sèu rúmir 1300 rd., þá er það eins og ekki neitt til að stofna búnaðarskóla í öllum ömtum hèr á landi. Í nefndarálitinu er að vísu bent á, að vèr reynum að fá styrk til þessarar stofnunar úr landssjóðnum; já, þess þyrfti vafalaust, en vèr höfum engan landssjóð til umráða, og þess vegna dugir eigi að vísa á hann. Eg fæ því eigi annað sèð, en

að þessir búnaðarskólar geti eigi komizt á, fyr en innlend stjórn er á komin og innlend fjárumráð. Ef vèr hefðum umráð yfir landssjóði, þá væri talandi að fá borgað úr honum eitthvað, sem við þyrftum með, en efnum til hans álít eg álitlegra að ná með óbeinlínis tekjum, en með beinum toll-álögum á bændur. Eg áskil mèr því viðaukaatkvæði við nefndarálitið í þá stefnu, að þetta verði eigi að lögum gjört, fyr en innlend stjórn og fjárumráð eru komin á í landinu, þess verður líklega eigi langt að bíða, og þá eigi heldur búnaðarskólanna.

Framsögumaður: Það er að vísu satt, að fè það er lítið, er frumvarpið og nefndin stingur upp á að varið sè til þessarar stofnunar; en hvað sannar það annað, en að einmitt þess vegna sè þörf á, að byrja sem fyrst að safna fènu og ekki fresta málinu fram í óvissu. Skattur þessi er heldur ekki þungbær, einkum þegar haft er tillit til, til hvers honum á að verja. Í 4. grein er að eins ákveðið, hvenær byrja skuli að safna fènu, og nefndinni finnst ekkert á móti því, að dómsmálastjórnin ákvarði það, en nefndin bjóst við, að ef landsstjórnin kæmist á, þá mundi hún, er nægilegu fè væri safnað, sjá um, að stofnunin kæmist á fót, og með tilliti til þess setti hún orðið landsstjórn í 2. grein. Ef byrjað hefði verið, að safna fè til þessarar stofnunar fyrir 8 árum, þá mundi nú brátt vera það fè fengið, er til hennar þyrfti, hvað þá heldur, ef byrjað hefði verið að safna fè til þess fyrir 18 árum.

Pètur Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd að, hvernig á því stendur, að hún hefir látið orðið «dómsmálastjórn» í 4. grein frumvarpsins halda sèr, en breytt því í 2. grein; því mèr er þetta eigi vel ljóst. Hvað fèð snertir, er verja á til þessarar stofnunar, þá er það að vísu mjög lítið, en mjór er mikils vísir, og eg vona, að talsvert fè fáist með brennivínstollinum, og sýnist mèr það eiga vel við, að þessum tolli sè varið til þess, að bæta landbúnaðinn, því það munu víst allir játa, að brennivínið eða ofdrykkjan er það, sem skaðar og hnekkir mest búskap vorum. Mèr virðist því brennivíninu standa það næst, að bæta það, er það sjálft hefir skemmt og spillt. Fái eg ekki nægar upplýsingar um, hversu á því stendur, að orðið «dómsmálastjórn» er látið halda sèr í 4. grein, þá áskil eg mèr það breytingaratkvæði, að því sé breytt í orðið: «landsstjórn».

Halldór Kr. Friðriksson: Það er reyndar satt, er hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði, að fèð væri of lítið, til þess

þegar í stað að stofna búnaðarskóla, en ef tollurinn er nú þegar lagður á, þá má leggja hann upp um nokkur ár, og getur það þá orðið góður stofn, til þess að koma á fót búnaðarskóla, sem verulegt gagn sè að; þingmaðurinn verður og að gæta þess, að skóli þessi getur verið í stærra eða minna sniði, og eptir því verða þá útgjöldin og kostnaðurinn við hann meiri eða minni, og sömuleiðis verður kostnaðurinn meiri eða minni eptir því, hvernig fyrirkomulagið verður á honum, sem getur orðið með ýmsu móti, og þegar landstjórninni er falið á hendur, að ráða fyrirkomulagi hans með þeirra manna ráði, sem til þess verður að telja hæfasta, þá verð eg að treysta henni til að sjá, hvenær fèð er orðið nóg, og líka að haga svo fyrirkomulagi hans, að fèð verði sem drjúgast. Það er satt, að 8000 dalir eru ekki meira en nægilegir, til þess að koma á fót eins fullkomnum búnaðarskóla, eins og hinn háttvirti þingmaður Dalamanna ætlast til; en það má hæglega hugsa sèr, að byrjað sè með helmingi minna. Eg verð líka að ætla, að frumvarpið sè runnið af uppástungu Húnvetninga, sem var fyrir alþingi 1869, og er því líklega ætlazt til, að Íslendingar sjálfir skjóti nokkru fè til skólanna auk tollgjaldsins eptir frumvarpinu. Að því er það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Dalamanna stakk upp á, að lagður væri samsvarandi tollur á húseignir í kaupstöðunum, þá má reyndar nokkuð mæla með því, en það er þó íhugunarvert, hvort það er með öllu rètt, því að ætlunarverk kaupstaðanna er allt annað en landbúnaðarins, enda hafa þeir sínar sèrstöku byrðar til eflingar þessum tilgangi. Landbúnaðurinn á að standast þann kostnað, er miðar til að efla hann sjálfan; eins ber kaupstöðunum að standast þann kostnað, er miðar til að efla þeirra eigin framfarir. Þetta atriði bið eg að sè vandlega íhugað. Að meta húseignir á við jarðir, get eg ekki fallizt á. Að því er það snertir, að orðið «dómsmálastjórn» er breytt í 2. grein, en haldið í 4. grein frumvarpsins, þá er eg sannfærður um, að hinn háttvirti varaforseti muni sjá að það er rètt, því að hèr er talsverður munur á, þar sem í 2. grein er svo ákveðið, að landsstjórnin, með því að hún er kunnugri, skuli ráða fyrirkomulagi og stjórn skólanna, en hitt er annað, þótt dómsmálastjórnin ákveði, hve nær byrja skuli að heimta gjaldið, því að þar til þarf ekki kunnugleika. Nefndinni fannst betur við eiga, að hin æðsta stjórn ákvæði slíkt, en hèr er enn engin landsstjórn, sem slíkt vald ætti að hafa, en þar fyrir er alls ekki sagt, að hún eigi að ráða fyrirlagi skólanna.

Að því er brennivínstollinn snertir, þá er þess að gæta, að vèr vitum eigi, 1. hvað nefndin gjörir við málið, og 2. því síður, hvað þingið gjörir við það, og 3. á þingið ekki ráð á þeim tolli. Það er ætlazt til, að tollur þessi renni í landssjóðinn, en yfir honum hefir þingið enn engin umráð. Vèr getum því ekki stofnað búnaðarskóla upp á þennan tilvonandi brennivínstoll. Eg játa reyndar, að 1½ skild. af hverju jarðarhundraði er allt of lítið gjald; en eg vil þó eigi fallast á, að það sè hækkað nú fyrst um sinn; eg vil heldur bíða og fresta stofnuninni, uns nokkuð fè til muna er fengið, til þess að stofna þessa skóla.

Guðmundur Einarsson: Í tilliti til þess, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að eg reiknaði kostnaðinn of hátt, þá ætla eg ekki að eyða tímanum með að þræta um það, en reynslan mun sanna, ef skóli þessi kemst á, hvort eg hefi ekki satt að mæla. Að því er húseignina snertir, þá skil eg það ekki vel, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að það mundi eigi vera með öllu rètt hugsað af mèr, að leggja svipaðan toll á húseignir eins og fasteignir, þar sem húseignir þó ávallt eru taldar sem fasteignir; auk þess hafa jarðirnar fullt eins margar byrðar að bera eins og kaupstaðirnir, já, miklu fleiri, og er það ekkert óeðlilegt, þó kaupstaðirnir lètti nokkuð undir með jörðunum, þar sem þeir þar að auki hafa svo mikið gagn af landbúnaðinum búum sínum til framfæris. Að því er snertir það, er hinn háttvirti varaforseti sagði, að ofdrykkja manna væri það, er mest hefði spillt og spillti landbúnaði vorum, þá er það öldungis satt, og virðist mèr vel tilfallið, að brennivínstollinum sè varið til þess, að bæta landbúnað vorn (*Pètur Pètursson:* Nokkru af honum). Nei, annaðhvort heilum eða engu af honum. Þetta verður sá fyrsti tollur, sem verður lagður á landið, og mun hann verða því vinsælli, sem honum er betur varið; það var því mjög eðlileg hugmynd, er kviknaði í hjarta hins háttvirta varaforseta.

Benidikt Sveinsson: Eg get ekki annað en verið nefndinni þakklátur fyrir það, að hún hefir leyst starf sitt prýðilega af hendi með tilliti til þess að hún hefir klætt þetta konunglega frumvarp í íslenzkan búning, þar sem það varð áður sannast um það sagt, að það hvorki væri í íslenzkum nè dönskum búningi, hvorki ritað á íslenzka tungu nè heldur danska, eins og segja má um öll hin konunglegu frumvörp til samans, sem liggja fyrir þinginu.

Að því er efni þessa máls snertir, þá gleður það mig, að þetta mál virðist loksins nú lengra komið áleiðis, en það hefir áð-

ur verið. Eg vil vekja athygli þingmanna á því, að þetta mál hefir nú staðið yfir eða réttar legið á döfinni í 18 ár — mig minnir síðan 1853 —, þetta mál, sem er hið vafalausasta og einfaldasta nauðsynjamál vort og skilyrði fyrir framförum landsbúa og velgengni þeirra. Það er eptirtektavert, segi eg, að þetta mál skuli hafa staðið yfir í 18 ár, en hvað sýnir þetta? Það sýnir bezt, hve örðugt öll málefni Íslendinga eiga uppdráttar, sem horfa til verulegra og verklegra umbóta í landinu; en hvað veldur aptur þessu? Landsmenn geta ekki valdið því, því þeir hafa á hverju þingi farið þess á leit við stjórnina, að þessari nauðsynja-stofnun yrði á fót komið. Nei, þessu veldur eingöngu stjórnarfyrirkomulag landsins, sem er bæði dauft og dofið. Eg vil því vara þingið við, að vekja nú, þegar stjórnin loksins leggur fyrir þingið frumvarp um þetta málefni, sem yfir höfuð að tala er þannig lagað, að það horfir til endilegrar úrlausnar á þessu máli, ekki þær mótbárur eður koma með þær grýlur eða setja þær tálmanir fyrir málinu, sem eigi er auðið upp að fylla, og sem gefa stjórninni, ef til vill, átyllu, ef eigi ástæða til, að leggja málið á hylluna enn þá í önnur 18 ár. Hvað lengi á það annars að ganga svo, að Íslendingar ekki læri, sem þeir segja, að búa eins og aðrar menntaðar þjóðir, eður með öðrum orðum læra að þekkja og nota krapta náttúrunnar og dragi fram úr fylgsum hennar þá fjársjóðu, sem fólgnir liggja í henni? Af þessu á þá þjóðin að fá sinn líkamlega þroska og ná sínu tilætlaða takmarki. Það er að mínu áliti heilög skylda þingsins, að taka drengilega og greiðlega undir þetta mál og beina því á sem beztan og greiðastan veg. Það er, ef til vill, rétt, er hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði, að fèð, sem hèr ræðir um, sè allt of lítið, en eg vil þó taka, eptir hans hugmynd um læknaskóla, það fram, hvort að ekki er spursmál, hvort sá skóli, er kostar 8000 rd., er hentugri og heppilegri en sá skóli, sem kostar má ske tvöfalt minna fè. Vèr getum haft reynslu annara þjóða fyrir oss í því, hvort heppilegra sè, að stofnsetja dýrar stofnanir, sem má ske aldrei borga sig, eða þær stofnanir, sem kosta sem minnst fè að auðið er, en geta þó verið til fyrirmyndar og fróðleiks. Þess ber og að gæta, að ef stofnsettur yrði hèr skóli fyrir 8000 rd., þá mundu menn heimta talsverðan arð og árangur af þeim skóla, og þó hann nú yrði, þá er eg samt sannfærður um, að bændur vorir mundu segja: Það er af því, að skólinn hefir svo mikið fè undir höndum, að hann fær svo miklu til leiðar komið; hann getur eigi verið fyrirmynd fyrir mig, sem

ekki hefi neitt handa á milli. Eg ætla því, að hafa sama búskaparlag, sem hann faðir minn og hann afi minn fyrir því arna; það flýgur hver sem hann er fiðraður. Búnaðarskóli á ekki að vera annað, en fyrirmynd fyrir oss í því, að hagnýta sèr betur krapta náttúrunnar og sjálfra vorra til að fram leiða sem mestan arð af þeim. Íþróttin eður tilgangur landbúnaðarskólans er því ekki fólginn í því, að leiða má ske lítinn arð fram af miklu fè og kostnaði, heldur mikinn arð fram af litlu fè og kostnaði. Eg vil vitna til allra þeirra manna hèr á þingi, sem þekkja til landbúnaðar, hvort þessi skoðun mín eigi hefir við rètt rök að styðjast, einkum eptir hugsunarhætti Íslendinga; að minnsta kosti er mèr það kunnugt, að í Norvegi þykja búnaðarskólarnir eigi vera eins góð fyrirmynd, eins og þeir ættu að vera, einmitt af því, að þeir eru of dýrir, og þykir því eigi fyrirmynd fyrir alþýðu, og eru Norðmenn þó lengra komnir áleiðis, en vèr í viðurkenningu nytsemi skóla. Að því, er snertir orð hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu, að beinlínis tollur væri óeðlilegri og óvinsælli, en óbeinlínis, þá skal eg játa það, að svo er yfir höfuð, en þó er mikill munur á, hvort þeim beinlínis tolli er beinlínis varið aptur til að auðga þann atvinnuveg, er tollurinn er lagður á, eða ekki; það er t. d. eðlilegt, að leggja skatt á fasteignir, þegar honum er eingöngu og beinlínis varið til að bæta þær, því þá er skatturinn í rauninni engin álaga, heldur hjálp; hann er eigi til að rýra fasteignina, heldur til að auðga hana. En það er líka eðlilegt, að þegar óbeinlínis tollur er lagður á landið, að honum þá sè varið til að auka Productionskrapt landsins; því Consumptions og Productions aflið í hverju landi stendur í nánu sambandi hvort við annað, þegar annað eykst, þá eykst hitt líka óbeinlínis. Eg er því ei á móti uppástungu hins háttvirta varaforseta. Að því er snertir það, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að vèr eigi hefðum ráð á landsjóðnum, þá óska eg, að hann skýri þessi orð betur fyrir mèr og þinginu. Sè það meining hans, að þingið megi ekki nú sem stendur veita fè úr honum, þá er þetta rètt, en alveg óþörf athugasemd, því það vita allir. Mèr virðist meira að segja, að hún sè kýmileg og undarleg mótbára, þar sem hinn háttvirti þingmaður þó verður að vona, að þingið fái innan skamms þennan rètt, og því undarlegri er hún, sem þingið hefir heldur ekki ráð á að leggja skatta á fasteignir landsins. Þingið stendur í þessu tilliti alveg jafnt að vígi, hvort sem ræðir um, að leggja skatta á fasteignir

landsins, eins og frumvarpið fer fram að þingið gefi jákvæði sitt til, eður þá að verja svo og svo óbeinlínis tollum, sem lagðir væru á landið. Eg tek það enn og æ fram, að eg skil eigi í því, að þingmenn skuli einlægt vera að koma fram með þá mótbáru, sem er svo auðsjáanlega röng, eins og þinginu sè eigi eins heimilt vald til að ráðleggja stjórninni það, sem því sýnist bezt fara í hvorutveggja þessu tilliti. Annars skal eg eigi fjölyrða meira um þetta atriði. En út af hinum gífurlegu fjárupphæðar-uppástungum hins háttvirta þingmanns Dalasýslu, þá skal eg leyfa mèr að drepa á nokkuð, sem mèr datt í hug rètt í þessu. Svo er mál með vexti, að hèr hefir nýlega verið til meðferðar á þinginu mál, eigi mjög ólíks efnis og þetta, nefnilega málið út af bænarskránni frá Hafnarfjarðarfundinum um styrk úr Thorchilliisjóðnum til hinnar fyrirhuguðu barnaskólastofnunar á Hvaleyri. Í því máli var það upplýst, að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir ánafnað jörðina Hvaleyri, er vera mun einhver með hinum álitlegri jörðum hèr í grennd til búnaðar, til þessarar mjög loflegu stofnanar. Eg hefi að vísu eigi sèð sjálft gjafabrèfið, og get því eigi sagt neitt ákveðið um það. En eg leyfi mèr að skora á hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu, að hann gefi mèr og þinginu í heild sinni upplýsing um, hvort hugmyndin um búnaðarskólann geti ekki sameinazt við þessa fyrirhuguðu barnaskólastofnun á Hvaleyri, að minnsta kosti til bráðabirgða. Mèr finnst þessi stofnun gæti fyrst um sinn að minnsta kosti tekið að sèr, að sýna fyrirmynd í búskap og því, er þar til heyrir, án þess það yrði til hnekkis fyrir kennslu og menntun barnanna, og að þessi stofnun gæti þar með orðið jafnframt búnaðarskóli í suðuramtinu. Eg verð að vera samþykkur því breytingaratkvæði, sem hinn háttvirti varaforseti áskildi sèr, og vil eg því áskilja mèr að sameina mig við hann í því tilliti, ellegar þá að bæta inn í 4. grein á eptir orðunum: «Dómsmálastjórnin ákveður» þessum orðum: «fyrst um sinn». Mèr skildist fyrst, þegar eg las nefndarálitið, að nefndin hefði af þeirri ástæðu haldið orðinu «dómsmálastjórnin» í 4. grein frumvarpsins, en breytt því í «landsstjórnin» í 2. greininni, að hún ímyndaði sèr, að skólinn gæti komizt á, áður en stjórnarskipunarmálið væri á enda kljáð; en nú hefi eg heyrt á hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að það er önnur skoðun, sem hefir vakað fyrir nefndinni; og þess vegna verð eg að áskilja mèr fyrgreint breytingaratkvæði.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem hinn háttvirti þingmaður

Dalasýslu sagði, að eg hefði sagt, að fjáráætlun hans til búnaðarskóla væri of há, þá er það misskilningur. Eg sagði alls eigi, að áætlun hans eptir því fyrirkomulagi, sem hann hugsaði sèr á búnaðarskóla, væri of há, heldur þvert á móti; en eg sagði, að búnaðarskólanum mætti ýmislega haga, stofna hann bæði í stærri eða smærri stýl, og undir því væri komið, hvort kostnaðurinn þyrfti að vera meiri eða minni. Slíkur búnaðarskóli sem sá, er hann stakk upp á, þykir mèr allt of stórkostlegur til að byrja með, eptir vorum ástæðum, og þess vegna kostnaður sá, er hann hlyti að hafa í för með sèr, allt of mikill. Þar sem nú þingmaðurinn enn fremur bar það fram, að sanngjarnt væri, að kaupstaðarbúar bæru nokkurn hluta af gjaldinu, sem stofnun búnaðarskóla hefði í för með sèr, af því að kaupstaðirnir hefðu gott af landbúnaðinum, þá er þetta ekki alls kostar rètt, því að af sömu ástæðu ættu þá sveitabændur að styðja að og leggja fè til ýmissa fyrirtækja, er kaupstöðum eru til framfara, því að sveitirnar hafa líka allt eins gott af kaupstöðunum, eins og kaupstaðirnir af sveitunum. Því meira afl, sem kaupstaðirnir fá, því meiri hagur er það fyrir sveitirnar. Þar sem þingmaður Árnesinga beiddist skýringar á orðum mínum, er eg sagði, að vèr hefðum engin umráð yfir landssjóðnum, þá skýrði þingmaðurinn þetta sjálfur, er hann sagði, að vèr mættum eigi veita fè úr honum. Það er allt annað mál, ef stjórnin legði frumvarp fyrir þingið og spyrði oss, hvað vèr gætum ráðlagt henni í því efni (*Benidikt Sveinsson*: Höfum vèr eigi uppástungurètt)? Því neitar enginn, en málið er ekki útkljáð fyrir það. Að því, er snertir landssjóðinn, þá höfum vèr fyrir oss hina konunglegu auglýsing frá 4. marz síðastliðna, og þar er ekkert fè til ofurs, því tekjur og ákveðin útgjöld standast alveg á, svo vèr höfum ekkert til, er vèr getum ráðið stjórninni til að verja til skóla þess, er hèr ræðir um. Vèr gætum reyndar hugsað oss einhverjar breytingar á þessu, en vèr getum ekkert að gjört, meðan vèr engar upplýsingar höfum fengið um hvað eina, er hèr að lýtur, meðan vèr alls eigi vitum, hvernig á þessari áætlun stendur. Þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði út af því, að hinn háttvirti framsögumaður hefir tekizt það ómak á hendur, að laga frumvarpið allt að orðfærinu til, að slíkar málbreytingar væru óþarfar, þá vonast eg til þess, að bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi og alþingi allt játi, að nauðsynlegt er að lagaboð þau, er lögleidd eru, sèu að orðfæri til rètt hugsuð, ljós og skipulega framsett, svo hægt sè að skilja þau, og þá einn-

ig, að sjálft málið á þeim sè svo úr garði gjört, að það megi heita fullkomin íslenzka. Það yrði reyndar of langt, ef alþingi ætti að breyta málinu á öllum hinum lengri frumvörpum stjórnarinnar; en að því, er snertir frumvörpin í hinum minni málunum, þá sýnist mèr það eigi úr vegi, að laga þau að orðfærinu til, ef einhver vill og getur tekizt slíkt ómak á hendur, og því virðist mèr það loflegt af hinum háttvirta framsögumanni, er hann hefir lagað frumvarp þetta að orðfærinu til. Eg get ekki neitað því, að málið á flestum hinna konunglegu frumvarpa er svo, að varla er minnkunarlaust fyrir þingið, að láta þau ganga frá sèr, eins og þau eru. Það væri annað mál, ef hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi lofa að ábyrgjast, að íslenzkan á frumvörpunum verði löguð áður en þau verða gjörð að lagaboðum (*Benidikt Sveinsson*: Nei; það dugar ekki). Það get eg þó eigi sèð neitt á móti; því að það þarf ekki að breyta efninu fyrir það; en eg hefi fyrir mitt leyti enga ástæðu að mótmæla því, að málið sjálft sè lagað, ef nægilegt eptirlit er með því haft. Eg tel það víst, að Íslendingar verða eigi ánægðir með orðfærið á frumvörpum þessum, verði þau lögleidd eins og þau koma frá stjórninni.

Pètur Pètursson: Þar sem eg áðan minntist á brennivínstollinn, þá var það alls eigi í þeirri veru, að eg ímyndaði mèr, að vèr nú þegar hefðum fjárveitingarrètt, heldur að eins af því, að eg hèlt menn mundu verða öruggari í, að samþykkja frumvarp það, er hèr liggur fyrir, er menn sæju einhvern veg til að fá inn nokkra peninga fyrirtæki þessu til aðhlynningar. Mèr finnst margir þingmenn vera svo rótgrónir í þeirri meining, að þingið fái ekki löggjafarvald; en það er að öllu leyti á þingsins valdi, að fá þetta vald, og þá fær þingið líka fullkomin fjárráð, eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga benti á í ræðu sinni. Eg skal geta þess, að ef þessi þingmaður heldur áfram breytingaratkvæði því, er hann gjörði ráð fyrr, nefnilega að bæta inn í 4. grein orðunum: «fyrst um sinn», þá mun eg sleppa mínu fyr um getna breytingaratkvæði, en annars ekki.

Jón Sigurðsson: Það er víst misskilningur af hinum háttvirtu þingmönnum, varaforseta og þingmanni Árnesinga, að það þurfi að breyta orðinu «dómsmálastjórnin» í 4. grein frumvarpsins í «landsstjórnin», eins og er í 2. grein, því það er alveg rètt hugsað af nefndinni, að dómsmálastjórnin eigi að ákveða, hvenær fyrst skuli fara að heimta gjald þetta í hverju amti landsins. Hèr verður sem

sè að gæta þess, að nefndin gjörði ráð fyrir, að farið væri að innheimta þetta gjald áður en stjórnarskipunarmálið væri um garð gengið, og áður en landsstjórnin væri setzt á laggirnar. Aptur á móti bjóst nefndin við, að stofnun skólanna sjálfra ætti svo langt í land, að líkindi væru til, að búið yrði þá að skipa hèr landsstjórninni, og áleit þá nefndin sjálfsagt, að hún ætti einmitt að skipa fyrir um fyrirkomulag búnaðarskólanna, eins og gjört er ráð fyrir í 4. grein. Að minnsta kosti var það skoðun nefndarinnar, að byrja á að safna gjaldinu til skólanna sem allrafyrst, og að því mætti með engu móti fresta um óvissan og óákveðinn tíma.

Torfi Einarsson: Það hefir lengi verið vandræði með þau mál hèr á þingi, sem þurft hafa fjárframlaga, svo þau gætu komizt fram; en að því er snertir þetta mál, því eru hèr minni vandræði á ferðum, með því frumvarpið sjálft ákveður, að 1½ skildingur skuli gjaldast af hverju fasteignarhundraði í landinu til að útvega fè búnaðarskólastofnunum til handa; og þetta hefir nefndin samþykkt. Þetta fè er nú að vísu lítið til slíks fyrirtækis, sem þannig fæst, og mig langaði af hjarta eptir að geta með einhverjum ráðum aukið það, en get það ekki. En aptur á hinn bóginn sè eg það, að þegar vèr fáum fjárráð, þá getum vèr skotið nokkru til af landsins fè. Þótt mönnum nú hafi þótt of hátt til tekið, að því er fèð snertir, af hinum háttvirta þingmanni Dalasýslu, þá er þess að gæta, að miklu fè mundi þurfa að safna, ef á ættu að geta komizt 3—4 skólar í landinu; en á búnaðarskóla álít eg að ríði sem allra-fyrst. Það er eitt atriði, sem eg hefi engan heyrt taka fram, og sem ætti að hvetja þingið og stjórnina til að flýta máli þessu sem fyrst, en það er, að víðs vegar um landið er allmikill áhugi vaknaður hjá einstöku mönnum í þá átt, að gjöra bæði ýmsar jarðabætur og búskaparendurbætur, er sökum vanþekkingar á öllu, er til þessa heyrir, þá eru flestar slíkar umbætur og fyrirtæki einungis jarðaspilling í staðinn fyrir jarðabót. Víða er nefnilega hrúgað upp túngörðum annaðhvort úr tómri mold ellegar þannig, að mold og steinum er blandað saman, svo allt hrynur um koll innan skamms; sama er að miklu leyti að segja um þúfnasléttanir, að þær verða til ónýtis sakir vankunnáttu manna á slíkum fyrirtækjum. Yfir höfuð álít eg það lífsspursmál fyrir landbúnaðinn, að búnaðarskólar gætu komizt á, svo menn ekki lengur fari á mis við alla leiðbeining í búskap. Eg hugsaði, að á þessu stigi málsins gæti ekki verið að

ræða um fyrirkomulag á slíkum skólum, heldur að eins um að þeir gætu komizt á, og því sleppi eg nú að fara út í það.

Stefán Eiríksson: Það er nú þegar orðið margrætt um þetta mál hèr á þinginu, og lítur út fyrir, að það sè allmikið áhugamál fyrir flestum bæði nú og fyr, þá er það hefir verið hèr til meðferðar á þinginu. Það kann nú vel að vera, að búnaðarskólar þessir sèu nauðsynlegir, og þeir verði til nokkurs gagns hèr hjá oss. Reyndar hefi eg í þessu tilliti ekki nærri því eins sterka trú á því og svo margir aðrir. Eg held mèr sè óhætt að segja svo mikið um sjálfan mig, að eg er ekki síður en hver annar fyrir það, að styðja að því, sem eg sè að landi og lýð getur orðið til framfara í einu sem öðru; en hèr er hjá oss margt óhægra í framkvæmdinni en margur hugsar. Vèr megum ekki miða jarðyrkju á Íslandi við annara landa framfarir; það er svo margt sem hèr hálmar í búnaðarlegu tilliti, bæði hið kalda loptslag, sem vèr búum undir, og annað þess háttar, svo mönnum skeikar allmikið, ef þeir halda, að búnaðarskólar geti orðið hèr að sömu notum og erlendis. Eg þekki marga Íslendinga, sem hafa siglt til að nema jarðyrkju eða því um líkt erlendis, og svo hafa þeir komið aptur og ætlað að framkvæma hèr jarðyrkju, en hvað hafa þeir gjört? alls ekki neitt, svo eg til viti. Þeir hafa sem sagt ekkert getað framkvæmt bæði sakir náttúrunnar óblíðu og efnaleysis. Eg neita því ekki, að það er gott í sjálfu sèr, að læra bæði jarðyrkjufræði og búnaðarfræði. En þótt menn sèu búnir að nema það, sem hèr á við, þá er ekki nóg með því; menn verða líka að geta útvegað sèr einhvern bústofn til þess að byrja með, því annars verður þetta búfræðislega nám að litlum notum, þegar afl þeirra hluta vantar, sem með þarf, sem eru peningarnir. Annars fellst eg á, að fèð, sem nefndin og frumvarpið stingur upp á, megi eigi hærra vera, því þótt það sè lítið, þá safnast, þegar saman kemur, með því nokkur tími líður líklega, áður en búnaðarskólinn getur komizt á fót. Eg hefi eigi heldur hugsað mèr eins stóran og kostnaðarmikinn skóla, eins og hinn háttvirti þingmaður Dalasýslu stakk upp á. Mèr sýnist allt of mikið í lagt þá áætlun, er hann kom með. Að eg taki eitt til dæmis af mörgu, sem hann sagði, þá skal eg nefna rúmin, sem hann reiknaði svo, að hvert þeirra mundi kosta 30 dali. Eg verð að játa það að eg þekki ekki svoddan vinnufólksrúm til sveita, sem kosta mundi meira en 20 rd. og eru fullþokkaleg rúm; eg held að ekki einu sinni rúm lærisveinanna í latínuskólanum kosti meira en

svo sem 20 rd., og þá væri víst óþarft að hafa kostbærari rúm í þessum fyrirhugaða búnaðarskóla; að vísu er eg ekki skólarúmum þessum svo kunnugur að eg geti upp á víst sagt um það, hvað þau kosta, en þau munu naumast fara langt fram úr því, sem eg gat til. Eg er annars hræddur við að auka tollálögur á mönnum, eins og nú á stendur, og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu tók að nokkru leyti fram, þar sem meðalbóndi, sem ekki hefir nema landbúnað, og tíundar 20—30 hundruð, verður að borga 400 fiska til sveitar, sem verður í peningum 40—50 rd., og 14—15 dali í þegnskyldugjald, og verða þá útgjöld þessa bónda í þessar 2 gjaldagreinir 60—70 rd., og það kalla eg allt of stórkostleg útgjöld á ekki ríkara bónda, sem ekki einu sinni er fær að bera þessi útgjöld, auk heldur nýjar álögur. Mèr sýnist þess vegna ísjárvert, að fara langt út í mál þetta, meðan vèr ekkert fè höfum til umráða; það getur reyndar verið, að úr þessari fjáreklu bætist með brennivínstollinum, en hann er ekki kominn á enn þá, og það má kann ske bíða nokkuð þangað til, og enda þó hann kæmist á, þá mun hans þurfa með til alls annars, og ef til vill verða útgjaldagrein fyrir Íslendinga en ekki kaupmenn.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði ekki að tala neitt í máli þessu, en sakir þess hinn háttvirti þingmaður Árnesinga skoraði á mig að svara upp á spurningu hans, þá neyðist eg til að tala fátt eitt. Um málið sjálft ætla eg lítið að tala, enda hefi eg fengið nóg af ræðum sumra þingmanna, er mèr hafa heyrzt fara langt út fyrir frumvarpið og efni þess. Í frumvarpinu er að eins um það að ræða, að leggja skatt á fasteignir í landinu, þann skatt, sem síðar, sem einhvern tíma verði varið til að stofna af búnaðarskóla. Það verður öllum að liggja í augum uppi, að þó nú þegar væri farið að safna fè þessu, þá yrði að líða mjög mörg ár þangað til svo mikið fè hefði safnazt, að nokkur tiltök væru til að skóli yrði reistur af. Jeg er að vísu ekki móti því, að fè þessu sè safnað, í þeirri von, að það einhvern tíma komi að notum í því titætlaða augnamiði, en ákvörðun virðist mèr vanta um það, hvernig og af hverjum fè þetta skuli ávaxtast þangað til farið er að verja því til búnaðarskóla. Um hinn fyrirhugaða skóla á Hvaleyri skal eg geta þess, að eptir minni hugsun álít eg það mjög heppilegt, ef því yrði við komið, að þar yrði sýndur allur verklegur búnaður, svo sem landbúnaður, jarðyrkja og fjárrækt. Eg felst því alveg á uppástungu hins háttvirta þingmanns Árnesinga, og eg á skil mèr

rètt til, að hugsa mig um þetta mál þangað til seinna. Eg skal geta þess, að mèr hefir boðizt útlendur maður til að taka að sèr jörðina Hvaleyri fyrir 400 rd. árlegt eptirgjald. Meira álít eg ei þörf á að tala að sinni.

Konungsfulltrúi: Út af umræðum þeim, sem hèr eru komnar fram viðvíkjandi fjárforræðinu, skal eg að eins geta þess, að alþingi, eins og hinn heiðraði þingmaður Reykjavíkur tók fram, sem stendur, ekki hefir umráð yfir landssjóðnum, en ef þingið aðhyllist frumvarpið til stjórnarskrárinnar, þá fær það þetta fjárforræði, og ef ekki verður svo, get eg ekki sèð neitt því til fyrirstöðu að þingið beiðist þess, að konungurinn, er, nú sem stendur, einn hefir fjárforræðið, veiti styrk nokkurn af landssjóðnum til þess í sambandi við toll þann, er hèr ræðir um, að koma einum búnaðarskóla, eða fleirum, fyrir hèr á landinu. Hvað málið snertir á þessu frumvarpi og öðrum, sem lögð eru fyrir þingið, mun stjórnin sjálfsagt sjá um, að málið verði sem bezt, þegar lögleiða skal frumvörpin.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið. Eg skal biðja þingmenn að senda mèr sem fyrst þau breytingaratkvæði, er þeir ætla sèr að gjöra við uppástungu nefndarinnar, helzt seinna í dag.

Það, sem þá næst liggur fyrir eptir dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um stofnun lagaskóla á Íslandi. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, og mun hann lesa nefndarálitið og skýra málið eptir því, sem hann álítur þörf á.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sbr. II. bls. 255).

Eg leyfi mèr í einu og öllu að vísa til nefndarálitsins, og vonast til þess, að um mál þetta verði sem stytztar umræður. En eg mun svara öllum þeim mótmælum, sem fram kunna að koma, eptir föngum, áður en gengið er til atkvæða í málinu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Það, sem þá næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um sölu opinberra eigna. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, og mun hann lesa nefndarálitið og skýra málið eptir því, sem hann álítur þörf.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Nefndarálitið hljóðar þannig. (Sbr. II. bls. 257).

Eg ímynda mèr, að nefndarálitið sè svo ljóst, að eg þurfi eigi

að skýra þinginu frekar frá málinu, og því sleppi eg að tala meira að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáeinum orðum um nefndarálitið, því eg er nefndinni samþykkur um það, að æskilegt sè í sjálfu sèr, að þingið fái annaðhvort löggefandi eða ráðgefandi hlutdeild í máli því, sem hèr ræðir um, og eg skal þess vegna ekki mæla á móti því, að þingið beiðist þess, að engin sala nè skipti á neinum opinberum eignum megi hèr eptir fram fara, nema þinginu hafi verið gefið tækifæri til, að segja álit sitt um það.

En eg skal taka það fram, að frumvarpið til stjórnarskrárinnar ætlast til, að fá þinginu meira vald í þessu tilliti, og að beiðni sú, sem hèr ræðir um, þess vegna mun verða alveg ónauðsynleg, ef þingið aðhyllist frumvarpið, en ef ekki verður svo, þykir mèr vafasamt, hvort konungurinn muni finna ástæðu til, að veita þinginu myndugleika þann, sem hèr ræðir um, því hann stendur í svo nánu sambandi við fjárforræðið, að hann að mínu áliti á, hvort sem verður, að fylgja því. En það er þingmönnum kunnugt, að fjárforræðið, eptir alþingistilskipuninni, liggur alveg fyrir utan verkahring þingsins, og þó að konungurinn með stjórnarskránni bjóði þinginu fjárforræðið, er ekki líklegt, að hann muni breyta alþingistilskipuninni í því tilliti, sem hèr ræðir um, ef þingið óskar ekki að þiggja það.

Jón Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort eigi er ástæða til, að láta ályktarumræðu í máli þessu bíða þangað til útsèð er um, hvernig fer um frumvarpið til stjórnarskrár Íslands, því ef það verður samþykkt, þá er alveg óþarft, að gjöra sèrstakt mál úr þessu.

Framsögumaður: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa og hinum 4. konungkjörna þingmanni um það, að bæn sú, sem hèr er farið fram á, sè ónauðsynleg, vegna þess að óvíst er, hvort stjórnarskráin verður samþykkt, því hvernig svo sem stjórnarskráin fer frá þinginu, og þó að hún verði samþykkt, þá er tími þangað til 1873, því fyr getur hún ekki orðið lögleidd, og á skemmri tíma get eg hugsað mèr að mætti selja einhverja þjóðeignina. Mèr sýnist því engin ástæða að bíða með þetta mál þangað til málinu um stjórnarskrána er lokið, því hvað sem því máli líður, held eg það sè full ástæða til að biðja um, að engin slík sala fái framgang, nema með samþykki alþingis.

Jón Pèturssson: Það stendur hvergi í frumvarpinu, svo eg muni, að það eigi ekki að verða að lögum fyr en 1873.

Pètur Pètursson: Eg skal geta þess, að eg vil áskilja mèr svo látandi viðaukaatkvæði: «Þó sèu kirknagózin undan skilin frá þessu».

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Það, sem því næst kemur til umræðu, það er bænarskrá frá fundinum í Hafnarfirði um bústað sýslumannsins í Gullbringusýslu. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu er flutningsmaður bænarskrárinnar, og mun hann lesa hana upp eða skýra frá henni eptir því, sem honum þykir þörf.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sbr. II. bls. 260).

Eg skal geta þess, að mál þetta kom til umræðu á fundinum, sem haldinn var í Hafnarfirði hinn 23. maímánaðar síðastliðna. Vèr, sem ritað höfum nöfn vor undir bænarskrá þessa, rituðum þá amtmanni um mál þetta, og fengum svar hans aptur, er dagsett var hinn 20. þ. m. Í brèfi því hafði amtmaðurinn góð orð um, að leggja málið undir úrskurð lögstjórnarinnar, og mæla með því, að sýslumaðurinn, sem hefir leyfi stjórnarinnar til að sitja í Reykjavík «fyrst um sinn», skyldi flytja til Hafnarfjarðar, þegar skýrslur væru fengnar fyrir því, að viðværilegan bústað væri að fá í Hafnarfirði. En skýrslur um það koma líklega aldrei, meðan sýslumaðurinn ekki biður sjálfur um hús þar sèr til bústaðar. Nú í 3 ár hafa hús í Hafnarfirði bæði verið leigð, seld og byggð, og eg hefi fyrir mèr orð eins áreiðanlegs húseiganda þar um það, að sýslumanninn skuli ekki vanta hús, ef hann að eins leitaði þess. Sumum kann, ef til vill, að sýnast mál þetta ekki þýðingarmikið, en það er þó mikilsvarðandi. Það er talið nauðsynlegt, að allir hlýði lögunum, en yfirvöldin verða þá að hlýða þeim líka, og mega ekki biðja um þær undanþágur frá þeim, sem almenningur ekki þekkir ástæður til og heldur á engum rökum byggðar. Auk þess er breytingin frá aðalreglunni hèr til eigi all-lítilla ónota fyrir sýslubúa. Það er að vísu sagt, að sýslumaðurinn búi í miðbiki sýslunnar, er hann á heima í Reykjavík, og það er að nokkru leyti satt, þegar litið er til víðáttu sýslunnar; en í Kjósarsýslu er lítið yfir 800 manns, þar sem í Gullbringusýslu eða suðurhluta sýslunnar munu vera fullar 4000. Væri nú sýslumaðurinn búsettur í

Hafnarfirði, gæti allur þessi mannfjöldi talað við hann á kaupstaðarferðum sínum, þar sem þeir annars verða að auka sèr ómak með því, að fara inn í Reykjavík. Auk þess er hin mesta þörf á lögreglustjóra í Hafnarfirði. Þetta segi eg ekki af því, að eg vilji bera fram nokkurs konar klögun yfir sýslumanninum, því það liggur í augum uppi, að vèr eigi viljum ýta honum burtu frá oss, heldur einmitt draga hann að oss. Hvað mig sjálfan snertir, þá er mèr sem presti hinn mesti söknuður að þessum manni, og það því fremur, sem eg hefi vissu fyrir því, að hann sýndi framúrskarandi dugnað, meðan hann var lögreglustjóri í Hafnarfirði. Í Hafnarfirði munu vera nálægt 300 manns, og þar af 50 húsráðendur. Tala aðkomumanna skiptir þar tugum flesta daga ársins, og margir eru þeir dagar, að tala þeirra skiptir hundruðum, og því er brýn nauðsyn á lögreglustjóra á þessum stað, en hann er ómögulegt að fá, meðan sýslumaðurinn sjálfur fæst þangað ekki. Af veru sýslumannsins hèr í Reykjavík hefir það leitt, að hann hefir leyft sèr, að stefna sýslubúum hingað, og af þessu hefir leitt kostnað fyrir jafnaðarsjóðinn, en ekkert gott. Eg þekki prest, sem hefir orðið að kaupa sýslumanninn í kirkjulegu gjafsóknarmáli suður í Hafnarfjörð, og það kalla eg eitthvað undarlegt og ónotalegt, þó prestinn muni það ekki. Meining beiðandanna er, að sýslumaðurinn fái húsaleigustyrk til þess, að geta leigt sèr hús í Hafnarfirði. Gæti þetta fengizt án þess, að nefnd væri sett, þá er eg ekkert fram um það, að nefnd verði sett í málinu, heldur að því verði vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, en fáist það ekki, þá vil eg mæla með því, að nefnd verði sett, er að minnsta kosti verði skipuð þrem mönnum.

Konungsfulltrúi: Ef alþingið væri sýslunefnd fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, eða amtsráð fyrir suðuramtið, gæti eg hugsað mèr að alþingi vildi skipta sèr af þessu máli, og ef eg hèr í salnum væri umboðsmaður amtmannsins í suðuramtinu, mundi það vera mèr mjög kært að ræða þetta mál við þingið, en þar sem nú hvorugt á sèr stað, get eg ekki gefið þinginu betra ráð, en að vísa þessu máli alveg frá. Því þetta mál er útilokandi umboðslegs eðlis, eins og uppástungumennirnir kannast líka við með því að biðja hið heiðraða alþingi að herða á amtmanninum í suðuramtinu með þeim hætti og undir því formi, sem því kynni að þykja bezt við eiga, að láta að ósk beiðandanna. Eptir upplýsingum þeim, sem amtmaðurinn í suðuramtinu góðfúslega hefir

látið mèr í tè, skal eg ekki að síður stuttlega skýra þinginu frá því, sem í þessu máli hefir farið fram.

Fundur nokkur, sem haldinn var í Hafnarfirði þann 23. maím. þ. á. og sem, eptir því er í almæli var, hefir verið sóttur af 9 mönnum, þar á meðal hinum 3 fundarembættismönnum, sem hafa sent uppástungu þessa til þingsins, ritaði s. d. brèf til amtmannsins í suðuramtinu um málefni þetta; amtmaðurinn heimtaði þann 26. maí þ. á. «Erklæring» hlutaðeigandi sýslumanns, sem einmitt þá var sigldur, en kom aptur með póstskipinu í júnímán. þ. á.; þegar amtmaðurinn þar næst var búinn að fá skýrslu hans, sem er dagsett 3. þ. m., var hann í nokkrum vafa um það, hverjum hann ætti að svara upp á brèfið frá 23. maím., því hann gjörði ráð fyrir, að fundurinn væri ekki lengur til, þangað til hinir heiðruðu þingmenn frá Gullbringu- og Kjósar og frá Randárvallasýslum þ. 18. þ. m. skoruðu á amtmanninn um, að tilkynna sèr, hvað hann hefði af ráðið í þessu máli. Ámtmaðurinn ritaði þá þann 20. þ. mán. hinum heiðruðu þingmönnum brèf það, sem hinn heiðraði flutningsmaður gat um og sem amtmaðurinn hefir gefið mèr eptirrit af, sem eg skal leyfa mèr að lesa í heild sinni fyrir þinginu:

«Í þóknanlegu brèfi 18. þ. m. hafið þèr, herrar, beiðzt svars amtsins upp á erindi nokkurt, er sent var til þess frá svo kölluðum sýslufundi í Hafnarfirði þann 23. maí þ. á., áhrærandi skyldu þá, sem álitið er, að hvíli á sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til að hafa bústað í Hafnarfirði.

Sem svar upp á erindi þetta skal eg vísa yður, herrar, til lögstjórnarbrèfs af 25. marz 1868, er veitir sýslumanni Clausen leyfi til fyrst um sinn að setjast að í Reykjavík, sökum þess, að það hafði ekki verið honum unnt að fá neinn viðværilegan bústað í Hafnarfirði. Að því sem mèr er frekast kunnugt, er þessi ástæða enn í gildi, og er því naumast nægilegt tilefni til að leita breytingar á tèðum úrskurði; en eg skal þar á móti, þegar eg fæ skýrslu um, að viðværilegur bústaður geti fengizt í Hafnarfirði handa sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, leggja það undir úrskurð lögstjórnarinnar, hvort ofannefnt leyfi skuli apturkalla eða ekki. Eg skal bæta því við, að þó að Hafnarfjörður sem bústaður fyrir nefndan embættismann eflaust liggi hentugar fyrir Álptaneshrepp og nokkurn hluta Gullbringusýslu, liggur samt Reykjavík hins vegar betur fyrir allri Kjósarsýslu og öðrum hluta Gullbringusýslu, og

það hèr um bil í miðbiki alls lögsagnarumdæmisins, svo að þegar litið er til þarfa þess í heild sinni, virðist mèr það geta orðið vafasamt, hvern staðinn heldur skuli kjósa til bústaðar fyrir sýslumanninn, og þó eg fyrir mitt leyti álíti, að tèður embættismaður helzt eigi að búa í Hafnarfirði, ef kringumstæðurnar leyfa, skal eg samt, áður en útgjört verður um þetta, og þegar ofannefndur skilmáli — að viðværilegur bústaður geti fengizt í Hafnarfirði — á sèr stað, gefa sveitastjórnunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu kost á að láta meiningar sínar í ljósi um þetta efni, og eins er það sjálfsagt, að það verður að leggja fyrir sýsluráðið og amtsráðið, undir eins og frumvarp það til sveitastjórnarlaga, sem nú er lagt fyrir alþingið, verður lögleitt«.

Eptir þessu held eg ónauðsynlegt sè, að herða á amtmanni þeim, sem hlut á í þessu máli, og þar sem mèr að öðru leyti þykir vafasamt, hvort þingið yfir höfuð að tala á að herða á yfirvöldum landsins í málum, sem eru alveg umboðslegs eðlis, og sem þeir eiga að skera úr eptir gildandi lögum, skal eg ítreka, að eg ekki get gefið þinginn betra ráð, en að vísa þessu alveg frá.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti konungsfulltrúi svaraði mörgu og miklu, en í raun rèttri engu, af því, sem eg hefði ætlazt til; því er enn ósvarað, hvers vegna sýslumaðurinn enn á að búa hèr. Skýrslur um viðværilegt húsnæði í Hafnarfirði handa sýslumanninum koma víst aldrei, meðan hann eigi leitar þess. Fyrst konungsfulltrúi las upp brèf stiptamtmannsins, þá skal eg geta þess, að eg skil ekki hvers vegna sveitarstjórnanna skuli leitað um það, hvort breyta skuli eptir konunglegum ráðstöfunum eða ekki. En sú virðist vera meiningin í áminnztu brèfi amtmannsins. Sè sýslumaðurinn betur settur hèr en í Hafnarfirði, hvers vegna er hann þá eigi með lögum skyldaður til að vera hèr í Reykjavík? Þá er þó ekki það almenningi til hneykslis, að breytt sè konunglegum ráðstöfunum. Hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði ekkert um það, að laun sýslumannsins yrðu bætt, eða að hann fengi húsaleigustyrk, en eingöngu frá þessu sjónarmiði finnst mèr ástæða til að kjósa nefnd í málið.

Forseti: Um þetta atriði stendur ekkert í bænarskránni, og þess vegna liggur það ekki fyrir þinginu hèr; það þyrfti þá nýja uppástungu til, ef það ætti að geta komizt að; það er því einungis spursmál um, hvort nefnd skuli kjósa um það, sem fyrir liggur, sem er um bústað sýslumannsins, eða því máli skuli vísa forseta-

veginn. Eg vil því skora á þingmenn fyrst að skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli kosin.

Síðan var gengið til atkvæða um það atriði, og gaf enginn atkvæði fyrir nefnd.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu fersetaveginn, var því neitað með nokkrum atkvæðamun, en með því að atkvæðagreiðslan var óglögg, var við haft nafnakall, og sögðu

«Já»:	«Nei»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Grímur Thomsen.	Davíð Guðmundsson.
Jón Kristjánsson.	Egill Sveinb. Egilson.
Sigurður Gunnarsson.	Erlendur Gottskálksson.
Stefán Jónsson.	Guðmundur Einarsson.
Þórarinn Böðvarsson.	Hallgrímur Jónsson.
	Helgi Hálfdánarson.
	Hjálmur Pétursson.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Sigurðsson.
	Páll Pálsson.
	Pétur Pétursson.
	Stefán Eiríksson.
	Torfi Einarsson.
	Þórður Jónasson.

Ólafur Pálsson greiddi eigi atkvæði, og var þannig málið fellt með 17 atkvæðum gegn 7.

Forseti: Þá er þetta mál þar með fallið. Dagsskránni er þá lokið, og eigi meira að gjöra í dag. Eg vil benda þingmönnum á, að nú eru ekki nema fjórir dagar eptir af hinum lögskipaða þingtíma, og munu þingmenn þar af sjá sjálfir, að hèr ríður á að nota tímann og flýta fyrir afgreiðslu málanna sem mest að kostur er, ef þau eiga að geta orðið búin nokkurn veginn í tíma.

Þar með segi eg

Fundi slitið.

---

15. fundur — 25. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um uppsigling á Stapahöfn. Sömuleiðis hefi eg fengið bænarskrá frá nokkrum hinum konungkjörnu þingmönnum viðvíkjandi því, hvernig eptirlaun og biðlaun skuli reiknast. Enn fremur hefi eg tekið við bænarskrá úr Rangárvallasýslu um spítalagjaldið. Af þessum skjölum verður tekið eptirrit og sent hinum háttvirta konungsfulltrúa. Síðan verða þau lögð á lestrarsalinn, eins og venja er til. Það, sem fyrst liggur fyrir til umræðu í dag samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um eptirlauna-viðbót handa amtmanni Havstein. Framsögumaður er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, er mun lesa nefndarálitið og skýra frá því, eptir því sem honum þykir þörf.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II. bls. 261).

Eg vona, að þingð taki vel undir mál þetta, með því það sèr, að það er hið mesta áhugamál beiðandanna. Verði málinu vel tekið hèr á þinginu, efast eg ekki um, að stjórnin einnig veiti því fúsa áheyrn.

Konungsfulltrúi: Af því að eg er samþykkur hinni heiðruðu nefnd í því, sem hún í nefndarálitinu hefir tekið fram um sambandið milli eptirlaunalaganna frá 31. maím. 1855 og launalaganna frá 19. janúarm. 1863, skal eg fyrir mitt leyti mæla með uppástungu nefndarinnar, þó með þeirri athugasemd, að þar sem eg ekki hefi nægilegar upplýsingar til að dæma um það, hvernig afnotin af jörðunni Möðruvöllum eru reiknuð eða eiga að reiknast við ákvörðun eptirlauna þeirra, sem hèr ræðir um, virðist mèr eiga betur við að sleppa seinustu málsgrein í niðurlagsatriði nefndarinnar, og að eins taka það fram í álitsskjalinu, að þingið gjöri ráð fyrir, að afnot þessarar jarðar verði talin á 300 rd. árlega, eða með fullu verði þeirra.

Þórður Jónasson: Eg vona, að þingið aðhyllist þetta nefndarálit, því það fer ekki fram á neitt nýmæli; það fer að eins fram á það, að amtmaður Havstein fái eptirlaun sín borguð samkvæmt þeim almennu launalögum, og þetta hefir bæði við rètt og sanngirni að styðjast. Eg vona að þingið sjái það og viðurkenni, að það er mjög svo ósanngjarnt, að það fari um eptirlaun allra íslenzkra embættismanna, sem hafa föst laun, eptir öðrum og ósanngjarnari reglum en um eptirlaun allra annara embættismanna,

og það því fremur, sem þingið fyrir löngu síðan hefir lýst þessu yfir og beðið stjórnina um, að á þessu yrði ráðin bót, þó enn standi það við sama; en stjórnin, hve nær sem þess hefir þurft, hefir sýnt það í verkinu, að hún, eins og nefndin skýrt hefir tekið fram, ekki vill þennan ójöfnuð, því hún hefir, eins og eðlilegt var, veitt hlutaðeigendum eptirlaun beinlínis eptir pensíonslögunum, og eg efast því ekki um, að stjórnin muni fara eins að í þessu máli, sèr í lagi þegar meðmæli þingsins, sem þingið að mínu áliti ekki getur með sóma sínum synjað um, koma til. Eg get nefnilega ekki ætlað þinginu annað, en að það muni kröptuglega halda því fram, að hlutaðeigandi íslenzkir embættismenn yfir höfuð að tala fái í þessu efni, og amtmaður Havstein sèr í lagi, jafnrètti við aðra embættismenn í ríkinu, sem eru í sömu eða líkri stöðu, og því síður get eg ætlað, þar sem það er stjórnarinnar augljós vilji, að íslenzkir embættismenn, sem föst laun taka, standi hvað eptirlaun þeirra snertir, jafnhliða öðrum embættismönnum, enda væri þetta þvert á móti þeirri skoðun, sem þingið áður hefir aðhyllzt í þessu máli, enda álít eg það skyldu þingsins að hlynna að því, að íslenzkir embættismenn þurfi ekki, hvað eptirlaun þeirra snertir, að standa á baki öðrum embættismönnum í ríkinu, og þurfi að biðja um það sem náðarveiting, sem þeir eiga rètt til, eins og hinir aðrir embættismenn í ríkinu. Eg ætla á þessu stigi málsins ekki að fara um það fleirum orðum, en einungis leyfa mèr að taka það fram, og einungis biðja þingið um að gefa því gætur, hvað góðar undirtektir málið fèkk hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa, og vona, að þingið fari í sömu stefnu, og þá álít eg þessu máli vel borgið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það kemur ekki til af því, að eg ekki unni amtmanni Havstein alls góðs, að eg nú eins og við inngangsumræðu þessa máls ræð þinginu til, að rita enga bænarskrá til konungs um þetta mál, heldur er það af því eg álít, að vèr eigum, meðan svona standa hagir vorir, að fara mjög svo varlega í fjárbænir. Auk þess verð eg að vera þeirrar skoðunar, að mál þetta hefði fyrst átt að ganga til stjórnarinnar, og stjórnin hefði svo átt að leggja það fyrir þingið, ef henni hefði þótt ástæða til vera, að auka eptirlaun amtmanns Havsteins. Það er kunnugt, að Havstein amtmaður fór frá embætti sínu í haust eð var, þannig, að honum var veitt lausn frá því; hvort það hefir verið í náð eða ekki, er mèr ókunnugt, en hitt er víst, að hann hafði eigi beðið um lausnina sjálfur. Til þess nú þannig að losa hann við embættið án þess hann hefði um það beðið, hljóta því að vera eln-

hverjar sèrstaklegar ástæður frá hálfu stjórnarinnar; en eru þessar ástæður kunnar þinginu? Eg segi nei! Ætti nú alþingi að geta beiðzt þess af stjórninni, að manni þessum verði veitt viðbót við þau laun, sem stjórnin hefir ákveðið honum, þá þyrfti það að þekkja alla málavexti til hlítar. Það er borið fyrir, að það sè óeðlilegt, að íslenzkir embættismenn fái eigi sömu kjör að því, er snertir eptirlaun þeirra, sem samkynja embættismenn í Danmörk, og játa eg, að þetta er satt; en áður en vèr biðjum um sèrstaklega umbót í þessu efni handa einum manni, þá ættum vèr að beiðast þess, að hinum gildandi lögum í þessu efni væri breytt. Vèr verðum að gæta þess, að hèr er að ræða um þann embættismann, sem hefir verið leystur frá embætti sínu, án þess hann hafi mælzt til þess. Eg skal manna fúsastur játa, að Havstein amtmaður mun hafa sýnt í embættisfærslu sinni í mörgum efnum hina mestu röggsemi og dugnað, og hann eigi að því leyti það víst fyllilega skilið, að hann fái ríflegri eptirlaun, en hann hefir nú, og svo há sem frekast er auðið að samrýmzt geti við gildandi lög. En þyki þinginu næg ástæða til að taka beiðni þessa til greina, eins og hún liggur fyrir, þá sýnist mèr langrèttast, að það vísi málinu með meðmælum sínum forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs. Fari þingið að taka málið fyrir og útkljá það á annan hátt, þá getur mèr ekki betur sýnzt, en þingið setji sig í dómarasæti, og gjörist dómari stjórnarinnar í því, hvort næg ástæða hafi verið til að veita Havstein lausn eða eigi, án þess þó að það viti neitt um, hverjar ástæðurnar hafi verið til þess að Havstein fèkk þessa lausn. En um tèð atriði vantar allar skýrslur að svo komnu máli, og því mundi þingið dæma út í bláinn og ástæðulaust. Eg ætla því að koma með þá uppástungu, að málinu verði vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs með meðmælum þingsins, að eptirlaun Havsteins verði sem rífust.

Grímur Thomsen: Hefði hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sýnt með undirtektum sínum hèr á þessu þingi, að honum væri móti skapi, að nokkurt það mál, er fjártillag útheimtir, næði fram að ganga, þá væri það ekki nema samkvæmni af honum, að hafa svo mjög á móti þessu máli; og líklega hefði þessi háttvirti þingmaður tekið allt betur í þetta mál, ef Havstein amtmaður væri forngripur. Það er hverju orði sannara, að það er nauðsynlegt á slíkum samkomum sem alþingi er, að losa sig við allt persónulegt; en svo lengi sem vèr erum hold og blóð, svo lengi fylgir það hverjum, sem fast er við hann, tilfinningin verður ekki útilokuð frá mannlegu eðli. Einn hefir mesta tilfinning fyrir forngripum, en

annar fyrir sönnum þörfum vina sinna, og er hvorugt að lasta. Nú hafa komið inn til þingsins bænarskrár úr nálega öllum sýslum þess amts, er Havstein var embættismaður í, er fara því fram, að alþingið styðji að því af alefli, að bætt verði kjör hans eða hlutur hans rèttur; og er það þá ekki svo sem sjálfsagt, að þingið ekki má vísa slíku frá sèr sem óviðkomandi? Eg er að vísu eigi kunnugur máli þessu til hlítar; en það þykist eg vita fyrir víst, að Havstein hefir fengið lausn frá embætti sínu fyrir umkvartanir einstakra manna úr einstakri sýslu norðuramtsins; og þá má búast við því, að rèttur hans hafi að einhverju leyti orðið fyrir halla af hálfu stjórnarinnar; því víst er um það, að hefði engar umkvartanir komið frá einstakri sýslu yfir amtmanni Havstein, þá hefði honum aldrei verið gefin lausn frá embætti á þennan hátt. Þótt nú eitthvað kunni að hafa verið af sannleika í þessum umkvörtunum, þá ættu þó svo margar og kröptugar bænarskrár, sem þær, er til þingsins hafa komið, að vera fullkomin mótvigt á móti því, sem satt kann að hafa verið í umkvörtunum þeim, er nýlega var um getið; og þannig er það að minni ætlan sjálfsögð skylda þingsins, að taka uppástungu nefndarinnar til greina.

Eiríkur Kúld: Eg stend að þessu sinni upp hvorki til þess að mæla með máli þessu í sjálfu sèr eða mót því. Eg skal þó geta þess, að eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga um það, að það sè hæpið og hált fyrir þingið, að mæla með slíkum málum sem þetta er. Það er eigi af því, að eg ekki unni amtmanni Havstein alls góðs og svo góðra kjara, að hann eigi þurfi að líða nauð á elliárum sínum, að eg verð að vera á sama máli og þingmaður Reykvíkinga. Það er ekki ljóst tekið fram í nefndarálitinu, hvort embættismaður þessi hafi fengið lausn frá embætti sínu í náð eða ekki; að minnsta kosti er það tekið fram í bænarskránum, að sú náð hafi komið honum óvænt, því hann hafði ekki beðið um lausn sjálfur. Þar af leiðir þá, að auðsætt er, að einhver ástæða hlýtur að hafa verið til þess, að hann fèkk lausn frá embætti sínu, án þess hann æskti þess, og þessar ástæður liggja ei hèr fyrir þinginu og eru því alveg ókunnugar. Eg vil því leyfa mèr að skora á hinn háttvirta konungsfulltrúa, að skýra þinginu frá, hvort Havstein amtmaður hefir fengið lausn í náð frá embætti sínu, eða ekki, því það kynni að ráða atkvæðum sumra þingmanna, ef þeir vissu ýtarlega um þetta. Að öðru leyti skil eg ekki, að Hvastein þurfi að líða nauð með yfir 1200 dala eptirlaunum, því margir embættismenn hafa miklu minni laun og komast þó af sómasamlega; þar að auki ætti það að vera talsverður lèttir fyrir hann,

hvað kostnaðinn snertir, að vera embættislaus. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði um þingmann Reykvíkinga, að hann mundi hafa tekið betur í mál þetta, ef hèr hefði verið um forngrip að ræða. Þetta finnst mèr mjög eðlilegt, og get eg vel tekið þessi orð hans til mín líka. Því eg varð fyrir því, að lenda í forngripasafnsnefndina, og er mèr því ef til vill fullt eins kunnugt um það mál nú, eins og þingmanni Rangæinga, sem eg veit ekki hvort veit, hvaðan nefndin hefir ráðið til að hin litli fjárstyrkur til safns þessa skuli tekinn; það kann vel að vera, að hann álíti mig og hinn heiðraða þingmann Reykvíkinga sjálfum okkur ósamkvæma í tillögum okkar til fjármála hèr á þinginu; en tillögur mínar í því tilliti fara allt eptir því, um hvaða mál í hvert skipti er verið að ræða. Eg vil því áskilja mèr það breytingaratkvæði, að máli þessu verði vísað forsetaveginn til stjórnarinnar. (*Forseti:* Þingmaður Reykvíkinga hefir áskilið sèr það breytingaratkvæði áður). Eg hefi þá ei heyrt það, og verð þá að áskilja mèr að sameina mig við hann um breytingaratkvæði þetta.

Konungsfulltrúi: Eg skal eptir fyrirspurn hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga skýra þinginu frá, að hans hátign konungurinn hefir veitt amtmanni Havstein lausn í náð; en hvað snertir kringumstæður þær, sem hafa ollað því, að honum var vikið frá embættinu, vantar mig nægilegar upplýsingar til að skýra þinginu frá þeim.

Sigurður Gunnarsson: Það hefir hvorki verið, nè verðr hollt fyrir land vort nè embættismenn þess, að þeir byrji hèr með nærri eins háum launum og sams konar embættismenn í Danmörku. Fyrir það búa þeir sem líkast því, sem þar er — og til þess þarf sannlega mikið hèr á landi. Ef þeir byggi hèr enn líkt og hinir eldri landshöfðingjar vorir eptir föngum og sómasamlegum háttum vors lands, þá kæmust þeir af með minna og lifðu þó jafnvel við betri hag en margir þeirra lifa nú með hinum útlenda búnaði. Það hefir sýnt sig áður, að margir konunglegir embættismenn hèr á landi hafa búið búi sínu og lifað góðu lífi, með miklu minni launum en nú, þó margt væri hèr þá við lægra verði. En úr því menn einu sinni eru orðnir vanir við að lifa við líkan kost og aðbúnað því, sem tíðkast í hinum auðugu löndum, og eru komnir þannig á elliár, þá er ekki við því að búast, og varla sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir geti breytt allt í einu lifnaðarhætti sínum, þegar þeir missa þessi háu laun. Þetta segi eg með tilliti til Havsteins amtm. Hann hefir búið við há laun og þó hefir hann ekki safnað auði; kunnugir menn vita það, að hann er maður fátækur

eptir sína löngu embættisþjónustu og háu laun. Nú þarf hann að forsorga stórt heimili, því að hann á 6 börn í ómegð. Eptirlaun hans, sem hann á að lifa af með heimili sitt, eru þó lítið meira en 1000 dalir. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Þau eru 1200 dalir rúmir). Já, veit eg það þau eru trúi eg 1270 rd., en þar frá ganga nærri 200 dalir, sem hann, eptir því sem eg veit bezt, á að leggja í ekkjusjóðinn, og víst 40 dalir til annars. Hann getur engan veginn haft færri en 10 manns í heimili. Nú er gott vinnumannsfæði, eptir því sem mèr er sagt að það muni vera reiknað hèr í Reykjavík, allt að 180 dala virði. Skipti menn nú þessum rúmum 1000rd. milli þeirra, sem Pètur amtmaður þarf að fæða, koma lítið meira en 100 rd. í hlut. Geta þá allir skilið, að hversu spart sem farið er með, muni þetta fè hrökkva skammt; þótt amtmaðurinn fengi nú 16 til 17 hundruð dali á ári í eptirlaun, þá sýnist það ekki meira en svo, að hann gæti þá komizt neyðarlaust af. Eg mæli því fastlega með því, að þingið aðhyllist uppástungu nefninnar.

Torfi Einarsson: Sakir þess að eg heyrði í ræðu þess þingmanns, er síðast talaði, talað um 180 dala kostnað, er leiddi af vinnumannshaldi, þá held eg, að bændurnir ættu nú að fara að fá eptirlaun, ef þeir ættu að geta lifað. Hvað þessu máli viðvíkur, þá er eg því allt of ókunnugur til þess, að eg treysti mèr almennilega til, að greiða í því atkvæði, ef til þess kemur hèr á þingi. Það hefir verið sagt, að amtmaður Havstein væri í skuldum, þótt hann áður hafi haft 2800 rd. í embættislaun. Með því nú embætti þetta er mjög umfangsmikið, þá gæti það vel verið, að mjög mikill kostnaður hafi gengið í súginn vegna embættisfærslunnar; en þá hefði þeim kostnaði átt að lètta á, þegar maðurinn hætti að þjóna embættinu. Mèr þykir það undarlegt, ef Havstein amtmaður skyldi þurfa að líða sèrlega þröng með 1200 dala eptirlaunum, þótt hann aldrei nema hafi 6 börn í ómegð. Eg er að vísu ókunnugur hinum sèrstöku ástæðum, hvers vegna amtmanni þessum hafi verið veitt lausn frá embætti sínu; en heyrt hefi eg, að hann á sínum síðari árum hafi verið eitthvað truflaður á geðsmununum, og gæti þá þar af hafa leitt, að einhver ruglingur hefði komizt á fjárráð hans, og þar af gæti þá kannske leitt, að ástæða væri til að bæta honum kjör hans nú á elliárunum. Eg er þessu máli annars mjög ókunnugur, og meðan eg ekki fæ meiri upplýsingar en enn eru komnar, verð eg að fallast á uppástungu þingmanns Reykvíkinga um, að vísa málinu forsetaveginn til stjórnarinnar.

Stefán Jónsson: Mèr virðist allt of mikið hafi verið gjört úr ástæðum þeim, er kunna að hafa valdið því, að Havstein amtmaður losaðist við embætti sitt. Mèr finnst það nóg upplýsing í þessu máli, að hann fèkk lausn í náð, og það gjörir næsta lítið til, hverjar þær ástæður hafa verið, sem þar að lutu. Það var, hvort sem er, nærri því komið að því takmarki, að hann hlaut að beiðast lausnar frá embættinu, og hefði það sjálfsagt ekki dregizt lengur en eitt eða 2 ár. Eg veit það með vissu, að hann var opt kominn á flugstig með að biðja um lausn, og eg efast ekki um, að ef hann hefði verið búinn að því, áður en stjórnin veitti honum hana, mundi hann þegar hafa fengið full eptirlaun. Mèr finnst því sem sagt ekki minnsta ástæða vera til að rekja þær orsakir, hvers vegna stjórnin áleit, að hann ætti að hætta við embætti sitt. Sanngirnin mælir allt að einu með því, að hann fái full eptirlaun. Hagur hans er svo, að hann á 6 börn í ómegð, og mun hið elzta þeirra vera nálægt 10 ára gamalt, og í heimili mun hann hafa nálægt 15 eða 16 manns; eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu gat um, mun hann þurfa að borga um 200 rd. í ekkjusjóðinn, fyrir íbúðarhúsið mun hann, ef eg man rètt, þurfa að borga 60 dali, og fyrir jörðina hèr um bil 40 rd. í eptirgjald; þá sjá allir, að með þeim eptirlaunum, sem stjórninni hefir þóknazt að veita honum að þessu frádregnu, getur hann með engu móti lifað sómasamlega; því auk alls annars munu eins margir koma til hans, þar sem hann nú er, eins og þar sem hann áður var, og allir vita sem þekkja hann, að hann er mjög höfðinglundaður maður. Eg mæli því af þessum ástæðum fastlega með því, að málinu verði tekið svo vel af þinginu sem bezt má verða.

Framsögumaður: Jeg skal fyrst og fremst þakka hinum háttvirta konungsfulltrúa fyrir hinar góðu undirtektir hans í þessu máli eins og endranær, og skal eg geta þess, að eg hefi ekkert á móti því, eins og hann stakk upp á, að fella burtu úr niðurlagsatriðinu þá 300 dali, sem afnot jarðarinnar Möðruvalla eru reiknuð til, og skal eg bera mig saman um það við nefndarmenn mína. Þingmaður Reykvíkinga vildi fara varlega í máli þessu vegna fjárins; ætli hann sè orðinn finantsminister hjá oss; hann má þó vita, að það er ómögulegt fyr en stjórnarskipunarmálið er um garð gengið. Hann segir, að málið hefði átt að ganga til stjórnarinnar, og þaðan til þingsins; nú er það komið hingað til þingsins frá þjóðinni, og sýnist mèr hart, ef þingið ekki skyldi vilja skipta sèr neitt af svo mörgum bænarskrám, sem eru komnar frá svo mörgum stöðum, og það frá þeim stöðum, sem sumar þeirra eru. Hinn

háttvirti þingmaður Rangæinga benti á, hvers vegna amtmanni Havstein hefði verið veitt lausn frá embætti sínu, og þori eg eigi að segja, að þær ástæður hafi að öllu leyti verið réttlátar, því það er bágt að dæma um, hvort umkvartanirnar hafi verið réttar, enda veldur sjaldan einn þegar tveir deila, en hitt er víst, að hann hefir ávallt verið dugandi embættismaður. Þingmaður Reykvíkinga sagði enn fremur, að þingið setti sig sem dómara yfir stjórninni, ef það færi út í þetta mál, en eg get ekkert dómsatkvæði séð í því, þótt beiðni sè framborin fyrir stjórnina, sem byggð er á bón annara. Þingmaður Barðstrendinga hafði sömu mótbárur og þingmaður Reykvíkinga, og kemur það líklega af því, að þeir sitja svo nærri hvor öðrum. Hann sagði að bæn þessi væri ótímabær, en svo mætti þá segja um allar bænarskrár, eða ættu menn ekki að mega þora, að bera neitt upp fyrir þinginu, nema menn áður hefðu spurt það á þessa leið: Má eg nú koma og vera svo djarfur að bera þessa bænarskrá fram fyrir þingið? Þar sem þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að íslenzkir embættismenn byrjuðu með hærri launum, þá er það víst misskilningur, því þar sem amtmennirnir í Danmörku byrja með 2600 dölum, þá byrja þeir hèr að eins með 2000, og þar sem yfirdómararnir í Danmörku byrja með 1600 til 1800 dölum, þá byrja þeir hèr með 1000 til 1200 dölum. Eg vona, að þingmaður Strandasýslu verði eigi mótfallinn því, að nefnd verði kosin í máli þessu, þótt hann segist vera því ókunnugur. Hvað það snertir, að amtmanni Havstein hafi ekki vel enzt fè, þá er það mjög eðlilegt; hann hefir einkum á seinni tímum verið maður mjög heilsulasinn, hefir einu sinni tekizt utanlandsferð á hendur, og hingað suður hefir hann ferðazt til að leita sèr lækninga; en maðurinn er, eins og kunnugt er, örlátur og höfðinglyndur, og er því vel hægt, að skilja, að hann hafi eytt meiru, en sumir aðrir, er öðruvísi eru lyntir; og þegar maður er heilsulasinn, þá er eðlilegt, að maður verði minna hneigður fyrir að sjá um bú sitt, það hvílir þá mestmegnis á konu og ráðsmönnum. Eg vona að allir verði með því að styðja þetta mál, og eg efast engan veginn um, að hinir háttvirtu skrifarar, þingmaður Reykvíkinga og Barðstrendinga, verði það líka.

Þórarinn Böðvarsson: Við inngangsumræðu þessa máls lèt eg í ljósi, að eg væri ekki á því hreina, hvað mál þetta snertir, nema hvað það eitt snertir, að eg álít þann embættismann, er hèr á hlut að máli, alls góðs maklegan, enda hefir enginn haft í móti því, að svo væri. Það er eðlilegt að skilja, að amtsbúar munu hafa séð sig um hönd, þegar Havstein var losaður frá embætti sínu líklega

fyrir þeirra tilverknað, og hafa því viljað gjöra svo gott úr því sem komið var, eins og auðið var. Maður skyldi nú reyndar hafa ímyndað sèr, að þeir færu fyrst í sinn eigin vasa til að veita Havstein amtmanni fè, heldur en að knýja á landssjóðinn; en úr því svo er komið, þá vil eg helzt óska, að honum verði veitt sem mest eptirlaun. Sumir hafa borið fyrir þær ástæður, er voru því valdandi, að embættismaður þessi losaðist við embætti sitt eða var vikið frá, í því skyni að hrinda því, að mál þetta fengi framgang hèr á þinginu; en hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hefir hrakið þetta alveg og sýnt fram á, að þetta atriði komi oss ekkert við. En hitt er meira vert, að maðurinn er orðinn roskinn og þreyttur af svo mörgu í þessu lífi. Þar sem sagt hefir verið, að mál þetta heyrði eigi undir þingið, þá þykir mèr það undarlegt, þar sem stjórnin einmitt nú hefir lagt fyrir alþingi frumvarp um eptirlaun annars embættismanns, sem einnig á líkan hátt fèkk lausn frá embætti sínu. Eg gat annars sízt búizt við því af þingmanni Reykvíkinga, að hann í þessu efni vildi láta stjórnina ráða öllu eina.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi aldrei efazt um brjóstgæði þingmanns Rangæinga, og það enda þótt um forngripi væri að ræða. En eg vona, að hann játi með mèr, að það færi eigi vel, ef menn færu alla-jafna einungis og beinlínis eptir tilfinningum sínum í opinberum málum, hvort heldur varða einstakan mann eða fleiri. Eg segi það af heilum hug, að eg óska þess af öllu hjarta, að amtmaður Havstein fái svo mikil eptirlaun, að hann geti lifað áhyggjulausu lífi á elliárum sínum. En að þingið sendi konunginum bænarskrá um þetta efni, það álít eg bæði rangt og þýðingarlaust; því að þótt embættismaður þessi hafi fengið lausn frá embætti sínu, og það hafi verið að kenna umkvörtunum einstakra manna yfir honum til stjórnarinnar, þá eru allir þeir málavextir svo ókunnir þinginu, að það getur ekki farið neitt út í mál það, eins og stendur. Eg verð enn að taka það fram, að það er eigi hinn rètti vegur, sem þetta mál er hèr komið inn á þingið. Slíkt mál á að koma frá stjórninni, en eigi frá landsmönnum, því að engum getur verið eins kunnugt, eins og stjórninni, um ástæður fyrir því, hver eptirlaun hver einstakur maður á að fá fram yfir hin lögbundnu; henni má kunnugast vera um embættisfærslu embættismannsins. Þær umkvartanir, sem valdið hafa því, að Havstein fèkk lausn, hafa þó verið í augum stjórnarinnar nægar til þess, að þær væru teknar til greina, ef hann hefir fengið lausnina einungis þeirra vegna, og eg þykist ekkert mæla eptir stjórninni fyrir það, þótt eg segi, að þingið setji sig til dómara yfir stjórn-

inni, ef það tekur það mál til álita, sem er svo vaxið, að það getur ekki þekkt í neinu ástæður þær, er stjórnin hefir haft til að veita Havstein amtmanni lausn. Eg þykist ekkert ósamkvæmur sjálfum mèr, fyrir það, þótt eg ráði þinginu frá að fallast á uppstungu nefndarinnar, þegar málið er svona vaxið. Þótt vera kunni, að sumum amtsbúum þyki nú mikið til Havsteins koma, þá er svo um alla menn, að einhver heldur upp á þá, því enginn er sá, að hann engan vin eigi. Eg neita því ekki heldur, að Havstein amtmaður mun hafa sýnt mikla röggsemi og dugnað í embættisfærslu sinni, og að hann þess vegna eigi skilið velvild margra amtsbúa sinna og hin fyllstu eptirlaun sem auðið er; en hví skjóta amtsbúar hans þá ekki saman fè til þess, að láta hann ekki líða þröng, fyrst þeir unna honum svo mjög? Auk þess er engin af bænarskrám þeim, er biðja um launaviðbót handa Havstein frá honum sjálfum. (Margir: Jú). Nei, því bænarskrá sú, sem frá honum sjálfum er, stefnir að allt öðru, því, að hann fái full embættislaun sín til fardaga 1871, með því honum hefir fundizt órètt, hversu snögglega honum var boðið að skila af sèr embættinu, og þetta er allt annað, en það sem hèr er farið fram á. Af því eg nú vil, að þingið gjöri allt sitt bezta til, að hjálpa máli þessu á fram, þá mæli eg enn með því, að það verði látið ganga forsetaveginn til yfirvaldanna með meðmælum þingsins.

Hallgrímur Jónsson: Eg er máli þessu ekki nógu kunnugur til að taka þátt í umræðunum, þó bæði bænarskrárnar og nefndarálitið hafi talsvert upplýst það fyrir mèr. Í þessum bænarskrám hefir verið hrósað, bæði dugnaði og embættisfærslu amtmanns Havsteins, og eg skal ekki efa, að hann hafi verið það í sínu amti — en mèr heyrðist önnur bjalla klingja hèr við á þinginu 1869, og þó þær umkvartanir, sem þá voru sendar þinginu, hafi haft við eitthvað satt að styðjast, áleit eg það þó vel fara, að máli því var þá aldeilis orðalaust drepið niður, og held eg því að þingið einnig nú gjörði rèttast, að gefa þessum bænarskrám, sem samdar eru af betruðu hugarfari Norðlendinga, lítinn gaum. Hafi svo verið, sem eg efa ekki, að Havstein amtmanni hafi verið veitt lausn í náð, þá efast eg eigi heldur um, að stjórnin láti honum sína náð lengur í tè, og sjái honum fyrir rèttlátum og rèttreiknuðum eptirlaunum, og eptir meiru vil eg ekki æskja; eg vil nefnilega mæla með því, að amtmaðurinn fái það, sem honum ber. Það kann vel að vera, að amtmaður Havstein hafi ekki eins há eptirlaun eins og sams konar embættismenn í Danmörku, en hvað um það, eg vil ekki vera að taka mælikvarða af þeim og þeirra stöðu, einungis

þegar eptirlaunin eru rètt eptir landslögum, þá læt eg mèr nægja, og það held eg sè hèr, eptir því sem mèr hefir skilizt. Það er annars ekkert á móti því, eins og þingmaður Gullbringusýslu sagði, að norður- og austur-amtsbúar hefðu farið fyrst í sinn eigin vasa, og skotið saman fè amtmanni sínum til sómasamlegs uppheldis, ef hann skortir það, eins og þeir segja, áður en þeir fóru í fjárbón þessa til alþingis; það hefði þá má ske orðið ljúfara með tillögur þeirra þingmanna, sem aldrei hafa búið undir hans góðu embættisfærslu nè heldur notið hennar, og hafa ekki af öðru að segja, en bergmálinu af lasti og lofi um optnefndan amtmann Havstein. Eg veit það að vísu, að 1250 rd. eru allt of lítið fyrir þann mann að lifa af, sem hefir lifað við rausn, því eins og embættisfærsla hans var röggsamleg og rausnarleg, eins mun hann í öllu tilliti vera rausnarmaður, en þó verður því eigi neitað, að hver embættismaður sem er, og þá líka amtmaður Havstein, kemst af með minni laun, eptir að hann er orðinn laus við embættið, því embættinu fylgir ætíð nokkur kostnaður. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að hann hefði 15 manns í heimili, þá get eg eigi ímyndað mèr, að þeir sèu allir ómagar, og að engar tekjur sèu eptir neinn mann á heimilinu. Hann á 6 börn og konu, og svo þarf hann að hafa þjónustufólk líka, svo sem 2 stúlkur. Eptir þessu get eg eigi skilið, hvernig hann hefir fleiri ómaga á heimili sínu en 10; hitt verður að vera vinnandi fólk. Á bændaheimilum hèr á landi er það opt, að ómagarnir eru eins margir og stundum fleiri en vinnandi fólkið, en þó komast bændurnir af með það, og sumir vel; það er að vísu satt, að þeir þurfa eigi að lifa eins höfðinglegu og rausnarlegu lífi, eins og sá maður, er um langan tíma hefir þjónað einu af hinum æðstu embættum landsins. En þá má líka aptur segja það, að þeir hafa eigi heldur 1200 rd. laun til þess, að styðja með búskap sinn. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál, en að eins geta þess, að eg mun, til þess að sinna málinu þó nokkuð, hallast helzt að uppástungu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga um, að málinu sè vísað forsetaveginn til viðkomandi yfirvalda, ekki af því, að eg sitji við hlið hans, og jafnvel þótt eg heyrði eins vel ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns.

Stefán Jónsson: Út af ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, skal eg geta þess, að mèr þótti það undarlegt, er hann sagði nú í annað sinn, að þingið með því, að fara þess á leit við stjórnina, að hækkuð verði eptirlaun amtmanns Havsteins, vildi setja sig sem dómara yfir gjörðir stjórnarinnar, og þingið með

því óbeinlínis legði þann úrskurð á, að stjórnin eigi af nægum ástæðum hefði veitt honum lausn í náð frá embætti sínu. Þessa skoðun þingmannsins get eg ómögulega fallizt á, og að líkindum enginn maður; eg get eigi séð, að þingið setji sig dómara yfir gjörðir stjórnarinnar, þótt það biðji um, að hækkuð verði eptirlaun amtmanns Havsteins; þingið hefir þó vissulega bænarrètt, það vita allir, og hèr er ekki farið fram á annað en um að eptirlaun eins embættismanns verði aukin. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði líka, að það væri eptirtektavert, að amtmaður Havstein alls eigi færi fram á það, að eptirlaun sín yrðu hækkuð, en til þess að sanna að þetta er eigi rètt hermt af þingmanninum, skal eg leyfa mèr að lesa fullmakt, er hann sjálfur sendi mèr, og hljóðar þannig :

Hèr með leyfi eg mèr að fela herra alþingismanni St. Jónssyni frá Steinsstöðum á hendur, að bera þá auðmjúku bæn mína fram fyrir hið heiðraða alþingi Íslendinga, að launaviðbót mín eptir lögum frá 19. janúar 1863 sem fyrverandi amtmanns yfir norður- og austurumdæminu 700 rd. verði tekin til greina við ákvörðun eptirlauna minna, svo og líka að amtmannssetrið Friðriksgáfa með jörðunni Möðruvöllum verði talin 300 rd., en ekki einungis 200 rd. í eptirlaunareikningunum.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli.

Skjaldarvík, 22. júní 1871.

Havstein.

Eg get eigi annað álitið, en að það sè alveg sama, eins og hann sjálfur bæði um eptirlaunaviðbót, þótt eg sè eins og nokkurs konar milliliður. Þessi ástæða, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga færði til á móti því að bænarskrá þessi yrði tekin til greina á þinginu, er því alveg þýðingarlaus og fallin af sjálfu sèr. Í öðru brèfi fer amtmaður Havstein fram á það, að hann fái að halda fullum launum sínum til fardaga 1871. En þegar menn nú ætla að fara að leggja allt niður fyrir þess konar embættismenn, eins og mèr virtist hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vera að gjöra, og ætlar að fara að kenna þeim að búa, og miðar það við búskap manna á fátækum heimilum, þá fer eg nú að verða hræddur um, að allt fari eigi í rèttu lagi, og slíkt komi að litlum notum. Eg fyrir mitt leyti get því eigi séð, að neitt sè því til fyrirstöðu, að mál þetta fái góð afdrif á þinginu. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Borg-

firðinga sagði, að sèr hefði virzt það liggja næst fyrir Norðlendinga að skjóta saman fè úr sínum eigin vasa, til þess að sæma amtmann Havstein með, þá er það að vísu gott, en mèr finnst að þeir vilji hèr um segja: «vermið yður og mettið o. s. frv.» Þeir segja, að vèr viljum fara ofan í vasa stjórnarinnar, en þeir vilja líka fara ofan í vasa vora, en sjálfir ekkert leggja til, svo þetta jafnar sig; en mèr virðist, að ef norður- og austuramtið, sem er þó mikill hluti af Íslandi, vill skjóta fè til úr konungssjóði, svo að eptirlaun amtmanns Havsteins yrðu viðunanleg, þá ætti líka hinn hluti landsins að vera að sínu leyti eins veglyndur.

Jón Pètursson: Eg skildi ekkert í ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga; mèr fannst hún vera full af mótsögnum, sem hinum háttvirta þingmanni þó annars eigi er gjarnt til. Hann sagði, að það væri ósamkvæmni af þinginu, ef það færi að biðja um hækkun á eptirlaunum handa amtmanni Havstein, því að með því beiddi þingið um það, er væri alveg gagnstætt gildandi lögum; en þetta er hreinn misskilningur af hinum háttvirta þingmanni. Eg vil þá spyrja hann: er það meining hans, að aldrei megi biðja um neitt, sem er á móti gildandi lögum? og aldrei gjöra nokkra breytingu á þeim? Að segja þetta, það er alveg sama sem að neita þinginu um allan uppástungurètt (*Halldór Kr. Friðriksson*: Þetta hefi eg aldrei sagt). Eg hefi þó skrifað það hjá mèr (*Halldór Kr. Friðriksson:* Því get eg eigi að gjört; það er þá rangt skrifað). Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga stakk upp á að vísa málinu forsetaveginn, en það sjá allir, að ef svo verður gjört, þá er það beinlínis til þess að eyða málinu. Eða ætlast þá þingmaðurinn til, að stjórnin veiti amtmanni Havstein þessa hækkun í eptirlaununum án tillaga alþingis? Ef svo er, þá þykir mèr hann eigi meta alþingi mikið, ef hann í raun og veru vill, að stjórnin veiti amtm. Havstein hærri eptirlaun en ákvarðað er í lögunum 1863, 4. gr., án þess að heyra þar um skýrar tillögur alþingis. Þetta verður auðsjáanlega, eins og eg sagði áðan, til þess að eyða málinu, því það er ljóst, að stjórnin mun eigi vilja veita eptirlaunahækkunina án þess að heyra tillögur og ástæður þingsins. Eg get annars vel skilið, að hinum hattvirta þingmanni Reykvíkinga muni eigi þykja embættisstjórn amtmanns Havsteins sem happasælust, þótt hann reyndar nú sè að hrósa henni; en hvað sem um það er, þá vona eg þingmenn muni líta öðruvísi á embættisstjórn hans, og sýni í verkinu, að það muni, hvernig hann fyrrum tók í það

mál, er þinginu þá þótti svo mjög á ríða að fengi happasamt útfall.

Grímur Thomsen: Þótt mèr að vísu virðist, að menn í þessu máli eigi að vera sem fáorðastir, með því það getur orðið óþægilegt fyrir viðkomandi, ef haldnar verða langar ræður fram og aptur um þetta efni, þá get eg þó eigi leitt hjá mèr að minnast á eitt atriði í ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga. Hann sagði nefnilega, að þingið, með því að biðja um að eptirlaun amtmanns Havsteins yrðu hækkuð, vildi gjöra eða gjörði sig að dómara yfir stjórninni. Þetta get eg ekki skilið; eg get eigi skilið, að þingið gjöri sig að dómara yfir stjórninni, þótt það biðji hana um það, er það áður hefir beðið hana um, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að þingið að minnsta kosti einu sinni hefir beðið stjórnina að hækka eptirlaun embættismanns, og munu það vera, ef mig minnir rètt, eptirlaun Helga biskups, er hann fèkk lausn í náð frá biskupsembættinu, og eg er sannfærður um, að hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga hefir þá eigi fundizt þingið gjöra sig að dómara yfir stjórninni, og þá er eigi heldur ástæða til fyrir hann að álíta svo nú, þar sem þetta er öldungis sama tilfellið. Eg vildi óska, að eg gæti sannfært hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, en eg man síðan 1869 og þingið mun líka muna það, að það er enginn hægðarleikur. En með því flestir virða mest þá kosti hjá öðrum, sem þeir sjálfir hafa til að bera, þá vona eg, að þingmaður Reykvíkinga virði það mjög við amtmann Havstein, að hann er manna ákafastur og fastheldnastur við skoðanir sínar, og það svo, að honum tókst að yfirbuga sjálfan þingmann Reykvíkinga í kláðamálinu, sem engum öðrum hefir auðnazt, og af þessari ástæðu virðist mèr hann sèr í lagi ætti að vera málinu hlynntur.

Stefán Eiríksson: Eg get ei neitað því, að strax þegar þetta mál kom fyrir þingið, þá virtist mèr það óviðfelldið, og að þingið ætti ekki að skipta sèr af því, af því eg sá fram á afleiðingarnar, er það mundi hafa í för með sèr. Eg er ekki síður en hver annar fyrir það, að þeir embættismenn, sem hafa haft há laun, og lifað góðu lífi, megi líka í elli sinni eiga góða daga; einkum ef það eru góðir og duglegir menn. En hvað nú þetta mál snertir, sem hèr ræðir um, þá virðist mèr það nokkuð ísjárvert fyrir þingið að veita því meðmæli sín, því að með því bindur það hendurnar á seinni þingum eptir minni skoðun. Menn hljóta þá að taka hvern embættismanninn á fætur öðrum og fá eptirlaunaviðbót handa

honum, og þá getur nú skeð, að fari að ganga á þennan svokallaða landssjóð; við erum ekki eða þurfum alls ekki nú að vera í neinum vafa um það, hve mikill hann er, vèr vitum það allir og höfum sèð það svart á hvítu. Þegar eg nú ber þetta mál saman við bænarskrárnar, er komu til þingsins 1869 viðvíkjandi þessum sama manni, þá er hörmulegt að vita til þess, hvað þær bænarskrár voru í öfuga stefnu við þessar bænarskrár, því ef þær bænarskrár hefðu eigi komið til þingsins, þá mundi Havstein líklega hafa setið kyrr í amtmannsembættinu enn í dag, því hvað það snertir, að svo er komizt að orði, að hann hafi fengið lausn í náð frá embætti sínu, þá hefir það lítið að þýða, því að eg man eigi betur, en að í einni bænarskránni standi, að hann hafi eigi vitað hið minnsta um það, að hann ætti að víkja frá embættinu, fyr en hann var búinn að missa embættið. Menn hafa líka sagt, að amtmaður Havstein hafi verið einn af hinum beztu embættismönnum lands vors; því vil eg alls eigi neita, mèr er það eigi kunnugt. Þó get eg eigi leitt hjá mèr að minnast á það, að mèr virðist jafnaðarsjóðsreikningur norður- og austuramtsins, sem liggur hèrna fram á lestrarsalnum fyrir árið 1870, eitthvað boginn; þótt eg sè eigi nógu kunnugur útgjaldagreinum hans, þá mun þó eitthvað vera öfugt í þeim, enda þó eg ekki geti leitt skýr og ljós rök að því vegna ókunnugleika míns. Að minnsta kosti er það óhætt að segja, að þessi reikningur sýnir bezt, hvaða alræði amtmenn leyfa sèr yfir jafnaðarsjóðunum, því það verður varla með sanni sagt, að sumar útgjaldagreinirnar í reikningi þessum sèu amtsbúum til stórra hagsmuna. Mèr finnst annars nefndarálit þetta leiðinlegt í sjálfu sèr, og eins og eg minntist á upphaflega að alls ekki sè kominn sá tími, að þingið eigi nú að taka tillit til eptirlaunabeiðsla, og ætla eg því að halla mèr að uppástungu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, um að málinu sè vísað forsetaveginn.

Framsögumaður: Það hafa eigi komið fram neinar verulegar mótbárur gegn nefndaráliti þessu, og þarf eg því í rauninni eigi að svara þeim. En hvað hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga snertir, þá dettur mèr í hug orð Björns, þegar hann sagði: hvort þykir þèr mest vera komið undir því, að vera sem skynsamastur maður? eins vil eg spyrja þingmann Reykvíkinga: hvort þykir þèr mest komið undir því að vera sem harðbrjóstaðastur? það, að vera brjóstgóður, hefir þó ávallt verið talin dygð, og þessa dygð hefir þó þing-

maðurinn sjálfur. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, að þingmaður Reykvíkinga ætti sèr í lagi að vera þessu máli hlynntur vegna þess ósigurs, sem hann hefði beðið fyrir amtmanni, þá veit eg nú eigi, hvort þessi ósigur verður svo mikill, þegar fram í sækir, en eg hèlt, að það mál lægi fyrir utan það, sem hèr ræðir um, svo að á það þyrfti eigi að minnast. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að þessi laun mundu vera nægjanleg fyrir hann, er hann væri orðinn laus við embættið og kostnað þann, er það leiddi af sèr, þá er það eigi rètt álitið; því hann hafði fè að auki til þess að borga þann kostnað, það fè er nú horfið, og nú hefir hann 6 börn í ómegð, sem hann á að forsorga, og sem hann líklega langar að mennta, eins og flesta aðra, er sjálfir hafa gengið mentanna veg, en það er ómögulegt að mennta sómasamlega svo mörg börn með litlum eptirlaunum. Hvað þá reikninga snertir, er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga var að gjöra, þá er eg sannfærður um, að það hefir eigi verið hans meining að miða tekjur hans við það, sem fátækir bændur hefðu að lifa af. Eg veit, að þingmaður Borgfirðinga er svo góður maður, að hann eigi mælir á móti því, að amtmaður Havstein fái þau eptirlaun, er nægileg eru til þess að hann geti lifað sómasamlegu lífi. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga og fleiri þingmenn hafa stungið upp á, að málinu væri vísað forsetaveginn, þá get eg eigi álitið, að það sè rètt. Mèr finnst skylt að vèr gefum þessu máli góðan gaum. Vèr munum nú bráðum koma með bænarskrá um, að eptirlaun allra embættismanna hèr á landi verði matin eptir sama mælikvarða og nefndarálit þetta fer fram á um eptirlaun amtmanns Havsteins, og þá vona eg, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga eigi vilji vísa þeirri bænarskrá forsetaveginn. Annars er það mjög æskilegt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er þessu máli hlynntur, eins og við mátti búast af honum, og mèr finnst líka andinn hjá þingmönnum yfir höfuð vera sá, að þeir muni gefa bænarskrá þessari atkvæði sitt.

Jón Pètursson: Eg hermdi rètt orð hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga áðan, því skrifararnir hafa líka skrifað þau þannig.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Það sem því næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni er ályktarumræða í málinu um stofnun lagaskóla á Íslandi. Hinn

háttvirti þingmaður Árnesinga er framsögumaður, og vill hann kannske taka til máls.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg hefi enga ástæðu til að orðlengja þetta mál, en skal að eins taka það fram viðvíkjandi 2. tölulið, að það var eigi meining nefndarinnar að leggja dómendunum í hinum konunglega íslenzka yfirdómi þá byrði á herðar, sem hèr ræðir um, nema því að eins að þeir samþykktu það og fengju hæfileg laun fyrir starfa sinn, en þetta áleit nefndin að gæti orðið tekið fram í álitsskjalinu.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins leyfa mèr að ráða þinginu til af ástæðum þeim, sem það aðhylltist við inngangsumræðuna um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands m. m., að fresta lagaskólanum til næsta alþingis, og þess vegna að fella uppástungu-nefndarinnar.

Hallgrímur Jónsson: Eg vildi óska skýringar viðvíkjandi 2. tölulið um það, hvaða rèttindi nefndin ætlast til að þeir öðlist, sem ganga undir próf hjá dómendunum í hinum íslenzka yfirdómi, hvort hún ætlast til, að þeir geti orðið sýslumenn hèr á landi eða þurfi síðan að sigla og taka embættispróf við háskólann í Danmörku.

Framsögumaður: Út af fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, skal eg geta þess, að nefndin áleit óþarft að fara nú þegar að gjöra ákvörðun um það efni, en það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem tækju þetta próf, hlytu að geta orðið embættismenn á Íslandi, samkvæmt ástæðum þeim og niðurstöðu, sem þetta mál yfir höfuð hefir fengið á alþingi.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu atkvæðin þannig (Sjá II. bls. 263).

Forseti: Það, sem því næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er ályktarumræða í málinu um uppástungu þingmanns Reykvíkinga viðvíkjandi sölu eða skiptum opinberra eigna. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga er framsögumaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka þegar til máls.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg þarf eigi að fara neinum orðum frekar um þetta mál. Það er einungis eitt viðauka-atkvæði við uppástungu nefndarinnar, og ætla eg eigi heldur að

fara neinum orðum um það, fyr en eg heyri, hvað hinn háttvirti uppástungumaður telur því til gildis.

Pètur Pètursson: Eg get ekki fallizt á uppástungu nefndarinnar, eins og hún er orðuð, að engin sala nè skipti á opinberum eignum megi hèr fram fara, nema með ráði og samþykki alþingis, því annaðhvort er það, að stjórnarbót kemst hèr á, svo að alþingi fær löggjafarvald, og þá er bænin óþörf, eða alþingi heldur áfram að vera ráðgefandi, og þá er það sjálfu sèr ósamkvæmt, að biðja um samþykktarvald í einstökum málum. Eptir því yrði þingið hvorki hið eina, nè hið annað, hvorki löggjafar- nè ráðgjafarþing, heldur eitthvað þar mitt á milli, og þykir mèr mjög ólíklegt, að slík bæn geti fengið áheyrslu hjá konungi, því að þingið gæti þá allt af komið með ný og ný mál, og beðið um samþykktarvald í þeim. Mèr þætti því rèttast, að þingið alveg sleppti þessu máli, að minnsta kosti í þetta sinn, þangað til útsèð er um, hvort það fær löggjafarvald; en ef svo færi, að það fengi samþykki þingsins, hefi eg í viðauka-atkvæði mínu farið fram á, að kirkjugózin verði undanskilin. Eg treysti því fastlega, að þingið aðhyllist þetta viðauka-atkvæði. Það þykir sem sè miklum vafa undirorpið og er enn óútkljáð, hvort kirkjugóz eigi að teljast með þjóðeignum, eða hvort löggjafarþing geti með fullum rètti ráðið sölu þeirra, og því væri það fráleitt, ef að ráðgjafarþing vildi hremsa til sín þetta vald. Ef að þingið fengi það vald, að engin sala nè skipti megi fram fara á kirkjugózinu, nema með ráði þess og samþykki, þá leiðir einnig af því, að það getur nær sem það vill farið á flot slíkri sölu og skiptum, og af því engin vissa er fyrir, að þingið verði skipað kirkjulega sinnuðum mönnum, álít eg kirkjugózinu hætta búin af slíkum afskiptum, þá hættu, að stjórn og umsjón þess færi á ringulreið, með því líka, að engin vissa er fyrir, að alþingi yrði varkárra í þessu efni, en stiptsyfirvöldin, sem að minnsta kosti á seinni tímum hafa farið mjög varlega í slík mál, og ráðið frá margvíslegum miður hugsuðum þar að lútandi uppástungum, sem þeim hafa borizt; og eg skil ekki í, að þingið nokkurn tíma geti haft áreiðanlegri skýrslur um slík mál, en stiptsyfirvöldin, nema menn vilji kalla hlutaðeigandi presta og prófasta óáreiðanlega, og það mun naumast nokkur gjöra, sízt þeir prófastar og prestar, sem hèr eiga setu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg vil mikillega, að þingið fái ráð yfir því öllu, er það á heimtu á að hafa ráð yfir, en þó var eg

við undirbúningsumræðuna og er enn á móti því, að þingið taki þetta mál nú til meðferðar, eigi af því að eg eigi álíti málið mikilsvarðandi í sjálfu sèr, heldur af því, að mèr virðist tíminn eigi heppilegur til þess, því eg vil lifa í þeirri von, að vald alþingis aukist, og það fái ráð yfir öllum opinberum eignum landsins. Þegar vèr nú allir lifum í þessari von, en verðum að hinu leytinu að játa, að alþingi hefir eptir alþingistilskipuninni ekki beinlínis rètt til þess að fást við að ræða um sölu fasteigna, þá get eg ekki verið á því, að sè heppilegt, að biðja nú um að vald alþingis sem ráðgefandi þings sè aukið um sama leyti og vèr væntum að fá löggjafarþing. Hvað viðaukaatkvæði hins háttvirta varaforseta snertir, þá blandast mèr eigi hugur um, að eg mun hallast að því. Eg vil líka minna hina háttvirtu þingmenn, sem mest halda fram þessari bænarskrá, á það, að ef viðaukaatkvæðið verður fellt af þinginu, þá spillist þar með málstaður sjálfra þeirra, því það leikur enn í Danmörku mikill efi á því, hvort kirkjugózið eigi að teljast með opinberum eignum eða eigi. Einn hinna mestu lögfræðinga þar hefir sagt, að það væri mjög torvelt að segja, hvort rèttara væri að telja kirkjugózin með þjóðeignum eða eigi, eða hvort kirkjan væri eigi sjálf eigandi þeirra. Ef því þingið fellir viðaukaatkvæðið, þá verður það því til fyrirstöðu, að málið sjálft fái framgang. Að öðru leyti álít eg það mjög óheppilegt, ef alþingi fengi kirkjugózin til umráða. Mèr virðist bezt að láta prestastèttina ráða öllum sínum munum; hún hefir að mínu áliti nóg, ef því væri skynsamlega og vel varið, og mig skal mjög furða það, ef eigi allir prestar, sem á þinginu sitja, gefa atkvæði sitt með viðaukaatkvæði hins háttvirta varaforseta eða 2. tölul.

Grímur Thomsen: Eg vil leyfa mèr að spyrja að því, hvað uppástungumaðurinn meinar með orðinu «kirknagóz». Það vakti nefnilega sú hugsun fyrir mèr, að það er regla, að þar sem proprietær-jarðir eru með proprietær-kirkjum, þá standa jarðirnar í veði fyrir tekjum kirkjunnar. Eg vil því spyrja hinn háttvirta varaforseta, hvort hann ætlast til, að ekki megi selja proprietær-jarðir, þar sem proprietær-kirkjur eru, nema með leyfi biskups. Sè svo, þá virðist mèr það hart og ósanngjarnt.

Pètur Pètursson: Hvað proprietær-kirkjur snertir, þá hefir hver proprietær ráð yfir sinni eign; hann má selja hana pro rata parte, en hann verður að selja jörðina eða hvern part úr henni með þeirri byrði, er á henni hvílir, nefnil. viðhaldi kirkjunnar.

Þess konar málefni heyra eigi undir alþingi, og geta það eigi, því það má eigi svipta hinn einstaka eignarrètti sínum.

Guðmundur Einarsson: Hinn háttvirti varaforseti bar upp þetta viðaukaatkvæði sitt í lok undirbúningsumræðunnar, og þótti mèr það þá í fyrstu heppilegt, og áleit það gott, ef það fengi jákvæði þingsins ; en þegar eg íhugaði þetta nákvæmar eptir á, fór eg að verða á báðum áttum, einkum þegar eg skoðaði og vírti fyrir mèr þær sölur eða þau skipti opinberra eigna, er fram hafa farið síðan um 1800, því þá verður eigi annað sagt, en að flest þessi skipti og flestar þessar sölur hafi verið mjög óheppilegar. Þetta er líka mjög eðlilegt eða að minnsta kosti vel skiljanlegt, því þegar þeir, sem vilja hafa eitthvað fram, gefa skýrslu um kringumstæðurnar, þá mun það opt bera við, að þeir gleyma einhverju mikilvægu atriði úr skýrslu sinni, og það stundum ef til vill ekki af gáleysi; síðan er leitað samþykkis stiptsyfirvaldanna, sem náttúrlega eru optast ókunnug, og geta ekki farið eptir öðru en þeim skýrslum, sem hlutaðeigendur hafa gefið, og sama er að segja um stjórnina, sem að öllu hlýtur að vera ókunnug málavöxtum. Hefði synodus nokkuð vald, þá væri allt öðru máli að gegna, en hèr er eigi því að skipta, hann hefir hjá oss ekkert vald og ekkert ráðaneyti, hann er að því leyti alveg þýðingarlaus. Þessu er allt öðruvísi háttað í Danmörku, þar sem synodus hefir svo mikið vald og talsvert ráðaneyti. Af þessum ástæðum, er eg nú hefi til greint, blandast mèr eigi hugur um að trúa betur alþingi en einstökum mönnum, og vil því heldur, að kirkjuleg málefni sèu lögð undir alþingi, heldur en einstaka menn, og eg hefi það traust á alþingi, að það aldrei verði svo ósanngjarnt eða ókristilegt, að hallast á þessa stètt, þ. e. prestastèttina vora, sem er næst bændastèttinni önnur aðalstètt landsins.

Jón Kristjánsson: Eg ætla að lýsa því yfir, að eg stend eigi upp sem prestur í þessu máli, heldur ætla eg að láta söguna og reynsluna styðja mitt bóndavit í þessu máli. Eptir mínu áliti, þá verð eg að segja það, að engar opinberar eignir hafa verið seldar hingað til nema til mikils skaða fyrir landið, þegar alls er gætt, en eg vona, að umboðsstjórnin fari nú bráðum að láta sèr skiljast það, og að upp á hana megi heimfæra gamla máltækið: «brennt barn forðast eldinn», og það hljóti að verða meiri trygging fyrir því hjá hinni andlegu umboðsstjórn, að sala kirknagózanna eigi sèr aldrei stað. Hins vegar álít eg það varlega gjörandi, að láta

þingið fá umráð yfir kirkjugózinu, ef sú skoðun kynni að geta rutt sèr þar til rúms seinna, að sala þess væri einhverra orsaka vegna landinu hollari, en eg get aldrei ímyndað mèr, að sá tími komi, að það verði eigi prestastèttinni til skaða, og þá líka skaði fyrir landið óbeinlínis, ef kirkjujarðirnar væru seldar, og þá er eg hræddur um, að bændum fari að finnast prestarnir þungir.

Framsögumaður: Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um 2. tölulið, því hinn háttvirti þingmaður Dalamanna tók það flest fram, er eg ætlaði að segja um hann. En það er þó eitt, sem eg vil vekja athygli þingsins á, og það er það, að í stjórnarfrumvarpinu er því farið fram, að engin sala á opinberum eignum fari fram, án þess þar um sè leitað samþykkis alþingis, en þó virðist hinum háttvirta varaforseta og hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu það vera rangt af þinginu, að beiðast þess, að þingið fái þetta vald. Hvernig þetta verður rýmt saman, er mèr eigi ljóst; þeir álíta ei rètt að alþingi fái þetta vald, af því það enn er að eins ráðgefandi, en þá vil eg spyrja þá: hvað er á móti því, að rýmkað sè vald alþingis, þótt það að eins sè ráðgefandi? hvað er á móti því, að það fái meira vald í því tilliti, sem hèr ræðir um? Eg er að vísu eigi á móti viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta í sjálfu sèr, en þó held eg, að það væri eigi ástæðulaust af þinginu, ekki að fallast á það. Eg vil helzt að engin sala og engin skipti opinberra eigna fari fram án þess að leitað sè þar um samþykkis einhvers þess, er vel er kunnugur, hvernig til hagar í því eða því tilfelli. Rèttast virðist mèr að vísu, að slíkt væri borið undir synodus, en hinn háttvirti þingmaður Dalamanna tók það rèttilega fram, að synodus hefði ekkert vald í slíkum efnum, og þess munu heldur eigi finnast dæmi, að sala á opinberum eignum hafi hèr verið borin undir synodus. Eg skal því taka það aptur fram, að mèr virðist rèttara að öll slík sala og skipti opinberra eigna sèu borin undir alþingi, þar sem sitja menn úr öllum sýslum landsins og þess vegna hljóta ætíð einhverjir að vera á þinginu, er kunnugir eru málavöxtum í því eða því tilfelli. Aptur á móti geta stiptsyfirvöldin aldrei verið eins kunnug, og þau hljóta í hverju tilfelli að fara mest eptir uppástungum og tillögum einstakra manna. Þess vegna hlýtur það að veita meiri tryggingu, ef allt slíkt er borið undir alþingi, og eg er eigi eins hræddur og hinn háttvirti varaforseta um það, að þingið nokkurn tíma verði svo ókirkjulegt, að það selji allar kirkjujarðir, því hvað ætli það gjörði þá við prestana? það yrði þá að vísa

þeim á annan gjaldstofn, er jafnaði þeim þann skaða, er þeir hefðu af því að vera sviptir jörðunum. Eg skal samt eigi vera svo mjög á móti tölul. 2.; hann er að vísu ekki skaðlegur, en alveg óþarfur, en held því fast fram, að þingið samþykki tölul. 1.

Davíð Guðmundsson: Það hafa margir sagt, að það væri óþarfi að þingið tæki þetta mál til meðferðar, vegna þess, að ef stjórnarskráin yrði lögleidd, þá kæmi sala opinberra eigna undir vald þingsins, og er kirkjugózið eigi undanskilið þar frá; þess vegna álít eg að breytingaratkvæðið undir 2. tölulið eigi ekki við, því mèr virðist vel snemmt að fara að gjöra breytingar á stjórnarlögunum, áður en þau eru gildandi orðin. Af þessari ástæðu get eg eigi gefið atkvæði mitt með tölul. 2.

Jón Pèturssson: Eg vil að eins geta þess, að eg get hvorki gefið atkvæði með eða móti í þessu máli, því þetta er að eins eitt atriði úr stjórnarskránni. Ef eg er því á móti þessari uppástungu, þá er eg á móti einu atriði í stjórnarskránni, áður en hún er rædd í heild sinni, en að gefa atkvæði sitt með því, álít eg óþarfa, þar sem þá kemur aptur fyrir í stjórnarskránni, að greiða atkvæði fyrir hinu sama.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Síðan var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig: (Sjá II, bls. 264).

Forseti: Störfum vorum er þá lokið í 'dag. Eg ákveð fund á morgun kl. 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

16. fundur. — 26. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá næst undanfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Sömuleiðis hefi eg fengið uppástungu frá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga um stofnun læknaskóla.

Það, sem fyrst liggur fyrir í dag til umræðu samkvæmt dag-

skránni, er konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og er það til ályktarumræðu. Áður en umræðurnar byrja um málið, skal eg geta þess, að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður kom til mín með viðauka-atkvæði, sem stendur undir tölul. 8. á atkvæðaskránni, og beiddi því viðtöku. En af því það var ekki borið upp á undan, í undirbúningsumræðunni, þá gat eg ekki tekið það gilt. Þó vildi eg eigi upp á mitt eindæmi vísa því alveg frá, heldur taka það á atkvæðaskrána og skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort þeir vildu taka það til greina, svo það gæti komizt undir atkvæði, eða eigi. Þess vegna vil eg nú biðja þingið að skera úr því með atkvæðum, hvort það vill leyfa þessari uppástungu hins 1. konungkjörna þingmanns að komast að til atkvæða.

Jón Pètursson: Mèr finnst það alveg ógjörningur af þinginu og beinlínis stríða móti alþingistilskipuninni, að taka þetta viðauka-atkvæði til greina, þar sem uppástungumaður ekki einu sinni talaði eitt einasta orð í þessu máli við undirbúningsumræðuna, því það væri þó nokkur munur, ef hann þá hefði talað nokkuð, og sama hugsun hefði legið í orðum hans, þó hann eigi beinlínis hefði áskilið sèr rètt til breytingaratkvæðis. Af þessari ástæðu verð eg fastlega að mæla móti því, að þingið taki þetta breytingaratkvæði til greina, þótt það annars væri í alla staði sanngjarnt og nytsamlegt.

Forseti: Það er líka einmitt af þessari ástæðu, að það var ekki borið upp við undirbúningsumræðuna, eins og vera átti, að eg skýt því undir þingmenn, hvort viðauka-atkvæði þetta skuli komast að til atkvæða eða eigi. Eg veit það að vísu vel, að eptir strangri formlegri reglu getur forseti neitað að taka slíkar uppástungur til greina, sem ekki eru í tíma upp bornar, en mèr þótti betur fallið, að láta það vera á þingmanna valdi eptir því sem hèr stóð á.

Pètur Pètursson: Vill eigi forseti gjöra svo vel að lesa upp aptur breytingaratkvæðið?

Forseti: Hefir eigi hinn háttvirti þingmaður fyrir sèr atkvæðaskrána?

Pètur Pètursson: Nei!

Halldór Kr. Friðriksson: Jú!

Þórður Jónasson: Það er satt, að eg tók það eigi fram við inngangs- eða undirbúningsumræðuna, að eg ætlaði að bera fram

þá skýringu eða viðauka við 3. grein: «skal ábúandi jarðar greiða», sem hèr ræðir um, en það var af því, að eg áleit þessi orð mín einungis skýringu á orðum greinarinnar. Eg gekk nefnilega út frá því, sem gefnu og sjálfsögðu, að stjórnin, þegar hún legði afgreiðsluna til búnaðarskólanna á jarðagózið, hefði, þó hún eigi með berum orðum hefði tekið það fram, fylgt sömu grundvallarreglu, sem hún fylgdi, þegar hún lagði alþingistollinn á, en þá sagði hún, að jarðeigendurnir ættu að endurgjalda leiguliðunum það, sem þeir borguðu upp í alþingistollinn, og það er líka, þegar afgreiðslan beinlínis er lögð á jarðeignirnar, í eðli sínu. Það getur verið, að þetta sè misskilningur minn, en að vísu eru þó líkindi fyrir því, að eg hafi satt fyrir mèr í þessu atriði. Að öðru leyti sè eg það fyrir, að þó sú ákvörðun, sem hèr er um að ræða, kæmist inn í frumvarpið og yrði að lögum, mundi það hafa litla eður enga praktiska þýðingu, því jarðeigendurnir mundu, eins og þeir nú að minnsta kosti hèr fyrir sunnan eru farnir að gjöra, hvað alþingistollinn snertir, og þykjast hafa fulla heimild til þess í samningsfrelsinu, að kasta afgreiðslunni endurgjaldslaust yfir á leiguliða. En hvað um það, álít eg æskilegt, að samhljóða ákvörðun og um alþingistollinn stæði í þessum lögum, sem nú er um að ræða.

Að öðru leyti liggur mèr í lèttu rúmi, þó alþingi kasti viðauka-orðum mínum; þau standa þrátt fyrir það í alþingistíðindunum. Tíðindin bera það með sèr, að þessu atriði hefir verið hreift á þinginu, og það hafi kastað þeim. Hafi eg rètt í skoðun minni og skilningi á frumvarpsgreininni, kemur þetta atriði til greina seinna, en hafi eg það ekki, standa þessi orð til vitnisburðar um þingsins frjálslegu undirtektir.

Forseti: Eg get eigi álitið, að um þetta þurfi langar ræður. Hèr er að eins spursmálið um, hvort þingið vill taka þetta breytingaratkvæði til greina eða eigi. Vilji þingmenn taka það til greina, þá geta þeir rætt um það sjálft á eptir, en vilji þingið eigi taka það til greina, þá er þýðingarlaust að lengja umræður um það.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að eins að taka það fram, að mèr virðist það mjög ísjárvert, að hleypa þess konar formgöllum, sem hèr ræðir um, inn á þingið, því það getur orðið til þess, að hver á fætur öðrum fer svona þegjandi að koma fram með breytingaratkvæði við ályktarumræðuna, án þess að ráðgjöra slíkt við undirbúningsumræðuna, og það held eg sè miður heppilegt.

Forseti: Það er alveg á þingsins valdi, ef það vill vísa uppástungunni frá, og vil eg nú biðja menn að ganga til atkvæða um það.

Því næst var gengið til atkvæða, og var viðaukaatkvæðinu vísað frá með 12 atkv. gegn 6. Þannig gekk tölul. 8. út af atkvæðaskránni.

Forseti: Framsögumaður í þessu máli er hinn háttvirti varaþingmaður Húnvetninga, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill þegar taka til máls eða eigi.

Framsögumaður (Jón Kristjánsson): Eg ímynda mèr, að þetta mál muni eigi þurfa miklar umræður. Það eru einungis 4 breytingaratkvæði, sem standa á atkvæðaskránni, og það má eigi heita annað en hið konunglega frumvarp hafi gengið í gegnum vægan hreinsunareld. En hvað breytingaratkvæðin snertir, þá fellst nefndin eigi á neitt af þeim, og eigendurnir munu því sjálfir tala fyrir þeim, ef þeim er annt um þau. Hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 6. snertir, þá álít eg það eigi heppilegt, vegna þess að húseignir standa í engu nánu sambandi við búnaðarskóla, og auk þess heldur eigi svo arðsöm eign, að vert sè að leggja á hana tolla. Hvað tölul. 8. snertir, þá þarf eigi á hann að minnast, þar sem honum nú er vísað frá, en þótt hann hefði komizt að, þá hafði hann þó marga og mikla annmarka á sèr. Hvaðan hefði þá átt að taka borgun af opinberum eignum, kirkjujörðum, legatjörðum, kristfjárjörðum, o. fl. Eg held, að það geti engum vafa verið undirorpið, hvað meint er með «allar jarðir» í frumvarpinu. Tillaga þessi um tollalöguna er ekki ný á þessu þingi, og þó hefir engin rödd hreift mótbárum gegn henni; að minnsta kosti hefi eg eigi einu sinni heyrt það nè sèð í dagblöðunum, að móti henni hafi verið haft eða að misskilningur hafi risið út af þessu. Hvað tölul. 9. snertir, þá hefir nú þegar verið um hann rætt, en nefndin vildi eigi fallast á þá breytingu, því hún ætlaði, að það gæti orðið til þess að tefja fyrir málinu, og hún gat heldur eigi sèð, hvað gat verið á móti því, að halda þar orðinu «dómsmálastjórn», því að það er mjög ólíklegt, að dómsmálastjórnin verði svo einráð, að hún eigi spyrji háyfirvöldin, hve nær tiltækilegur tími muni kominn til þess að fara að byrja á að safna fè til þess að koma þessum skólum á fót. Hvað tölul. 12. snertir, þá gildir það sama um hann, sem eg hefi sagt um 9. tölul. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal ráða þinginu frá að aðhyllast viðauka-

atkvæði hins heiðraða þingmanns Dalamanna undir tölul. 6., sèr í lagi vegna þess að það er allt of óákveðið, með því það gefur umboðsstjórninni vald til bæði að finna virðingarupphæðir húseigna í landinu, og að ákveða, bæði hverjar húseignir skuli tollskyldar vera og hversu hátt dalatal í húseignunum skuli jafngilda hverju meðalhundraði fasteignar eptir hinni nýju jarðabók. Ef lagaákvörðun væri til um öll þessi 3 atriði, skyldi eg fyrir mitt leyti ekki vera viðaukaatkvæðinu mótfallinn, því hugsun sú, sem það er byggt á, að húseignir eigi að taka þátt með hinum öðrum fasteignum landsins í útgjöldum þeim, sem snerta almenningsþarfir, virðist mèr í sjálfri sèr eðlileg, en það er auðsætt, bæði að mikils undirbúnings þarf við til þess að koma svo mikilsvarðandi breytingu á skattamálefni landsins, og að ekki á við að gefa umboðsstjórninni það ótakmarkaða vald, sem viðauka-atkvæðið stingur upp á.

Eg held, að uppástungan undir 12. tölul. ekki sè alvarleg, því eg get ekki ímyndað mèr, að hinn heiðraði uppástungumaður óski að skjóta þessu áhugamáli landsins á frest um óákveðinn ókominn tíma. Ef þingið aðhyllist frumvarp það til stjórnarskrár, sem nú liggur fyrir, þá fær þingið fjárforræði, en þá er uppástungan ónauðsynleg, en ef ekki verður svo, mun það að mínu áliti vera þinginu enn meira áríðandi, að koma þessu máli áfram, og þá verður uppástungan beinlínis í stríði við óskir þingsins og landsins. Eg held þessi uppástunga sè sprottin af þeim misskilningi, sem optar er kominn fram á þinginu, misskilningi á sambandinu milli frumvarpsins til stjórnarskrárinnar og hinna frumvarpanna, sem lögð eru fyrir þingið. Hitt frumvarpið býður að vísu þinginu hlutdeild í löggjafarvaldinu og fjárforræðinu, og ef þingið aðhyllist frumvarpið, fær það þessa hlutdeild, en ef þingið ekki óskar að þiggja hana, er það sjálfsagt, að löggjafarvaldið og fjárforræðið eiga ekki að liggja í þagnargildi, eins og það að nokkru leyti hefir verið, á meðan umræðurnar um stjórnarfyrirkomulagið hafa staðið yfir, en þá verður að fara eptir gildandi lögum, en eptir þeim er löggjafarvaldið og fjárforræðið hjá konunginum einum, og alþingið á einungis að segja álit sitt um þau lögmál, sem tekin eru fram í tilskipun 28. maí 1831 og alþingistilskipuninni.

Sigurður Gunnarsson: Í tilliti til orða hins hæstvirta konungsfulltrúa um tölul. 12., þá skal eg geta þess, að eg skildi svo bæði þá breytingu nefndarinnar á 2. gr., að setja þar orðið «landstjórn» í staðinn fyrir orðið «dómsmálastjórn», og eins breytingar-

kvæðið undir tölul. 9., að ætlazt væri til í raun og veru, að eigi væri byrjað á þessu, fyr en innlend stjórn væri á komin, og samkvæmt þessum mínum skilningi bar eg þetta viðaukaatkvæði mitt fram, þó eg gæti skilið á eptir, að það væri þó óþarft, ef meint væri til innlendrar landstjórnar. Svo tala eg ekki fleira um þetta, en læt það vera komið undir atkvæði þingsins, hvort það stendur eða fellur.

Guðmundur Einarsson: Af því eg á eitt viðauka-atkvæði á atkvæði á atkvæðaskránni undir tölulið 6., þá ætla eg að fara um það fáeinum orðum. Eg skal geta þess, að síðan undirbúningsumræðan var haldin í þessu máli, þá hefi eg átt tal við marga um þetta mál, og orðið þess vísari, að flestir þeirra hafa miklu lægri hugmyndir um búnaðarskóla en eg hefi. Samkvæmt þeirri hugmynd, er eg hafði og hefi enn um búnaðarskóla, bar eg með fram þetta viðauka-atkvæði upp, því eg hèlt eigi, að þessir skólar ættu að vera á lægsta stigi og sem ófullkomnastir og lítilfjörlegastir, en eg sannfærist líka ávallt betur og betur um það, að eptir minni hugmynd um búnaðarskóla, er það alls eigi of mikið fè, er eg tók fram við undirbúningsumræðuna að til hans mundi þurfa. Eg ætla nú eigi að hreifa þessu atriði framar, því það verður að eins til þess að lengja umræðurnar. Eg gladdist mikið af því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi viðurkenndi, að grundvallarhugsunin í viðauka-atkvæði mínu væri rètt, að nefnil. húsaeignir stæðu í sambandi við fasteignir, og eg fyrir mitt leyti verð að álíta það eðlilegt og sanngjarnt, að tollur sè lagður á húsaeignir, er verja á til þess að efla landbúnaðinn, því það er auðvitað, að eptir því sem landbúnaðurinn batnar og tekur framförum, að því skapi verða kjör húseiganda haganlegri og hagkvæmari, hvað öll kaup úr sveitum áhrærir. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga færði til gegn þessari uppástungu minni, að húsaeignir væru eigi nærri eins arðsöm eign og fasteignir, þá má segja bæði með og móti því; sumstaðar eru þær að vísu eigi eins arðsamar, en sumstaðar miklu arðsamari, þó frá dreginn sè allur viðhaldskostnaður á húsinu. Eg er alveg samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að það er með öllu ógjörningur að ákveða, hversu hátt dalatal í húsaeignum skuli jafngilda hverju meðalhundraði í fasteignum, og þess vegna sleppti eg líka að koma fram með beinar uppástungur um það efni, og eg fann, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að til þess þurfti skýr og bein lög, og

mikinn undirbúning áður en slík ákvörðun gæti komizt í verk. En af því mig langaði mjög til að koma viðauka-atkvæði mínu fram, þá fann eg engin önnur ráð en að fela þetta umboðsstjórninni á hendur. Eg ætla nú eigi að fjölyrða meir um þetta efni, en fel það á vald þingsins, hvort það vill aðhyllast viðaukann eða eigi.

Davíð Guðmundsson: Eg fyrir mitt leyti verð að ráða þinginu frá að lögleiða frumvarpið, eins og það nú er úr garði gjört. Það er eigi af þeirri ástæðu, að eg sè eigi á móti búnaðarskóla, er svo væri fyrir komið, að hann gæti orðið að verulegu liði, en eg get ómögulega búizt við eða ímyndað mèr annað, en að þessir búnaðarskólar, sem hèr ræðir um, verði að eins eintómt kák, þangað til innlend stjórn kemst á í landinu, og hafi eigi aðra afleiðingu en megna óánægju landsmanna. Allir eru að vísu samdóma um það, að þetta fè, sem stungið er upp á, sè ónóg til þess að fullnægja augnamiðinu; það er eg líka sannfærður um, og er viss um, að svo framarlega sem þessir skólar eiga að gjöra nokkurt verulegt gagn, þá þarf miklu meira fè til þeirra, og það sama veit eg að vakað hefir fyrir hinum háttvirta þingmanni Dalamanna. En þótt allir sèu samdóma um, að fè þetta sè of lítið, þá er það þó nóg til þess, að vekja megna gremju hjá bændunum yfir því, að enn sè einum aukatolli hlaðið á þá ofan á alla aðra, sem á þeim hvíla, og það þótt þeir naumlega hafi nægilegt til fata og matar; þess vegna kom mèr til hugar við undirbúningsumræðu þessa máls, að fella burt 3. grein, og láta enga ákvörðun vera gjörða um það, hvaðan fèð skal taka, fyr en ákveðið er um fyrirkomulag skóla þessara.

Jón Sigurðsson: Sumir hafa, eins og t. d. hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga, sem nú settist niður, látið það á sèr skilja, að þeir væru mótfallnir máli þessu, og vildu helzt, að nú væri ekkert við það átt. Eptir því, sem ráða er af ræðum þessara manna, álíta þeir, að eigi sè til neins, að fara að káka við þetta mál, fyr en nægilegt fè væri fengið til að koma búnaðarskólunum í svo algjört og fullkomið horf, sem menn hugsa og óska. Þessa skoðun get eg fyrir mitt leyti með engu móti aðhyllzt; því, má eg spyrja: mun þess eigi langt að bíða, að vèr fáum nóg fè í hendurnar, til þess að stofna 3 eða 4 búnaðarskóla í landinu? Og þótt vèr nú fáum innlenda landsstjórn og full fjárhagsráð, áður en langt um líður, þá eigum vèr það þó engan veginn víst, að hin nýbakaða landsstjórn geti þegar lagt nóg fè upp í hendurnar á okkur til að stofna með þessa búnaðarskóla; hitt er miklu líklegra,

að hún muni verða í sama fjárskortinum, sem vèr erum nú; því hversu glæsilegar vonir sem eg annars gjöri mèr um hina fyrirhuguðu breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu, þá ætla eg, að oss muni eigi opnast neinar gull- eða silfurnámur fyrir það. Þess vegna virðist mèr það alls eigi rètt eða ráðlegt, að binda framkvæmdir þessa máls við stjórnarbótina eða fyrirkomulag hinnar innlendu landsstjórnar. Mèr finnst miklu hyggilegra, að byrja sem fyrst, þó eigi sè nema að fara að safna dálitlu fè til búnaðarskólanna. Eg skal taka það fram, að hefði frumvarpið orðið að lögum 1863, eins og þá var gjört ráð fyrir, þá mundi sjóður sá, er safnazt hefði í norður- og austuramtinu á þessum 8 árum, sem síðan eru liðin, vera orðinn hèr um bil 4—5000 rd., sem er einmitt sú fjárupphæð, er nefndin, sem þá meðhöndlaði málið, áleit gjörandi að byrja stofnun búnaðarskólanna með. Síðan hefir málið legið í þagnargildi allt til þessa, eins og kunnugt er, og ekkert verið við það gjört, og eigi það nú að bíða önnur 8 árin til, held eg við verðum í sama ráðaleysinu með að útvega fèð, sem vèr erum nú. Eins og eg benti til áðan, álít eg það hyggilegra fyrir oss, að byrja í smáum stýl, og hugsa ekki að sinni upp á neinar stóreflis eður kostnaðarsamar stofnanir, hvort sem um búnaðarskóla er að ræða eður annað. Vèr eigum í þessu sem öðru að gæta vanmáttar vors og fátæktar, og ekki reiða oss þann ás um öxl, sem mundi ríða oss að fullu. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölulið 6. snertir, þá er eg alveg á sama máli og hinn háttvirti framsögumaður um það, að það sè eigi aðgengilegt, enda þótt eg sè sannfærður um, að uppástungumanni hafi gengið hið bezta til að bera það upp. Mèr virðist að það eigi ekki alls kostar vel við, að koma nú með uppástungu um þessleiðis álögu á húseignir í landinu, sem hèr ræðir um, heldur sè hyggilegra, að láta þess konar bíða síns tíma. Hvað tölulið 9. og 12. snertir, þá get eg heldur eigi fallizt á þá, þeir eru báðir af sömu rót eða sömu skoðun sprottnir, nefnilega að þessu máli eigi skuli hreifa, fyr en stjórnarskipunarmálið er komið í kring (*Benidikt Sveinsson:* Misskilningur). Nei, það er eigi misskilningur, það liggur beinlínis í breytingaratkvæðinu undir tölulið 9., að ekki má fara að leggja á gjaldið til búnaðarskólanna, fyr en stjórnarbótarmálið er komið í kring, og landsstjórnin sezt á laggirnar. Það sèr hver heilvita maður, að það er engin ósamkvæmni í því, þó nefndin hafi svo til ætlað, að dómsmálastjórnin ákveði, hve nær byrja skuli að heimta

gjald þetta, eins og ákveðið er í 4. grein, en landsstjórnin skipi fyrir um allt fyrirkomulag skólanna. Því, eins og allir hljóta að sjá, er það tilætlun nefndarinnar, að gjaldið til búnaðarskólanna verði lagt á, áður en stjórnarbótarmálið er komið í kring. Viðaukaatkvæðið undir tölulið 12. finnst mèr mjög óaðgengilegt, að binda löggilding frumvarpsins beinlínis við stjórnarbótina, því ef menn á annað borð hafa alvarlegan hug á þessu máli, þá hljóta menn líka að vilja, að því sè eigi frestað, heldur byrjað á að hrinda því eitthvað áfram þegar í stað. Hvað þá mótbáru hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga snertir, að þessi tollur muni verða mjög óvinsæll, þá óttast eg það eigi svo mikið, því bæði er það, að hèr er um mjög lítinn toll að gjöra, og svo líka hitt, að menn munu verða miklu fúsari á, að leggja á sig tolla til þessa en hvers annars, og eg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að allir tollar verða óvinsælir, ef þessi tollur verður það. Eg er alveg samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa um það, að ekkert samband sè á milli þessa frumvarps og frumvarpsins til stjórnarskrár Íslands, eins og sumir þingmanna virðast að ímynda sèr, því frumvarpið sjálft gjörir beinlínis ráð fyrir, að öll umsjón og stjórn skólanna verði falin innanlandsstjórn á hendur, og eg vil enn fremur minna þingið á það, að í frumvarpinu um sveitarstjórn á Íslandi er það beinlínis tekið fram, að búnaðarskólarnir eigi að standa undir stjórn og umsjón amtsráðanna, sem þar er stungið upp á. Þess vegna mun eigi þurfa að kvíða því, að vèr fáum eigi full umráð yfir þessum stofnunum, hvernig sem fara kann um stjórnarbótina.

Benidikt Sveinsson: Við undirbúningsumræðuna lèt eg í ljósi skoðun mína á þessu máli, og henni hefir enn eigi verið hrundið með þeim umræðum, er orðið hafa um málið. Mín skoðun er nefnilega sú, að ógjörningur sè að fresta þeim tilraunum, er eru óumflýjanlega nauðsynlegar, til þess að efla hag og framfarir landsins, eða ef svo má að orði komast, til þess að efla mátt landsins og megin, og að vèr jafnframt eigum að varast að koma með þær uppástungur, sem eigi að eins eru oss Íslendingum, sem erum fátæk þjóð, ofvaxnar og ofviða, heldur einnig í sjálfu sèr á miður rèttum rökum byggðar, enda þótt vèr værum auðugri en vèr erum. Eg ætla eigi að fara fleirum orðum um þetta nú, því eg lèt þessa skoðun mína skýrt í ljósi við undirbúningsumræðuna. Hvað tölul. 6. og 12. snertir, þá eru þeir með öllu ósameinanlegir því, er eg þannig þykist rèttilega hafa tekið fram og hinir

heiðruðu uppástungumenn alls ekki hafa hrakið með einu orði. Þingmaður Dalamanna tók fram, að það væri ísjárvert að leggja beinlínis tolla á landið. Þetta er að vísu satt, en menn verða þó vel að gæta þess, að það er mikill munur, í hverju skyni tollurinn er lagður á; sè hann lagður á til þess beinlínis að bæta og efla þann fjárstofn, sem hann er lagður á, þá er hann að mínu áliti í alla staði eðlilegur, þegar honum að öðru leyti er haganlega og hyggilega varið eptir tilgangi sínum. Í þessu frumvarpi er nú stungið upp á, að leggja toll á jarðirnar, sem nemur $1\frac{1}{2}$ skilding af hverju jarðarhundraði, til þess að bæta jarðirnar; þess vegna er sá tollur alls ekki óeðlilegur nè ísjárverður. Af þessu sèst nú á hinn bóginn, að viðaukaatkvæðið undir tölul. 6. er einmitt ísjárvert og óeðlilegt, því það er þó auðsjáanlegt, að sá tollur, er þar er stungið upp á, getur aldrei orðið til þess að bæta þann stofn, er hann er lagður á, því húseignirnar geta engum umbótum tekið af búnaðarskólanum. Það er annars mjög undarlegt, að hinn háttvirti þingmaður Dalamanna skuli koma fram með slíka uppástungu sem þessa, án þess að hrekja þær grundvallarreglur, sem eru undirstaðan fyrir viturlegum og rèttlátum álögum. Það situr nú að vísu ekki á mèr, að vera á móti því, að landbúnaðurinn fái sem mestan styrk, og að uppástunga þessi að því leyti fái framgang, en menn verða þó að gæta að því, hvort það er í sjálfu sèr rètt og eðlilegt eða eigi, sem hún fer fram á. Eg fer nú eigi fleirum orðum um þennan tölul., en vona, að þinginu blandist eigi hugur um að fella hann, þó ekki væri af annari ástæðu en þeirri, að hann gefur umboðsstjórninni öldungis óhæfilegt vald. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölul. 12. snertir, þá virðist mèr það mjög óheppilegt. Það er auðvitað, að Íslendingar, svo framarlega sem þeir hafa hugmynd um, hvað búnaðarskólar eru, eiga sízt að binda stofnun þeirra við það skilyrði, að innlend stjórn sè komin á hèr á landi. Þetta viðaukaatkvæði getur því að eins átt við eða undir því eina skilyrði staðizt, að uppástungumaðurinn ímyndi sèr, að þessi innlenda stjórn komist nú þegar á hjá oss, en þá var það líka þýðingarlaust, að koma fram með þetta sem viðauka- eða breytingaratkvæði á atkvæðaskránni. Slíkir skólar sem þessir eru að mínu áliti öldungis jafnnauðsynlegir, hvort sem hin fyrirhugaða landsstjórn kæmist á strax eða ekki. Mismunurinn er að eins sá, að það væri hægðarverk að koma búnaðarskóla á, ef vèr værum búnir að fá stjórnarbótina, því þá hefðum vèr sjálfir algjörlega

ráð á fè voru. En einmitt meðan innlend stjórn er eigi komin á, þá verðum vèr að biðja konung vorn um, að þessar stofnanir komist á fót, því þær eru óumflýjanlegt skilyrði fyrir, að fjármegn og kraptar landsins aukist og eflist; eg get því eigi fallizt á, að þetta mál standi í nokkru sambandi við landstjórnina, það er bæði hugsunarvilla og óheppilegt að tengja slíkar framfarastofnanir við þá landsstjórn, sem enn er eigi komin á, og óvíst er hve nær kemst á, og það er óhyggilegt bæði fyrir stjórnina og þingið. Eins og það er, segi eg, óhyggilegt og rangt af stjórninni að miða allt, er til framfara horfir, við hina fyrirhuguðu stjórnarskipun, eins er það líka óhyggilegt og rangt af þinginu að vilja ekkert framkvæma fyr en innlend landsstjórn er komin á. Þetta væri sama sem þingið segði já og amen til þess, sem Danastjórn hefir hingað til látið við gangast hèr á landi, að ekkert sè gjört, ekkert framkvæmt landi og lýð vorum til viðreisnar og framfara. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta atriði, en eg skal geta þess, að eg gat alls eigi sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga um, að í breytingaratkvæðinu undir tölul. 9. sè nokkur mótsögn fólgin; þessi mótsögn á sèr þar eigi stað. Hinn háttvirti þingmaður er mèr samdóma um það, að vèr eigum eigi að fresta svo mikilvægum málum sem þessum. Íslendingar eiga að sýna, hvort þeir af alvöru vilja skólann eða eigi. Það er mótsögn, ef þeir í öðru orðinu segjast vera of fátækir til þess. En þá vil eg spyrja: hvernig er breytingaratkvæði vort undir tölul. 9. mótsögn við breytingu nefndarinnar undir tölul. 3. Þar segir nefnilega svo: «Landsstjórnin skal leita ráðs við þann amtmann, er hlut á að máli og því næst ákveða nákvæmar fyrirkomulag og stjórn skólanna». Það er eins og nefndin ímyndi sèr, að skólarnir komist á, áður en skipað verður fyrir um fyrirkomulag þeirra. Eg ímynda mèr, að það verði eigi ákveðið, fyr en fèð er fengið, og að það verði ákveðið jafnskjótt og fèð er lagt á. Annars verður millibil, sem er óumflýjanleg mótsögn við orð þingmannsins, þar sem hann sagði, að byrja ætti strax. Nei! skólarnir, fyrirkomulagið og fèð á allt að koma strax og verða samferða. Vilji nefndin skjóta á frest að ákveða fyrirkomulag skólanna, þá á hún eins að skjóta á frest að ákveða, hve nær byrja eigi að leggja þennan skatt á jarðirnar. Það er annars sorglegt að vita til þess, að Íslendingar virðast vera meira hneigðir til makinda-hugsunar en framkvæmdarsamrar starfsemi; það er eins og þeir hugsi, að grasið

þurfi eigi að spretta á jörðunni, og góðs búnaðar ekki þurfi með yfir höfuð, fyr en hin fyrirhugaða stjórnarbót er komin á. Eg hèlt, að einmitt það, að hún er í vændum, ætti að leiða menn til að neyta sem bezt krapta landsins, og fram leiða sem mestan arð af landinu sjálfu, en einmitt þetta er mark og mið búnaðarskólanna; þeir eiga að kenna mönnum að neyta betur krapta sinna í viðureign sinni við náttúruna, og sýna þeim, á hvern hátt þeir geti haft mestan hag og hagnað af náttúrunni. Eg tek þetta fram, til þess að sýna þinginu, hvað það er, sem hefir komið mèr og hinum háttvirta varaforseta til þess að taka oss þetta breytingaratkvæði undir tölul. 9. Það er þó auðvitað, það er ekkert annað en stjórn landsins, eður landsins stjórn, eður landsstjórnin, sem ákveður allt þessu máli viðvíkjandi; eg því get ekkert sèð á móti, að láta orðið «landsstjórn» standa á báðum stöðunum, en að láta orðið «landsstjórn» standa á öðrum staðnum en orðið «dómsmálastjórn» á hinum, er auðsjáanlega óeðlileg mótsetning og einungis til þess að villa.

Torfi Einarsson. Eg verð að játa það, að það er nýtt, að eg eigi gat sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns Árnesinga. Eg hugsaði í einfeldni minni, að dómsmálastjórnin ætti að ákveða, hve nær byrja skyldi að heimta fèð, áður en skólinn væri stofnaður. Nefndin gekk líka út frá því, að landstjórnin yrði komin á, áður en skólinn yrði stofnaður, því landssjóðurinn mundi þurfa að styrkja skólann að minnsta kosti til að komast á fót, og að ætíð mundi verða einhver stjórn yfir landinu; hann sagði líka sjálfur, að orðið «dómsmálastjórn» gæti innibundið í sèr orðið «landsstjórn», þess vegna get eg eigi sèð, að það geti valdið hinum minnsta misskilningi, þó orðinu «dómsmálastjórn» sè haldið í 4. grein.

Páll Pálsson: Af því mèr er það svo nýtt, að geta ekki sannfærzt af ræðu þingmanns Árnesinga, þá get eg ekki að því gjört, að tala ekki fáein orð. Eg get ekki sèð, að það sè nein mótsögn hjá nefndinni, þó hún haldi orðinu «dómsmálastjórn« í síðustu grein, fyrir það þó hún láti orðið «landstjórn» standa framar í frumvarpinu. Það hljóta þó allir að játa, að mál þetta sè eitt af hinum mestu nauðsynjamálum landsins, og ógjörningur að halda því ekki áfram, að svo miklu leyti hægt er. En eg vil leyfa mèr að spyrja: hvernig er mögulegt að halda á fram því verki, sem aldrei er byrjað? og byrjunin liggur hèr einmitt í því að fara að

safna fènu. Nú sem stendur, er það einmitt dómsmálastjórnin, sem leiðir til lykta málefni vor Íslendinga, og fyrst það er nauðsyn að byrja þetta nú þegar, þá er heldur ekki hægt að hugsa sèr það með öðru móti en að dómsmálastjórnin á kveði, hve nær byrja skuli, og ef það er hún, sem á að gjöra það, hvað er þá á móti því að hún sè nefnd til þess? Öðru máli er að skipta, þegar ráðgjöra skal, hver eigi að á kveða fyrirkomulag skólanna. Þangað til hlýtur að líða nokkur ár, og þá getur vel verið, að hèr verði komin á landstjórn, og þess vegna liggur það beint fyrir að nefna hana til þess; og það því fremur sem í raun rettri getur sá skilningur legið í orðinu «landsstjórn», að þó það sè einmitt dómsmálastjórnin, þá er hún landsstjórn á meðan engin annar stjórnar landsmálum vorum. Af þessu sèst, að mèr var ekki unnt að sannfærast hið allra minnsta af orðum og röksemdaleiðslu þingmanns Árnesinga, og er það mein um jafnfallega ræðu eins og hann hèlt, að hún skuli fara í gagnstæða átt frá því, sem skiljanlegt getur kallazt. Það hlýtur hver maður að sjá, að því minna sem fèð er, því nauðsynlegra er að byrja sem fyrst að safna því. Mèr fannst hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga komast í talsverða mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann var að sannfæra sig um, að tollurinn væri of hár, og þess vegna óvinsæll, en að fèð væri þó of lítið. Eg get ekki sèð að þetta sè ástæða til að skjóta málefni þessu á frest; því ef tollurinn, sem hèr um ræðir, mundi þykja óþolandi, eins og hann hèr er ákveðinn, sem er næsta lágt til tekið, hversu miklu tilfinnanlegri yrði hann ekki, ef skyldi eiga að taka það í einu, á einu ári, sem safna má smám saman á fimm árum. (*Davíð Guðmundsson:* fènu á að ná með óbeinlínis sköttum!) Óbeinlínis skattarnir eru ekki komnir á, ekki einu sinni brennivínstollurinn, og hver veit hversu langt verður þess að bíða. Bæði stjórninni og nefndinni hefir þótt ráðlegast að hafa tollinn svo lágan sem unnt er, svo að hann yrði ekki mjög tilfinnanlegur. Eg þykist nú hafa tekið það fram í þessu máli, sem þörf var á því til skýringar; að minnsta kosti er það svo ljóst fyrir mínum skilningi, að eg á líklega bágt með að láta mèr skiljast annað.

Pètur Pètursson: Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum þeirra þingmanna, er mælt hafa með því, að eigi verði breytt orðinn «dómsmálastjórnin» í 4. grein frumvarpsins eins og nefndin hefir stungið upp á í 2. grein þess í «landstjórnin»; því að eins og skýrt hefir verið tekið fram af sumum þingmönnum, einkum af

þingmanni Árnesinga, þá er það mikil ósamkvæmni, ef sama stjórnin ætti ekki að ákveða, bæði hve nær gjaldið skuli fyrst farið að heimta og eins um allt fyrirkomulag búnaðarskólanna; eptir uppástungum nefndarinnar á dómsmálastjórnin að annast um hið fyrgreinda atriði, en landsstjórnin um hið síðarnefnda. Hefði nefndin haldið orðinu «dómsmálastjórnin» einnig í 2. grein, þá hefði eg miklu betur getað fellt mig við það; það hefði verið consequent eða sjálfu sèr samkvæmt. En með þessari tilhögun nefndarinnar gæti hæglega farið svo, að strax væri farið að safna fè til hinna fyrirhuguðu stofnana, en yrði svo aldrei byrjað, að koma þeim í gang. (*Jón Sigurðsson*: Það er óhugsandi). Hvað rekur á eptir? (*Páll Pálsson*: Þörfin). Mèr sýnist þetta því vera ósamkvæmni eða hugsunarvilla af nefndinni, nema því að eins að í orðinu «landsstjórn» eigi að liggja sama sem «dómsmálastjórn»; en sè svo, þá álít eg langrèttast, að hafa sama orð á báðum stöðum, svo það villi engan. Eg get annars ímyndað mèr, að fara kynni um þennan sjóð til búnaðarskólanna eptir því, sem nefndin hefir hagað uppástungum sínum, alveg eins og um Torchillii-sjóðinn, að fè kynni að verða sett á vöxtu og því safnað um óákveðinn tíma, áður en það yrði notað í hinu tilætlaða augnamiði.

Hallgrímur Jónsson: Þetta frumvarp, sem hèr er um að ræða, er það frumvarp sem eg elska mest af öllum þessum 12 frumvörpum, og jafnvel öllum þingmálunum, og það af tveim ástæðum; fyrst og fremst miðar þetta mál til að efla og fræða menn í búskaparsökum, sem mèr sem bónda ætti og mætti vera kærast og vissulega væri hið fyrsta framfarastig í landinu, og í annan stað bendir það á bæði haganlegan og ótilfinnanlegan hátt, hvernig fè fáist til þessa loflega fyrirtækis, og það er þó það sem fyrirtækin eru vön að stranda á. Því þætti mèr það meir en sorglegt, ef málið fær eigi framgang fyrir undirtektir þingsins að þessu sinni, eins og einn þingmanna hefir þó látið á sèr skilja að bezt væri. Eg felli mig annars mjög vel við uppástungu nefndarinnar, þar sem hún ræður til að hafa orðið landsstjórn í 2. grein frumvarpsins, en dómsmálastjórn í hinni 4., því mèr skilst vel, að dómsmálastjórnin geti vel látið fara að byrja á að safna fènu sem allrafyrst; er seinna meir geti sú stjórn, sem þá kann að verða komin á fót hèr í landinu sjálfu, ráðstafað skipulagi þessara stofnana í einu og öllu, og þetta ímynda eg mèr að nefndin hafi haft í huganum. Eg er ekki heldur neitt hræddur, eins og hinn háttvirti varaforseti, um, að fara kunni með þessu

fyrirkomulagi eins fyrir sjóði þeim, er safnað yrði til stofnana þessara, eins og fyrir Thorchillii-sjóðnum, sem sagt er að orðið hafi fyrir ýmsum óhöppum hèr á fyrri árum; því það er kunnugt, að á þessum tímum er miklu betra eptirlit haft með opinberum sjóðum en áður við gekkst. Hvað snertir 6. töluliö á atkvæðaskránni, þá sýnist mèr sú uppástunga, sem þar er farið fram á, næsta vafasöm; þó vil eg ekki lasta meininguna fyrir það; en eg held, að þetta atriði sè ekki svo vel undir búið, að það geti komið til álita að sinni. Um 12. töluliðinn er það að segja, að sú ákvörðun, sem þar er fram borin, að minni hyggju mundi tefja fyrir því, að búnaðarskóli geti komizt á svo fljótt sem eg vildi óska. Mèr þótti leitt til þess að vita, að 8. tölul. skyldi falla burt af atkvæðaskránni vegna formsins, en ekki vegna efnisins. Líklega hefði eg nú reyndar ekki gefið atkvæði mitt með þessum tölulið; en eg vildi þó, að hann hefði fengið að standa til þess að nokkrar umræður hefðu orðið um efnið, og þar af hefði þjóðin getað sèð tillögur manna um hann, og hvers vegna að sú ákvörðun, sem töluliður þessi gjörir ráð fyrir, ekki hefði getað fengið framgang, hefði svo farið að hann hefði fallið (*Forseti:* Það sèst nú).

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að allir þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

Var svo gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, og fèllu þau þannig. (Sjá II, bls. 265).

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál. Framsögumaður er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, eins og hann álítur þörf vera.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II, bls. 266).

Hvað viðvíkur nefndaráliti þessu, þá er fátt við það að athuga, meðan engin mótmæli koma fram móti því. Breytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á við frumvarpið, eru flestar að eins orðabreytingar, en í öllu verulegu hefir nefndin aðhyllzt frumvarpið. Ástæðurnar fyrir öllum þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört, eru að eg vona svo ljóslega teknar fram í nefndarálitinu, að það er engin ástæða til að orðlengja meir um þetta atriði að sinni. Þó leyfi eg mèr að drepa á tvö atriði í frumvarpi þessu, er nefnd-

in hefir eigi orðið alveg á eitt sátt um; það er ákvörðunin um laun póstafgreiðslumannsins í 1. grein, og ákvörðun í síðari hluta 7. greinar um úrslit vissra mála. Hvað þá snertir laun póstmeistarans í Reykjavík, þá vildum við tveir, sem vorum í minni hluta nefndarinnar, halda sömu ákvörðun sem í frumvarpinu, en meiri hluti nefndarinnar vildi minnka launin eins og nefndarálitið sýnir. En við, sem vorum í minni hlutanum, álitum, að við þyrftum ekki nýtt ágreiningsatkvæði, af því að þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, kemur sjálfsagt þessi frumvarpsgrein einnig óbreytt til atkvæða, og hana aðhyllumst við eins og hún er. Hvað nú snertir síðari hluta 7. greinar, þá vildi meiri hluti nefndarinnar fella hana burt, en við í minni hlutanum viljum halda þeirri ákvörðun, með því okkur virðist hún geta verið mjög þýðingarmikil og mikilsverð til þess að flýta fyrir málunum og gjöra úrslit þeirra greiðari en ella; því verði þessum kafla greinarinnar sleppt, þá yrði eins að fara að með úrslit málanna eins og endrarnær, að mál þessi yrðu að ganga til dóms og laga; sá, sem eigi gæti komið rètti sínum fram við póststjórnina, yrði að stefna póstmeistaranum og síðan gengi málið sinn vanalega gang. En þetta yrði allt miklu greiðara, ef eigi þyrfti að fara nema til lögreglustjórans og hann hefði vald til að útkljá málið með úrskurði sínum, og er líklegt, að þetta mundi ganga mjög fljótt og úrslitin verða áreiðanleg, með því ætla má, að lögreglustjórinn væri vel kunnugur öllum ástæðum. Meira álít eg óþarft fyrir mig að taka fram, meðan eg eigi heyri það, sem þingmenn kynnu að hafa að athuga við nefndarálitið.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir tekið svo vel í mál það, sem hèr liggur fyrir, og í öllu verulegu aðhyllzt uppástungur frumvarpsins, að mèr þykir líklegt, bæði að þetta mikilsvarðandi mál fái sem bezta meðferð á þinginu og að úrslit þess verði, að landið fái lagaákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að póstgöngurnar í landinu geti komizt í betra horf en verið hefir, og að póstmálum vorum yfir höfuð að tala geti orðið komið fyrir á sem haganlegastan hátt. Frumvarpið inniheldur, eins og nefndin hefir tekið fram, að eins lagaákvarðanir þær, sem til þessa útheimtast, en allt það, sem fyrir verður að skipa af umboðsstjórninni til þess að haga póstferðunum, að ákveða póstafgreiðslustaði o. s. frv., verður seinna að ákveða með reglugjörðum, en þær eru sem stendur ekki fullgjörðar, þó að byrjað sè að gjöra til þess nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir, nefnilega með því að heimta

uppástungur amtmannanna með tilliti til þess atriðis, er eg gat um, að ákveða póstafgreiðslustaði og brèfhirðingastaði; eg skal einungis geta þess, að í þessu tilliti er gjört ráð fyrir því, að stofnaðir verði hèr um bil 20 póstafgreiðslustaðir og 40 brèfhirðingarstaðir, sem eg álít nægilegt eptir því sem til hagar hèr í landinu, en þessum tölum getur sjálfsagt orðið breytt eptir upplýsingum þeim, er seinna koma fram frá hlutaðeigandi amtmönnum. Eg skal enn fremur geta þess, að ráð er gjört fyrir, að póstferðirnar fyrst um sinn verði 7 árlega um allt landið, og að kostnaðurinn, sem ætlaður er til allra útgjalda í þessu máli, verði hèr um 2000—2500 rd. árlega auk brèfburðargjaldsins, á meðan nú sem stendur af landssjóðnum er veittur 1000 rd. styrkur til póstgangnanna í landinu. Það er auðsætt, að það er ómögulegt nákvæmlega að til taka þá upphæð, sem útheimtist til þessa nýja fyrirkomulags, því reynslan ein getur sýnt og sannað, hvað mikið til þess þurfi, en eptir frumvarpinu verður fè það, sem til þess útheimtist, að veita í hinum árlegu fjárhagslögum, það er að segja, alþingið á kost á að samþykkja þetta, ef vèr fáum stjórnarskrá, og ef ekki verður svo, á konungurinn í hinni árlegu fjárhagsáætlun að ákveða það í þessu tilliti nauðsynlega, og í báðum tilfellunum mun verða tekið tillit til þarfa landsins og reynslu þeirrar, sem fengin verður.

Eptir þessum bendingum, sem eg vona að þinginu megi virðast nægilegar, og sem eg hefi gefið samkvæmt því, er í þessu tilliti hefir verið ráðgjört frá hálfu umboðsstjórnarinnar, skal eg fara fáeinum orðum um breytingaruppástungur nefndarinnar. Fyrst skal eg taka það fram, að launin í 1. gr. frumvarpsins handa póstmeistaranum í Reykjavík eru ákveðin alveg samkvæmt tillögum alþingis frá 1865, og að mèr þess vegna ekki virðist vera nægileg ástæða til að aðhyllast 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Þó að embættisstörf póstmeistarans ekki verði svo umfangsmikil, að þau geti tekið allan þann tíma, sem duglegur embættismaður hefir ráð á, verða þessi störf að mínu áliti á hinn bóginn, að minnsta kosti þangað til hið nýja fyrirkomulag verður framkvæmt — en til þess mun útheimtast nokkurra ára tími — mjög erfið, og hafa ávallt mikla ábyrgð í för með sèr, því póstmeistarinn á að hafa vakandi eptirlit með öllum hinum póstembættismönnunum og starfsmönnunum; hann á að semja alla póstreikninga, og hann á, að minnsta kosti í byrjuninni, að ferðast mikið í öllum fjórðungum landsins til

þess að instruera bæði póstafgreiðslumennina og brèfhirðingamennina, svo að embættisstörf hans, að minnsta kosti í byrjuninni, verða bæði umfangsmikil og erfið, og þar sem framkvæmdin á þessum lögum að miklu leyti er komin undir því, að póstmeistarinn sè bæði duglegur, árvakur og áreiðanlegur maður í öllu tilliti, virðast mèr launin ekki sett of hátt með 800 rd. Þegar búið er að koma þessu nýja fyrirkomulagi í gang, þá skal eg játa það, sem nefndin eða meiri hluti hennar hefir tekið fram, að þá muni þessum störfum verða nægilega launað með 600 rd.; en eg skal leiða athygli þingsins að því, hvort ekki muni haganlegra að útbúa póstmeistaraembættið svoleiðis, að vèr getum verið vissir um að fá í það sem beztan og áreiðanlegastan mann í þau ár, sem það þarf mest við, og þá, þegar einhvern tíma verða póstmeistaraskipti, að taka til yfirvegunar, hvort þetta embætti ekki geti sameinazt einhverju öðru embætti í Reykjavík, og launin á þennan hátt orðið minni, því með þessum hætti er eg fyrir mitt leyti sannfærður um að vèr getum skipað þessu embætti á sem haganlegastan hátt fyrir landið.

Með tilliti til 3. niðurlagsatriðis skal eg geta þess, að þó að skip, eins og nú stendur á, ekki sèu höfð til stöðugra milliflutninga hafna á milli hèr á landinu, og þó að ákvörðun sú, sem stungið er upp á í 6. gr. frumvarpsins 6. kafla þess vegna sè miður nauðsynleg, geta menn samt ekki neitað því, að mögulegt sè að þess konar flutningaferðir (Paketfart) geti komizt á, t. d. gufuskipsferðir eða aðrar skipaferðir kringum strendur landsins, og ef svo verður, getur ákvörðunin komið að notum, á meðan hún ekki getur gjört neinn skaða; en á hinn bóginn hefi eg ekki neitt á móti uppástungu nefndarinnar undir þessum tölul. stafl. a. Hvað snertir 2. kafla 7. greinar, virðist mèr ákvörðun frumvarpsins vera þeim, sem aðstoðina veita, langtum meira í hag en uppástunga meiri hlutans, því þar sem að eins ræðir um þau tilfelli, þar sem samkomulagi ekki verður náð, en það mun verða almenn regla, eins og bæði frumvarpið og nefndin gjöra ráð fyrir, fæ eg ekki sèð, að nefndin, með því að sleppa síðari kafla greinarinnar, komi öðru áleiðis, en að baka hlutaðeigendum fleiri umsvif og meiri fyrirhöfn fyrir að ná sanngjarnri borgun fyrir aðstoð þá, er þeir hafa látið í tè, en ef þeim gefst kostur á að skjóta spursmálinu til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem líklega verður fær um að gefa þennan úrskurð langtum fljótar en póststjórnin — póstmeistarinn í Reykjavík eða landshöfðinginn — getur gjört út um það, eins

og einnig ráð má gjöra fyrir því, að það verði hægra að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra upplýsingar þær um allar kringumstæður, sem tillit þarf að hafa til, en póststjórninni. Sá sem eptir 1. kafla greinarinnar á að semja við þann, sem veitir hjálp, er annaðhvort póstflutningsmaðurinn, eða póstafgreiðslumaður sá, er næst býr, og þess vegna mun hvorugum þeim, sem hlut á í málinu, veita örðugt að gefa lögreglustjóranum eða sýslumanninum allar þær skýrslur, sem með þarf til þess að skera úr ágreiningi þeim, sem ráð er fyrir gjört, að þeir hafi ekki sjálfir komið sèr saman um. En langtum örðugra mun það verða, ef annaðhvort skal vísa málinu til landslaga og rèttar, eður leggja það undir úrskurð landshöfðingjans. Eg fæ þess vegna ekki betur sèð, en að síðari kafli greinarinnar sè mjög æskilegur, þegar litið er til hagsmuna hans, sem veitir póstinum einhverja aðstoð; en frá hálfu póststjórnarinnar stendur það á sama, hvort þessari ákvörðun verður haldið eða ekki; en þar sem hún er samþykkt af þinginu 1865, virðist mèr eiga bezt við að halda henni óbreyttri.

Á móti breytingaruppástungu nefndarinnar undir tölul. 8. við fyrri kafla 12. gr. hefi eg í sjálfu sèr ekki neitt, því frumvarpið hefir, að því mèr skilst, einmitt þann tilgang, að borguð verði uppbót fyrir þann kostnaðarauka, sem þessi ákvörðun mundi valda embættismönnum landsins. En þar sem nokkur munur er á milli embættismannanna, eptir því, hvort þeim er veitt skrifstofufè eða ekki, og þar sem útgjöld þau, sem hèr ræðir um, að mínu áliti ber að reikna sem skrifstofufè, er því í greininni skotið til úrskurðar konungsins, hvort bæta eigi nokkru við þá upphæð, sem nokkrum embættum er veitt undir nafninu skrifstofufè (Contoirholdgodtgjörelse), eða hvort þetta megi álíta nægilega ríflega ákveðið, þó að nú framvegis verði af því að borga burðareyri fyrir póstsendingar. Hvað hina aðra embættismenn snertir, hefir frumvarpið gjört ráð fyrir, að þeim beri að endurgjalda þann kostnað, sem hèr ræðir um; hvernig þessu endurgjaldi eigi að koma fyrir, verður sjálfsagt að ákveða með reglugjörð, og í þessu tilliti gefur nefndarálitið góðar bendingar, sem eg held að geti orðið teknar til greina af þeim, sem eiga að semja reglugjörðina.

Eg skal fyrir mitt leyti mæla með breytingaruppástungum nefndarinnar undir tölulið 9. staf. d., og tölul. 11. um lenging á fyrningarfrestum þeim, sem þar ræðir um.

Hvað snertir tölulið 13., skal eg að eins geta þess, að þar

sem, að því mèr er kunnugt, ekki er búið að ákveða verkahring landshöfðingjans, og þar sem þessi ákvörðun bæði eptir stjórnarfyrirkomulagi því, sem nú er, og eptir frumvarpinu til stjórnarskrárinnar, á að setja með konunglegri tilskipun, er það sjálfsagt komið undir allrahæstum úrskurði þeim, sem ákveða skal verkahring landshöfðingjans, hvort myndugleiki sá, sem um er að ræða í 17. gr. frumvarpsins, verður falinn honum eða dómsmálastjórninni á hendur, og þess vegna virðist mèr það vel tilfallið, að 17. gr. ekki í þessu atriði grípur fram fyrir þennan allrahæsta úrskurð.

Hinar aðrar breytingar, sem hin heiðraða nefnd hefir stungið upp á, eru að eins til skýringar frumvarpinu, eða orðabreytingar, og eg get fyrir mitt leyti fallizt á þær allar.

Sigurður Gunnarsson: Það kom til orða í nefndinni, að taka síðara hluta 11. greinar og setja hann, eins og eg gat um, á eptir 1. grein, en af þessu varð ekki neitt; nú hefir mèr dottið hið sama í hug, af því að frímerki eru nefnd svo víða áður en getið er um, hvar og hvernig þau eiga að verða til og hvar þau megi fá. Sömuleiðis hefir mèr komið til hugar, að ef síðari hluti 7. greinar verður eigi samþykktur, að bæta þá inn í hana þessum eða þvílíkum orðum: «skulu óvilhallir menn meta borgunina»; en verið getur, að eg falli seinna frá því. Þá vil eg enn fremur, að bætt sè inn í 15. greinina ákvörðun um það, að póststjórnin skuli auglýsa söluna svo fljótt sem auðið er í dagblöðunum. Þetta áskil eg mèr rètt til að orða nákvæmar seinna. Sömuleiðis áskil eg mèr rètt til að breyta ýmsu öðru í frumvarpinu, sem snertir að eins orðaskipun og orðfæri, en sem alls eigi haggar í neinu efni þess.

Eiríkur Kúld: Yfir höfuð að tala er eg samdóma hinni heiðruðu nefnd og álít, að hún hafi leyst starfa sinn vel af hendi, og eg fellst þannig á flest í niðurlagsatriðum hennar. Eg verð þó að vera á máli minna hluta nefndarinnar að því, er snertir tölulið 4. staflið *b*; en auðvitað hefir það vakað fyrir nefndinni, að lètta mönnum fyrir með brèf og sendingar, og vil eg út af því skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, hvort eigi mundi vera ástæða til, að setja grein í álitsskjalið til konungs um það, að koma á reglulegum samningum og samkomulagi milli stjórnarinnar og annara landa, t. a. m. Englands um póstsendingar hèðan af landi og þangað út. Eg hefi heyrt sagt, að borga yrði hèðan undir brèf

til Englands 14 sk., þar sem undir brèf til Kaupmannahafnar hèðan er ekki borgað nema 8 sk.; það er nú nærri tvöfalt dýrara, en er helmingi styttra. Auk þess veit eg ekki betur, en að með öll brèf hèðan sè þar farið sem með «shipletter» (skipabrèf), þó þau sèu send enda með póstskipinu, og það kostar meðtökumann brèfsins eins mikið eða meira gjald en undir brèfið sjálft. Eg ímynda mèr, að á þessu mundi má ske mega fá breyting með samningum. Og áskil eg mèr rètt til að koma fram með uppástungu á þá leið, að þetta verði tekið fram sem bendingaratriði í álitsskjalinu til konungs.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga því, að mèr er nú sem stendur ekki fullkomlega kunnugt um þennan brèfburðareyri til Englands, sem þingmaðurinn gat um; en eg skal íhuga þetta betur seinna og bera mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvort ástæða sè til fyrir nefndina að fallast á þessa uppástungu þingmanns Barðstrendinga, sem eg nú sem stendur ekki skal mæla neitt á móti fyrir mitt leyti.

Páll Pálsson: Af því mèr hafa hugkvæmzt ýmsar orðabreytingar á orðfæri frumvarpsins, eins og hinum háttvirta þingmanni Suður-Múlasýslu, þá áskil eg mèr rètt til, að sameina mig við hann, að því er snertir þetta atriði. Hvað snertir ákvörðunina um laun póstmeistarans, þá líkar mèr betur uppástunga meiri hluta nefndarinnar, með því frumvarpið ber með sèr, að þessi embættismaður getur þó fengið talsverðar aukatekjur (samanber 8. grein); aptur á móti er eg ekkert á móti áliti minni hlutans á síðari hluta 7. greinar, að það nefnilega sè til bóta, að halda honum. Mèr þykir annars nefndin hafa of lítið tekið til greina bænarskrána úr Suður-Múlasýslu um aukning og endurbót póstferða milli Skaptafellssýslu og Múlasýslu, og sökum þess, að eg álít brýna nauðsyn beri til þess, að einhver lögun komist á þetta, þá leyfi eg mèr að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að alþingi sendi gegnum forseta stiptamtmanninum áskorun um, að hann mæli fram með því við stjórnina, að póstferðir milli Skaptafellssýslu og Eskifjarðar í Suður-Múlasýslu verði ákveðnar að minnsta kosti 4 árlega fyrst um sinn.

Hjálmur Pètursson: Viðvíkjandi 7. grein frumvarpsins vil eg láta þá meiningu mína í ljósi, að eins og eg álít rètt og nauðsynlegt að skylda hvern mann til, að láta í tè alla þá hjálp, sem

póstarnir með þurfa, og sem menn geta úti látið sèr að skaðlausu, og að hver sá sè sektaður, eins og ákveðið er í 14. grein, sem af ógreiðvikni eða illvilja synjar um þá hjálp, sem hann getur veitt. Eins verð eg að álíta fjarskalega hart eða jafnvel rangt, að sekta menn, þó eigi hafi þeir hjálpað pósti um það, sem þeim var ómögulegt að láta honum í tè, því eptir þeim skilningi, sem eg hefi á 7. grein, felst ekki í henni, að þessir menn sèu undan skildir sektinni; en það getur hver maður sèð, að það er óþolandi, að veita póstum heimild til að heimta af mönnum þá hluti eða þá hjálp, sem annaðhvort ekki er til, ellegar menn ekki geta úti látið án tilfinnanlegs skaða, og þar á ofan mega þessir menn búast við sekt eins og hinir, sem vilja ekki láta hjálpina í tè, en geta það. Eg leyfi mèr því að áskilja mèr breytingaratkvæði þannig, að í stað orðanna «eptir áskorun» komi: «þegar póstarnir óska þess», að eptir orðin «sem með þarf» komi: «og sem hann getur úti látið sèr að skaðlausu» og, að eptir orðin «sanngjarna borgun» komi: «út í hönd», og áskil eg mèr rètt til að orða þetta nákvæmar seinna.

Jón Sigurðsson: Mèr þykir vænt til þess að vita, að hinar fáu breytingar nefndarinnar hafa fengið góðan róm, bæði hjá hinum háttvirta konungsfulltrúa og þinginu. Hvað nú snertir uppástungu meiri hluta nefndarinnar undir 1. tölulið, um, að laun póststjórans hèr í Reykjavík verði ákveðin til 600 rd., sem geti aukizt allt að 800 rd., þá mun nefndinni hafa gengið það til, að vèr vildum sem mest spara fè landsins. Eg skal játa það, að mèr er ekki fullkunnugt um, hversu yfirgripsmikil störf þessa póststjóra í einu og öllu kunna að verða, og að því leyti kann mèr að vera óljóst, hve há laun að eru nægileg handa þessum embættismanni. Það hefir verið sagt, að þingið 1865 hefði fallizt á þessa launaupphæð handa póststjóranum, og að það lýsti ósamkvæmni hjá þinginu, að ætla honnm minni laun nú; en ef mig minnir rètt, þá þótti stjórninni ekki annað hlýða 1865, en hafa danskan mann í þessu embætti — enginn Íslendingur átti að vera því vaxinn — og þess vegna voru launin sett svona há. Nú kom nefndinni ekki til hugar, að til þessa starfs þyrfti danskan mann, eins og nauðsynlegt þótti á þinginu 1865, og honum mætti þess vegna ekki bjóða minna en 800—1000 rd. laun. Þvert á móti áleit nefndin nú, og sömu skoðunar hefir stjórnin eflaust verið, því annað er eigi að sjá á ástæðum frumvarpsins, að duga mundi til

embættis þessa hver dugandis-maður, þótt hann væri íslenzkur, og að hann þess vegna mundi vel geta látið sèr nægja með 600 —800 rd. laun. Til embættis þessa þyrfti að mínu áliti alls eigi að velja hálærðan eða háskólagenginn mann, heldur þyrfti hann að eins að vera vaxinn störfum sínum, ötull og áreiðanlegur, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, og þá held eg að launin megi heita fullsæmandi. Hvað síðari hluta 7. greinar snertir, þá er það víst rètt álitið, að sú ákvörðun, er þar í felst, sè næsta þýðingarlítil, og að það getur ómögulega verið þeim í óhag, að fella hana burt, sem eptir ákvörðun greinarinnar eru skyldir til að láta póstunum í tè allan nauðsynlegan fararbeina. Vèr skulum skoða eitt tilfelli í þessu tilliti, er opt mundi að höndum bera. Það, sem bændur tíðast yrðu að láta póstum í tè, mundi sjálfsagt verða hestlán eða hestur til sölu, fæði, hey, og náttúrlega gisting, þegar svo á stæði. Nú kemur póstur og biður bónda að lána sèr hest, eða selja sèr, ef eigi er annars kostur. Bóndi getur ekki eða vill ekki ljá hestinn, og geta legið til þess ýmsar eðlilegar orsakir, en er til með að selja hann fyrir það verð, sem hann sè skaðlaus af. Nú spyr póstur: «hvað á hesturinn þá að kosta»? — «Eg get ekki látið hestinn minna en 30—40 rd.» segir bóndi. Póstur finnur að hestverðið er ósanngjarnt, því hesturinn er ef til vill ekki nema 20—30 rd. virði í raun og veru; engu að síður getur bóndinn haft alveg rètt fyrir sèr, og ekki orðið skaðlaus, nema hann fái fyrir hestinn það sem hann ákveður; þetta er má ske átrúnaðargoð hans, eða ef til vill eini gagnsgripurinn, sem hann á í eigu sinni. Eptir ákvörðun greinarinnar á nú lögreglustjóri að ákveða verð hestsins, og liggur í augum uppi að hann mundi sjaldnast verða svo kunnugur kringumstæðunum, að hann kynni að meta rètt hinn sanna hag bónda. Nú vil eg spyrja: er það rètt, að bóndi skuli neyðast til að láta sitja við þann úrskurð, sem lögreglustjóri leggur á málið? Eg segi nei. Mèr finnst þetta vera að misbjóða rètti hvers einstaks manns og koma alveg í bága við þær tryggingar, sem eignarrèttinum eru veittar í hinum íslenzku lögum vorum. Eg þekki enga þá ákvörðun í þeim, sem gefi heimild til slíks gjörræðis móti eignarrèttinum, sem hèr ræðir um. Eða hvers eiga þeir að gjalda, er búa á þeim stöðum, er liggja í leið póstsins, ef hann má að ósekju ganga að eignum þeirra, og hagnýta sèr á hvern hátt sem hann vill, án þess eigendurnir hafi þar nokkurn atkvæðisrètt um? Eg vil, að í þessu efni, eins og svo

mörgum öðrum, ráði samkomulag og sanngirni. Eg neita því ekki, að ætti í þessu efni að fara dómstólaveginn, þá mundi málið lengur dragast, en eg er líka viss um, að þetta mundi mjög sjaldan að bera, ef ákvörðun greinarinnar er alveg sleppt. Að útkljá málið með úrskurði lögreglustjóra yrði að vísu fljótara í mörgum tilfellum, en svo má líka segja um ótal tilfelli önnur, að óbrotnara væri að útkljá þau með úrskurði, og því er það þá ekki gjört? náttúrlega sökum þess, að sá vegurinn þykir miklu síður tryggjandi, auk þess sem rètti einstaklingsins er svo auðsjáanlega hallað með því að láta úrskurð eins manns ráða. Mèr virðist því ákvörðunin í síðara hluta 7. greinar bæði óheppileg og ískyggileg, og alls eigi nauðsynleg eptir því sem til hagar hèr á landi. Eg er viss um, að sjaldan mundi koma til þess ágreinings, er hèr ræðir um, nema því að eins að þessum kafla greinarinnar sè haldið, því að í honum sjálfum felst einmitt frækornið til ágreiningsins, því ef pósturinn er ágengur, þá þarf hann ekki annað en heimta hvað sem honum dettur í hug af bændum, og neiti þeir, þá þarf hann ekki annað en útvega sèr lögreglustjóraúrskurð til staðfestingar rangsleitni sinni. Eg er ekki á móti þingmanni Suður-Múlasýslu um að bæta við einhverri ákvörðun aptan við 7. gr., ef seinni hluti hennar verður samþykktur, en eg held, að þess mundi ekki þurfa.

Davíð Guðmundsson: Þar sem í frumvarpinu er talað um að undan skilja böggla, þá virðist mèr peningasendingar einnig hljóta að heyra þar undir; en sè svo, þá álít eg það sè til óhagræðis fyrir viðskipti manna á meðal; eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að sett verði: «frá þessu sè 50 dala sendingar eða minna undanskildar». Hvað 5. grein snertir, þá vil eg undan skilja þar frá dagblöð, þótt þau sèu ruslug og lèleg innihalds; og með tilliti til 7. greinar þá áskil eg mèr rètt, að bera mig saman við þingmann Mýramanna um það breytingaratkvæði, sem hann þar áskildi sèr. Aptan við 9. grein vil eg bæta þessum orðum: «og tíðindi um almenn mál á Íslandi». Mèr þætti einnig æskilegar ýmsar orðabreytingar, og mun eg bera mig saman um þær við þá, er þegar hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í þá stefnu.

Jón Hjaltalín: Eg ætla ekki að gjöra margar orðabreytingar, heldur er það að eins eitt atriði, er eg vil drepa á. Eg vil ómögulega lækka laun póststjórans niður úr því, sem frumvarpið stingur upp á, því fremur sem allt hans skrifstofufè er ákveðið einungis til 100 rd. Mèr er sama, hvort maður þessi er danskur eða íslenzk-

ur, en hitt álít eg meiru skipta, að hverjum embættismanni sè vel launað, svo hægt sè að heimta af honum, að hann standi almennilega í stöðu sinni. Eg gjöri lítið úr því, að lækka laun póststjórans af þeirri ástæðu, að hann kunni að geta fengið sèr meðfram aðra atvinnu, því það er ekki til annars, en draga huga embættismannsins í alveg öfuga átt, að láta hann gefa sig við ósamkynja störfum. En látum hann hafa almennileg laun og heimtum svo af honum, að hann standi vel í köllun sinni; því «verður er verkamaðurinn launanna». Það er öldungis eins með embættismenn og um vinnufólk, sè ekki farið vel með það og það látið hafa nóg, svo dugar það aldrei. Eg vil því að póststjórinn hafi 1000 rd. laun, eins og frumvarpið vill, og svo vil eg hækka þessa 100 dali hans í skrifstofupeninga upp í 300 dali, og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá stefnu.

Framsögumaður: Það eru að eins fáar athugasemdir, sem eg hefi að gjöra út af þeim ræðum manna í þessu máli, er enn hafa fallið. Það gladdi mig, að hinn háttvirti konungsfulltrúi fèllst í öllu verulegu á nefndarinnar uppástungur; það, sem hann hafði móti nefndinni, snertir ekki svo veruleg atriði í málinu, að það standi á miklu, þó því verði breytt, og svo er t. a. m. um breytinguna á 6. grein frumvarpsins. Nefndinni gekk það til breytinga sinna við tèða grein, að hugmyndin um stöðug milliflutningaskip (Paketfart) er hèr á landi alveg ókunnug, og að slík ákvörðun væri ópraktisk; það er því ekkert misst, þótt ákvörðun sú sè felld í burtu. Aptur á móti er það verulegri breyting hjá nefndinni, að alls konar skip taki við öllum póstsendingum, og gæti, ef til vill, staðið á nokkru, hvort þeirri ákvörðun er haldið eða eigi. Ýmsir þingmenn hafa ráðgjört breytingaratkvæði um eitt og annað, og skal eg láta þeim ósvarað, þangað til við ályktarumræðuna. Þó skal eg geta þess, hvað snertir breytingaratkvæði þingmans Mýramanna, er hann áskildi sèr við 7. grein, að það er með öllu óþarft, með því að eigi gæti komið til þess, að neinn yrði sektaður fyrir það, þótt hann eigi veitti pósti þá hjálp, sem hann eigi gæti í tè látið, því að enginn getur skyldazt til að gjöra það, sem hann getur ekki. Þar sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga vildi fallast á uppástungu meira hluta nefndarinnar undir 1. tölul. af þeirri ástæðu, að póststjóri mundi fá talsverðar aukatekjur eptir frumvarpinu, þá held eg ekki sè ástæða til að draga af launum hans af þeirri ástæðu, því þær aukatekjur, sem hann gæti fengið, yrðu sannarlega svo

litlar, að þær mundu muna nálega engu. Eg álít það sjálfsagt rètt, að ákveða embættismanni þessum svo lág laun sem má, en þó eigi svo, að eigi verði fáanlegur til þess duglegur og áreiðanlegur maður. Hvað 7. grein snertir, þá vona eg að mönnum skiljist, að það getur verið haganlegt að halda seinni hluta hennar, eins og minni hlutinn hefir ráðið til. Það er að vísu satt, eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að samkomulag og sanngirni ætti að ráða, og þetta er líka meiningin í frumvarpinu; en þegar þau tilfelli koma fyrir, að engu er hægt að fá framgengt með því móti, þá er rètt, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi benti á, að fara þennan veginn, einungis til þess að ná með hægra móti því, sem hlutaðeigandi á heimting á. Hèr mun sjaldan vera um mikilvæg rèttindi að gjöra, svo að endilega væri nauðsynleg sú trygging, sem dómur og lögformleg málsfærsla hefir í för með sèr, til þess að hið rètta fái framgang. Á uppástungu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns um að hækka skrifstofufè póststjórans upp í 300 rd. úr 100 rd. get eg ekki fallizt, með því sú upphæð, sem til færð er í frumvarpinu, virðist vera nægileg. Eg mun sem sagt seinna tala nákvæmar um breytingaratkvæði þau, er þegar eru ráðgjörð, en að þessu sinni sè eg eigi þörf að fara um þau fleiri orðum, en eg þegar hefi gjört.

Grímur Thomsen: Ákvörðunin í síðari hluta 7. greinar virðist vera mjög óeðlileg hèr á Íslandi, eptir því sem til hagar. Það er kunnugt, að hèr er víðast hvar meiri gestrisni og greiðasemi en bæði í Danmörk og öðrum löndum, sem leiðir með fram af því, hvernig byggðum hagar; og þó er í dönskum lögum, er lúta að þessu efni, engin slík ákvörðun sem þessi, af því að það er eigi álitið nauðsynlegt. Með leyfi hins háttvirta forseta, skal eg lesa þá lagagrein Dana, er hèr á við, upp fyrir þingmönnum. Leyfir forseti það? (*Forseti:* Já, ef þingmaðurinn les hana á íslenzku). Hún hljóðar þá svo, lauslega útlögð á íslenzku: «Nær sem póstur hindrast frá því að fram halda ferð sinni, eins og ber, er hver einn skyldur til að láta honum tafarlaust alla þá hjálp í tè, sem auðið er, og sèr í lagi er lögreglustjóranum skylt, þegar svo ber undir, og þess er beiðzt, að veita pósti þá aðstoð, sem með þarf». Seinni málsgrein dönsku ákvörðunarinnar á við, hvernig haga skuli til, þegar póstvagnar á förnum vegi mæta öðrum vögnum, og á ekki við hèr á landi. Annað stendur hèr hvergi, og þá skil eg eigi, hví slíkrar ákvörðunar sem þeirrar, er stendur í síðari hluta

7. greinar frumvarpsins, þyrfti við á Íslandi, þar sem landsiður er, að láta ferðamönnum allan þann greiða og fararbeina í tè, sem unnt er að veita, en slík gestrisni er óþekkt í Danmörk og öðrum löndum, þar sem öðruvísi er ástatt. Auk þess er í 14. grein frumvarpsins undir staflið d nægileg ákvörðun til þess að póstarnir geti náð öllum sínum rètti, þegar á þarf að halda.

Guðmundur Einarsson: Hinn háttvirti þingmaður, er nú settist, tók það fram, er mèr hafði komið í hug. Sè síðari hluti 7. greinar haldið, þá liggur beinast við að gjöra ráð fyrir, að sá, er pósti veitir greiða, fái aldrei borgun fyrir það út í hönd, með því pósturinn skýtur öllu undir póststjórnina, og það gæti vel að borið, að maður sá, er póstur heimtaði eitthvað af, þyrði eigi annað en láta það úti nauðugur með miklu minna verði en sanngirni stæði til, af því hann hræddist þessa lagaákvörðun, sem hèr stendur í 14. gr. stafl. d., með því honum hlyti að sýnast ískyggilegt að eiga það á hættu, hvort hann mundi sektaður eða ekki, þó að hann hefði rètt fyrir sèr með verðhæð þá, er hann styngi upp á að fá fyrir þann hlut, sem pósturinn kynni að þarfnast, þegar úrskurðurinn lægi að eins undir einn mann og úrslitin yrðu að sitja við dóm hans. Mèr virðist langrèttast, að kafli þessi falli úr.

Konungsfulltrúi: Eg skal í tilefni af orðum hins heiðraða þingmanns Rangárvallasýslu geta þess, að í Danmörku getur hlutaðeigandi fengið úrskurð General-póststjórnarinnar daginn eptir að hann hefir látið aðstoð þá, sem hèr ræðir um, í tè; en eins og hèr á landinu hagar til, yrði hlutaðeigandi að bíða eptir úrskurði um lengri tíma, og því verð eg að álíta þessa ákvörðun frumvarpsins landsbúum í hag.

Grímur Thomsen: Út af því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, skal eg geta þess, að eptir því sem til hagar hèr á landi yrði opt að bíða mjög lengi eptir úrskurði lögreglustjóra; eg set t. a. m. að pósturinn væri staddur í Möðrudal á Fjöllum; þá mætti að minnsta kosti bíða hálfan mánuð eptir úrskurði sýslumannsins. Það, hvernig hèr hagar, getur því alls eigi verið nein ástæða til að breyta í þessu efni frá því, sem ákveðið er í dönskum lögum.

Jón Sigurðsson: Eg leyfi mèr að segja, að eptir landsháttum vorum yrði þetta fyrirkomulag næsta ópraktiskt.

Guðmundur Einarsson: Eg vil bæta enn við, það gæti sett bæði kaupanda og seljanda í stök vandræði.

Forseti: Fyrst nú ekki fleiri taka til máls, er undirbúnings-

umræðu þessari lokið. Eg vil biðja þingmenn þá, er áskilið hafa sèr breytingaratkvæði, að láta mig fá þau sem fyrst.

Það, sem þá næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er inngangsumræða og nefndarkosning, ef svo verður ákveðið, í málinu um bænarskrá 5 hinna konungkjörnu þingmanna um eptirlaun og biðlaun konunglegra embættismanna. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, er fyrstur hefir skrifað sig undir bænarskrá þessa, er flutningsmaður hennar, og mun hann lesa hana og skýra hana, eins og honum þykir þörf, fyrir þinginu.

Eptir beiðni hins 3. konungkjörna þingmanns las hinn 4. konungkjörni bænarskrána, og hljóðaði hún þannig. (Sjá II, bls. 273).

Jón Pètursson: Eg skal ekki mæla mikið með uppástungu þessari, því þingið sèr víst að hún er sanngjörn í alla staði; og verði nefnd kosin og þingið mæli með uppástungunni, þá efast eg ekki um, að stjórnin gefi henni hinn bezta róm.

Forseti: Með því að enginn tekur framar til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skora eg því á þingmenn að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd skuli kosin.

Síðan var gengið til atkvæða, og voru 11 atkvæði móti nefnd en 10 með; en með því atkvæðagreiðsla þessi þótti óviss, var við haft nafnakall eptir ósk nokkurra þingmanna, og sögðu:

já:	nei:
Benidikt Sveinsson.	Eiríkur Kúld.
Egill Svb. Egilson.	Davíð Guðmundsson.
Helgi Hálfdánarson.	Erlendur Gottskálksson.
Jón Hjaltalín.	Grímur Thomsen.
Jón Pètursson.	Guðmundur Einarsson.
Ólafur Pálsson.	Hallgrímur Jónsson.
Pètur Pètursson.	Hjálmur Pètursson.
Þórarinn Böðvarsson.	Jón Kristjánsson.
Þórður Jónasson.	Jón Sigurðsson.
	Páll Pálsson.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Torfi Einarsson.

Halldór Kr. Friðriksson, Bergur Thorberg og Sigurður Gunnarsson greiddu ekki atkvæði.

Var þannig bænarskráin felld frá nefnd með 13 atkvæðum gegn 9.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um styrk handa forngripasafninu, og verður eptirrit tekið af því og sent hinum háttvirta konungsfulltrúa, og því næst mun frumritið verða lagt á lestrarsalinn eptir vanda, þar til málið verður tekið til umræðu.

Eg skal geta þess, að á morgun getur ekki orðið fundur, með því skrifararnir hafa haft svo mikið að gjöra og eru orðnir aðþreyttir, svo að þeir þurfa að hafa tíma til að koma þessum fundi af. Þar með segi eg

Fundi slitið.

---

17. fundur. — 28. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, er nú í dag hinn lögskipaði þingtími á enda, með því fullur mánuður er nú liðinn síðan alþingi var sett. En þar eð mörg mál eru enn óræddd, skal eg skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vill lengja þingtímann og hversu mikið.

Konungsfulltrúi: Þó að eg ekki hafi frá stjórninni fengið neinn myndugleika til þess að lengja þingtímann í þetta skipti fram yfir þann lögskipaða tíma, skal eg ekki að síður vera ófús á, að láta að ósk þingsins í þessu tilliti. En eg skal áður en eg á kveð, hvað mikið eg þori að lengja þingtímann, skora á hinn heiðraða forseta að skýra mèr frá því, hvernig stendur á störfum nefnda þeirra, er kosnar eru í hinum konunglegu frumvörpum, en sem ekki hafa hingað til inn sent álit sín um þau.

Forseti: Út af áskorun hins háttvirta konungsfulltrúa skal eg geta þess, að af hinum konunglegu frumvörpum, er þingið að þessu sinni hefir haft til meðferðis, og voru alls 12, eru 4 þegar alrædd, eitt, nefnilega hið konunglega frumvarp um póstmál, er hálfrætt, það er að segja, að ályktarumræðu í því máli er ólokið, en 7 eru með öllu óræddd enn. Hve langt þau eru komin hjá nefndunum, veit eg ekki, nema eg hefi þegar fengið nefndarálit í málinu um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, en búast má við, að talsverðan tíma þurfi til að af ljúka þessum málum að fullu, sem eptir eru, en hve langur sá tími þurfi að vera, er mèr

ekki unnt að á kveða, með því eg hefi engar skýrslur um það frá formönnum nefndanna, hve nær þær muni fá af lokið starfa sínum.

Konungsfulltrúi: Ef til vill geta hinir heiðruðu formenn nefnda þeirra, sem hèr er um að ræða, skýrt frá, hvað langt störf nefndanna eru komin áleiðis.

Bergur Thorberg: Sem formaður í nefndunum um sveitarstjórnarmálið og spítalamálið skal eg geta þess, að í þessum málum eru nefndarálitin nálega búin, og einungis eptir að hreinskrifa þau; annað þeirra er að vísu ekki samþykkt af nefndinni, en eg vonast eptir, að það geti orðið í dag.

Jón Sigurðsson: Eg skal geta þess sem formaður í nefndinni í málinu um stjórnarskrána, að nefndarálitið í því máli er komið nokkuð á veg, en það er þó svo mikið eptir af því, að líklega líður enn á nokkrum dögum, áður en það verður klárað. Nefndarálitið í málinu um eptirlaun Benidikts Sveinssonar er skemmra komið, og eg get um hvorugt þessara nefndarálita með vissu sagt, hve langt þeirra er að bíða.

Ólafur Pálsson: Sem formaður í nefndinni um konunglegt frumvarp um friðun á laxi skal eg geta þess, að nefndarálit í því máli er að öllu leyti samið, og vantar naumast annað en að hreinskrifa það.

Jón Pètursson: Eg get þess sem formaður í málinu um bæjarstjórn í Reykjavík, að þingmaður Reykvíkinga átti að semja nefndarálitið í því máli, og hefi eg ekki nýlega talað við hann um það, hve langt hann er kominn með það, en hann mun sjálfur geta skýrt frá því.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg er byrjaður á nefndarálitinu, en sökum lasleika míns alla vikuna hefi eg eigi getað lokið við það; en ef mèr batnar, skal eigi standa lengi á því.

Konungsfulltrúi: Eptir skýrslum þeim, sem hinir heiðruðu formenn nú hafa gefið mèr, geta öll þessi stjórnarfrumvörp að mínu áliti komið til meðferðar og atkvæðagreiðslu á þinginu samkvæmt þingsköpunum í hina næstu 15—20 daga, ef tímanum verður vel varið, og það verð eg fastlega að áskilja að gjört verði; og eg skal þess vegna samkvæmt ósk þingsins lengja þingtímann um 3 vikur, svoleiðis að þinginu geti orðið sagt upp í seinasta lagi laugardaginn þann 19. ágústmán. þ. á. Eg skal biðja hinn heiðraða forseta, þar sem eg nú hefi á kveðið alla þá lengingu á þingtímanum, sem eg þori frekast að leyfa upp á mitt eindæmi,

að sjá um, að nefndirnar flýti fyrir hinum konunglegu frumvörpum, og að þau verði samkvæmt alþingistilskipunarinnar 49. grein tekin til meðferðar á undan hinum málunum. Eg skal bæta því við, að meðal þeirra frumvarpa, sem ekki eru enn þá komin frá nefndunum, virðist mèr sveitastjórnarmálið vera það einasta, sem vorkunn sè að ekki er enn komið inn fyrir þingið. Nokkur hinna frumvarpanna eru að vísu mikils varðandi, t. d. frumvarpið til stjórnarskrár, um spítalagjaldið og um friðun á laxi, en þessi mál hafa verið rædd svo ýtarlega á undanfarandi þingum, að búast mætti við, að þau þyrftu minni tíma til undirbúnings en þegar er liðinn, og frumvörp þau, sem eg ekki sèrstaklega hefi nefnt, eru ekki umfangsmeiri, en að þau eptir minni meiningu hefðu átt nú þegar að vera búin.

Forseti: Þingmenn hafa þá heyrt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir lengt þingtímann til 19. dags ágústmánaðar. Vona eg, að formennirnir í nefndunum sjái um, að flýta afgreiðslu málanna sem mest, svo að þingið fái lokið störfum sínum innan þess tíma, er nú er ákveðinn.

Það, sem fyrst kemur til umræðu í dag samkvæmt dagskránni, er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um eptirlaun amtmanns Havsteins. Eg veit ekki, hvort hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, sem er framsögumaður málsins, óskar að taka nú þegar til máls.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Við undirbúningsumræðu þessa máls þóttist eg hafa svarað þeim mótmælum, er þá voru fram komin gegn áliti nefndarinnar, og finn eg því eigi ástæðu til að taka þau orð mín upp aptur. En ef einhver ný mótmæli koma fram við umræðurnar, þá mun eg svara þeim, en að öðru leyti fel eg málið alveg atkvæðum þingsins.

Pètur Pètursson: Eg stend upp til að sýna, að eg ætla að styðja þetta mál með atkvæði mínu á þann hátt, sem nefndin hefir farið fram á, því mèr finnst, að hún hafi lagt það eitt til, sem er sanngjarnt og rètt og samkvæmt hinum almennu eptirlaunalögum. Nefndin hefði getað stigið feti lengra og beiðzt þess, að amtmaður Havstein hefði mátt halda fullum launum til 31. marz að minnsta kosti, eða til enda fjárhagsársins, þar sem stjórnin svipti hann þeim strax um haustið; en fram á þetta hefir nefndin ekki farið, og það sýnir, hve hóglega hún hefir farið í málið. Við undirbúningsumræðuna var því hreift, að amtmaður Havstein hefði

fengið lausn í náð, án þess að beiðast hennar, og átti að sýna með því, að hann hefði unnið eitthvað til saka, og því ætti hann naumast skilið, að þingið sinnti bæn hans. En þeir, sem til þekkja í Danmörku, vita, að þetta er alltíðkanlegt á seinni árum, þegar stjórnin álítur, að embættismaðurinn geti ekki lengur fullkomlega aðdugað embætti sínu, annaðhvort sakir elli eða vegna heilsuleysis. Og hver getur neitað því, að Havstein hefir á seinni árum einatt verið fársjúkur maður? Er það ekki alkunnugt, að hann með miklum kostnaði hefir aptur og aptur leitað sèr lækninga, bæði hèr í landi og erlendis? Eg ætla engan veginn að afsaka viðskipti hans við einstaka menn; en þegar þess er gætt, að hann er skapmikill maður, þá er það skiljanlegt, hvernig sjúkdómurinn hefir hleypt ólgu í geðsmuni hans og æst geðshræringarnar, þegar hann mætti einhverri mótspyrnu, svo hann í einstöku tilfellum hefir misst vald yfir sjálfum sèr, og á honum hefir því sannazt danski málsháttrinn: «Sygdom er hver Mands Herre». Vilji því þingið nú vera rèttlátt, eins og eg veit það vill vera og eins og sæmir alþingi Íslendinga, á það að meta embættisfærslu amtmanns Havsteins, eins og hún var á hans heilbrigðu dögum, en ekki á þessum hans seinustu sjúkdómsárum, og þá munu allir, sem til þekkja, hljóta að játa, að hann má telja með hinum ötulustu, árvökrustu og stjórnsömustu embættismönnum hèr á landi. Að sönnu veit eg, að þeir embættismenn komast opt bezt af og verða fyrir minnstu álasi, sem lítið láta til sín taka og ekkert gjöra nema það, sem ekki verður hjá komizt, sem láta allt draslast eins og það vill verkast og koma að eins einhverju nafni á hin lögboðnu embættisverk; en mundi það sæma þjóðþingi Íslendinga, að mæla tillögur sínar á slíkan kvarða? Og það er þó þinginu kunnugt, að amtmaður Havstein vildi vera embættismaður meir en að nafninu til, að hann lifði fyrir embætti sitt, unni amtsbúum sínum og vildi efla hag þeirra í öllu, og það stundum meir en sumum virtist góðu hófi gegna. Og um hvað er nú beðið fyrir þennan ágæta embættismann? að hann fái eptirlaun eptir hinum almennu eptirlaunalögum, sem hver slóði fær, ef hann er svo framtakslaus, að láta ekkert á sèr bera og nógu kjarklaus til að láta sig bera eptir straumnum í þvögu hinna aðgjörðalausu og ónýtu embættismanna. Það hefir verið sýnt, að Havstein er skuldugur og hlaðinn ómegð; þingið þarf því naumast að óttast fyrir, að hann muni lifa í sèrlegu býlífi, þó hann fengi eptirlaun eptir

hinum almennu eptirlaunalögum; fyrir hinu mætti þingið heldur óttast, að sjá einn af sínum beztu embættismönnum, sem hefir varið sínum beztu árum og sínum beztu kröptum í þjónustu landsins, líða skort á gamalsaldri og verða að skilja eptir fjölda barna í örbyrgð.

Það hefir verið sagt, að Norðlendingar ættu að skjóta saman fè til að launa amtanni Havstein. Eg efast ekki um, að amtsbúar hans vilji sýna honum einhvern sóma, en það kemur þinginu alls ekki við, hvað hver einstakur kann að gjöra. En eigi þetta að vera ástæða til að fella bæn hans um full eptirlaun, þá bið eg þingið vel að að gæta, hverjar afleiðingar slíkt hefði, ef það yrði að almennri reglu, að setja upp á bændur í hverju amti, í hverri sýslu og í hverju prestakalli, að launa hlutaðeigandi embættismönnum sèr á parti, þegar þeir sleppa embættum sínum. Eg held, að bændur þykist hafa nógar aðrar byrðir að bera. Um breytingaratkvæðið undir nr. 2., að vísa málinu forsetaveginn, ætla eg ekki að tala. Það má virða það við uppástungumanninn, að hann hefir ekki haft áræði til að ráða þinginu til, að rota málið, heldur hefir ætlað að útvega því blíðan og hægan dauðdaga með því, að lauma því aptur fyrir forsetastólinn og svæfa það þar. En þó álít eg það samboðnara virðingu þingsins, að fara með þetta mál eptir rèttum þingsköpum og fylgja nefndarálitinu. Að endingu leyfi eg mèr að skora á hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga, þar eð hann er kringumstæðunum kunnugur og sá einasti hèr í salnum, sem eg veit til, að hafi átt nokkuð útistandandi við amtmann Havstein, að segja álit sitt um málið, því eg er viss um, að hann muni gjöra það bæði hlutdrægnislaust og með þeirri skynsemi, sem honum er gefin í svo ríkulegum mæli.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta varaforseta að því er snertir 2. tölul. á atkvæðaskránni, því að það, sem þar er farið fram á, er að minni hyggju hið rèttasta, sem þingið nú getur gjört í þessu máli. Það lítur annars svo út, sem einhver ósýnilegur andi hafi svifið yfir máli þessu hèr á þinginu frá því fyrsta það kom til umræðu, og sjálfsagt hefir það verið andi ráðs og skilnings; um það gat enginn efazt, þegar nefndin var sett og svo vel í hana valið, að í hana voru valdir bæði hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður, sem svo vel þekkir sem vita má alþingistilskipunina, og hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga, sem einn allra vor þingmanna hefir átt setu á öllum þingum, síð-

an alþingi byrjaði 1845, og sem því betur en aðrir hlýtur að vita öll þingsköp vor út í æsar; en hvernig hefir nú farið fyrir nefndinni? Á uppástungu hennar ætla eg sè sá formgalli, sem gjörir þinginu ómögulegt að fallast á hana; og skal eg síðar áður eg sezt niður skýra það betur. En þrátt fyrir það þó hinn heiðraði þingmaður Rangæinga um daginn og hinn háttvirti varaforseti nú í þeirra hjartnæmu ræðum hafi talað svo átakanlega fyrir nauðsyninni, að þingið gæfi uppástungum nefndarinnar meðmæli, hefi eg ei sannfærzt um þá nauðsyn. Hinn háttvirti varaforseti sagði, að nefndarinnar uppástunga færi því ekki fram, að amtmanni Havstein væri veitt nein náðargjöf, heldur að eins, að hann fengi að njóta réttar síns. En þetta skil eg ekki, því þau eptirlaunalög, er þessi háttvirti þingmaður vill reikna eptirlaun hans eptir, gilda í Danmörk, en alls ekki á Íslandi, og leiðir þá af því, að nefndin fer ekki fram á það, að Havstein amtmaður fái sinn fulla rètt, heldur nokkuð meira, sem honum verður að veitast og það af náð. Eg sagði við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg hèldi að þingið að þessu sinni gjörði rèttast í því að fara sem varlegast í þetta mál; og eg tek það enn fram, að sá tími, er nú stendur yfir, er mjög svo óhentugur fyrir að koma fram með aðrar eins uppástungur og þessa, sakir þess vèr getum eigi bent á, hvar eða hvernig fè eigi að fá til að fullnægja ósk beiðandans. Þess vegna sýnist mèr allra-ráðlegast fyrir þingið í þessu máli, að aðhyllast uppástungu þingmanns Reykvíkinga undir tölul. 2. á atkvæðaskránni; það held eg sè hinn langgreiðasti vegur fyrir málið, ef þingið annars vill nokkuð beina því á leið. En fari þingið nú að biðja konung um eptirlaunaviðbót handa þessum embættismanni, það er að segja um undanþágu frá hinum gildandi lögum fyrir hann í þessu efni, þá finnst mèr þingið þar með bindi hendur sínar seinna meir. Eptir því, sem þingið í fyrra dag gaf atkvæði í málinu um eptirlaun og biðlaun konunglegra embættismanna, get eg ómögulega skilið, hvernig þingið nú getur staðið sig við, að gefa uppástungu nefndarinnar í máli þessu meðmæli sín, án þess að vera sjálfu sèr ósamkvæmt. Það er ekki rètt, þar sem sumir þingmanna hafa borið á móti því, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að það væri nokkurs konar rannsak yfir ráðgjafanum í Danmörk, ef þingið tæki málið til meðferðar; því málið er þinginu alveg ókunnugt og getur ekki annað en verið það; enginn veit af hvaða ástæðum að Havstein amtmaðar fèkk lausn

frá embætti sínu svona óbeðið og honum óvænt; hinn háttvirti konungsfulltrúi, sem hlýtur að vera manna kunnugast um málið, vissi það eitt um það, eptir því sem hann sagði, að honum hefði verið veitt lausn, í náð, en hvers vegna það væri orðið, að hann fèkk þessa lausn, sagðist hann eigi vita. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, að lausn Havsteins við embættið muni hafa verið að kenna einhverjum kærum frá einstökum mönnum; sè það rètt, þá hljóta þær að hafa haft inni að halda eitthvað það, er stjórnin hefir álitið gilda ástæðu til þess, að losa hann við embættið, en þessar kærur liggja hèr eigi fyrir, og þingið þekkir þær ekki. Stjórnin þekkir þær, en þingið ekki, og hún veit bezt, hvort það var þeirra vegna eða annars, að amtmanni Havstein var óbeðið vikið frá embætti. Auk þessa sýnast þeir 1250 rd., sem Havstein nú nýtur sem eptirlauna, að vera að minnsta kosti ekkert minnkunarboð; og þótt hann sè ómagamaður, þá hefir þó margur meiri fjölskyldu fram að færa. Ætli margir prestar fengi þessi eptirlaun? Vilji þingið annars gefa málinu gaum, þá er það eingöngu með því, að aðhyllast tölulið 2, því töluliður 1. hefir þann stóra formgalla, að það er á móti rèttum þingsköpum, að gefa honum atkvæði. Alþingistilskipunin heimilar hvergi, að senda «þegnsamlegustu bænarskrá til stjórnarinnar», eins og hin heiðraða nefnd hefir orðað uppástungu sína undir tölulið 1, heldur til hans hátignar konungsins sjálfs. Nú kynni einhver að segja, að þessum formgalla mætti breyta, en eg veit ekki, hvort það er löglegt hèðan af; eg vil að minnsta kosti skjóta því til úrskurðar hins háttvirta forseta, hvort svo er, því að slíkt væri engin orðabreyting, ef breytt væri nú orðinu «stjórninni» í «konunginum», heldur auðsjáanleg stórkostleg efnisbreyting, en eins og uppástungan er nú orðuð, mótmæli eg, að hún sè borin upp til atkvæða, en ræð þinginu fyllilega til, að aðhyllast 2. tölulið.

Forseti: Þar sem í niðurlagsatriði nefndarinnar stendur «stjórninni», þá er það vissulega, eins og þingmaðurinn sagði, strangt tekið ekki formlega rètt, en meining nefndarinnar virðist vera augljós, og hún hefir eflaust verið, að senda konungi bænarskrá. Til þess samt sem áður að taka af allan vafa um þetta, og stytta umræðurnar, þá vil eg hafa þetta atriði nú þegar útkljáð, og skal eg þess vegna skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir vilja samþykkja, að uppástunga nefndarinnar verði borin upp til atkvæða með þessari breytingu, að þar standi «konungi» í stað «stjórninni» og «allra-

þegnsamlegustu» í staðinn fyrir «þegnsamlegustu». Ef að þingmenn samþykkja þetta, þá er öll umræða um þennan formgalla óþörf, en uppástunga nefndarinnar liggur þá þannig löguð fyrir til umræðu og atkvæðagreiðslu. En neiti þingmenn að leyfa þessa breyting, svo að uppástungan verði að falla burt sökum þessa formgalla, þá fellur einnig þessi grein úr umræðunni, og uppástunga þingmanns Reykvíkinga kemur þá ein til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Síðan var gengið til atkvæða um það, hvort leyfð skyldi atkvæðagreiðsla um 1. tölul. með fyrnefndri breytingu, og var það samþykkt með 18 atkv.

Forseti: Eptir þessa atkvæðagreiðslu eru bæði uppástungu-atriðin, 1. og 2., til umræðu.

Framsögumaður: Eg ætla að svara þingmanni Barðstrendinga, af því mèr heyrðist hann vera á sama máli og þingmaður Reykvíkinga um það, að stinga bænarskránni á bak við forsetastólinn, en eg held það hafi alls ekki verið meining beiðandanna. Eg vil biðja þá heiðruðu herra, að gæta að því, að bænarskrá þessi er komin frá fleiri hundruðum manna, er óska þess, að alþingi sendi konunginum áskorun í þessu efni. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að eptirlaunalögin dönsku nái ekki til Íslands. Vèr höfum sèð það svart á hvítu og þurfum ekki að fræðast um það, en almenningur skal líka fá að sjá nöfn þeirra svart á hvítu, sem gáfu atkvæði sitt á móti því, að ráðin væri bót á þessum ójöfnuði. Það er verið að bera það fyrir, að fè vanti, en hverjum er það að kenna? Meiri hluta alþingis, sem tvisvar sinnum hefir neitað fullgóðum boðum stjórnarinnar, að því er fjárráð vor snertir. Eg læt það nú allt vera, þó hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sè ekki svo tilfinningarsamur, en hitt undrar mig meira, að þingmaður Barðstrendinga skuli líkjast honum í þessu, því eg hugsaði þó, að hann, sem prestur hefði hugföst þessi orð: «verið miskunnsamir». Það hefir verið sagt, að 1200 dalir væri nóg handa amtmanni Havstein, til að lifa af. Mèr eru raunar ekki kunnar ástæður hans, en hann mun þó hafa fullt í fangi með, að veita sinni familíu forsorgun og börnum sínum sæmilegt uppeldi, ef hann sýnir af sèr sömu rausn, sem honum áður hefir verið svo eiginleg, og sem Norðlendingar munu játa. Eg held það sè ekki vert, að tala meir að sinni. Eg vona, að þeir þingmanna, sem bezt þekkja Havstein og drenglyndi hans, muni af alefli mæla með uppástungu nefndarinnar.

Jón Sigurðsson: Eg hefi eigi fyr talað í máli þessu, enda ætla eg nú ekki að verða langorður í þetta sinn. Eg skal þá geta þess, að eg mun verða málinu hlynntur með atkvæði mínu, jafnvel þótt sumum kunni að virðast það koma úr hörðustu átt. Eg ætla að skoða mál þetta frá svo almennu sjónarmiði sem mèr er unnt, eins og eg yfir höfuð vil leitast við að skoða hvert mál. Það er þá mín skoðun, að þó að launaviðbótarlögin frá 1863 gildi hèr á Íslandi, og þó að eptir hinni 4. grein þeirra laga embættismenn hèr á landi geti ekki átt lagaheimting á eptirlaunum af launaviðbót þeirri, sem þar í er ákveðin, þá hefi eg skilið það svo, að það hefði þó verið meining löggjafans, að þeir skyldu fá eptirlaun af téðri launaviðbót, þegar ekkert sèrstaklegt væri því til fyrirstöðu. Hið eina dæmi þessu til sönnunar, sem til hefir fallið hèr á Íslandi eptir að lög þessi komu út, nefnilega um eptirlaun Helga biskups Thordersens, sýnir, að skoðun stjórnarinnar hefir verið þessi, þar sem sá maður fèkk full eptirlaun eptir þessum lögum; og eg sè ekki betur, en embættismenn sèu í sínum góða rètti, meðan þeir hafa sína ákveðnu launaviðbót, að fá eptirlaun sín líka reiknuð af þeim. Það er því mitt álit, að þingið eigi að beina tillögum sínum í þá átt, að þeir embættismenn, er það álítur þess maklega, fái eptirlaun á þennan hátt reiknuð. Af þessari ástæðu var eg móti því í fyrra-dag, að nefnd væri kosin til að íhuga bænarskrá 5 hinna konungkjörnu embættismanna um, að fá ákvörðun 4. greinar í tilskipun 19. janúar 1863 upphafða, því eg álít það sjálfsagða skyldu þingsins, að mæla jafnan með því, að þeir embættismenn, sem gjöra sig þess verðuga, fái sómasamleg eptirlaun, og þessa vona eg að þingið muni jafnan gæta. Því finnst mèr, að hinn 3. konungkjörni þingmaður þurfi ekki að setja upp þykkjusvip eða hafa við fáryrði út af því, þótt þingið eigi álíti þörf á, að taka bænarskrá þessa til greina, því eg er sannfærður um, að ef hann sjálfur beiddist eptirlauna á þennan hátt, þá mundi þingið verða mjög fúst á að gefa atkvæði sitt fyrir því. En hvað amtmanni Havstein viðvíkur, þá hafa sumir hèr í salnum látið á sèr skilja, að hann muni hafa verðskuldað það, að hann var skilinn við embættið án þess, að hann beiddi um það, og þess vegna gæti hann eigi átt fulla heimting á eptirlaunum, en sumir hafa borið á móti því. Eg ætla ekki að fara að rannsaka þær ástæður, er stjórnin mun hafa haft til þess, að veita honum lausn; en það ætla eg mèr óhætt að segja, að stjórnin hafi gjört rètt í, að losa

hann við embætti hans; og hvers vegna? Af því hann hafði með öllu slitið sèr út í embættinu, og var þess vegna ekki fær um, að gegna því lengur, því það verður aldrei af amtmanni Havstein tekið, og það verður hver maður að játa, sem þekkti embættisfærslu hans, að hann ávallt sýndi hina mestu röggsemi og dugnað í embættisfærslu sinni, meðan hann var heill heilsu, og lifði fyrir embætti sitt með lífi og sál. Og hvers vegna skyldi þá slíkur maður eigi verðskulda sómasamleg eptirlaun? Þar á er enginn efi. Þótt eg og fleiri þingmenn greiði atkvæði með uppástungu nefndarinnar í þessu máli, þá er það engin ósamkvæmni, eins og sumir þingmenn vilja láta það heita, að hinir sömu þingmenn hafa má ske greitt í fyrra-dag atkvæði móti bænarskránni frá konungkjörnu þingmönnunum, því, eins og eg hefi tekið fram áður, var bænarskráin óþörf, og eg er viss um, að þessir heiðursmenn muni fá sín full eptirlaun, þegar þar að kemur. Eg mæli því fram með uppástungu nefndarinnar undir 1. tölul., en eg leyfi mèr að stinga upp á, að hún verði borin upp í tvennu lagi, þannig, að síðari hlutinn: «og að afnotin af jörðinni Möðruvöllum» o. s. frv., sè borinn sèr í lagi undir atkvæði, því það er enn þá ekki nægilega upplýst, hvort rèttara sè að reikna Möðruvelli til 300 rd. eða 200 rd. eptirgjalds; annars skiptir þetta litlu, en það er þó betra fyrir þingið, að vita með vissu, hvað rèttara er í þessu efni, áður en það á að kveða upp álit sitt um málið. Hinn háttvirti framsögumaður gæti annars, ef til vill, gefið þinginu nægilega skýringu í þessu tilliti. Eg minnist á þetta með fram þess vegna, að eg veit ekki til, að nokkur embættismaður hafi fengið 300 rd. styrk í húsaleigu eður jarðnæðisskyni.

Stefán Jónsson: Eg veit ekki betur en Möðruvellir hafi verið reiknaðir til 300 rd. eptirgjalds, að því er snertir lífsábyrgðargjald og ekkjusjóðsgjald Havsteins, og eg er viss um, að hann hefði eigi gjört þetta, ef hann hefði eigi álitið það rètt gjört; því sýnist mèr rèttast, að halda þessu atriði í uppástungu nefndarinnar; vilji konungur og stjórnin eigi aðhyllast það, þá er það á hennar valdi. Mèr virðist þingmaður Barðstrendinga álíta nauðsynlegt, að rannsaka embættisfærslu Havsteins amtmanns; þar verð eg að vera þvert á móti, og álít það með öllu ónauðsynlegt, því málið er nú þegar rætt til lykta hèr á þinginu. Það þarf ekki heldur að tala um þennan formgalla hjá nefndinni í uppástungu hennar, sem

sumir þingmenn gjörðu svo mikið úr, því nú er hann leiðréttur með atkvæðum.

Hallgrímur Jónsson: Af því eg tók til máls við undirbúningsumræðu þessa máls, og lèt þá í ljósi, að eg mundi halla mèr að breytingaratkvæði þingmanns Reykjavíkur, sem hann þá ráðgjörði að taka sèr, þá verð eg nú að tala fáein orð í þá sömu stefnu, þótt eg reyndar búist við, að það komi ekki fyrir mikið, svo að fleiri vilji verða mèr samferða; ekki svo að skilja, að eg vilji svæfa málið, því eg hefi enga ímyndun um, að máli þessu verði svefnsamara fyrir aptan forsetastólinn og þá hjá stiptamtmanni, heldur en það færi þegnsamlega leið til stjórnarinnar. Mèr finnst annars þinginu fremur vera mislagðar hendur; í fyrra-dag var hèr dálítill formgalli á því, hvernig breytingar- eða viðaukaatkvæði komst inn á atkvæðaskrána í búnaðarskólamálinu, og var það óðar fellt fyrir bragðið; en við niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli virðist mèr vera langtum verulegri formgalli, og hafa þó engir viðvaningar gengið frá því, þar sem eru báðir elztu þingmennirnir í nefndinni, en nú er ekki um það að tala, heldur skal stíga yfir það sem annað óvitaverk. Eg vildi gefa atkvæði mitt með 2. uppástungunni á atkvæðaskránni, eins og eg hefi áður sagt, ef til þess kæmi, að hún yrði upp borin til atkvæða, af því eg álít hana allt eins góða fyrir amtmanninn, því eg vil, eins og þar er farið fram á, að eptirlaun hans verði svo ríflég sem auðið er, samkvæmt lögum og landsrètti, og eg efast eigi um, að viðkomandi stjórnarráð kunni að reikna eptirlaunin, ef það annars lætur að beiðni og meðmælum þingsins, þótt eigi hafi það vissa töluupphæð tiltekna fyrir sèr. Af þessu, sem eg hefi nú sagt, þykir mèr í öllu falli eins ráðlegt, að halda við tölulið 2, en þar á móti get eg ekki gefið atkvæði mitt með 1. tölulið.

Páll Pálsson: Þingmaður Borgfirðinga stóð upp af því hann hafði talað áður í þessu máli, en eg tek til máls af því eg hefi ekki fyr talað í því. Eg er að vísu ókunnugur embættisfærslu Havsteins, en eg álít að þinginu sè skylt að taka mál þetta frá almennu sjónarmiði, en ekki taka tillit til persónulegra ástæðna. Þingið hefir ætíð heimtað jafnrètti við ríkisþingið; Íslendingar jafnrètti við Dani; hvers vegna skyldu íslenzkir embættismenn þá ekki einnig eiga að hafa jafnrètti við danska embættismenn, úr því menn vilja, að íslenzkir bændur hafi jafnrètti við danska bændur? Og fyrst nú Havstein hafði að launum sínum jafnrètti við hvern tilsvarandi danskan

mann, hví skyldi hann þá ekki einnig hafa jafnrètti að því er snertir eptirlaun hans? Eg veit líka ekki betur en stjórnin gjöri í raun rèttri samning við hvern embættismann, er tekur við konunglegu embætti, að hann skuli þjóna meðan hann getur. Nú hefir Havstein lokið samningnum á sína síðu, því hann þjónaði svo lengi sem stjórnin áleit að hann gæti; en hvort hann hefir fengið lausn í náð, það efast eg næsta mjög um. (*Helgi Hálfdánarsson*: Það hefir verið sagt, að hann hafi fengið lausn í náð). Eg efast þó næsta mjög um, að svo hafi verið; því hvað er náð? er það náð að vera flæmdur húsvilltur út á gaddinn um veturnætur án nokkurs minnsta fyrirvara? Mèr sýnist því fara fjarri, að slikt megi náð kallast. En setjum nú svo, að hann hafi verið leystur frá embættinu með náð eða að minnsta kosti einhverri náðarslettu; og þá er vitaskuld, að hann á fullan rètt á, að hann fái full eptirlaun, en þau hefir hann ekki fengið. Þingmaður Borgfirðinga talaði um ósamkvæmni af þinginu í því að vísa frá bænarskrá nýlega líks efnis og þessi er, ef menn nú aðhylltust uppástungu nefndarinnar; en eg verð að segja, að hèr sè engin ósamkvæmni, því þingið fellst einungis á þetta mál, eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, til þess að framfylgja jafnrèti Íslendinga við Dani.

Jón Pètursson: Eg vil hlynna að uppástungu nefndarinnar allt, sem í mínu valdi stendur. Eg hugsaði í upphafi, að þingmaður Reykvíkinga hefði borið upp sitt breytingaratkvæði til þess að spilla fyrir málinu; en eptir að eg hefi athugað þetta betur og eptir því sem atkvæðið nú liggur fyrir, þá veit eg ekki, hvort það getur spillt fyrir málinu, því þingmaðurinn vill, að mèr skilst, útvega Havstein amtmanni enn ríflegri eptirlaun en nefndin stingur upp á, því töluliðurinn hljóðar svo: «Að málinu verði vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs með meðmælum þingsins, að eptirlaun Havsteins amtmanns verði svo rífleg, sem fremst má verða. Vèr höfum dæmi til þess hèr, að eptirlaun embættismanns hafa verið ákveðin eins mikil eins og samsvaraði meðaltali launanna 5 síðustu embættisárin. Svo há eptirlaun hefir einn embættismaður hèr í Reykjavík fengið. Eptir þessu og atkvæði þingmanns Reykvíkinga ætti þá stjórnin að veita Havstein amtmanni eptirlaun útreiknuð eptir tekjuupphæð þeirri, er hann að meðaltali naut 5 seinustu árin, og það mun verða hèr um bil 2840 rd., þegar leigulaus ábúð á Möðruvöllum er reiknuð á 200 rd. Mèr sýnist breytingaratkvæðið gangi allt of vítt, og vil því

heldur hallast að uppástungu nefndarinnar, því mèr finnst það eðlilegt, sem þar er farið fram á, nefnilega, að sama sè látið ganga út yfir amtmann Havstein, að því er snertir eptirlaun hans, sem embættismenn yfir höfuð, bæði hèr á landi og eins í Danmörk. Reyndar hefir stjórnin sýnt með lagaboðinu frá 1863 4. gr., að þetta er ekki hennar meining með þá þar nefndu embættismenn; en bæði gjöra þeir undantekningu frá reglunni, og líka efast eg ekki um, að stjórnin verði fús á að reikna út eptirlaun amtmanns Havsteins eptir hinum almennu reglum um eptirlaun, þegar þingið biður hana þess, og það getur ekki heldur verið nein ósamkvæmni af þinginu, þótt það nú mæli með þessu Havstein amtmanni til handa, en felldi nýlega bænarskrá hinna 5 konungkjörnu embættismanna, því það eru nú liðin svo mörg ár, síðan Havstein var konungkjörinn þingmaður. Eg verð því að aðhyllast tölul. 1. á atkvæðaskránni, en hafna hinum 2., af því mèr þykir þar farið fram á allt of mikið.

Framsögumaður: Hvað það snertir, er þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, þá vil eg ekki eyða tímanum með því að sýna honum, hvernig oss konunglegu embættismönnunum, þrátt fyrir hans orð, er fleygt undir náð alþingis og stjórnarinnar. Annars þarf eg engu að svara, með því það eru að eins sömu mótmæli móti uppástungu nefndarinnar, sem tekin hafa verið fram, nú eins og áður.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er hvorki af því, að eg sjái ekki, hvernig mál þetta ætlar að fara, nè af því mèr detti í hug, að eg muni fá sannfært nokkurn þingmann með orðum mínum, að eg nú tek til máls. Þrátt fyrir alla mælsku hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns og það áræði, er hann víst vildi láta í ljósi með orðum sínum, verð eg þó, því miður, að játa, að eg alls ekkert sannfærðist af ræðu hans. Eg verð að leyfa mèr að spyrja einkum framsögumann og hinn háttvirta varaforseta einnar spurningar, og skora eg á þá, að svara henni, annaðhvort með »já» eða »nei». Hefir stjórnin veitt amtmanni Havstein lausn frá embætti sínu með fullum ástæðum eða ástæðulaust, með rèttu eða ranglega? (*Framsögumaður*: Eg held að ástæður þær hafi eigi verið fullnógar. *Pètur Pètursson*: Eg held, stjórnin hafi haft fulla ástæðu til þess; en hvað kemur þetta málinu við?) — Já! — og þeirra vitnisburðir urðu þá ekki samhljóða!! Annar segir, að Havstein hafi verið veitt lausn ástæðulítið, en hinn með ástæðum. Hafi

Havstein verið vikið úr embætti ástæðulítið eða ástæðulaust, eins og framsögumaður sagði, hver samkvæmni er þá í því, að þingið sendi konungi bænarskrá og beiðist þess, að honum séu veitt eptirlaun ríflegri en þau, sem honum bera eptir gildandi lögum, það er lögunum 19. janúarm. 1863, því það er ekki rètt, sem þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að honum beri eptirlaun, eins og samsvarandi embættismanni í Danmörk, því að í lögunum 19. jan. 1863, 4. gr., er með berum orðum tekið fram, að hinir íslenzku embættismenn eigi ekki nein eptirlaun að fá af þessari viðbót. Eg get enn ekki fallið frá því, sem eg sagði um daginn, að með þessu móti bæri þingið beinlínis fram fyrir konunginn kærur yfir aðgjörðum dómsmálaráðgjafans í Kaupmannahöfn, þegar sagt er, að honum hafi verið veitt lausn ástæðulítið eða ástæðulaust. En hafi nú Havstein amtmanni verið veitt lausn frá embætti sínu með fullgildum ástæðum, hvers vegna skyldi þá þingið beiðast undantekninga frá almennum lögum um þennan eina mann frekar en aðra? Dæmi það, sem menn allt af hafa verið að skýrskota til, þess, að biskupi Helga sáluga Thordersen voru veitt eptirlaun af öllum launum hans, þá sannar það ekki neitt í þessu efni, því að honum voru veitt eptirlaun þau, er hann fèkk, með sèrstöku lagaboði, og þetta er hið eina dæmi, sem menn hafa síðan 1863. Það hefir að vísu einn embættismaður fengið eins mikil eptirlaun, og laun hans voru; en þess ber að gæta, að hann hafði þjónað í embætti í 40 ár, og hafði allt af lítil laun, eða að eins 1000 rd. þegar þau voru sem hæst, og eg get þá varla ímyndað mèr, að hinn 4. konungkjörni þingmaður mundi hafa fundið ástæðu til að draga úr þeim eptirlaunum, þar sem slíkur öðlingur átti hlut að máli. En hèr er allt öðru máli að gegna, þar sem vèr alls ekkert vitum, af hverjum ástæðum Havstein var veitt lausn frá embætti sínu, og þá getur þingið með engu móti varið það, að það setur sig til dómara yfir stjórninni, meðan svo stendur. Það kemur alls ekki af því, að eg sè þorlaus, eins og varaforseti sagði, að eg eigi álít rètt, að tína upp allar ástæður, er eg ímynda mèr að liggi til þess, að Havstein losnaði við embætti sitt, því slíkt á alls ekki við. Það kann vel að vera, að hinum 5. konungkjörna þingmanni þyki þorleysi og þrekleysi næsta virðingarvert hjá hverjum þingmanni sem er, og hann hafi ritað prestunum eins konar «Hyrdebrev», og minnt þá þar á, að temja sèr þorleysi; en það kom alls eigi til af neinu slíku fyrir mèr, að eg bar upp breytingar-

atkvæði mitt, heldur áleit eg, að þessu máli mundi bezt verða framgengt með því móti og því beint réttastan veg, ef þeirri stefnu væri fylgt. Annars finnst mèr slík orð, sem þingmaðurinn við hafði í ræðu sinni, varla eiga við, og naumlega vera til annars, en gjöra illt eitt. Eg er alls eigi sá þrákálfur, sem þingmaður Rangæinga áleit mig vera, þótt eg haldi minni skoðun, meðan eg ekki heyri neitt, sem getur haggað henni; það kann vel að vera, að hann vilji heldur að maður sè eins og vindhani, sem leikur svo liðugt á ásnum, að hve nær sem einhver vindgola andar á hann, þá snýst hann. En hèr hafa engar ástæður fram komið fyrir því, að uppástunga nefndarinnar sè réttari en breytingaratkvæði mitt eða jafnvel eins rètt. Eg kalla það annars hart, að forseta skuli vera gjörðar gersakir um það, að hann stingi málunum undir stól, eða þá að það sè með öllu þýðingarlaust, að vísa nokkru máli forsetavegina. Vèr gjörum það, að minni ætlan, ávallt af þeirri ástæðu, að vèr ætlum, að málin geti lagazt fyrir aðgjörðir yfirvaldanna, og málið sè þess eðlis, að það eigi að ganga þá leið, en það eigi ekki við, að rita konungi bænarskrá um málið. Eg þykist með breytingaratkvæði mínu að eins hafa gjört mína skyldu, að benda þinginu á það, sem mèr finnst vera varúðarvert við uppástungu nefndarinnar, og meira get eg ekki að gjört.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að leiða athygli þingmanna að því, að sá er munurinn á milli þessara tveggja uppástungna, er fyrir liggja á atkvæðaskránni, að uppástunga nefndarinnar mælir með málinu og til tekur ástæður þær, sem meðmælingin er byggð á, á meðan hinn heiðraði þingmaður Reykjavíkur stingur upp á, að þingið mæli með málinu, án þess að til taka ástæður sínar. En þar sem mèr þykja ástæður nefndarálitsins á góðum rökum byggðar, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, virðist mèr æskilegt frá þingsins hálfu, að þær verði látnar fylgja málinu; af þessu mun það einnig verða öllum ljóst, að þingið ekki ætlast til að dæma um kringumstæður þær, sem hafa leitt til lausnar embættismanns þess, er hèr ræðir um, og eg er hinum heiðraða alþingismanni Reykjavíkur alveg samdóma um það, að alþingið eigi ekki að setja sig í dómarasætið um þess konar spursmál, því til þess vantar það alla lagaheimild.

Stefán Eiríksson: Eg ætla að eins að tala fá orð, af því eg áður tók til máls við undirbúningsumræðuna í þessu máli. Þessi

atkvæðaskrá er að vísu ekki löng, en hún ætlar þó, að mèr finnst, að verða drjúg til umræðu. Það hefir komið fram í umræðunum ágreiningur um það, hvort Havstein amtmanni hafi verið vikið frá í náð, og þó svo hafi verið að orði kveðið, þá getur það varla kallazt svo, úr því hann fèkk þessa náðarlausn sèr óvænt og óafvitandi, og þegar út frá þessu er gengið, þá má búast við því, að stjórnin hafi verið bezt kunnug öllum málavöxtum, og hún ein en ekki þingið geti dæmt um embættisfærslu þessa manns, sem hèr ræðir um, og að hve miklu leyti hann er verðugur fyrir eptirlaun. Mèr finnst þingið því fara hinn beinasta og rèttasta veg í máli þessu, ef það lætur mál þetta ganga til hlutaðeigandi stjórnarráðs, og þess vegna vil eg aðhyllast breytingaratkvæðið undir 2. tölul., af því þar með er líka bent á, að eptirlaun þau, er Havstein nú nýtur, sèu of lítil handa honum, ef hann á að geta nokkurn veginn lifað sómasamlega.

Framsögumaður: Það kann vel að vera, að stjórnin viti vel um allar ástæður, eins og þingmaður Austur-Skaptfellinga benti á, en eg vil minna þingmanninn á, að bænarskrárnar, sem komið hafa úr svo mörgum hèruðum, bera með sèr, að landsbúar sèu fullkunnugir ástæðum fyrir þann, er hèr á hlut að máli (*Stefán Eiríksson:* Bænarskrárnar 1869 og nú 1871 eru sjálfum sèr sundurþykkar, og því verður ekkert byggt á þeim), og vil eg hugga þingmanninn með því, að stjórnin verður víst ekkert reið, þótt vèr sendum henni bænarskrá í þá átt, sem nefndin hefir stungið upp á.

Grímur Thomsen: Eg vildi að eins styðja að því, að 1. tölul. verði borinn upp til atkvæða í tvennu lagi (*Forseti*: Það skal verða gjört).

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn munu hafa fyrir sèr prentaða.

Síðan var gengið til atkvæða og fèllu þau svo: (Sjá II. bls. 274).

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu bænarskrá frá Rangárvallasýslu um gjald spítalahlutanna. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga er flutningsmaður þeirrar bænarskráar, og veit eg ekki, hvort hann óskar að lesa hana upp.

Grímur Thomsen: Ef enginn óskar að bænarskráin sè upplesin, þá sýnist mèr eigi ástæða til þess. En eg vil leyfa mèr að stinga upp á því, að henni verði vísað til nefndarinnar í spítalamál-

inu, ef hinn háttvirti formaður þeirrar nefndar ekkert hefir á móti því.

Bergur Thorberg: Nefndarálitið í því máli er þegar samið, og getur nefndin því ekkert tillit tekið til bænarskrár þessarar héðan af.

Forseti: Nefndin hefir ekki afhent mèr enn þá álitskjal sitt; en í öllu falli getur bænarskráin fylgt hinum öðrum skjölum í því máli. Eg álít það þá án atkvæða samþykkt, að bænarskráin verði afhent nefndinni í málinu um spítalahlutina.

Því mótmælti enginn, og var svo úttalað um það mál.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá málið um uppsigling á Stapahöfn til undirbúningsumræðu. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga, sem er framsögumaður þessa máls, gjörir svo vel að lesa nefndarálitið, og skýra frá því og frá málinu eptir því sem þörf þykir.

Framsögumaður (Egill Egilson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II. bls. 276).

Eg skal einungis geta þess, að mèr hugkvæmdist það, eptir að nefndarálitið var samið og samþykkt, að niðurlagsatriði þess væri eigi nógu greinilegt, og því áskil eg mèr viðaukaatkvæði, til að ráða bót á því, í þá átt, að Stapahöfn fái aptur hin fornu rèttindi sín til þess að hana megi upp sigla. Annað hefi eg eigi ástæðu að taka fram að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að varlega sè ráðlegt að fjölga smá-verzlunarstöðum hèr á landi fremur en orðið er, þar eð sú sundrung á verzluninni vafalaust dreifir verzlunaraflinu þaðan, hvar það helzt ætti að vera sameinað, og þess vegna verð eg álíta niðurlagsatriði nefndarinnar sem neyðarúrræði, til að bæta úr fátækt þess einstaka hrepps, sem hlut á í málinu. En mèr þykir það, eins og málið liggur fyrir, ekki nægilega sannað, að þessi úrræði sèu nauðsynleg eða geti bætt úr þessum vandræðum, og eg get þess vegna, sem stendur, ekki mælt með uppástungunni.

Jón Hjaltalín: Af því eg hefi verið 2 ár þar vestra, þá er mèr talsvert kunnugt, hvernig þar hagar til, og hygg eg að lítið mundi batna hagur Breiðvíkinga fyrir það, þótt þeir fengju uppsigling á Stapahöfn. Svo mun hagað vesöld þeirra nú á tímum, að áður var þar hinn mesti fiskiafli, en í seinni tíð hefir hann nálega lagzt af, og kenna sumir um það frönsku fiskidugguum,

sem svo mjög hafa fjölgað hèr við land á hinum seinni árum, en sumir ætla að það komi ekki af öðru en af því, að aflinn leggst frá ýmsum stöðum tímabilum saman, en kemur svo aptur, þegar sú tíð er úthlaupin. Eg fyrir mitt leyti er nú hræddur um, að duggurnar eigi mestan hlut í þessu; og mun því bágt verða fyrir þingið að ráða bót á slíku. Í hitt eð fyrra mun afli sá, er lagður var inn á Búðum, hafa verið að eins 15 skippund, þar sem hann var í fyrri daga um 400 skippund, og enn meiri í Ólafsvík. Með því að Breiðvíkingar fengju uppsigling á Stapahöfn, kynni kannske að mega auka höndlunarkeppnina, en eg held þeir græddu lítið við það, þar sem um annð eins lítilræði af vörum er að ræða eins og hèr á sèr stað. En væri á annan hátt unnt að bæta úr vandræðum þessara vesalinga, þá væri það æskilegt; en eg skora á þingmann Snæfellinga að koma með betri úrræði fyrir þá næst, þegar hann kemur á þing, því þetta er verra en ekki neitt.

Framsögumaður: Mèr þykir það hart, ef 600 rd. ættu að álítast til einskis hagnaðar fyrir þanu hrepp, er hèr á hlut að máli; en eg treysti mèr til að sanna, að það fyrirkomulag, sem nú er á verzluninni þar vestra, hefir í för með sèr svona mikið tjón fyrir Breiðvíkinga. Auk þess er eg viss um, að margir mundu verða til, að sigla upp á Stapahöfn til að sækja vöru Breiðvíkinga, þótt lítil sè, af því þeir yfir höfuð að tala eru að því kunnir, að hafa vöruvöndun betri en margir aðrir. Um fjártillag eða kostnað er hèr ekki að ræða, svo það ætti þó ekki að fæla menn frá að gefa uppástungu nefndarinnar meðmæli sín.

Eiríkur Kúld: Sem nefndarmaður skal eg geta þess, að mèr þykir það hryggilegt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi ekki skuli hafa sèð sèr fært að mæla með uppástungu nefndarinnar í máli þessu. Eg játa það satt að vera, að það er neyðarúrræði að útvega þennan verzlunarstað, og það er ekki heldur neinum minna en mèr um það gefið, að fjölga verzlunarstöðum úr því sem orðið er á Íslandi; en það er nægileg vissa fyrir því, að þessi litli verzlunarstaður geti engum verið til skaða, því þótt vara Breiðvíkinga sè lítil, þá er hún þó betur vönduð en víða hvar annarstaðar, og mundi því margur kaupmaður vinna til að fara þangað, þótt ekki væri meira að sækja. Höfnin við Stapa er auk þess dágóð, þar sem höfnin á Búðum er einhver hin vesta hèr á Íslandi. Satt er það að vísu, að fiskiafli hefir mjög minnkað á seinni árum í Breiðavíkurhrepp, og þykir mèr mjög líklegt, að það sè að kenna hin-

um mikla grúa af fiskiskipum útlendra, er þangað safnast árlega. En aptur hafa Breiðvíkingar, þegar vel lætur, aðra vöru sem nokkru nemur, og það er hákarlslýsi, og eptir því sem til hagar neyðast þeir til að selja það á Búðum má ske með lægra verði, en annarstaðar má fá fyrir það. En það er eigi nóg með þetta, því það hefir verið sagt hèr, að þeir hafi heldur eigi fengið vörurnar út á það með sama verði og í kaupstöðunum umhverfis, heldur hafi þeir orðið að kaupa þær með hærra verði. Ef það því er á rökum byggt, og það vil eg alls eigi efa, sem í bænarskránni stendur, að þeir hafi beðið 600 dala skaða á verzlun sinni næstliðið ár, það er engan veginn neitt lítilræði, og gæti verið talsverður styrkur fyrir eins fátækan hrepp og þessi hreppur er. Og með því nú það getur engan skaðað, þótt þetta umbeðna leyfi fáist, þá get eg eigi skilið, hvaða ástæðu þingið hefir nú, sem annars hefir verið svo örlátt á að koma á fót ýmsum smákaupstöðum, til þess eigi að vilja nema burt opna brèfið og veita uppsiglingarleyfi á eina litla höfn.

Torfi Einarsson: Mèr finnst nú vera allt öðru máli að skipta eða fyrst, þegar þess konar málum var farið að hreifa hèr á þinginu, því þá ímynduðu menn sèr, að smákaupstaðir mundi myndast á hverri höfn, er löggilt væri, en nú er reynslan búin að sýna, að slíkt þarf eigi að óttast. Hèr er nú líka að eins farið fram á það, að veitt sè uppsiglingarleyfi, en hvað það snertir, hvort af því muni leiða nokkurn hagnað fyrir hlutaðeigendur, get eg eigi um dæmt, því eg er eigi nógu kunnugur öllum kringumstæðum, en hitt get eg sèð á bænarskránni, að Breiðvíkingum er þetta mikið áhugamál. Eg get því eigi sèð neina ástæðu til að neita þeim um þessa bæn sína, einkum þar eð það, eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram, getur engum orðið til baga. Sá mesti bagi, sem af því hlýzt, verður líklega það, að ef umræðurnar um málið hèr á þinginu verða langar, þá getur það leitt af sèr talsverðan kostnað fyrir landið.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Það sem því næst liggur fyrir að taka til umræðu er uppástunga hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga um stofnun læknaskóla á Íslandi; hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður hennar, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra frá henni eins og honum þykir þurfa.

Eiríkur Kúld: Uppástungan hljóðar þannig: (Sjá II, bls. 278).

Eg ætla nú eigi að fara mörgum orðum um þessa uppástungu. Hún kemur að vísu úr öfugri átt, þar sem hún kemur frá mèr, en þegar eg sá, að enginn ætlaði að koma fram með á þinginu bænarskrá um þetta efni, þá greip eg til þess neyðarúrræðis að koma sjálfur með þá uppástungu um þetta mál, er hèr liggur nú fyrir þinginu. Eg hefði helzt af öllu óskað, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði borið fram uppástungu viðvíkjandi þessu máli, því hann er, eins og allir vita, þessu máli manna kunnugastur, og hefir líka sýnt bæði í orði og verki, hve mjög það liggur honum á hjarta. Eins og menn muna, hafði hann það fyrst við orð, að bera fram uppástungu um þetta mál, en seinna lýsti hann því yfir, að hann ætlaði eigi að gjöra það. Mèr virtist þó ísjárvert, ef þetta mál alls eigi kæmi nú til umræðu á þinginu, þar sem það ætíð hefir haft hinn bezta byr og verið hinna fyrri þinga eitthvert hið mesta áhugamál, og kom því fram með þessa uppástungu. Eg játa það fúslega, að þessi uppástunga er eigi eins vel eða heppilega hugsuð, eins og ef hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði samið hana, og get eg vel skilið það, að mönnum kunni eigi að geðjast að henni. En þótt svo sè, þá er það alls eigi ástæða móti því, að nefnd sè kosin í málið, því að nefndin er alls eigi bundin við þær skoðanir, er uppástungan heldur fram. Eg vona, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gefi þinginu skýrslu um, að hve miklu leyti hann sè þessu máli hlynntur. Sömuleiðis vil eg biðja hinn háttvirta varaforseta að skýra þinginu frá, hvort það muni vera ógjörningur, að læknasjóðurinn muni geta staðizt þann kostnað, er af því fyrirkomulagi leiðir, sem uppástungan fer fram á, eða þá yfir höfuð, hve mikinn kostnað hann muni geta borið. Það er að mínu áliti allt öðru máli að gegna með þessa uppástungu en aðrar, er til þingsins hafa komið, því í þessu tilfelli geta menn beinlínis vísað á það fè, er verja á til þess, sem beðið er um.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til þess, að hinn lögskipaði þingtími þegar er á enda, fastlega ráða þinginu frá, að taka þetta mál til frekari meðferðar í þetta skipti.

Jón Sigurðsson: Þótt eg jafnan áður hafi verið þessu máli hlynntur, þá ætla eg þó eigi að verða það nú, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, er hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, að hinn lögskipaði þingtími er nú því nær á enda, og búið er að fastá-

kveða, hve mikið þingtímann skal lengja, en mörg og mikilsvarðandi mál eru enn eptir órædd. En svo vil eg líka leyfa mèr að minna hinn háttvirta uppástungumann á það, að mèr virðist það eigi heppilegt af honum, að bera fram þess konar uppástungur nú á þinginu, þar sem hann svo opt áður hefir minnt þingið á, að fara varlega í að taka þau mál til meðferðar, er nokkurn verulegan kostnað mundu hafa í för með sèr fyrir landið, og í þessu tilliti er eg honum alveg samdóma. Þess vegna er það einnig af þeirri ástæðu að eg ræð þinginu frá að kjósa nefnd í málið, en vil skora á hinn háttvirta uppástungumann að taka uppástunguna aptur.

Jón Hjaltalín: Eg ætla eigi í þetta sinn að mæla með að nefnd sè kosin í málið. Eg ætla að eins að benda á, hversu mjög þetta þing er ósamkvæmt sjálfu sèr. Það játar, að læknaskipunin hèr þurfi umbóta við, en vill þó ekkert gjöra til þess að styðja að því, sem þó sannarlega er þörf á; því hèr á landi er svo mikill fólksdauði, að hvergi nokkurstaðar er annað eins. Á árunum 1850—55 dóu á 1. ári 39 börn af hundraði, og engu minni barnadauði mun hafa verið á árunum þar á undan. En á skýrslu, sem eg hef samið og prentuð er í útlendum blöðum, sèst, að á árunum 1856—67 hafa dáið 19 börn af hundraði; þetta verður þè ómögulega þakkað öðru en fullkomnari læknaskipan, sem nú er á komin. Dauðratalan næstliðið ár hefir verið að eins 3 eða 4 af hundraði, en að það sè svo lítið, ímynda eg mèr að eigi vari lengi. Það er ómögulegt, að nokkurt land geti komizt upp með því móti. Þetta virðist mèr að þingið hefði átt að taka til greina, þegar eg kom með uppástunguna um að leggja toll á ýmsar óþarfar vörur; eg hèlt, að það hefði verið nóg við þann toll að gjöra. En nú eru engin ráð til þess að koma á betri læknaskipun í landinu. Allar vorar tekjur eru einir 36000 dalir, og það geta þó allir sèð, hvort það fè muni nægja til að fullnægja öllum þörfum landsins. Eg vil biðja þingið að forsvara það fyrir eptirkomandi tímanum, hvernig það tók undir uppástungu mína um daginn. En það vil eg biðja Íslendinga að hafa hugfast, að þeir aldrei geti fengið þá læknishjálp, sem verulegt gagn sè að, nema þeir sjálfir vilji vinna nokkuð til þessa. Þótt eg eigi vilji líkjast hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga í því að vera tilfinningarlaus, þá get eg þó eigi á þessu stigi málsins sèð neitt koma af því, að kjósa nefnd í málið, því tíminn er orðinn naumur og öll merkilegustu málin eptir; það

verður því að mínu áliti eigi til annars en að tefja fyrir þinginu. Að öðru leyti kann eg hinum háttvirta uppástungumanni miklar þakkir fyrir þann áhuga, er hann jafnan hefir sýnt á máli þessu.

Guðmundur Einarsson : Með því að þetta mál er svo mikils varðandi, vil eg leiða rök að því, hvers vegna eg eigi mun gefa atkvæði með nefnd í þessu máli. Það er einmitt af sömu ástæðu sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram, nefnil. að nú sè hvorki tími nè kringumstæður hentugar til þess að bera það mál fram. Hvað það snertir, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að þingið hefði verið óljúft á að fallast á uppástungu hans um tollana, og hafði það til sannindamerkis um, að þingmenn eigi væru hlynntir læknaskólanum, þá verð eg að minnsta kosti, að því er mig sjálfan snertir, að biðja hann að vera ekki að setja í mann þessar — eg vil nærri segja — skósur. Eg var á móti þeirri uppástungu hans eigi af því, að eg eigi væri hlynntur læknaskólanum, heldur af því, að annað tollmál lá þá fyrir þinginu, og það virtist mèr nægja í bráð, því eg álít ógjörandi og óhugsandi, að leggja allt í einu marga tolla á landið, og það því síður, sem mjög er óvíst hversu mikils verður metið atkvæði vort að fá að verja þeim í vorar sönnu þarfir.

Eiríkur Kúld: Eg ætla eigi að halda langa tölu til þess að forsvara þessa uppástungu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga færa það báðir til sem ástæðu gegn henni, að tíminn sè orðinn svo naumur. En eg vil þó biðja menn að gæta þess, að þingtíminn er lengdur til hins 19. ágúst, og á þeim tíma má þó talsverðu af kasta, auk þess er það að þetta mál hefir opt verið rætt á undanförandi þingum, og mun því eigi taka mjög langan tíma upp, ef heppilega er valið í nefndina. Nú hafa líka margar nefndir lokið starfa sínum, og sumir þingmenn, sem nú eru alveg lausir við allar nefndir. Eg vil líka minna hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga á það, að það hefir líka við borið, að nefndir hafa verið kosnar í mál, og þær eigi lokið starfa sínum, en gjört þó eigi all-lítið gagn, þar eð þær hafa orðið góð leiðbeining fyrir þær nefndir, er á seinni þingum hafa haft sömu mál til meðferðar. Áður en þessi háttvirti þingmaður settist niður, kom hann með þá ástæðu, sem hann hefir víst ætlazt til að mundi alveg dauðrota uppástungu mína, en þeirri ástæðu hans samsinni eg alveg; eg er honum alveg samdóma um, að vèr eigum að fara varlega í að taka þau mál til með-

ferðar, er fè útheimta, án þess vèr um leið getum vísað á, hvaðan fèð skuli taka, en þessi ástæða á hèr alls eigi við; hèr getum vèr vísað á fè, sem til þess er ætlað. Eitt er það líka athugavert, að nefndin hæglega getur tekið þá stefnu, að biðja hans hátign konunginn um, að leggja frumvarp um þetta mál fyrir næsta alþingi, það tekur þó eigi upp langan tíma. Ég skal játa það, að eg hafði búizt við góðum stuðningi af hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, en það fór á aðra leið; hann hafði — lofað svo eg brúki hans eigin orð — að reka öflugan nagla í þetta mál, en hann heyktist hjá honum. Þetta virðist mèr vera nokkurs konar mótsögn hjá honum, en eg vona að þessi mótsögn hjá honum sè sprottin af annari ástæðu, en mèr í fyrstu kom til hugar, og eg er sannfærður um, að ef nefnd verður kosin í málið, þá muni hann reka ró á naglann. En áður en eg sezt niður, vil eg skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir eigi sèu mèr samdóma um það, að engu fè og engum tíma sè betur varið, en því fè og þeim tíma, sem varið er til þess að reyna að ráða bót á þjáningum og kvölum þeirra, sem líða. Hversu særandi hlýtur það eigi að vera fyrir þá, sem annaðhvort sjálfir hafa liðið eða sèð sína líða, að lesa það í alþingistíðindunum, að þingið hefði kastað þessu velferðarmáli frá sèr og borið það fyrir, að það hefði eigi tíma til þess að taka það til meðferðar. Að öðru leyti ætla eg eigi að mæla meira með þessari uppástungu; ef engum nema mèr liggur þetta mál á hjarta, þá er auðvitað, hver hennar dómur verður.

Pètur Pètursson: Það er einungis af því hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skoraði á mig, að eg stend upp í þessu máli. Hvað þá þeirri spurningu viðvíkur, er hann vèk að mèr, skal eg geta þess, að mèr er með öllu ómögulegt, að minnsta kosti nú sem stendur, að gefa áreiðanlega skýrslu um það, hvort læknasjóðurinn er fær um að standast öllu meiri kostnað en þann, sem þegar er á hann lagður, og eg er því síður fær um að gefa þessa skýrslu, sem enn er óvíst, hve miklar tekjur læknasjóðsins muni verða af sjávarafla, og lögin, er um það efni hljóða, enn eru á reiki. Þetta mál er mjög mikilvægt, og vil eg styðja að því með öllu mögulegu móti. En með því nú læknakennsla er hèr á komin, og er að mínu áliti í allgóðu lagi, og víða er læknishjálp fengin, er annars mundi eigi hafa fengizt, þá vil eg biðja þingið að gæta þess, að fara eigi að hugsa um, að koma á fót annari læknakennslu eða öðrum læknaskóla, með miklu meira kostnaði, nema

því að eins, að menn sèu vissir um, að slík kennsla verði að því skapi betri. En með því að mál þetta er mjög mikilsvarðandi, eins og eg áðan tók fram, þá er það þó næst minni tilfinningu, að kosin sè nefnd í málið, og álít eg það betra, að það deyi í nefndinni, heldur en að því sè með öllu vísað frá, einungis að það sè tekið skýrt fram, að það sè vegna tímaleysis, en eigi annars, að nefndin eigi hafi lokið starfa sínum, því með því getur undirstaðan verið lögð, og þannig greitt fyrir málinu seinna meir. Eg er að vísu samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um það, að vèr, eins og nú á stendur fyrir oss, eigi höfum nein ráð, til að koma þeim læknaskóla á fót, er uppástungan fer fram á, en eg sè alls eigi, að það sè ástæða til, að fella málið frá nefnd, því nefndin er alls ekki bundin við að fylgja þeirri skoðun, er uppástungan heldur fram. Hún getur gefið málinu stærra eða minna ummál, eptir því sem henni þykir við eiga.

Stefán Eiríksson: Því verður að vísu eigi neitað, að þetta málefni er mjög nauðsynlegt, að því leyti sem hèr er þörf á öflugri læknakennslu, því læknaskorturinn hèr á landi er mjög tilfinnanlegur; en þegar talað er um, að koma á fót svo fullkomnum og yfirgripsmiklum læknaskóla, eins og uppástungan fer fram á, þá hlýtur það að stranda á sama skerinu eins og önnur fyrirtæki hjá oss, að fèð vantar. Annars virðist mèr, að eigi ætti að taka þetta mál fyrir nú, því eg álít, að þessi kennsla, sem nú er í Reykjavík, geti með tímanum ráðið töluverða bót á vankvæðum þeim, sem eiga sèr stað í þessu efni. Eg held því að vèr gerðum rèttast í því, að láta þetta málefni bíða, þangað til vèr hefðum sèð fyrir víst, hver árangur mundi verða af spítalagjaldinu eptir tilskipuninni af 10. ágúst 1868, og þangað til bændurnir eru komnir svo langt í viðurkenningu þessa gjalds, að þeir segi rètt til afla síns, því þá mundi alls ekki líða mörg ár þangað til að spítalasjóðurinn gæti borið þau útgjöld, sem útheimtast til þess að læknaskóli yrði stofnsettur, því eg efast ekki um, að laun kennaranna yrðu ákveðin í lægra stýl en þeim, sem uppástungan fer fram á,

Sigurður Gunnarsson: Enda þótt mèr virðist, að sú læknakennsla, eður sá læknaskóli, er þessi uppástunga fer fram á, muni verða allt of kostnaðarmikill þá get eg þó eigi annað, en verið þessu máli hlynntur; það væri mjög undarlegt, ef eg væri á móti því, sem miðar til að fjölga læknum og gjöra þá sem bezt að sèr, eg sem er frá því hèraði landsins, þar sem læknaskipunin er allra-

aumust, og þar sem svo lítill ávöxtur hefir sèzt af læknakennslunni hèr í Reykjavík (*Jón Sigurðsson:* Það er eigi satt); það er víst satt, vèr hefðum fengið einhvern lækni í þetta eina embætti hvort sem var. (*Jón Sigurðsson:* Þèr hafið þó fengið Zeuthen hèðan). Já, veit eg það. En við þurfum fleiri en hann. Eg álít það æskilegt, er uppástungan fer fram á, að aukið sè einum kennara við læknaskólann eða þá ímynd hans, sem hèr er, og að landlæknirinn sè leystur frá öllum læknastörfum, svo að hann sè allt af til taks við kennsluna, því það er eins með þetta fyrirtæki, eins og hvað annað, sem velferð manna ríður á, að því fyr og betur sem byrjað er á því, því fyr sjást góðir ávextir af því. Eg verð því með, að nefnd sè kosin í málið, þó eg sè ekki ánægður með uppástunguna að sumu leyti. Hún getur lagazt hjá nefndinni.

Jón Sigurðsson: Eg veit reyndar eigi til, að mál hafi dáið í nefndum hèr á þinginu (*Eiríkur Kúld:* Jú, það hefir átt sèr stað), að minnsta kosti mun það ekki hafa átt sèr stað á þeim þingum, sem eg hefi verið á; en hvað sem um það er, hvort sem það hefir átt sèr stað eða eigi, þá álít eg það eigi heppilegt, þegar um merkileg mál er að ræða; mèr virðist það þá einmitt lýsa skorti á áhuga hjá þinginu á málunum, ef það lætur það mál deyja út í nefndunum, sem það álítur nauðsynjamál, og hefir verulegan áhuga á; eg get því eigi verið því meðmæltur, að nefnd sè kosin í málið, til þess að það leggist til hvíldar, eða deyi í nefndinni, sem menn svo kalla það. Eg get heldur eigi sagt, að eg felli mig vel við sjálfa uppástunguna; það hefir verið sagt hèr af ýmsum þingmönnum, að læknakennslan hèr í Reykjavík sè í góðu lagi, og eg er þeim mönnum alveg samdóma um, að þessi læknakennsla, sem við nú höfum, sè góð byrjun til innlendrar læknakennslu, sem bæði hafi gjört, og geti gjört mikið gagn; þess vegna virðist mèr hinn rètti og eini vegur í þessu máli sè sá, að styðja læknakennsluna, sem nú er á komin hèr í Reykjavík, en alls eigi nú þegar að fara að hugsa um, að stofna læknaskóla með 3 kennurum, eins og uppástungan fer fram á; það lítur annars svo út, sem uppástungumaðurinn ætlist til, að hèr skuli ekki verða læknalaust í Reykjavík, ef 3 kennarar eiga að verða við læknaskólann, og þar að auki landlæknir. Það er líklegt, að þeir, sem búa í Reykjavík, og í sveitunum í grennd við hana, þurfi ekki að kvíða sóttum eða sjúkdómum, ef þessari uppástungu verður framgengt.

En þess verður víst lengra að bíða, að vèr aðrir vesalingarnir, sem í fjarlægð búum, njótum góðs af þessari læknakennslu. Sá læknaskóli, er uppástungan fer fram á að stofnaður verði hèr, hann verður efalaust langtum of dýr fyrir landið, auk þess sem hann verður óþarflega stór og umfangsmikill. Það hefir aldrei verið stungið upp á fleirum læknaembættum hèr á landi en 15—20, og eigi heldur verið gjört ráð fyrir, að þau mundu verða fleiri fyrst um sinn, enda væri það góð umbót frá því sem er, ef vèr fengjum lækna í allar hinar stærri sýslur landsins. En þegar nú ekki verða nema 15—20 læknaembætti, þá leiðir þar af, að vèr eigi getum búizt við, að fleiri en 2—3 stúdentar verði árlega á læknaskólanum að meðaltali, og það er þó sannarlega of dýrt að kosta 3 kennara handa þeim, og þar sem viðunanleg kennsla getur fengizt með miklu minni tilkostnaði. Eg vil því, að menn gjöri sèr grein fyrir hinum helztu ófullkomlegleikum við læknakennsluna hèr í Reykjavík, og reyni til að bæta úr þeim eptir því, sem efni og föng eru til þess. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að eg eigi hefði litið rètt á þetta mál, þar sem eg hefði sagt, að það væri ósamkvæmni af honum, að vera flytjandi þessa máls, er svo mikið fè þyrfti til, þar sem hann væri jafnan í öðrum málum að brýna það fyrir þingmönnum að fara varlega í öll þau mál, er kostnað nokkurn hefðu í för með sèr, þá verð eg aptur að segja það, að eg hefi enn þá sömu skoðun, að hann með þessu hafi orðið ósamkvæmur sjálfum sèr. Hann færði það að vísu til máli sínu til stuðnings, að á þessu máli stæði allt öðruvísi, þar sem hèr yrði beinlínis vísað á fè, sem til þess ætti að verja, nefnilega læknasjóðinn. En þessi ástæða er að mínu áliti alveg röng, því eg vil spyrja hinn háttvirta þingmann: hvaða rètt hefir þingið til þess fremur að vísa á fè úr læknasjóðnum, en úr landssjóðnum? Hvaða ráð hefir þingið fremur yfir læknasjóðnum en yfir landssjóðnum? nei, þingið hefir engin meiri ráð yfir læknasjóðnum, heldur en yfir landssjóðnum; það stendur í því tilliti alveg jafnt að vígi, og hann veit það þingmaðurinn eins vel og eg, að þess er naumast að vænta, að þingið fái nokkur umráð yfir læknasjóðnum, fyr en ef svo fer, að það fær fjárforræðið. Út af orðum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns skal eg geta þess, að þar sem hann minntist á manndauðann og setti malað kaffi í samband þar við, og vildi — ef mèr hefir skilizt rètt — að tollur væri lagður á malað kaffi til að fyrirbyggja manndauða, þá

er þess fyrst að geta, að eg get eigi sèð neitt samband milli manndauða og malaðs kaffis, nema svo sè, að það sè banvænt, og fyrir þá sök þurfi að fjölga læknum, til að lækna þá sem drekka af þessu malaða kaffi. Í annan stað er eg sannfærður um, að þótt tollar væri lagður á malað kaffi, þá mundi sá tollur nema svo litlu, að ef það hefir verið tilgangur hans, að verja þessum tolli til þess að stofna læknaskóla, þá get eg fullvissað hann um það, að sá læknaskóli mundi verða harðla lítilfjörlegur, sem komið yrði á fót með þessum tolli. Þegar hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður var áðan að tala um manndauða, og gefa þinginu ýmsar þar að lútandi skýrslur, þá datt mèr í hug, það sem óvandaðir menn hafa stundum borið sèr í munn, en sem er næsta ólíklegt, að manndauðinn sè optast mestur í kringum læknana sjálfa. Hvað sem nú í þessu er, þá hefi eg þó reynsluna fyrir mèr í því, að manndauði er ekki ætíð meiri, þar sem læknalaust er en annarstaðar. Eg samdi í vetur manntalsskýrslur í því prestakalli, sem eg á heima í, fyrir árin 1860—70, það eru hèr um bil 400 manns í prestakallinu, en á þessum 10 árum höfðu 50 fleiri fæðzt en dáið, eða með öðrum orðum, fólkstalan hafði aukizt um 8. part, eður tæpa 13% á þessum 10 árum, og þó hafði enginn læknir stigið fæti sínum inn í prestakallið á þessum árum, svo mèr sè kunnugt, og svo sem engrar hjálpar til lækna leitað, nema hvað homopatharnir eru öðruhvoru að hjálpa mönnum um dropa sína. Á þessum árum gekk þó tvívegis þung kvefsótt, og einu sinni megn taugaveiki, sem drápu þó nokkra menn. Eg hefi tekið fram þetta dæmi til að sýna, að manndauðinn kemur ekki altènd af læknafæð, heldur geta þar legið allar aðrar og fjarskyldari orsakir til.

Eiríkur Kúld: Eg verð að svara hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga fám orðum. Eg sè það, að hann er fæddur undir betri plánetu en eg, þar sem eigi þarf annað í hans byggðarlagi en nokkra homopathadropa, til þess að allir lifi þar við góða heilsu. Vèr á Vesturlandi eigum ekki þessu láni að fagna; reyndar hafa eigi verið þar homopathar, nema einn, er flestir munu óska að aldrei hefði komið þangað. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði enn fremur, að hann eigi gæti fellt sig við niðurlagsatriði uppástungunnar; það skal eg eigi lá honum, eg tók það sjálfur fram, að vel gæti verið, að þau væru miður vel hugsuð en skyldi, en það getur alls eigi verið því til fyrirstöðu, að málið komist í nefnd, því það er á valdi nefndarinnar, að breyta niðurlagsatriðum

uppástungunnar eptir sinni vild, og mun hún taka því þakksamlega, ef hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga gefur henni bendingar um málið, ef hún yrði eigi svo heppin, að hann sjálfur yrði valinn í hana. Það er mèr með öllu ómögulegt að gefa honum skýrslu um hag læknasjóðsins, enda verður varla við því búizt, þegar sjálfur hinn háttvirti varaforseti eigi getur það nú sem stendur, en það er þó vonlegt, að hann geti gefið nefndinni skýrslu um það, áður en hún hefir lokið starfa sínum. Hinn sami háttvirti þingmaður áleit læknakennslu þá, er nú um stundir er í Reykjavík, nægilega; það skal eg líka játa; það getur vel verið, að hún sè mikið góð, að minnsta kosti mun hún ekki standa á baki homopathiunni í hans sveit. En eg vil biðja hann vel að gæta þess, að þó hún sè góð, þá er þó sá annmarki á henni, að hún er laus. Hann færði það líka til sem ástæðu á móti því, að þessu máli yrði gaumur gefinn, að svo fáir stúdentar mundu sækja þennan skóla, að það yrði allt of mikill kostnaður, ef fyrirkomulag skólans ætti að vera eins umfangsmikið, eins og uppástungan fer fram á, en þá vil eg benda honum á það, að þessi árin, er svo fáir stúdentar hafa útskrifazt af latínuskólanum, hafa þó verið 4 á læknaskólanum, og þá eru allar líkur til, að þegar stúdentarnir fara að fjölga, þá muni þeir líka fjölga, er á læknaskólann ganga. Hann sagði líka, að það væri ósamkvæmni af mèr, að vilja taka nokkurt það mál til meðferðar, er fjárstyrk þyrfti til að framkvæma, en þetta á hèr alls eigi við; það er alls eigi ósamkvæmt af mèr, að biðja um fè, þegar eg get vísað á, hvar fèð á að taka, eins og á sèr stað í því máli, sem hèr ræðir um, því þó vèr eigi höfum ráð yfir læknasjóðnum, þá getum vèr þó bent á hann. Hann vildi líka neita því, eptir því sem mèr skildust orð hans, að læknarar gjörðu nokkurt gagn, en eg vil þó nefna eitt dæmi, þó það sè gamalt, er sýnir, að læknarar eru opt að verulegu gagni, hvað svo sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga segir: á Vestmannaeyjum hafði lengi verið sjúkdómur á börnum, eins og mönnum er kunnugt, sem nefnist «ginklofi», og dó fjöldi barna úr þessum sjúkdómi. En svo kom þangað danskur læknir, dr. Schleisner; hann rannsakaði sjúkdóminn, lagði ráð við honum, og upp frá því hefir lítið borið á honum. Þó nú Mývatnssveit sè svo heppin, að þurfa aldrei læknis við, þá eru þó margar sveitir, sem eigi hafa því láni að fagna, og þess vegna getur það eigi verið ástæða móti því, að nefnd sè kosin í málið.

Helgi Hálfdánarson: Þegar læknamálinu var hreift um daginn, þá sagði eg, að eg vildi vera því hlynntur, að læknaskólinn gæti eflzt og blómgazt sem mest, því mèr væri ekki síður annt um læknaskólann en um prestaskólann, en þessi orð mín og annara, sem töluðu í sömu stefnu, voru, að eg held, af einhverjum misskilningi tekin illa upp, bæði af hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni og þingmanni Suður-Múlasýslu. Þeim mislíkaði nefnilega það, að eg gat eigi verið hlynntur þeirri uppástungu, er þá kom fram, sem var sú, að kenna skyldi á prestaskólanum ýmislegt í læknisfræði, og þeir, er á prestaskólanum gengju, yrðu skyldaðir til að ganga andir próf í því. Mèr þykir það annars slæmt, að sú uppástunga, sem nú er komin hèr fram, gat eigi komið fyr inn á þingið, og að hún eigi kom frá hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, eins og hann hafði ráðgjört. En með því hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir nú lengt þingtímann um 3 vikur, og margar nefndir hafa nú þegar lokið starfa sínum, þá virðist mèr það eigi ofvaxið þinginu, þótt það einnig taki þetta mál til meðferðar. Eg er að vísu eigi samdóma uppástungunni í einstökum atriðum. Einkanlega virðist mèr, að hún hefði átt sèr í lagi að miða til að hlynna að því, að sem flestir læri á læknaskólanum, sem nú er hèr í Reykjavík, en bezti vegurinn til þess, að styðja að því, væri sá, að fjölga ölmusunum við skólann; því eg veit dæmi þess, að það hefir staðið í vegi fyrir því, að menn færu á hann, að engin ölmusa hefir fengizt, og ef læknasjóðurinn væri fær um, að ölmusunum yrði fjölgað, þá væri það mjög æskilegt, og er vonandi, að þingið stuðli til þessa, að svo miklu leyti sem það getur. Það er að vísu satt, að þingið hefir eigi vald yfir læknasjóðnum, en þó svo sè, þá höfum vèr þó rètt til að benda á hann. En þótt mèr þannig virðist ýmislegt athugavert við uppástunguna, þá getur það vel lagazt í nefndinni, og með því þetta mál er mjög svo mikils varðandi, þá vil eg ráða þinginu til, að kjósa nefnd í það.

Jón Hjaltalín: Eg skal jafnan þakka hinum háttvirta uppástungumanni fyrir hans góðu tillögur í þessu máli, en þar á móti get eg eigi þakkað hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga fyrir ræðu hans, því hann sneri út úr orðum mínum; það var það, sem menn kalla «mala interpretatio» eða «illkynjuð útlegging». Mín meining var sú, að þar sem menn brúka annan eins óþarfa, eins og hèr á landi tíðkast, þar mun lítið verða eptir aflögu til

læknishjálpar. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga ssgði, að þar dæði opt fæst fólk, sem fæstir væru læknararnir. Þessu vil eg eigi beinlínis neita; það getur vel verið, að sumstaðar sè svo, því í þessu efni getur margt komið til skoðunar. Það er t. d. mikið komið undir «localitetinu», og það er svo mjög augljóst hèr á landi, að það er næstum ótrúlegt. Þannig hafa nú á 12 árum að eins dáið 12 manns í Þingvallasveit af 138 sóknarmönnum, eða $1\frac{1}{2}$ af hundraði, en aptur á Suðurnesjum hafa dáið 4—8 pc. Eg efast eigi um, að það sè satt, er hinn háttvirti þingmaður sagði, að manndauði væri lítill í Þingeyjarsýslu, en hitt efast eg um, að það sè homopöthunum að þakka; það mun mest vera að þakka þar «landslaginu». Að vísu man eg, að í einni sókn þar, nefnilega í Skinnastaðasókn, dóu hèr um árið 30 börn, og eru þó eigi nema 300 manns í sókninni, og það kalla eg þó heldur mikið; líka gekk í Þingeyjarsýslu skæð kvefsótt 1834 og 1862. Það er eitt, sem mjög ríður á að vita, það er dauðrahlutfallið á hverjum stað; það er mjög þarflegt, en líka mikið verk. Eg er að vísu byrjaður á að skoða það, en eg veit eigi, hvort eg endist til þess, að ljúka við það. Þar sem hinn háttvirti þingmaður sagði, að hann hefði reynsluna fyrir sèr í því, að læknar ekkert gagn gjörðu, þá verð eg að segja honum það, að reynsla hans í þessu efni er alveg gagnstæð reynslu allra manna á öllum tímum; hann ætlar sèr þá að vera mestur allra í veröldinni. Hvað nú þetta mál snertir, þá vona eg, að hinn háttvirti uppástungumaður eigi taki það illa upp fyrir mèr, þótt eg eigi í þetta sinn geti stutt mál hans, og er það bæði sökum þess, að þingtíminn er nú orðinn mjög stuttur, og svo vegna hins, að eg efast mjög um, að læknasjóðurinn, eins og hann er úr garði gjörður eptir löggjöfinni nýju, geti staðizt meiri kostnað en þann, er nú hvílir á honum; það eru 4 stúdentar nú bráðum útskrifaðir af læknaskólanum, og 400 rd. eru ætlaðir hverjum þeirra, allt svo til samans 1600 rd., sem er engan veginn svo lítið fè. Auk þess er nú spítalahluturinn enn alveg í lausu lopti og óvíst, hvernig með hann fer; það hafa komið til þingsins margar bænarskrár viðvíkjandi honum, en allar ganga þær út á það, að hann verði hafður sem lægstur. Eg sè því eigi, að komið verði á fót nokkrum umfangsmiklum skóla, eins og uppástungan fer fram á, með því auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal; í það minnsta verða menn að hætta að drekka fyrir hálfa milíón, ef almenn læknaskipun á að komast á

hèr á landi. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt það væri nóg, að hafa 15 lækna á landinu. Mikið blessað barn er hann, en hvergi í öðrum löndum er 1 lækni ætlað fleira fólk en 2000, en hèr yrði þá einum lækni ætlaðar 5000 manns. Eg ætla þá að eins að taka það upp aptur, að eg þakka hinum háttvirta uppástungumanni fyrir hans góða vilja og mikla áhuga á þessu máli, en eg verð að álíta, að, eins og nú á stenkur, komi það fyrir ekkert, að taka málið til meðferðar, og sömu skoðunar mun hinn háttvirti konungsfulltrúi vera, því hann hefir ávallt áður verið þessu máli hlynntur, en nú rèð hann þinginu fastlega frá, að taka það til meðferðar. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg ætla ekkert atkvæði að greiða í málinu. Eg vil hjálpa því, og þess vegna eigi greiða atkvæði móti því.

Páll Pálsson: Af því eg er úr því hèraði, þar sem læknisleysið er mest, þá vil eg styðja að því, að nefnd sè kosin í málið, og get heldur ekkert sèð, er gæti verið því til fyrirstöðu. Það hefir verið tekið fram, að þótt nefnd sú, er kosin yrði í málið, eigi lyki að fullu starfa sínum í þetta sinn, þá gæti það þó orðið til góðs stuðnings og undirbúnings fyrir þær nefndir, er seinna kynnu að hafa þetta mál til meðferðar. Mèr virðist því þingið eigi geta vanvirðulaust leitt alveg hjá sèr svo mikils varðandi mál, og vil eg leyfa mèr að beiðast þess, að nafnakall verði við haft.

Eiríkur Kúld: Það mátti með sanni segja, að «nú fór fiskur undan borði», þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörui þingmaður synjaði uppástungunni um alla liðveizlu. En þar um dugir eigi að tala; eg legg uppástunguna á vald þingsins, en eg vil þó áður leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, hve marga lærisveina hann treystir sèr til að taka auk þeirra 4, er nú njóta kennslu hjá honum; treystir hann sèr til að taka 2 × 4? sè svo, þá má ske eg væri fáanlegur til að taka uppástungu mína aptur, en sè eigi svo, þá ætla eg að halda henni áfram.

Jón Hjaltalín: Það verður nú mikið til sama, hvort maður kennir fleirum eða færri.

Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir mjög misskilið orð mín, þar sem mèr virtist hann ætla, að það væri álit mitt, að alls engin þörf væri á að koma hèr á fót læknaskóla, vegna þess að manndauðinn væri minnstur þar, sem engir væru læknar. En þetta var alls eigi meining mín. Mèr virtist hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður einungis kenna

það læknaskortinum, að manndauðinn væri svo mikill, en eg get ekki verið þessu alveg samþykkur, því reynslan hefir sýnt, að menn deyja fullt eins að tiltölu þar, sem læknar eru, því margir fleiri orsakir geta verið til manndauða en læknaleysið, t. d. óhollt loptslag og landslag hvers staðar, eins og hinn 3. konungkjörni tók sjálfur fram, og þess vegna kom eg með dæmið af sveit minni, en það átti alls eigi að sýna það, að læknar þar fyrir væru með öllu óþarfir. En úr því eg stóð upp á annað borð, þá skal eg geta þess, eins og eg hefi áður tekið fram, að mèr virðist alls eigi brýn nauðsyn vera á að fara nú að stofna stórkostlegan læknaskóla, þar sem nú er þegar komið að því, að 4 læknaefni skrifist út frá þessari kennslustiptun hèr í Reykjavík, svo nú fer bráðum að rakna fram úr þessari læknafæð, sem hèr hefir verið; og þar sem það líka er mjög óvíst, eins og hefir verið tekið fram, hvort læknasjóðurinn er fær um að standast meiri kostnað en nú hvílir á honum, þá virðist mèr mjög ísjárvert að fara að ráðgjöra læknaskóla, sem ekkert fè er fyrir hendi til að kosta, og með því ginna menn til að nema læknisfræði, þar sem það er undir hælinn lagt, að þeir á eptir geti fengið embætti með viðunanlegum launum. Þess vegna virtist mèr spurning hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga alveg óþörf.

Torfi Einarsson: Af því að það á að við hafa nafnakall, þá verð eg að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Það hefir mest spillt fyrir uppástungunni, að mönnum hefir þótt hún vera of kostnaðarsöm, og það þykir mèr nú reyndar líka, en eg álít, að nefndin gæti bætt úr því. Eg er nú líklega of lítilþægur í hugsunum mínum um læknakennsluna, en eg hafði ímyndað mèr, að það mundi geta talsvert bætt hana, ef einn kennari, sem engum öðrum störfum væri háður, hefði hana á hendi, til þess að aldrei vantaði kennara. En að stofna svo stórkostlegan skóla, eins og uppástungan fer fram á, og sem mundi gleypa allt það fè, er til væri, virðist mèr eigi ráðlegt. En allt um það get eg eigi sèð, að það sè ástæða til, eigi að vilja yfirvega málið, og verð eg því að gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd sè kosin í málið.

Pètur Pètursson: Af því að nafnakall á að við hafa, ætla eg eigi að greiða atkvæði í málinu, því ef eg greiddi atkvæði með því að nefnd væri kosin, þá gæti það misskilizt svo, sem eg áliti, að læknasjóðurinn væri fær um að standast þann kostnað, er af því fyrirkomulagi skólans mundi leiða, er uppástungan fer fram

á. Eg vil því spyrja hina háttvirtu þingmenn að, hvort þeir mundu skilja atkvæði mitt svo. (nei).

Sigurður Gunnarsson: Eg er alveg samdóma þingmanni Strandasýslu um það, að mèr þykir uppástungan um tilkostnaðinn of há, af því hèr er rætt um kennara, sem hafi annað embætti og laun fyrir það, en eg vona, að þetta lagist hjá nefndinni. Úr því menn fóru að minnast á manndauðann á ýmsum stöðum eins og afleiðingar læknafæðar, þá skal eg geta þess, að í Suður-Múla-prófastsdæmi hefir fólkið nú á hinum síðustu 10 árum fækkað í nærri helmingnum af sóknunum. Í hinum hefir það fjölgað dálitið, ekki svo fyrir það að fleiri hafa sumstaðar til muna fæðzt en dáið, heldur fyrir aðkomandi fólk. Fyrir þetta einkum hefir mannfjöldinn aukizt dálitið síðustu 10 árin þegar yfir allt er litið. Eg hefi líka tekið eptir því, að manndauði er mjög misjafn í sveitum á Austurlandi, þegar sóttir ganga. Í hitt eð fyrra dóu þar í einni sveit 10—11 af hundraði, og í annari 7—8 af hundraði; þar gekk taugaveiki, barnaveiki og fleiri kvillar — en þess háttar gekk líka um fleiri sveitir og dóu miklu færri. Það vita allir að svo deyr margur að enginn bjargar, eða það getur enginn neitað því, að fjöldi manna deyr af skorti á læknishjálp í tíma. Eptir því þykist eg og hafa tekið, að sótthættara er í láglendum sveitum og rakasömum, en í hálendum, og sóttir verða þar skæðari. Þó virðist mèr mestu ráða í þessum efnum hreinlæti í aðbúnaði og matarhæfi. Það sannar og líka reynslan, að í harðærum eru sóttir fleiri og meiri manndauði, þegar menn líða sáran skort og hafa illt viðurværi. Þó engin almenn veikindi gengi á Austurlandi, þá eru þar eins og alstaðar annarstaðar nógir aðrir kvillar og fjöldi manna sem líður. Og það getur hver maður skilið, að meðan einn einasti maður á að hjálpa öllum sem líða og lækna mætti, í 34 kirkjusóknum, milli Skeiðarár og Langaness, að flestir þeirra verða að þjást eða deyja hjálparlausir af læknishendi, hversu mikill og góður maður sem hann væri. Mèr, sem þekki nú þetta betur en aðrir hèr, er það því ekki láandi, þó eg vilji hlynna alvarlega að sem mestri og beztri læknakennslu, ef verða mætti, að hún yrði til þess að læknum yrði fjölgað, til að lètta nokkru af þeim hörmungum, er nú hvíla yfir Austurlandi af læknaskorti. Þegar eg sagði áðan, að læknir hefði verið til, þó hann hefði eigi fengizt hèðan, þá átti eg við einhvern, því læknisembættinu á Austurlandi hafa þjónað frá því fyrir minni elztu manna og til þessa danskir læknar, nema þann

tíma sem Gísli Hjálmarsson entist, og þessi fáu ár sem Bjarni Thorlacius þjónaði þar, og reyndust þessir dönsku læknar vel í mörgu.

Þórarinn Böðvarsson: Þingræðurnar um þetta mál hafa nú orðið æði-langar, og það svo, að hæglega mætti vera búið að kjósa nefnd í málið, og hún jafnvel komin langt með starfa sinn; það er því að bera í bakkafullan lækinn að fara að tala. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti uppástungumaður sagði, að mönnum hèr á Suðurnesjum mundi falla það illa, að læknir Jónasen, er gegna ætti þar læknisstörfum, sæti hèr inn í Reykjavík og væri bundinn kennslustörfum, þá skal eg geta þess, að eg hefi enga slíka umkvörtun heyrt þar sunnan að, en orð hins háttvirta þingmanns eru þó efalaust á góðum rökum byggð. Þvert á móti ætla eg, að menn þar muni heldur vilja hafa góðan lækni inn í Reykjavík, en lèlegan þar syðra hjá sèr. Það hefir helzt of opt verið gripið til þeirrar sönnunar, þegar sanna hefir átt, hve mikil þörf væri á að fjölga læknum, hve mikill manndauði væri. Þessa sönnun höfum vèr enn heyrt, en hún er óþörf og óheppileg. Vèr þekkjum allir þetta fornkveðna, þegar um það er að ræða: vörn þeirra ónýt er, enginn dauðanum ver. Og hversu hörð sem þessi orð kunna að þykja, þá hefir reynslan um langan tíma sannað, að flestir hafa dáið einmitt í kringum læknana, þegar hinar skæðustu sóttir hafa gengið. Eg ætla engan veginn að segja, að þetta sè læknunum að kenna; eg ætla eigi heldur að segja, í hverju það liggur, en það þori eg að segja, að rangar lækningatilraunir eru verri en engar. Það er bezt að sleppa öllum slíkum sönnunum; það eru nógar aðrar ástæður til þess, að nauðsynlegt er að hafa nægilega marga lækna, en um fram allt ber að kappkosta, að þeir sèu góðir. En þótt eg álíti lækna nauðsynlega, þá er eg þó á móti því, að nefnd sè sett í málið í þetta sinn. Eg get eigi skilið, hvernig nefnd getur tekið sèr fyrir hendur svo umfangsmikið verk, eins og uppástungan fer fram á, án þess að vita nokkuð, hve mikið það fè muni verða, er verja eigi til þess, og nú sem stendur er ekkert fè fyrir hendi til þess. Eg vil líka biðja menn að gæta þess, að til fullkomins læknaskóla útheimtist meira en nógir kennarar; þar til útheimtist líka spítali, þar sem lærisveinarnir geta sèð flesta sjúkdóma og kvilla, og lært að meðhöndla þá. Og þó hèr væru 3 kennarar í læknisfræði, eins og uppástungan fer fram á, og það mundi kosta um 4000 rd., og þó nú líka væri til spítali, sem mundi

kosta eins mikið, og ekkert er til í allt þetta, þá væri þó eptir að fá fè fyrir þá lækna, sem lærðu, til að lifa af, þegar þeir tækju við embættum, því launalausir skilst mèr að þeir ekki vilji vera. Eg er því á móti nefnd í þessu máli, bæði af þeim ástæðum, er eg nú hefi nefnt, og svo af fleirum ástæðum, er eg eigi vil nefna. Það er nú líka svo langt liðið á þingtímann, að ekki getur verið kostur á, að nefndin geti lokið svo umfangsmiklu verki.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir misskilið orð mín; eg hefi aldrei sagt, að eg hafi heyrt nokkra umkvörtun af Suðurnesjum; eg hefi þvert á móti heyrt hið gagnstæða, nefnilega hið mesta hrós um lækni þeirra. Mèr þykir það slæmt, að uppástungan eigi fær meðmæli hjá þessum háttvirta þingmanni. Eg get sagt honum það, að eg þekki vel þessi orð: «enginn dauðanum ver», en eg vil þá líka spyrja hann, hvort læknarnir eigi hafi líka annað ætlunarverk en að firra menn dauðanum, nefnilega það að lina kvalirnar. Hvað það snertir, er hann sagði, að flestir dæðu í kringum læknana, þá hefir hann í því efni aðra reynslu en eg. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður svaraði eigi nægilega spurningu minni; eg get eigi skilið, að öllum verði lesið fyrir í einu, sem misjafnt eru á veg komnir; eg get heldur eigi skilið annað, að ef fleiri flokkaskipanir, svo sem þrjár, þarf að hafa til kennslunnar, þá muni honum varla endast tími til að stunda þá alla, er svo mörgum öðrum embættisönnum hefir að gegna, og því tek eg ekki uppástunguna aptur.

Jón Hjaltalín: Það er alveg satt, að það gjörir mikið til, ef þeir eru misjafnt á veg komnir, svo að þarf að skipta þeim, því þá verður það miklu örðugra fyrir kennarana. Þessi orð: «enginn dauðanum ver», ættu sem sjaldnast að við hafast; það er eins konar Tyrkjatrú eða fatalismus, sem kemur fram í þeim. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að flestir dæðu í kringum læknana, þá er sú skoðun hans alls eigi á rökum byggð. Hèr hafa t. d. fæstir dáið að tiltölu, því þótt það kannske verði flestir í töflunum, þá er það aðgætandi, að þar eru líka taldir ferðamenn með; en af þeim kemur hingað mikil fjöldi. Ef hinn háttvirti þingmaður eigi vill trúa mèr, þá getur hann sannfært sig sjálfur um það, með því að ganga í gegnum kirkjubækurnar. Typhusinn, sem gekk 1859—62, drap hvergi minna en hèr. Mèr virðist því bezt að sleppa þess konar orðatiltækjum, þegar verið er að tala um að leggja grundvöllinn að mikilvægum málum. Það er einungis af ýmsum

vankvæðum á læknasjóðsgjaldinu að eg eigi nú get stutt þetta mál, einkum þegar eg sè, að engum óþarfa má sleppa. Eg vil líka geta þess, að mikið af þeim Typhus, er hèr gengur opt, er ekkert annan en hungurstyphus; eg hef opt sèð fólk ganga hèr hálfhorað, sem aldrei fær almennilegt viðurværi, en drekknr malað kaffi 3 eða 4 sinnum á dag. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga áleit það nægilegt, að 15 læknar væru á landinu, þá álít eg, að eigi veitti af, ef vel ætti að fara, að í hið minnsta 35 læknar væru á landinu.

Forseti: Það hafa að vísu margir þingmenn óskað þess, að umræðunum væri hætt; en hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir beðið sèr hljóðs, og skal eg þá skjóta því til hans, hvort hann vill taka til máls eða eigi.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði að eins að upplýsa hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann um það, að þessi orð, er eg áðan kom með, voru ekki eptir mig, heldur Hallgrím Pètursson, sem þó alls eigi var tyrkneskrar trúar (*Jón Hjaltalín*: Interdum bonus dormital Homerus). Þegar hinn háttvirti 3. konungkjörni sagði, að manndauði hèr á landi orsakaðist mjög opt af illu mataræði, illum aðbúnaði, slæmum húsakynnum og ýmsu, sem orsakast af fátækt landsbúa, þá er eg honum alveg samdóma. Þessar kringumstæður eru víða svo, að engum lækni er unnt að eiga við. Eg skal bæta því við þetta, að það stoðar ekki, þó læknir sè til, ef enginn hefir efni á að kaupa hann, en kaupa þarf lækna sannarlega, sem von er, hèr á landi. Þetta veit hann eins vel og eg, og fyrst okkur kemur saman um þetta, þá vil eg spyrja hann, hvort það sè rètt ráðið, að leggja sem mestan skatt á landsbúa, og kasta sem mestu fè til læknakennslu.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari inngangsumræðu lokið, og vil eg nú biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið, og með því nafnakalls hefir verið óskað, þá verður það við haft.

Síðan var nafnakall við haft og sögðu:

«já»	«nei»
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Davíð Guðmundsson.
Benidikt Sveinsson.	Erlendur Gottskálksson.
Egill Egilson.	Grímur Thomsen.
Hallgrímur Jónsson.	Guðmundur Einarsson.

«já»:	»nei»:
Helgi Hálfdánarson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Kristjánsson.	Jón Sigurðsson.
Jón Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Ólafur Pálsson.	Stefán Jónsson.
Páll Pálsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Pètur Pètursson.	
Sigurður Gunnarsson.	
Torfi Einarsson.	
Þórður Jónasson.	

Jón Hjaltalín greiddi eigi atkvæði. Þannig var nefnd samþ. með 14 atkv. gegn 10.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á 5 manna nefnd, og ef enginn hinna háttvirtu þingmanna hefir neitt á móti, þá vil eg biðja þá að kjósa 5 menn í nefnd þessa.

Því næst var gengið til atkvæða, og hlutu þessir kosningu:

Jón Hjaltalín . . .	með	19 atkv.
Eiríkur Kúld . . .	—	14 —
Pètur Pètursson . .	—	13 —
Helgi Hálfdánarson .	—	9 —
Sigurður Gunnarsson	—	9 —

Því næst var málið afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni, er flest atkvæði hafði fengið.

Forseti: Störfum vorum er þá lokið í dag, og ákveð eg fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

18. fundur — 29. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá fyrirfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það sem liggur fyrst fyrir í dag er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um uppsiglingu á Stapahöfn. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka til máls.

Enginn tók til orða, og mælti þá

Forseti: Þar eð enginn tekur til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga

til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig: (Sjá II. bls. 281).

Forseti: Það sem því næst liggur fyrir, samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu «um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík». Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá því, eins og honum þykir þurfa.

Framsögumaður (*Ólafur Pálsson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II. bls. 281).

Þetta mál er að vísu í sjálfu sèr eigi stórvaxið, en þó er það nauðsynjamál. Eg vona að þingið sjái, að nefndin hefir gjört sèr allt mögulegt far um, að við hafa í uppástungum sínum varúð og hóf. Það er að vísu satt, eins og líka tekið er fram í nefndarálitinu, að í fyrra var safni þessu veittur 500 dala styrkur í eitt skipti fyrir öll; en þá stóð svo á, eins og menn vita og upplýst var á þinginu 1869, að safnið var alveg húsnæðislaust, og skorti ýmsar hirzlur og umbúðir, og auk þess var það, að ýmsir af þeim munum, er gefnir höfðu verið, þurftu viðgerðar við, til þess þeir gætu geymzt, svo að til alls þessa fór eigi alllítið fè; og hver sem lítur nú á safnið, getur sèð, að það er alls eigi lítið, er við það hefir verið gjört. Það mun nú að vísu vera nokkuð eptir af þeim 500 dala fjárstyrk, er það fèkk í fyrra, ef eg get rètt til, eitthvað á annað hundrað dali, en allir sjá, að þetta er þó mjög lítið bæði til innkaupa og svo til einhverrar þóknunar handa umsjónarmanni. En þar sem þó þetta lítilræði var til, þótti nefndinni ísjárvert, að fara fram á, að því væri veittur fèstyrkur á því fjárhagsári, er nú stendur yfir; bæði er þegar liðið langt fram á árið, og áætlun fyrir það fast einskorðuð; eins þótti nefndinni líka rèttast að fara fram á sem minnst eptir því ásigkomulagi, sem nú er, þess vegna dró hún úr því fjártillagi, er beiðendurnir óskuðu, og stakk að eins upp á 200 dala tillagi, þar sem beiðendur höfðu óskað að fá 300 dala tillag. Nefndin áleit eigi heldur fært að fara fram á, að þetta fè væri veitt af öðru fè en því, sem ætlað er til óvissra útgjalda Íslands, með því hún eigi sá annað tiltækilegt, er á áætluninni stendur. Eigi áleit nefndin heldur ráðlegt, að fara að stinga upp á nokkru föstu fyrirkomulagi til langframa; þess vegna hefir hún að eins beðið um fjárstyrk fyrir fjárhagsárin 1872 til 1873 og

1873 til 1874. Verði svo, að þingið verði búið að fá fjárforráð, þegar þau ár eru liðin, þá er bezt að fulltrúar landsins ráði sjálfir, hvaða kjörum þeir láta safn þetta sæta. Nefndin er sannfærð um, að þeir eigi muni sleppa hendinni af því. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál, fyr en eg heyri ræður þingmanna, en eg vona, að þingið gjöri góðan róm að þessu máli og taki ljúflega undir nauðsyn safnsins.

Grímur Thomsen: Af því eg er sannfærður um, að stjórninni mun þykja undarlegt, þegar farið er eins og að fyrirskipa henni, af hvaða útgjaldagrein það eða það fé skuli taka, þá vil eg leyfa mèr að biðja um að borið sè undir atkvæði þingsins, hvort eigi skuli sleppa úr niðurlagsatriði nefndarinnar þessum orðum: «er ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands». Það virðist líka eitthvað óviðkunnanlegt, að fara nú þegar að ákveða, hvernig verja skuli því fè, er ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda, þar eð það ætið er látið vera komið undir þeim þörfum, sem í bráð mæta.

Framsögumaður: Það er án efa mikið í því, er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, en þó vita menn, að þess eru dæmi, að stjórnin hefir verið beðin um fè á þennan hátt, án þess að henni hafi þótt það nokkuð óeðlilegt eða menn gætu orðið varir við, að það hafi verið henni nokkuð ógeðfellt. En eg skal þó alls eigi vera svo mjög á móti þessari uppástungu þingmannsins; það sem nefndinni gekk mest til með að til taka, hvaðan fèð skyldi taka, var það, að hún vildi forðast að skapa nokkra nýja útgjaldagrein.

Helgi Hálfdánarson: Eg skal leyfa mèr að minna þingið á það, að í hitt hið fyrra var það varauppástunga þingsins, að safni þessu væri veittur 300 dala styrkur af því fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, og að einmitt af þessa fè veitti stjórnin þá 500 rd., sem safnið fèkk í fyrra.

Grímur Thomssen: Það er stjórninni innanhandar að taka af því fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, þó þingið eigi beinlínis fyrirskipi henni að taka af því fè; mèr virðist það alls eigi nauðsynlegt og getur orðið til þess, að fjárstyrkurinn eigi fáist.

Framsögumaður: Stjórninni er eigi fyrirskipað að taka af því fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, heldur er hún beðin um það.

Pètur Pètursson: Ef því er sleppt, er hinn háttvirti þingmað-

ur Rangæinga fer fram á að sleppt sè, þá yrði að breyta niðurlagsatriði nefndarinnar, því annars er það svo óákveðið, það er að eins sagt «megi verja», en eigi beðið um fjárveitingu, nè sagt hvaða fè skuli verja, ekki einu sinni, hvort það er opinbert fè; þess vegna yrði að setja eitthvað í staðinn t. d. úr landsjóðnum. Þegar beðið er um fè, þá er ætíð bent á, hvaða fè það er, sem beðið er um; þess vegna yrði það mjög ónákvæmt, ef þessum orðum væri sleppt úr niðurlagsatriðinu, en ekkert sett í staðinn. Eg er að vísu samdóma hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um að það sè óviðkunnanlegt, að til taka þannig beinlínis fyrir fram, hvaðan fèð skuli taka, en ef stæði «úr landssjóðnum», þá vissu allir, að meint væri »af landsins fè», annaðhvort af þessum 4000 dölum, er ætlaðir eru til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, eða þá af einhverju öðru fè landsins, er fyrir höndum kynni að vera.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir sjálfsagt, að vísað sè á landssjóðinn, því þangað er líka sagt að brennivínstollurinn skuli renna.

Halldór Kr. Friðriksson: Var það skoðun hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, að styrkinn til forngripasafnsins skyldi taka af brennivínstollinum? (*Jón Hjaltalín*: Eg talaði ekki um það). Eg get eigi annað sèð, en að sá vegur, sem nefndin hefir farið, sè hinn eðlilegasti, því þótt allt falli í ljúfa löð milli stjórnarinnar og alþingis, þá verður þó allt í óvissu með fjárhag landsins þessi 2 næstu ár. Þess vegna virðist mèr eðlilegast, að þingið biðji stjórnina á sama hátt, og það hefir áður beðið hana, og káki ekkert við þessa áætlun. Og ef stjórnin veitir fjárstyrkinn af þessu fè, þá mun það varla verða því til tálmunar, að stjórnin standi straum af öðrum ófyrirsjáanlegum útgjöldum landsins, því það er þó eigi annað, en ætla nokkru meira til hinna óvissu útgjalda, en nú er ætlað. Eg get því eigi verið samdóma hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um, að rètt sè að sleppa þessu atriði úr uppástungu nefndarinnar; mèr virðist það vera einhvern veginn óljóst, að vísa þannig á fè öldungis út í bláinn, og mèr virðist nefndin hafa farið alveg rèttan veg í þessu efni.

Grímur Thomsen: Eg vil minna hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga á það, að alþingi hefir eins lítil ráð yfir þessum 4000 dölum, sem ætlaðir eru til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands eins og yfir landssjóðnum. Ef eg vildi fella málið, þá skyldi eg styðja að því, að þessum orðum væri haldið, því eg álít, að þau sèu að eins

til þess að ónýta málið, því það er viðtekin regla, að hver umboðsstjórn vill hafa fríar hendur með allar útgjaldagreinir, og þótt stjórnin hafi í fyrra tekið þessa 500 dali af því fé, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, þá er þar fyrir alls eigi sagt, að hún vilji svo gjöra nú; það getur vel verið, að hún vilji taka af einhverju fé, t. d. kennslumálafénu, og þaðan virðist nú reyndar vera eðlilegast að það sé tekið. Ef líka er ætlazt til, að safn þetta fái seinna fastan árlegan styrk, þá virðist miklu betur eiga nú við að vísa á landssjóðinn, heldur en á það fé, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins. Þetta niðurlagsatriði er því eigi vel samið, hvort sem þingið er ráðgjafar- eða löggjafarþing.

Forseti: Er það þá meining hins háttvirta þingmanns, að stinga upp á breytingaratkvæði hér að lútandi?

Grímur Thomsen: Eg sting upp á, að í staðinn fyrir þessi orð: «er ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands» séu sett orðin: «úr ríkissjóði eða landssjóði.

Framsögumaður: Reynslan er eigi móti nefndinni í þessu tilliti; það hefir áður aldrei gjört skaða, þó beðið hafi verið um fé á þennan hátt. Og hvort sem niðurlagsatriði þetta þykir nú óskipulega og rangt samið eður ekki, þá þótti það þó eigi á síðasta þingi, því þá var alveg samsvarandi niðurlagsatriði í þessu máli samþykkt af þinginu án mótmæla.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann Rangæinga að gæta þess, að hér er eigi verið að ræða um neitt fast tillag; hér er að eins verið að tala um tillag í 2 ár. Hið stöðuga tillag kemur þá fyrst til skoðunar, er áætlunin verður lögð fyrir þingið sem lögjafarþing; en á meðan virðist mér það eitt tiltækilegt, að vísa á það fé, sem ætlað er til óvissra útgjalda. Eg vona, að hinn háttvirti þingmaður láti sér skiljast það, að í álitsskjalinu til konungs má gjöra skýra grein fyrir því, hvers vegna þingið bendi á þetta fé, það sé nefnilega af þeirri ástæðu, að það sjái ekkert annað fé, er það geti vísað á. Að fara að benda á annað fé, sem vér alls eigi vitum hvort til er, það verður þó þingmaðurinn að játa, að er mjög óviðkunnanlegt.

Grímur Thomsen: Það er mér óljóst að hægra sé að vísa á þessa útgjaldagrein en hverja aðra í áætluninni; því það er aðgætandi, að þó eitt sinn hafi verið tekinn fjárstyrkur til safnsins af þessum 4000 dölum, sem ætlaðir eru til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, þá er það alls eigi víst, að svo verði gjört næsta

ár; það getur verið, að þá sè þegar búið að skipta því niður. Hvað það snertir, að nú sè fullásett á allar aðrar útgjaldagreinirnar í áætluninni, þá er það satt, að það er svo í áætluninni fyrir þetta ár, en það er alls eigi víst, hvernig það verður í áætluninni fyrir næsta ár.

Eiríkur Kúld: Mèr heyrist að niðurlagsatriði nefndarinnar muni engum líka mjög illa, nema hinum háttvirta þingmanni Rangæinga. Það getur verið, að þinginu fari eins fram í öllu tilliti eins og hann ætlast til að því fari fram í þessu, því niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli 1869 var alveg eins og þetta, og þótti honum það þá gott, en nú álítur hann það óhæfilegt. Eg skal játa það, að þessi háttvirti þingmaður er víst kunnugri fjárhagsáætluninni en nefndin var; en þegar nefndin fór að geta í vonirnar um, hvernig áætlunin fyrir 1873—4 mundi verða, þá áleit hún ráðlegast, til þess eigi alveg að byggja hugmyndir sínar í lausu lopti, að leggja til grundvallar þá áætlun, sem nú er fyrir þinginu; og er nefndin gjörði þetta, sá hún, að alsett var á allar útgjaldagreinirnar, nema þessa 4000 dali, sem eigi voru ákvarðaðir til neins. Það er misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni, að nefndin, með því að benda á þessa 4000 dali, bindi hendurnar á stjórninni. Það var alls eigi tilgangur nefndarinnar, og getur heldur eigi skoðazt svo; nefndin vildi að eins reyna að benda á eitthvað víst, en eigi biðja um þetta alveg út í bláinn; líka hèlt hún, að hún einmitt með því gjörði stjórninni til geðs, þar sem hún fór alveg eptir vilja alþingis í þessu efni 1869. Þess vegna getur það eigi verið háskaleg yfirsjón í því, sem nefndin nú hefir stungið upp á. Eg efast eigi um, að hinn háttvirti þingmaður orði svo breytingaratkvæði sitt, að það eigi verði meiningarleysa, því eins og hann fyrst orðaði það, þá var það, eins og hinn háttvirti varaforseti tók fram, öldungis óákveðið, hvaða fè það var, sem verja mætti, hvort það var opinbert fè eða ætti að sækja það ofan í vasa hins háttvirta þingmanns Rangæinga. Það gleður mig annars mikillega, að enginn hefir orðið til að mæla móti efni nefndarálitsins, og sýnir það, að allir álíta þetta mikið nauðsynjamál, og get eg eigi leitt hjá mèr að koma með 1 dæmi, er ljóslega sýnir, að þetta líka í sannleika er nauðsynjamál. Nú í sumar var nefnil. 1 Englendingur að ferðast upp um landið, og er hann kom aptur, hafði hann með sèr 20 gripi, er hann hafði

fengið hèr til að fara með út úr landinu, og ef eigi er nauðsynlegt að fyrirbyggja slíkt, þá veit eg eigi, hvað er nauðsynlegt.

Jón Hjaltalín: Eg skildi það vel hjá hinum háttvirta þingmanni Rangæinga, að vèr eigi ættum að benda á það fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, og er eg honum alveg samdóma um það. En hitt var mèr eigi ljóst hjá honum, að vèr gætum eigi heldur bent á landssjóðinn. Það virðist mèr vèr þó geta, og það er sjálfum oss að kenna, ef vèr eigi fáum nú bráðum ráð yfir honum, þar sem oss hefir verið boðið það af stjórninni hvað eptir annað, en þingið eigi viljað þiggja.

Framsögumaður: Þótt bæði hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni og þingmanni Rangæinga þyki það óeðlilegt, að vísa á það fè, sem nefndin hefir til tekið, þá geta þeir þó eigi neitað því, að nefndin hefir reynsluna fyrir sèr, að stjórnin einmitt hefir hlýtt tillögum alþingis, sem voru á sömu leið. Hvað það snertir, er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, að búið væri að skipa niður fyrir fram á þessi óvissu útgjöld, þá er það alveg ómögulegt.

Davíð Guðmundsson: Fyrst að þetta mál er svo mikið nauðsynjamál, eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skýrði frá og sannaði með dæminu af Englendingnum, þá vil eg leiða athygli þingsins að því, hvort 200 rd. styrkur eigi muni vera of lítill, bæði til þess að auka safnið og til þóknunar handa umsjónarmönnum, og hvort því eigi sè rèttara, að láta uppástungu beiðandanna halda sèr, að biðja um 300 rd., því það er auðsætt, að ef allir Englendingarnir, sem nú eru að ferðast hèr, verða eins ötulir í að safna gripum út um landið, eins og þessi eini, þá munu á þessu ári fara eigi allfáir gripir út úr landinu.

Forseti: Er það meining hins háttvirta þingmanns, að áskilja sèr breytingaratkvæði í þá stefnu, er hann minntist á?

Davíð Guðmundsson: Já.

Halldór Kr. Friðriksson: Nefndin vildi fara sem varlegast og hóflegast í málið. Út af ræðu hins háttvirta þingmanns Rangæinga skal eg geta þess, að meðan þessi fjárstyrkur er laus, þá er líka eðlilegt, að hann sè tekinn af því fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, því að væri hann talinn sem sèrstök útgjaldagrein, þá væri hann skoðaður sem fastur styrkur. Það getur heldur með engu móti orðið því til fyrirstöðu, að þetta fè fáist, þótt vísað sè, eins og nefndin fer fram á, á það fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, því að hafi hún völ á

öðru fè til þess, þá bætir hún því við það fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, og veitir svo af því fjárstyrkinn.

Grímur Thomsen: Eg verð enn á ný að ítreka það, að það er alveg gagnstætt rèttum reglum, að þegar beðið er um fè úr ríkissjóði, þá að vísa stjórninni á, af hvaða útgjaldagrein hún á að taka það, og þessi regla gildir eigi að eins um ráðgjafarþing, heldur einnig um löggjafarþing; þar er eins ætíð varazt að segja við stjórnina: af þessari útgjaldagrein geturðu tekið fèð. Nei, það á að vera á valdi umboðsstjórnarinnar; hún á að sjá um það, að taka fèð þaðan, sem bezt hentar. Eg get annars eigi skilið, hví nefndin heldur svo fast við þetta, því þótt sagt sè einungis «úr landssjóðnum», þá er þó alls eigi það fè, sem ætlað er til ófyrirsjáanlegra útgjalda landsins, útilokað þar frá. Þetta sýnir annars það, sem opt ber við, að menn leggja mesta áherzlu á það, sem að eins er til skaða.

Konungsfulltrúi: Eg er hinum heiðraða þingmanni Rangvellinga alveg samdóma um sambandið milli hinna ýmsu útgjaldagreina í fjárhagsáætluninni, og get þess vegna að öllu leyti skýrskotað til þess, er hann í þessu tilliti tók fram; eg skal því láta þá meiningu mína í ljósi, að það líka muni eiga betur við, að aðhyllast breytiugaruppástungu þessa heiðraða þingmanns.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið, og vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn, er hafa áskilið sèr rètt til breytingaratkvæða, að koma þeim til mín hið allrafyrsta.

Það, sem því næst liggur fyrir, er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá því, eins og þykir þurfa.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II. bls. 283).

Eg veit raunar eigi, hve mikla áherzlu meðnefndarmenn mínir hafa lagt á þetta ágreiningsatkvæði mitt, fyrst að þeir hafa hálfneytt mig til að vera framsögumann í málinu, og það enda þótt eg væri í minni hlutanum og völ væri á mörgum betri í nefndinni. Um breytingar þær, er nefndin hefir gjört á frumvarpinu, ætla eg eigi að fara mörgum orðum; það eru fáar verulegar efnisbreytingar. Helzta breytingin er sú, er nefndin gjörði á 1. grein,

nefnilega að hún hefir lækkað tollinn þannig, að þeir 4%, sem gjalda skal í skattheimtulaun, séu teknir af upphæð alls gjaldsins. En þó hefir nefndin hækkað tollinn í heild sinni, því hún hefir hækkað tollinn af «spiritus», og auk þess hefir hún lagt toll á bjór, sem alls eigi er nefndur í frumvarpinu; en það er auðsjáanlega samkvæmt grundvallarreglu frumvarpsins, að leggja jafnt á allar vínlegundir. En nefndinni þótti þó tilhlýðilegt að hafa tollinn hærri á «sprit» en á brennivíni. Menn segja, að það sé ómögulegt að controllera, hvað spiritus sé, og hvað ekki sé spiritus, en það er þó auðsjáanlegt, að það veitir meiri tryggingu og verður hægra að hafa allt eptirlit með því, ef tollurinn er hækkaður. Það verður líka örðugt fyrir kaupmenn að blanda margar tunnur af spiritus. Auk þess liggja líka svo þungar sektir við, ef það kemst upp, að víst fáir kaupmenn mundu hafa áræði til þess. Nefndin vildi heldur eigi, að skipstjórnarmennirnir hefðu leyfi til að undan skilja vistir handa sjálfum skipverjunum, og eru færðar ástæður fyrir þeirri breytingu í nefndarálitinu, svo að eg þarf eigi á þær að minnast. Þetta eru nú þær einu verulegu breytingar, sem nefndin hefir gjört á frumvarpinu, og sem haggar nokkuð grundvelli þess.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir með því að játa, að það bæði sé sanngjarn og réttur máti til að auka tekjur landsins, að leggja hæfilegan toll á brennivín og áfenga drykki á þann hátt, sem fram á er farið í frumvarpinu, og að tollheimtumáti sá, sem þar er gjört ráð fyrir, sé sá hægasti, hagkvæmasti og svo litlum kostnaði bundinn sem unnt er, eptir því sem hér hagar til, tekið svo vel í þetta mál, að eg vona að það fái beztu meðferð á þinginu.

Að vísu hefir meiri hluti nefndarinnar stungið upp á einni breytingu við 11. gr., sem að mínu áliti er óaðgengileg, en hún snertir ekki efni frumvarpsins, heldur að eins spursmálið um þann tima, frá hverjum tilskipunin skuli öðlast lagagildi. En þar sem hin heiðraða nefnd í heild sinni hefir lýst því yfir, að hún finni til þess, hvað nauðsynlegt það sé, að tekjur landsins aukist sem mest á þann hátt, að gjaldið verði gjaldendum sem minnst tilfinnanlegt, og að nefndin þess vegna eindregið verði að aðhyllast þá skoðun frumvarpsins, að æskilegt sé að þessi tollur komist á og renni í sjóð landsins, þá er hinn heiðraði meiri hluti kominn í mótsögn við sjálfan sig með þessari uppástungu, því hvort sem

verður, hvort þingið óskar að þiggja fjárforræði það, sem frumvarpið til stjórnarskrárinnar býður fram, eða ekki, verður þörf landsins á meiri tekjum hin sama, eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga svo ljóslega og rèttilega tók fram um daginn í málinu um stofnun búnaðarskóla, að eg get skírskotað til hans í þessu tilliti. Eg er honum alveg samdóma um það, að þó að æskilegt sè, að alþingi fái löggjafarvald, þá megum vèr ekki binda öll þau mál, sem snerta framför og velmegun landsins, við það skilyrði, að stjórnarskráin komist á, því þá setjum vèr þarfir landsins á eptir spursmál, sem að eins snerta formið, því það er vafalaust, að vel má stjórna bæði með ráðgefandi og löggefandi alþingi, ef það stjórnarfyrirkomulag, sem til er eptir gildandi lögum, að eins verður vel notað. Hinum heiðruðu þingmönnum er það kunnugt, að eg af heilum huga óska þinginu samþykkjandi hlutdeildar í löggjafarvaldinu og fjárforræðinu, af því að eg er sannfærður um, að með því fyrirkomulagi getur landinu ekki einungis orðið stjórnað vel og framfarir þess eflzt — en þetta getur eins vel skeð með því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er — heldur vona eg þess einnig fastlega, að þessi hlutdeild muni efla þann dugnað og þrek hjá landsmönnum, sem oss vantar enn. Eg get vel ímyndað mèr, að frumvarp það, sem hèr ræðir um, geti orðið hvöt fyrir þingið til að aðhyllast frumvarpið til stjórnarskrárinnar, því það bæði sýnir og sannar, að það er mögulegt nú þegar að auka tekjur landsins eptir því sem þörf er á, og þar hjá mun það útvega landssjóðnum svo mikið fè árlega, að þinginu mun þykja æskilegra að fá hlutdeild í umráðunum yfir honum, undir eins og ósk þingsins að efla framfarir landsins mun verða enn meira lifandi, þegar það fær sèð, að skilyrðin fyrir þessu eru til; en hitt get eg ekki skilið, að þingið skyldi óska að hamla framförum landsins, þó að það, ef til vill, ekki kynni að fá óskum sínum framgengt um stjórnarfyrirkomulagið. En eins og þingmenn vita, get eg sem stendur ekki dæmt um það, hver árangur muni verða af umræðum þingsins um stjórnarskrána. Eg skal að öðru leyti með tilliti til þessa atriðis skírskota til ágreiningsatkvæðis hins heiðraða minni hluta, sem skýrt og ljóslega hefir tekið fram bæði ósamkvæmni minni hlutans við sjálfan sig og nauðsynina á því, að binda ekki þetta frumvarp við úrslit umræðanna um stjórnarskrána.

Eg skal nú snúa orðum mínum til hinna annara breytingarupp-

stungna hinnar heiðruðu nefndar. Sú verulegasta breyting, sem nefndin stingur upp á, er viðauki hennar við fyrstu gr., að sèrstaklega verði lagður tollur á óblandaðan spiritus og að hann verði settur 24 sk. á hvern pott, eins líka af aðfluttum bjór 2 sk. af potti hverjum. Eg skal játa það, að ef ekki verður lagður hár tollur á spiritus, getur skeð að verzlunarmenn flyttu hann, og blandi síðan sjálfir með vatni, og að þeir með þessum hætti geti sloppið, ekki alveg frá tolli, eins og segir í nefndarálitinu, heldur frá nokkrum hluta hans, sem borgaður er af brennivíni, þegar það verður flutt hingað sem brennivín, og geti selt löndum vorum þessa blöndu, sem verður hartnær ódrekkkandi brennivín, líklega með eins háu eða, ef til vill, hærra verði. Frá þessu sjónarmiði hefi eg svoleiðis ekki neitt að athuga við skoðun þá, að hærri toll eigi að leggja á óblandaðan spiritus, en á venjulegt brennivín, og þetta hefir einning vakað fyrir mèr, þegar eg eptir skipun stjórnarinnar átti að gjöra uppástungu um þennan toll, en eptir nákvæmari yfirvegun alls þess, sem tillit þurfti að hafa til, varð eg að komast að þeirri niðurstöðu, sem frumvarpið einnig er byggt á, nefnilega að óráðlegt sè að við hafa fleiri tollsatser (ýmsar tollhæðir), því þær munu gjöra eptirlitið og tollheimtuna langtum örðugri, og ef til vill ómögulega, eptir því sem hèr á landi hagar til. Það er nefnilega auðsætt, að ef hærri tollur verður lagður á spiritus en á venjulegt brennivín, mun verða nauðsynlegt að rannsaka hverja brennivínstunnu, sem inn verður flutt, til þess að ganga úr skugga um, hvort hún innihaldi brennivín upp á 8 gráður eða upp á fleiri gráður, eða með öðrum orðum: þá á innheimtumaðurinn að gradera allt það brennivín, sem inn verður flutt, áður hann getur innheimtað tollinn. En sá er einmitt, að minu áliti, hinn bezti kostur frumvarpsins, að eptirlitið verður svo óbrotið, að það getur orðið tryggjandi, og innheimtan svo einföld, að hún er vinnandi verk. Ef ekki væri sá annmarki, sem eg nú gat um við uppástungu nefndarinnar, skyldi eg vissulega mæla með henni, því hún er í sjálfri sèr rèttilega hugsuð, en af því að hún að minu áliti er óhafandi, þegar til framkvæmdanna kemur, skal eg ráða þinginu frá að aðhyllast hana. Þó að eins konar (sami) tollur á spiritus og brennivíni kynni að gefa tilefni til þess, sem hin heiðraða nefnd hefir gjört ráð fyrir, mun þessi ókostur naumlega verða meiri enn sá, sem getur gjört eptirlitið með tollinum ómögulegt, og eg gjöri ráð

fyrir, að þó að einstakur kaupmaður kynni að fara þann veg í þessu tilliti, sem nefndin hefir bent á, mun reynslan kenna honum, að með því að spara hèr um bil 3 sk. á pottinum — því meiri verður að eg held ekki munurinn, þar sem líklega ekki verður blandað meira brennivín af spiritus og vatni, en hèr um bil hálfa aðra tunnu úr einni tunnu af spiritus, og þá að selja ódrekkandi brennivín — getur hann ekki haft neinn verulegan eða langvinnan ábata, þar sem viðskiptamenn hans líklega munu neyða hann til að útvega þeim drekkandi brennivín. Af þessari ástæðu, sem eg nú hefi tekið fram, skal eg mæla á móti því, að hærri tollur verði lagður á spiritus en á brennivín, en eg skal þar hjá leiða athygli þingsins að því, að þó að gjörlegt væri, án þess að ónýta eptirlitið, að leggja hærri toll á spiritus, þá er tollur sá, sem stungið er upp á, 24 sk. af hverjum potti, eða þrisvar sinnum meiri en af hverjum brennivínspotti, í sjálfu sèr of hár, því þar sem spiritus, að því er mèr er kunnugt, á að halda 14 gráður, á meðan venjulegt brennivín á að halda 8 gráður, er auðsætt, að það nær engri átt, að þrefalda tollinn, þar sem hann að rèttri tiltölu við styrkinn ekki á að vera meira en 14 sk. á móti 8 sk. Hvað orðatiltækið «óblandaður spiritus» snertir, skal eg skjóta því til þeirra, sem gagnkunnugri eru en eg er frumefnafræðinni, hvort það eigi vel við um «sprit», sem naumlega er alveg óblandaður vatni, eða hvort ekki sè rèttara, eins og í öðrum tollskrám tíðkast, að því mèr er kunnugt, að til taka gráðustyrkinn og láta hann ráða tollupphæðinni. Þó að tollur á bjór muni að nokkru leyti gjöra innheimtuna erfiðari, og þó að hann á hinn bóginn ekki muni auka tekjur landsins um mikla upphæð, þar sem hann eptir uppástungunni og skýrslunum um innfluttar vörur frá 1868 og 1869 ekki mun verða samtals meiri enn 6—700 rd. árlega, skal eg fyrir mitt leyti ekki mæla móti þessari uppástungu.

Þar sem nefndin enn fremur við 1. gr. stingur upp á, að síðari málsgrein falli burt, þá skal eg, ef þingið aðhyllist þessa breytingu, ekki mæla á móti henni, en skal að eins geta þess, að þessir 4%, sem eptir frumvarpinu eru ætlaðir til að bera allan kostnað þann, sem innheimtan og eptirlitið mun hafa í för með sèr, svoleiðis að tollurinn sjálfur yrði hreinar netto-tekjur handa landssjóðnum, í sjálfu sèr eru lítilræði í samanburði við tollinn, því þeir útgjöra ekki meira fyrir hvern pott af brennivíni en naumlega $\frac{1}{8}$ sk. Það er sjálfsagt að gjald það, sem hèr ræðir um, á

að renna inn í landssjóðinn, hvort sem það er tekið fram í frumvarpinu eða ekki, því eptir stjórnarfyrirkomulagi landsins geta hvorki beinlínis né óbeinlínis skattar runnið inn í annan sjóð en landssjóðinn. Það er því ekki gleymt að geta þessa í frumvarpinu, heldur er álitið ónauðsynlegt að geta þess, af því það segir sig sjálft.

Á móti breytingaruppástungum nefndarinnar við 2., 3. og 7. gr. hefi eg ekki neitt. Breytingin við 8. gr. segir í rauninni ekki mikið, því líklega mun landshöfðinginn ekki finna ástæða til að gjöra opt undantekningar frá ákvörðunum tilskipunarinnar, en þar sem uppástungan bæði er gagnstæð því sem venjulegt er að ákveða í öllum þess konar lögum, að hin æðsta umboðsstjórn hefir þetta vald — eg skal t. d. skýrskota til 14. gr. í frumvarpinu um póstmál — og gagnstæð þeirri almennu reglu, að yfirvalds-úrskurðum geti orðið breytt af æðri yfirvöldum, og ekki getur verið spursmál um, að greinin gefi landshöfðingjanum vald til, að breyta dómi dómstólanna, þegar málið hefir verið útkljáð með dómi, skal eg mæla á móti þessari breytingaruppástungu.

Við 9. gr. hefir hin heiðraða nefnd stungið upp á, að sektirnar eptir 6. gr. renni í fátækrasjóð, en ekki í landssjóð eptir frumvarpinu, og hefir nefndin í þessu tilliti aðhyllzt uppástungu þá, sem stiptamtmaðurinn á að hafa gjört, eptir ástæðunum fyrir frumvarpinu. Þó að eg nú ekki óski að vera þessum embættismanni ósamkvæmur, skal eg leyfa mèr að mæla með frumvarpinu vegna þess, að analogia sú, sem það hefir aðhyllzt, sem sè að eptir hinum almennu hegningarlögum eigi aðalreglan að vera, að sektir renni í sjóð landsins, er nýrri og eðlilegri en analogia sú, sem stiptamtmaðurinn hafði dregið frá tilsk. 15. apríl 1854, 9. gr.

Með tilliti til uppástungu nefndarinnar við 10. gr., að í staðinn fyrir «hlutaðeigandi stjórn» verði sett «landsstjórn», skal eg skýrskota til þess, sem eg í öðrum málum hefi tekið fram um það, að ekki er búið að ákveða verkahring landshöfðingjans, að því mèr er kunnugt.

Þó að eg ekki ætli að mæla móti því, ef þingið aðhyllist það, að skattheimtumönnum verði veittir 4% innheimtulaun, í staðinn fyrir 2%, eins og frumvarpið til tekur, skal eg láta þá meiningu mína í ljósi, að það muni verða landssjóðnum meiri hagur, að þingið aðhyllist þær ákvarðanir, sem í þessu tilliti innihaldast í 1. og 10. gr. frumvarpsins.

Framsögumaður: Það gladdi mig mikillega, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er yfir höfuð að tala vel ánægður með, hvernig nefndin hefir leyst af hendi starfa sinn í þessu máli, en þó get eg eigi verið honum í öllum greinum alveg samdóma. Nefndin fann, þegar hún ræddi málið, til erfiðleikanna, er af því mundi leiða, ef tollurinn væri hækkaður á nokkrum vínföngum, en hún gat þó eigi leitt hjá sèr að hækka tollinn á spiritus. Hinum háttvirta konungsfulltrúa þótti hann líka of hár hjá nefndinni í samanburði við tollinn á brennivíninu, þar sem spiritus er eigi meir en helmingi sterkari en brennivín, og það skal eg líka játa að hann er, þegar spiritus og brennivín þannig er borið saman eptir sterkleika, því að það hafa kaupmenn sagt mèr sjálfir, að eigi megi blanda spiritus með vatni meira en til helminga; annars verði það of dauft, en það, sem eiginlega vakti fyrir nefndinni með að hækka tollinn, var það, að hún vildi fæla kaupmenn frá að flytja spiritus til landsins. Eg ímynda mèr eigi heldur, að skoða þyrfti hverja tunnu, eins og konungsfulltrúi tók fram, því að kaupmenn mundu aldrei þora að flytja mikinn spiritus, þar sem sektirnar eru svo háar, ef það kemst upp. Eg skal eigi segja neitt um það, hve margar gráður óblandaður spiritus heldur; eg er eigi svo kunnugur efnafræðinni, að eg geti sagt það, en eg skal einungis geta þess, að frumvarpið hugsar sèr, að komið geti fyrir í einstöku tilfellum, að rannsókn þurfi við að hafa, eins og sjá má á 3. grein; þar er það að vísu skoðað sem undantekning, og hið sama yrði ofan á, þó því væri haldið, er nefndin fer fram á, því hún áleit, að það mundi sjaldan fyrir koma, að rannsaka þyrfti farminn. Eg er alls eigi fastur á ýmsu öðru, er hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði að athuga við nefndarálitið, t. d. að landsstjóri megi lækka sektirnar, og eigi heldur breytingunni í 8. gr., því hinn háttvirti konungsfulltrúi skýrði frá, að sú væri eigi meiningin, að það mætti gjöra, þegar málinu hefði verið vísað til dómstólanna, heldur að eins þá, er lægri yfirvöld hefðu ákveðið sektirnar. Viðvíkjandi 9. gr. skal eg geta þess, að það, sem nefndinni gekk til með að setja þar fátækrasjóð í staðinn fyrir landssjóð, var það, að hún áleit, að það mundi verða vinsælla í landinu, og verða mönnum hvöt til að reyna að uppgötva brotin, svo að þótt «analogian» kunni að tala fyrir því, að haldið sè orðinu «landssjóður», þá held eg þó, að hitt verði affarabetra í reyndinni, og get því eigi fallið frá því.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætla fyrst að fara nokkrum orð-

um um það, sem síðast er, nefnilega breytingu meiri hluta nefndarinnar á 11. greininni. Reyndar efast eg eigi um, að meiri hlutinn sjálfur vilji breyta þessu niðurlagsatriði sínu, því honum hlýtur að vera það ljóst, er hann hugsar út í það, að það er eigi heppilegt. Nefndinni hlýtur að vera það ljóst, að þetta er alveg það sama sem að biðja konung að ráða, hve nær frumvarpið verður lögleitt. Að minnsta kosti væri eg Minister og heyrði, að öllum líkaði frumvarpið vel, þá mundi eg segja: «góður dagur kemur aldrei of snemma», og strax lögleiða frumvarpið; þessi breyting meiri hluta nefndarinnar er því alveg óþörf og til einkis. Eg ætla þó eigi að álasa nefndinni, því, þótt hún reyndar hafi aðhyllzt frumvarpið, þá mun hún þó líklega hafa fundið einhverja veilun við það. Hvað þá þennan toll snertir, er hèr ræðir um, þá virðist mèr hann vera of hár. Enginn má skilja orð mín svo, að eg sè að hafa á móti tollum, ef þeir að eins eru skynsamlegir, og á rèttum tíma á lagðir, því eg játa það manna fúsastur, að vèr þurfum tolla, hvernig sem fer með stjórnarmál vort, svo framarlega sem nokkrar framfarir eiga að verða hjá oss, en þeir mega eigi vera of háir, en það er þessi tollur eptir mínu áliti. Í frumvarpinu er bent á tvennt, er sè tilgangurinn með tolli þessum, nefnil. bæði að útvega landinu fè og svo hamla ofdrykkjunni. Hvað ofdrykkjuna snertir, þá get eg eigi sagt, að þar sem eg þekki til, eigi stað nein veruleg ofdrykkja; auk þess álít eg brennivín eða ölföng eigi beinlínis óþarfa-vöru hèr í sjóplázunum; brennivín verður því nær nauðsynjavara fyrir sjómennina. Að minnsta kosti er hægt að leiða rök að því, að þar sem mest er brúkað af brennivíni, þar er sjór sóttur með mestum dugnaði. Ofdrykkja á hèr ekkert við. En hvað tilganginn með tollinum snertir, nefnilega að fá fè handa landinu, þá held eg, að minna mætti gagn gera, en það sem frumvarpið og nefndin fara fram á, að leggja 8 sk. á hvern pott, því það gjald mundi nema 50,000 rd., sem er meira, já þriðjungi meira en öll gjöld af Íslandi í landssjóðinn. En svo að eg nú snúi mèr aptur að ofdrykkjunni, sem eg reyndar eigi þekki svo mikið til, þá held eg að henni verði lítið hamlað með þessum tolli; eg held þar um megi segja: «góð meining enga gjörir stoð». Vèr þekkjum allir þessi fornu orð: spyrjum eigi, hvað það kostar, það er gott, ef það einungis fæst. Eins ber þess að gæta, að mèr virðist tollurinn ætti að lenda mest á ofdrykkjumönnunum, en það gjörir hann engan veginn; hann lendir mest á dugnaðarmönnunum, sem þurfa

að hafa talsvert brennivín til heimilisbrúkunar. Eg álít líka, að þó þessi tollur sè lagður á brennivín, þá sè hann þó eiginlega lagður á verzlunina, að minnsta kosti þættist eg, ef eg væri kaupmaður, hafa rètt til að jafna tolli þessum á aðrar vörur. Það væri líka óhyggilegt að hafa tollinn svo háan, ef það yrði til þess, að vèr fengjum verra brennivín. Vèr megum eigi gleyma því, að verzlunin hèr er alls eigi ósjúk, og því virðist mèr varúðarvert, að leggja fjarskalega mikla tolla á hana; þó er eg eigi á móti því, að hóflegir tollar sèu lagðir á hana. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði við 1. gr. um, að tollurinn sè lækkaður um 2 eða 4 skildinga. Eg er annars samdóma nefndinni í því, að hafa toll á spiritus talsvert hærri en á brennivíni, þó álít eg 24 skildinga of háan toll; eg kem, ef til vill, líka með breytingaratkvæði um, að sá tollur sè lækkaður dálítið. Þessa breytingu á frumvarpinu að lækka tollinn álít eg miklu hyggilegri, en þá, sem nefndin hefir stungið upp á, að láta tollinn vera svona háan, en biðja að hinu leytinu um, að hann verði ekki lagður á fyr en einhvern tíma og einhvern tíma. Í því er nefndin mèr alveg samdóma, að óskyggilegt sè, að leggja á háa tolla, meðan þingið hefir engin verulég umráð yfir fjárhag landsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Eins og þingmönnum er kunnugt, var frumvarp lagt fyrir alþingi 1865 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum; þá var reyndar ætlazt til, að öðruvísi væri á lagt, en tilgangurinn var hinn sami, það er að segja, að fá fè til að auka tekjur landsins. Eins og þingmönnum mun líka kunnugt, rèð þingið þá frá, að gjöra frumvarp þetta að lögum, og af hvaða ástæðu? Af engri annari ástæðu en þeirri, að þá væri óhentugur tími til að leggja tolla á landið, þar sem þingið eigi hefði atkvæðisrètt um slík mál, og meðan ríkisþing Dana ætti að fjalla um þau, og tekjurnar rynnu í ríkissjóðinn. Annað mál væri það, ef því ætti að verja í sèrstakar þarfir Íslands eptir atkvæði alþingis. Menn kunna reyndar að segja, að nú sè öðruvísi ástatt; ríkisþingið hafi nú fremur engin afskipti af málefnum vorum, og fjárhagurinn sè aðskilinn með stöðulögunum, eða hvað sem á að nefna þau, 2. janúar þ. á.; það er satt, fjárhagurinn er aðskilinn, það verðum vèr að telja sjálfsagt, og þess vegna rennur fèð eigi lengur í sameiginlegan ríkissjóð, heldur í sèrstakan sjóð Íslands, og að því leyti gæti verið ástæða til að samþykkja toll þennan; en hin ástæðan, sem 1865 var færð til á móti því að leggja tolla á

landið, stendur enn óhögguð, það er að segja sú, að alþingi hefði eigi fullan atkvæðisrètt um, hvernig fènú væri varið. Ríkisþingið hefir reyndar sleppt öllum afskiptum af fjárhag vorum, en eigi í hendur vorar, heldur í hendur hins danska dómsmálaráðgjafa. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að alþingi hefði ekkert fjárveitingarvald og ekkert atkvæði um, hversu fènu væri varið. Þetta er satt; því að þetta er svo í rauninni, svo eigi verður móti mælt, því að hvort sem það er rètt eða eigi, þá álítur stjórnin það mál þinginu alveg óviðkomandi. Nú get eg heldur eigi skilið, hvernig þingið getur orðið sjálfu sèr samkvæmt, er það ræður frá öllum fjárbeiðslum, nema það einnig ráði frá og mótmæli öllum tollum. Eg er samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa um það, að meiri hlutinn sè sjálfum sèr ósamkvæmur, þar sem hann er að gjöra ýmsar breytingar á frumvarpinu, en vill þó að því sè frestað. Þetta er hvað á móti öðru; þegar menn ráða til einhvers, vilja menn, að það fái framgang. Hefði nefndin verið sjálfri sèr samkvæm, þá hefði hún átt að ráða frá að frumvarpið næði lagagildi, en heldur eigi stinga upp á neinum breytingum. Það er mjög óeðlilegt, að þingið biðji um tolla, sem það eigi veit hvernig varið verður. Það er satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að hver stjórn og líka einvaldsstjórn getur verið góð, en það hefir þó þótt meira tryggjandi, að lýðurinn fengi atkvæðisrètt í stjórnarmálum, heldur en að það væri allt einungis á valdi eins manns. En nú hefir þjóð vor ekkert atkvæði fengið í þessu efni, þess vegna er það bezt og samkvæmast af nefndinni og þinginu, að ráða alveg frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum. Þótt eg játi, að fyrst af öllu ætti að leggja toll á brennivín, þá er eg þó samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu um það, að eins mikið mundi verða drukkið eptir sem áður, og það enda þótt tollurinn væri hafður hærri. Eg er líka sannfærður um, að kaupmenn þurfa alls eigi að selja brennivín dýrara en áður fyrir þennan toll, og mundi það því eigi draga úr víndrykkjunni, eins og menn ætla. Menn óska að fá atkvæðisrètt um landsins mál; því að þótt Danastjórn geti stjórnað vel, þá efa eg þó, að hún gjöri það hèr eða sè nógu kunnug til þess, að minnsta kosti eins haganlega, eins og með ráðum vorum. Eg vil alls eigi drótta því að stjórninni, að hún eigi muni verja fènu í landsins þarfir, en það er eigi nóg, að því sè varið til þess; það er eigi víst, að það fyrir það verði að verulegum notum, eða verði varið sem haganlegast, meðan að

alþingi, sem bæði er kunnugra og hlýtur að láta sèr mjög annt um þarfir landsins, ekkert atkvæði hefir um, hvernig því er varið. Mèr finnst líka hinn háttvirti konungsfulltrúi verða að játa það, að það er heldur eigi samkvæmt af honum, heldur en af þinginu, að ráða frá öllum fjárbeiðslum, en ráða þó til, að tollar sèu lagðir á landið. Það getur verið, að það sè samkvæmt frá hans sjónarmiði, en það er þó eigi frá þingsins sjónarmiði. Eg ætla því að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að þingið ráði stjórninni frá að gjöra frumvarp þetta að lögum, án þess að greiða atkvæði um hverja grein þess; en ef þingið fellst eigi á það, en fer að ræða sèrhverja grein frumvarpsins, þá verð eg að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að frumvarpið verði eigi gjört að lögum, fyr en þingið hefir fengið fullt fjárforræði. Eg er reyndar alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu um, að meiri hlutinn gefur með því stjórninni vald til að gjöra frumvarpið að lögum, hve nær sem hún vill, og það jafnvel fyr, en hún hefir ætlazt til. Eg get skilið, að það sè tilgangur nefndarinnar, að girða fyrir, að frumvarpið yrði gjört að lögum, fyr en þingið hefði fengið löggjafarvald, en hefir viljað spara ómak seinna með því að ræða nú frumvarpið. Það er eitthvað óljóst í þessu hjá nefndinni.

Sigurður Gunnarsson: Úr því skatt þarf að leggja á, þá kýs eg miklu heldur óbeinlínis skatt en beinlínis tolla, og virðist mèr, að hèr sè ráðizt á hinn heppilegasta gjaldstofn, þar sem ráðgert er að leggja toll á vínföngin; því þetta gjald kemur minnst niður á hina snauðu, sem minnst kaupa af vínunu, en mest á hina efnaðri og óreglumennina, eins þó snauðir sèu, en þá tel eg eigi tilsparandi, þótt þeir verði að borga dálítið til landsins þarfa. Eigi þykir mèr tollurinn á brennivíninu of hár, en heldur blandast mèr hugur um spiritus, hvort leggja eigi á hann sèrstakan toll, ekki fyrir það, að það sè eigi vel vert, heldur vegna eptirlitsins; það má flytja svo og svo mikið af spiritus undir brennivínsnafni. Vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að spiritus falli burt. Aptur á móti þykir mèr gjaldið á bjór of lágt; hann mun vera næstum því eins áfengur og sum önnur vín, og eg held mikið óhollur; eg vil því áskilja mèr það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir 2 sk. á bjór, verði settir 4 skild. Mèr liggur líka við að áskilja mèr rètt til að breyta orðum í ákvörðuninni um 4% gjaldið. Annars felli eg mig vel við flest í frumvarpinu og nefndarálitinu. Samt eru

það fáeinar orðabreytingar, sem eg vil gjöra, og ætla eg að bera mig saman við nefndina um þær. Um 11. grein ætla eg eigi neitt að tala, því eg ber eigi skyn á það.

Grímur Thomsen: Mèr sýnist þingið gjöra rètt í að blanda eigi þessu frumvarpi saman við frumvarpið til stjórnarskrár Íslands, því hún er nú sem stendur «brennandi spursmál». Eg sný mèr þá að frumvarpinu, eins og það liggur fyrir. Mèr virðist tollurinn vera of hár; mèr virðist 8 skildingar af hverjum potti vera allt of mikið, og skal eg reyna að sanna það með ástæðum sjálfs frumvarpsins. Eg skal leyfa mèr að lesa upp grein úr ástæðunum á 6. og 7. blaðsíðu, sem hljóðar þannig: «Nú kynni það samt að vera uggvænt, að þessi skjöl væru svo nákvæm, að gjaldið yrði reiknað eptir þeim, en stiptamtmaður hèlt, að komast mætti hjá þessum annmarka, ef tollembættismönnum og verzlunarfulltrúum yrði sagt fyrir, að sjá um það, sem með þyrfti í þessu efni,, og skyldi, hvernig sem atvikast, mega heimta af skipstjórnarmönnum, og ef svo ber undir, af þeim, sem taka við farminum, skýrslur upp á æru og trú um farminn. Þess var að öðru leyti getið, að það væri hvorttveggja, að langmest af því, sem að fluttist til Íslands af áfengum drykkjum, hafi verið danskt brennivín, sökum þess tollendurgjalds, sem veitt er fyrir að flytja brennivín úr Danmörku, enda mundi tollendurgjaldið gjöra það að verkum, að tollskrárnar hefðu inni að halda með öllu nákvæmar skýrslur um, hve mikið væri á skipinu af brennivíni, þar sem það er hlutaðeiganda í hag, að draga ekki neitt undan við tollafgreiðsluna, og með svofelldu móti kæmist að eins að því, að heimta skýrslu skipstjórnarmannsins og þess sem tekur við vörunni, þegar flutt væri brennivín frá útlöndum. Þessi grein er góð sönnun fyrir því, að til þess að skýrslur skipstjórnarmanna og verzlunarmanna séu sannar, þá er mjög komið undir því, að tollurinn sè hafður lægri. Eg vil spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa, hvernig að á að fara, ef flutt er hingað Hamborgar-brennivín, en þessa eigi getið á skipsskjölunum. Reyndar er konsúlnum upp á lagt, að sjá um, að öllu því, er danskt skip tekur upp, sè bætt við á skipsskjölin, og lögð við 10—50 dala sekt, ef þessu boði er eigi hlýtt, en það mun þó sjaldnar vera, að þessa vörumegns, sem skipin taka á útlendri höfn, sè getið í skýrslunum, því fáist vöruruar þar með lægra verði, þá nemur munurinn á verðinu fyrir allar vörurnar meiru en 10—50 dölum, sem er sektin fyrir það, ef þeirra er eigi getið á skýrslun-

um. Eg set t. d., að skip fer frá Kaupmannahöfn með 100 tunnur af brennivíni, fær þar fyrst endurgjaldið, sem menn fá þar fyrir að flytja út brennivín, fer síðan til Hamborgar, selur þar brennivínið, en kaupir þar aptur innlent brennivín fyrir 6 eða 8 skildinga pottinn, fer með það upp hingað, og selur það með sama verði, eins og danskt brennivín að tollinum viðbættum. En í skipsskýrslunum er þess ekkert getið, því hann vill heldur borga 10—50 dala sekt, en verða fyrir hærra tollgjaldi á Íslandi. En ef tollurinn hèr eigi væri hafður hærri en tollendurgjaldið er í Danmörku, þá mundi kaupmaðurinn eigi kæra sig um að fara að fara á útlendar hafnir til þess að kaupa brennivín; hann mundi gjöra sig ánægðan með að fá 4 skildinga af potti hverjum í tollendurgjald í Danmörku, þó hann þyrfti, er hann kæmi hingað, að gefa þá sömu 4 skildinga út aptur í tollgjald. Eg vona, að þingmönnum skiljist það, að með því að lækka tollinn niður í 4 skildinga, eins og tollendurgjaldið er í Danmörku fyrir útflutt brennivín, þá ynnist það, að skýrslurnar mundu verða miklu nákvæmari. Eg sting því upp á því, að tollurinn sè lækkaður niður í 4 skildinga, eins og brennivíns-endurgjaldið er í Danmörku. Eg er líka sannfærður um, að sá tilgangur frumvarpsins að rýmka drykkjuskapinn hèr á landi næst eigi, því að þeir, sem á annað borð eru hneigðir fyrir brennivín, munu drekka það eins eptir sem áður, en hitt er verra, að ef tollurinn er hafður hár, þá mun þar af leiða það, að hingað verður eigi flutt minna brennivín, heldur verra brennivín. Það er viðurkennt, að danskt brennivín er hið bezta brennivín, og eg er því samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um það, að það eigi muni bæta heilsu manna hèr á landi, ef farið verði að flytja hingað meira af Hamborgarbrennivíni, eða eins og segir í vísunni: Flensborgarabrennivín. Eg er líka samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa um það, að tollurinn á spiritus sè of hár eptir uppástungu nefndarinnar, og það er víst, að það mundi verða ókljúfandi fyrir umboðsstjórnina hèr að rannsaka, hvað væri brennivín og hvað spiritus, þar sem það veitir mjög örðugt utanlands að mæla gráðurnar. Eg held, að menn verði að koma sèr saman um að lækka tollinn. Í öðrum tollskrám er enginn munur gjörður á brennivíni og spiritus (hreinum alkohol), og leggja flestar þjóðir jafnan toll á brennivín og spiritus, nema Frakkar, þeir leggja 8 skildinga á alkohol úr nýlendunum, en brennivín er þar tollfrítt. Í 4. grein er líka gjört ráð fyrir, að vörur verði fluttar á íslenzka

höfn á skipum þeim, er eigi þurfa að taka leiðarbrèf, en um gjaldið af þeim vörum á að fara eins og fyrir er mælt í 2. gr. Í ástæðunum er drepið á einn flokk útlendra skipa, nefnil. fiskiskipin, sem kynnu að koma að landi með vörur. Hvað þetta snertir, þá veit eg, að það mundi veita talsvert örðugt að hafa eptirlit með þeim, eg vil eigi segja hèr á Suðurlandi, en fyrir austan veit eg að skipverjar fara víða á land og verzla við íbúana, og gætu þá eins verzlað með brennivín, eins og hvað annað. Það þyrfti því meiri tryggingu við 4. grein, sem eg hef enn eigi hugsað um, en skal seinna gjöra grein fyrir. Annars líkar mèr frumvarpið vel. Eg fæ eigi skilið, hvernig vèr getum gjört svo margt, er gjöra þarf, ef vèr eigi höfum tolla. Í búnaðarskólamálinu var t. d. stungið upp á, mig minnir, að hinn háttvirti þingmaður Dalamanna gjörði það, að verja nokkru af því fè, sem inn kæmi af brennivínstollinum, til þess að styrkja búnaðarskólann, og hvort sem alþingi fær löggjafarvald eða eigi, þá er þó nauðsynlegt að þessi tollur verði lagður á, því það eru svo margar stofnanir, sem þarf að styrkja, en fèð vantar til þess. En það er að skjóta út fyrir markið, ef tollurinn er hafður of hár.

Framsögumaður: Eg gat eigi sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns Rangæinga um að tollurinn sè of hár, því eg ímynda mèr, að það, sem hann tók fram, verði meir í hugsuninni, en í reyndinni eða framkvæmdinni. Mèr fellur illa, að mèr skuli aptur í dag lenda saman við hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga; okkur lenti saman í gær, og eg býst nú við, að honum varla sè runnin reiðin síðan. Það var nokkuð stórkostlegt breytingaratkvæði hans; hann vildi, að nefndin hefði eigi rætt frumvarpið, heldur alveg protesterað á móti því. En eg vona, að hinn háttvirti forseti setji eigi þessa uppástungu fyrst á atkvæðaskrána, og ætla eg því eigi að tala um það. (*Forseti*: Það verður sett fyrst). Það mun þá vera eptir rèttum þingsköpnm. (*Forseti*: Jú, það ætla eg muni vera). Það er þó undarlegt, en það verður að vera komið undir heilbrigðri skynsemi þingsins, hvort það aðhyllist þetta breytingaratkvæði eða eigi. Eg verð að segja það meðnefndarmönnum mínum til hróss, að þeir hafa, eins og menn segja, borið sig loyalt að og rætt frumvarpið. Þeir breyttu eptir sinni sannfæringu, þeir álitu, að það væri gott og þarflegt að fá fè, en vildu girða fyrir þann ótta, að það eigi kæmist undir umráð annara, fyr en þingið hefði fengið fjárveitingarètt. Þeir hafa því í formlegu

tilliti farið alveg rètt að. Reyndar neita eg því eigi, að það er nokkur ósamkvæmni hjá þeim, er þeir vilja fá þessu framgengt sem fyrst, en biðja þó, að því sè frestað, þangað til stjórnarskráin er komin á. En þeir hafa ímyndað sèr, að þess mundi eigi verða langt að bíða, að hún kæmist á. Eg fyrir mitt leyti vil halda mèr við 11. grein frumvarpsins alveg óbreytta, því eg get ekkert samband sèð milli þessa máls og stjórnarskrárinnar.

Jón Hjaltalín: Eg vona, að hinn háttvirti þingmaðar Rangæinga taki mèr það ekki illa upp, þó eg svari honum nokkrum orðum. En eg vil skoða mál þetta frá almennu sjónarmiði, án þess að setja það í samband við stjórnarskrána eða nokkur önnur mál. Eptir því sem stjórnin sjálf segir í ástæðum fyrir frumvarpi þessu, er það tvennt, er hún vill til leiðar koma með því að gjöra frumvarp þetta að lögum, fyrst og fremst vill hún sporna við ofdrykkju, og í öðru lagi vill hún fá meiri tekjur með þessu móti. En þá er að athuga: Er augnamið það rètt, er stjórnin á þennan hátt vill fullnægja? og ekki nóg með því, heldur: er vegurinn líka rèttur? Vèr skulum skoða augnamiðið, og vèr hljótum þá að sjá, að það er rètt, þegar vèr að gætum, hve mikið er sötrað af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, en af brennivíni mun vera drukkið 5,900 potta af ekki fullum 70 þúsundum, sem í landinu búa; hve mikið það verður á hvern verkfæran mann, það ætla eg að yfirláta þinginu að reikna; en skaðann, já, þann óendanlega skaða, sem af ofdrykkjunni leiðir, það getur þingið ekki reiknað. Vèr lesum aptur og aptur í blöðunum: þar og þar fórst skip eða bátur, en sumir, sem á bátnum voru, voru meira eða minna drukknir. Og hvílíkur fjöldi fólks er það á hinn bóginn, sem veikist af ofdrykkju á einn eða annan hátt! hvílíka skelfing af vinnukrapti ónýtir brennivínsausturinn! Eptir því sem eg hefi komizt næst mun hèr um bil fimmti hver maður verkfær vera eitthvað veikur af afleiðingum drykkjuskapar, og mjög margir deyja beinlínis á þennan hátt. Upp á þetta, sem eg hefi nú sagt, gæti eg komið með nægar sannanir, ef þingheimur rengir mál mitt. En nú segja sumir, að það geti orðið til tjóns fyrir verzlunina, ef tollur er lagður á brennivínið. En má eg þá spyrja: Er höndluninni skaði að því, að sem mest sè «producerað»? En af brennivínssölu og ofdrykkju leiðir beinlínis leti og ónytjungsskap auk heilsuleysisins, sem eg nýlega minntist á. Atvinna manna eyðist og vörumagnið að sama skapi; og hvernig á því verzlunin að geta þróazt? Nei,

verzlunin hefir eflaust langtum meiri arð af því, ef ekkert væri flutt til landsins af brennivíni. Þetta er ekki smáræðis-kapital, sem drukkið er fyrir á Íslandi árlega af brennivíni; það eru rentur af 3 millíónum dala. Ætli það munaði ekki dálítið um þetta fè til að koma á fót hinum mörgu stofnunum, sem menn sí og æ eru að biðja um að stofnaðar verði hjá oss, en sem aldrei geta komizt á, af því enginn skildingur fæst til að gjöra neitt með. Eg vona þó enginn rengi það, sem hinn háttvirtti forseti segir, þar sem hann talar um, að fyrir tómar óþarfavörur gangi út úr landinu 500,000 dala; það eru rentur af 12 millíónum. En stjórnin hefir hèr tekið til að tolla að eins það, sem er skaðlegast af öllu, nefnilega brennivínið; en þegar svo er komið, þá rísa menn upp öndverðir og segja ýmist: þetta er allt of hár tollur, eða: það er alveg ótímabært að koma fram með þessa uppástungu nú. Það er eins og menn vildu segja: Vèr verðum að lofa þeim að drekka görmunum, þó þeir drepi sig á því. Þeir verða að drepast upp á sitt eigið eindæmi; vèr hvorki megum nè getum gjört neitt til að hamla því. Ef Ísland á enn að liggja í sama saurnum, sem það hefir legið í um margar aldir, þá er ekkert um að tala; en eigi að reyna að reisa það úr eymdinni, þá ættu menn að hafa hugföst orð skáldsins, Eggerts sál. Ólafssonar: Hjálpuðust ekki áður elztu börnin mín, sízt þó smakka náðu sykur, brennivín, ekki tóbak eða te; vitlaus öldin verður nú, nema vökvuð á því sè. Eg get ekki, eins og þingmaður Reykvíkinga, borið neinn kvíðboga fyrir því, að fè það, er af tollinum kæmi, verði haft til annars en landinu til góðs; og eg skil ekki í því, að nokkur sannkallaður konungsmaður skuli geta grunað stjórnina í þessu tilliti. Nei, eg vil láta drífa tollinn á brennivínið sem allra-fyrst, og eg treysti stjórninni til að verja honum Íslandi til hins bezta. Þingmaður Gullbringusýslu sagði, að hann áliti brennivínið nauðsynjavöru. Það held eg maður geti ómögulega sagt. Nú á seinni árum hafa hinir lærðustu menn bæði á Þýzkalandi, Englandi og Frakklandi gjört sèr far um að komast eptir þessu, og hafa sýnt og sannað, að í einum potti af brennivíni er ekki eins mikið af nærandi efni eins og í einu lóði af brauði. En aptur á hinn bóginn er það lýðum ljóst, hvílíkri misbrúkun brennivínið er undirorpið. Það er mèr því með öllu óskiljanlegt, hvers vegna hinn háttvirti þingmaður Rangæinga vill minnka tollinn á brennivíni um 4 sk. frá því, sem stjórnin stingur upp á í frumvarpinu. Eg vildi heldur auka toll-

inn um 4 sk. og verja þeim hluta tollsins til að stofna búnaðarskóla, sem þessi heiðraði þingmaður veitti forstöðu, því þá er eg viss um, að eitthvað yrði gjört að gagni. Eg segi þetta ekki af neinu smjaðri til þingmanns Rangæinga, því eg er viss um, að enginn væri slíkum starfa eins vel vaxinn sem hann. En eg býst nú ekki við að það dugi, þótt eg fari að stinga upp á að hækka toll þennan, af því eg býst ekki við, að neinn fylgi mínum ráðum, og þess vegna ætla eg alveg að halla mèr að stjórnarfrumvarpinu; eg vil það langtum heldur en að fara að reyna að káka við það, þegar eg stend einn uppi. Þá minntist sami þingmaður á Flenzborgarabrennivínið, sem honum leizt ekki sem bezt á. Það kann nú vel að vera satt, að enginn ábati væri að fá mikið af því; en eg vil þá benda þingmanninum á það, að það mun þó mikið vera flutt hingað til landsins nú af kartöflubrennivíni, litlu betra en það, sem hann minntist á. En í rauninni stendur það á engu; því það getur verið allt eins gott og vont kornbrennivín. Þar sem nú nefndin stingur upp á tolli á spiritus, þá hefir það mikið til síns máls í raun og veru, en svo hefir verið sagt, að mælingin væri næsta örðug; en því er engan veginn svo varið, því það getur ekkert verið léttara en að stinga spiritusmælinum ofan í vökvann, það er ekkert örðugra en stinga hitamælinum ofan í sjóinn eða einhvern annan vökva til að mæla eiginhitann, því svo segir hann sjálfur til gráðutalsins. Af því nú stjórnin ekki hefir hreift því, að tolla spiritusinn, þá held eg verði að vera nefndaruppástungunni mótfallinn, og það af þeirri ástæðu, sem er speciel (sèrstök) fyrir mig sem lækni. Væri nefnilega lagður 24 sk. tollur á hvern pott af spiritus, hvernig ætti þá að fara með apothekið? Ef 24 skildinga gjald jykist á hvern pott, þá yrðu margir dropar svo óbærilega dýrir, að það mundi tilfinnanlegt fyrir fátæklingana. Eg ætla sem sagt í einu og öllu að halda mèr við frumvarpið. En eg vona, að menn seinna hækki þennan toll, en lækki hann ekki. Menn segja, að tíminn sè nú óhentugur. - Allt á að bíða eptir stjórnarskránni. Eg vildi óska að ekki færi hèr eins og optar, að menn vísa á það, sem vansèð er nær koma muni. Annars er það undarlegt, að þessar mótbárur koma einmitt úr sama skotinu, eins og þegar stjórnarskráin hefir áður verið eyðilögð. Eg er þeirrar meiningar, að einungis með því að tolla bæði brennivín og annan óþarfa, fái menn að sjá dálítinn vott þess, að einhver hemill verði hafður á munaðarvöru-kaupunum, eins og t. a. m. á

möluðu kaffi, tóbaki og öðru þvílíku, sem eyðileggja heilsuna og eyða efnum landsbúa, svo þeir varla sýnast að eiga uppreisnarvon.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði varaforseti sagði, að eg hefði sagt, að nefndin hefði gjört rangt í því, að breyta stjórnarfrumvarpinu. Þetta voru alls eigi mín orð, heldur sagði eg að eins, að meiri hluti nefndarinnar hefði verið sjálfum sèr ósamkvæmur í því, að ráða til að biðja um breyting á frumvarpinu, en beiðast þess þó jafnframt, að löggilding frumvarpsins skyldi bundin við það, hve nær alþingi fengi löggjafarvald. Að öðru leyti þarf hann alls eigi að óttast, að eg muni reiðast, þó að hann hreki orð mín, ef hann kemur með ástæður gegn orðum mínum, sem við nokkuð eiga að styðjast. Eg mun sinna sèrhverri þeirri ástæðu, sem við á, um hvað sem er að ræða. Annars er auðvitað, hvað vakað hefir fyrir nefndinni, þegar hún rèð til breytinganna á frumvarpinu; hún hefir viljað spara sèr ómaka síðar meir, svo að þingið þyrfti eigi að ræða frumvarpið aptur, þegar alþingi hefði fengið löggjafarvald, heldur gæti þá frumvarpið komið út óbreytt sem lög, jafnframt og þingið fengi löggjafarvald. En fallist alþingi á þá uppástungu nefndarinnar, að biðja um að fresta að löggilda frumvarpið, þá er það öldungis í eðli sínu, að það verði aptur lagt fyrir þingið, en óviðkunnanlegt er það, ef það hefir legið mörg ár, og kemur svo út sem lög, af því að þingið einhvern tíma hefir um það fjallað. Að öðru leyti mun þingið hafa þá heilbrigðu skynsemi, að það getur sjálft ráðið því, hvort breytingaratkvæði mitt fellur eða stendur. Þar sem mèr heyrðist á hinum 3. konungkjörna þingmanni, að hann hefði skilið svo orð mín, að eg efaðist um, að brennivínstollurinn rynni í landssjóðinn, þá skal eg geta þess, að það lá alls eigi í orðum mínum; og það var því alveg óþörf athugasemd allt það, sem hann talaði út af því. Eg dró engan efa á, að þessu brennivínsgjaldi yrði varið í Íslands þarfir, en eg sagði, að það væri óvíst, hvort því yrði varið í þær þarfir landsíns, sem alþingi eða Íslendingum þætti liggja næst, og þess vegna hlyti þingið að óska, að það fengi atkvæði um það, hvernig þessu fè væri varið; og er það næsta eðlilegt, sem honum virtist svo óeðlilegt og ósiðugt, að bæði þetta mál og önnur slík bíði þangað til stjórnarskipunarmál vort er komið í kring og alþingi hefir fengið löggjafarvald.

Benidikt Sveinsson: Eg tek eigi til máls að þessu sinni af því að það standi mèr næst að halda vörn uppi fyrir nefndina,

enda er þess engin þörf, þar sem allir nefndarmennirnir hafa enn rètt til að taka til máls, og eru eins og vèr segjum lifandi, og það betur en eg. En eg get samt ekki látið vera að minnast á það, sem sagt hefir verið með svo mikilli áherzlu frá konungsfulltrúastólnum, að breyting meiri hluta nefndarinnar á 11. grein væri í mótsögn við álit nefndarinnar að öðru leyti að því er þetta frumvarp snertir. Að þessi mótsögn eigi sèr stað, er eðlilegt að manni sýnist, þegar litið er á málið einstrengingslega, að eg segi ekki meir, frá stjórnarinnar sjónarmiði, eins og gjört hefir verið af hinum háttvirta konungsfulltrúa. Þessi missýningar-mótsögn liggur í því nefnil. að nefndin játar, að tollur sá, er hèr ræðir um, sè nauðsynlegur og heppilegur, en miðar þó þann tíma, þá er byrjað skuli að koma þessu tollgjaldi á, við stjórnarbótina. En fyrst má nú telja það nefndinni til málsbóta, að hún gengur auðsjáanlega út frá því sem vissu og óyggjandi, að stjórnarbótin komist sem fyrst á, og það gjörir stjórnin líka í öllum málum hèr á þingi, þar sem þetta atriði styður hennar mál, og mótsögnin felst þá einungis í því, að þetta skilyrði er nefnt, þar sem þó stjórnarskráin eins og vèr vitum ekki er enn komin til umræðu á þinginu, svo menn með engu móti enn geta sèð fyrir fram tillögur þingsins í því máli, og því síður endileg afdrif þess, og neita eg því ekki, að sèð frá þessu sjónarmiði, þá virðist þessi mótsögn koma úr nokkuð lausu lopti; og eg játa það, að nokkuð mælir með því, að það sè eigi rètt í sjálfu sèr, að binda löggilding þessa tollfrumvarps við sjórnarbótina, en þetta í sjálfu sèr getur því miður ekki verið bindandi fyrir nefndina, og því kemur mótsögnin fram einungis á yfirborði málsins; því, dýpra skoðað, má eg spyrja: Er þessi mótsögn hjá nefndinni svo óeðlileg? Nei, engan veginn; mótsögnin er í mesta máta eðlileg, og það af þeirri ástæðu, sem stjórnin sjálf gegnum konungsfulltrúa kemur með hingað inn á þingið í broddi fylkingar í svo mörgum málum, já veifar í sífellu eins og eins konar grýlu eður fráfælublæju fyrir þingið. Má eg spyrja: hvað kemur til þess, að hvaða nauðsynjamál sem kemur hèr inn á þingið frá Íslendinga hálfu, á þessu eigi síður en á hinum næstu þingum á undan, hvort sem vèr biðjum nú eða höfum beðið um fè og framkvæmd til að stofna hjá oss t. a. m. læknaskóla, lagaskóla, búnaðarskóla, kennara-embætti í íslenzkum fornfræðum og sögu Íslands, styrkja forngripasafn vort o. s. frv.; má eg spyrja, segi eg, hvað í hamingjunnar bænum að þá skuli

klingja enn frá hálfu stjórnarinnar og konungsfulltrúastólnum og hafa ávallt klingt þessi hin sama bjallan: Þingið á og má ekki líta við þessu máli fyr en stjórnarbótin er komin á? Hvers vegna segir stjórnin þetta? Hví eigum vèr ávallt að bíða með öll vor nauðsynjamál, þar til stjórnarbót þessi er útkljáð? Ef þingið í þessu atriði neytir sinnar heilbrigðu skynsemi, þá verð eg að segja, að því muni naumlega geta dulizt, að hèr er í öllu falli mótsögn á móti mótsögn, og að þyngri mótsögnin liggur einmitt á metaskál stjórnarinnar sjálfrar. Þetta sèr hver heilvita maður; enda kemur allt hið sama fram í breytingaratkvæði því, er þingmaður Reykvíkinga áskildi sèr, því tilgangur þess er sá hinn sami, en vegurinn annar, sem með hinum 11. tölulið. Eg leyfi mèr nú enn fremur að spyrja: Hefir eigi margur skildingur, já, margar þúsundir dala af Íslandi runnið inn í landssjóð vorn fram að þessum tíma? Allir skattar, sem Íslendingar hafa að undanförnu borgað, allt sem þeir nauðugir viljugir hafa af hendi látið af fjártillögum, hefir aldrei runnið í neinn annan sjóð, en hinn að útvortis ásýndum sameiginlega ríkissjóð, og þess vegna þá í vorn að lögum og rèttu sèrstaklega landssjóð. Eg vil biðja þann að segja til sín, sem getur bent mèr á einhvern annan sjóð, er fè vort hafi runnið í? En eg býst við, að öllum sè kunnugt um það, að sá sjóður á nú að vera eigi að síður næsta rýr fyrir oss Íslendinga, enda mundi eigi drepið niður flestum ef eigi öllum þeim málum, eins og gjört er, sem eru framförum vorum svo ómissandi í einu sem öðru tilliti, og sem hver stjórn yfir Íslandi og Íslendingum sem væri að minu viti hlýtur að álíta sèr skylt að hrinda áfram, og það jafnvel þótt ekkert alþingi væri á Íslandi, — því það er hverju orði sannara, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það er mögulegt að stjórna löndum og lýðum án þinga, og væri eigi svo, þá hefði heimurinn verið mjög aumlega farinn, þegar þó skilyrðunum fyrir verulegum framförum og þrifum þjóðarinnar er fullnægt, sem sè því, að kraptar hennar, andlegir og líkamlegir, sèu glæddir og efldir, en eigi deyfðir og deyddir, — eg segi, að þetta mundi eigi eiga sèr stað, og hafa átt sèr stað ár frá ári, ef það fè nú væri með skilum í höndum oss, er vèr að rèttu lagi eigum í landssjóði vorum, og það er sárt til þess að vita, að þessum skilyrðum — gefi sá hèr á þingi sig fram sem því neitar — án hverra engin þjóð hefir þrifizt, nè getur þrifizt, nefnilega innlendum menntunarstofnunum, og uppörfunum til þjóð-

legra lífsframfara, hefir hvað Ísland snertir svo augljóslega verið ekki fullnægt, að sannleikurinn eða vitnisburðurinn um það stendur skrifaður með óafmáanlegu letri í þá bók, sem tíminn ekki megnar að vinna á, en það er saga Íslands að fornu og nýju. Þess vegna, ef stjórnin finnur sèr skylt að ámæla Íslendingum frá konungsfulltrúastólnum um að þá vanti dáð og dug, þá held eg að óhætt megi fullyrða, að Danastjórn ekki hefir enn sýnt af sèr viturleik eða vilja á því, að glæða dáð og dug Íslendinga. Því það mun þó enginn geta álitið, að það sè sú dáð og sá dugur, sem Íslendingar eiga að sýna, að þeir skilyrðislaust vilji leggja á sig skatta og tolla, án þess þeir hafi neina von, og því síður vissu um, að fènu sè varið til framkvæmdar hinum helztu velferðarmálum þeirra. Eg tek það sterklega fram, að úr því það er nú einhvers konar «politik» og einlægt viðkvæðið, að minnsta kosti frá stjórnarinnar hálfu, að meðan stjórnarskráin ekki sè löggilt, dugi um ekkert að biðja, er fè þarf til úr landssjóði Íslands, þá er það öldungis eðlileg afleiðing, að frá þinginu heyrist þá aptur sama hljóðið, að meðan stjórnarbótin ekki er komin í kring, verði ekki lagðir neinir nýir tollar á landið, og það þarf sannarlega, að mínu áliti, vel í meðallagi hlutdræga menn og í meðallagi glámskyggna til að virða ekki þingmönnum til vorkunar, þótt þeir slái þennan varnagla, allt svo lengi sem stjórnin finnur ástæðu til að halda framfaraviðleitni Íslendinga í þessum dróma, svo hvorki rekur nè gengur, en allt stendur í stað. Eg vildi því sannarlega óska, að þessi gamla mótbára kæmi ekki fram frá konungsfulltrúastólnum, hvað sem Íslendingum á liggur, því þá er eg líka viss um, að sama mótbáran kæmi heldur ekki frá þingmannabekkjunum. En eins og eg virði nefndinni til vorkunar, að hún hefir gjört það, sem er afleiðing af því, sem stjórnin sjálf hefir haldið svo fast fram til þessa, þannig þykist eg sannfærður um, að stjórnin framvegis hljóti að álíta það skyldu sína að líta á þarfir Íslendinga, og eg veit bæði þing og þjóð muni álíta stjórnina sýna vott þess, svo framarlega sem hún ver fè voru samkvæmt tillögum þingsins, enda þótt það sè að eins ráðgefandi, enda er það vitaskuld, að það hefir rètt til að benda stjórninni til hins rètta í fjármálum vorum, eins og í öðrum málum, og að það getur krafizt þess, að tillögur þess í þeim málum sèu teknar til greina, máske fremur, en eigi síður heldur en í öðrum löndum. Þess vegna get eg ómögulega skrifað undir það, sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að alþingi hefði

ekkert atkvæði í fjármálum vorum, og eg verð að leyfa mèr að bera þetta algjörlega til baka. Eg segi, að þingið hafi eðlilegt og sjálfsagt atkvæði í þessu efni eins og í öðrum málum vorum, enda kannast stjórnin auðsjáanlega sjálf við þetta með því, að leggja þetta tollfrumvarp fyrir þingið. Eg held eg verði því að reyna til að búa til breytingaratkvæði í þá átt, að fè þessu, er brennivínstollurinn af sèr gefur, verði látið renna í landssjóðinn og varið til þess, sem alþingi bæði ræður til og biður um. Út af þessu breytingaratkvæði mínu vil eg leyfa mèr að áskilja mèr rètt til að bera mig saman við hina heiðruðu nefnd, sem vissulega ekkert annað hefir gengið til sinnar breytingaruppástungu við 11. grein, heldur en það, sem eg hefi tekið fram, að vissa væri fyrir því, að tolliuum yrði varið í þarfir Íslands samkvæmt vilja og ósk alþingis, en engan veginn til annars.

Framsögumaður: Eg skal að eins geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Rangæinga tók að nokkru leyti í því breytingaratkvæði við 4. grein, sem hann áskildi, það fram, er vakti fyrir mèr, en af því mèr heyrðist hann ekki taka allt fram þessu viðvíkjandi, sem mèr hefir dottið í hug, áskil eg mèr rètt til að tala mig saman við hann um þetta og vera með honum í breytingaratkvæði hans.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði að eins með fám orðum að skýra frá skoðun minni í þessu máli. Það er eins í þessu máli og öðrum, að eg vil ekki taka neitt stökk á fram, heldur smám saman færa mig upp á skaptið. En stjórnin hefir líka í þessu máli að minni ætlun stigið allt of langt stig, því mèr finnst miklu heppilegra, að ákveða í bráðina toll þennan ekki einu sinni eins háan, eins og frumvarpið gjörir, heldur mætti bæta við hann síðar. Af því sumum þingmönnum hefir kannske þótt eg allt of mjög hlynntur brennivíninu í ræðu minni áðan, þá skal eg geta þess, að það er ekki eingöngu af því mèr þyki brennivínið svo gott, að eg komst svo að orði, eins og eg gjörði, heldur af því eg álit það að sumu leyti gagnlegt. Þótt nú hinn 3. konungkjörni þingmaður bæri móti því, að það hefði í sèr nærandi efni, þá vona eg, að eg geti þó sannað honum, að brennivínið minnkar ýmsa efnabreyting í líkamanum, sem honum er bæði skaðleg og óþörf. Þar sem þingmaðurinn sagði, að fimmti hver maður dæi af völdum ofdrykkju, þá verð eg að mótmæla þessu, að minnsta kosti að því er snertir menn í Álptaneshrepp.

Guðmundur Einarsson: Af því svo margt hefir verið talað í máli þessu, þá ætla eg að verða svo stuttorður sem mèr er unnt. Það, sem vakti fyrir mèr, þegar eg leit á frumvarp það, sem hèr ræðir um, var það, að þegar aukið væri álögum á landið, þá yrðu þær álögur bæði að vera vægar og þannig lagaðar, að þær yrðu sem vinsælastar. Hvað nú brennivínstoll þennan snertir, þá er það alveg rètt reiknað, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu kom með, að hann gæfi af sèr 50 þúsund ríkisdali, það er að segja, 45 þúsund rd. af eintómu brennivíni, og 5 þúsund rd. af öðrum ölföngum, og þennan toll verð eg að álíta ganga fram yfir allt hóf. Eg vil því lækka þennan toll allt að helmingi. Það væri allt öðru máli að skipta, ef vèr Íslendingar fengjum full ráð yfir þessu fè, er tollurinn gefur, en nú er ekki því að skipta, meðan engin vissa er fyrir því, hvað gjört verði við stjórnarmál vort, og meðan svo stendur, álít eg mjög ísjárvert, að auka nýjum álögum á alþýðu, meðan ekki er víst, hvort því fè verður varið beinlínis það sem eg kalla henni sjálfri til eflingar og framfara. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að óþarfi væri að slá þennan varnagla, með því ákveðið væri, að fèð skyldi renna í landssjóðinn, en verði ekki stjórnarskráin lögleidd, þá höfum vèr ekkert ráð yfir þessum landssjóði. Eg vil því, til þess að fara sem stytzt yfir, áskilja mèr breytingaratkvæði við síðustu málsgrein nefndarinnar í 1. grein frumvarpsins, þannig orðað, að helmingur þessa gjalds skuli renna í landssjóðinn og helmingur til eflingar búnaðarskólum á Íslandi. Allt annað, sem mèr hugkvæmdist, er svo margtekið fram af öðrum, að eg vil ekki vera að tefja tímann með því að taka það upp, úr því eg ekki hefi neinu nýju við að bæta öðru en því, sem eg hefi nú tekið fram.

Forseti: Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi er fyrir stundu síðan genginn af fundi, og er aðstoðarmaður hans seztur í sæti hans.

Stefán Jónsson: Orsökin til þess að umræður hafa orðið um það, hvort tollgjald það, sem hèr er um að ræða, væri heppilegt, er með fram sú, að menn vilja vita, til hvers þann toll eigi að brúka. Eg er viss um, að margur samþykkti þennan toll, ef hann vissi, til hvers stjórnin ætlaði sèr að verja honum, og það væri þá í landsins sönnu þarfir. Út af þessu hefir mèr dottið í hug viðaukaatkvæði við enda 1. greinar frumvarpsins, eins og hún er orðuð af nefndinni, í þá átt, að gjald þetta skuli brúka sumpart til þess að bæta vegina á Íslandi, og sumpart til þess að efla, koma á fót og styðja búnaðarskóla hèr á landi. Það hefir opt verið sagt um vegina

hjá oss, að þeir væru langt frá því að vera í góðu lagi, og mun þetta hverju orði sannara, en eg held, að á þessu yrði ráðin hin mesta bót og það á mjög heppilegan og vinsælan hátt, ef brennivínstollinum væri varið til að gjöra einhverja umbót í þessu efni; og svo held eg drykkjumennirnir og þeir sem ekki þykjast geta búið búi sínu án mikillar brennivínsbrúkunar yrðu mjög ánægðir með þetta, því með því móti greiddist þeim mjög auðveldur vegur til að nálgast þessa nauðsynjavöru, brennivínið, úr kaupstöðunum, svo búskapur þessi gæti staðizt.

Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir haldið uppi vörn fyrir nefndina, og því þarf eg ekki að taka málstað hennar, en eg get þó ekki látið vera að fara um málið fám orðum. Hinum háttvirtu þingmönnum, þingmanni Rangæinga, þingmanni Gullbringusýslu og þingmanni Dalamanna, þótti öllum tollur sá, er frumvarpið og nefndin stingur upp á, of hár, og báru þeir að nokkru leyti sína ástæðu hver sínu máli til sönnunar. Þingmanni Gullbringusýslu þótti álagan ill og óþolandi, af því að brennivín væri nauðsynjavara. Þingmanni Rangæinga aptur á móti þótti það að svo háum tolli, að hann hélt það mundi draga úr aðflutningi á almennilegu brennivíni, en lètta fyrir innflutningi á illu og sviknu brennivíni, svo sem kartöflubrennivíni, sem hann telur skaðlegt fyrir heilsu manna. Það kann nú vel að vera, að hann hafi nokkuð til síns máls í þessu efni; eg þori ekki að rengja það, sem hann segir um þetta, af því að eg veit, að hann er öllum mönnum fróðari í ýmsu því, er að kauphöndlun og tollmálum lýtur; en allt um það fannst mèr hann byggja allt of mikið af ályktunum sínum á sínum eigin ímyndunum, því hann getur þó ómögulega sagt um það, hvernig danskir kaupmenn kunna að að fara, þegar að því kemur, að tollur verði lagður á brennivínið, hvort þeir endilega fara að flytja hingað kartöflubrennivín eða ekki, enda fullyrti hinn 3. konungkjörni þingmaður, að kartöflubrennivín væri eigi óhollara en margt kornbrennivín. Og hvað snertir mótbáru þingmanns Gullbringusýslu, þá get eg ómögulega verið honum samdóma um það, að brennivín sè nauðsynjavara, sem þess vegna ekki megi leggja á háa tolla, því það var alveg satt og samkvæmt reynslunni, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður áður hafði upp eptir Eggert Ólafssyni, því það dettur víst varla nokkrum manni í hug, að Íslendingar hafi verið lakar farnir, meðan brennivín fluttist ekki til landsins, heldur en þeir eru nú. (*Grímur Thomsen:* Þá var

mjöðurinn þeim til hressingar). Ekki á sjóferðum og þegar þeir stóðu að vinnu, sem vosbúð fylgdi. Enda er það víst og vafalaust, að minnst af brennivíni gengur til þarfa- eður nauðsynjabrúkunar, heldur lendir það mestallt í hinum svo nefndu drykkjumönnum (*Grímur Thomsen:* Nei!); því eg held það séu færri menn, sem drekka 7—8 potta árlega, eins og kemur á hvern mann af innfluttu brennivíni eptir landshagsskýrslunum; svo ber þess að gæta, að hvorki kvennfólk né börn drekka brennivín hèr á landi, svo nokkru nemi. *Grímur Thomsen*: Sumstaðar); það má þá vera þar sem þingmanni Rangæinga er kunnugt, en ekki þar sem eg þekki til, svo eg held að það muni vera rètt og satt, sem eg hefi sagt, að brennivín lendi að mestu í einstöku drykkjurútum, og sýnist mèr alls eigi vert að vorkenna þeim, þó þeir verði að gefa nokkrum skildingum meira fyrir pottinn, eptir að tollurinn er lagður á, en áður, eða þó þeir eigi örðugra með að afla sèr brennivíns. Það hafa nokkrir þingmenn fundið að því, að tollurinn væri of hár, og aptur aðrir, að hann væri of lágur. Þetta virðist mèr vera sönnun fyrir því, að frumvarpið og nefndin hafi farið hinn rètta meðalveg í þessu efni. Sama er að segja um þóknun þá, sem nefndin hefir stungið upp á að innheimtumenn tollsins skyldu fá, að sumir hafa viljað lækka, er sumir hækka þessa þóknun, og bendir það á, að nefndin einmitt hefir hitt meðalveginn. Hvað tollinn á spiritus snertir, þá er hann, ef til vill, of hátt settur af nefndinni, nefnilega 24 sk. á hvern pott; verði 8 skildinga tollur samþykktur á brennivíni, þá samsvaraði sèr líklega 16 sk. tollur á spiritus, og viðvíkjandi því að það mundi verða svo vandasamt, að controllera kaupmenn, að því er snertir spiritusinn, þá hefir hinn 3. konungkjörni þingmaður án efa rètt að mæla, þar sem hann skýrði frá, að það er mjög auðvelt og lètt að mæla gráðustig brennivíns, þó í ílátum sè; það er reyndar vitaskuld, að það verður hèr um bil ómögulegt að fyrirbyggja, að kaupmenn eigi gæti laumað inn spiritus og fleiri dýrum vínum undir nafni brennivíns, en það mundi fljótt komast upp, ef að því kvæði til muna, svo að þessu getur aldrei orðið stór halli eptir því sem til hagar hèr á landi. Hvað tollinn á bjór snertir, þá er eg alveg samdóma þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að rètt sè að hækka hann upp í 4 skildinga á hverjum potti, því það er óðum að fara í vöxt, að kaupmenn flytji öl til landsins, og er það að mínu áliti harðla varúðarvert. Fyrir fáum árum varð þessa

eigi vart út um landið, að nokknr maður keypti öl eða bjór, en Reykjavík hefir gengið á undan í þessu eins og mörgu öðru með góðu eptirdæmi, og síðan hafa ölkaup og öldrykkja dreifzt út um allt land á örfáum árum; og af því bjór er mjög ginnandi drykkur fyrir unglinga, með því hann er talinn meinlaus og óáfengur, þá álít eg þetta einmitt svo háskalegt, af því menn á þennan hátt geta með svo hægu móti lært að drekka, og því tel eg bjór miklu háskalegri en nokkurn tíma brennivín, að hann freistar þeirra til ofdrykkju, sem annars ekki eru hneigðir fyrir að drekka, auk þess sem bjórdrykkja mun vera til lítillar heilsubótar, og þess vegna vil eg endilega leggja hærri toll á bjórinn, en þann, sem nefndin hefir stungið upp á. Eg skal lítið minnast á breyting nefndarinnar á 11. grein. Það hefir verið sagt, að hún væri ósamkvæm öðrum aðgjörðum nefndarinnar, og það kann vel að vera satt, en það, sem fyrir mèr vakti, og eg held líka fyrir nefndinni, var það, að það mundi varla eiga sèr langt í land, að stjórnarbótin kæmist á, og að menn hefðu fulla ástæðu til að vona, að það mál yrði bráðum á enda kljáð. Þegar menn nú athuga, hvað í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar stendur, nefnilega, að stjórnarskráin á að verða gjörð að lögum árið 1873, en þetta frumvarp 1872, þá er auðsætt, að hèr er ekki um neinn langan eða óákveðinn frest að ræða, er nefndin hafi stungið upp á, en það fannst nefndinni eðlilegt, að hvorttveggja frumvarpið yrði gjört að lögum í einu, og að þau fylgi hvort með öðru. Aptur á móti skal eg játa, að það er ósamkvæmni, er komið hefir fram í ræðu þingmanns Reykvíkinga, er hann vill fresta löggilding þessa tollfrumvarps um óákveðinn tíma. Þegar vèr allir finnum til þess, að fè vantar til svo mýmargra stofnana, sem oss liggur nærri lífið á að komist upp sem allra-fyrst, þá virðist mèr auðsætt, að vèr megum ekki skjóta fram af oss öðru eins ráði og þessu til að afla oss þó nokkurs fjár til að koma í verk einhverju af því marga, er oss vanhagar um; en hitt er satt og rètt, að vèr eigum að reyna að ná í sem allramest umráð á tollinum, svo vèr getum verið óhultir um, að honum verði eigi varið nema í okkar þarfir, samkvæmt ráði alþingis, og því mun eg halla mèr að breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga, því skyldi svo fara, sem mèr varla finnst að eg megi láta mèr detta í hug, að stjórnarskráin verði ekki lögleidd hèr á landi innan skamms, þá er mèr næst skapi að áskilja sama, sem þingmaður Árnesinga vildi setja sem skilyrði fyrir tollinum, að

honum verði varið beinlínis til sèrstakra þarfa landsins, og að alþingi hafi full umráð hans. Eg vil benda þingmanni Dalamanna og Eyfirðinga, er einnig hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í líka átt, hvort þeir ekki muni geta sameinað sig við okkur í þessu efni, því mèr finnst óþægilegt, að vera að bera fram mörg breytingaratkvæði, sem öll ganga hèr um bil í sömu átt, en eru þó sitt með hverju laginu.

Framsögumaður: Þar sem þingmaður Árnesinga talaði um, að vèr ættum landssjóð, þá efast eg um, hvort svo er í raun og veru, nema ef vera skyldi þessar 50 þúsundir, sem Íslandi á að leggja. En eg er viss um, að það er meining stjórnarinnar, að verja þessu fè, er brennivínstollurinn gæfi af sèr, eingöngu í landsins þarfir, og að því leyti er eg samþykkur meiri hluta nefndarinnar, að eg vil einungis að fènu sè varið til þessa. Hvort nú stjórnin vill gefa alþingi fjárráð í þessu tilliti, ef stjórnarbótin ekki kemst á, get eg ekkert um sagt, en eptir minni meining væri það mjög svo æskilegt, og miklu betra að hafa fjárráð í þessu tilliti en engu.

Grímur Thomsen: Eg bið hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga forláts, ef eg hefi sagt, að eg væri kunnugri og handgengnari brennivíni en hann; slíkt kom mèr ekki til hugar; en það er í öðrum skilningi að eg er kunnugri máli þessu en hann, að því leyti nefnilega, að eg hefi um alllangan tíma átt heima í því landi, þar sem tollur hvílir á verzlunarvörum; og þá get eg minnzt þess sem almennrar reynslu, að því hærri sem tollur er á einhverja vöru lagður, því meiri eru venjulega tollsvikin. En því lægri sem tollurinn er, því áreiðanlegri verða skýrslur þær, er tollgjaldið er byggt á, og þar af leiðandi einnig gjaldið líka, enda kemur þetta fram í hverju sem er, að því meira færi sem mönnum er gefið á því að brjóta lögin, því optar eru þau einnig brotin, og staðfestir þetta almenn reynsla. Hvað snertir uppástungu þeirra þingmanna, er vilja að tolli þessum sè varið til vegabóta hèr á landi, þá felli eg mig vel við það; enda yrði þetta engin eins dæmi hèr hjá oss, því mèr er kunnugt um, að í Svíþjóð víða er slíku tollgjaldi varið til að bæta vegina í þeim hèruðum, þar sem gjaldið er innheimt.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki halda langa varnarræðu fyrir meiri hluta nefndarinnar, og ekki heldur álasa hinum heiðraða minna hluta, þótt hann hafi otað sínum skoðunum fram, því það er í

alla staði eðlilegt. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga hefir verið all-harðorður við meiri hluta nefndarinnar fyrir þá ósamkvæmni, sem hann ber henni á brýn að hún gjöri sig seka í. En hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hefir sýnt og sannað, að í ámæli það, sem þingmaður Reykvíkinga gaf nefndinni, er í raun og veru ekki svo mikið varið. Eg skil ekki, hvaða ósamkvæmni getur í því legið, þótt meiri hluti nefndarinnar að svo komnu eigi vilji ráða til þess, að tollar verði nú þegar skilyrðislaust lagðir á landið, meðan engin veit, hvernig þeim verður varið, enda hefir þingið ekki beiðzt þess, að þetta frumvarp væri lagt fyrir þingið. Breytingaratkvæði það aptur á móti, er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga áskildi sèr, gengur út á það, að fresta máli þessu um ótiltekinn tíma, og er þannig að nokkru, en ekki öllu leyti ósamkvæmt uppástungu nefndarinnar. Mèr var annars ekki ljós öll ræða hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga; hann benti, að mèr heyrðist, á það, að ef tollgjald yrði lagt á brennivín, þá mundu kaupmenn selja nauðsynjavöru með dýrara verði, án þess tollgjaldsins gætti á hinni tolluðu vöru að nokkrum mun. Eg skal nú játa, að eg er enginn kaupmaður, og get því ekki haft neina vissu fyrir mèr í þessu efni; en hinn eini maður úr kaupmannsstètt, sem hèr er á þingi, var einmitt einn í þessari nefnd, og gat hann að minnsta kosti ekki um þessa upplýsing í málinu, sem vèr nú höfum heyrt frá þingmanni Reykvíkinga. Sumum hefir þótt tollgjald það, sem nefndin hefir samþykkt, allt of lágt, en sumum hefir fundizt það of hátt, og heyrist þá, að mótmælendur nefndarinnar verða ósamhljóða í vitnisburðum sínum; og bendir þetta á, að á nefndinni rætast hèr hin fornu orð: «medio tutissimus ibis» eða að meðalvegurinn er hinn langvissasti, og hann hefir nefndin valið. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga vildi láta lækka tollinn af þeirri ástæðu, að ómögulegt væri að controllera svo hátt gjald sem það, er nefndin hefir samþykkt. Þessi og þvílík fyrirbára hefir ekki nú í fyrsta sinni heyrzt hèr á þingi, því menn hafa opt hreift slíku áður í ræðum sínum í öðrum málum, og það einnig hinn háttvirti þingmaður Rangæinga í spítalamálinu, eins og kunnugt er. Annars efast eg ekki um, að þessi háttvirti þingmaður muni verða hliðhollur þeim, sem færu í kaupstað til verzlunar þar í nánd við, sem hann á heima, og vara þá við, að láta kaupmennina ekki svíkja sig á brennivíninu, og slíku gæti hann líklega auðveldlega skotið að

öðrum mönnum, er búa í grennd við kaupstaðina víðs vegar um landið. Þar sem sagt hefir verið, að nefndin hafi stungið upp á of háum tolli á spiritus, þá hefir hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga kannazt við, að svo mundi vera, og skal eg alls ekki þræta fyrir, að svo kunni að vera, en sú ástæða, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður kom með sem mótbáru á móti þessu, er vissulega ekki rètt, því á apothekunum er spiritus seldur í meðulum, og þau eru seld með miklu hærra verði hèr en í Danmörk. Þar sem bæði hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga og eins hinn háttvirti þingmaður Dalamanna stungu upp á því, að brennivínstollinum skyldi verja til einhvers, sem ákveðið væri fyrir fram, þá er eg alveg mótmæltur því, og eg vil eigi löggilda um það neina ákvörðun, fyr en alþingi hefir fengið löggjafarvald. En hvað breytingaratkvæði það snertir, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga áskildi sèr, þá veit eg ekki nema eg gæti heldur aðhyllzt það, þegar eg sè það. Það hefir orðið svo margrætt um þetta mál, að eg sè eigi ástæðu til að tala meira.

Helgi Hálfdánarson: Eg hèlt, að umræðurnar um þetta mál mundu ekki verða nærri eins miklar eins og reynzt hefir, og skal eg því reyna að vera sem fáorðastar. Öllum kemur saman um það, að þörf sè á fè, með því það fè, sem í áætluninni er ákveðið, nægir alls ekki til hins marga og mikla, sem landið þarfnast. Það hefir líka sýnt sig á bænarskrám þeim, sem til þingsins hafa komið, að ærið margt vantar, sem fè þarf til, ef það á að geta komizt á fót. Og til þess að ráða bót á þessum fjárskorti, hygg eg að engin rèttari aðferð verði fundin en sú, að leggja á óbeinlínis tolla, eins og frumvarp það, sem hèr ræðir um, stingur upp á; og þegar um tollstofninn er að ræða, þá er það mín skoðun, að hann geti ekki fundizt heppilegri en þar sem ölföngin eru. En þá hefir sumum þótt tollgjald það, er frumvarpið og nefndin stingur upp á, of hátt. Því get eg með engu móti samsinnt, því hvort sem eg lít á þann tilgang frumvarpsins, að útvega landinu fè, eða þann tilgang, að hamla ofdrykkju, þá sýnist mèr hvorttveggja þetta svo nauðsynlegt, að með engu móti megi rýra það góða, sem af þessu geti leitt, með því, að draga úr því tollgjaldi, sem stungið er upp á í frumvarpinu. Eg efast ekki um, að ef svo háum tolli yrði haldið, sem þar er stungið upp á, þá mundi það mikið stemma stigu fyrir ofdrykkju, því menn mundu optlega ekki geta keypt ölföngin svo dýrt, sem þau yrðu með þessu móti;

en að þörf sè að stemma stigu fyrir ofdrykkju á landi hèr, það vona eg hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hafi nægilega sýnt áðan, og er eg honum í því efni að öllu leyti samþykkur. Að nauðsyn sè á, að útvega meira fè, það efast víst enginn um; og er þá auðsætt, að sú tollupphæð, sem frumvarpið stingur upp á, ekki er of há í því tilliti. Eg skil með engu móti, hvers vegna hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar hefir gjört breytinguna á ákvörðuninni í 11. grein frumvarpsins, því hvernig sem fer um stjórnarskipunarmál vort, hvort sem stjórnarskráin fer svo úr garði gjörð frá þessu þingi, að stjórnin geti gjört hana að lögum eða eigi, þá er þó vitanlegt, að ekki er ónýtt að fara að safna fè sem allrafyrst; komist stjórnarbótin á, þá mun nóg verða við það að gjöra; en komist stjórnarbótin ekki á, þá er vitaskuld, að verði fè þetta undir eins notað, þá ver stjórnin því eptir því, sem alþingi ræður til, en verði það ekki þegar notað til neins, þá verður það geymt þangað til síðar, og þó stjórnarbótin kæmist aldrei á, þá á alþingi eins eptir sem áður ráðgefandi atkvæði um þetta mál sem önnur, og er varla við því að gjöra ráð, að stjórnin gangi á móti vilja þingsins í því, hvernig fè landsins verður varið. Eg vil því, eins og hinn háttvirti framsögumaður, halda 11. grein frumvarpsins alveg óbreyttri, því eg vil endilega að lagaboðið komist á sem allrafyrst, til þess að tekjur landsins nái sem fyrst að aukast. Að öðru leyti fellst eg á uppástungur nefndarinnar að því undanteknu, að eg af ástæðum þeim, er þegar hafa verið teknar fram, vil lækka tollgjaldið á spiritus niður í 16 sk. eða þar um bil. Hvað snertir breytingaratkvæði það, er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga áskildi sèr, þá álít eg það betra en uppástungu meiri hlutans, og get, ef til vill, aðhyllzt það, ef orðunum: meðan alþingi ekki hefir öðlazt löggjafarvald, er bætt við.

Jón Hjaltalín: Eg ætlaði að svara spurning hins heiðraða þingmanns Gullbringusýslu, þar sem hann talaði um, að brennivínið mótstæði efnabreyting í líkamanum. Þetta er hverju orði sannara, og það gjörir öl líka, en þar í liggur einmitt skaði bæði brennivíns og öls fyrir mannlegan líkama. Vèr læknar brúkum það líka í þessu skyni sem mótgipt í ýmsum sjúkdómum, en það verður líka að varast, að stoppa ýmsar efnabreytingar í líkamanum, sem hann getur ekki án verið, eins og t. a. m. «Afsondring» gallsins o. s. frv. Þess vegna er það svo títt, að drykkjumenn fá þá sjúkdóma, sem af þessu leiða. Eg vil af alefli að spornað sè

við ofdrykkju, og sè ekkert annað ráð til þess, en að setja tollgjaldið sem allrahæst, og hvað sem vera kann í Danmörk, þá veit eg með vissu, að þetta gjald er ekki 10., og jafnvel ekki 20. partur þess tollgjalds, sem við gengst bæði í Englandi og Ameríku. Eg er líka viss um, að tollur þessi getur ómögulega verið verzluninni til hnekkis, því eg tek það enn fram, að með þessu móti hlýtur «productionin» að aukast. Einn af okkar skynsömustu höndlunarmönnum stakk líka upp á því sjálfur, að kaupmenn hættu að flytja brennivín til landsins, því hann sagði, að brennivínshöndlunin væri ekki einungis landinu til hins mesta niðurdreps, heldur einnig kaupmönnunum sjálfum. Eg er alveg samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga um það, að öldrykkja sè mjög óholl og ekki nema til ills eins; og eg vil endilega, að 4 skildingar sèu lagðir á hvern pott af öli, því mèr stendur mesti stuggur af þessu mikla ölþambi, sem farið er að leiðast inn í landið. Eg leyfi mèr því að áskilja mèr rètt til að sameina mig við hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga viðvíkjandi breytingaratkvæði því, er hann áskildi sèr, og eg skal að endingu geta þess, að eg álít það brýna skyldu þingsins að styðja að því, að þessi brennivínstollur komist á sem allrafyrst.

Hallgrímur Jónsson: Eg vildi að eins geta þess sem nefndarmaður, að eg má ske fellst á uppástungu þeirra þingmanna, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í þá átt, að ákveðið yrði, til hvers verja skyldi brennivínsgjaldinu, þegar það kemst á — þó því að eins að fallist verði á skilyrði þau, sem nefndin hefir sett viðvíkjandi löggilding frumvarpsins, og áskil mèr rètt til að sameina mig við þá í breytingaratkvæði þeirra.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að svara því, er þingmaður Árnesinga sagði enn að nýju, að eg hefði ranglega sagt það, að þingið ætti ekkert atkvæði í fjármálum vorum. Eg skil ekki, hvað það á að þýða, að vera allt af að klifa á því. Það er margtekið fram, að alþingi hefir engan rètt til fjárveitinga, er geti skuldbundið stjórnina, og annað lá ekki í mínum orðum og gat eigi legið; því að það vita allir, að vèr getum sagt skoðun vora um öll málefni landsins. Annars er það alveg á þingsins valdi, ef það vill, að aðhyllast breytingaruppástungu þá, er þingmaðurinn hefir ráð fyrir gjört. Eg ætla ekki að banna því það.

Benidikt Sveinsson: Þingmaðurinn sagði: «atkvæðisrètt».

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta má og vissulega til sanns vegar færa, jafnvel í þeim skilningi, sem hann leggur í orðið, því

að stjórnin neitar því og synjar þess, og sýnir það með því, er hún vill eigi svo mikið sem láta þingið sjá áætlunina.

Benidikt Sveinsson: Álítur þingmaðurinn það rètt af stjórninni, að sýna alþingi hana ekki? Eg man ekki betur en þingmaðurinn sè einn af þeim, sem samþykkt hafa uppástunguna um að alþingi rannsaki fjáráætlunina, og hvernig getur nú þingmaðurinn ætlazt til, að menn sjái ekki þessa mótsögn hans.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er allt annað, hvað er de jure, og hvað við gengst de facto.

Benidikt Sveinsson: Hèr er einungis að tala um de jure.

Forseti: Fyrst nú ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg vil biðja þingmenn þá, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, að láta mig fá þau sem fyrst þeir geta.

Ætlunarverki voru er þá lokið í dag, og segi eg þess vegna

Fundi slitið.

---

19. fundur — 31. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag fyrst og fremst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um póstmál. Framsögumaðar er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður. Eg skal geta þess áður en umræða er hafin um mál þetta, að eg hefi hugsað mèr að talsvert mætti stytta umræðurnar og atkvæðagreiðsluna í þessu máli með því, að ganga ekki til atkvæða um hvern einstakan af þeim töluliðum á atkvæðaskránni, er einungis hafa inni að halda orðabreyting eða lagfæring á orðfæri frumvarpsins, heldur fela nefndinni og einkum hinum háttvirta framsögumanni á hendur að taka orðabreytingar þessar til greina, eptir því sem bezt þykir til fallið, láta síðan skrifa upp allt frumvarpið, svo það verði lesið upp og samþykkt á þinginu með álitsskjalinu til konungs í málinu. Eg skal skjóta því til þingmanna, hvort þeir hafa nokkuð á móti þessu. (Því mótmælti enginn). Eg álít þá samkykkt, að svo skuli haga.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Eg hefi skilið hinn hátt-

virta forseta svo, að það sè falið nefndinni á hendur að taka tillit til orðabreytinga þeirra, er á atkvæðaskránni standa, við samning álitsskjalsins að svo miklu leyti sem hún finnur ástæðu til. Var það ekki meiningin? (*Forseti*: Jú). Hvað nú snertir þau breytingaratkvæði, er á atkvæðaskránni standa, þá eru það mest orðabreytingar, og eru sumar þeirra án efa til bóta, sumar standa hèr um bil á sama, en sumar eru líka beinlínis til hins lakara. En hvað snertir breytingaratkvæði þau, sem eru eiginleg efnisbreyting, þá skal eg geta þess viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir 3. tölul., eins og eg gat um við undirbúningsumræðuna, að mèr finnst engin ástæða til að auka skrifstofufè póstmeistarans fram úr því, sem frumvarpið stingur upp á. Annars er það alveg komið undir því, hvernig menn líta á málið, hvort mönnum þykja 100 rd. nægja eða ekki; og einkum álít eg eigi sè ástæða til að auka fè þetta, ef póstmeistarinn fær sömu laun og frumvarpið stingur upp á. Hvað snertir 7. tölul., þá virðist mèr að vísu sá umflutningur, sem þar er stungið upp á, að geta átt sèr stað, en eg get ómögulega sèð, að hann sè til bóta. Það, sem vakað hefir fyrir hinum háttvirta uppástungumanni, mun eflaust hafa verið það, að á ýmsum stöðum í frumvarpinu er talað um frímerki, án þess sagt sè á undan neitt meira um þau. Og með því mönnum hèr á landi er alveg ókunnugt um þessi frímerki, þá hefir uppástungumanni þótt betur við eiga, að setja inn þegar á eptir 1. grein frumvarpsins ákvörðun um, hvernig og hvar slík frímerki verða fengin. En eg get ekki sèð, að slík ákvörðun sè nauðsynleg. Breytingaruppástungan undir 8. tölul. get eg ekki sèð að sè alveg rètt, því peningabrèf heyra þar ekki til, en uppástungumaðurinn hefir líklega viljað láta þau heimfærast undir peninga. Mèr sýnist ákvörðun frumvarpsins fara betur alveg óbreytt. Breytingaruppástungan undir 41. tölul. finnst mèr beinlínis vera til hins lakara; því áskorun getur líka komið frá öðrum, en póstunum sjálfum, t. a. m. frá ýmsum póstembættismönnum, er kynnu að skrifa meðmælingarbrèf með póstunum, og því er miklu rèttara, að hafa ákvörðunina eins og í frumvarpinu með almennari orðum. 43. tölul. getur að minni ætlun með engu móti komizt að, og eg held það sè mjög óráðlegt fyrir þingið að fallast á þá uppástungu, því væri þessi uppástunga gjörð að lögum, þá gætu menn allt af afsakað sig frá að veita póstum þá hjálp, er þeir þyrftu við, með því að segja, að sèr væri bagi að því, og mundi það með öllu gjöra ákvörðunina

þýðingarlausa, ef hún væri bundin slíku skilyrði. Viðaukauppástunguna undir 45. tölul. get eg með engu móti aðhyllzt, því það getur opt svo á staðið, að póstar eigi ómögulegt með að borga ýmislegt, er þeir þurfa að kaupa, út í hönd. Hvað nú snertir uppástungu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga undir 97. tölul., þá finnst mèr, að það eigi ekki í raun rèttri við, að semja ákvörðun um burðareyri milli Íslands og Englands, og, ef til vill, fleiri útlanda, þegar verið er að ræða um löggjöf um innlend póstmál á Íslandi; allt fyrir það mætti þó líklega geta þess í álitsskjalinu til konungs, að þessi bending hefði komið fram á þinginu, og gæti það orðið hugvekja fyrir stjórnina, til að reyna með samningum við hinar útlendu stjórnir að fá það af numið í löggjöfinni, er ósanngjarnt þykir. Hvað snertir 98. tölulið, þá er eg þeirrar sannfæringar, að stiptamtmaðurinn og póststjórnin yfir höfuð mun gjöra sèr allt far um að laga það óhentuga fyrirkomulag, sem þessi síðustu ár hefir verið á póstferðum milli Skaptafells- og Múlasýslu; eg held, að þetta muni gjört verða án sèrstakrar áskorunar frá þinginu, en að öðru leyti hefi eg ekkert á móti uppástungunni undir þessum tölulið. Að tala um orðabreytingarnar nú, álít eg ekki þörf, úr því nefndinni er falið á hendur að rannsaka þær seinna, og taka það af þeim upp í álitsskjalið, sem henni þykir vera til bóta.

Konungsfulltrúi: Þó að atkvæðaskrá sú, sem hèr liggur fyrir, sè býsna-löng, held eg samt að hún þurfi ekki langra umræðna við, því flestar uppástungurnar í henni eru orðabreytingar, sem miða til þess, sumpart að skýra frumvarpið, sumpart að gefa málinu á því betra snið. Eg skal leiða hjá mèr að ræða þær breytingar, sem eru þessa eðlis, og að eins geta þess, að við lögleiðing frumvarpsins mun verða tekið tillit til allra þeirra athugasemda, sem gjörðar verða frá hálfu þingsins bæði frumvarpinu til skýringar og til að gefa málinu íslenzkara snið, hvort sem um þær verður greitt atkvæði eða ekki.

Eg skal að öðru leyti skírskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, og einungis að svo miklu leyti, sem mèr þykir þess þurfa við, bæta fáeinum orðum við þær athugasemdir, sem eg þá gjörði. Eg er hinum heiðraða 3. konungkjörna þingmanni samdóma um það, að skrifstofufè það, sem ætlað er póstmeistaranum í Reykjavík með 100 rd., ekki nægi til þess kostnaðar, sem til þess útheimtist, því póstmeistarinn mun líklega verða

að hafa fastan skrifara, þó að sá skrifari geti haft önnur störf á hendi, meðan ekki stendur á póstafgreiðslunni, það er að segja hèr um bil $^1/_2$ til $^2/_3$ af árinu, og á hinn bóginn má ekki gjöra ráð fyrir því, að aukatekjur þær, sem honum eru ætlaðar í frumvarpinu, muni nema miklu. Eg skal þess vegna mæla með 3. tölulið, ef þingið samþykkir 2. tölulið, en eg álít uppástungur frumvarpsins í þessu tilliti ákjósanlegri en þær, sem standa undir tölulið 2. og 3. á atkvæðaskránni.

Það á að mínu áliti betur við í 11. gr., þar sem um borgun brèfburðargjaldsins ræðir, að hafa ákvarðanirnar um frímerki. Frumvarpið felur sem sè í 6. kafla, 1, 1.—4. gr. ætlunarverk póststjórnarinnar, 2, 5.—7. póstgöngurnar, 3, 8.—12. gr. borgun fyrir póstsendingar, 4, 13. gr. skylda póststjórnarinnar til skaðabóta, 5, 14. gr. afbrot gegn póstlögunum, 6, 15.—18. gr. ýmsar ákvarðanir. Eptir þessari niðurröðun á ákvörðunin um frímerki að vera á þeim stað, sem hún er í frumvarpinu, og skal eg þess vegna mæla á móti tölul. 7. Við 34. tölul. skal eg ítreka það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, að þó að ákvörðun frumvarpsins í 6. kafla 6. gr. sè miður nauðsynleg, getur hún ekki að síður komið að notum, en þar á móti aldrei gjört neinn skaða, og þess vegna virðist mèr ákjósanlegra að halda henni óbreyttri.

Um síðari kafla 7. gr. skal eg ekki orðlengja; frá póststjórnarinnar hálfu virðist mèr standa á sama, hvort honum verður haldið eða ekki, en ákvörðun frumvarpsins er að mínu áliti þeim, sem hjálpina veitir, langtum meira í hag, en uppástunga minni hluta nefndarinnar, þó skal eg ráða þinginu frá að aðhyllast tölulið 45. um að bæta við: «út í hönd», því vel getur að borið, að pósturinn ekki sè fær um að borga út í hönd, og á hinn bóginn má álíta póststjórnina svo áreiðanlega í öllum viðskiptum hennar, að hún muni sjá um, að borgunin verði greidd strax, þegar unnt er, og þess vegna virðist mèr þessi ákvörðun bæði alveg ónauðsynleg og ekki eiga vel við.

Mèr er það óljóst, hvað hinn heiðraði uppástungumaður undir 58. tölul. hefir hugsað með orðunum: «tíðindi um almenningsmál», en eg skal geta þess, að eptir «Definition» þeirri, sem gefin er í 3. gr. hinna dönsku póstlaga frá 7. jan. þ. á., eru tíðindi og tímarit talin öll þau blöð eða rit, sem einu eða fleirum sinnum á ári eru út gefin í heptum (Leveringer), er hafa sameiginlegan titil, og hvert um sig vega ekki meira en 25 kvint, og eptir þessari útlistun,

sem einnig að mínu áliti getur átt við eptir frumvarpinu, munu öll þau tíðindi, sem uppástungan innifelur í sèr, vera innibundin í ákvörðun frumvarpsins. Eg skal bæta því við, að eg gjöri ráð fyrir, að alþingistíðindin sèu innifalin í henni, ef þeim yrði skipt niður í hepti upp á 25 kvint að vigt.

Viðaukaatkvæðið undir tölul. 84. virðist mèr heyra til þeirra ákvarðana, sem setja ætti í reglugjörðina, og skal eg þess vegna mæla með, að það verði fellt úr atkvæðaskránni.

Þar sem frumvarpið að eins snertir innanlands-póstmál, á tölul. 97. að mínu áliti ekki við, þó eg að öðru leyti sè hinum heiðraða uppástungumanni samdóma um það, að æskilegt sè, að þess konar samningar geti komizt á, eins og það einnig er mèr kunnugt, að póststjórnin í Danmörku mun láta sèr annt um, að gjöra það, sem í hennar valdi stendur, til þess að póstgöngunum milli landanna verði skipað sem bezt.

Hvað snertir tölul. 98., skal eg einungis geta þess, að þar sem póstgöngurnar nú sem stendur á að ákveða með tilliti til þess fjár, sem ár hvert er veitt til þeirra, og þessu fè er skipt niður í vissu hlutfalli milli hinna 3 amta landsins, og þar sem póstgangur sá, er hèr ræðir um, á að liggja gegnum tvö ömt, mun spursmálið um að framkvæma hann verða komið undir því, hvort amtmennirnir í suður- og norður- og austuramtinu geta komið sèr saman um kostnaðinn með þessar póstferðir; en eg efast fyrir mitt leyti ekki um, að amtmennirnir, ef þingið vísar bænarskrá þeirri, sem í þessu tilefni er komin til þess, forsetaveginn til þeirra, muni reyna til að koma þessum póstferðum á þegar til næsta árs.

Sigurður Gunnarsson: Eg er að vísu kenndur við allmörg breytingaratkvæði á atkvæðaskrá þessari; en það eru mestallt orðabreytingar, og með því framsögumaður og einkum forseti hafa kveðið upp, hvernig bezt yrði með þau farið, þá álít eg óþarfa fyrir mig að tala um þau, því mèr fellur vel uppástungan um meðferð á þeim, og tel víst, að nefndin muni ekki einungis taka tillit til þeirra breytinga á orðum og málsgreinum, sem eg hefi stungið upp á og til bóta gæti orðið, heldur og einnig laga svo marga galla á orðfæri frumvarpsins, sem enn eru eptir, og eg hlíðist við að taka fram. En það eru 3 breytingaratkvæði eptir mig, sem fara að nokkru leyti fram á efnisbreyting, nefnil. undir 7., 47. og 84. tölul. á atkvæðaskránni, og skal eg fara að eins fám orð-

um um hvert þeirra fyrir sig. Það, sem mèr gekk til breytingar-atkvæðisins undir 7. tölul., var það, að opt er talað um frímerki í frumvarpinu, áður en getið er um í 11. grein, hvernig þau ætti að verða til og hvar þau fengjust, en það vissi eg að þeim, sem lögunum þyrftu að hlýða, mundi þykja kátlegt eður óviðkunanlegt. Þessi nöfn frímerki og þjónustu-frímerki koma hèr fram eptir öllu eins og utan úr loptinu. En eptir því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi skýrði frá um efni í köflum frumvarpsins, skil eg vel, að þessi ákvörðun um frímerki á vel við á þeim stað, sem hún er sett. Svo með því flutningur greinarkaflans stendur á litlu, held eg honum ekki fast fram. Varauppástunga mín í 47. tölul. er fram borin af því eg ímyndaði mèr, að ef seinni liður 7. greinar fèlli, þá þyrfti að vera til einhver ákvörðun um það, hvað gjöra skyldi, ef hlutaðeigendum kæmi eigi saman um borgunina. Viðaukauppástunguna undir 84. tölul. bar eg fram af því, að mèr fannst vanta í lagaboðið þessa ákvörðun; því hvernig á eigandi að vita um söluna, nema hún sè auglýst? En með því hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að þessi ákvörðun ætti að koma í reglugjörðina um póstgöngurnar, þá stend eg ekki eins fast á, að hún sè hèr. Hún þarf að koma fram í póstlögum, það geta allir skilið. Komi hún fram, stendur mèr á sama, hvar það er.

Þórður Jónasson: Þótt eg nú standi upp, skal eg ekki lengja umræðurnar, því eg ætla einungis að minnast á staflið 2. og 3. og 46. á atkvæðaskránni. Hvað stafl. 2. snertir, skal eg taka það fram, að mèr virðist nefndin hafi ekki haft næga ástæðu til að færa laun póstmeistarans niður úr því, sem frumvarpið tekur til. Það er að eg held eindæmi, að þingið hafi fært niður þau laun, sem stjórnin hefir fundið ástæðu til að veita einhverjum embættismanni, og hvers á póstmeistarinn hèr að gjalda? Launin mega ekki vera minni en hèr er tekið til, þegar það athugast, að póstmeistaranum ekki er ætlaður neinn húsaleigustyrkur, og á að setja veð fyrir embættinu, og sèr í lagi þegar litið er á það, að póstmeistarinn þó á og þarf að vera áreiðanlegur og duglegur. Þessir menn fást ekki, nema þeim sè nokkurn veginn launað fyrir starfa sinn; að vísa póstmeistaranum á »Bifortjeneste« á ekki við, og eg veit heldur ekki, hver hún gæti verið; eg verð líka að ætla, að póstmeistarinn fái litlar tómstundir til aukavinnu. Eg held mèr því til frumvarpsins um laun póstmeistarans, og eg er líka á máli hins 3. konungkjörna þingmanns, hvað upphæð skrifstofupening-

anna handa póstmeistaranum snertir; þeir eru ekki of miklir, því póstmeistarinn verður að halda skrifara og launa honum. Hvað 46. tölul. snertir, hallast eg að meira hluta nefndarinnar, sem vill fella úr 7. gr. seinni hluta greinarinnar. Þegar litið er til þeirrar greiðvikni og gestrisni við komandi og farandi, sem hèr i landi er svo almenn, þá virðist mèr óþarft að gjöra ráð fyrir því, að póstum verði ekki látin öll sú aðstoð í tè, sem kostur er á á hverjum stað, t. a. m. fylgd, flutningur, húsnæði, hestalán o. s. frv; og þegar gjöra má ráð fyrir þessu, er greinin óþörf, og stendur í lögunum sem dauður bókstafur. Tilsvarandi ákvörðun er ekki heldur í þeim dönsku póstlögum. Eg hefi aldrei heyrt þess getið, að póstar okkar hafi hingað til þurft, að yfirkaupa þann nauðsynlega fararbeina á póstferðum sínum; hefðu þeir ekki mætt þeirri hèr almennu gestrisni og greiða á ferðum sínum, hefðu þeir ekki getað með nokkru móti komizt af með laun sín, sem hafa verið af mjög skornum skamti.

Hjálmur Pèturssón: Það hefir verið kveðinn upp harður dómur yfir þeim breytingaratkvæðum, sem við mig eru kennd hèr á atkvæðaskránni, af hinum háttvirta framsögumanni. Hvað tölulið 41. snertir, þá get eg ekki skilið, að sú breyting, sem þar er stungið upp á, geti orðið til baga, þótt hún yrði samþykkt. Það liggur þó í augum uppi, að vanalega óska póstar sjálfir þeirrar hjálpar, er þeir þurfa með, og þó svo bæri við, að þeir veikist og þurfi að senda á aðra bæi til að biðja um hjálp, þá er það þó ósk póstsins eins fyrir því. Að öðru leyti álít jeg þetta ekki svo áríðandi, og held eg ekki fast við það; þar á móti verð eg að halda fast við 43. tölul. Eg álít það engan veginn vera samboðið þeirri gestrisni, sem Íslendingum er hrósað fyrir, að gjöra þá ákvörðun að lögum, eptir hverri póstar geta heimtað allt, sem þeir vilja og þurfa, undir viðlagðar sektir, hversu mikill skaði sem það kann að vera fyrir mann þann, er fyrir útlátunum verður. Eptir því sem þingmaður Rangæinga lagði út 11. grein í lögunum 7. jan. 1871, þá er þar svo sagt: að menn sèu skyldir til að veita póstum alla mögulega hjálp, og þetta finnst mèr fara mjög nærri minni hugsun, og skil eg ekki, hvers vegna hèr ætti að setja harðari lög í þessu efni en í Danmörku. Eg ímynda mèr þó, að framsögumaður vilji halda 51. greininni í frumvarpi til stjórnarskrár Íslands, en þetta fer ekki lengra en að friða eignarrètt einstakra manna. Að minnsta kosti er ómögulegt, að þessi

töluliður sè til skaða, þótt hann verði samþykktur. Hvað snertir 45. tölul., þá kann það vel að vera satt, að það sè óþægilegt fyrir póstana að borga út í hönd allan greiða, sem þeim er sýndur, en eg held líka að opt geti verið ómögulegt, að láta greiðann í tè, nema borgun komi fyrir út í hönd. Þessu má tala með og mót, og skal eg ekki halda þessu breytingaratkvæði fast fram. En það get eg hugsað mèr, ef uppástunga þessi kemst ekki að, að sumir póstar láti bíða að borga mönnum þann fararbeina, sem þeim kann að verða veittur, því eg þekki nokkuð marga þá menn, sem búa á leið pósta og annara umfaranda, og hafa veitt þeim mikinn greiða, en fengið hann misjafnlega borgaðan, því póstar eru misjafnt reiðilegir, eins og aðrir menn. Eg verð því að álíta að öllu leyti skaðlaust, þótt öll þessi breytingaratkvæði verði samþykkt.

Stefán Eiríksson: Eg stend að vísu ekki upp til þess að tala um þessa 98 töluliði, sem standa á þessari löngu atkvæðaskrá, enda eru þeir mest orðabreytingar, og hinn háttvirti forseti hefir sagt, að ekki muni verða leitað atkvæða um þá sèrstaklega, heldur að nefndin gæti tekið þær breytingar upp í álitsskjalið til konungs eptir því sem henni finnst við eiga. Hvað snertir 46. tölul., þá er eg alveg samþykkur meiri hluta nefndarinnar um það, að síðari hluti greinarinnar falli alveg burt, með því enga slíka ákvörðun þarf hèr á landi, þar sem álitið er sjálfsagt að veita öllum aðkomumönnum þann greiða, sem fyrir höndum er. 97. tölulið verð eg að fallast á, af því eg held það gæti verið til góðs, ef það væri tekið fram í álitsskjalinu til konungs, sem þar er farið fram á; og hvað 98. tölul. snertir, þá skal eg að vísu játa það, að það getur verið nokkuð kostnaðarsamt, að láta póst ganga alla leið frá Stafafelli eða annarstaðar úr Bæjarhrepp austur á Eskifjörð, en af því hinn háttvirti konungsfulltrúi annars tók svo vel í málið, þá álít eg, að eptir að amtmaður í suðuramtinu hefir skrifazt á við amtmanninn í norðuramtinu um þetta, þá muni þessi nauðsynjabón, sem bænarskráin úr Suður-Múlasýslu hafði inni að halda, fá fljótan framgang, og sem óumflýjanleg nauðsyn er á, bæði fyrir Skaptfellinga og Múlasýslubúa. Þar hjá skal eg geta þess til upplýsingar þessu máli, að eg álít alls ekki nauðsynlegt, að pósturinn gengi alla leið austur á Eskifjörð. Eg held, að nóg væri, ef hann væri látinn ganga austur á Berufjörð, og væri það sjálfsagt helmingi minni kostnaður, ef ekki þrefalt minni, heldur en

ef pósturinn færi alla leið austur á Eskifjörð, því af Berufirði og á Eskifjörð er tvöföld vegalengd við það, að fara frá Stafafelli á Berufjörð. Eg er viss um, að brèf kæmust vel af, þó pósturinn gengi ekki lengra en á Djúpavog; að vísu væri þá engin póstsamganga beinlínis frá Djúpavogi til Eskifjarðar, en á milli Djúpavogs og miðbiksins af Múlasýslu eru svo miklar samgöngur, að eg efast ekki um, að þar á milli tepptust brèf aldrei til lengdar. Hvað hin önnur breytingaratkvæði snertir, þá geng eg líklega fram hjá þeim flestum, þegar til atkvæðanna kemur, en halla mèr einungis að uppástungum nefndarinnar.

Páll Pálsson: Eg ætla ekki að tala um hin mörgu breytingaratkvæði mín á atkvæðaskránni, sem flest eru að eins orðabreytingar, nema viðaukaatkvæðið tölulið 93., með því forseti hefir rèttilega falið þær aðgjörðum nefndarinnar; en eg ætlaði að eins að minnast á tölulið 98. með fám orðum. Það gladdi mig, að hinn háttvirti framsögumaður sagði, að hann væri saklaus; en eg held nú að hann sè nokkuð meira, því eg ætla að hann sè til bóta, ef hann yrði samþykktur og svo tekinn til greina af hlutaðeigandi yfirvöldum, ekki einungis fyrir Múlasýslu og Skaptafellssýslu, heldur og fyrir allt Suðurland; það gladdi mig líka, að hinn háttvirti konungsfulltrúi tók svo einkarvel í þetta atriði, og var að öllu leyti á mínu máli. En hitt þótti mèr undarlegt, að sessunautur minn skyldi álíta nóg, ef pósturinn væri að eins látinn fara austur á Djúpavog; það hlýtur þó hver maður, sem til þekkir, að sjá, að slíkt nægir ekki *(Stefán Eiríksson*: Eg er því ekki kunnugur, en samgöngur eru nógar milli Eskifjarðar og Djúpavogs) til þess að ráðin verði nokkur veruleg bót á samgönguleysinu í þessum hluta landsins? Eg set svo, að yfirvöldin í Reykjavík sendu áríðandi brèf austur, er ættu að fara til Vopnafjarðar, skyldi þá það geta verið hagkvæmt, að það brèf liggi á Djúpavog í svo og svo langan tíma. Eg treysti þinginu til, að leiðbeina þessu máli í sem rèttasta átt, sem eflaust er með því, að samþykkja uppástungu mína undir 98. tölulið. Hvað 43. tölulið snertir, þá álít eg það, sem þar er farið fram á, hreinan óþarfa, og það furðaði mig að sjá, að hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga skyldi ljá nafn sitt undir slíkt, því mèr er það fullvel kunnugt, að hann þekkir vel þetta fornkveðna «ultra posse, nemo obligatur».

Eiríkur Kúld: Mèr þótti slæmt, að töluliður 97. eigi fann náð, hvorki hjá hinum háttvirta konungsfulltrúa nè hjá hinum

háttvirta framsögumanni, því eg áleit það, sem þar er farið fram á, nauðsynlegt, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðu málsins. En bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti framsögumaður eru þó samdóma um það, að það engan veginn geti skaðað. Hinn háttvirti framsögumaður fann það að þessari uppástungu minni, að hún ætti alls eigi við þetta mál, þar sem að eins er um innlend póstmál að ræða, og að það væri hægra fyrir yfirpóststjórnina á Íslandi síðar, að fá þetta lagað; en þegar bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti framsögumaður eru samdóma um, að þetta sé þó í rauninni þarflegt, þá ber eg það traust til hins háttvirta framsögumanns, að hann haldi svo á pennanum, er hann semur álitsskjalið til konungs, að það greiði fyrir þeim, er seinna fara þess á leit. Hvað tölulið 46. snertir, þá er eg eigi samdóma hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni um, að vilja hallast að meiri hluta nefndarinnar; eg er eins og áður með minni hluta nefndarinnar, því að þótt þetta muni sjaldan fyrir koma, að þessari ákvörðun þurfi að beita, þar sem Íslendingar eru, eins og kunnugt er, manna gestrisnastir, þá er þó greinin, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, saklaus, og hugsazt getur það tilfelli, að hennar þurfi. Að öðru leyti ætla eg eigi að tala um töluliðina á atkvæðaskránni, því þeir eru að mestu leyti orðabreytingar.

Jón Hjaltalín: Þegar eg sá, að nefndin hafði sett niður laun póstmeistarans, þá fór eg nú að verða hræddur um, að póstmeistaraembættið ætlaði að verða fyrirheitisbrauð. Í Danmörku er þessum embættismönnum vel launað, enda er þar einhver hin bezta póststjórn. Mèr finnst, að það, sem stjórnin hefir stungið upp á, sè einmitt hið allra-minnsta sem launin mega vera. Póstmeistarinn verður t. d. að «stilla caution» af 800 rd. Honum er líka upp á lagt, að hafa skrifstofu, og eru honum ætlaðir 100 rd. í skrifstofufè, sem er langtum of lítið. Það væri sorglegt, ef þetta ætti líka að lenda í klúðri hjá okkur. Póstmeistarinn má eigi hafa minni laun en 800—1000 rd., og 300 rd. í skrifstofufè. Eg vona, að þingmenn standi upp fyrir því, að honum sè vel launað. Eg ætla eigi að orðlengja meir um þetta mál, því eg voga mèr eigi út á það haf af breytingaratkvæðum, er á atkvæðaskránni standa, því eg er hræddur um, að eg nái þá eigi landi.

Framsögumaður: Það hefir verið mikið talað um 46. tölulið,

og sumir þingmanna hafa álitið það réttast, að hann væri alveg felldur burt, en eg verð að vera hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga samdóma um það, að þótt greininni sè haldið óbreyttri, þá geti það þó aldrei orðið til baga. Það miðar einungis til þess, að menn geti fljótar náð rètti sínum; annars yrðu menn að höfða mál og bíða lengi; að ákvörðun þessi gangi of nærri gestrisninni, eins og sagt hefir verið, nær engri átt. Mig furðar á, hvernig hinn háttvirti þingmaður Mýramanna hefir misskilið bæði frumvarpið, mig og sjálfan sig eða sín eigin breytingaratkvæði. Það er þó sannarlegur misskilningur, er kemur fram í breytingaratkvæði hans undir tölulið 41., þar sem hann ætlar, að orðin: «eptr áskorun» útiloki það tilfelli, að póststjórinn sjálfur óski að fá hjálpina. Enn meiri misskilningur kemur fram hjá honum undir 43. tölulið, þar sem hann heldur, að viðbót sín «sèr að skaðlausu» sè nauðsynleg til að tryggja honum skaðabætur. Í frumvarpinu er einmitt heitið sanngjarnri borgun, sem ætlazt er til að bæti hlutaðeiganda fyrir það, er hann hefir látið póstunum í tè, og þannig er honum ætlað að verða skaðlaus, en það getur þó verið, að hlutaðeiganda finnist, þegar hann á að láta hlutinn af hendi, að hann geti það ekki sèr að bagalausu, en það má öldungis ekki fría hann við hina almennu skyldu, að láta póstinum hjálp í tè, en, eins og áður er sagt, er ætlazt til að hann fái skaða sinn bættan seinna. Það bíður eigi svörum, að með þessari ákvörðun sèu menn skyldaðir til, að láta það af hendi, er menn eigi eiga, og eigi að sektast, ef þeir eigi gjöra það, t. a. m. að maður, sem ekki á hest, skuli sektast fyrir það, að hann eigi lætur póstinn fá hest. Hinum öðrum athugasemdum hins heiðraða þingmanns ætla eg eigi að svara, svo sem þeirri, að þeir, sem póstarnir gista hjá, sèu ráðvandari en póstarnir sjálfir, því það er þó kunnugt, að það eru optast valdir og eiga ávallt að veljast ráðvandir og valinkunnir menn fyrir pósta, en þeir, sem póstarnir hitta fyrir á ferðum sínum, eru öldungis óvaldir menn og misjafnir, eins og menn gjörast, eins og vonlegt er.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg nú biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir, að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig: (Sjá II, bls. 288).

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið.

Það, sem því næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni er ályktarumræða í málinu um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (*Ólafur Pálsson*): Eg hefi nú að svo komnu lítið að segja um þetta mál, því atkvæðaskráin er eigi löng. Nefndin hefir eigi getað sannfærzt um annað, en að tillögur hennar í þessu máli væru öldungis samkvæmar því, sem þingið áður hefir farið fram á, eða að hún hafi nokkuð skeikað frá því, sem vera bar. Eg skal þó eigi vera svo mjög á móti 1. tölulið, sèr í lagi ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi lítur svo á, að málinu sè eins vel eða betur borgið á þann hátt. Áður en gengið er til atkvæða, skal eg að eins geta þess, að hèr er verið að ræða um stofnun, sem er veruleg eign landsins. Þessi stofnun hefir nú þegar eignazt 850 gripi; þess vegna ríður mjög á, að góð umsjón sè höfð með henni; og þess ber að gæta, að það verður líklega ómögulegt nema fyrir endurgjald, að fá umsjónarmann handa safni þessu, ef þeir umsjónarmenn, sem nú eru, kynnu að sleppa af því hendinni, eða, sem einnig getur að hendi borið, falla frá. Eg fæ ekki betur sèð, ef svo bæri undir, en að stiptsyfirvöldin, sem hafa á hendi yfirumsjón safnsins, kynnu að verða í vandræðum með það. Á þetta vildi eg minnast, áður en gengið er til atkvæða. Að öðru leyti fel eg þetta málefni góðum vilja þingmanna.

Konungsfulltrúi: Þegar eg við undirbúningsumræðuna mælti með breytingaruppástungu þeirri, sem hinn heiðraði þingmaður Rangvellinga áskildi sèr, var hún ekki orðuð; eg skal leyfa mèr að skjóta því til hinna heiðruðu uppástungumanna, eins og hún nú liggur fyrir á atkvæðaskránni, að útvega samþykki forseta til að skipta atkvæðagreiðslunni um hana, því eins og hún nú er orðuð «úr ríkissjóði eða landssjóði», virðist mèr hún óaðgengileg, af því að konungurinn, eins og hinum heiðruðu uppástungumönnum er kunnugt, ekki getur veitt fè úr ríkissjóði, nema með samþykki ríkisdagsins. Eg ætla ekki í þessu máli frekara að ræða þetta atriði, heldur einungis að benda til þess, því eg gjöri ráð fyrir, að það hvorki sè tilgangur hinna heiðruðu uppástungumanna nè þingsins í þessu máli, að fara að leita samþykkis ríkisþingsins.

Grímur Thomsen: Eg er hinum háttvirta konungsfulltrúa alveg samdóma, að það geti valdið misskilningi, ef orðinu «ríkis-

sjóði eða» eru sett á undan «landssjóði», og viljum vèr því gjarnan fallast á, að þessi orð sèu felld úr töluliðnum, ef þingið ekki hefir á móti því.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig: (Sjá II, bls. 300).

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið.

Nú er eigi meira að starfa í dag. Eg ákveð fund á morgun kl. 12 og segi þar með

Fundi slitið.

---

20. fundur. — 1. ágúst.

Allir á fundi. Forseti skýrði frá því, að gjörðabók frá síðasta fundi yrði eigi lesin, því að atkvæðaskráin í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál hefði verið svo löng, að skrifararnir hefðu eigi komizt yfir að bóka alla atkvæðagreiðsluna.

Forseti: Af því búast má við, að umræðurnar fari að lengjast og mikið verði að gjöra, þá hefi eg eptir samkomulagi við hinn háttvirta konungsfulltrúa bætt við tveimur innanþingsskrifurum, kandidat Eiríki Briem og kandidat Hannesi Stephensen, og taka þeir til starfa og skipta með sèr, eptir því sem innanþingsskrifararnir hinir fyrri og þeir koma sèr saman um. Eg skal líka geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um ráðstafanir á rentum Thorchillii-sjóðsins.

Það, sem liggur fyrir í dag, er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna á Íslandi. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá því.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II. bls. 301).

Eins og kunnugt er, voru upphaflega skipaðir að eins 5 menn í nefnd þá, er þingið setti til að yfirvega þetta konunglega frumvarp, en síðan var 2 aukið við í nefndina, og skal eg fúslega játa það, að kraptar nefndarinnar jukust stórum, en eigi að síður hlaut það þó að verða til þess, að umræður nefndarinnar um málið urðu eins og að byrja frá upphafi á ný, og ýmsu varð að breyta, er nefndin áður hafði komið sèr saman um, og þetta eru með fram orsakirnar til þess, að nefndarálitið eigi hefir fyr en nú getað orðið fullbúið og komið inn á þingið. Eptir að þessum 2 mönnum var aukið í nefndina, þá var nefndin skipuð þeim mönnum, sem eru Repræsentantar eða fulltrúar og forsvarsmenn fyrir allar þær stefnur, sem komið hafa fram í þessu máli, og þegar svo er, álít eg það þýðingarmeira, að öll nefndin hefir þó orðið á eitt sátt í þessu máli; því eg tel eigi hinn litla ágreining, sem upp kom í nefndinni um það atriði, sem til fært er undir staflið. b í nefndarálitinu. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, var það nákvæmlega yfirvegað af nefndinni, hvort ráðlegt þætti að raska þeim grundvelli, sem frumvarp stjórnarinnar byggir á, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það nú væri ógjörlegt að yfirgefa hann; þó að ef til vill frá upphafi annar grundvöllur hefði verið réttari, þá virðist þó nefndinni ógjörlegt að hverfa frá þeim grundvelli, er frumvarp stjórnarinnar er byggt á, úr því á annað borð málið er komið á það stig, sem það nú er á og svo mikið búið að byggja á þessum grundvelli. Ef litið er á sögu þessa máls, þá hefir það tvisvar áður verið fyrir þinginu. 1867 var það lagt fyrir þingið af stjórninni, og stakk þá stjórnin upp á, að gjaldið skyldi leggja á skipin, en þingið bað um breytingu á þessum gjaldstofni, og að lagt væri á sjávaraflann eptir upphæð hans, og stjórnin aðhylltist það. 1869 komu aptur bænarskrár ofan úr landinu um, að gjaldið væri lagt á skipin; málið var rætt og rannsakað á þinginu, en niðurstaðan varð samt sú, að þingið áleit, að réttara væri að leggja gjaldið á sjávaraflann, en eigi á skipin, og stjórnin hefir aðhyllzt það, og reynt með þessu frumvarpi að bæta úr þeim göllum, sem þóttu vera á lögunum frá 10. ágúst 1868, og sem þingið 1869 hafði að nokkru leyti bent á og reynslan að nokkru leyti var búin að sýna, og yfir höfuð hefir verið reynt með þessu frumvarpi að gjöra fyrirkomulagið svo hagfellt sem verða má. Nefndinni sýndist því eigi þingið, eptir því sem á undan er farið, geta gengið út frá öðrum grundvelli en þessum, þar sem bæði stjórnin og þingið væri orðið á eitt sátt,

um að hafa hann, það er að segja, að leggja gjaldið beinlínis á sjávaraflann eptir upphæð hans, en eigi óbeinlínis, með því að leggja gjald á skipin eptir stærð þeirra. Nefndin áleit, að þingið væri búið að binda sig við þessa skoðun, og ætlaði, að það mundi nú ekki vilja frá henni víkja. Eg fyrir mitt leyti álít líka, að þingið komist í mótsögn við sjálft sig, ef það nú fer að fallast á aðra skoðun; um þetta voru allir nefndarmenn á eitt sáttir, og það eins þeir, er áður hafa verið þessari skoðun mótfallnir. Nefndin hefir eigi gjört margar verulegar breytingar á frumvarpinu; á 1. grein hefir hún gjört nokkrar breytingar, sem að eins miða til þess að gjöra gjaldið sanngjarnara. Hvað það snertir, að nefndin hefir gjört mun á söltuðum fiski og hertum fiski, þá ætlaði nefndin, að gjaldið með því mundi verða sanngjarnara, og við það minnkar sú ósanngirni, sem virðist vera í því, að leggja eins mikið gjald á smáan fisk eins og stóran, því smái fiskurinn er optast nær hertur, og þá verður lægra gjald af honum, en af stóra fiskinum, sem er saltaður. Eg skal minnast lítið eitt á þennan litla ágreining, sem upp kom milli meiri og minni hlutans. Bæði meiri og minni hlutinn voru samdóma um það, að eigi yrði hjá því komizt, að leggja gjald á óverkaðan fisk, og að svo miklu leyti yrði að breyta Principi stjórnarinnar, sem að eins fer því fram, að lagt sè gjald á verkuðu vöruna. Þessa reglu stjórnarinnar áleit bæði meiri og minni hlutinn rètta í heild sinni, en álitu þó, að ekki yrði hjá því komizt, að gjöra undantekningar frá henni. En meiri og minni hlutann skildi á um það, hversu yfirgripsmikil undantekningin ætti að vera; meiri hlutinn hèlt því fram, að lagt væri gjald á allan óverkaðan fisk, sem er seldur, og áleit, að með því væri eigi raskað tilgangi frumvarpsins, nefnilega að undanskilja allan þann fisk, sem hafður er til daglegrar neyzlu af þeim, er fiskinn afla. Minni hlutinn vildi líka leggja á óverkaðan fisk, en einungis á þann fisk, sem seldur væri til niðursuðu eða söltunar, en það hèlt meiri hlutinn að mundi leiða til undanbragða, og að tilgangurinn eigi mundi nást. Eg ætla eigi að fara að rekja allar þær breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á við frumvarpið, því það eru líka færðar ástæður fyrir þeim í nefndarálitinu. Breytingin á 2. gr. er eiginlega engin efnisbreyting; því það, sem nú kemur skýrt fram eptir uppástungu nefndarinnar, hlýtur að vera meining frumvarpsins, enda sýna og ástæðurnar ljóslega að svo er. Í 4. gr. hefir nefndin gjört verulega breytingu á frum-

varpinu. Eptir breytingaruppástungu nefndarinnar hefir sá, er eigi þykist geta, eða eigi getur skýrt frá afla sínum, rètt til að láta setja sig í skatt, án þess þar fyrir að sæta nokkrum sektum. Þetta fannst nefndinni hagfelldara en það, sem frumvarpið fer fram á, því það er opt vandi að rannsaka, hvort sögusögn manna um að geta ekki gefið skýrslu er á rökum byggð, og þessi breyting nefndarinnar er líka öldungis eðlileg og samkvæm reglum þeim, sem sumstaðar eru settar um tekjuskatt, að það er nefnil. hverjum einum á sjálfsvaldi, hvort hann segir til upphæðar tekja sinna, eða lætur setja sèr upphæðina. Breytingin á 5. og 6. gr. stendur eigi í sambandi við þetta. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, fyr en eg heyri tillögur þingmanna.

Konungsfulltrúi: Þar sem hin heiðraða nefnd í heild sinni hefir aðhyllzt stefnu frumvarpsins, sem einnig er byggt á uppástungu alþingis frá því í hitt eð fyrra, og það á þann hátt hefir heppnazt nefndinni að koma samkomulagi á milli þeirra tveggja skoðana, sem bæði 1867 og 1869 hefir verið haldið fram á þinginu með miklu kappi, og sem hafa haft hver sína forvígismenn í nefndinni, virðist mèr það vonandi, að spítalamálið fái betri byr á þinginu í þetta skipti, en áður, eða að minnsta kosti að umræðurnar um það verði ekki eins ákafar og hingað til. Það liggur í augum uppi, að stjórnin bæði með tilsk. 10. ágúst 1868 og með frumvarpi því, sem nú liggur fyrir, hefir eindregið reynt til að koma því fyrirkomulagi á spítalagjaldið, sem alþingið hefir álitið haganlegast, og þess vegna getur þingið átt von á, að tillögur þess um frumvarpið muni verða teknar til greina sem bezt verða má.

Eg skal með tilliti til hinna èinstöku atriða nefndarálitsins skýra frá því, sem nú skal greina:

Þó að það eptir orðunum í tilsk. 10. ágúst 1868 kynni að virðast svo, sem þilskip, sem nokkurn part ársins eru höfð til vöruflutninga landa á milli, en nokkurn part ársins til fiskiveiða hèr við land, ekki sèu undan þegin frá þeirri skyldu að greiða spítalagjaldið, þegar þau leggja hèr upp afla sinn og veiðarfæri, er það af ástæðunum fyrir tilskipuninni 10. ágúst 1868, sem prentaðar eru í tíðindum um stjórnarmálefni Íslands II. bindi, bls. 557, ljóst, að þessi skip, sem þangað til höfðu verið laus við spítalagjaldið, og sem búið var að borga hið vanalega lestagjald af, eiga eptir tilskipuninni einnig framvegis að vera laus við gjaldið. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 6 er sèrlega tekið fram, að það

sè tilgangur frumvarpsins að breyta þessari ákvörðun í tilsk. 10. ágúst 1868, sem hèr ræðir um, og þó að eg álíti að ákvörðunin í 1. gr. frumvarpsins sè nægilega ljós í þessu tilliti, skal eg ekki mæla á móti uppástungu nefndarinnar við 1. gr. að því hún snertir þessa hlið málsins.

Hvað upphæð spítalagjaldsins snertir, hefir hin heiðraða nefnd stungið upp á ýmsum breytingum, en meðal þeirra er sú hin verulegasta, að gjaldið af hertum fiski er fært niður um helming, eða til $^1/_4$ áln. af hverju tólfræðu hundraði, og telur nefndin til síns máls, að sá fiskur sè miklu ódýrri, þegar á töluna er litið, heldur en saltfiskurinn, vegna þess að hann opt er smærri en þessi. Eg skal játa þetta, en þar sem harðfiskurinn opt er dýrri en saltfiskurinn, þegar litið er á sömu vigt af báðum tegundum þessum, þykir mèr það of mikill munur á gjaldinu, að ákveða að eins helminginn af harðfiski móti saltfiskinum; en eg skal ekki að síður, ef alþingið aðhyllist þessa uppástungu, ekki mæla á móti henni. Eg fellst á uppástungu nefndarinnar, að gjaldið beri einnig að borga af óverkuðum fiski, sem seldur er nýr, þó með þeirri athugasemd, að eg gjöri ráð fyrir, að þingið ekki hèr undir ætli að innifela þann fisk, sem seldur verður til beinlínis neyzlu, því þar sem gjaldið eptir frumvarpinu á að miðast við það, að fiskurinn verði verkaður, þykir mèr það þessu ósamkvæmt, að leggja gjaldið á þann fisk, sem varið verður til daglegs fæðis, jafnóðum og hann aflast, hvort sem það er handa fiskimönnum sjálfum, eða öðrum, sem kaupa hann af þeim. Sè fiskurinn á hinn bóginn seldur eða keyptur til þess að verða verkaður, er eg nefndinni samdóma um það, að hann eigi ekki að vera undan þeginn gjaldskyldunni. Að svo miklu leyti get eg fallizt á viðaukauppástungu minni hlutans, en þar sem fiskur sá, sem hèr ræðir um, getur verið seldur bæði til söltunar og niðursuðu, og þar að auki til þess að herðast, virðist mèr uppástungan ekki nógu nákvæmlega orðuð. Að sleppa lýsinu úr háfi, mun líklega ekki rýra tekjur læknasjóðsins til muna, og þar sem hann, ef til vill, getur orðið heimfærður undir nefndarinnar staflið b, skal eg ekki mæla á móti þessari uppástungu nefndarinnar, þó að mèr sýnist ákvörðun frumvarpsins í þessu tilliti meira konsequent (sjálfri sèr samkvæm). Það sama er að segja um breytingaruppástunguna um gjald af óverkaðri hákarlslifur, en það virðist mèr æskilegt í ákvörðuninni að til taka, hvað mikið af lifur skuli álítast jafngildi tunnu af lýsi, og þess vegna skal eg skjóta

því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún finni ekki ástæðu til að taka þessa bendingu til greina í atkvæðaskránni. Þó að, ef til vill, ekki hafi tíðkazt hingað til að verka þorsk þann, er veiddur er hér við land og hér lagður upp, með því móti að salta hann niður í tunnur, getur skeð, að þessi verkunarmáti komi síðar upp, að minnsta kosti er mér sagt, að þorskur, verkaður með þessum hætti af hinu danska fiskiveiðafélagi, hafi verið seldur í Kaupmannahöfn með góðu verði, og eg sé ekki ástæðu til að undan skilja þennan fisk frá gjaldinu, meðan mér þykir það nokkuð vafasamt, hvort hann, eins og nefndin bendir á, getur heimfærzt undir nafnið «saltfiskur», sem eins og kunnugt er táknar saltaðan og þurrkaðan fisk. Ekki fæ eg heldur séð, að nægileg ástæða sé til þess, að undan taka síld og upsa frá gjaldinu, þegar svo mikið aflast af þessum fiskitegundum, að það nemi tunnu eða meira, því að þó þessar fiskitegundir veiðist ekki á skipum eða bátum, eru þó venjulega bátar eða skip við höfð til að leggja næturnar eða netin, og þær heyra æfinlega undir sjávaraflann, sem er gjaldstofn sá, er spítalagjaldið er miðað við; ekki fæ eg heldur séð, að síldar- eða upsaveiðin ekki geti borið þetta gjald, því þó að hún ekki komi fyrir dagsdaglega, er hún á hinn bóginn, þegar hún tíðkast, langtum arðsamari og að tiltölu fyrirhafnarminni, en hinn annar sjávarafli. Eg skal þess vegna ráða þinginu til að aðhyllast staflið b í 1. gr. frumvarpsins.

Niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölul. 2. og 3. eru að mínu áliti einungis til skýringar frumvarpinu; eg skal þess vegna mæla með þeim. Hvað 4. niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, get eg fallizt á það að svo miklu leyti, að það breytir ákvörðuninni um í hverjum tilfellum eigi að meta aflaupphæðina, en þar á móti ekki, þar sem tilgangur uppástungunnar er, að fela sveitanefndum þeim, sem ráð er gjört fyrir í frumvarpinu um sveitastjórnarmálið, og bæjarfulltrúum þessi störf á hendur. Þessi störf eru nefnilega ekki kommunal-störf í eiginlegum skilningi, og þegar á að ákveða verkahring hreppanefndanna, má ekki að mínu áliti leggja önnur störf á þær, sem eiga að vera ólaunaðar, en beinlínis sveitarmál. Eptirlitið með spítalagjaldinu og innheimtu þess er þar á móti venjulegt skattheimtumál, sem eptir hlutarins eðli á að fela embættismönnunum og þeirra aðstoðarmönnum, en það er sýslumönnum og hreppstjórum á hendur. Það mun verða tilefni til í sveitastjórnarmálinu að skýra þetta atriði frekar; hér skal eg einungis

benda til þess og bæta því við, að þar sem hvorki hreppanefndamenn nè bæjarfulltrúar eiga að vinna eið, mun þessi uppástunga, sem beinlínis gjörir ráð fyrir því, vera í sjálfri sèr óaðgengileg.

Ef breyting sú, sem nefndin stingur upp á við 4. grein, kemst á, má sjálfsagt fella úr 6. gr. orðin: «eða neitar að gefa þær skýrslur um þetta, sem hann hefur», en þar á móti virðist mèr hegning sú, sem 6. grein leggur við því, að segja rangt til aflans, sem greiða skal gjaldið af, eða vísvitandi að reyna til að svíkjast undan skyldu sinni, engan veginn of há; eg get þess vegna ekki mælt með uppástungunni undir tölul. 5. að þessu leyti.

Á móti niðurlagsatriðunum undir tölul. 6. og 7. hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt.

Eiríkur Kúld: Eg get eigi annað en verið mjög þakklátur nefndinni, því nú hefir sannleikurinn unnið fullan sigur í þessu máli yfir minni hlutanum, því nefndin hefir alls eigi farið fram á það, að breyta gjaldstofninum. En eg sakna þó eins í nefndarálitinu, sem orðið hefir til þess að spilla mjög fyrir tilskipuninni. Á Vesturlandi hafa menn nefnilega fundið það helzt að tilskipuninni, að gjaldmátinn væri ókljúfandi, því að peningar eru þar lítt fáanlegir. En fyrir það hefði mátt synda, ef leyft hefði verið að gjalda í skileyri, en þá þyrfti að breyta því í peninga, og það hefir líklega vakað fyrir nefndinni; hún hefir haldið að það mundi valda talsverðum kostnaði, og tekjur læknasjóðsins rýrna við það. En eg fyrir mitt leyti er eigi hræddur um það, því að eins og kunnugt er, er tíund hèr á landi eigi glögg, en eg er sannfærður um, að menn mundu tíunda betur, ef sýslumennirnir sjálfir ættu eigi að innkalla, heldur væru til þess settir umboðsmenn með innköllunarlaunum. Eg er líka sannfærður um, að hið sama mundi eiga sèr hèr stað, að ef þannig launaðir umboðsmenn væru settir, þá mundi eptirlitið verða betra, og tekjurnar þannig jafnvel aukast meira en umboðslaununum svaraði. Eg sè, að í ástæðunum er það eigi talið torvelt að fá peninga til gjalds þessa. Það getur verið, að svo sè á Suðurlandi, en eg neita því alveg, að það sè hægt á Vesturlandi. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, er eg nú hefi sagt, sem eg mun orða síðar. Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa að til taka skyldi, hve mikið af hákarlslifur skyldi jafngilda 1 tunnu af lýsi, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði því við víkjandi. Eg er heldur eigi samdóma nefndinni um sektina; eg vil að greidd sè þreföld upphæð við það,

sem stolið var undan, eins og fyrir tíundarsvik. Um breytingaratkvæði minni hlutans ætla eg eigi að tala, fyr en hann hefir sjálfur útlistað það nákvæmar; þó er eg reyndar hræddur um, að honum takist aldrei að sannfæra mig um að það sè rètt.

Framsögumaður: Eg get eigi verið hinum hæstvirta konungsfulltrúa samdóma um það, að eptir tilskipuninni 10. ágúst 1868 sèu einungis þau þiljuskip skyld að gjalda spítalahlutinn, sem eingöngu eru ætluð til fiskiveiða, en þau sèu undan þegin, ef þau jafnframt eru ætluð til vöruflutninga. Eg get nefnilega ekki álitið, að það sè skilyrði fyrir skyldunni til að greiða spítalagjald, að skipin sèu eingöngu höfð til fiskiveiða, en það virtist mèr vera meining hins hæstvirta konungsfulltrúa. En þar eð þetta atriði eiginlega ekki liggur fyrir til umræðu, skal eg ekki fara frekara út í það mál. Hvað harðfiskinn snertir, þá var það meining nefndarinnar, að hann væri ódýrari, þegar litið er á töluna, þó hann annars sè dýrari, þegar farið er eptir vigt. Nefndinni kom líka til hugar, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þingmaður Barðstrendinga stakk upp á, að til taka, hve mikið af lifur þyrfti á móti tunnu af lýsi, en nefndin rèð það af að sleppa því. Þó skal eg eigi hafa neitt á móti því, að svo sè gjört. Hvað það snertir, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram um fisk saltaðan í tunnum, þá hèlt nefndin, að það væri ópraktiskt. Sömuleiðis áleit hún, að ef sama gjald væri lagt á síld og upsa, þá mundi það verða of hátt, þar sem ein tunna af upsa kostar 4 mörk, þá yrði $^1/_2$ alin of hátt gjald af þeim afla. Eg held líka, að sá fiskur, sem er saltaður niður í tunnur, geti eptir íslenzkri málvenju álitizt að heyra undir saltfisk og þannig komizt undir ákvörðunina í staflið a. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa þótti það eigi heppileg breyting af nefndinni, að setja í 4. gr. sveitarstjórarnir og í kaupstöðunum bæjarfulltrúarnir í staðinn fyrir, eins og í frumvarpinu stóð: hreppstjórarnir og í kaupstöðunum 2 af rèttinum útnefndir og eiðfestir menn, og færði hann það helzt til á móti því, að bæjarstjórarnir væru óeiðsvarnir menn. En með tilliti til þessa skal eg geta þess, að eins og hinir núverandi sveitastjórar, hreppstjórarnir, eru eiðsvarnir, eins eiga og að minnsta kosti eptir hinum nýrri bæjarstjórnartilskipunum bæjarfulltrúarnir að vinna eið, og þótt þessi störf heyri eigi beinlínis undir hreppsnefndirnar, þá hèlt þó nefndin, að það væri hagfelldara að fela þeim þennan starfa á hendur, þegar þær komast á, heldur en ef hreppstjórarnir ættu einir að gjöra

það. Það er alveg satt, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að peningaekla er hèr á landi mikil, og nefndinni gleymdist heldur eigi að íhuga það atriði vandlega, en samt komst hún að þeirri niðurstöðu, að eigi mætti leyfa að gjalda í skileyri, því að læknasjóðurinn mundi þar við missa meiri tekjur en því hagræði svaraði, er það veitti gjaldendum. Auk þess yrðu líka peningarnir samt sem áður að koma úr landinu frá einhverjum, því að vörurnar yrði þá að gjöra að peningum, með því gjaldið þó eigi verður sent læknasjóðnum í skileyri. Hvað sektirnar snertir, þá íhugaði nefndin þær líka vandlega, og áleit hún rèttara að til taka einungis vissa upphæð sektarinnar eptir brotinu og kringumstæðunum, en eigi miða við það, hve mikið dregið var undan í það og það skiptið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get eigi tekið undir með hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga og lýst gleði minni yfir eindrægni þeirri, sem honum þótti vera á komin, bæði í nefndinni sjálfri og milli þingsins og stjórnarinnar. Því að þess verður vel að gæta, af hverju það samlyndi er komið, sem hann ætlar að á sè komið milli þings og stjórnar; og á hinn bóginn er það víst, að í þessu efni er eigi enn á komin eining milli þings og þjóðar. Eg hef hingað til eigi getað fallizt á undirstöðu þá, sem er í tilskipun 10. ágúst 1868, og get eigi enn; en þegar eg stend nú upp til að mótmæla þessari undirstöðu, þá býst eg við, að segja megi um mig: «út reri einn á báti»; en eg hugga mig þó við þá von, að hinn 2. konungkjörni þingmaður og varaforseti muni þá eigi bregða mèr um þorleysi, er eg enn, þótt eg verði einn á bandi, held því fram, að grundvöllur sá, sem var í frumvarpi stjórnarinnar 1867, hafi verið rèttari heldur en grundvöllurinn í tilskipuninni frá 10. ágúst 1868. Framsögumaður gat þess, að nefndinni eigi hefði þótt fært, að hagga þeim grundvelli, sem bæði þing og stjórn hefði komið sèr saman um, en hvílíkt er þetta samkomulag? er þessi grundvöllur samkvæmur vilja Íslendinga? Nei. Bænarskrár þær, sem til þingsins hafa komið bæði í hitt eð fyrra og nú, bera ljóslega með sèr, að öllum þorra manna þykir tilskipunin frá 10. ágúst 1868 og grundvöllur sá, sem fylgt er í henni, óhafandi, og reynsla sú, sem þegar er fengin, ætti að hafa sannfært þingmenn um, að það er alls eigi auðið, að fylgja henni fram, eða hafa nokkurt eptirlit, er sè annað en nafnið eitt, á því, að rètt sè talið fram. Þingmaður Barðstrendinga gat þess, að eptirlitið með fram-

tali til tíundar væri eigi svo sem vera skyldi, en hvað er þó að hafa eptirlit með því á móti því, sem hèr er um að ræða. Þegar um eptirlitið með framtali til tíundar er að ræða, þá er það þó auðið; því að það, sem tíundað er, það er þó til; en þegar ræða er um eptirlitið með framtali á fiskiafla, þá á eptirlitið að vera með því, sem eigi er til, sem sumpart er ètið, sumpart selt og burtu flutt. Að því er framtal til tíundar snertir, þá er það eigi sýslumaður einn, er á að sjá um það, heldur og prestur og hreppstjóri, hver í sinni sveit, og þeir geta hvenær sem þeim lízt talið skepnurnar, en hèr er að ræða um afla, sem að miklu leyti hverfur jafnóðum og hann aflast, sem er borðaður og seldur, áður en menn vita af honum. Þessu getur engum dottið í hug að mótmæla; en nefndarmenn ímynda sèr, að gjaldið verði svo miklum mun meira, ef lagt er á aflaupphæðina, að fyrir þá sök sè tilvinnandi, að halda þessum grundvelli, og í annan stað að eptirlitið verði hægra, þegar það er undanþegið gjaldskyldunni, sem borðað er jafnóðum. En þótt það sè eins erfitt, eins og eg þegar hefi tekið fram, að vita afla manna og hversu mikið hver formaður fiskar, hve miklu erfiðara hlýtur það þó eigi að vera, að vita hvernig hverjum fiski er varið? Að fara slíku fram, sýnir, hve ókunnugir menn eru hèr á Suðurlandi; þetta væri ef til vill auðið, þótt örðugt sè, þegar um útver væri að ræða, þar sem menn yrðu að liggja við, og engu væri eytt af aflanum og ekkert flutt burtu fyr en í vertíðarlok, en hvernig er hugsanlegt, að menn geti vitað hvernig hverjum fiski er varið, þar sem eins hagar til eins og víðast á Suðurlandi, að hver formaður skiptir aflanum undir eins og í land er komið, og hver háseti flytur afla sinn heim með sèr, jafnóðum og honum er skipt, og enginn veit framar neitt um, hvernig honum er varið? Hvernig getur þá nokkur maður sagt: þessi maður hefir saltað eður hert svo eða svo marga fiska, og svo og svo mikið hefir hann og fólk hans ètið þegar o. s. frv. Og þegar það er nú eins girt fyrir, að framfylgt verði slíkri löggjöf, eins og allir menn, er gæta að, hvernig til hagar, hljóta að sjá að gjört er með þessari löggjöf, og eins og að minnsta kosti yfirvöldin mættu vera orðin sannfærð um af reynslunni, því er þá verið að berja þetta fram, sem auðsjáanlega hlýtur að spilla siðgæðum landsmanna og rýra um skör fram tekjur læknasjóðsins; svo við því má búast, að þegar stundir líða fram, þá verða þær eigi meiri en eptir gamla fyrirkomulaginu. Nefndin og þingið ætti að geta sèð, að það er ekki

annað en þrákelkni einstakra manna, að vilja fylgja þessum grundvelli fram þvert á móti vilja þjóðarinnar, því þess eru jafnvel dæmi, að menn hafa boðið að gjalda meira gjald, en þeim annars bæri, til þess að vera lausir við það fyrirkomulag gjaldsins, sem ákveðið er í tilskipun 10. ágúst 1868, og hver skynsamleg ástæða getur þá verið til þess að framfylgja slíku ástæðulausu fyrirkomulagi? Menn hafa brugðið mèr um, að eg væri þrár, en í þessu máli er það vissulega eigi eg, heldur aðrir, er lýsa þráa og þverskallast við allar skynsamlegar ástæður. Eg vil því enn þá einu sinni áskilja mèr rètt til að koma fram með uppástungur, er fari í líka átt og frumvarp stjórnarinnar 1867 (*Jón Pètursson:* Það stendur enginn maður upp fyrir þeim). Hvað sem um það er, eg gjöri það eigi heldur í þeirri von, að þingið muni fallast á þær, heldur til þess að sýna, að eg hafi fulla einurð til að fylgja því fram, sem rètt er, og þótt svo kunni að fara, að eg gefi atkvæði með uppástungum nefndarinnar, sem mèr er næst skapi ef minar uppástungur falla, þá gjöri eg það eigi af því, að eg álíti það rètt, er nefndin fer fram á, heldur til þess að löggjöf þessi hálsbrjóti sig sem fyrst sjálf, þegar þess er eigi kostur með ljósum og skynsamlegum rökum að sannfæra menn um, hve óhafandi hún er.

Mèr þykir óþarfi að fara mörgum orðum um breytingaruppástungur nefndarinnar; það er að eins viðvíkjandi breytingunni á 4. gr. frumvarpsins að eg vildi tala fá orð. Konungsfulltrúi tók það ljóslega fram, að það heyrir eigi undir verkasvið sveitarstjórnanna, heldur pólitístjóranna, að hafa gætur á, hvernig opinber gjöld greiðast, og því er ákvörðun sú, er breyting nefndarinnar fer fram á, í sjálfu sèr óeðlileg. Að því er eiðinn snertir, þá gjörir hann að vísu eigi mikið til, en þar sem framsögumaður gat um að bæjarfulltrúarnir vinni eigi eið, þá er það satt eptir hinu nýja frumvarpi, en þeir hafa þó unnið eið hingað til, eptir hinni eldri löggjöf, en nú stendur til, að breyting verði á þessu framvegis. Auk þessa hafa og bæjarfulltrúar að minnsta kosti hèr í Reykjavík mörgum öðrum störfum að sinna, og mundu verða ófúsir að bæta þessu á sig, og eg ætla, að þeir, sem nú eru, hafi fengið nóg af slíkum störfum.

Hallgrímur Jónsson: Það hefir glatt mig, hve góðar undirtektir álit nefndarinnar hefir fengið, jafnvel þótt hljóð kæmi úr einu horni, er fór í aðra átt, og þeirra orða var þaðan von. Einkum þótti mèr vænt um að heyra, hve vel að hinn hæstvirti kon-

ungsfulltrúi tók undir þær litlu breytingar, er þar eru gjörðar, og eru það þó eigi svo mörg nefndarálit, er fái jafngóðan róm hjá honum. Framsögumaður hefir farið svo mörgum og ljósum orðum um nefndarálitið, að eg hefi fáu við það að bæta; það er að eins viðvíkjandi því, er þingmaður Barðstrendinga fór fram, nefnilega um, að gjaldið þyrfti eigi að greiða í peningum, þá munu meðnefndarmenn mínir muna, að eg hreifði þessu atriði í nefndinni, þótt mèr eigi þætti það þess vert, að eg vildi gjöra ágreining úr því, en nú vil eg einmitt áskilja mèr breytingar- eða viðaukaatkvæði í sömu stefnu, sem eg vil láta koma við enda annarar greinar, á þessa leið: að umsjónarmaður verði skipaður til að hafa eptirlit og innheimtu gjaldsins á hendi, og standa skil á því í peningum, mót einum sjötta parti í umboðslaun, eða eptir því, sem eg kem mèr saman við nefndan þingmann. Það er einkum tvennt, er hefir gjört tilskipunina frá 10. ágúst 1868 óvinsæla meðal almennings. Annað er það, að gjaldið þótti vera ójafnaðarfullt og of hátt, en á þessu hefir nefndin ætlað að ráða bót með því, að færa niður um helming gjaldið af harðfiskinum, auk þess sem frumvarpið og nefndarálitið undan tekur allan fisk, sem eigi er verkaður, nema seldur sè. Hitt atriðið var, að gjaldið skyldi greiða í peningum, og á því treystist ekki nefndin til að gjöra breytingu. Það hefir verið sagt, að peningarnir yrðu þó einhverstaðar að koma frá, til þess að læknasjóðurinn geti fengið sitt, og kæmi þá allt niður í sama stað, en það er mikill munur á því, hvort það eru fáir einstakir menn, er þurfa að útvega sèr peninga, eða allur þorri manna. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er sagt, að menn mundu geta áskilið sèr, að kaupmennirnir borguðu sem því svaraði af fiskinum með peningum; já, það kann nú vel að vera, en auk þeirra erfiðleika, sem opt hafa verið á því, að fá peninga hjá kaupmönnum, þá ber þess að gæta, að mikill hluti af fiskinum er eigi lagður inn til kaupmanna, heldur fluttur og seldur upp í sveit; svo er um mestan haustfisk eða vorfisk hèr á Suðurlandi, og er það þá torvelt fyrir margan háseta, að greiða gjaldið í peningum, þegar hann fer úr verinu, en mundi feginn vilja gjalda, og það vel úti látið, ef það mætti vera í fiski af aflanum sjálfum. Eg þykist hafa orðið þess var, að óánægja manna með spítalalöggjöfina sè farin nokkuð að minnka, og með tilliti til þess hefi eg eigi viljað gjöra neinn ágreining við meðnefndarmenn mína, jafnvel þótt eg með sjálfum mèr efist um, hve heppilegur þessi grund-

völlur er, sem nefndin hefir nauðug viljug orðið að halda við. Eg fyrir mitt leyti verð að vera á því, að þingmaður Reykvíkinga hafi í ýmsu haft mikið til síns máls í ræðu sinni, en orð hans voru heldur sterk og gallar grundvallarins uxu honum of mikið í augum. Mèr fyrir mitt leyti, sem þó að undanförnu hefi haldið fast við skipagjaldið, þykir mjög leitt, að breyta um þann grundvöll í löggjöfinni, sem hefir þó getað haldizt í gegnum þrjú þing, og orðið að lögum einu sinni, fyr en full raun er komin á að hann sè óeðlilegur og ónógur til að svara tilganginum, það er, að auka tekjur læknasjóðsins, en það er nú sýnt og sannað, að þær hafa orðið drýgri í ár en að undanförnu, og því fremur verð eg að fallast á grundvöllinn, sem eg vænti eptir að við lagfæringar nefndarinnar muni löggjöfin verða vinsælli, einkum þegar gjaldið væri lækkað, og mönnum eigi gjört að skyldu að greiða það í peningum, auk þess sem nú eru gjörðar ákvarðanir um, hvernig að skuli fara, þegar menn eigi geta talið fram aflann, því þegar menn ættu að skapa aflann, þá gætu þeir og tekið sanngjarnt tillit til, hvernig ástæður gjaldanda væru, svo gjaldið yrði þeim eigi óbærilegt; enn fremur er nú greinilega tekið fram um lýsisgjaldið, sem áður þótti óhæfilegt.

Það er annars áður búið að ræða og rita svo mikið um þetta mál, bæði í hèruðum og hèr á þingi, að eg vona að umræðurnar í þetta sinn þurfi eigi að verða miklar, því ef menn eigi geta gefið neinar nýjar verulegar upplýsingar með eða mót, þá er óþarfi, að vera endurtaka það með sömu orðum, sem áður hefir verið sagt til einkis, eða rífa það niður, sem þó hefir náð því að standa.

Þórarinn Böðvarsson: Þingmaður Barðstrendinga byrjaði ræðu sína með því að lýsa gleði sinni yfir samkomulagi því, er nú væri komið á í þessu máli, en hann veit það sjálfur, að hann var einn meðal þeirra manna, er mestan þátt hafa átt í að kveykja þennan eld, er kviknað hefir út úr þessu máli, og það þarf víst eigi mörg ógrunarorð til að kveykja hann aptur, enda heyrðist mèr eigi betur áðan en að farið væri að kvikna í einum þingmanninum, þeim sem næstur honum situr, og þaðan mun hann breiðast út. Framsögumaður tók það fram, að nefndin hefði tafizt við það, að mèr og öðrum manni var bætt í hana, og neita eg því eigi, að þótt eg eigi vildi gjöra neinn sèrlegan ágreining í nefndinni, heldur vildi gjöra mèr allt far um samkomulag, þá gekk eg þó ófúslega inn á skoðun meiri hlutans, og var það eigi af því,

að eg áliti hana í sjálfu sèr rètta, heldur sakir þess, að eptir því sem nú er komið mun eigi annað vera ráðlegra. Eg fyrir mitt leyti verð enn að vera á því, að það hafi verið rangt að verja því gjaldi til almennra nota fyrir land allt, er upphaflega var lagt á í einstaklegum tilgangi, sem sè til að útvega holdsveikum mönnum aðhjúkrun. Á öllu landinu er álit almennings á móti þeim grundvelli, sem hèr er farið fram á, en þó eru kringumstæðurnar svo að annað virðist eigi tiltækilegra en að halda honum, því meiri hluti þingsins virðist vera með honum. En þó má fara svo með hann og gjöra þær breytingar við álit nefndarinnar, að eg neyðist til að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að Gullbringusýsla fái sèrstaka löggjöf í þessu máli. Konungsfulltrúa þótti of mikill munur gjörður á saltfiski og harðfiski, en þetta hygg eg eigi vera rètt, því þótt harðfiskur sè nokkru verðmeiri eptir vigt, þá er hann þó venjulega miklu smærri, og eptir því sem nú stendur, þá er verðmunurinn á skippundinu af hörðum fiski og saltfiski eigi mikill. 1 skippund saltfisks er nú 24 eða 26 rd., en 1 skippund harðfisks 30 rd., en öllum vitanlega fer um það helmingi meira í 1 skippund harðfisks, en 1 skippund saltfisks, og er því saltfiskur að því helmingi dýrari. Hvað það snertir að halda ákvörðun frumvarpsins um fisk, sem saltaður er niður í tunnur, þá sè eg þess enga þörf, því eptir daglegu máli manna þá er saltfiskur kallaður allur sá fiskur, sem saltaður er, án tillits til hvernig verkun hans er að öðru leyti. Þingmaður Barðstrendinga áskildi sèr breytingaratkvæði um, að mönnum eigi yrði gjört að skyldu að greiða gjaldið í peningum. Nefndinni var að vísu ljós peningaekla sú, sem nú er í landinu, en eigi að síður þótti henni eigi ástæða til að gjöra slika ákvörðun; einhverstaðar verða peningarnir að vera, til þess að læknasjóðurinn geti fengið þá, og það er mjög óvíst, að tollheimtumaðurinn eigi nokkuð hægra með að útvega þá, heldur en greiðandi; fyrirhöfn sú, er því væri samfara, að hafa sèrstaka menn til að heimta saman gjaldið, mundi og rýra mjög tekjur læknasjóðsins og þar af leiddi aptur, að gjaldið þyrfti að ákveða þeim mun hærra; en eg þykist viss um, að þegar menn gæta þessa, þá muni flestir greiðendur heldur kjósa að greiða hið ákveðna gjald í peningum, heldur en sjöttungi meira í landaurum. Þingmaður Barðstrendinga vildi einnig láta til taka um lifrina, hve mikið þyrfti að leggja af henni móti hverri tunnu lýsis; en hann sýndi sjálfur að þessa er ekki þörf, því eins og hann gat um að

alstaðar á Vesturlandi væri 1½ tunna af lifur lögð móti einni tunnu af lýsi, svo mun þetta vera svo undantekningarlaust um allt land, að um það getur enginn ágreiningur orðið. Um breytingaratkvæði minni hlutans hefi eg fátt eitt að segja; það er til orðið af því, að við vildum fylgja þeirri grundvallarreglu frumvarpsins og nefndarálitsins sjálfri sèr samkvæmt, að leggja eigi á annan fisk, en þann sem verkaður er á einhvern hátt; en svo sem konungsfulltrúi tók fram, þá er mestur hluti af fiski þeim, sem seldur er blautur, ætlaður til neyzlu þá þegar, en fæst af honum mun vera hert. Í þetta sinn vil eg eigi fara fleiri orðum um málefni þetta, en eg vil taka það upp aptur að eg áskil mèr rètt til, ef mèr svo sýnist, að koma fram með breytingaratkvæði í þá átt, er eg hefi drepið á.

Þórður Jónasson: Tilskipun frá 10. ágúst 1868 liggur nú fyrir þinginu í nýrri útgáfu, og eins og venja er til, aukin og endurbætt, og það er hún og í ýmsum verulegum atriðum. Mörg atriði, sem, ef til vill, eigi voru nógu skýrt tekin fram í fyrri útgáfunni, eru það í þessari; þannig er t. a. m. tekið fram, sem áður þótti vafa bundið, að ekki eigi nú að borga fyrir lýsi, sem fæst úr þeim fiski, sem afgreiðsla gengur af; að það megi jafna afgreiðslunni niður á þá, sem annaðhvort ekki vilja, eða ekki geta talið fram afla sinn, en þessi ájöfnun þótti, þar sem hún var við höfð árið sem leið, hrein lögleysa. Eins er sagt fyrir um það, hvernig eigandi geti farið að við hásetann með þann hluta gjaldsins, er honum ber að greiða eptir tiltölu, svo er og afgreiðslan færð niður úr því sem hún var, og loks er fyrirkomulagið með útvegun skýrslanna miklu hagfelldara en það var eptir tilskipuninni. Eg verð því að álíta, að það megi vel fara eptir frumvarpinu sem lögum, ef menn annars hafa góðan vilja til þess, og ekki halda einstrengingslega fram þeirri skoðun, að lög þessi sèu byggð á rangri undirstöðu, og það eigi því að taka upp gjaldstofninn í frumvarpinu frá 1867. Hins vegar get eg þó ekki tekið undir það með þingmanni Barðstrendinga, að nú hafi sannleikurinn sigrað, því að vísu hefir stjórnin og þingið aðhyllzt að byggja ofan á þann grundvöll, sem varð ofan á á þinginu 1867, en það eru þó enn þá margir, sem eru á gagnstæðri skoðun, og sem glöggt sjá annmarkana á því, að byggja afgreiðsluna til spítalasjóðsins á framtali hlutaðeiganda á aflanum. Svo verður og sá annmarki á lögunum eptir sem áður, að spítalagjaldið fer upp og niður eptir því sem

aflast, svo aldrei verður fyrir fram vitað, hvað afgreiðslan muni gefa af sèr. En eg álít það ekki eiga við, eins og málinu nú er komið, að fara nú út í þessi atriði og beygi mig fyrir stjórnarfrumvarpinu og meiri hluta þingsins, því eg vil ekki stuðla til misklíðar og ágreinings í þessu máli á þinginu, heldur öllu heldur til þess, að frumvarpinu geti orðið framgengt í öllum aðalatriðum þess, eins og það liggur fyrir, af því mèr sýnist það sè vel unandi við frumvarpið sem lög. Hvað nefndarálitið snertir, get eg í flestum greinum aðhyllzt það; við sumt í því felli eg mig þó ekki, en um það ætla eg nú ekki að tala, því það verður nógur tími til þess, þegar nefndarinnar einstöku uppástungur og breytingar og viðaukaatkvæði þingmanna koma til umræðu við ályktunarumræðuna í málinu.

Stefán Eiríksson: Í þetta sinn hefi eg eigi ástæðu til að tala mörg orð í þessu máli. Þinginu er það kunnugt, af því sem á undan er farið í máli þessu, að eg hefi verið móthverfur grundvelli þeim, er nefndin nú vill halda fram. En eg vil þó taka það fram, að mèr þykir engin minnkun að því, að breyta skoðun minni, þegar eg sè, að það, sem breyta þarf, er til hagræðis fyrir landsbúa, og því er það, að eg, ef til vill, verð nefndinni meðmæltur, því eins og bænarskrárnar bera með sèr, að minnsta kosti þær sem komið hafa úr Múlasýslu, þá eru menn almennt orðnir á þeirri skoðun að halda grundvellinum í tilskipun 10. ágúst 1868. Það var eitt meðal annars, er gjörði tilskipun þessa svo óvinsæla hjá almenningi, þegar greiða þyrfti tvöfalt gjald af þorskinum, því tvöfalt var það, þegar greiða átti gjald af þorskalýsinu líka, en þetta er nú lagað í frumvarpinu og hjá nefndinni. Eigi að síður hefir þó þetta frumvarp ýmsa annmarka í för með sèr í tilliti til innheimtunnar, og að enn sem fyrri á að gjalda af mörgum óverulegum fiskitegundum, en nefndin hefir bætt úr mörgum þessum annmörkum, einkum með því að lækka gjaldið. Það hefir verið sagt, að nauðsynlegt væri að gefa mönnum kost á að gjalda í skileyri, og að setja umboðsmenn til að heimta inn gjaldið, en það hefir mikinn kostnað í för með sèr að setja sèrstaka umboðsmenn og rýrir, ef til vill, ekki alllítið spítalatekjurnar. Aptur er annað atriði, er eg vil minnast á, sem er það, að í annari grein frumvarpsins og undir tölul. 2. hjá nefndinni er ákveðið, að gjalda skuli spítalahlut af hvoru um sig fiski og lýsi eptir meðalverði á þeim vörutegundum í verðlagsskrá hvers árs, en eg verð að vera á því eins og fyrri, að rèttast sè,

að gjald þetta eins og hver önnur þegnskyldugjöld sè goldið eptir meðalverði allra meðalverða, og vil eg áskilja mèr rètt til að koma með breytingaratkvæði í þá stefnu. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Barðstrendinga nefndi sem jafngildi af lifur móti einni tunnu lýsis, sem sè þrjár hálftunnur, þá þykir mèr það eigi vera rèttilega í lagt; eg veit að minnsta kosti til þess, að á Djúpavog er venja að leggja tvær tunnur af lifur móti 1 tunnu af lýsi, enda er lifrartunna seld þar almennt með hálfvirði móti lýsistunnunni.

Helgi Hálfdánarson: Eg stend eigi upp í þeirri von, að eg muni geta sannfært menn um að grundvöllur sá, sem hèr er byggt á, sè óhentugur og óhafandi, eins og eg álít að hann sè; því það er komin nægileg reynsla fyrir því, að meiri hluti þingmanna vill ekki af því láta, að halda fram þessari upptalningarreglu sinni. Eg játa það og, að hann hefir nokkuð til síns máls, þótt ástæður hans sèu ónógar til að sannfæra mig um, að grundvöllur tilskipunarinnar 1868 sè hinn eini rètti, eður að mögulegt sè að fylgja honum, þegar til framkvæmdanna kemur. Það var sagt í nefndarálitinu, ef mig minnir rètt, að grundvöllur þessi væri farinn að ryðja sèr til rúms í rèttarmeðvitund þjóðarinnar, en eg hygg það sè gagnstætt, að minnsta kosti er langt frá, að svo sè í sjóplássunum hèr sunnanlands. Eg get því alls eigi tekið undir með þeim þingmanni, er lýsti gleði sinni yfir því, að nú væri sannleikurinn farinn að ryðja sèr til rúms og bera sigur úr býtum, enda hefir og jafnvel einn af nefndarmönnum lýst því yfir, að hann álíti grundvöllinn rangan, þótt kringumstæðurnar neyði sig nú til að framfylgja honum. Þegar eg nú virði fyrir mèr frumvarpið, þá eru að vísu ýmsar heppilegar ákvarðanir í því, og úr nokkrum af göllum þess hefir nefndin, ef til vill, bætt með uppástungum sínum, en aptur eru ýmsar aðrar ákvarðanir nefndarinnar, er eg eigi felli mig við og ætla heldur vera til hins lakara. Þar sem stendur í tölul. 1. í nefndarálitinu »og er lagður á land«, þá er þetta að vísu orðað svo til þess að auka gjaldið, með því þannig að draga undir gjaldskylduna ýmsan fisk, sem útlendir menn veiða hèr við land; en eg get ímyndað mèr, að með tímanum kynnu menn að taka þá aðferð upp að salta fiskinn á skipunum og flytja hann svo beinlínis til útlanda, án þess að leggja hann hèr á land, og gæti þannig ákvörðun þessi orðið til þess að mikill fiskur kæmist undan gjaldinu, sem það annars ætti að leggjast á. Það hefir verið talinn helzti kosturinn við grundvöll tilskipunarinnar 10. ág.

1868, sem nefndin enn vill halda fram, að með því næðist meiri jöfnuður og sanngirni, en með því að leggja á skipin, en nú er hèr í tölulið 1 a sama gjald lagt á alls konar fisk, smáan og stóran; þetta verður þó eigi kallaður jöfnuður, að gjalda sama gjald af stærsta netaþorski og minnsta þyrsklingi. Því næst er tölul. 1 b, og þykir mèr hann lakari fyrir breytingar nefndarinnar, því þorskurinn hefir sömu stærð og er jafnverðmikill, hvort sem hann er hertur eða saltaður, og er því engin ástæða til að gjöra gjaldið af honum helmingi minna fyrir þá eina sök, að hann er verkaður með því að herða hann, en eigi með því að salta hann. Það er og annað, er mèr þykir hèr ísjárvert, nefnil. það, að ef þorskur er seldur óverkaður, þá skuli lagt helmingi minna gjald á hann; þetta finnst mèr vera að veita verðlaun þeim óráðsmönnum, sem fara með fisk sinn blautan annaðhvort til kaupmanna eða til blautfisksmangaranna og selja þeim hann, ef til vill fyrir það, sem óþarfast er, brennivín, tóbak o. s. frv. Þetta yrði auðsjáanlega hagur fyrir blautfisksmangarana, en ekki fyrir læknasjóðinn. Auk þess er það, að þetta eykur mjög örðugleikann fyrir skipseigendur og formenn, þar sem þeir ættu, ofan á allt annað, að hafa gætur á, hvað hver háseti gjörir við fiskinn, hvort hann saltar hann eða herðir, eða hvað mikið hann selur af honum blautum. Það sjá allir, að með þessu fyrirkomulagi er þeim manni, sem töluverðan útveg hefir, lögð sú byrði á herðar, er honum er ómögulegt að rísa undir. Eg er eigi mótfallinn minni hlutanum, þó að mèr reyndar virðist, að það stundum eigi verði sanngjarnt að sleppa öllum þeim fiski, sem strax er borðaður, t. d. ef menn lenda í kaupstað og selja þar strax allan aflann með fullu verði, þá virðist mèr ósanngjarnt, að þeim fiski sè alveg hlíft við gjaldi. Aptur á móti virðist mèr, að isa og allur smáfiskur ætti helzt að vera undan skilinn gjaldinu. Eg get eigi sèð, hvort háf á að telja með eða eigi. Háfurinn er helzt hertur til skepnufóðurs, en sè háfurinn talinn með, sem þó líklega er eigi, þá er sjálfsagt að leggja ætti gjald á lýsið. Eg sè annars enga ástæðu til að skilja undan ýmsar lýsistegundir, t. d. hnýsulýsi, selslýsi og jafnvel hvalslýsi. Af þeim ástæðum, er eg nú hefi sagt, get eg hvorki gefið atkvæði mitt með frumvarpinu nè nefndarálitinu, en ætla að halla mèr að breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, og bera mig saman við hann um það, ef hann leyfir.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga heim-

færði til sín: «Út reri einn á báti». En það má með sanni segja, «að hann hringlaði 18 önglunum», enda hefir hann nú fengið 1, en eg vona að þeir verði fáir, er hann aflar. Sumir þingmenn hafa sagt, að sannleikurinn eigi hafi sigrað í þessu máli. Það er satt, hann hefir eigi sigrað hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, því hann veit eigi, hvað sannleiknr er í þessu máli. Sannleikurinn er hèr í því fólginn, að byggt sè á rèttum grundvelli, en það sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga byggir á, er eigi hinn rètti grundvöllur, eða með öðrum orðum, hann byggir á því, sem er annað en sannleikur. Það sem aptur á móti stjórnin og þingið byggir á, það er hinn rètti grundvöllur, eða með öðrum orðum, þau byggja á því, sem er sannleikur, og þótt hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður segði, að landsmenn vilji byggja á öðrum grundvelli en stjórnin og þingið, þá verð eg alveg að neita því (*Halldór Kr. Friðriksson*: Bænarskrárnar bera það með sèr); þær fara allmargar í allt aðra átt en þingmaður Reykvíkinga. Eg get sagt það t. d. að áður en eg fór að heiman, þá átti eg fund með kjósendum mínum, og bað þá segja álit sitt um þetta mál, án þess eg þó lofaði að binda mig nokkuð við skoðanir þeirra á málinu. Þá var það að eins einn sem sagði: eg vil hafa gamla kerlingarhlutinn? Hinir allir vildu halda þeim grundvelli, sem tilsk. 10. ágúst 1868 byggir á, reyndar með ýmsum smábreytingum. Hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu þótti óþarft breytingaratkvæði mitt um að til taka hlutfallið milli lifrarinnar og lýsisins, en eg vona að honum þyki það eigi óþarft lengur, eptir að hann hefir heyrt á ræðu hins háttvirta þingmanns Austur-Skaptfellinga, að sama regla gildir eigi í þessu efni um allt land. Eg sagði, að þingmaður Reykvíkinga hefði hringlað 18 önglunum, já, það var sannarlegur hringlandi, sem hann talaði. Hann sagði, að það væri hægt að hafa eptirlit með þessu í veiðistöðum, þar sem allur fiskur væri verkaður, en ómögulegt hèr á Suðurlandi, þar sem sumt af aflanum væri borið heim, sumt hert og sumt saltað, og eg skal líka játa það, ef hann heldur því sama fram og í hitt eð fyrra, að menn eigi kunni að telja hlut sinn hèr á Suðurlandi (*Halldór Kr. Friðriksson*: Það er allt ramskakkt, er þingmaðurinn segir). Þingmaður Reykvíkinga sagði líka, að þessi lög mundu verða til að spilla siðgæði manna; það get eg eigi skilið, þar sem einmitt í frumvarpinu eru lagðar sektir við, ef undan er dregið, aptur er þetta öfugur hringlandi hjá honum. Hann sagði líka, og það huggaði hann, að svo mundi fara, að

læknasjóðurinn yrði alveg jafnnær, en þó sagði hann, að spítalagjaldið yxi (*Halldór Kr. Friðriksson*: það hefi eg aldrei sagt). Þessu get eg eigi vel komið saman. Hann sagði, að þingið sýndi þrákelkni í þessu máli, en ef hann bregður þinginu um þrákelkni, þá má það sannarlega bregða honum um þrákelkni. Hann sagði, að þingið hefði farið krókótt til að finna sannleikann, en sá er munurinn, að þingið leitaði sannleikans og fann hann, en á sinni krókaleið hefir hann aldrei fundið hann, og sannaðist það, að þingið fann sannleikann, á því, að stjórnin fèllst alveg á skoðun þess á málinu. Nú held eg, að flestu sè svarað í ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga.

Sigurður Gunnarsson: Mèr líkar að flestu leyti vel þetta frumvarp, og þá eigi síður aðgjörðir nefndarinnar. Vona eg það lagaboð, sem myndast af þessu, verði miklu hagfelldara, en hitt frá 10. ágúst 1868. Hèr er gjaldið lækkað og mikill fiskur undan þeginn, og einkum er gjaldheimtan gjörð miklu hægri og einfaldari. En eg vil að eins minnast þess, að ef breyting nefndarinnar undir staflið «b» fellur, þá vil eg bera fram grein, sem nálgast meira frumvarpið, en fer í líka stefnu og þessi. Eg vil og, að ákveðin sè upphæðin á hákarlslifur, er samsvari lýsistunnu, líkt og þingmaður Barðstrendinga minntist á. Eptir því sem eg hefi heyrt á Austurlandi, var það rètt, er þingmaður Austur-Skaptfellinga tók fram, að þar er svo talið víðast, að 2 tunnur af hákarlslifur svari einni tunnu af lýsi; þó játa þeir, sem setja lifur upp í stór ílát og tappa smám saman undan sjóinn, að þá fáist hèr um bil eins mikið úr lifrinni og þingmaður Barðstrendinga sagði. Nokkru áður en eg fór suður til þings, voru víðast í sjávarsveitunum í mínu kjördæmi haldnir fundir til að ræða um spítalamál þetta, og heyrðust þar ýmsar raddir. Sumir vildu hækka spítalagjaldið frá því, sem það er ákveðið í löggjöfinni frá 10. ágúst 1868, en sumir vildu lækka það; sumir vildu biðja um, að gamla spítalagjaldstilskipunin yrði aptur í lög leidd. En öllum kom saman um, að gjaldstofninn í tilskipuninni frá 1868 ætti langbezt við á Austurlandi; því það er mjög títt, að þar er róið í sumum fjörðum aptur og aptur á sumum árum, án þess nokkuð aflist til muna. Þar sem svo er háttað er auðsætt, að miklu rèttara er að taka gjaldið af aflanum, en af verkfærunum, sem aflað er með, og svo er alstaðar, þegar skynsamlega er litið á þetta mál. Auk þeirrar orðabreytingar, sem hinn háttvirti þing-

maður Barðstrendinga áskildi sèr, leyfi eg mèr einnig að áskilja mèr svo sem 2 eða 3 aðrar, sem eg ber mig saman við nefndina um. Sömuleiðis áskil eg mèr viðauka við 8. grein frumvarpsins, þannig að tekin verði upp í greinina orð úr konungsbrèfinu 26. maí 1824 um spítalahlut af fugli og vitnað um leið til þessa brèfs.

Pètur Pètursson: Þess er getið í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, að stiptsyfirvöldin ekki hafi getað mælt með þeirri uppástungu, að gjald sè lagt á hákarlslifrina, áður en hún er brædd og með því gjörð að verzlunarvöru. Þetta er satt um mig; eg var samdóma stiptamtmanninum um það, að rètt væri að takmarka gjaldið við verkaða vöru; en sú upplýsing kom fram meðal nefndarmanna, að bæði á Ísafirði og á Austfjörðum væri mikið selt af óbræddri lifur, og leizt oss þá, að spítalasjóðurinn gæti misst allt of mikils í af því gjaldi, er honum bæri með rèttu, ef öll sú lifur væri gjaldfrí. Hið sama er og að segja um blautan fisk, því það upplýstist einnig í nefndinni, að til veiðistöðvanna ganga iðulega heilar lestir, er kaupa fiskinn eins og hann er blautur eða hálfsiginn, og flytja hann til sveita, og þá missti einnig spítalasjóðurinn talsvert gjald, ef allur sá fiskur slyppi undan. Eg er einnig nokkuð hikandi með sjálfum mèr, hvort sleppa eigi staflið b úr 1. grein frumvarpsins, því mèr heyrðist hinn háttvirti konungsfulltrúi geta þess, að farið væri að verka fiskinn þannig, og þannig verkaður fiskur er að minni ætlan það, sem erlendis er kallaður *Kabliau*, svo það er líklega varúðarvert að sleppa honum úr frumvarpinu. Eg óttast annars mest fyrir því, að nefndin hafi lækkað gjaldið of mikið, einkum af því gjaldheimtan er svo miklum erfiðleikum bundin, eins og sýnt hefir verið fram á. Ef reynslan sýndi, að uppsögnin yrði þeim mun betri, sem gjaldið er meir minnkað og það gjört sem vægast, þá væri ekkert um að tala; en eg held reynslan sýni, að talsverður brestur er á þessu. Þó gjaldstofn þessa frumvarps sè að minni ætlan mjög svo eðlilegur, er þó hitt næstum því ómögulegt, einkum hèr við Faxaflóa, að hafa fullkomið eptirlit með innheimtunni, og það lèt eg í ljósi þegar á alþingi 1867; og þess vegna kasta eg ekki þungum steini á þingmann Reykvíkinga fyrir það, þótt hann haldi fast fram sömu skoðun í máli þessu nú sem fyr.

Jón Kristjánsson: Undir 7. tölul. í niðurlagsatriðum nefndarinnar stendur: «að fyrirsögn frumvarpsins verði þannig: ««Frumvarp til tilskipunar um spítalagjald af sjávarafla»»; en undir 1. tölul.

stendur: «spítalahlutir skulu hèr eptir greiddir af sjávarafla þeim, er fæst á þilskip, opin skip og báta við Ísland og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt», o. s. frv., og svo er skýrt nákvæmar frá því, hvernig gjaldið skuli goldið af hverri einstakri grein aflans. Eptir þessu virðist með öllu óþörf ákvörðunin í enda stafliðs c (í 1. gr), er svo hljóðar; «en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald», og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði lútandi að því, að fella þetta burt, því það er ekki ætlunarverk tilskipunarinnar að telja upp allar þær fisktegundir, sem ekkert gjald skal greiðast af. En ef þingið skyldi fella þetta breytingaratkvæði, áskil eg mèr til vara annað breytingaratkvæði á þá leið, að niðurlagsorð málsgreinarinnar verði: «Af hákarli skal hèr eptir ekki annað spítalagjald greiðast». Meira ætla eg ekki að tala, með því mál þetta mun samt verða rætt með nógu miklum ósköpum, og eru þegar farin að sjást merki þess.

Stefán Jónsson: Þar sem í fyrstu grein í niðurlagsatriðum nefndarinnar stendur, að spítalahlutir skulu goldnir af afla þeim, sem fæst á þilskip, opin skip og báta, þá skal eg geta þess, að fyrir norðan eru til byttur, er samsvara tveggja manna förum hèr syðra, og er opt töluvert aflað á þess konar för. Eg vildi, að það ekki misskildist, að þær heyrðu hèr undir, því það væri ekki rètt að sleppa öllum þeim afla fyrir spítalagjaldi, er á þær fæst, og eg held það spillti ekki neinu, þó nafnið kæmi inn í tilskipunina, og æski eg þar viðaukaatkvæði. Hvað ágreininginn milli meiri og minni hlutans snertir, þá verð eg alveg að vera á máli meira hlutans, og eg held, að álit minna hlutans sè komið af því, að í honum eru menn, sem eru ókunnugir fyrir norðan, en þar veit eg til að opt er seldur blautur fiskur upp úr sjó, svo miklu nemur, og sè eg ekki, þegar fiskurinn er seldur með fullu verði, hvers vegna hann þá á að vera gjaldfrí, þótt blautur sè, og mun þetta gjald, er af honum ætti að greiðast, geta numið allmiklu. Viðvíkjandi því, hvernig gjaldið skuli greitt, þá er mèr um það kunnugt, að fyrir norðan eru sýslumönnum mest borguð gjöld þeirra með innskriptum í verzlanir, og vona eg að þeir einnig gætu þegið þetta gjald goldið á sama hátt, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt. Breytingaratkvæðið, sem þingmaður Barðstrendinga áskildi sèr um það, að settir skyldu vissir menn til að innheimta gjald þetta, launaðir af læknasjóðnum, get eg ómögulega fallizt á, og eg þykist viss um það, að stjórnin gengur aldrei inn á því líkt fyrirkomulag; það

yrði til að rýra sjóðinn um $^1/_6$ part af upphæð gjaldsins, og vil eg því ráða þingmanninum til að taka þetta breytingaratkvæði aptur.

Jón Pètursson: Það er fátt eitt, sem eg ætlaði mèr að taka fram, því yfir höfuð felli eg mig vel við frumvarpið, og eins nefndarálitið. Þó skal eg geta þess viðvíkjandi staflið a í fyrstu grein frumvarpsins, að eptir því, sem er tekið fram í ástæðum þess, er líklega meint einungis til þess fisks, sem er verzlunarvara, og mundi fólki falla það vel í geð, en miður, ef átt væri við þann fisk, sem eytt er daglega. Nefndin hefir og líklega skilið það svo, en, eptir því sem orð hennar, einkum meira hlutans, hljóða, geta þau orðið misskilin. Það getur verið ástæða til að minna sè goldið af harðfiski en af saltfiski, t. a. m. $^1/_4$ alin af harðfiski, en $^1/_2$ alin af saltfiski, en hitt get eg ekki skilið, að það sè ástæða til þess, sem meiri hlutinn vill, að leggja fremur toll á fisk þann, sem seldur er nýr til þess að hans strax sè neytt, en á þann, sem hlutaðeigendur strax neyta sjálfir; það er þó sama, hvort eg sel fiskinn strax nýjan og kaupi fyrir andvirðið annan mat til að neyta strax, eða eg èt fiskinn og kaupi mèr ekki annan mat fyrir hann. Mèr líkar ákvörðun minna hlutans betur, en vil þó bæta við á eptir «niðursuðu»: «eða til að herða», því þá leggst tollurinn á allan þann fisk, sem verkaður er til að vera eða verða verzlunareyrir, og annan ekki. Eg er sömu skoðunar og þingmaður Reykvíkinga, að ómögulegt yrði að lifa eptir frumvarpinu, sakir þess, að innheimtan yrði ókljúfandi, ef toll ætti að leggja á fisk þaun, sem seldur væri nýr, því það yrði opt bágt að sanna, að maður hefði selt fisk þann, er hann fargar. Eg álít frumvarpsins fyrstu gr. staflið b góðan, og vil mæla með því að honum sè haldið, því eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, kalla menn ekki það saltfisk í daglegu tali, sem saltaður er niður í tunnur blautur, heldur þann fisk, sem er saltaður og svo hertur; en eg vil, að gjald af þeim fiski verði ekki nema $^1/_4$ alin af tunnunni. Hvað 5. tölulið nefndarinnar snertir, þá álít eg þá ákvörðun miklu betri í frumvarpinu, eða hún sè í meiri samstemmu við straffið í 3. gr., því það er auðsætt, að það er ósanngjarnt, að sama sekt, eins og nefndin vill, skuli lenda á þeim manni, sem fer burt úr hrepp sínum ekki í neinu sviksamlegu augnamiði, og þeim, sem svíkst undan gjaldinu, og fylgi maður nefndinni undir tölulið 5., þá er auðsætt, að lækka yrði sektina, sem á er kveðin í 3. grein. Viðvíkjandi 1. grein staflið c hjá nefndinni, þá

er eg samþykkur þingmanni Húnvetninga, að það sè ekki sem formlegast, að fara hèr að tala um það, að hætta skuli að greiða toll af hákarli, því þar eð það gjald er ákveðið með lagaboði, þá þyrfti að hafa komið fram alveg bein uppástunga um það, að breyta því lagaboði. Að spítalatollur hafi verið tekinn af hákarli, samkvæmt lagaboðinu, veit eg með vissu, því þegar eg var sýslumaður, þá man eg eptir því, að eg ávallt heimtaði spítalagjald af hákarli og hafði enginn neitt á móti. Viðvíkjandi nafninu á sjóði þessum, sem spítalagjaldið rennur í, þá furða eg mig ekki á því frá dönsku sjónarmiði, þótt frumvarpið kalli þennan sjóð hinn íslenzka læknasjóð, en eg vil fella burt orðið »íslenzkur», af því að lagaboðið er fyrir Ísland og hèr er eigi nema einn læknasjóður, svo engum hèr á landi dettur í hug, að talað sè hèr um annan læknasjóð, en þennan eina.

Torfi Einarsson: Það er líklega óþarfi fyrir mig að standa upp, en af því eg tók eptir einu orði hjá þingmanni Reykvíkinga, þar sem hann sagði, að mótstöðumenn hans í þessu máli hefðu viljað berja niður allt vit, þá get eg ekki á mèr setið að lýsa því yfir, að það hefir ekki allt verið alvizka hjá mótmælendum vorum. Ein aðalástæðan hjá þeim hefir lengst af verið sú, að fiskurinn yrði ekki talinn. Eg skil nú ekki í því, að þar sem sagt hefir verið um Reykjavík, að hún væri sá partur landsins, sem þenkir og ályktar, að menn þó ekki gætu lært þar að telja, því það veit eg þó, að svo lærðir eru menn í Strandasýslu, þótt henni ekki sè talið hitt til ágætis, að hver maður kann þar að telja. Eg ætla ekki að rekja alla þá speki, sem hefir staðið í Þjóðólfi um þetta mál í vetur, en að eins minnast eins, að þar sem sagt er, að einn merkasti hreppstjórinn hafi sagt við oss, að hann hefði ekki borið við, að telja afla sinn, því það hefði sèr verið ómögulegt, þá komst eg í hrein vandræði með að ímynda mèr, hvernig ómerkilegasta hreppstjóranum er varið, og líklega vantar hann skilningarvitin alveg, og þetta álíta Sunnlendingar ómótmælanlega vöru. Það lýsir því heldur ekki, að þeir menn leiti sannleikans, sem beita slíkum vopnum. En hvað snertir sannleikann, sem þingmaður Reykvíkinga kvartar svo um að vantað hafi hjá öllum sínum mótstöðumönnum í máli þessu, þá held eg þyrfti meir en meðallags Pílatus til að finna sannleikann hjá honnm. Það lítur annars út fyrir æðimikinn ágreining út af máli þessu enn á ný, ef menn fara að þjarka út af því, sem alls eigi þarf við, og vil eg ekki byrja illdeilu til

ónýtis. Þingmaður Vestmannaeyinga hafði það á móti frumvarpinu, að jafnt væri goldið af ólíkum fiskitegundum, en það getur jafnað sig, með því sami maðurinn aflar venjulega ýmsar fiskitegundir. Meðalið til að bæta úr þessu hefir hann ekki annað fundið, en að láta gjaldið koma misjafnt niður á töluna, svo að sá borgaði minnst að tiltölu, er mest aflaði, og þvert á móti, það er þegar margsannað, að er með öllu ótækt. Þingmaður Reykvíkinga brigzlaði mèr um það, að eg þekkti ekki til hèr á Suðurlandi, og skal eg játa, að það er ekki til hlítar, því eg held líka, að enginn þingmaður sè fullkunnugur um allt land, enda gat þingmaður Vestmannaeyinga ekki sagt mèr þèrna um daginn, þegar eg átti tal við hann, hvort selt er lýsi eða lifur á Vestmannaeyjum, og sýnir það, að hann er þar ekki alls kostar kunnugur. En eg held það sè bezt að fara ekki lengra út í það.

Jón Hjaltalín: Þegar eg sá nefndarálit þetta, þá datt mèr í hug, að það kallaði til mín og segði; «noli me tangere (eða snertu mig ekki)»; en eg álít samt skyldu mína að láta í ljósi það, sem eg veit rèttast fyrir samvizku minni í þessu máli. Stjórnarfrumvarpið er eins náttúrlega eins og við er að búast, þar sem þingið er búið að króa stjórnina í nokkurs konar völundarhús, og svo er verið í sífellu argi og gargi út um allt land. Eg held eg fari annars að verða smeikur við alþingi sem löggjafarþing, ef vèr árið 1871 ekki getum búið til tilskipun, sem stendur einn hundraðasta part þess tíma, sem tilskipunin frá 1746 er búin að vera í gildi. Eg held nú reyndar hvorki, að þingmaður Barðstrendinga nè þingmaður Strandasýslu hafi lykil vizkunnar í máli þessu; en aðferð landsmanna í þessu er orðið fullkomið «Skandale» í landinu; og eg lýsi því opinberlega yfir, að eg ætla mèr ekki að standa upp fyrir einu einasta atriði á atkvæðaskránni, og það gjörir mèr illt, að jafnmargir skynsamir menn hafa átt við nefndarálit þetta. Eg er viss um, að út um land er varla 1 af 10, sem ekki játa hátíðlega, að þetta getur ekki gengið. En eg áskil mèr rètt til þess, að senda stjórninni mitt ágreiningsatkvæði í máli þessu, hvað sem svo allur annar þingheimur segir.

Framsögumaður: Það er fátt, sem eg þarf að svara enn sem komið er, því flestir af þeim, er látið hafa meining sína í ljósi, hafa verið nefndinni meðmæltir. En af því eg býst við, að þingmaður Reykvíkinga álíti það þorleysi af mèr, ef eg geng þegjandi fram hjá ræðu hans, þá skal eg þó geta þess, að mótbárur hans

er öllum svarað og þær svo marghraktar, að eg sè ei ástæðu til að hafa það upp aptur, enda veitti og þingmaðurinn hálft í hvoru ádrátt um, að fallast á frumvarpið óbreytt, þótt það reyndar eptir orðum hans ekki væri í góðum tilgangi; en það gjörir ekkert til; notin verða hin sömu af atkvæði hans, hvort sem það er gefið í góðum tilgangi eður ekki. En þar sem hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga gjörði þá fyrirspurn til nefndarinnar, hvort háfinn ætti að telja undir fiskinn eptir tölu eða ekki, þá var það meining nefndarinnar, enda er þess getið í ástæðunum fyrir nefndarálitinu. Hann sagði og, að ranglátt væri, að taka sama gjald af alls konar fiski; en þetta er gömul mótbára, og er þegar skýrt frá því, hvers vegna eigi getur álitizt tiltækilegt, að yfirgefa þennan grundvöll, þó á honum sè þessi galli, fyrst á annað borð var farið að byggja á honum. Að taka gjald af öllum lýsistegundum, hefir aldrei verið meining frumvarpsins, því að hið upphaflega spítalagjald átti einungis að miðast við fiskiafla, en hvorki við sel nè hval. Þar sem þingmaður Húnvetninga og hinn 4. konungkjörni þingmaður gátu þess, að óþörf og óeðlileg væri ákvörðunin um hákarlinn undir stafl. b í nefndaruppástungunum, þá álít eg þó, að sú ákvörðun sè til bóta, svo auðsèð verði, að hertur hákarl skuli vera gjaldfrí, og gjald að eins greiðast af lýsi hans. Þar sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður talaði um gjald af hákarli, þá var mèr ekki fullkomlega ljós meining hans, hvort hann á við spítalagjald eður eitthvert annað gjald, en að nokkurt annað gjald hvíli á hákarli, er mèr ekki kunnugt. Hinn sami þingmaður talaði um það, að Princip frumvarpsins væri, einungis að leggja gjald á verzlunarvöru, en það er eigi réttur skilningur, því frumvarpið vill einnig leggja gjald á fisk, sem neytt er í landinu, og hann er þó í skilningi þingmannsins ekki eiginleg verzlunarvara. Þar sem hann enn fremur benti á ósamkvæmni í sektunum, sem á er vikið í 3. og 5. grein, þá get eg ekki sèð, að það sè mikilsverð mótbára, þegar til er tekið bæði minimum og maximum, svo sektin getur ákveðizt með mismunandi upphæð þar á milli eptir því, hvernig brotinu er háttað. Hvað loksins snertir ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá er það að vísu sorglegt, að hann skuli hafa lýst því yfir, að hann ætli ekkert við nefndaruppástungunum eða frumvarpinu að snerta; hann álítur hvorttveggja eins og eitthvert «noli me tangere»; en það er vonandi, að hinn háttvirti

þingmaður í þessu efni muni sjá sig um hönd, og koma fram með þær tillögur um málið, sem því mega verða fyrir beztu.

Forseti: Þrír þingmenn hafa beðið sèr hljóðs, nefnilega þingmaður Rangæinga, þingmaður Suður-Múlasýslu og þingmaður Reykvíkinga. Ef ekki eru fleiri, sem óska að tala í þessu máli, þá getum vèr líklega lokið umræðunni á þessum fundi; en ef fleiri þingmenn óska að tala, sting eg upp á, að framhaldi þessarar umræðu verði frestað þangað til á morgun.

Með því fleiri þingmenn bjuggust við, að þeir mundu biðja sèr hljóðs, var það af ráðið, að fresta umræðunni til næsta dags. Ákvað forseti fund kl. 12 þann dag og sagði

Fundi slitið.

---

21. fundur — 2. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Suður-Þingeyinga, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá tveimur síðustu fundunum lesin og samþykkt.

Forseti: Það sem liggur fyrir í dag er að halda áfram undirbúningsumræðunni um konunglegt frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill þegar taka til máls; en ef hann eigi finnur ástæðu til þess að svo stöddu, þá hefir hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga beðið sèr hljóðs.

Framsögumaður: Eg finn eigi ástæðu til að taka til máls að svo stöddu.

Grímur Thomssen: Þinginu er nú orðinn kunnur af umræðunum þessi litli ágreiningur, sem er á milli meiri hlutans og minni hlutans, og hefir hann orðið fyrir misjöfnum dómum. Það var þó huggun fyrir minni hlutann, að hinn háttvirti konungsfulltrúi var honum að mestu leyti samþykkur, einungis þótti honum vanta eptir: «eða niðursuðu»: «eða til herðingar». Þess vegna hefir oss, sem erum í minni hlutanum, komið til hugar að orða breytingaratkvæði vort þannig, að á eptir orðið: «óverkaður» sè bætt: «til

verkunar», og þá falla aptur í burtu orðin: «til söltunar eða niðursuðu»; því það er aðgætandi, og það er þeim víst eigi fyllilega ljóst, sem mæla móti þessari breytingu vorri, að oss gekk það alls eigi til með henni, að vèr álítum, að sú aðalregla, sem frumvarpið fylgir, væri hin bezta og ákjósanlegasta. En það var oss ljóst, að samkomulag varð að komast á; vèr álitum fundi nefndarinnar eins konar sáttafundi, en til þess að samkomulag gæti komizt á, þá voru ástæður hverrar stefnunnar fyrir sig vegnar og metnar, og allir slökuðu nokkuð til, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram í gær, og það er að því leyti rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði í gær, að eg er viss um, að enginn nefndarmanna þykist svo mikill, að hann fullyrði, að hann hafi alveg hitt sannleikann í þessu máli. Líti menn nú á frumvarpið, þá er það víst, að, eins og það liggur fyrir, án þeirra breytinga, sem nefndin hefir gjört við það, þá hefir það þá aðalreglu, eins og tekið er fram í ástæðunum, að leggja eigi gjald á annan fisk en þann, sem er verkaður, en undan taka allan þann fisk, sem hafður er til neyzlu í landinu sjálfu, en stjórninni hefir þó eigi heppnazt að geta haldið sèr algjörlega við þessa aðalreglu, eins og 1. grein frumvarpsins sýnir. Minni hlutinn fór nokkuð lengra, og vildi láta leggja gjald á þann fisk, sem seldur væri til verkunar, þó hann væri óverkaður, þegar hann væri seldur. En hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga þótti það að þessari breytingu minni hlutans, að, èf það yrði samþykkt, þá slyppi undan öllu gjaldi allur sá fiskur, er seldur væri blautur upp úr sjónum, og eins og hagaði til á Norðurlandi, þá mundi það verða mikill fiskur, er á þennan hátt kæmist undan gjaldinu. En eg vil minna hinn háttvirta þingmann á það, að í öðru eins máli og þessu er ómögulegt að fullur jöfnuður náist, því þótt gjaldið lèttist á einum hlutanum, þá er þó rangt að ofþyngja þar fyrir á hinum. Því að því verður eigi neitað, að, ef ofan á gjaldið af verkuðum fiski á að bæta gjaldi af öllum óverkuðum fiski, sem er seldur, þá fer gjaldið að verða þungbært á Suðurlandi og Vesturlandi. Hann ætti þá líka, ef hann vildi vera sjálfum sèr samkvæmur, að leggja gjald á hertan hákarl, því það, að vilja heldur gjald af smærri skipunum, það er að gjöra mesta rètt að órètti. Hinum háttvirta þingmanni Vestmannaeyinga mislíkaði einnig uppástunga minni hlutans, en mèr eru eigi ljósar þær ástæður, sem hann færði á móti henni, og hverjar svo sem þær ástæður voru, þá er það þó víst, að skoðun

hans miðaði til þess að gjöra gjaldið þyngra; en það álít eg óþarfa, því ef vèr gætum að, og gjörum ráð fyrir, að gjaldið reglulega innheimtist, þá er það talsvert fè, sem fæst með þessu fyrirkomulagi, því frá Faxaflóa er til jafnaðar flutt út hèr um bil 14000 skp. af saltfiski, frá Ísafirði hèr um bil 6000 skp., og frá öllum öðrum veiðistöðum á landinu hèr um bil 4000, og verður það þá í allt 24000 skp. af saltfiski, og þegar gjalda skal af hverju hundraði $^1/_2$ alin, þá verður það hèr um bil 3000 dalir; þá er eptir allur harður fiskur og talsvert af lýsi, svo að það er alls eigi of mikið í lagt, þó að gjört sè ráð fyrir, að gjaldið muni nema 4—5000 dölum á ári (*Pètur Pètursson:* jú). Frumvarpið er að vísu eigi orðið að lögum, svo að eg get eigi skýrskotað til reynslunnar í þessu efni, en á landshagsskýrslunum má þó sjá, að svo mikið af saltfiski hefir verið flutt út, en um harða fiskinn verður að vísu engin áætlun gjörð nema eptir getgátu, en eg ætla, að eg muni alls eigi hafa reiknað gjaldið af harða fiskinum og lýsinu of hátt. En það getur verið, að hinn háttvirti varaforseti kunni að gefa þær skýringar um þetta mál, er komi mèr á aðra skoðun. Nú man eg þá ástæðu, sem hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga færði til á móti uppástungu minni hlutans; það var nefnilega sú, að eptir uppástungu hans væru það helzt óreglumennirnir, er kæmust hjá að borga gjaldið af fiski sínum, en mig furðar á því, að hann, sem hefir verið prestur í Görðum, skuli segja þetta; hann veit þó, að það er satt, að það eru helzt fátæklingarnir, sem fara með fiskinn blautan í kaupstaðinn til þess að fá fyrir annaðhvort einhverja ögn af korni eða kaffi, eða öðru, sem þeir helzt þarfnast; eg neita því reyndar eigi, að það eru líka einstöku óreglumenn, sem þetta gjöra. Hinn háttvirti þingmaður mun nú eigi neita því, að það er hart að leggja þetta gjald á fátæka barnamenn, og meir að segja: eg álít það alveg rangt, að leggja gjald á 2 eða 3 ísubönd, sem aumingjarnir fara með í kaupstaðinn til að kaupa fyrir bráðustu nauðsynjar sínar, því að 1, álít eg gjaldið nógu hátt hvort eð er, og 2, verður það til þess, að freista manna til þess að draga undan, eins og þingmaður Reykvíkinga tók rèttilega fram í gær. Eg ætla líka, að það sè heldur eigi gott að halda reikning með, hve mörg ísubönd maður selur eða leggur inn, og fyrst að svo er, þá vil eg líka, að allur slíkur fiskur sè undan skilinn. En eg ætla þó eigi að fara að gjöra þetta að kappsmáli, og skal eigi verða hryggur, þó uppástunga minni hlutans sè felld.

Mèr finnst, að það sem skeð hefir í þessu máli 1870 ætti að vera uppörvun fyrir þingið, að verða á því hreina og komast að einhverri niðurstöðu, sem þó naumast er að búast við að verði hin allra-ákjósanlegasta. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, sem er fær í flestan sjó, að minnsta kosti meðan á grunn er róið, kom í gær fram sem sannleiksvitni; hann sagði, að hann stæði upp til þess að gleðjast yfir sigri sannleikans, en það var þó auðsætt, að hann með ræðu sinni spornaði við því, að sannleikurinn ynni sigur, þar sem hann var að egna, eg segi eigi illt skap, heldur mannlegt skap, því það getur orðið til þess, að þessi þingmaðar, sem með fylgi sínu og ákafa megnar svo mikið, steypi sigri þeim, er þingmaður Barðstrendinga taldi svo fagran, því að eg býst eigi við, að endir vísunnar rætist: «aptur kom aldrei síðan Ingjaldur í skinnfelldi», en ef svo væri, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga eigi talaði meir í málinu, þá færi eg að hafa góða von, að sannleikur þingmanns Barðstrendinga sigraði í þessu máli.

Sigurður Gunnarsson: Mèr gleymdist í gær að geta þess, að eg vildi heldur, að stafliður b í 1. grein frumvarpsins stæði, en bæta þar inn í «síld». Hinn 4. konungkjörni þingmaður hefir nú tekið líkt fram og hinn háttvirti varaforseti verið meðmæltur því; eg vil og taka það sama fram sem hinn háttvirti þingmaðnr Eyfirðinga, að á Austurlandi er mikið selt og flutt af blautum fiski upp í sveitirnar; það koma heilar lestir af sveitamönnum til sjávar um sláttinn, þegar aflast, einungis til þess að kaupa blautan fisk, og þykir hann nógu dýrt seldur. Væri því allur sá fiskur undan skilinn spítalagjaldi, þá skerti það mikið tekjurnar, ef svo færi, að uppástunga minni hluta nefndarinnar í staflið b yrði látin ná lagagildi; en eg get skilið glöggt, að eptir því sem á stendur hèr á Suðurlandi, þá muni það fyrirkomulag, sem minni hlutinn heldur fram, skerða minna eptir tiltölu spítalatekjurnar. Eg er reyndar enn á sama, sem eg lèt í ljósi í hitt eð fyrra í þessu máli, að bezt mundi eiga við, að önnur spítalalög væru í kringum Faxaflóa en annarstaðar, en menn komu þá með þá mótbáru, að erfitt mundi verða að ákveða takmörkin, hve langt hver löggjöfin ætti að ná, og játa eg, að hún er sönn. Þegar eg mæli heldur með því, að goldið sè af fiski, sem seldur er blautur, þá gjöri eg það sízt af því, að eg vilji að spítalagjaldið á Austurlandi yrði hærra, heldur af því, að eg áleit það sanngjarnt, að goldið yrði þar af blautum fiski, sem seldur er, eins og gjalda á af hinum herta, sem miklu

meira er haft fyrir og verður opt að litlu. Eg ætlaði og að geta þess í gær, að eg hafði hugsað mèr, að áskilja mèr viðaukaatkvæði um það, að bætt væri við á eptir «í peningum» í 2. grein: «eða í innskript í kaupstað», því að peningaleysið er svo almennt hèr í landi, en þingmaður Eyfirðinga hefir áskilið sèr viðaukaatkvæði í líka stefnu, og þarf eg því varla að gjöra það. Eg felli mig betur við orð frumvarpsins í 3. grein, þar sem það nefnir «hreppstjóra» og «lögreglustjóra» heldur en breytingu nefndarinnar, því eg held að sveitarstjórninni komi þetta lítið við; mun eg vera með frumvarpinu í þessu eða stinga upp á breytingu við nefndarálitið í þá stefnu.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er eigi tilætlun mín, að spilla hinu góða samkomulagi, sem komið er á milli næstum allra þingmanna, og sem hinum háttvirta þingmanni Rangæinga þótti svo vænt um, og langar svo mjög til að geti haldizt, og eg mun heldur eigi spilla því, þar sem þingmenn eru sannfærðir um, að nú sè sannleikurinn fundinn; en eg fyrir mitt leyti verð að ætla, að þetta samkomulag sè eigi til neinna bóta, og að sannleikurinn sè alls eigi fundinn; þvert á móti ímynda eg mèr, að þetta góða samkomulag þingmanna leiði til ills eins, því þótt þingið allt fylgi eindregið fram þessari skoðun á málinu, þá hefir þó þjóðin allt aðra skoðun á því. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga bar það ofan í mig í gær, að það væri ósk landsmanna, að grundvelli frumvarpsins væri breytt, og að haldið væri þeim grundvelli, sem stjórnarfrumvarpið 1867 er byggt á, þá vil eg biðja hann að fletta upp bænarskránum, er til þingsins komu 1869, þá mun hann sjá, að þær fara flestar fram á það, að haldið sè grundvelli stjórnarfrumvarpsins 1867. Líti hann á bænarskrárnar, er til þingsins hafa komið 1871, sem reyndar eru eigi margar, þá sèr hann, að niðurlagsatriði flestra þeirra lúta að því, að haldið sè grundvelli stjórnarfrumvarpsins 1867; en þær eru þó flestar þaðan, sem mestu varðar, nefnilega úr Gullbringusýslu og Reykjavík. Sömuleiðis hefir ein komið til þingsins úr Rangárvallasýslu, og fer hún alveg hinu sama fram, og biður um, að frumvarpið 1867, breytt eða óbreytt, verði að lögum gjört. Einungis þær bænarskrár, er úr Suður-Múlasýslu hafa komið, fara í aðra átt, það er að segja í þá átt, að haldið sè grundvelli tilskipunar 10. ágúst 1868; eg veit að vísu vel, hvernig á þeim stendur; eg veit, að þær eru samdar af góðum hug og í góðum tilgangi, en er sann-

færður um, að af því leiðir engan hagnað fyrir hlutaðeigendur, því að grundvallarreglan í frumvarpi stjórnarinnar 1867 var sú, að gjald væri lagt að eins á þá báta, er beinlínis væri haldið út til fiskiafla, en eigi á þá báta, er róið væri einstaka sinnum, til þess að eins að fá sèr í soðið, eins og menn segja, og ef þeirri grundvallarreglu væri fylgt, þá held eg, að margir smábátar í Suður-Múlasýslu mundu sleppa við gjaldið; en þótt goldnir sèu 10 fiskar af þeim bátum, er stöðugt er haldið út til fiskiveiða, eins og stjórnarfrumvarpið 1867 fór fram á, þá virðist mèr það engin óhæfa, og það gjald yrði alls eigi meira heldur en eptir tilsk. 10. ág. 1868; því að það er sannarlega mjög lítill fiskur, ef eigi fæst 1000 á skip allt árið. Eg vona, að menn verði að játa, að gjald það, sem frumvarpið 1867 stakk upp á, sè í alla staði sanngjarnt, og með því sè alls eigi heimtað meira fè, en þörf er á. En eg vil biðja menn að gá að því, hvort ekki muni eptir tilskip. 10. ág. 1868 vera heimtað meira gjald, en sanngjarnt er og þörf er á. Eða getur nokkur hinna háttvirtu nefndarmanna sagt mèr, hve mikil upphæð gjaldsins muni verða eptir þeirri niðurstöðu, sem nefndin nú er komin að. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga sagði, að gjaldið af fiskinum einungis mundi nema 4—5000 rd.; en þá er nú eptir lýsið, og af því eru út fluttar hèr um bil 8000 tunnur, og gjaldið af því verða nær 2000 rd., svo að upphæð alls gjaldsins verður hèr um bil 7—8000 rd.; þetta gjald, segi eg, er ósanngjarnt og öldungis óþarft. Það er auðsèð, að nefndin gjörir ráð fyrir, að talsvert verði dregið undan, en menn eiga að forðast, að freista þannig annara til að við hafa hrekki og undanbrögð, og við þetta átti eg, er eg í gær sagði, að löggjöf þessi mundi verða til að spilla siðgæði manna, því að eg er sannfærður um, að sektirnar, sem við eru lagðar, geta alls eigi aptrað því, að undanbrögð sèu við höfð; það mundi verða næsta erfitt, og, mèr er óhætt að segja, alls eigi auðið að uppgötva það, þótt menn beiti undanbrögðum í þessu efni, og ef menn færu að eiga við það, þá leiddi það eigi til annars, en args og prætu, sem eg þori að fullyrða að flestir sýslumenn mundu brátt verða leiðir á, og tækju svo framtalið umtalslaust, eins og það kæmi frá skipseigendum og formönnum, og yrði það þá á endanum líklega minna, eða að minnsta kosti engu meira en það var, meðan gömlu löggjöfinni var fylgt. Það er reyndar satt, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að ef viljinn væri góður, þá mætti nota þessi lög, því

þá má líka nota öll lög; en það er óhætt að gjöra ráð fyrir því, að góður vilji verður ekki alstaðar í þessu efni. Þess vegna ríður á, að auðið sè, að hafa gott eptirlit með, að lögunum sè hlýtt. Það er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að lögin komi að nokkrum notum. Það er ekki nóg að segja, að hægt sè að telja, því að þegar formaðurinn eigi vill telja fram, þá er eigi unnt fyrir hið opinbera að vita, hvað mikið formaðurinn hefir aflað. Eg ætla ekki að tala um, hve fráleitt og fjarstætt það er, að formenn eigi að segja til, hvað hver háseti sinn gjörir við fisk sinn, því að það er hrein frágangssök og alls eigi auðið, jafnvel í verstöðum. Eg get því eigi sèð, að enn sèu komnar fram í ræðum þingmanna nokkrar ástæður, er hrekja það, sem eg sagði í gær. Það var reyndar nógur hringlandinn hjá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga; hvort önglarnir voru 18 eða fleiri, veit eg ekki, en hitt veit eg, að það var ekkert samanhengi í ræðu hans, og flest afbakað, er eg hafði sagt, en eg nenni ekki að fara að eltast við það. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að eg hefði sagt, að það væri eigi auðið að telja þann fisk, er hver sjómaður fengi í hlut, eptir fyrirkomulagi stjórnarfrumvarpsins, en eg sagði allt annað, nefnilega, að eigi væri auðið, að hafa eptirlit með því, að lögum þessum væri hlýtt. Og svona var allt, sem hann hafði upp úr ræðu minni; það var allt saman tómar hártoganir og útúrsnúningur, og er engin ástæða að svara slíku. Það væri annars gaman, ef þingmaður Strandasýslu vildi fræða mig um það, hvort allir Strandasýslubúar hafa talið svo vel í haust, sem hann vill telja þeim til gildis; það sèst að vonum síðar, hvort svo er eða eigi, eptir því sem sagt var að þeir hefðu fiskað í haust. Það er að vísu slæmt, að kunna ekki að telja fyrir hvern hreppstjóra sem er, og vera þannig víti sviptur, en verra er þó, að loka bæði augum og eyrum, og láta sem maður ekkert vit hafi.

Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður gat þess, að sèr fyndist ákvörðunin í enda stafliðs c 1. gr. ónóg til þess að nema úr lögum annað eldri lagaboð. Eg er einnig þeirrar skoðunar, að það sè ónóg, að orða þetta svo, með því tilskipun frá 26. maí 1824 býður, að af hverjum 10 hákörlum skuli auk lýsis gjaldast 5 pund, og þegar þetta lagaboð er áður í gildi, þarf eflaust meira heldur en að segja svona lauslega, að af hákarli greiðist ekkert gjald, til þess að nema hina fyrri ákvörðun úr lögum. Menn hafa einnig talað um háf, og hefir mèr heyrzt þeir vera í óvissu um,

hvort af honum skuli goldið eða ekki; en í ástæðum frumvarpsins segir beinlínis, að hann skuli vera gjaldfrí. Eg held annars yfir höfuð, að ef ná ætti jöfnuði, þyrfti öðruvísi að jafna niður gjaldi því, sem hèr ræðir um; þá fyrst kæmi fram sanngirni, ef jafnað væri niður á allar fiskitegundir, og svo væri til settir launaðir innheimtumenn gjaldsins; við það mundi læknasjóðnum aukast talsverðar tekjur. En eg er sannfærður um, að það þykir fyr og síðar næsta ósanngjarnt, að leggja gjaldið að eins á eina fisktegund. Að því er breytingaratkvæði mitt snertir, þá held eg því fram; en mèr hefir dottið í hug, að áskilja mèr rètt til þeirrar varauppástungu, að gjald þetta gjörist gildandi eingöngu fyrir Gullbringusýslu eða sveitir þær, er liggja að Faxaflóa.

Hjálmur Pètursson: Eg verð að hallast að meiningu hins 4. konungkjörna þingmanns viðvíkjandi því, að sektirnar, sem ákveðnar eru í 3. gr. frumvarpsins, sèu of háar, því eg get hugsað mèr margar þær kringumstæður, sem geta valdið því, að formaður fari burtu úr hreppnum áður en hann hefir greitt gjaldið, án þess að það sè í illum eða sviksamlegum tilgangi; og vil eg því áskilja mèr það breytingaratkvæði, að talan 10 breytist í 5, en láta hærri töluna standa óbreytta, og vonast eg til, að sumir meðnefndarmenn mínir fallist einnig á þetta. Það hefir verið sagt, að mikil óánægja hafi risið af löggjöfinni 1868 út um landið, og er það satt, að þessi óánægja lýsti sèr 1869, en ef bænarskrárnar frá 1869 og 1871 eru bornar saman, þá er þar talsverður munur á. Í hitt hið fyrra komu 15 bænarskrár til þingsins, en í ár að eins 6, og auk þess fara sumar af þessum fáu, sem nú hafa komið, alveg í sömu átt og tilskipunin frá 1868, og bendir þetta allt ljóslega á, að menn eru farnir að verða miklu ánægðari með þessa tilskipun en í upphafi eptir að hún kom út. Í Mýrasýslu var talsverð óánægja yfir henni 1869; en til merkis um hið gagnstæða nú skal eg geta þes, að á sýslufundi, sem haldinn var þar í vor af kosnum mönnum úr öllum hreppum sýslunnar, vakti einn fundarmanna máls á því, hvort eigi væri ástæða til að senda bænarskrá til alþingis út af spítalamálinu, og samþykkti fundurinn í einu hljóði, að ef bænarskrá yrði send, þá skyldi biðja um grundvöll tilskipunarinnar frá 1868 óhaggaðan, einungis með nokkrum smábreytingum. Það er því öldungis víst, að óánægjan hefir mikið minnkað nú á seinni tímum. Sumir kunna nú að segja, að það skipti litlu, hvernig Mýramönnum líki löggjöf þessi, með því þeir greiði svo lítið spítalagjald, og það

er reyndar satt, að þeir afla mjög lítið heima hjá sèr; en þegar þess er gætt, að frá hverju heimili fara einn eða fleiri menn í önnur fiskiver, sumir á sínum eigin skipum, og róa til fiskjar annaðhvort hèr syðra eða á Akranesi eða undir Jökli, alla vetrarvertíðir, margir á vorin og nokkrir á haustin, þá verður það ekki svo lítið spítalagjald, sem þeir koma til að greiða, en verði uppástunga minni hlutans ofan á, þá er eg sannfærður um, að Mýramenn þurfa aldrei að gjalda neitt spítalagjald af heimafegnum fiski, og þarf eg því ekki þeirra vegna að taka mèr það nærri, þó uppástunga þessi verði ofan á. En eg skal geta þess, og það vona eg að menn geti látið sèr skiljast, að það er ómögulegt fyrir seljanda, að vita, hvort kaupandi saltar fiskinn, herðir hann, eða sýður hann niður, eða borðar hann óverkaðan, eða hvað hann gjörir við hann.

Framsögumaður: Eins og eg lýsti yfir í ræðu minni í gær, hefir nú verið bundinn endi á það, að minni hluti nefndarinnar gjörði grein fyrir ágreiningsatkvæði sínu. Ástæður minni hlutans liggja nú þannig fyrir þinginu, eins og ástæður meiri hlutans, sem sumpart eru teknar fram í nefndarálitinu, en sumpart í ræðu minni í gær, og skal eg með tilliti til þessa að eins benda á, að verði ákvörðun minni hlutans haldið, þá verður mjög miklu af fiski alveg sleppt frá gjaldi, og sá fiskur er opt fullt eins arðsamur og hinn fiskurinn, sem ákvörðunin nær yfir, og þess vegna er að minni hyggju óráðlegt, að samþykkja þessa uppástungu minni hlutans. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, að uppástunga meiri hlutans undir 1. gr. stafl. b þyngdi gjaldið, þá get eg ekki verið honum samdóma í þessu; ákvörðun þessi eykur að vísu gjaldið, en þyngir það ekki almennt, því það eru ekki ávallt sömu mennirnir, sem borga gjald af verkuðum og óverkuðum fiski, og eg er viss um, að menn finna sig miklu betur ánægða, þegar sem fæstir sleppa við gjaldið. Þar sem hann enn fremur bar það fyrir, að gjaldið eptir uppástungu meiri hlutans lenti svo tilfinnanlega á fátæklingunum, þá verður að einu leytinu ekki hjá því komizt, að þeir gjaldi einnig talsvert að sínum hlut, og hins vegar veit eg ekki, hvort það er alls kostar rètt í almennum skattalögum, að setja inn ákvörðun, sem vilnar fremur fátæklingunum í, en hinum efnaðri. Yfir höfuð virðist mèr takmörkun sú, er minni hlutinn fer fram á, næsta ísjárverð. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu áskildi sèr breytingaratkvæði í þá átt, að leyft skyldi, að borga spítalagjaldið með innskript til kaupmanna, þá álít eg,

að þetta mundi hafa litla þýðing, því í reyndinni taka sýslumenn þetta gjald líklega ávallt í innskriptum, ef gjaldendur óska þess og sýslumenn geta fengið peninga í kaupstöðunum út á innskriptina; en sè það ómögulegt fyrir þá, þá sýnist mèr ósanngjarnt, að gjöra þeim að skyldu, að taka gjaldið í skileyri, þar sem þeir verða að svara til þess í peningum. Að vísu er það satt, að sýslumenn geta opt fengið ávísun til verzlunarhúsanna í Kaupmannahöfn, en þetta er þó ekki nærri ávallt. Þingmaður Reykvíkinga hefir enn að nýju haldið áfram mótmælum sínum gegn nefndinni, en hann hefir nú komið með hèr um bil engar nýjar ástæður, og ástæður hans í gær voru svo marghraktar, einkum af hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að þess gjörist engin þörf, að rífa þær niður að nýju. Spádómur hans um minnkun spítalagjaldsins, ef þessu frumvarpi yrði fylgt, er alveg á móti undangenginni og núverandi reynslu. Innheimta gjaldsins gekk talsvert í ólestri á fyrsta ári eptir að löggjöfin frá 10. ág. 1868 kom út, en þrátt fyrir hina ýmsu galla og erfiðleika, sem á innheimtunni voru og vegna mótþróa gjaldanda, þá er þó það víst, að síðan hefir gjaldið hèr um bil þrefaldazt við það, sem áður var. Og það held eg engar ýkjur vera, þó sagt sè, að gjaldmáti þessi sè miklu vinsælli nú en fyrst út um land, og það er sannarlega hvorki í þessu efni nè öðru rètt að gjöra of lítið úr þeirri þýðingu, sem góður vilji þeirra hefir, er hlýða eiga lögunum, því svo mun fara um flest lög, að þau munu verða erfið í framkvæmdinni og bera lítinn árangur, ef almenningur er þeim alveg mótstæður. Eg rengi hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga ekki í því, að eptirlit sè erfitt með þessum lögum, ef duga skal, en eg veit líka, að svo er um flest tolllög hèr á landi. En mèr sýnist engin ástæða til að hætta við þetta fyrirkomulag, þegar reynslan er farin að sýna, að það getur borið allgóðan ávöxt, og einkum þegar það reynist, að þessi gjaldmáti er miklu sanngjarnari en áður. Þar sem sagt hefir verið, að ákvörðunin í enda stafl. c 1. gr. um hákarlinn sè ónóg til þess að nema úr lögum hina eldri ákvörðun frá 26. maí 1824, þá get eg þó ekki annað sèð, en hún taki út yfir allar æsar, því þar stendur svo: »en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald«, um leið og skýr ákvörðun er um það, að gjald skuli greiðast af hákarlslýsi, svo mèr finnst alveg óþarft, að nafngreina hina eldri löggjöf, því hún fellur með þessu óbeinlínis úr gildi, hvað þetta atriði snertir. Hvað háfinn snertir, þá er auðsætt af nefndarálitinu, að hann á að heim-

færast undir ákvörðunina um hertan fisk, er greiðast á $^1/_4$ al. af eptir tölu, en eptir frumvarpinu verður hann beinlínis að heimfærast undir stafl. c, því það er auðsèð, að hann er þar meintur, þótt ei sè hann beinlínis nafngreindur. Þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Reykvíkinga hafa báðir talað um sèrstakar reglur fyrir Gullbringusýslu; en eg vona, að hver maður sjái, að það getur eigi gengið, að önnur lög gildi þar en í öðrum hèruðum landsins. Ástandið þar er ekki svo sèrstaklegt eður einkennilegt, að slíkt geti orðið umtalsmál. Þingmaður Mýramanna og í gær hinn 4. konungkjörni þingmaður stakk upp á, að lækka sektirnar í 3. grein frumvarpsins, með því þær væru ósanngjarnar, að því leyti, hve háar þær væru, en eg vil minna þessa háttvirtu þingmenn á, að þó sektirnar í 6. grein sèu lækkaðar, þá minnkar þó öldungis ekki þar með saknæmi þess, sem um er talað í 3. gr. Allt um það er eg þó ekki mótfallinn því, að nokkuð sèu lækkaðar þessar sektir, t. a. m. til 5 rd., eins og þingmaður Mýramanna stakk upp á.

Eiríkur Kúld: Eg stend hvorki upp til að reyna til að sannfæra hinn heiðraða þingmann Reykvíkinga, og því síður til að erta hann, eins og hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hálft í hvoru bar mèr á brýn. Að reyna að sannfæra hann, ber eg ekki við, því hann hefir fyrir löngu sýnt, að hann hvorki vilji nè geti sannfærzt í þessu máli; en hinseginn ætlaði eg að leiðrètta hann, ef unnt væri, svo hann reri ekki einskipa út á ólgusjóinn, sem mèr sýndist hann vera að leggja út á með breytingaratkvæði sínu um sèrstök lög fyrir sveitirnar umhverfis Faxaflóa. Eg er nefnilega hræddur um, að þingmaður Borgfirðinga, sem er einn af nefndarmönnum, og hefir undirskrifað nefndarálitið, verði eigi með honum, þótt kjördæmi hans liggi líka að Faxaflóa, og því væri líklega bezt, að hann miðaði breytingaratkvæði sitt eingöngu við Reykjavík. Það er satt, að þingmaður Gullbringusýslu verður líklega með honum, svo það gæti náð að minnsta kosti til Álptaness. Eg skýt því annars til viðkvæmni þingmanns Reykvíkinga, hvort hann vill nú lengur vera að espa sig í þessu máli. Hann dró þá ályktun út úr ræðu hins háttvirta þingmanns Rangæinga, að spítalagjaldið ætti nú eptir nýju löggjöfinni að verða 8000 rd. á ári hverju, og þótti honum þetta mikils til of hátt gjald; en eg held, að það gæti varla orðið of mikið, þar sem svo mikið er við að gjöra. Hinn háttvirti 2. konungkjörni sagði, að þetta ár hefði gjald til læknasjóðsins þrefaldazt við það sem áður var, og þá skil eg varla í, að það

hèr eptir verði minna, en nokkru sinni áður. Hvort það sè sanngjarnt að taka undan Reykjavík og sveitirnar við Faxaflóa í löggjöf þessari, skal eg skjóta til tilfinningar hinna háttvirtu þingmanna; en þar sem víða út um allt land enn vantar lækna, og menn verða að deyja drottni sínum, án þess nokkur læknir líkni, þá þykir mèr ólíklegt, að Reykvíkingar, þó þeir hafi þegar fengið nægan læknaforða, telji eptir sèr að greiða sinn skerf, til þess að sínu leyti að bæta úr vandræðum landsmanna sinna í þessu efni, Þingmaður Reykvíkinga sagði eg mundi vera ókunnugur bænarskránum frá 1869 um þetta mál. Nei! því eg flutti þá hingað bænarskrá, sem með fram bað um, að sama gjaldstofni væri haldið og í tilsk. 1868, og eg þekki líka bænarskrárnar, sem til þessa þings hafa komið, fullt eins vel eins og hann, og veit, að þær fara sumar í allt aðra átt en bænarskráin úr Rangárvallasýslu. Eg vil að endingu minna hinn háttvirta þingmann á það, hvort honum finnst ástæða til að meira sè metin tillaga hans eins í þessu máli, eða sameiginlegt álit stjórnarinnar og þingsins til samans.

Pètur Pètursson: Þótt eg eigi vildi gjöra ágreining við meðnefndarmenn mína út af þeirri uppástungu, að setja gjaldið af hertum fiski niður um helming, þá hygg eg þó, að hún sè eigi heppileg. Eg held það sè ómögulegt, að hafa eptirlit með því, til hvers fiskurinn er ætlaður, hvernig hann er verkaður, hvort hann er hertur eða saltaður, og þegar eg hugsa betur um þetta atriði, þá þykir mèr það svo mikilsvert, að eg verð að áskilja mèr rètt til að gjöra breytingaratkvæði við þetta niðurlagsatriði nefndarinnar um, að gjaldið sè haft jafnmikið af saltfiski og hertum fiski. Það þarf eigi að bera kvíðboga fyrir því, að gjaldið með því móti verði ofhátt, því reynslan hefir sýnt, að gjald af öllum fiski hefir að eins náð rúmum 3000 rd., þar sem um bezta fiskiár var að ræða.

Grímur Thomsen: Framsögumaður vildi beina því að mèr, að eg hefði haft það fyrir ástæðu fyrir breytingu minni hlutans, að fátæklingar ættu að vera undir öðrum lögum en efnaðir menn; en þetta var eigi aðalástæðan, heldur það að fara sem næst anda frumvarpsins og fylgja þeim grundvelli, sem þar er fylgt, svo sjálfu sèr samkvæmt, sem unnt er; og í ástæðum frumvarpsins lýsir það sèr ljóslega, að reglan á að vera sú, að leggja að eins á verkaðan fisk, og það gladdi mig, að hinn háttvirti varaforseti, er eg var með í nefndinni, hafði sem stiptsyfirvald fylgt þessari reglu; því mèr fannst það eðlilegt, eins og stiptsyfirvöldin vilja, að leggja

eigi gjald á »raae Produkter. En nefndin hafði rètt í því, að þegar fiskur er seldur, þá er hann opt seldur til verkunar, og því vildi minni hlutinn leggja gjaldið á fisk, sem seldur er, þegar hann er seldur til verkunar. Í tilskipuninni 10. ág. 1868 er aðalreglan sú, að leggja gjaldið á allan fisk; nú mætti fylgja þeirri reglu, að leggja á allan fisk, sem seldur er, en undan taka þann fisk, sem neytt er heima; enn mætti fylgja þeirri reglu, að leggja á allan verkaðan fisk, og þetta er aðalreglan í frumvarpinu, en meiri hluti nefndarinnar hefir villzt frá þessum grundvelli með því einnig að leggja á óverkaða vöru. Á frumvarpinu og tilskipuninni er sá munurinn verulegastur, að frumvarpið undan tekur frá gjaldinu það sem etið er blautt, og sè eg enga ástæðu til að binda þessa undantekningu við, að sá hinn sami èti fiskinn, sem hefir aflað hans. Eg vil því fylgja reglu frumvarpsins, að leggja gjaldið á hinn verkaða fisk, en eigi á hinn óverkaða, og sè eg enga ástæðu til að bæta við fiski, sem seldur er til að neytast blautur, sem nemur svo litlu, þegar gjaldið annars vegar er nógu hátt, og þetta hins vegar yrði til að vekja megna óánægju, auka erfiðleikana, sem eru á eptirlitinu með tilskipuninni, og freista manna til að telja eigi rètt fram.

Jón Pètursson: Eg gat þess í gær, að eg hefði í hyggju, að gjöra viðaukaatkvæði við minni hluta uppástunguna um fisk, sem seldur er til söltunar eða niðursuðu, og sem hljóðaði þannig: «eða til að herða», en eg hefi fallið frá því aptur, eptir að minni hluti nefndarinnar hefir breytt ágreiningsatkvæði sínu svo, að það nær til alls þess blautfisks, sem seldur er til verkunar. Annað atriðið var um sektirnar og ósamkvæmni þá, er væri á milli 3. greinar frumvarpsins og 5. greinarinnar með breytingu nefndarinnar, en eptir að annar þingmaður hefir gjört breytingaratkvæði í þá átt, að færa sektirnar í 3. grein niður, þá hefi eg eigi ástæðu til að halda því frekar fram, ef eg get fellt mig við það breytingaratkvæði. Eg vil að eins geta um orðið «fisk» hjá meiri hluta nefndarinnar; það er, eptir því sem meiri hlutinn orðar uppástungu sína, of vítt, þar eð það grípur yfir allar fiskitegundir, og meðal annars háf, en af ástæðunum fyrir frumvarpinu er það ljóst, að til þess er eigi ætlazt; þar er ákveðið að greiða gjaldið eptir meðalverði á fiski í verðlagsskránni, en það bendir til þess, að eigi hafi verið ætlazt til, að leggja gjaldið á aðrar fiskitegundir en þær, er nefndar eru í verðlagsskránni og meðalverðið er reiknað af. Enn fremur er þess og getið í ástæðunum, að eigi þurfi að

leyfa að gjaldið sè goldið in natura, því mönnum muni vera hægt, að áskilja sèr hjá kaupmanninum, þegar fiskurinn er lagður inn, nokkurn hluta andvirðisins í peningum; en þetta sýnir, að hèr er átt við fisk, sem er verzlunarvara. Frumvarpið á því auðsjáanlega að eins við þær fiskitegundir, sem eru verzlunareyrir og sem meðalverð er reiknað af í verðlagsskránni, aðrar ekki. Orðið «fiskur» í niðurlagsatriðum nefndarinnar er því allt of vítt, því það gæti jafnvel átt við kola og síld eptir tölu, en slíkt næði engri átt og frumvarpið ætlast eigi til slíks. Eg gat þess í gær, að mèr þætti óviðkunnanlegt undir 1, c, að undan taka hákarlinn, án þess bein uppástunga sè þó komin um það, en eg held þó nú, að það sè í forminu rètt, sem nefndin fer fram á, því úr því frumvarpið á annað borð hefir farið að breyta konungsbrèfinu frá 1824, þá get eg ekki betur sèð, en að nefndin hafi verið bær um að taka fyrir um leið allar ákvarðanir þessa lagaboðs, er gjaldið af hákarlinum snerta. Eg vil því aptur falla frá breytingaratkvæði því, er eg áskildi mèr þessu viðvíkjandi. Aptur á mót virðist mèr sama mega gilda um háfslýsi sem hákarlslýsi, og vil því áskilja mèr breytingaratkvæði, er fari því fram, að gjalda skuli sama gjald af því.

Framsögumaður: Það var rètt, er hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga sagði um grundvallarreglu frumvarpsins; en þó hefir minni hlutinn álitið rètt, að takmarka þessa grundvallarreglu og leggja á óverkaðan fisk, sem seldur er, einungis að hann sè ætlaður til verkunar, en þar við er athugandi, að seljandi, sem gjaldið á að greiða, veit eigi, hvað við fiskinn verður gjört, og því er ákvörðun þessi ópraktisk, þar eð gjaldið er með henni látið fara eptir tilgangi seljanda, sem fólginn er í brjósti hans og enginn annar getur vitað. Það er að vísu satt, að yfir höfuð er bezt, að gjöra sem minnstar undantekningar í lögum frá almennum grundvallarreglum, sem menn annars fylgja, en hjá þessu verður opt eigi komizt, og svo er í þessu tilfelli, að það er nauðsynlegt til að ná nokkrum jöfnuði. Ósanngirni sú, sem talað er um að tillögur meiri hlutans hafi í för með sèr, er minni en sú ósanngirni, er leiðir af ágreiningsatkvæði minni hlutans, því eptir því sleppur mikið af fiski undan gjaldinu, sem engin eðlileg ástæða er til að sè gjaldlaust, og þótt gjaldið kunni að verða nokkrum einstökum mönnum tilfinnanlegt, þá verður eigi hjá því komizt í þessum lögum fremur en öðrum skattalögum. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður gat um háfinn, að hann mundi sleppa undan gjaldinu,

nema því að eins, að lagt væri á háfslýsið eins og hákarlslýsið, en nefndin hafði í huga, að hann yrði heimfærður undir 1, b, og undir þá ákvörðun hefði einnig mátt heimfæra hákarlinn, ef hann eigi hefði verið með berum orðum undan tekinn; að öðru leyti nemur þetta litlu og munar engu verulegu, hvort lýsið er talið sérstaklega eða ekki, og því þótti hægast, að láta háfinn fylgja öðrum fiskitegundum, sem hertar eru. Að frumvarpið bindi sig við það, sem er verzlunareyrir, hygg eg eigi vera rètt, nè heldur, að nokkuð verði byggt á því, að gjaldið skal greiða eptir verðlagsskrá, þannig, að þar út af verði leitt, að það skuli ekki takast af öðrum fisktegundum en þeim, sem nefndar eru í verðlagsskránni, því ákvörðunin í 1, c í frumvarpinu nær einnig til háfslýsis, sem eigi er nefnt í verðlagsskránni, og sýnir það, að þótt gjaldið skuli greiða eptir verðlagsskrá, þá á það þó eigi að greiðast af þeim einum vörutegundum, sem meðalverðið er reiknað eptir.

Stefán Jónsson: Eg gat eigi sannfærzt af orðum hins virðulega þingmanns Rangæinga um, að uppástunga minni hlutans væri á rökum byggð, og eg held það sè ógjörningur, að fylgja henni fram og sleppa þannig undan gjaldinu mestöllum fiski, sem seldur er blautur. Það var eigi ætlun mín, að vilja bæta einn órètt með öðrum órètti, eins og sami þingmaður sagði að yrði afleiðingin, ef gjaldið væri tekið af þeim fiski, sem er seldur blautur. En eg vil taka til dæmis, að 2 nábúar hafi jafnan útveg og afli viðlíka mikið, en annar þeirra herðir allan sinn fisk, en hinn selur hann blautan, og hefir, ef til vill, miklu meira fyrir hann þannig; nú á sá fyrri að gjalda gjald af öllum sínum fiski, en hinn síðari þarf ekkert að gjalda; þetta virðist mèr vera ástæðulaus ósanngirni. Það hefir verið tekið dæmi af fátæklingum hèr sunnanlands, sem seldu fiskinn blautan; þeir vita þá eigi hvernig með fiskinn verður farið, og auk þess hefir og það verið tekið fram, að hann sè mestallur seldur kaupmönnum, en kaupmennirnir munu þá salta mest af honum, svo þá ætti gjaldið að greiðast af honum eins fyrir því. Hákarlinn sjálfur nemur eigi miklu, að minnsta kosti norðanlands, því það er mjög lítið, sem flutt er af honum til lands á þiljuskipunum. Það er heldur á opnum skipum, er fara í vetrarlegur, en allur hinn verulegi hákarlsafli er fólginn í lýsinu, er gjaldið ber að greiða af, svo það munar litlu, þótt hákarlinn sjálfur sè undan tekinn, og er það án efa heppileg breyt-

ing frá því, sem áður var, að gjaldið var lagt á hákarlinn en eigi lýsið.

Stefán Eiríksson: Það var fátt eitt, er eg vildi tala í þetta sinn; eg vildi að eins skýra fyrir þinginu þann litla ágreining, sem var í gær á milli mín og hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga um, hvað væri jafngildi af lifur á móti lýsistunnu. Þingmaðurinn sagði í gær, að á Vesturlandi giltu 3 hálftunnur lifrar móti 1 lýsistunnu, og taldi hann þetta eptir 18 kúta máli á tunnunni; en eg sagði að á Austurlandi væri venja að leggja 2 tunnur lifrar móti 1 lýsistunnu, og eg miðaði kútatalið við það kútatal, sem á að vera lýsistunna, nefnilega 15 kúta í tunnuna, svo mismunurinn verður hjá okkur að eins 3 kútar, og þar það er nauðsynlegt, að skýrt sè tekið fram í lagaboðinu, hvað mikið af lifur skuli gilda á móti 1 tunnu lýsis, þá álít eg rèttast, að halda sama kútatali á lifrinni og lýsinu, því fyrst ein og sama reglan hlýtur að gilda um allt land í þessu efni, þá hlýtur sami mælir að gilda á lifrinni og lýsinu, það er 15 kútar í tunnunni, og þar eð eg er á sama máli sem þingmaðurinn um, að nauðsynlegt sè að þetta sè skýrt ákveðið, þá mun eg bera mig saman við hann um breytingaratkvæði í þessa stefnu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg vildi með nokkrum orðum minnast á ágreiningsatkvæði minni hlutans. Það var eigi rètt, er framsögumaður sagði, að minni hlutinn hefði vikið frá grundvelli frumvarpsins, enda hefir og þingmaður Rangæinga með ljósum rökum sýnt, að ágreiningsatkvæði hans er einmitt sprottið af því, að við vildum fylgja þeirri reglu, sjálfri sèr samkvæmt, að leggja á þann fisk, sem hafður er til verkunar. Það er að vísu satt, að gjaldið verður nokkru minna en þetta, en þetta er það sem reglan verður að hafa í för með sèr, og eptir frumvarpinu mundi það minnka enn meir, þar sem allur blautur fiskur er undan tekinn. Sè grundvöllurinn á annað borð yfirgefinn, þá mætti auka spítalagjaldið á ýmsan annan veg, en með því að leggja á allan blautan fisk, sem seldur er, t. d. með því, að leggja gjald á síld, lax, seli, hvali o. s. frv., og yfir höfuð verða engin takmörk sett, ef menn eigi vilja binda sig við neina grundvallarreglu. Hvað það snertir, að eigi sè unnt að vita, hvað við fiskinn verður gjört, þá hygg eg að það sè eigi svo erfitt, sem nokkrir þingmenn hafa látið á sèr heyra. Viðvíkjandi dæmi því, er þingmaður Eyfirðinga tók, þá er þess að gæta, að sá, sem

selur, er því að eins laus við gjaldið, að hann eigi selji fiskinn til verkunar.

Að þessu sinni vil eg eigi fara fleiri orðum um uppástungu minni hlutans, en fari svo, að hún falli, þá verð eg, þótt eg gjöri það nauðugur, að halda því fram, er eg gat um í gær, að þessar ákvarðanir að því er Gullbringusýslu snertir nái að eins til vetrarvertíðarinnar, en eigi til þess tíma, er aflinn er að mestu leyti borðaður, jafnóðum og hann kemur úr sjónum. Að öðru leyti lýsa umræður þessar því, að niðurstaða sú, er menn enn hafa komizt að í þessu máli, er ófullkomið mannaverk, og að lítt mögulegt er að byggja á þessum grundvelli.

Jón Hjaltalín: Eg vil leiðrètta það, er þingmaður Rangæinga sagði, að það mundu vera 24,000 skpd. af fiski, er flutt væru burt af landinu; eg veit eigi hvort hann hefir meint eitthvert einstakt ár eða að meðaltali, eða að það hefir verið vangá hans, því eptir landshagsskýrslunum er allur sá fiskur, sem fluttur hefir verið burt frá landinu, 11000 skpd. Eg neita því eigi að þetta kunni að hafa verið í minna lagi, en svo mikill er munurinn eigi, að hitt geti staðizt. Eg vil eigi að þessu sinni fara út í nein einstök atriði um háfinn eður hákarlinn, því eg er enn ósannfærður um, að grundvöllurinn sè rèttur. Eg vil taka til dæmis: eg þekkti í vor 2 menn er höfðu jafnan útveg; annar galt eptir gamla laginu, og gjald hans var 11 rd., en hinn eptir þessari nýju löggjöf, og gjald hans var 8 mk. Það mætti færa margt til um þann jöfnuð, er grundvöllur þessi á að hafa í för með sèr, og um niðurjöfnunina, hve vel hún hefir tekizt, en eg vona að landhagsskýrslurnar sýni þetta síðar svart á hvítu, svo eigi verði í móti borið.

Hallgrímur Jónsson: Það var fátt eitt er eg vildi tala í þetta sinn. Eg vil að eins áskilja mèr viðaukatkvæði við 8. grein um það, að taka hèr inn í ákvörðunina úr konungsbrèfi frá 26. maí 1824 um gjald af fugli. Fyrst allar aðrar ákvarðanir tèðrar löggjafar eru úr gildi gengnar, því ákvörðunin um hákarlinn verður þýðingarlaus stafl.; ef 1. c í frumvarpinu verður samþykktur, þá þykir mèr bezt eiga við að endurnýja einnig þetta atriði, bæði af því að þetta lagaboð er einungis á dönsku máli, og svo sýnist sem það sè farið að fyrnast; um það vitna bezt tekjurnar, sem eru æði-rýrar af þessari veiði, svo hin fyrirhugaða tilskipun nái yfir allt gjald til læknasjóðsins. Um háfinn skil eg svo, að hann komist undir ákvörðunina í 1, b að svo miklu leyti sem hann er verður þess,

því, að því er eg þekki til, er hann meira brúkaður til fóðurs handa kúm og eldiviðar en neyzlu, og þess vegna get eg ekki orðið á máli hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns um það, að hafslýsi teljist eins og hákarlslýsi. Breytingaratkvæði varaforseta um að hækka gjaldið aptur frá því sem nefndin varð ásátt um og hann þar á meðal, þótti mér leiðinlegt að heyra, því mér þótti það einmitt vera hinn bezti kostur við breytingar nefndarinnar, að gjaldið var lækkað eins og eg hefi áður minnzt á. Um gjaldið er eg ekki svo hræddur að það verði í flestum fiskiárum ekki nægilega mikið, til að launa þeim 6 eða 7 læknum, er ráðgjörðir hafa verið með 4—600 dala launum. Þingmanni Rangæinga hefir talizt, að það mundi verða 4000—5000 rd., og hefi eg komizt að sömu niðurstöðu, þótt það væri á nokkurn annan veg en hann. Eg hefi sem sé reiknað það þannig.

Eptir 5 ára meðaltali 1865—69 (samanber landshagsskýrslur) er útflutt lýsi af öllu Íslandi 9340 tunnur; ef helmingur af því er hákarlslýsi, sem ekki mun vera of í lagt, og þannin reiknaður 4680 t. með 1 al. eða 24 sk. gjaldi af hverri gjöra . . . . 1190 rd.
eptir sama meðaltali eru útflutt 13738 skpd. af saltfiski, sem munu sem næst svara tólfræðum hundruðum, sem gjörir eptir ½ al. gjaldi . . . . . 1717 —
og það mun óhætt að ætla að helmingi fleiri fiskar sèu hertir og seldir óverkaðir en saltaðir, og gjörir það þá eins mikið gjaldið með ¼ al. álögu . . . . . 1717 —
samtals 4624 —

Og verður þessi áætlun mín næstum samhljóða þeirri, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gjörði um þetta efni, og til sönnunar því að það muni ekki ósatt, er eg gizka á um hertan fisk, sè eg af landshagsskýrslunum, að árið 1869 er útflutt frá Strandasýslu einungis eitt skpd. af saltfiski eða hèr um 120 fiskar, en eptir því sem þaðan frèttist hefir víst aflazt þar töluvert yfir 240, eða það eru líkindi til að svo mikið eða meira hafi verið hert eða selt af blautum fiski þar í sýslu; og eins og menn vita er hèr sunnanlands mestur fiskiafli, er fæst bæði haust og vor, hertur, eða sjálfsagt það sem sveitarmenn fiska og styrkir þetta allt ágizkun mína. Menn eru allt af að berja því við, að eptirlitið sè svo örðugt eða ómögulegt, en eg benti á það í gær, hvernig mèr þætti bezt tilfallið að haga því; eg lagði nefnil. það til að settir væru innheimtumenn til að heimta saman gjaldið, og eg skil eigi,

hvað verið getur á móti því, þegar það er hèr um bil sannað að gjaldið yrði hálft fimmta þúsund dalir, en allt að 4000 rd. inngjöld til læknasjóðsins, þá virðist mèr að tekjurnar þoli það, þó innheimtulaun eða einn sjötti partur væri dreginn frá, einkum þar eð mjög er líklegt, að eptirlitið yrði þá betra, og tekjurnar því þeim mun meiri, en eg hef ráðgjört.

Grímur Thomssen: Hvað reikning minn snertir, þá hafði eg fyrir mèr fjárhaldsmann spítalasjóðsins, því að hinn háttvirti varaforseti hefir sagt mèr, að til jafnaðar megi telja 14000 skpd. af fiski við Faxaflóa; líka hafa kaupmenn hèr sagt mèr, að þeir kalli það meðalfiskiár, er keyptar sèu hèr við Faxaflóa 12000 tunnur af salti, sem samsvarar hèr um bil 14000 skpd. af fiski; eigi er það heldur of hátt, þótt eg reikni saltfisk á Ísafirði 6000 skpd.; því hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir sagt mèr, að síðan í haust sèu nú fyrir nokkru síðan þegar komin 6000 skpd. af saltfiski. Það var reyndar einungis eptir ágizkun, að eg sagði, að saltfiskurinn í hinum öðrum veiðistöðum á landinu mundi vera 4000 skpd., en eg ætla, að það sè alls eigi of í lagt, þegar gætt er að, hve margar fleiri verstöður eru á landinu, t. d. undir Jökli, Þorlákshöfn, Selvog, Eyrarbakka, Vestmannaeyjum o. s. frv. Eg verð því að álíta, að minn reikningur hafi alls eigi verið of hár. Hvaða ár hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir haft fyrir sèr, veit eg eigi, en það hefir verið mjög slæmt fiskiár, fyrst að eigi var meira flutt út af fiski.

Pètur Pètursson: Mèr þykir varúðarvert að miða tekjur læknasjóðsins við aflann, því að allt af er hægt að draga undan, og verður því einungis komið undir því, hve vel menn telja fram afla sinn. Það mesta, sem eg get búizt við að læknasjóðurinn fengi með þessu fyrirkomulagi, er 3000 dalir.

Stefán Jónsson: Eg ætlaði mèr að eins að áskilja mèr viðaukaatkvæði undir tölul. 1. stafl. b, að bætt sè við eptir orðin: «seldur óverkaður» orðunum: «og síld».

Páll Pálsson: Eg ætla að áskilja mèr viðaukaatkvæði undir tölul. 1 stafl. b, að bætt sè inn í á undan orðunum: «sem er seldur óverkaður» orðunum: «af þorski»; því að umkvartanir manna yfir tilsk. 10. ágúst 1868 voru sèr í lagi byggðar á því, að jafnt gjald væri lagt á ójafnar fiskitegundir. En ef fallizt væri á þetta viðaukaatkvæði, þá hefir það 1, þann kost í för með sèr, að eigi yrði lagt gjald á of smáan fisk, og 2, hefir það þann kost, að það

heldur sèr fast við grundvöll frumvarpsins, og tilskipunarinnar 10. ág. 1868, og 3, hefir það þann kost, að það kemur í veg fyrir að menn selji óverkaðan þorsk, sem jafnan hefir verið álitið óráð að gjöra; og ef þessi ákvörðun kæmist að, þá ætla eg líka að fullnægt sè að mestu leyti uppástungu minni hlutans. Mèr þótti því lakara að fallast á uppástungu minni hlutans, sem mèr er kunnugt, að austanfjalls bæði í Árnes- og Rangárvallasýslum er einatt mikið selt af blautum þorski, og einmitt um vetrarvertíðina heilar lestir af sveitamönnum koma í fiskiverin, til þess að kaupa blautan fisk, sem þá er mestmegnis þorskur.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga kvaðst vel kannast við þær bænarskrár um spítalagjaldið, sem komið hefðu til þingsins 1869, og kvaðst vel muna eptir, að þær hefðu haldið því fast fram, að grundvellinum í tilsk. 10. ág. 1868 væri haldið. En til þess að sýna, við hve gildar ástæður orð þingmannsins hafa að styðjast, skal eg leyfa mèr að lesa niðurlagsatriði úr tveim bænarskrám, er hann sjálfur þá kom með til þingsins; önnur er úr Barðastrandarsýslu, og hljóðar niðurlagsatriði hennar á þessa leið: »Að alþingi mæli fram með og semji bænarskrá til konungs um, að breytt verði löggjöfinni um spítalagjaldið af 10. d. ág. þannig að ákveðið sè víst spítalagjald, 5 fiska virði, af hverjum opnum bát, smáum eða stórum, sem gengur til vertíðar um mánaðartíma eða lengur, en 10 fiska virði af hverju þiljuskipi um sama tíma; hèr að auki greiðist af hverju opnu eða þiljuskipi 4 af hundraði af hreinum ágóða þess, þ. e. að frádregnum öllum kostnaði fyrir skipsútgjörð og manna, með fleiri athugasemdum, er þar við kynnu að verða þènanlegar«.

Hin bænarskráin er úr Verdölum við Arnarfjörð og hljóðar niðurlagsatriði hennar á þessa leið:

»Að láta hina eldri löggjöf frá 27. maím. 1746 standa óbreytta, að því er snertir spítalahlutina á Íslandi, en einungis bjóða að framfylgja ákvörðunum hennar betur og fastar en hingað til hefir átt sèr stað«.

Eg vil nú spyrja hinn háttvirta þingmann: biðja þessar bænarskrár um að grundvellinum í tilsk. 10. ág. 1868 sè haldið? (*Eiríkur Kúld:* vildi eigi þingmaðurinn lesa áfram). Þess þarf eigi, því að þetta er aðaluppástungan; en þótt þeir til vara beiðist breytingar á tilsk. 10. ág., þá verður þó eigi sagt, að þeir haldi þessari tilskipun fast fram.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingar- eða viðaukaatkvæði, að koma þeim til mín hið allra-fyrsta.

Það sem því næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni er undirbúningsumræða í málinu um ráðstafanir á vöxtum Thorchilliisjóðsins. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga er framsögumaður og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, eins og honum þykir þurfa.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*). Nefndarálitið hljóðar svo: (Sjá II, bls. 308).

Eg hefi að eins litlu hèr við að bæta, nema því, sem þinginu mun kunnugt vera, að niðurlagsatriði nefndarálits þessa eru hèr um bil samhljóða brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 13. febr. 1862 út af því að út leit fyrir, að bæjarstjórnin í Reykjavík vildi fá meira af vöxtum Thorchilliisjóðsins handa barnaskólanum hèr, en henni bar eptir rèttu hlutfalli. Eg vil leyfa mèr að lesa upp kafla úr brèfi þessu: »með því vilji gjafarans var sá, að verja skyldi vöxtum af sjóðnum til kristilegs uppfósturs fátækra barna í Kjalarnesþingi, þá leiðir það þegar berlega af þessu, að ekki getur orðið umtalsmál að veita barnaskólanum í Reykjavík, eður Reykjavíkurbæjarfèlagi, sem hèr verður hið sama, neinn fèstyrk úr sjóði Thorchillii. Það er vitaskuld, að bæjarfèlagið verður sjálft að annast um að fá sèr það fè, sem þörf er á til stofnunar og viðurhalds barnaskólanum, og þó bærinn fyrrum hafi verið einu hluti af Kjalarnesþingi hinum fornu, þá er það ljósara en frá þurfi að segja, að þar af leiðir ekki annað, en að fátæk börn úr bæ þessum geta á sama hátt orðið aðnjótandi gjafarinnar og fátæk börn annarstaðar að úr öllu Kjalarnesþingi hinu forna». Þingið sèr, að nefndin hefir ekki farið fram á annað, en rètta tiltölu af vaxtafè þessa sjóðs. Meira álít eg óþörf að tala nú, en fel málið að eins velvild hins heiðraða þings á vald.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd alveg samdóma um það, að stjórnendur Thorchilliisjóðsins eiga að hlynna að þeim stofnunum í Kjalarnesþingi, hvar fátækum börnum, þeim sem rentur sjóðsins eru ætlaðar til uppeldis, gæfist kostur á að öðlast bæði kristilegt uppeldi og undir eins þess konar menntun, sem undirbyggi börnin til að verða nytsamir og góðir menn í fèlaginu, og mèr er það ekki kunnugt, að stiptsyfirvöldin skoði skyldur sín-

ar í þessu tilliti á annan hátt. Eg er þess vegna sannfærður um, að stiptsyfirvöldin, þegar barnaskóli sá, sem hèr ræðir um, er kominn á legg, og álík uppástunga og sú, er fyrir liggur í nefndarálitinu, kemur til þeirra, muni álíta sèr skylt, annaðhvort samkvæmt myndugleika þeim, er þeim er veittur með konungsúrskurði 5. okt. 1866 og brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 27. des. s. á., að leyfa, að rentum þeim af Thorchilliisjóðnum, sem úthlutaðar verða þeim hreppnum, er nota skólann á Hvaleyri, verði varið til þessa skóla, sem einmitt á þann hátt verður að koma undir umsjón stiptsyfirvaldanna, er eiga samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvörðunum að hafa eptirlit með þeim börnum, sem ölmusur verða veittar af sjóðnum, eða ef stiptsyfirvöldin ekki álíta að þessi myndugleiki sè þeim veittur í hinum tilvitnuðu ákvörðunum, þá að beiðast allrahæsta úrskurðar í þessu tilliti.

Ef málinu verður vísað forsetavegsinn til stiptsyfirvaldanna, efast eg svoleiðis ekki um, að þau muni taka tillögur þingsins til greina, þegar skólinn, sem um er rætt, er kominn á legg, og á þann hátt held eg að málinu sè bezt borgið; en á hinn bóginn virðist mèr það ótímabært, að rita bænarskrá til konungsins um þetta mál, sem, að því mèr er kunnugt, enn þá ekki hefir verið borið undir úrskurð hlutaðeigandi yfirvalda, sem líklega hafa alveg sömu skoðun á því, sem hið heiðraða þing, og sem annaðhvort þegar hafa þann myndugleika, sem útheimtist til að framkvæma málið, eða munu reyna til að útvega sèr hann.

Pètur Pètursson: Eg er alveg á sama máli, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi, og veit fyrir víst, að stiptsyfirvöldin eru máli þessu mjög hlynnt, og að það þess vegna er miður tilhlýðilegt nú að senda konungi bænarskrá um það, sem hèr er farið fram á. Mèr sýnist það alveg geta nægt, að alþingi gegnum forseta skori á stiptsyfirvöldin, að fá því framgengt, að vöxtum af Thorchilliisjóðnum verði framvegis varið eins og hèr er um beðið, og leyfi eg mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt.

Framsögumaður: Það, sem nefndinni gekk til að orða niðurlagsatriði sitt, eins og hún hefir gjört, var það, að henni var ekki ljóst, hvort vegurinn gegnum forseta dygði, meðan konungsbrèfið frá 1866 væri í gildi. En þegar vissa er fyrir því, að stiptsyfirvöldin vilji útvega sèr þann myndugleika, að bjóða, að börnum þeim, er annars er komið fyrir hingað og þangað fyrir fè Thorchilliisjóðsins, skuli koma til kennslu á slíka barnaskóla, sem þann

er hèr ræðir um, þá held eg óhætt, að nefndin láti sèr nægjá uppástungu hins háttvirta varaforseta. En eg álít rèttara, að meðnefndarmenn mínir, og einkum hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, lèti í ljósi álit sitt á þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg er samdóma hinum háttvirta framsögumanni um það, að forsetavegurinn sè, fyrst svona á stendur, ekki einungis nægilegur, heldur og hinn eini rèlti vegur.

Jón Kristjánsson: Eg felli mig við niðurlagsatriði nefndarinnar, en vil að eins sleppa úr tölul. 1. þessum orðum: «nota skóla þennan og», því ef eigi á að raska testamenti hins dána, þá á heldur hreppunum ekki að leyfast, að verja fè þessu öðruvísi, en til að stofna skóla og láta börnin nema þar allt hið nauðsynlegasta, sem til góðs uppheldis heyrir; en eg vil bæta inn í 2. gr.: «og standi vextir sjóðsins undir yfirráðum stiptsyfirvaldanna», því sú ákvörðun væri alveg samkvæmt vilja hins dána, eptir því sem nú á stendur.

Þórarinn Böðvarsson: Eg lýsi yfir því, að eg er alveg ánægður með uppástungu hins háttvirta varaforseta, úr því eg hefi fengið vissu fyrir því, að stiptsyfirvöldin taki að sèr að annast mál þetta.

Guðmundur Einarsson: Þegar eg hugleiddi mál þetta, þá virtist mèr næsta æskilegt, að komið yrði í veg fyrir, að farið væri í kringum vilja gjafarans að því er snertir sjóð þennan, þar mèr virðist eigi nógu mikið eptirlit hafa verið með því haft, hvort fènu væri einungis varið til þess, að manna og mennta fátæk börn, sem þó eigi væru á sveit, eða að fènu væri stundum varið þannig að það lètti á sveitarsjóðunum, og því hugsaði eg mèr breytingaratkvæði þannig lagað, að skylt skyldi vera, að börnum yrði komið til þessa fyrirhugaða skóla á Hvaleyri, því þá vissi eg að fènu yrði varið samkvæmt tilgangi gjafarans og börnunum vel borgið í tilliti til menntunar og framfara, en þessu hefi eg sleppt eptir að eg heyrði, að stiptsyfirvöldin gjöra svo góðan róm að máli þessu.

Framsögumaður: Út af breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Húnvetninga skal eg geta þess, að eg hefi alveg skilið 1. tölul. eins og hann vildi að í honum skyldi liggja, að nefnilega fènu verði varið ekki til þess að koma börnunum niður á svokallaða góða staði, heldur til þess að stofna skóla þeim til menningar. Og því get eg með engu móti sèð, að breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns sè nauðsynlegt, því eg get ekki hugsað

mèr neinar sveitastjórnir, er eigi vildu koma börnum í skóla, þar sem betra væri fyrir þau, og úr því tryggingin fyrir því, að skólinn dugi, er fengin með því að láta hann standa undir stiptsyfirvöldunum.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið, fyrst ekki fleiri taka til máls; vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn að senda mèr breytingaratkvæði þau, er þeir hafa áskilið sèr, sem allrafyrst.

Því næst voru lesin upp tvö álitsskjöl til konungs, annað í málinu um konunglegt frumvarp til tilskip., sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskip. 13. júní 1787. 1. kap. og fl., og hitt í málinu um konunglegt frumvarp fyrir Ísland um kennslu heyrnar- og málleysingja. Með því einn þingmanna gjörði þá athugasemd við álitsskjöl þessi, að engin bein niðurlagsatriði væru tekin fram í þeim, skoraði forseti á framsögumennina að gjöra við þessu, og yrðu þau svo lesin upp aptur, er þetta væri lagfært.

Þá gat forseti þess, að hann hefði fengið nefndarálit í málinu um konunglegt «frumvarp fyrir Ísland um friðun á laxi»; kvað hann eptirrit mundu verða tekið af því og sent konungsfulltrúa, en frumritið yrði lagt á lestrasalinn að vanda.

Með því þá var ekki meira að starfa, ákvað forseti fund næsta dag á hádegi og sagði

Fundi slitið.

---

22. fundur. — 3. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók lesin og samþykkt.

Forseti: Eg vil geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um hið konunglega frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, og verður svo sem venja er til konungsfulltrúa sent eptirrit af því og það lagt fram á lestrarsalinn, en þar eð mál þetta er svo mikilvægt, mun eg láta prenta nefndarálitið, svo hver þingmaður geti fengið af því eitt exemplar. Það, sem nú liggur fyrir samkvæmt dagskránni, er ályktunarumræða um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkj-

um, og vil eg skjóta því til hins virðulega framsögumanns, hvort hann nú þegar vill taka til máls.

Framsögumaður (*Pètur Pètursson*): Hèr eru að vísu margir tölul. á atkvæðaskránni, en flestir þeirra eiga við orðabreytingar einar, er nefndin hefir að miklu leyti samþykkt; aptur eru í nokkrum þeirra fólgnar verulegar efnisbreytingar, og þó eg eigi vilji að sinni tala mikið um þær, vil eg þó með fám orðum minnast á nokkrar þeirra. Fyrst er þá töluliður 1, sem fer því fram, að þingið taki eigi greinir frumvarpsins til umræðu og atkvæðagreiðslu, en eg verð að játa, að eg get enga skynsamlega ástæðu sèð til slíkrar aðferðar. Það gæti að vísu sparað þinginu ómak og landinu kostnað að ganga svo frá öllum konunglegum frumvörpum og kasta þeim frá sèr, án þess að lesa þau eður segja álit sitt um þau; en eg vona að uppástungumaðurinn gjöri betur grein fyrir ástæðum þeim, er hann hefir til slíkrar aðferðar, en hann gjörði við undirbúningsumræðuna, og mun þá nægur tími til að tala frekar um þær. Uppástungan fer fram á, að frumvarpið eigi nái lagagildi, en þetta er svo óákveðið, að eigi verður sèð, hvort með því er meint um aldur og æfi, svo að aldrei mætti setja slík tolllög á Íslandi, eða meiningin er hin sama sem í 40. tölulið, að löggilding frumvarpsins eigi að bíða að eins þangað til alþingi hefir fengið löggjafarvald, og þykir mèr það líklegra; en að binda löggilding frumvarpsins við þann tíma þykir mèr því undarlegra, sem bæði nefndin og þingið í heild sinni hefir látið í ljósi, að frumvarpið væri gott yfir höfuð að tala og að brýn nauðsyn bæri til, að útvega fè til ýmsra fyrirtækja, og að þetta væri hinn beinasti vegur til þess. Því næst er 2. töluliður, sem fer fram á, að tollurinn sè lækkaður um helming. Til þessa þótti nefndinni eigi nægileg ástæða, þar eð hún sjálf hafði lækkað gjaldið nokkuð, úr því, sem til er tekið í frumvarpinu, sem sè um þá 4%, sem ákveðnir eru í 1. gr. Auk þessa ber þess að gæta, að kaupmenn fá 4 sk. uppbót á hverjum potti af brennivíni, sem fluttur er frá Danmörku, og væri því gjaldið eigi hærra en til er tekið í tölulið 2, þá væri í sjálfu sèr enginn tollur lagður á brennivínið. Að óttast það, að ef tollurinn er svo nokkru nemi, þá yrði svo mjög farið í kringum lagaboðið, virðist mèr vera ástæðulaust, að minnsta kosti eru Frakkar eigi hræddir við það, því þeir hafa nýlega ákveðið að leggja 60 milliónir franka á áfenga drykki. Uppástungumenn munu reyndar svara, að þeir gjöri þetta út úr neyð, og þar eð þeim liggur svo mjög á fè, eptir

stríð það, er þeir hafa átt í, en hèr sè öðruvísi ástatt; það er að vísu satt, að sá hefir nóg sèr nægja lætur, en eg hygg, að gæti menn vel að, þá sèu þarfir vorar að sínu leyti eigi minni. Að því er tölulið 4. og 5. snertir, þá eru þeir samkvæmir 2. tölulið og standa og falla með honum. Að tölulið 6. vil eg fyrir mitt leyti ganga, en eg veit eigi hvort hinir aðrir nefndarmenn vilja gjöra slíkt hið sama. Eptir þeim upplýsingum, er komu fram við undirbúningsumræðuna, þykir mèr það vera bæði sanngjarnt og eðlilegt, úr því eigi er jafnhár tollur lagður á allar vörurnar. Tölulið 7. vil eg einnig ganga inn á, því þegar svo hár tollur er lagður á ölið, þá er lítil freistni fyrir kaupmenn, að segja að þeir hafi öl í þeim tunnum, er þeir hafa brennivín í. Hvað tölulið 10. snertir þá er hann samkvæmur nefndinni, nema viðbótin »og ræður» o. s. frv. Þessi viðbót líkar mèr ekki, því ef stjórnarbótin kemst á, þá þarf þessa eigi, þar eð tollur þessi eins og allar aðrar tekjur landsins kemst þá undir umráð alþingis; en komist stjórnarbótin eigi á, þá mun erfitt veita fyrir alþingi að ná fjárforræði í þessu einstaka atriði. Að öðru leyti þykir mèr undarlegt, að uppástunga þessi skuli koma frá mönnum, sem eru í stjórnarbótarnefndinni, því það er eins og þeir gjöri ráð fyrir, að þingið muni í því máli fara því fram, sem eigi sè von til að stjórnin gangi að, og gjöra þær uppástungur, er hafi í för með sèr, að stjórnarbótin dragist enn um óákveðinn tíma. Breytingaratkvæðið undir tölulið 21. virðist mèr bæði vera óþarft og rangt, því í verzlunartilskipuninni frá 1854 er með berum orðum talað um þau skip, sem eigi þurfa að taka íslenzk leiðarbrèf, sem sè þau sem eigi fara til verzlunar; enn fremur eru gufuskip sett við hliðina á herskipum, kaupskipum og lystiskipum, sem er eigi rètt, því gufuskipin geta verið þetta allt saman og eru því eigi samhliða hinum öðrum skipum. Töluliður 40. mun vera útskýring á tölulið 1., og er því líkrar meiningar sem seinasta greinin hjá meiri hluta nefndarinnar, en eg verð að segja það, að eg sè eigi neitt eðlilegt samband á milli frumvarps þessa og löggjafarvalds alþingis, og álít eg það út af fyrir sig sama, hvort það er löggilt samhljóða stjórnarskránni eða á undan henni; en þar sem um það frumvarp er að ræða, sem allir viðurkenna að sè gott í sjálfu sèr, þá vil eg að það sè lögleitt sem fyrst, en eigi dregið fram í óákveðinn tíma.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáeinum orðum um atkvæðaskrána í þessu máli, því um efni málsins er einungis lítill

ágreiningur milli stjórnarinnar og alþingis. Frá báðum hliðum er það viðurkennt, að brýna nauðsyn beri til þess, að auka tekjur landsins, og að þetta verði gjört sem haganlegast og bezt á þann hátt, sem frumvarpið stingur upp á, og það er einungis í smáatriðum, hvað efni málsins snertir, að nefndin eða þingmenn hafa stungið upp á breytingum við frumvarpið. Aptur á móti hefir bæði meiri hluti nefndarinnar og aðrir þingmenn stungið upp á breytingum, sem eru efni frumvarpsins óviðkomandi, en að öðru leyti stórkostlegar, þar sem þær miða til þess, að draga umræðurnar um stjórnarskrána inn undir þetta frumvarp, og að setja úrslit þessa máls í samband við úrslit þau, sem umræðurnar um stjórnarskrána, ef til vill, kunna að fá. Eg skal með tilliti til uppástungu hins heiðraða meiri hluta nefndarinnar undir tölulið 41. og uppástungu hins heiðraða þingmanns Reykjavíkur tölulið 40. skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna um þetta atriði, og einungis bæta því við, að þar sem allir eru á eitt sáttir um það, að landssjóðurinn hvort sem verður þurfi meiri tekja við, þá getur spursmálið um það, hver hafa eigi umráð yfir landssjóðnum, ekki ráðið úrslitum málsins. Sjálfsagt á sá, sem eptir gildandi lögum hefir fjárforræðið, að nota það samkvæmt þessum lögum, bæði með tilliti til þessara og annara tekja landssjóðsins, en það er þessu frumvarpi alveg óviðkomandi, á meðan það frá öðru sjónarmiði er hið mest varðandi spursmál, hver framvegis eigi að hafa fjárforræðið í hinum sèrstaklegu málefnum Íslands.

Eg skal ráða þinginu frá, að aðhyllast tölulið 1. á atkvæðaskránni, því ef hann verður samþykktur, hefir þingið alveg afsalað sèr öllum áhrifum á löggilding þessa frumvarps; því ef þingið gefur ekki atkvæði um hinar einstöku breytingar, sem stungið er upp á í atkvæðaskránni, og þær þannig ekki verða bornar fram í álitsskjalinu til konungs, þá getur hann ekki tekið þær til greina, sem álit þingsins, þegar frumvarpið á að lögleiða. En löggilding þess er, eins og þingmönnum er kunnugt, samkvæmt tilskipun 28. maí 1831 og alþingistilskipuninni, komin undir konunginum einum, þegar búið er að leggja frumvarpið fyrir þingið.

Eins og eg nýlega tók það fram með tilliti til 41. töluliðs, skal eg með tilliti til uppástungunnar undir tölulið 40. ítreka það, að spursmálið um fjárforræðið er þessu frumvarpi alveg óviðkomandi. Sá sem eptir hinum gildandi lögum á, eins og eg nýlega sagði, að hafa fjárforræðið í hinum sèrstaklegu málefnum landsins,

hann á sjálfsagt einnig að ráða, hvernig þessum tekjum, eins og hinum öðrum tekjum landssjóðsins, skuli varið til sèrstakra þarfa landsins, og það er þess vegna ekki komið undir atkvæðagreiðslunni í þessu máli, heldur í málinu um stjórnarskrána, hvort og að hve miklu leyti alþingi eigi að fá löggefandi hlutdeild í fjárforræðinu.

Hvað snertir hinar aðrar breytingaruppástungur, sem standa á atkvæðaskránni, skal eg geta þess, er nú skal segja:

Eg skal mæla á móti tölulið 2. og 4., sem ætlast til að tollurinn verði færður niður um helming, því mèr þykir tollur sá, sem frumvarpið stingur upp á, engan veginn of hár, hvort sem litið er til þess, sem nauðsynlegt verður að auka tekjur landsins um, eða til afleiðinga hans með tilliti til að takmarka nautn áfengra drykkja hèr í landinu, því þó að þetta ekki sè aðalaugnamið frumvarpsins, er það ekki að síður mikilsvarðandi atriði að taka tillit til. Eg skal bæta því við, að í Danmörku, þar sem tollur er lagður ekki einungis á brennivín, heldur á flestar innfluttar vörur, er tollurinn á innfluttu brennivíni eins hár og hèr er stungið upp á, 8 sk. af hverjum potti, eða, eins og ákveðið er í lögunum frá 4. júlí 1863, af hverjum «Viertel» (en það er $7\frac{1}{2}$ pottur) 60 sk. Þessi tollur er borgaður í Danmörku af öllu brennivíni, sem heldur 8 gráður, eða minna, en af því, sem sterkara er, er þar að auki borgað $1\frac{7}{8}$ sk. af hverjum $\frac{1}{4}$ parti gráðu upp í hvern «Viertel», en þetta gjörir fyrir hvern pott af óblönduðum spiritus, sem að því mèr er kunnugt á að halda 14 gráður, samtals 14 sk. Eg gæti þess vegna fallizt á uppástunguna annaðhvort undir tölulið 5. eða tölulið 6., ef ekki væri sá galli á þeim, sem eg tók fram um daginn, að misjafn tollur á ýmsum tegundum af brennivíni að mínu áliti alveg mun ónýta eptirlitið; en af þessari ástæðu skal eg ráða þinginu frá, að aðhyllast báðar þessar uppástungur og uppástungu nefndarinnar um 24 sk. toll af óblönduðum spiritus.

Ef þingið aðhyllist að leggja toll á bjór, skal eg, eins og eg gat um um daginn, ekki mæla á móti því; hvort tollurinn eigi að vera 4 sk. eptir tölulið 7., eða 2 sk. eptir uppástungu nefndarinnar undir tölulið 8., skal eg skjóta til nákvæmari yfirvegunar, en geta þess, að tollurinn af aðfluttum bjór eptir lögunum 4. júlí 1863 í Danmörku eru 5 sk. af potti, þegar bjórinn er innfluttur í flöskum, en annars $\frac{1}{2}$ sk. af pundi, en það mun vera hèr um bil 1 sk. af pottinum. En þar sem frumvarpið að eins snertir toll á

áfengum drykkjum, skal eg leyfa mèr að skjóta því til hins heiðraða uppástungumanns að skýra þinginu frá því, hvort bjór eigi að skiljast um allar tegundir af bjór (öli), eða að eins um þær, sem geta talizt meðal áfengra drykkja, svo sem «porter», «ale», »baiersköl» og þess konar.

Á móti breytingunni undir tölulið 21. hefi eg ekki annað en það, sem hinn heiðraði framsögumaður tók fram með tilliti til gufuskipanna, og bæta því við, að þar sem hún til tekur kaupför, er eigi að breyta eptir 2. og 3. grein, á hún ekki vel við í heild sinni.

Eg skal mæla á móti tölulið 30., 33. og 37. af þeim ástæðum, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, og einnig skýrskota til þess, sem eg þá hefi tekið fram um tölulið 9. og 38.

Hinar uppástungurnar eru að mèr skilst orðabreytingar, og um þær ætla eg ekki að orðlengja.

Þórður Jónasson: Eg tók ekki til máls, þegar þetta mál var rætt til undirbúnings, og skal eg því leyfa mèr, áður en til atkvæða er gengið, að fara fáum orðum um málið sjálft og um einstök breytingaratkvæði á atkvæðaskránni. Eg skal því fyrst lýsa því yfir, að það gladdi mig mikið, að stjórnin lagði frumvarp um toll af brennivíni fyrir þing þetta, og eg vildi óska, að stjórnin hefði verið búin að því fyrir löngu.

Málið hefir tvær hliðar, sem það getur skoðazt frá, báðar þýðingarmiklar. Önnur hliðin er sú, að frumvarpið eykur, þegar það er orðið að lögum, tekjur landsins til mikilla muna; með því verður hægara og auðveldara að fá bætt úr því, sem oss vanhagar um og þurfum að fá sett á stofn, sem allt eða mestallt hefir hingað til borið upp á sama skerið, fèleysið. Nú vona eg bætist úr þessu, og er gott til þess að hugsa. Hin hlið málsins er sú, að frumvarpið leggur nauðsynlegt band á nautn áfengra drykkja; það getur ekki hjá því farið. Þetta er ekki minna vert en fèð. Eða er ekki hörmulegt til þess að vita, að 20—30,000 manns — fleiri eru víst ekki um það, þar eg tel frá konur og börn — skuli drekka hèr upp árlega meira en hálfa millión potta af brennivíni, og þess utan mörg þúsund potta af rommi og extrakt. Það má geta því nærri, hvílíkt heilsutjón, óregla og siðaspilling, auk fjáreyðslunnar, hljóti að leiða af þessari ofnautn áfengra drykkja, enda sagði hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, sem hlýtur að vita það bezt allra, að hver 7. maður hèr

af sjúkum ætti það upp á ofnautn áfengra drykkja. Eg get því ekki verið á þeirra máli, sem vilja færa brennivínstollinn úr 8 sk. ofan í 4 sk. af pottinum, og skyldi miklu fremur hafa verið því meðmæltur, að tollurinn hefði verið hækkaður upp í 12 sk. af pottinum, eins og líka tekjustofninn er hinn hagfelldasti. Tollurinn má því með engu móti minni vera. Eg er líka samdóma breytingaratkvæði undir 7. tölulið, að tollurinn af bjór verði ákveðinn til 4 sk. af pottinum. Það fluttust hingað af bjór 1869 meira en 30,000 pottar, og bjórdrykkja eykst hér árlega, og skal eg taka það fram, er hinn 3. konungkjörni þingmaður taldi bjór engu hollari, en brennivín. Eg er í efa um það, hvort gjöra skuli mismun á brennivíni og spiritus hvað tollinn snertir. Það launar varla ómakið, að gjöra þennan mismun, því eptirlitið útheimtir svo mikla fyrirhöfn. Mig furðaði mikið á því, þar sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga varð til að beiðast þess, að frumvarpið næði ekki lagagildi, en eg skal ekki fjölyrða um það atriði, því hinn heiðraði þingmaður Árnesinga rak þessa uppástungu hans svo röggsamlega, að henni er víst engin lífsvon framar. Við breytingaratkvæðið undir 10. tölulið felli eg mig ekki, af þeirri ástæðu að vèr höfum engin fjárforráð, en þegar vèr fáum þau, verður breytingaratkvæði þetta óþarft. Að binda löggildingu frumvarpsins við það skilyrði, að alþingi hafi fengið löggjafarvald og fjárforræði, eins og þingmaður Reykjavíkur stingur upp á undir 40. tölulið, miðar til þess, að skjóta málinu á frest, hver veit hvað lengi; við vitum nefnilega ekki hvenær við fáum fjárforráð og löggjafarvald, og sama má segja um breytingaratkvæðið undir 41. tölulið. Hvorugt þessara atkvæða get eg því aðhyllzt, af því eg óska þess, að frumvarpið nái sem fyrst lagagildi. Þó get eg ekki skilið, að það geti orðið frá 1. apríl næstkomandi, því þá getur ekki verið búið að þinglýsa því sem lagaboði. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, og vona, að þingið aðhyllist frumvarpið með sem fæstum breytingum, og að það nái sem fyrst lagagildi.

Nú ræðir um sannarlegt velferðarmál fyrir land vort, á það ber vel að líta, og það er eg viss um að þingið muni hafa sèr hugfast í meðferð sinni á málinu.

Páll Pálsson: Út af viðaukaatkvæði mínu undir 21. tölul. skal eg geta þess, að eg bar það fram eigi til þess að vekja meiningarmun, heldur til skýringarauka, en eptir því sem hinum hátt-

virta konungsfulltrúa fórust orð, vil eg að «kaupför» verði strykuð út úr töluliðnum, því eptir tilskipuninni frá 15. apríl 1854 er óþarft að taka þau með upp í skipaupptalning þessa. Hitt held eg sè til skýringar; og ef það er til skýringar, þá getur það ei verið óþarft, og rangt getur það ekki verið, ef skýringin er rètt. Hvað það snertir, að óhafandi sè «gufuskip», þá skil eg ekki í því, að það geti gjört rugling, úr því allar skipategundirnar eru taldar hèr upp. Eg gekk nefnil. út frá því, að það gæti ekki verið til skaða, þó lagaboðið væri sem allragreinilegast, enda er í ástæðum frumvarpsins á bls. 7. allra þessara skipa getið.

Grímur Thomsen: Breytingaratkvæði mitt og þingmanns Gullbringusýslu hefir mætt æði-miklum mótmælum, bæði frá hálfu hins háttvirta konungsfulltrúa, framsögumanns, og við undirbúningsumræðuna af hálfu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga; skal eg þá fyrst snúa mèr að mótbárum hins háttvirta framsögumanns; hin fyrsta mótbára hans var sú, að ef tollurinn væri lækkaður ofan í 4 sk., þá yrði þetta enginn tollur, sem nokkru munaði að því er snerti tekjur landsins; en þessi mótbára fellur, þegar hinn háttvirti þingmaður athugar málið betur. Þegar vel er að gætt, kemst hann að raun um, að þessir 4 sk., sem hingað til hafa runnið í vasa kaupmannanna, mundu nú hèr eptir renna í vasa landsins, og það er þó talsverður munur á, í hvorn vasann þessir 4 sk. renna. Það veit eg hinn háttvirti þingmaður játar mèr. Hin önnur mótbára lá í orðum hans, þegar hann benti á dæmi Frakka, er lagt hafa á háan þess konar toll eptir hina síðustu mannskæðu og voðalega styrjöld. Af því Frakkar sakir stríðsins hafa lagt svo háan toll á áfenga drykki, þá eigum vèr Íslendingar líka að leggja sams konar háan toll á oss, meinar varaforseti. Á slíkri ástæðu furðaði mig næsta mjög frá þeim manni; en úr því hann vill taka dæmi af útlendum þjóðum, þá vil eg leyfa mèr að benda honum á annað: Eptir að borgarastríðinu milli norður- og suðurfylkjanna í Ameríku var lokið, lögðu norðurríkin afarháan toll á þess konar verzlunarvöru, en nú er þessi tollur alveg upphafinn. Svo er nefnil. mál með vexti, að til þess að bera byrðar þær eða álögur, er leiða af hinum eyðileggjandi stríðum, neyðast ríkin til þess í bráðina að grípa til þess óyndisúrræðis, að ná inn talsverðu fè með því að hækka allar tollaálögur, og þannig er því einnig varið í Frakklandi. Hinn háttvirti konungsfulltrúi vill hafa tollinn háan til þess að auka tekjurnar, en eg er sannfærður um, að hár tollur yrði beinlínis til þess að

rýra þær. Skoði maður nú ástæður fyrir frumvarpinu — það er annars merkilegt, að opt geta ástæður hinna konungl. frumvarpa engan vegin verið til sönnunar hinum einstöku greinum frumvarpanna — þá stendur þar, að skipaskjölin eigi að sanna, hve mikið af farmi á hverju skipi er flutt til hafna þeirra, þarsem það kemur við, og á öðrum stað stendur í ástæðunum (neðst á 9. og efst á 10. bls.): «hefir það samt mátt virðast þeim mun nauðsynlegra að gjöra hlutaðeigandi skipstjórnarmanni, og ef svo ber undir, þeim, sem tekur við vörunum, að skyldu, að láta af hendi skriflega játningu um, af hverju úr farminum gjalda skuli toll, sem hin nefndu skjöl að eins skýra frá þeim farmi, sem látinn hefir verið í skipin á þeim stað, er það hóf ferð sína frá, en ekki þeim vörum, sem skipstjóri kann að hafa tekið í skipið með því að hleypa inn í útlenda höfn á leiðinni til Íslands». Þetta er satt, því þótt konsúlum sè skipað, að rannsaka vörulistana á hverri höfn, sem skipið kemur við, þá er þessu ekki fylgt í Praxis, enda yrði það t. a. m. í Hamborg alveg óvinnandi verk að hafa slíkt eptirlit, þar sem slík mergð skipa sífellt er á ferð og flugi, og koma skip þangað opt og taka farm í sig án nokkurra uppáskripta á vörulistana. Eg sagði við undirbúningsumræðu þessa máls, að eptir fyrirkomulagi frumvarpsins og nefndarinnar væri beinlínis hvöt fyrir danska kaupmenn, að flytja brennivínið fyrst t. a. m. til Hamborgar og selja það þar með arði, og því næst að kaupa annað brennivín mörgum pörtum verra, en jafnframt miklu ódýrara og flytja það upp til Íslands og selja það þar með sama verði og danskt kornbrennivín. Þetta eru ekki neinar getgátur. Stjórnin sjálf hefir sýnt, að hún hefir þessa skoðun með því, þar sem t. a. m. dómsmálastjórnin svarar fjárhagsstjórninni í brèfi frá 18. júní 1865, og getur þess, að hvergi skuli hærri toll taka af brennivíni, en 4 sk. af hverjum potti. Það er fyrst nú á þessum síðustu tímum, að hærra tollgjald hefir komið til tals, því áður var svo ætlazt á, að tollgjaldið skyldi vera jafnt fyrir aðflutt brennivín og endurgjaldið fyrir útflutt brennivín, af ástæðu þeirri, sem frá er skýrt í ástæðunum fyrir frumvarpinu; því þegar kaupmaðurinn fær 4 sk. fyrir hvern pott, sem hann flytur út, þá hefir hann enga ástæðu til að leyna neinu, og svo verður hann að hafa tvær tollskrár, sem yfirvöldin skoða og geta á þeim sèð, hve mikið brennivín hann hefir til sölu. Hin önnur ástæða fyrir hinu háa tollgjaldi á brennivíni á að vera sú, að minnka brennivínsneyzlu í landinu, og

skal eg játa, að sá tilgangur er mjög vel meintur, en í skattalögum veit eg ekki til þess, að sèr í lagi sè haft fyrir augum það, að bæta siðferði manna. Það eru önnur lög og aðrar reglur, sem ráða eiga bót á því og varðveita það. Auk þess held eg, að siðferði á voru landi mundi næsta lítið batna við það, þótt menn fengju að drekka verra brennivín. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að tollur í Danmörku á innfluttu brennivíni væri 8 sk. og 5 sk. á bjór; þetta er satt; en eg veit, að eg þarf ei að minna hinn háttvirta konungsfulltrúa á, að það getur ekki verið íslenzkum lögum til fyrirmyndar, þar sem vèr ekki, eins og Danir, eigum kost á að búa til brennivín hjá oss. Eg veit líka, að í öðrum löndum er margfalt hærri tollur á brennivíni en í Danmörk t. a. m. í Svíþjóð 1 rd. á hverjum potti, en það sannar ekki neitt með tilliti til Íslendinga. Danir neyðast náttúrlega til að leggja hærra brennslugjald á innflutt brennivín en 4 sk., þar sem goldið er fyrir hvern innlendan brennivínspott, sem út er fluttur, 4—5 sk. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði við undirbúningsumræðuna, að sumir af mótmælendum nefndarinnar vildu lækka tollgjaldið frá því, sem nefndin hafði upp á stungið, en sumir hækka það, og þar af rèð hann, að nefndin, sem færi meðalveginn, hefði eflaust hitt upp á hinn eina sanna og rètta. Af þessari ályktun dettur mèr helzt í hug, að hinn háttvirti þingmaður hafi ímyndað sèr, að hann sæti heima í stofu sinni og væri að gjöra upp meðalverð allra meðalverða, en í tollmálinu er slíkur meðalvegur fjarri því að vera hinn rètti. Verði tollurinn ákveðinn lægri, en nefndin hefir stungið upp á, þá er eg sannfærður um, að það verður til þess, að gjöra skýrslurnar áreiðanlegri, en það verður aptur til þess, að auka tollinn. Eg er og samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu í því, að eigi sè rètt, þegar um tollaálögur er að ræða, í fyrsta sinni, sem gjald er lagt á brennivín, að gjöra stórt stökk strax upp í 8 sk., því ef vilja hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns yrði framgengt í því að leggja toll á hið margopt umtalaða malaða kaffi, þá jykjust tekjur landsins mjög mikið. Væri lagður 4—5 sk. tollur á þá 4—500,000 potta brennivíns, sem eytt mun nú vera í landinu, þá gæfi það 24000 rd., og það eru ekki svo litlar tekjur af einni vöru; og ef svo væri lagður tollur á kaffi, — eg tala ekki um malað kaffi — sykur, tóbak og fleira, þá ímynda eg mèr, að við getum fengið hæfilegt fè. En af því tekin hafa verið dæmi af útlendum þjóðum, þá vil eg einnig benda mönnum á, að bæði í Englandi og

Danmörku á síðari tímum er reynslan fyrir því, að því vægari sem tollurinn er, því minni er undandrátturinn, og í þessu eigum vèr Íslendingar að stæla eptir útlendum þjóðum.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til mótbáru hins heiðraða þingmanns Rangæinga viðvíkjandi örðugleikum þeim, sem eptirlitið á að vera bundið, og sem hann telur ókljúfandi, ef tollurinn verður ákveðinn 8 sk. á pottinum, leyfa mèr að skýrskota til 3. gr. í frumvarpinu, þar sem segir: »Sè í vöruskránni eða tollskránni skýrt ógreinilega frá vörum þeim, sem hèr er um rætt, eða sè ástæða til að efast um, að skýrslan sè rètt, á lögreglustjóri að láta rannsaka farminn og hafa gætur á eins og með þarf um afferming skipsins. Kostnaðinn við þetta skal skipstjórnarmaður og, ef við þarf, einnig eigandi farmsins borga, ef það reynist, að skýrslan hefir verið ónákvæm, en ella skal kostnaðurinn goldinn úr opinberum sjóði». Með þessum hætti vona eg að bót geti orðið ráðin á þeim vandkvæðum, er hann gat um.

Stefán Eiríksson: Þar eð eg hefi ei fyr talað neitt í þessu máli, ætla eg að gjöra grein fyrir þeirri niðurstöðu, er eg mun komast að í þessu máli við atkvæðagreiðsluna. Það hefir verið mikið talað um, hvort tiltækilegra væri, að leggja 8 sk. eða 4 sk. á brennivínspottinn; mèr fyrir mitt leyti þykir tilhlýðilegt, að leggja 8 sk. á pottinn; ef tilgangurinn er sá, að koma í veg fyrir ofdrykkju meðal landsmanna, þá næst ekki tilgangurinn með minni álög en frumvarpið fer fram á, og þó mèr þyki gott brennivín, get eg þó vel unnt landsmönnum þeirra hagsmuna, sem af því flýtur, að leggja toll þennan á, ef þeir fyrir það sama hættu að kaupa slíka óþarfavöru, og því álít eg rètt að 8 sk. sèu lagðir á hvern pott brennivíns. Hvað viðvíkur 24 sk. álögu á spirituspottinn, þá þykir mèr það vel hátt, þar eð ýms meðul hjá apotekurum og læknum fyrir álöguna yrðu talsvert dýrari, og halla eg mèr því heldur að tölulið 6. í atkvæðaskránni, sem stingur upp á, að álagan verði felld úr 24 sk. ofan í 16 sk. Með tilliti til 4 sk. tolls á hvern pott af bjór þykir mèr sanngjarnt, því eg held, að hèr sè drukkið að sínu leyti eins mikið af bjór eins og öðrum ölföngum. Hvað snertir tölulið 1., 40. og 41. á atkvæðaskrá þessari, þá álít eg að þingið ekki ætti að ganga fram hjá þeim; þó er það næst mínu skapi að ganga inn á tölulið 1., þó hann þyki ei aðgengilegur, en þar nefndin hefir gengið í gegnum allt frumvarpið grein fyrir grein, gjöri eg ráð fyrir, að þessi fyrsti töluliður ekki nái í meiri hluta þingsins, en eptir ástæð-

um frumvarpsins, á 5. blaðsíðu og í samhengi við það að stjórnin hefir skamtað oss úr hnefa tillagið úr ríkissjóði og vísað oss á þessar tollálögur, þá segi eg fyrir mig, að eg vildi helzt fallast á tölulið 1., ef eg vissi, að hann gengi í gegn. En falli þessi fyrsti töluliður, álít eg að þingið með sóma sínum ekki geti þó gengið fram hjá tölulið 10. Hvað viðvíkur tölulið 10., þá sé eg ekki hvað unnið er við það að fara nú þegar að biðja um toll þennan til hins og þessa, á meðan við ekki sjálfir höfum nein fjárhagsráð, því það gæti hugsazt, ef tollur þessi er álagður, eins og nú stendur á fjárhagsráðum vorum, að svarið yrði á þá leið, að toll þennan yrði fyrst að brúka til ýmsra annara stjórnarþarfa, og því er sjálfsagt bezt að fresta álögu hans. Eg ætla þá ekki að tala meira að þessu sinni; það sést á sínum tíma, hverju eg verð með og mót.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um breytingaratkvæði mín. Nefndin hefir aðhyllzt flest þeirra, og vona eg að þingmenn gjöri hið sama; þau eru að vísu flest orðabreytingar einar, og menn geta talið, þær standi á litlu, en séu þær til að gjöra málið á lagaboðinu ljósara og betra, þá er vert að taka þær, því það er sómi fyrir þingið, að málið sé nokkurn veginn hreint á því, er það lætur frá sér fara. Til þessa miða mörg breytingaratkvæði mín. En það er langt frá því, að eg hafi gjört við allt sem þurfti í frumvarpinu, þó það sé skár orðað en sum hin, þá er það mjög óvandað. Tvö breytingaratkvæði hefir nefndin þó eigi viljað fallast á; annað er tölul. 7., og hefir þó að minnsta kosti einn nefndarmanna aðhyllzt hann. Læt eg mér á litlu standa, hvernig um þetta fer. Út af því, er konungsfulltrúi sagði, vil eg geta þess, að meining mín var, að þar væri að eins átt við áfengt öl, sem kallað er bjór, en hins vegar hefi eg ekkert á móti, að lagðir sé 4 sk. á allt öl, því það er engin þörf fyrir Íslendinga að vera að drekka öl; vilji þeir drekka það, þá eru þeir ekki of góðir til að gjalda af því, þeir þurfa eigi að drekka öl; hér á landi er nóg til af bezta neyzluvatni og nóg sýra, sem er miklu hollari en þetta öl, sem menn eru að drekka; að minnsta kosti hefir mér jafnan orðið illt af því, og hefi eg þó eigi verið kvillasamur, af því sem í magann fer; enda upplýsti og hinn 3. konungkjörni þingmaður um daginn, að það væri sum efni óholl í sumu öli; þó að menn, sem hafa vanið sig á það, þoli það vel, þá sannar það eigi að það sé hollt; þeir hafa vanið sig við það; tóbakið hefir í sér fólgið eitur, því verður mönnum fyrst dauðillt af því,

en með tímanum geta menn vanið sig á það, svo eigi verði illt af. Hvað tölulið 12. snertir, þá þykir mèr hann eiga betur við; þyki flestum það ekki, held eg honum eigi neitt fast fram. Það hefir verið fært sem ástæða fyrir töluliðunum 2. og 4., að hollara væri að byrja á litlu, en mèr getur eigi fundizt sá tollur mikill, er frumvarpið til tekur. Í annan stað hefir það verið sagt hèr, að menn leggi eigi háa tolla á nema út úr neyð og eptir stríð, eins og t. a. m. eptir Bandaríkjastríðið. Þeir tollar voru háir — en það eru eigi þessir, sem hèr ræðir um. En þó þeir mættu teljast háir, þá á það einmitt hèr við að hafa þá svo, því hèr hefir sannarlega verið stríð, eigi um skamman áratíma, eins og hin stríðin sem nefnd voru, heldur um margar aldir. Vor þjóð hefir átt í þungu stríði um margar aldir fyrir tilveru sinni við náttúruna og mennina, og hún er orðin svo lömuð og niðurbeygð af þessari sífelldu baráttu, að hún þarf viðreisnar sem fyrst; hún þarf sem fyrst að gjalda þann stríðsskatt, er vesöld sú, sem hún nú er í, heimtar, og sýnist þá enginn annar tekjustofn liggja betur við en áfengir drykkir, því þeir eru eigi að eins til einkis gagns, — nema það væri til að gjalda af þeim — heldur gjöra þeir og tvöfaldan skaða, með því þeir bæði eyða fè landsmanna beinlínis og auk þess rýra þeir vinnukraptinn, spilla siðgæði og eyða áhuga manna á skyldustörfum sínum. Gjald það af áfengum drykkjum, sem hèr er ákveðið, er vissulega eigi mikið, til að byrja á, en það má auka það síðar, ef mönnum sýnist svo, og allt eins leggja á fleiri munaðarvörur, svo sem kaffi og tóbak, en þá er að tala um það, er þar að kemur.

Guðmundur Einarsson: Eg er enn á sama máli sem við undirbúningsumræðuna, að það sè varlegt að hafa tollinn háan í upphafi; það er jafnan innanhandar að hækka hann síðar, þegar menn hafa reynt, hvernig þetta fer; verzlan vor er enn á svo veikum fæti að eg held það sè eigi hyggilegt að leggja miklar álögur á hana að sinni. Mèr virðist og nóg eptir því sem nú á stendur að auka gjöld landsmanna um 20000 rd. um sinn; það má þá hækka það síðar, þegar menn sjá hvernig þessu fè er varið, og fleygja ekki strax út frá sèr 40—50000 dala, því reynslan mun sanna það, að þessi álaga lendir engan veginn eingöngu á þeim, sem kaupa ölföngin, heldur á verzluninni í heild sinni. Tölulið 10. verð eg að vera fastur á því, því að eins verður gjaldið vinsælt, að menn viti að því sè varið landinu til sannra nota, og eg sè enga mót-

sögn í því, að lögin beri með sèr tilgang sinn, svo sem opt hefir átt sèr stað; mèr þykir það og vera samkvæmt 41. tölulið, og því vil eg gefa atkvæði mitt fyrir þeim báðum, og eg verð því þeim samdóma, er vilja hafa tollinn lágan og fresta framkvæmd löggjafarinnar að sinni.

Eiríkur Kúld: Eg þarf eigi að vera fjölorður til að verja uppástungur nefndarinnar að þessu sinni. Nokkrum heiðruðum þingmönnum þykir það vera of lágur tollur, er nefndin hefir farið fram á; öðrum þykir hann vera of hár, svo sem hinum heiðraða þingmanni Rangæinga, er hèlt langa tölu og snjalla, svo sem honum er lagið, fyrir tölulið 2. og 4., og voru ástæður hans, einkum að undandrátturinn mundi verða minni og tekjurnar því aukast, ef gjaldið væri helmingi lægra, með öðrum orðum, að 4 sk. tollur gæfi læknasjóðnum meiri tekjur en 8 sk. tollur, en þess ber að gæta, að eptirlitið þarf eigi að síður, þótt gjaldið sè minna, og eptir því, hvernig eptirlitið er, fer undandrátturinn. Hann gat þess og, að tilgangurinn í almennum tolllögum væri ekki að bæta siðferði manna, og að það mundi eigi bæta siðferði manna, að Íslendingum yrði kennt að drekka slæmt brennivín, eins og hann hèlt að yrði, ef fylgt væri uppástungum nefndarinnar, en eg verð að segja, að tolllög, eins og hver önnur lög, verða að hafa þann tilgang jafnframt, að styðja og efla siðgæði í landinu. Hann gat þess enn fremur, að þar sem eg við undirbúningsumræðuna hefði talið nefndinni til gildis, að hún með uppástungum sínum hefði farið meðalveginn, þá gæti það átt við, ef eg væri að semja skýrslu til verðlagsskrár, en hann veit það, eins og eg, að með því að fara meðalveginn, finnur maður opt það rètta, og hann veit líka, að of lág tolllög eru allt eins skaðleg og of há tolllög, og því verður meðalvegurinn einnig þar hinn rètti. Eg get eigi verið samdóma þingmanni Dalamanna um tölulið 10.; eg hefði, ef til vill, getað verið það, ef viðbótin «til vegabóta» o. s. frv. hefði eigi komið aptan við töluliðinn, en hún þykir mèr eiga mjög illa við, því hún bindur auðsjáanlega að nokkru leyti hendur þingsins síðar meir, þá er það væri orðið löggjafarþing, um hvernig gjaldinu skuli verja, því þó þetta, sem þar er talið, geti verið nytsamlegt, þá er og margt annað, er vèr nauðsynlega þurfum fè til. Hinn 1. konungkjörni þingmaður hafði á móti því, að tollurinn á spiritus sè 24 sk., og skal eg eigi neita því, að það er nokkuð hátt, en það á og að vera það, og tilgangur nefndarinnar með honum

var sá, að vilja með því sporna við því, að kaupmenn færu að búa til þess konar brennivínsblöndu; að setja tollinn að eins 12 sk. virðist mèr of lítið, einkum eptir að hinn hæstvirti konungsfulltrúi nú hefir upplýst oss um, að hann sè 14 sk. í Danmörku. Nokkrir, svo sem þingmaður Suður-Múlasýslu, vilja hækka tollinn á ölinu, en bæði er það, að 2 sk. tollur nemur eigi alllitlu (eptir landshagsskýrslunum yrði hann rúma 625 rd.), og í annan stað þykir mèr 4 sk. tollur allt of hár, einkum þegar litið er til þess, að í Danmörku er hann að eins 1 sk. Að öðru leyti hygg eg að hèr sè að eins meint áfengt öl, svo sem frumvarpið allt á að eins við áfenga drykki.

Framsögumaður: Út af því, að konungsfulltrúi skoraði á mig að skýra, hvað nefndin hefði meint með öli, þá vil eg lýsa því á-liti minu, að nefndin hafi meint allt öl, og að enginn munur yrði gjörður á hinum einstöku öltegundum, því það er kunnugt, að allt öl hefir í sèr nokkuð af «Alkoholi», og þó það sè misjafnt, þá er munurinn eigi meiri en á hinum sterkustu og lèttustu vínum, er frumvarpið ætlast til að sami tollur sè lagður á. Það gladdi mig mjög, að hinn 1. konungkjörni þingmaður var nefndinni samdóma um, að frumvarpið væri mikilvæg rèttarbót, en hann fann það að, að nefndin hefði hækkað tollinn af spiritus, sakir þess, að eptirlitið yrði þá erfiðara, en mèr virðist nokkur ósamkvæmni vera í þessu hjá þeim mönnum, sem þó vilja láta leggja toll á bjórinn, því sama eptirlit útheimtir hann sem spiritusinn. En eg held, að eptirlitið eigi muni verða svo erfitt sem menn óttast fyrir, því ef einhver kaupmaður býr í laumi til brennivín úr spiritus, og það er svo nokkru nemi, þá hlýtur það að komast upp, en samkvæmt 5. og 6. grein liggja við því miklar sektir, og munu kaupmenn því eigi vilja eiga það á hættu; en fremur getur og lögreglustjórinn, ef hann hefði grun um undandrátt, rannsakað farminn samkvæmt 3. grein. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga vildi laga breytingaratkvæði sitt með því, að kippa burt orðinu «kaupför», en hann verður að gjöra slíkt hið sama við «gufuskip», því svo sem allir sjá, er það eigi samhljóða hinum skipategundunum, er hafa nafn af í hverjum tilgangi þau eru notuð, en «gufuskip» bendir að eins til sèrstaks ásigkomulags á skipinu, er getur átt sèr stað í hvaða tilgangi sem þau eru notuð. Svo sem venja er til, var ræða þingmanns Rangæinga mjög áheyrileg, er hann vildi færa rök fyrir því, að tollurinn yrði lækkaður um helming, og gat hann þess,

að kaupmenn mundu láta skip sín hlaupa til Hamborgar og flytja þaðan slæmt brennivín, en selja þar hið betra brennivín, en eg held hann hafi gjört of mikið úr þessu, því það vill víst enginn kaupmaður vinna það fyrir, að senda skip sín frá Kaupmannahöfn til Hamborgar, einungis til að skipta um brennivín. Enn fremur færði hann það og til sem ástæðu fyrir ágæti hins lægri tolls, að því minni sem hann væri, því meiri yrðu tekjurnar, og tók hann í því tilliti dæmi af frímerkjunum; ályktanin yrði þá sú, að því lægri sem tollurinn væri, því meira seldist af vörunni, en þetta mun víst eigi hafa verið tilgangur hans, og gengur það yfir mig, hvernig röksemdaleiðslan skuli þannig hafa hlaupið í baklás hjá honum jafnskynsömum manni. Að því er tölulið 10. snertir, þá efast eg eigi um, að stjórnin muni taka allt tillit, sem henni er unnt, til bendinga alþingis um, hvernig tollinum skuli verja, en eins og það kemur hèr fram, þá get eg með engu móti aðhyllzt breytingaratkvæðið.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því eg á hèr nokkur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, vil eg tala nokkur orð um þau. Framsögumaður sagði hann sæi enga skynsamlega ástæðu til að aðhyllast tölul. 1.; en mèr virðist það vera nægileg ástæða, að hèr er um þann toll að tala, er vèr síðar ekkert fullt atkvæði höfum um, hvernig varið er. Eg vil eigi efast um, að honm verði varið í þarfir landsins, en hitt þykir mèr vafasamt, hvort það verða þær þarfir, sem brýnastar eru, eða oss þykja brýnastar. Í stuttu máli þykir mèr það með öllu óeðlilegt, að vèr sèum hèr að ræða um þann toll, er vèr eigi ráðum yfir, og hversu hann verði haganlegast á lagður. Enn fremur gat framsögumaður þess, að eptir uppástungu minni yrði alls eigi annað sèð, nema ætlazt væri til, að tollinn mætti aldrei leggja á, en þetta er svo fráleitt, að hann jafnvel sjálfur játaði síðar, að tölulíðurinn yrði eigi skilinn svo; enda liggur og beint fyrir, að tilætlunin með þessari uppástungu sè sú, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir alþingi um þetta efni, þegar það hefir fengið löggjafarvald og fjárforræði; því að þótt þingið nú játi, að áfengir drykkir sèu sá gjaldstofn, er fyrst liggur við að leggja toll á, þá leiðir eigi af því, að nauðsyn beri til, að leggja toll á þá nú þegar. Þótt eg hafi komið með þessa uppástungu undir (1. tölul.), þá get eg ekki skilið, hvernig af því ætti að draga nokkra ályktan um niðurstöðu þá, sem nefndin í stjórnarskipunarmálinu kann að komast til; því þótt það sè kunnugt, að

alþingi áður hafi farið svo liðlega í þetta mál sem unnt var, þá vita líka allir, að ekkert hefir komið út af því; það hefir engin stjórnarbót verið lögleidd; og svo getur enn farið, hversu vægilega sem nefndin og síðar þingið fer í breytingar á frumvarpinu til stjórnarskrárinnar. Stjórninni þykir, ef til vill, engin ástæða til að fallast á tillögur þingsins nú, heldur en fyr, og verði svo alþingi eins og að undanförnu, án alls löggjafarvalds, þá getur stjórnin þrátt fyrir tillögu alþingis lagt á oss Íslendinga svo mikið tollgjald í viðbót við þetta, sem henni þóknast, einkum ef vèr segjum henni, hversu tollana eigi á að leggja. Það er því allt annað að tala um tollgjald nú og þá er alþingi hefir fengið löggjafarvald, því þá getur þingið ákveðið, til hvers því skuli varið. Eg get með engu móti fallizt á það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að af því alþingi að eins væri ráðgjafarþing, þá væri til einkis fyrir það, að stinga upp á breytingum á hinum konungl. frumvörpum, sem óaðgengilegar væru fyrir stjórnina; mèr finnst þessu nógu opt kastað í nasir þingmanna; — og vil eg þá benda hinum háttvirta konungsfulltrúa á, að af því alþingi er ráðgjafarþing, þá höfum vèr rètt á, að vænta þess, að konungur taki svo mikið tillit til tillaga vorra, sem þær eiga skilið, og þessu megum vèr aldrei gleyma. Það er satt, sem sagt hefir verið, að með því að fallast á uppástungu mína, hefir þingið afsalað sèr rètti til þess, að ákveða, hvernig frumvarpið verði, ef stjórnin annars vill leggja þessa tolla á, þvert ofan í atkvæði þingsins; en þingið hefir þar með ekki afsalað sèr rètti til þess, að frumvarpið verði eigi að lögum, heldur þvert á móti áskilið sèr rètt til, að það verði eigi að lögum. Vilji stjórnin hvað sem gildir lögleiða slíkt tollfrumvarp án þess að spyrja þingið ráða, þá er það að öllu leyti á valdi konungs og stjórnarinnar, en stjórnin ber þá einnig um leið alla þá ábyrgð, er slíkt hefir í för með sèr. En við því get eg ekki búizt, ef alþingi ræður frá því, að þannig vaxið frumvarp verði að lögum, að konungur leiði það samt í lög. Það er eigi af því, að eg ekki búist við, að þessi uppástunga mín muni verða undir hèr á þinginu, að eg held henni fram, heldur til þess að gjöra mína skyldu og skýra frá því, sem eg álít rèttast í máli þessu. En þótt menn eigi vilji aðhyllast tölul. 1., þá skil eg ekki í, hví menn eigi vilja samþykkja 40. tölul.; eg játa það reyndar, að sú uppástunga er lík uppástungu meira hlutans undir 41. tölul.; en bæði er það, að þessi uppástunga nefndarinnar er ekki vel orðuð, og svo get-

ur hún að minni hyggju eigi komið til atkvæða, eins og hún liggur fyrir, en hún hljóðar svo: «Tilskipun þessi öðlast lagagildi jafnskjótt og alþingi hefir fengið löggjafarvald og fjárforræði», en meiri hlutinn ætlast til, að þetta verði 11. grein lagaboðsins. Það vona eg þó að hver maður sjái, að svona löguð grein getur ekki staðið í neinu lagaboði. Eg veit hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni þykir illt til þess að vita, þegar við getum ekki orðið á eitt sáttir í einhverju máli; en eg skal gleðja hann með því, að eg get með sanni sagt honum, að eg bjóst aldrei við, að við yrðum á eitt sáttir í þessu máli. Eg hef þá gjört grein fyrir uppástungu minni, en er eg sný mèr að sjálfu frumvarpinu, þá skal eg játa það satt að vera, sem hinn háttvirti þingmaður Rangæinga gat um, að öll líkindi eru fyrir því, að því hærri sem tollurinn verður ákveðinn, því minni verði tekjurnar; tollarnir á Englandi hafa nefnilega ekki aukizt af þeim einum sökum, að meira hafi verið flutt þangað af tollskyldum varningi, heldur miklu fremur af því, að síðan tollurinn var lækkaður, hafa fremur en áður öll kurl komið til grafar, og því get eg alls eigi sèð, að skynsemi þingmannsins hafi farið í baklás að þessu sinni. Þá er eg hinum sama háttvirta þingmanni samdóma í því, að það eru ekki tolllög, sem til þess eru sett að bæta siðferði manna; siðgæði kemur ekki utan að, heldur að innan. Lögin styðja reyndar hugsunarhátt manna til þess að gæta góðra siða, en grundvöll siðgæðis leggja þau ekki; hann verður að koma frá þjóðinni sjálfri og hugsunarhætti hennar, og er eg því þeirrar skoðunar, að miklu rèttara sè, að hafa tollinn lægri. Út af 10. tölul. skal eg geta þess, að tilætlun þess breytingaratkvæðis lítur út fyrir að vera góð, en það er alls eigi rètt orðað; þegar ákveðið er, að gjaldið skuli renna í landssjóð, þá er einhver ósamkvæmni í því, að biðja um í sömu andránni, að því skuli varið til vegabóta, búnaðarskóla o. s. frv. Alþingi hefir eigi umráð yfir þessu fè landssjóðsins fremur en öðrum tekjum landsins; það segir sig sjálft. Hefðu uppástungumenn orðað það svo: «þessu fè ræður alþingi», en sleppt því, að það skyldi renna í landssjóð, þá hefði allt öðru máli verið að gegna, en það verður næsta ósamkvæmt, að alþingi beiðist umráða yfir nokkrum hluta landssjóðsins, en ekki yfir honum öllum.

Davíð Guðmundsson: Eg get ei annað en virt þingmann Reykvíkinga fyrir uppástungu hans undir tölulið 1., því að það mætti öllum ljóst vera, að mikið fè hefir runnið frá Íslendingum

saman við fè Dana án þess að Íslendingum hafi orðið að tilætluðum notum, svo að oss væri eigi láandi, þótt vèr vildum eigi varpa meira fè út undir umsjón Dana; samt vil eg ekki gefa þeim tölulið atkvæði mitt, með fram vegna þess að mèr finnst að eins niðurrífandi Pólitik, er ekkert setur í staðinn, svo ómannúðleg, og mun eg því gefa atkvæði mitt með 10. tölulið, til þess enn á ný og í seinasta sinni að vita, hvort stjórnin ver þessu fè Íslandi í hag; því verði það eigi, græðir alþingi það á því að fallast á toll þennan, að það veit framvegis hvernig fara skal með slíkar fjárkvaðir, það er að kasta þeim beinlínis óræddum, eins og tölulíður 1. bendir á. Eg játa að vísu með einum skarpvitrum þingmanni, að ráðin yfir landssjóðnum eru í raun rèttri hjá konungi og alþingi í sameiningu, en er til framkvæmdarinnar kemur verður allt annað ofan á; því er það sannarlega ekki konungurinn og alþingi, er stjórnar, heldur dómsmálaráðgjafinn og alþingi, og gæti menn þá þess, að eigi er annað tillit tekið til þess, er alþingi leggur til, en það á skilið. Þar eð mèr þykir tölulíður 40. skýrara orðaður en tölulíður 41., gef eg atkvæði mitt með honum. Eg skal geta þess að eg aðhyllist uppástungurnar um lægri tollupphæð, því eg álít að nóg fè safnist með því móti að svo vöxnu máli, þótt eigi verði lagðir nema 4 sk. á hvern brennivínspott. Eg er og sannfærður um, að brennivínsdrykkja muni ekki minnka að því skapi, sem svarar því, þótt 8 sk. verði lagðir á pott hvern, og þótt nú verði eigi lagðir meir en 4 sk. á hvern pott, þá er þó alþingi innanhandar, er það hefir fengið fjárforráð, að hækka toll af vínföngum síðar eða leggja toll á aðrar fleiri munaðarvörur, eins og t. d. tóbak, kaffi, o. s. frv. eða þá hvorttveggja. Hvað álöguna á bjórinn snertir, vil eg láta hana vera 4 sk., þar eð hver pottur af bjór mun vera viðlíka dýr og pottur af brennivíni. Brennivínsdrykkja er að vísu meiri en hún þyrfti að vera á Íslandi, en hins vegar nær það engri átt, er sumir háttvirtir þingmenn segja að drukkið sè hèr, þar sem þeir segja að drukkið sè fyrir hálfa millíón árlega. Eg hefi reiknað andvirðið á vínföngum þeim, sem að meðaltali hafa verið flutt til Íslands á árunum 1866—68 og nemur það ekki nærri því helmingnum af hálfri millíón ríkisdala.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að fara nokkrum orðum um sumt á atkvæðaskránni, en þó ekki um 1. tölulið, því það lítur út fyrir, að hann fái ekki meðhald þingsins. Um 2. og 4. tölul. hefir mikið verið talað, en þrátt fyrir ræðu hins háttvirta þingmanns Rangæinga get eg ei sannfærzt um, að rètt sè að lækka tollinn ofan úr

því sem nefndin og frumvarpið hafa ákveðið hann til, og eru aðalástæðurnar fyrir því þegar fram teknar af ýmsum þingmönnum. Þingmaður Rangæinga og Reykvíkinga sögðu, að tolltekjurnar minnkuðu ekki að tiltölu við það, sem tollurinn yrði lægri eptir þeirra uppástungu, með því að tollsvik yrðu minni, þegar tollurinn er lágur, og skýrskotuðu til Englands um þetta. Það kann nú að vera að svona sè á Englandi, en hèr ætla eg sè allt öðru máli að gegna, því reynslan hefir sannað það, að undanbrögð eru engu tíðari á háum gjöldum en lágum. Spítalagjaldið sýnir þetta ljósast, því það getur ei kallazt hátt gjald, en þó er kvartað yfir undandrætti á því meir en á öðrum hærri gjöldum. Eg held menn geti hèr engu um spáð. Reynslan ein verður að skera úr í þessu efni. Eg er að vísu sannfærður um, að það er rètt setning í hverju sem er, að byrja heldur á því smærra en stærra, og mætti þetta vel heimfæra til brennivínstollsins, en eg kalla nú 8 sk. mjög lágan toll, og mega ekki lægri vera, því eg er viss um, að þegar þingið fær fjárhagsráð, færir það tollinn upp í 16 sk., og það álít eg hæfilegt. Eg furða mig reyndar ekki á, þótt þeim mönnum þyki tollurinn hár, sem álíta brennivínið nauðsynjavöru, en þeirrar skoðunar get eg ekki verið. Það hefir verið sagt, að tollurinn ætti ekki að vera til þess að bæta siðferðið; jú, vissulega ætti hann að vera það, og það gjörir hann líka, þótt óbeinlínis sè, ef hann er nógu hár, því tollur miðar til þess að minnka aðflutning áfengra drykkja, sem allir verða að játa að er hin helzta orsök til að spilla siðferði manna. Nefndin gat ei aðhyllzt 12. tölul. af því hann er tóm orðabreyting, sem alls eigi bætir frumvarpið, en eg álít að þingið eigi að forðast að gjöra þær breytingar, sem ekki eru til beinna umbóta. Á 40. og 41. tölul. get eg ekki sèð stóran mun, og eg skil ekki, að 40. tölul. sè svo formlaus, eins og þingmaður Reykvíkinga sagði, að hann geti ekki komizt að, því eg sè ekki betur, en að hans tölul. sè jafnformlaus, því að í hvorugum þeirra er alls enginn tími ákveðinn, hve nær lagaboðið eigi að ganga í gildi; en sá er aðalmunurinn á 40. og 41. tölul., að eptir hinum síðartalda fær tilskipunin gildi undir eins og alþingi fær fjárforráð, en eptir 40. tölul. skilst mèr að frumvarpið eigi að leggjast fyrir þingið aptur til nýrrar meðferðar, og það vildi nefndin fyrirbyggja. Hvað 10. tölulið snertir, þá rætist á okkur, sem bjuggum hann til, að þegar á að fara betur en vel, þá fer opt ver en illa, því tilgangur okkar með hann var sá, að gjöra sem flestum til hæfis, og sameina hin-

ar sundurleitu meiningar, sem fram komu við undirbúningsumræðuna. Sumir voru á móti því, að frumvarpið yrði lögleitt, en sumir vildu til taka, til hvers tollinum skyldi varið og fl. því um líkt, en þetta er allt sameinað í 10. tölulið. Það hefir verið sagt, að við uppástungumennirnir tilskyldum þinginu þann rètt, sem það ekki gæti haft nú sem stendur. Því get eg ekki verið samdóma, því hver er það sem hefir fjáhagsráðin nú í höndum, nema konungur og alþingi í sameiningu? Veit eg að vísu, og á það þurfti ekki að minna þingið, að það hefir að eins ráðgjafaratkvæði í fjármálum vorum, og þetta atkvæði er sannarlega ekki lítilsvert, því segi eg það: 10. tölul. kemur ekkert í bága við það atkvæði, sem þingið hefir nú. Og hvað meira er að svo lítur út, sem stjórnin einmitt ætli þinginu að hafa rýmra atkvæði í fjármálum vorum en það hefir haft; það sýna frumvörpin, sem fyrir því liggja, enda hefir aldrei enn verið gengið fram hjá þinginu í fjármálum, en það er satt, að það hefir ekki nema ráðgjafaratkvæði. Það er ekki heldur að villast um það, síðan stöðulögin 2. janúar þ. á. komu út, að enginn annar en alþingi og konungurinn getur fjallað um fjármál vor, og er líklegt, að konungurinn mundi láta eptir þinginu að ráða yfir tollinum, eða svo sem honum svaraði úr landssjóðnum, og að það fengi að ákveða, til hvers tollinum sèrstaklega skyldi varið. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga misskildi ræðu þingmanns Dalamanna út af 10. tölulið. Hann sagði nefnilega, að hann vildi fastákveða fyrir fram, til hvers tollinum skyldi varið, en þetta er skakkur skilningur, því þar sem vèr uppástungumennirnir til nefndum í 10. tölulið vegabætur og búnaðarskóla, þá er það að eins sett sem dæmi, en eigi til þess að binda hendur þingsins seinna. Að öðru leyti ræður þingið, hvort það fellst á 10. tölulið; honum má það þó til málsbótar færa, að hann getur komið saman við allar þær skoðanir á þessu máli, sem komið hafa hèr fram á þinginu að undantekinni þeirri stefnu, er 1. tölul. fer fram á, og þótt fallizt verði á 40. eða 41. tölulið, þá kemur hann alls ekki í bága við það, og hvort sem frumvarpið yrði gjört að lögum 1872 eða 1873, þá er það hvorttveggja eins samkvæmt 10. tölul., og þótt hinn háttvirti varaforseti benti á, að stjórnarskráin yrði að lögum 1872, þá verður fè þetta ekki brúkað fyr en 1873.

Forseti: Eg skal geta þess viðvíkjandi 40. og 41. tölul., að munurinn á þessum töluliðum er sá, að uppástungumaðurinn ætl-

ast til, að 40. tölul. komi sem niðurlagsatriði í álitsskjalinu í stað 11. greinar, en meiri hlutinn nefndarinnar ætlast til, að 41. tölul. komi sem lagagrein inn í frumvarpið í stað 11. greinar, sem þar er nú.

Jón Hjaltalín: Þegar eg lít á ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi, þá sè eg, að stjórnin hefir tvenns konar tilgang með frumvarpinu; annar er sá, að sporna við ofdrykkjunni hèr á landi, hinn er sá, að auka tekjur og velmegun landsins. Nú vil eg spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort nokkur þeirra er sá, er eigi álíti, að brýn nauðsyn sè á fyrir oss að sporna við ofdrykkjunni. Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann, er neitar þessu, að gjöra svo vel og standa upp. Nú vil eg aptur spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort nokkur þeirra sè, er eigi álíti, að vèr höfum þörf á miklu meira fè, en vèr nú höfum undir höndum; þessu ímynda eg mèr að heldur enginn neiti. Fyrst að svo er, þá verð eg að álíta, að sjórnin hafi gjört rètt í, að leggja þetta frumvarp fyrir þingið, einungis þykir mèr hún fara allt of vægilega í málið, því 8 skild. eru allt of lítið gjald, hvort sem heldur er litið til þess tilgangsins að sporna við ofdrykkjunni eða hins að útvega landinu fè, því að ef eitthvað verulegt ætti að færa í lag hjá oss, þá mundi þurfa til þess meira fè, en vèr getum gjört oss hugmynd um, en eg ætla þó að fallast á frumvarpið, af því eg álít þann toll, er það stingur upp á, vera þó góða byrjun. Mörgum þingmönnum hefir þó að vísu þótt tollurinn of hár, og borið fyrir sig ýmsar ástæður frá útlöndum, en eg skal nú sýna þinginu, á hve góðum rökum þær eru byggðar. Fyrsta ástæðan til þess að lækka tollinn var sú, að því lægri sem tollurinn væri hafður, því minna yrði dregið undan; því að menn mundu þá eigi hafa samvizku til að skerða gjaldið, ef tollurinn sjálfur væri svo lágur. En einn þingmanna tók þó nýlega fram í salnum, að talsvert mundi hafa verið dregið undan af spítalagjaldinu, og verður sá tollur þó sannarlega eigi kallaður hár; eg held, að til þess að eigi yrði dregið undan, þá yrði tollurinn að vera sama sem núll. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, að því lægri sem tollurinn væri hafður, því greiðara mundi ganga að ná honum inn og því meira gjaldast, en eg skal reyna að finna eitt númer af föðurlandinu og sýna honum. Þar stendur, að stjórninni í Svíþjóð þótti ofdrykkja vera mikil í landinu, og lagði því toll á brennivín, og urðu tekjur hans 800,000 dalir «banko», en það kom fyrir ekki, ofdrykkjan fór

heldur vaxandi, þá tók stjórnin það til ráðs, að hún hækkaði tollinn, svo að tekjur hans urðu 1½ milión, það dugði heldur eigi; þá hækkaði hún enn tollinn, svo að tekjur hans urðu 4 miliónir, og þá fór fyrst dálítið að sjá mun á að drykkjuskapurinn minnkaði. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga minntist líka á tollinn í Ameríku, og sagði, að tollarnir þar hefðu fallið. Eg veit, að framan af voru þeir þar lágir, en þó aldrei á brennivíni, því þar eru fèlög, sem eigi geta liðið drykkjuskap, og sem gjöra allt sitt til að sporna við honum, og eg get sýnt þingmanninum ræður af «congressinum», er fara í alveg sömu stefnu. Á seinni árum hafa tollar þvert á móti mikið hækkað, og eg verð algjörlega að neita því er þingmaðurinn sagði, að þeir nú á seinni árum hefðu verið lækkaðir. Eg skal taka það til dæmis, að í Ameríku búa 4 landar vorir nálægt «Milwaki», og hafa þeir skrifað, að sèr liði að öllu leyti upp á hið bezta, fengju góðan og kröptugan mat, en eigi harða þorskhausa, sem hèr er verið að flytja upp í sveitirnar til manneldis, og þar að auki 20 dollars um vikuna. Reyndar sögðu þeir, að það væri þar nokkuð dýrara en í Reykjavík að gleðja sig, þar sem 1 vindill kostaði 1 mark, og væri þó varla reykjandi, og líka sögðu þeir, að vín væri þar fjarska dýrt. Nú vil eg spyrja hinn háttvirta þingmann: Sèst eigi á þessu, að það eru talsverðar tollsnefjar í Ameríku? Eg talaði líka í sumar við einn Englending, sem nýlega var kominn frá Ameríku. Eg spnrði hann, hve hár tollur væri þar á spiritus. Hann sagði: 8 dollars á «gallon». «Hvaða ógnar tollur», sagði eg. Þá sagði hann: Ameríkumenn kæra sig eigi um að gjöra landa sína að svínum, þeir hugsa að eins um, að að þeir hafi nóg að starfa og fái nóga og kröptuga fæðu. Eg get annars eigi trúað því, að mönnum eigi renni til rifja, er þeir hugsa um, hve skaðsamlegar afleiðingar ofdrykkjan hefir hèr á landi; vèr heyrum, að opt er talað um skiptapa, en optast mun það vera, að bætt er við: «mennirnir voru eigi algáðir». Eg álít það alls eigi ofhermt af mèr, þótt eg segi, að 5. hver verkfær maður í mínu umdæmi hafi dáið af völdum ofdrykkjunnar, og ef eg vildi, gæti eg sýnt það í bókunum, og þótt menn eigi trúi mèr, þá veit eg þó, að enginn vill rengja hinn háttvirta 6. konungkjörna þingmann. Eg skil annars ekkert í eins duglegum og heiðvirðum mönnum, eins og þingmanni Gullbringusýslu, þingmanni Rangárvallasýslu og þingmanni Dalasýslu, að þeir skuli vilja setja niður tollinn; eg veit, að þeir gjöra þetta

af góðum vilja og í góðum tilgangi, en þeir hafa einhvern veginn komizt á alveg skakka skoðun á málinu; því að hvað halda þeir, að drykkjuhrútunum gjöri það; halda þeir eigi, að þeir kaupi brennivínið eins, þó potturinn sè 24 sk. eins og þó hann sè 16 sk.; jú, því miður er tollurinn allt af lágur, en þetta er þó góð byrjun og þess vegna geng eg með gleði að frumvarpinu. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að 30,000 manns á Íslandi drykkju ½ milíón potta, en það er meir; það er 550000, en honum er eigi gjarnt til að auka við; hann hefir eigi viljað segja meira en hann vissi fyrir víst að satt var. En það er aðgætandi, að það eru alls eigi 30,000 verkfærra manna á landinu, því eigi er þó drykkjuskapurinn orðinn hèr enn þá svo grófur, að konur eða börn sèu farin að drekka, þó vil eg eigi neita því, að stundum hafi konfirmantar sèzt slompaðir, þó þeir ekki hafi verið orðnir svín. Nei, af verkfærum mönnum er eigi meira en 15000, og þessir fáu menn sötra upp allt þetta litla brennivín, er flyzt til landsins. Nú vil eg spyrja hina háttvirtu þingmenn, er lækka vilja tollinn, hve mikið þeir vilja láta drekka. Þeir vilja hlífa brennivíninu, en vilja heldur leggja gjald á kýrspenann og ærspenann, sem er þó það, sem almenningur fæðist og klæðist af. Eg fjölyrði eigi meira um þetta, og vona að menn finni, hve ósanngjarnt það er. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga færði það líka til, móti 8 skildinga tollinum, að stjórnin hefði einu sinni fallizt á að hafa tollinn 4 sk. En þetta þykir mèr skrítin ástæða. Mèr þykir það skrítið, ef stjórnin fremur en aðrir menn er skyld til að fylgja fram þeirri skoðun, sem hún hefir áður haft, þótt hún sjái, að hún sè röng, og að önnur skoðun sè rèttari; eg veit aldrei til, að stjórnin hafi haldið því fram, að hún væri «infallibilis». Yfir höfuð álít eg ástæður þingmanns Rangæinga alveg óhafandi, þótt hann hafi fram sett þær með þeirri hógværð og stillingu, sem honum er svo eiginleg, og eg vona, að er hann sjálfur yfirvegar nákvæmlega tilgang tollsins, þá muni hann óska, að hann verði sem hæstur, því hann mun játa eigi síður en eg, að margt þurfi hèr lagfæringar við, og þess vegna sè engin vanþörf á fè, og eg veit, að hann líka kannast við, hve hryggilegar afleiðingar ofdrykkjan hefir haft og hefir fyrir land vort, og að það þess vegna sè eigi að ófyrirsynju, að reynt sè að sporna við henni. Eg ætlaði líka að minnast lítið eitt á 1. tölul. Það hèlt eg aldrei, að vinur minn, þingmaður Reykvíkinga mundi verða niðurskurðarmaður, en það

verður hann sannarlega, ef hann heldur fram 1. tölul.; eg held annars, að honum sè brugðið, en eg vona, að hann komi fljótt aptur til sjálfs sín, og verði svo skynsamur að taka uppástungu sína aptur, og verði eigi að ómaka þingmenn með að greiða atkvæði móti henni. Hvað ölið snertir, þá virðist mèr það vera mjög vel til fallið að leggja toll á það, því það er mikla hollara og heilnæmara að drekka blátt vatn, heldur en að vera að skvampa í sig þessu öli. Menn hafa að vísu haldið, að ölið væri styrkjandi, en einn merkur læknir hefir hrakið það á þessa leið: hver vill segja, að ljónið sè magnlaust. Er það eigi þvert á móti hið hraustasta dýr, og þó bragðar það eigi öl. Annar merkur maður, professor Liebig, hefir líka sannað, að í einum potti af öli er eigi meiri næring en í einum bita af brauði. Það er að vísu satt, að það eins og allt það, sem spiritus er í, eykur blóðrásina og gjörir menn liflegri, og þess vegna er það líka stundum brúkað sem læknismeðal. Eg held líka, að það sè satt, að þessi bjór sè orðinn nokkuð ísjárverður; menn hafa t.d. fundið í honum spanskflugur; líka mun það hafa borið við, að jurt, sem talsvert er eitruð, hefir verið brúkuð í hann í staðinn fyrir humla. Og það er mèr kunnugt, að í Kaupmannahöfn misstu flestir, eg vil eigi segja allir, þessir miklu bjórdrykkjumenn heilsuna, áður en þeir voru orðnir 50 ára, og það vissi eg, að flestir af þeim, sem fengu delirium tremens, höfðu mestmegnis drukkið öl og brennivín saman, og er það víst af því, að ölið er nokkuð bindandi, og eins og heldur spiritusnnm föstum í manninum. Eg er því alveg á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu um, að það sè alls eigi of hátt gjald að leggja 4 skild. á ölpottinn. Vèr skulum líka gæta að því, að þessi tollur er mjög hagfelldur, því eg læt það vera, þó sjómenn eða hverir sem eru, sem vilja fá sèr í staupinu, verði að gjalda toll af því, þar sem að vesalingsbændurnir verða að borga gjald af kúgildum sínum, sem er þó opt þeirra einasti lífsstofn, og þó stundum svo lítill, að þeir rètt með naumindum geta dregið fram lífið á honum. Það er líka enn eitt gott við þennan toll, að tala gjaldandanna eykst, því útlendir ferðamenn verða líka að borga þennan toll, og sýnist mèr það mjög vel til fallið, að þeir borgi nokkurn toll, þar sem aumingja-fátæklingarnir verða að borga toll af skepnum sínum; það er því allt öðru máli að gegna með þennan toll en t. d. jafnaðarsjóðstollinn eða aðra þess konar tolla. Eg vona því, að þingmenn láti eigi telja sèr hughvarf og fallist á

frumvarpið og biðji um að það sè lögleitt hið allra-fyrsta. Þeir, sem vilja sleppa hjá tollinum, geta sjálfir bruggað sèr hvítt öl. Eg vil líka biðja menn að gæta þess, að það, sem er drukkið, það er alls eigi borðað, en má eg spyrja: ætli þeim peningum, sem drukkið er fyrir, væri eigi betur varið til þess að kaupa matvæli fyrir? Jú, þess væri sannarlega þörf, því að hèr er opt hart í búi, þar sem bæði stjórnin hefir orðið að skjóta fè til og einstakir góðfúsir menn hafa gengizt fyrir samskotum, til þess að verja hèr manndauða af hungri. Það eru eigi nema 2 ár síðan, að á austursveitum var svo ástatt, að öll sú næring, sem maðurinn hafði um daginn, var peli af mjólk, og í vor hafði fólk í Skaptafellssýslu eigi annað að lifa af, en dálítinn mjólkursopa og svo fjöruarfagraut. Eg vil því spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort þeim eigi sýnist hyggilegra að verja því fè, sem þessi ½ milíón af brennivínspottum er keypt fyrir, til þess að bæta úr bágindum og efnaskorti landsins. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að brennivínið væri nauðsynlegt, því það hressti svo menn, er þeir væru þreyttir og kaldir; en þá segi eg: ef það gjörir það, þá er það vottur þess, að þeir menn eigi hafa nóg að borða; eg segi þetta eigi í þeirri meiningu, að eg eigi viti, að fólk hjá honum fær nóg að borða; en hitt get eg sagt honum, að eg hefi sèð menn, sem óhætt var hverjum einum móti tveimur af vinnumönnum hans, og höfðu aldrei smakkað spiritus. Þegar eg nefnil. var í Edínaborg, þá sá eg þar menn, sem báru þá bagga, sem eg er óviss um að nokkur hestur hefði loptað. Eg sagði við kunningja minn, sem gekk með mèr: «Hvaða heljarkarlar eru þetta»? Hann svaraði: «Þessir menn eru svona hraustir, af því þeir lifa bæði vel og reglulega. Þeir borða sterkan mat, «beuf» og annað þess konar á hverjum degi, og svo bættí hann við: en drekka aldrei vín»; ef vèr hefðum marga af slíkum körlum, þá mundum vèr vera betur farnir, en þó vèr höfum marga af þeim sem hressa sig á brennivínssnöpsum. Ekki get eg heldur sèð, að það hafi við nokkur rök að styðjast, að fresta þessu máli, þangað til stjórnarbótin er komin á, því þó hún eigi komist á, sem eg vil þó vona að verði, þá sè eg eigi, að vèr sèum neitt betur farnir, þótt þessi skaðsamlegi löstur við haldist. Menn hafa líka sagt, að tollarnir eigi ekki að bæta og bæti eigi siðgæði manna. Friðrik mikli Prússakonungur sagði þó, að siðgæði manna væri að miklu leyti komið undir polítístokknum, og það er án efa satt, að siðgæði manna er

mjög komið undir því, að góð umsjón sè höfð með því af hálfu hins opinbera. Menn hafa líka fært það til á móti þessum tolli, að vèr fengjum eigi að ráða honum, en stjórnin ætli ein að ráða honum, en eg segi fyrir mig, eg vil helmingi heldur, að þessu fè, sem inn kæmi fyrir tollinn, sè varið, eins og stjórnin vill, heldur en að því sè varið, eins og nú, nefnil. til þess að kaupa brennivín. Loks hafa menn fært þá ástæðu á móti tollinum, að hann mundi skaða verzlunina, en því verð eg alveg að neita, því að það er almenn reynsla, að því minna sem er drukkið í einhverju landi eða hèraði, því meiri verður þar productionin, eða með öðrum orðum, því meira er unnið þar. Þess vegna stakk líka einn af merkustu kaupmönnum vorum fyrir nokkrum árum síðan upp á því, að kaupmenn hættu að flytja ölföng til landsins, því að hann kvaðst hafa tekið eptir því, að þar sem minnst væri drukkið á Færeyjum, þar væri langmest unnið, en fátækralistarnir hèr á landi sýna að eg held ljóslega, hvort eigi muni vera þörf á að vinna, þar sem fátækra-útsvar hefir nú á 10 síðustu árum aukizt um þrefalt. Eg ætla nú eigi að fjölyrða meir um þetta mál, en skýt því að eins til samvizku þingmanna, hvort þeir vilja að málinu sè frestað, þar sem þó allir játa, að brýn nauðsyn sè á, að tollurinn komist á sem fyrst, þar sem vèr höfum ekkert fè til þess að færa eitthvað í lag hjá oss.

Benidikt Sveinsson: Eg lýsi því yfir, að eg yfir höfuð aðhyllist þær breytingar á frumvarpinu, sem nefndin hefir gjört. Því það hafa eigi verið færð nein næg rök fyrir því, að rèttara væri að færa tollgjaldið niður, þó það með því yrði óneitanlega vinsælla. Þessu má játa, þó menn eigi játi hinu, því ef fara ætti eptir þeirri reglu, þá lenti maður seinast á núlli, það er að segja: enginn tollur yrði allra-vinsælastur. Það hefir mikið verið talað um 1., 10., 40. og 41. tölulið, og er aðalatriðið, að sjá hið rètta hlutfall á milli þeirra. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram hið góða við 10. tölulið; en út af orðum hins háttvirta konungsfulltrúa get eg ekki leitt hjá mèr að tala nokkur orð. Hann sagði, að konungurinn væri sá, er valdið hefði á því, hvernig tollunum væri varið. Þetta er satt, en sannar ekkert, því það er ekkert sagt í breytingaratkvæðinu, sem stríðir á móti því, nema ef það skyldi hafa átt að liggja í þessum orðum konungsfulltrúa, að engin samvinna milli konungs og alþingis gæti átt sèr stað, að því er snertir tollmál vor; en það getur víst ómögulega hafa verið

meiningin, því þá væri óendanlega lítið fet milli þess, að leggja frumvörpin fyrir þingið, og leggja þau ekki fyrir það, og aptur engin hársbreidd milli þess, hvort þingið væri til eða ekki til, það er með öðrum orðum, að alþingi væri þá alveg þýðingarlaust. Með þessu væri sannarlega sagt, þessa vil eg að þingið gæti, að það hvorki hefði engan hinn minnsta skynsemisdóm nè viljadóm í neinum mestvarðandi málum Íslendinga. Eg segi: hafi þetta verið meining konungsfulltrúa, og hún lá þó beint við, eptir því, sem mèr heyrðust honum farast orð, þá er eg sannfærður um, að mynd sú, ef hún hefði tungu og mál, sem hangir hèr í salnum, mynd þess ógleymanlega Íslands vinar, hins hásæla Kristjáns konungs hins 8., sem gaf oss alþingi, gæti ekki stillt sig um að segja oss öllum áheyrandi: «Þetta er gagnstætt tilgangi alþingis Íslendinga. Þetta er ekki rètt». Eg kalla það sorglegt fyrir oss Íslendinga, sem sitjum hèr dag eptir dag, viku eptir viku, og eg leyfi mèr að segja mánuð eptir mánuð með ærnum kostnaði fyrir landið til þess, að ræða um þarfir þjóðar vorrar, ef vèr lítum til baka til stofnunartíma alþingis, að eg eigi tali um árið 1848, eg segi, það er sorglegt, að nú 1871 skuli ekki vera meiri constitutionel-andi í stjórn vorri en svo, að það á að vera hið sama, hvort konunglegt frumvarp er lagt fyrir alþingi, eða eg legg blaðið að tarna hèrna á borðið. Eg tek þetta fram til þess að sýna þinginu, hver hin beina afleiðing af þessari setningu er, en hún er sú, að konungur geti, ef honum svo þóknast, farið með tillögur þingsins eins og hann vill, og sjálfsagt þá einnig lagt skatta á Ísland án þess að spyrja alþingi hið minnsta um það. En þetta er rangt. Sláum upp alþingistilskipuninni og skoðum, hvað alþingi er eptir eðli sínu og tilgangi, þó það sè að eins ráðgefandi þing; það er að mig vonar ómissandi ráðanautur konungs, og þess vegna er það einnig hrein og bein siðferðisleg skylda konungsins, að taka til greina tillögur þess, að svo miklu leyti sem þær eru byggðar á skynsemi og vilja þjóðarinnar. Ráðgefandi þing er í stuttu máli að segja, nema menn vilji drepa niður allri stjórnlegri þýðingu þess, skynseminnar og viljans leiðarstjarna fyrir konunginn; skynsemis og þekkingarrannsókn alþingis hefir ekkert fremur áhrif á skynsemisskoðun konungsins, heldur en vilji þess á ályktanir eður ákvarðanir; í hvorutveggja tilfellinu er þingið og á þingið að vera fullkomlega meðverkandi. Ef þessi skoðun væri röng, þá yrði ekkert eðlilegt samband ekkert eðlilegt stig milli hins ráðgefandi þings og hins löggefandi,

ekkert eðlilegt samband milli alþingistilskipunarinnar og stjórnarskráar þeirrar, sem liggur fyrir þinginu, hún yrði óskiljanleg frá því, sem nú er. Nú ætti alþingið engu að eiga rètt til að ráða, en þegar það er orðið löggjafarþing, þá á það öllu að ráða. En eg segi fyrir mitt leyti, að væri eg sannfærður um það, að aðgjörðir alþingis væru þýðingarlausar, meðan það ekki er orðið löggjafarþing, þá vildi eg ekki sitja hèr nú í þessum sal. En eg treysti því, að það sè ekki meining og geti ekki verið meining hins háttvirta konungsfulltrúa, að þessi setning gildi, nema þá fyrir hann einan, að því er snertir fjármál vor, heldur að alþingi hafi að öllu leyti jafngilt atkvæði í fjármálum vorum, sem öðrum nauðsynjamálum landsins; og eg veit ekki í hverju tilliti þingið ætti að hafa þýðing, ef eigi í því, að dæma um þarfir og óskir þjóðarinnar, því enginn hlutur getur verið nánar bundinn við sèrstaklegar ástæður hennar og ástand en þetta spursmál. Eg get því eptir minni skoðun með engu móti yfirgefið tölulið 10. En gengi eg út frá hinu gagnstæða, sem mèr virtist konungsfulltrúi segja, þá skoðaði eg ekki huga minn um, að gefa tölulið 1. atkvæði mitt, því eins og eg álít það heilaga skyldu þingsins, að gefa samþykki sitt til þess, að þær byrðar verði á landið lagðar, sem það þolir, með því skilyrði og með því eina skilyrði, að þar með verði bætt úr brýnustu þörfum vorum, eins álít eg það heilaga skyldu þingsins, með öllu löglegu og leyfilegu móti að sporna við þeim álögum á Íslendinga, sem ekki er varið á þann hátt. Þessar tvær setningar eru alveg óaðskiljanlegar. Þegar því hinn háttvirti konungsfulltrúi gefur það í skyn, að þingið ekki eigi að eiga ráð á því, hvernig tollinum skuli varið, þá fælir hann þingið frá, að ganga að honum, og er þannig í mótsögn við tilgang stjórnarinnar, og því sem hann sjálfur heldur fram. Að því leyti konungsfulltrúi sagði, að það væri sú stjórn, er löglega ætti rètt á því, sem ákvæði, hvernig fènu skyldi varið, þá er þetta satt, en ekkert með því sagt, enda sagði hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga meira með því, að það væri konungur og alþingi í sameiningu, enda get eg varla skilið, að það sèu eða verði aðrir, að minnsta kosti væri gaman að vita, hver þessi þriðji væri. Eg get því ómögulega sèð, að það sè nauðsynlegt, að taka það fram, að ekki skuli annar ráða fyrir þessu en konungur og alþingi, heldur hitt, að það væri ekki konungur einn, heldur alþingi líka, sem rèði því. Að öðru leyti skýrskota eg til athugasemda hins háttvirta þingmanns Skagfirð-

inga, um að ríkisþingið í Danmörku hafi nú afsalað sèr öllum afskiptum af fjármálum vor Íslendinga. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga var á móti 10. tölulið, af því að þar væri tekið fram, að fènu skyldi varið til vegabóta o. s. frv., og sagði það bindi hendur á þinginu eptirleiðis, þá er það væri orðið löggjafarþing; en það sè eg ómögulega að geti verið. Meining töluliðsins er einungis sú, að bent er á sem dæmi hinar brýnustu nauðsynjar, er með fènu ætti að bæta úr, samkvæmt seinni tillögum alþingis. Eg skil ekki, að fyrst alþingi skuli hafa samþykkt póstmeistaraembættið, en skuli ekki mega nefna vegabætur, og kalla eg slíkt að smíða negluna áður en skipið er smíðað, enda er eg sem sè viss um, að hversu duglegan póstmeistara sem vèr fengjum, þá muni hann þó komast að raun um, að það eru vegirnir hèr á Íslandi, sem hljóta ávallt að verða fullkominni «communication» meðal vor til hindrunar, meðan eigi er gjört við þá meira en er hjá oss. Þessi orð mín áttu að eins að vera bending frá mèr út af ræðum þeim, sem þegar hafa fallið, og vona eg að atkvæðagreiðslan sýni, hver áhrif þær hafi á málsins úrlausn. Fleira ætla eg ekki að tala um mál þetta, en vil að eins, að þess sjáist getið í alþingistíðindunum, að eg treysti því, að sá «constitutionel»-andi hafi rutt sèr til rúms hjá oss á tímabilinu frá 1848—1871, að eigi sè óhæfa gagnvart stjórninni að nefna gjald, sem Íslendingar vilja leggja á sig með því skilyrði, að þeir eigi fullkomið atkvæði um það á eptir, hvernig því sè varið til þeirra eiginna framfara. Og sè þetta svo, þá sè eg eigi betur en að stjórnin loki dyrunum fyrir allri framfaraviðleitni Íslendinga.

Jón Pètursson: Yfir höfuð líka mèr nefndaruppástungurnar vel og frumvarpið allt í heild sinni, og ætla eg að eins að tala um tölulið 1., 40. og 41. Þingmaður Reykvíkinga hefir nú sýnt, að 41. töluliður er varla hafandi vegna þess, að hann er svo óformlegur, því það er ófært að ákveða í einni tilskipun, hvenær önnur skuli fá lagagildi; það er ekkert dæmi til þess í löggjöf vorri, svo eg þekki. En 40. töluliður er engu betri; ef lagt verður annað í hann en 41., þá er það í þá átt, að meðan alþingi er ráðgjafarþing megi ekki gjöra frumvarpið að lögum, og kalla eg ofsvæsið fyrir oss nú að beiðast þess; kann ske stjórnarbótin bíði í 20 ár, og þá bindum vèr allt of óaðgætnisilega hendur komandi alþinga. Það hefði því verið langtum betra að beiðast þess, að frumvarpið ekki yrði að lögum, en um það þarf ekkert breytingaratkvæði að

fram koma, því sú spurning er sett undir atkvæði seinast, hvort þingið vilji hafa frumvarpið með áorðnum breytingum eða ekki, og þá geta þeir sem vilja hafnað frumvarpinu. Hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 1. snertir, þá hélt þingmaður Reykvíkinga, að það mundi ekki greiða fyrir stjórnarbótinni, ef þingið færi að gefa atkvæði um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og það kæmi svo út sem lög; en eg er mótsettrar meiningar; hann meinar víst þá, að engir skattar skuli lagðir á landið fyr en stjórnarbótin er á komin. En eg veit ekki hve nær stjórnarbótin kemst á. Fjárhagur vor er að skilinn frá Danmörku, og allar framfarir vorar eru ómögulegar nema því að eins, að vèr höfum fè til umráða, og þetta fè verður að taka úr landssjóðnum. Að vilja því ekki auka landssjóðinn, er hið sama sem að hamla öllum líkamlegum og andlegum framförum þjóðarinnar, og eg er viss um, að landsmenn þakka þinginu ekkert fyrir það. Ef ekki mætti gefa slík lög út, þá yrði stjórnin, ef hún vildi koma einhverju nauðsynlegu hèr á stofn, að taka allt það fè úr jafnaðarsjóðunum, er hún með þyrfti, og svo yrði allt af verið að hækka meir og meir tollinn til jafnaðarsjóðanna á landinu, en eg held þinginu væri ekkert þènt með þeim krókum. Eg sè ekki heldur, að það væri forsjállegt að taka alla tolla af lausafènu, sem er svo að segja hin eina arðberandi eign manna. Eg gef því atkvæði mitt á móti 1., 40. og 41. tölulið.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti sessunautur minn talaði svo vel fyrir breytingaratkvæðum okkar, að þess gjörist í raun-inni ekki þörf, að eg taki til máls, einkum þar sem þingmaður Barðstrendinga og Suður-Þingeyinga hafa sagt, að hann hafi talað ljóst og greinilega, en það eitt hafi vantað, að þeir ekki hafi getað sannfærzt; og ef fleiri þingmenn eru svo, að þeir ekki geti sannfærzt, hversu ljós rök, sem eru framfærð, þá er það ljóst, að það er fyrirhöfn ein að koma fram með fleiri rök. Allt um það ætla eg þó að svara fáum orðum, og skal eg þá fyrst bera upp þá spurningu fyrir hinum háttvirta konungsfulltrúa frá sessunaut mínum, hvernig eigi að fara þar sem engin er lögreglustjóri út af ákvörðuninni í 3. grein frumvarpsins, þar sem segir, að lögreglustjóri skuli rannsaka farminn, þar sem efast má um, að skýrslan sè rètt, og kanske líka engin skýrsla sè til; og líka geta menn flutt brennivín í land annarstaðar en í kaupstöðunum. Hinn háttvirti sessunautur minn gat þess, að ógjörlegt væri að auka tollinn af því það gjörði eptirlitið örðugra, og hinn háttvirti varaforseti hèlt, að

enginn kaupmaður mundi ómaka sig til Hamborgar til þess að kaupa svikið brennivín, og þar sem hann furðaði á því, að þingmaður Rangæinga hefði talað ógreinilega, þá furðar mig ekki minna á því, að hann sjálfur skyldi þýða orð hans á þann hátt, sem hann gjörði. Þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði um 24 sk. toll á brennivínið, þá sannaði hann einmitt orð þingmanns Rangæinga, nefnilega, að ofdrykkjan yrði engu minni fyrir því; annars held eg það sè of hart að segja, að fimmti hver maður deyi á Íslandi af brennivínsdrykkju; eg held það sè ýkjur allmiklar, en hann segir, að það verði sama, þótt 24 sk. verði lagðir á pottinn, og þá er sú aðalástæðan fallin, og vona eg að flestir verði þingmanninum samdóma í þessu. Þá er annað spursmálið, hvort vèr eigum að útvega oss peninga, og eru margir hèr á þinginu móti því að svo stöddu; sèst það á meðal annars á breytingaratkvæðum þeim, er fara því fram, að löggilding frumvarpsins bíði, og eg er samdóma mönnum í því, að ei sè rètt að taka svo stórt stökk allt í einu. Fyrir breytingaratkvæðum þessum liggur það einmitt til grundvallar að þingmönnum þykir nú ei tími til að leggja á toll, en þeir grípa til þeirra óyndisúrræða, að biðja um frestun á löggjöfinni, en með því mega þeir vita, að þeir svo gott sem biðja um það, að stjórnin lögleiði frumvarpið, þegar henni sýnist, og henni sýnist líklega að gera það strax, ef þingið álítur lögin góð og samþykkir þau. Breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga er undarlegt, þar sem það fer fram á að biðja konung um, að þingið megi hafa ráð með fram um það, hvernig þessum eina tolli verði varið. Það hafa sumir reynt að gylla þenna háa toll með því, að þá fengjum við fè, en vèr fáum það sannarlega frá okkur sjálfum; kaupmenn hafa óskað að leggja það á okkur, þeir ráða verzlaninni, en ekki þeir sem við þá verzla. Einmitt fátækt vor er ástæða móti háum tolli með því kaupmenn ráða sjálfir, hvernig þeir leggja tollinn á, og væri lagður tilsvarandi tollur á aðrar munaðarvörur, þá fengjum vèr 200,000 dala toll af verzluninni, en eg álít ísjárvert, að leggja háan toll að svo stöddu á verzlunina. Eg skal að endingu biðja þingmenn vel að athuga afleiðingarnar af því, ef samþykktur verður 8 sk. tollur.

Framsögumaður: Það er nú búið að tala mikið í þessu máli, og skal eg því eigi vera langorður. Eg ætlaði að eins að minnast lítið eitt á 10. tölul. Mèr skildist svo ræða hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga sem hann áliti, að eigi væri með þessum tölulið farið fram á neitt nýtt, heldur að eins fram á það, að

konungur og alþingi skyldi ráða, hvernig tolli þessum yrði varið, og mèr heyrðist þingmaður Árnesinga vera alveg á sama máli, og þeir áliti því, að þessi tölul. gæti staðið, þótt tölul. 1., 40. og 41. fèlli. En eg hèlt, að hann færi fram á eitthvað nýtt, því að ef hann eigi færi fram á annað en alþingi hefði ráðgefandi atkvæði um, hvernig tollinum skyldi verja, þá var hann alveg óþarfur, að því leyti sem alþingi getur með tillögum sínum ráðið til þess, hvernig fènu skuli verja, en konungur leggur úrskurð á. Eg hafði nefnil. skilið þennan tölul. svo, að með honum væri farið fram á það, að alþingi fengi fjárveitingarvald í þessu eina máli, eða með öðrum orðum, að konungur eigi mætti ráða, hvernig fènu væri varið nema með samþykki alþingis. En sè svo, að töluliðinn eigi að skilja eins og mèr virtust hinir háttvirtu þingmenn, þingmaður Suður-Þingeyinga og þingmaður Árnesinga, skilja hann, þá skal eg eigi vera á móti honum, að eins virðist mèr hann þá óþarfur.

Konungsfulltrúi: Eg skal í tilefni af ræðu hins heiðraða þingmanns Árnesinga að eins benda þinginu til þess, að eg hefi einungis talað um rèttarástandið, sem er, á meðan hann hefir talað um það, sem eptir hans meiningu hljóti að vera. Ef orðin undir tölul. 10.: »og ræður konungur og alþingi því í sameiningu» á að skilja eins og mèr virðist hinn heiðraði þingmaður Árnesinga og, ef til vill, hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyingarsýslu hafa bent til, á þann hátt, að konungur og alþingi eigi að ráða þessu í sameiningu samkvæmt gildandi lögum, þá skal eg ekki orðlengja um þetta atriði, en þá verður viðaukauppástungan, að mèr skilst, óþörf.

Helgi Hálfdánarson: Eg ætlaði að eins að minnast lítið eitt á tölul. 10. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að þessi tölul. miðaði til þess að sameina skoðanir manna, og get eg eigi annað en verið honum mjög þakklátur fyrir hans góða tilgang. En þótt eg virði mikils hinn góða tilgang þessa töluliðs, þá er þó nokkuð í honum, sem eg eigi felli mig vel við; það eru einmitt þessi orð: »og ræður konungur og alþingi því í sameiningu, hvernig því skuli varið», því að ef gjört er ráð fyrir, að alþingi fái löggefandi vald og ráð yfir fjárhag vorum, þá er töluliðurinn með öllu óþarfur. En gjöri menn eigi ráð fyrir því, þá fæ eg eigi betur sèð en beðið sè með þessum tölul. um það, að alþingi fái löggefandi vald og fjárveitingarrètt í þessu eina atriði, sem mèr getur ekki annað en fundizt óviðfelldið. Eg vil því leyfa

mèr að stinga upp á því, að tölul. sè borinn upp til atkvæða í tvennu lagi, þannig að fyrst sèu borin upp orðin: «Gjald þetta rennur í landssjóð til sèrstakra þarfa Íslands, svo sem til vegabóta, búnaðarskóla» o. s. frv., og að á eptir sèu borin upp til atkvæða orðin: »og ræður konungur og alþingi því í sameiningu, á hvern hátt því skuli varið».

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr. Því næst var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig: (Sjá II, bls. 310).

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið, og er nú eigi meira að starfa í dag. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu viðvíkjandi bænarskrá úr Gullbringusýslu um breytingu á tilsk. 30. apríl 1824. Á morgun getur eiginlega ekki annað komið til umræðu, en málið um ráðstafanir á rentum Thorchilliisjóðsins, þess vegna hefi eg í hyggju, að taka einnig laxamálið til undirbúningsumræðu, enda þótt nefndarálitið hafi eigi legið á lestrarsalnum nema síðan í morgun, svo framarlega sem enginn þingmanna mælir á móti því.

Jón Sigurðsson: Eg álít laxamálið svo mikilsvarðandi málefni, að það sè alls eigi nægur tími til að kynna sèr það, ef að á strax að taka það til umræðu á morgun.

Forseti: Fyrst að nokkur þingmaður æskir þess, skal því verða frestað, að taka málið til umræðu á morgun. Verður því tekið til umræðu á morgun að eins málið um ráðstafanir á rentum Thorchilliisjóðsins, og þar á eptir lesin upp nokkur álitsskjöl og bænarskrár til konungs. Eg ákveð fund á morgun kl. 12 og segi því næst

Fundi slitið.

---

23. fundur — 4. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi kemur ekki á fund í dag, og mætir aðstoðarmaður hans í stað hans. Eg skal

enn fremur geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni, sem kosin var í málinu um stofnun læknaskóla, að Jón Hjaltalín er kosinn formaður hennar, og Eiríkur Kúld skrifari.

Það, sem liggur fyrir í dag, er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um það, hvernig verja skuli fé Thorchilliisjóðsins; viðvíkjandi atkvæðaskránni skal eg geta þess, að eg hefi tekið fram í upphafi atkvæðaskrárinnar, undir tölul. 1. og 2., aðalstefnurnar, sem komið hafa fram í máli þessu, nefnilega hvort heldur skuli rita konungi bænarskrá um málið, eða vísa því forsetaveg. Eptir því, hvor þessara töluliða verður samþykktur, fer atkvæðagreiðslan um töluliði þá, sem á eptir koma. Taki menn nefnilega hinn fyrri veginn, þá koma uppástungur nefndarinnar til atkvæða með þeim breytingaratkvæðum, sem þar til heyra, en þá er fallinn annar tölulíður og hinn 4. En velji þingið hinn síðara veginn, þá kemur breytingaratkvæðið undir fjórða tölulið fram, og sömuleiðis breytingaratkvæðið undir 3. tölulið, sem á eins við hvoratveggja uppástunguna, en nefndarinnar uppástungur eru þá fallnar. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, og er það á hans valdi, ef hann vill þegar taka til máls.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Við undirbúningsumræðuna tóku hinn háttvirti konungsfulltrúi og varaforseti svo vel undir höfuðstefnu nefndarinnar, að nefndinni hefir komið saman um, að falla frá uppástungunni undir 1. tölulið, og hefir hún gjört sig ánægða með, að vísa málinu forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, en hvað tölul. 3. snertir, þá voru að minnsta kosti 2 af oss nefndarmönnum á því, að réttast væri að fallast á hann, því þá hljóðaði niðurlag 4. töluliðs svo: . . . . «aðalvöxtum Thorchilliisjóðs verði varið til hins fyrirhugaða barnaskóla á Hvaleyri því fé, sem að réttri tiltölu ber þeim hreppum, sem ekki sjálfir stofna álíka skóla»; því ef þingið og hlutaðeigendur játa, að höfuðatriðið sé, að skóli sé stofnaður, þá væri víst gott, að ýta undir, að sem flestir partar Kjalarnesþings verði til að koma upp slíkum skólum.

Forseti: Þingmenn hafa þá heyrt, að nefndin hefir tekið aptur uppástungu sína, og falla þeir töluliðir því burt af atkvæðaskránni, sem þar heyra til; ef enginn þingmanna tekur hana upp aptur og gjörir hana að sinni upppástungu, þá er einnig sjálfsagt að 1. tölulíður er fallinn frá atkvæðum.

Af því enginn þingmaður varð til að taka nefndaruppástunguna að sèr, var hún þar með úr fallin.

Pètur Pèturssson: Eg held það sè aðgæzluvert að aðhyllast 3. tölulið, því það er ekki sagt, að aðrir hreppar geti stofnað slíkan skóla og á Hvaleyri, og væri þá þetta eins konar skólakúgun, sem eg held óráðleg sè að svo stöddu, en að öðru leyti mundu stiptsyfirvöldin hlynna að því eptir mætti, að sem flestir hreppar notuðu skóla þennan.

Ólafur Pálsson: Áður en gengið er til atkvæða, vildi eg geta þess, að eg er samþykkur nefndinni í því að aðhyllast uppástungurna undir tölul. 2., og óska eg að þingið hlynni sem eindregnast að þessu máli, eins og það nú er komið. Eg hygg að höfðingsskapur sá og áhugi, er stofnun þessi er byrjuð með, gæti orðið til uppörfunar fyrir fleiri til að gjöra eins, þar sem líkt stendur á og þörfin fyrir þvílíka skóla er mikil. En óneitanlega á sú þörf sèr stað einkum í sjávarsveitunum og jafnvel víðar.

Jón Kristjánsson: Af því málið nú er komið þegar í góðar hendur, þá er eg ekki áhyggjufullur út af breytingaratkvæði mínu, en eg álít það skyldu þingsins, að kanna vað það, sem nefndin hefir farið út á með málið. Nefndin hefir nefnil. að eins reiknað 2 stærðir í dæminu, en hin 3. er eptir, sem sè hvernig fara skyldi að með tiltölu þeirra hreppa úr vaxtafè sjóðsins, sem hvorki stofnuðu skóla hjá sèr nè notuðu Hvaleyrarskólann. Eg hèlt annars, að Reykjavík mundi hafa tekið og mundi taka enn óskerta tiltölu sína, vegna þess að þar er þegar barnaskóli stofnaður, og eg efast ekki um að sá skóli uppfylli þau skilyrði, sem testamentið áskilur; en það var mèr ekki fullljóst, að hún teldi sig meðal hreppanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Eg vildi náttúrtega heldur, að skólinn stæði undir umsjón stiptsyfirvaldanna á Íslandi, heldur en undir ráðgjafa suður í Danmörku, og álít eg ótilhlýðilegt að hafa ráðgjafann einungis til þess að kenna honum um hvernig fer. Þetta mun og samkvæmara því sem gjafarinn hefir til ætlazt, eptir rás viðburðanna síðan hann var uppi.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi að eins fá upplýsingu um það hjá framsögumanni, hvort hann eigi álíti að svo sè rètt skilið gjafabrèf Jóns Þorkelssonar, að hann að eins hafi hugsað sèr, að stofna skyldi einn skóla í Kjalarnesþingi. Mèr finnst þetta alveg vafalaust hljóta að vera meiningin, með því fèð í upphafi eigi var meira en svo, að ómögulegt var að hugsa sèr, að fleiri en einn skóli yrði fyrir það stofnaður, en þá er á hinn bóginn hitt víst, að gjafarinn hefir ætlazt til, að allir hreppar í Kjalarnesþingi ættu

að eiga jafnan aðgang að þessum eina skóla, því annars hefði fèð heldur eigi getað orðið að tilætluðum notum fyrir Kjalarnesþing. Að því leyti sem nú Reykjavík liggur í Kjalarnesþingi, og þar þegar er stofnaður slíkur skóli, sem að eins fær ákveðinn tiltölulegan hluta af fènu, þá eru nú allir sáttir og sammála um það, að svo skuli vera framvegis, og að þessi aðgreining fjárins sè eðlileg, þar sem Reykjavík er orðin lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, og því ekki lengur í eiginlegum skilningi Kjalarnesþing. En þegar nú annar skóli er í stofnun í hinu eiginlega Kjalarnesþingi, þá virðist mèr auðsætt, að sá skóli eigi heimtingu á öllu því fè af vöxtum Thorchilliisjóðsins, sem eigi gengur til barnaskólans í Reykjavík, eptir rèttu hlutfalli; og ef aðrir hreppar ekki vilja nota hvorugan þennan skóla, þá geta þeir ómögulega eptir gjafabrèfinu heimtað, að láta sinn eður sinn tiltölulega hluta af vöxtunum standa ónotaðan um óákveðinn tíma, því eflaust mun hinn veglyndi gjafari Hvaleyrar verða einn á bandi í nokkur ár með sína gjöf til að stofna nýjan skóla í Kjalarnesþingi. Geti nú 4. tölul. skilizt samkvæmt þessu, mundi eg gefa honum óhikað atkvæði mitt, en ef fènu aptur á móti ætti að skipta, eins og mèr virðist að hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga benda á, þá álít eg uppástungurna skaðlega og þvert ofan í gjafabrèfið, og skal eg skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, hvort hann ekki álítur, að þessi auðsjáanlegi rètti skilningur á gjafabrèfinu geti samþýðzt meiningu nefndarinnar, þó orð hennar sèu óheppileg í uppástunguatriðinu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði ekkert að tala meira í þessu máli, en stend upp að eins til þess að samsinna því, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram. Eg álít, að hrepparnir sèu alls ekki sviptir sínum rètti, að því er fè þetta snertir, þegar þeir fá aðgang til hins fyrirhugaða skóla; mèr kom aldrei til hugar, að votera þær þúsundir dala frá öðrum hreppum undir því skilyrði, að þeir enga hlutdeild fengju í skólanum. En eg vil biðja þá háttvirtu þingmenn, sem mèr skilst að vilji bera svo mikla umhyggju fyrir öðrum hreppum, að gæta þess, hvort þeir ekki svipta þá nokkru, án þess að veita þeim neitt, ef þeir losa þá við alla hluttöku í hinum fyrirhugaða skóla. Mèr er að minnsta kosti ekki hægt að sjá, að þeir vinni neitt, þó þeir enga hlutdeild fái í því fè, sem þegar er safnað til hinnar fyrirhuguðu stofnunar, en það skiptir þó þúsundum ríkisdala. Hitt er auðvitað, að ef þeirra hluti af rentunum er ei lagður til skólans, þá eiga þeir engan hlut í

honum, en sè hann lagður til, þá eiga þeir hlut í öllu því, sem safnað er og síðar verður safnað.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið á sömu skoðun og hinn háttvirti þingmaður, er síðast talaði; því að verði orðunum «nota og» í 3. tölul. sleppt, þá eru hrepparnir neyddir til að sleppa öllum kröfum til fjárstyrks úr Thorchilliisjóði, og hljóta að missa hann; en það verð eg að ætla varúðarvert fyrir þingið að samþykkja. Það er rètt, sem tekið hefir verið fram, að skóli er nefndur í gjafabrèfi Jóns Þorkelssonar, en það er alls ekki aðalatriðið, heldur hitt, að börnin fái kristilegt uppeldi. Eg viðurkenni reyndar í alla staði gagn það, sem þess konar skólar geta gjört, einkum í fjölmennum hèruðum við sjávarsíðuna, svo sem hèr sunnanvert við Faxaflóa, því að það verður þó aldrei varið, að þar er venjulega eigi eins góð uppfræðing barna og upp til sveita. Eg get alls eigi játað, að eg hafi ekki kannað vaðið, þegar eg bjó til uppástunguna undir tölul. 5. Eg verð að telja víst, að hver sá hreppur í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem getur notað þennan skóla, muni einnig gjöra það, en það er talsverðum vandkvæðum bundið fyrir suma að nota hann; en eg treysti fyllilega stiptsyfirvöldunum til, að þau muni hlynna að þessum skóla að svo miklu leyti sem þau geta, og það ekki kemur í bága við hagsmuni hreppanna. Þingmaður Árnesinga lagði áherzlu á það, að tvístra ekki fènu, en eg get ekki að öllu leyti fallizt á skoðun hans, af því að aðaltilgangur gefandans var að útvega börnunum kristilegt uppeldi, en eigi að stofna skóla, og mun hver sá, er les brèfið hlutdrægnislaust, hljóta að játa, að svo sè. Væri sú tilætlunin, að stofna skyldi að eins einn skóla, þá er líka vitaskuld, að sá skóli ætti heimtingu á fè því, sem nú rennur til Reykjavíkur eptir rèttu hlutfalli; en þessu verð eg harðlega að mótmæla; þar með yrðu einnig aðrir hreppar útilokaðir frá því, að stofna skóla hjá sèr. Eg álít því alveg rètt, það sem nefndin hefir stungið upp á, og hún hafi farið rètta leið, enda þótt meiri hlutinn nú hafi fallið frá sjálfum sèr, ef eg mætti orða það svo.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að í gjafabrèfinu er gjört ráð fyrir stofnun til kristilegs uppeldis, en þar er hvergi talað um að eins eina stofnun, heldur um skóla handa fátækum börnum, og nefndinni kom saman um, að orða svo niðurlagsatriði sín. Tölulið 3. álít eg til verulegra bóta, því vèr höfum nú þegar skóla í Reykjavík, og ef nú svo kemst Hvaleyrarskólinn á, þá kunna

sumir hrepparnir að vera því mótfallnir að senda börn sín til þessara skóla, og hafa þá ekki þau not fjársins, sem þeim ber; og þegar gjafarinn hefir gefið fè í hinu umtalaða augnamiði, þá er því eflaust rètt varið handa börnum, sem komið er fyrir á góðum stað, og annar staður getur varla verið betri en skóli, til þess að veita kristilegt uppeldi, og það var það, sem hinn háttvirt þingmaður Húnvetninga bað mig að skila, hvort ekki gæti fengizt kristilegt uppeldi í skóla eins vel og annarstaðar, eða neitar hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga því, að kristilegt uppeldi fáist í latínuskólanum í Reykjavík? Hitt gat nefndinni ekki komið til hugar með því að aðhyllast 3. tölulið, að svipta Reykjavík nokkru því, sem henni ber af fè þessu.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að leiða athygli þingsins að því, að auk þess að breytingaratkvæðið undir tölulið 3. fer því fram, að þau sveitarfèlög, sem ekki sjálf stofna skóla, skuli missa hlutdeild sína í rentunum af gjöf Jóns Þorkelssonar, ef þau ekki senda börn sín í skóla, þá liggur líka hitt í breytingaratkvæðinu, að þau sveitarfèlög, sem ekki sjálf stofna skóla, skuli mega til að senda börn sín á skólann á Hvaleyri, ef þau vilja eignast hlutdeild í tèðri gjöf; þau mega eigi nota barnaskólann í Reykjavík, nè neinn annan skóla, sem stofnaður kynni að verða. Það væri þó hart t. a. m. að Mosfellssveit skuli ekki mega nota barnaskólann í Reykjavík, að Grindvíkingar mættu ekki senda börn sín í þann skóla, sem stofnaður væri í Rosmhvalaneshreppi, og yfir höfuð engan skóla; en þetta yrði afleiðingin, ef breytingaratkvæðið undir tölul. 3. yrði ofan á.

Framsögumaður: Eg leyfi mèr að minna hinn háttvirta konungsfulltrúa á, að hann misskilur alveg uppástunguna. Nefndin hafði skilið svo, að í niðurlagsatriðinu lægi, að hreppunum væri innan handar, að nota hvern skólann sem þeir vilja, og þótt eg geti ekki sannfært hinn háttvirta konungsfulltrúa, vona eg að þingmenn láti sèr þetta skiljast.

Konungsfulltrúi: Það má þó vera hverjum einum ljóst af breytingaratkvæðinu, þegar það er lesið með eptirtekt, að það leiðir til þess sem eg sagði. Þegar orðin nefnilega eru felld úr uppástungunni tölul. 4., þá verður hún á þá leið: «að stiptsyfirvöldin annist um, að af vöxtum Thorchilliisjóðs verði varið til hins fyrirhugaða skóla á Hvaleyri, þegar hann er stofnaður, því fè (*Grímur Thomsen*: Lesa lengra), sem að rèttri tiltölu ber þeim hreppum,

sem ekki sjálfir stofna þvílíka skóla». Það er sem eg sagði, að Kjalarnes t. a. m. mætti engan veginn nota þann skóla, er stofnaður kynni að verða í Mosfellssveit, og engan annan, en skólann á Hvaleyri; það er ómögulegt að skilja þetta öðruvísi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og verður svo gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn munu hafa fyrir sèr prentaða.

Var svo gengið til atkvæða og fèllu þau þannig (Sjá II. bls. 316).

Því næst voru samkvæmt dagskránni lesin upp og samþykkt eptirfylgjandi álitsskjöl og bænarskrár til konungs:

1. Álitsskjal í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. Júní 1787 1. kap. og fl. (Sjá II. bls. 317).

2. Álitsskjal í málinu um konunglegt frumvarp fyrir Ísland um heyrnar- og málleysingja (Sjá II. bls. 319).

3. Álitsskjal í málinu um konunglegt frumvarp um stofnun búnaðarskóla á Íslandi (Sjá II. bls. 323).

4. Bænarskrá um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík (Sjá II. bls. 325).

5. Bænarskrá um uppsiglingu á Stapahöfn (Sjá II. bls. 327).

Með því þá var ekki meira að starfa, ákvað forseti fund næsta dag á hádegi og sagði

Fundi slitið.

---

24. fundur. — 5. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá fyrirfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um kennslu í sjómannafræði. Það sem liggur fyrir í dag er undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður er framsögumaður og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá málinu, eins og honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Jón Pètursson). Eg skal lèyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 328).

Eg ætla eigi að fjölyrða neitt um þetta nefndarálit, fyr en eg heyri skoðanir manna á því.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir undir tölul. 2. stungið upp á því, að í síðara hluta 2. gr. verði ákveðið, að op, sem að minnsta kosti sè 2 ál. breið, skuli vera á hverjum 6 ál. hinnar föstu vèlar, í staðinn fyrir að þess konar op eptir frumvarpinu skulu vera fyrir hverjar 20 ál. af lengd vèlarinnar fram í vatnið. Það er sjálfsagt ekki hægt, áður en reynslan er búin að sanna, hvað hèr í landi er það haganlegasta, að dæma um það, hvor þessara uppástungna sè rèttari, en eg skal geta þess, að uppástunga frumvarpsins er samhljóða ákvörðun þeirri, sem er gildandi á Englandi eptir lögunum 6. ág. 1861, er prentuð eru í alþingistíðindunum 1867, á meðan uppástunga nefndarinnar, að því mèr er kunnugt, ekki hefir neitt annað við að styðjast en ágizkun nefndarmanna um það, sem í þessu tilliti muni vera hagfellt. Eg skal þess vegna mæla á móti þessari uppástungu nefndarinnar og bæta því við, að engin álík ákvörðun finnst í hinum norsku lögum frá 23. maí 1863 um friðun á laxi, sem einnig er prentuð í alþingistíð 1867, heldur láta þau þetta spursmál og önnur sama eðlis vera komin undir samtökum manna með samþykki konungs í hverju einstöku tilfelli.

Ákvörðun frumvarpsins í 4. gr. um stærð möskvanna er alveg samkvæm uppástungu alþingis 1867, og mèr virðist ekki vera framkomin ástæða fyrir að breyta henni, en eg skal taka það fram, að stærð sú, sem laxinn getur náð, sjálfsagt er komin undir því, hvort hann gengur í stærri eða minni vötn, og að það þess vegna að mínu áliti er mjög ísjárvert að víkka stærð möskvanna of mikið.

Samhljóða ensku lögunum hefir 5. gr. frumvarpsins stungið upp á, að ekki megi við hafa nokkurs slags fasta veiðivèl, sem nái lengra í straumvötnum en yfir helming vatnsfarvegarins; nefndin stingur upp á að breyta þessu til þriðjungs og bæta því við, að ef settir verða garðar eða þess konar veiðivèlar frá báðum bökkum, skuli annar þeirra vera eigi skemmra en 60 föðmum ofar en hinn; mèr virðast þessar breytingar hinnar heiðruðu nefndar miða til þess, að þröngva of mikið laxveiðinni, án þess að það sè sannað, að þess þurfi við til þess að friða laxinn nægilega. Mèr virðist það varúðarvert, þegar vèr eigum að setja ákvarðanir um frið-

un á laxi, og þar sem laxveiðin hèr í landinu hingað til í þessu tilliti ekki hefir verið neinum takmörkum bundin, að fara of langt og að ákveða reglur, sem, ef til vill, eru óþarfar til að ná tilgangi tilskipunarinnar; ef reynslan seinna sýnir og sannar, að þessa þurfi við, virðist mèr langtum ákjósanlegra þá að koma þessum breytingum á, en fyrst um sinn að fara svo hægt, sem unnt er, og ekki lengra en lögin erlendis, þar sem þetta málefni er lögákveðið, og þar sem gjöra má ráð fyrir að reynslan hafi verið grundvöllur sá, sem lögin eru byggð á, til taka. Eg skal þess vegna ráða þinginu til að aðhyllast frumvarpið, sem hefir tekið tillit til þessara atriða, á meðan mèr virðast uppástungur nefndarinnar einungis miða til þess, að þröngva meira rèttindum þeirra, sem eiga laxveiðina.

Það sama er að segja um uppástungu nefndarinnar undir tölul. 6. um að auka stærðina á laxi þeim, er eigi má selja nè kaupa, frá 8 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur, eins og stungið er upp á í frumvarpi alþingis frá 1867, til 9 þuml. Eg skal þess vegna með tilliti til 6. niðurlagsatriðis nefndarinnar ráða þinginu að halda 6. gr. frumvarpsins óbreyttri, því hún ákveður stærð laxins eptir lengd hans, en það mun, þegar til framkvæmda tilskipunarinnar kemur, veita langtum hægra að dæma um lengd laxins en um þykkt hans.

Hinar aðrar uppástungur nefndarinnar eru, að mèr skilst, orðabreytingar, sem eg ekki skal orðlengja um.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt eg aldrei hafi fengizt við laxveiðar á æfinni, þá ætla eg þó að tala fáein orð. Eins og þingmenn víst muna, þá tók eg það fram, þá er mál þetta var hèr til umræðu á þinginu 1867, að það væri svo vaxið, að það þyrfti vandlega að íhuga það frá ýmsum hliðum, og að það væri eigi nóg, að koma með eina aðalreglu, sem ætti að gilda, og eg er enn þeirrar skoðunar, að málið sè enn eigi rannsakað til hlítar um allt land, því að eg er hræddur um að lítillar skýringar hafi leitað verið, en eg er líka hræddur um, að þeir menn, sem í nefnd þeirri sitja, er nú var kosin í málið, hafi eigi gjört sèr eins mikið far um, og æskilegt hefði verið, að kynna sèr öll einstök atriði málsins og skoða það frá ýmsum hliðum. Þvert á móti móti get eg eigi annað en álitið, eptir því, hvernig þeir hafa komið fram í málinu, en að þeir sèu málinu lítið kunnir eins nú, eins og þeir voru á þinginu 1867. Eg fyrir mitt leyti er nú

annars sannfærður um, að laxveiði hèr á landi er alls eigi svo vanbrúkuð, að sèrstakt lagaboð þurfi nú að koma út um það efni; eg álít þvert á móti, að laxveiðin sè hèr í byrjun, og því sè varlega gjörandi, að gjöra nokkra ákvörðun um, hvernig henni skal haga, fyr en reynslan hefir sýnt, hvað tiltækilegast muni vera í því efni, og allra-sízt eigi að setja neinar takmarkandi ákvarðanir í þessu efni. Eg vil leyfa mèr að spyrja hina háttvirtu þingmenn: Eru það sömu laxtegundir, er ganga upp í allar ár landsins? (*Benedikt Sveinsson*: nei) það er þá með öðrum orðum, að sin laxtegund gengur upp í hverja ána; það er minni laxtegund, sem gengur upp í aðra ána, en aptur stærri laxtegund, sem gengur upp í hina. Af þessu er það nú þegar auðsætt, að það er vandhæfi að finna þá reglu fyrir laxveiðinni, er geti átt við allar ár á landinu; til þess þarf að minnsta kosti mikinn kunnugleika á málinu og skýrslur um sem flestar ár landsins. Þetta sama tók eg fram í þessu máli á þinginu 1867, og var hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga, sem þá var á þingi, og var þessu máli kunnugastur jafnvel allra þingmanna, alveg á sama máli um það sem eg. Eg álít, að menn eigi að fara varlega í að biðja um lagaákvarðanir í þeim málum, er menn eigi þekkja til hlítar, því að það eru svo mörg smáatriði, sem til greina verða að koma. Eg álít því, að það sem fyrst eigi að gjöra, það sè það, að safna svo nákvæmum skýrslum sem auðið verður um það, í hvaða ár samkynja eða líkar laxtegundir ganga, og í hverjar aptur ólíkar, og í hverjar enginn lax gengur. Eg ætla þess vegna að áskilja mèr rètt til að bera fram þá uppástungu að málinu sè frestað, og að leitað sè allra þeirra skýringa, sem auðið er að fá. Þetta verður nú aðaluppástunga. Þegar eg nú lít á frumvarpið, og þær breytingar, sem nefndin hefir gjört við það, þá fer frumvarpið því fram í 2. gr., að op, sem að minnsta kosti sèu 2 ál. á breidd, verði fyrir hverjar 20 ál. af lengd vèlarinnar fram í vatnið. Nefndin hefir aptur á móti gjört þá breytingu á þessari ákvörðun, að auð op, að minnsta kosti 2 álna breið, sèu á hverjum 6 álnum af lengd vèlarinnar fram í vatnið, það er með öðrum orðum: nefndin fer fram á það, að þriðji hluti garðsins sè opinn, og eiga þá $^2/_3$ hlutar árfarvegsins að vera opnir. Það sjá nú allir, hvaða sanngirni er í þessu; það gefur hverjum að skilja, að með þessu eru menn alveg sviptir tækifæri til þess að færa sèr í nyt laxveiði fyrir landi sínu, og þá um leið sviptir ef til vill hinum mesta arði, er jörð þeirra getur

veitt þeim. Eg skal setja t. a. m. að áin eigi sè breiðari en 27 ál. Þá eiga nú 18 ál. þar af að vera alveg opnar, svo að þá eru að eins eptir 9 álnir, sem girðingin má ná yfir; það liggur hverjum manni í augum uppi, hve mikið gagn mundi verða að veiðinni, ef svo væri að farið. Það sem því nefndin fer fram, er til þess beinlínis að ónýta alveg alla veiði í hinum smærri ám. Þegar menn bera saman þær breytingar, er nefndin hefir gjört á 2. og 5. gr., þá eru þær mjög íhugaverðar. Við 2. grein stingur hún upp á þeirri breytingu, að þriðji hluti veiðivèlanna sè opinn á hinum tiltekna tíma, en aptur í 5. gr. stingur hún upp á, að veiðivèlarnar eigi nái lengra en yfir þriðjung vatnsfarvegsins, og með því sýnir hún, að hún vill hafa þriðjung vatnsfarvegsins opinn, sem girðingin nær yfir, en með því fyrirkomulagi verða auðsjáanlega meir en tveir þriðju hlutar vatnsfarvegsins opnir einmitt sökum þeirra opa, sem á sjálfri veiðivèlinni eru, því nefndin vill líka, að það sè bannað, að veiðivèlarnar sèu hvor á móti annari, heldur sèu að minnsta kosti 60 faðmar á milli þeirra. Eg vil líka biðja menn vel að gæta þess, að því fleiri sem opin eru, því minni er straumurinn, en aptur á móti því færri sem opin eru, því meiri straumurinn og vatnsmegnið og því lengra leggur straumurinn ofan eptir ánni, og því fremur leitar aptur laxinn upp eptir á móti straumnum. Þess ber líka að gæta, að auk þess arðurinn af veiðinni yrði mjög lítill, ef því fyrirkomulagi væri haldið, sem nefndin fer fram á, þá yrðu líka girðingarnar miklu kostnaðarmeiri, því fleiri op, sem hafa yrði á þeim. Eg fæ því eigi dregið aðra ályktun af þessu, en að það sè tilgangur nefndarinnar, að gjöra veiðina sem minnsta, en sem kostnaðarmesta. Viðvíkjandi 4. niðurlagsatriði ætla eg að ítreka þá spurningu, er eg bar fram í byrjun ræðu minnar: Á sú ákvörðun, sem hèr er gjörð, við um allar ár á landinu? Gengur í allar ár jafnstór lax? Eg vil spyrja hinn háttvirta framsögumann **að** einu: Hve langur er sá lax, sem vegur 3 pund? Hve digur er **hann** um kviðinn? Það er hart að verða að segja það, að hann hafi enga hugmynd um það. Þetta verða menn að taka til greina; menn verða að hafa nokkurn veginn ljósa hugmynd um, hversu stór laxtegund það er, sem er í hverri á. Þótt framsögumanni, ef til vill, þyki það hart, þá get eg þó frætt hann dálítið um þetta efni. Silungur, sem vegur t. a. m. 1 pund, getur verið 13 þumlungar á lengd og 7 þumlungar ummáls. Eg hef sèð lax, sem vegur lök

3 pd., og er 20 þumlungar á lengd, 8 þumlungar ummáls (*Benidikt Sveinsson:* Hvernig veit þingmaðurinn þetta?) Það skiptir engu *Benidikt Sveinsson*: Sá lax hefir víst verið vanskapaður). Nei, það voru engin missmíði á honum. Menn vita, að hèr í suðuránum eru laxar að meðaltali $3^1/_2$—4 pd að þyngd; aptur á móti í Þjórsá, Ölfusá og jafnvel í Kjósinni eru þeir að meðaltali 8—10 pd að þyngd, og margir miklu stærri. Af þessu er auðsætt, að sú ákvörðun, sem nefndin gjörir í 4. niðurlagsatriði sínu, getur alls eigi átt við um allar ár á landinu. Í sumum þeirra er laxinn of stór, til þess að ákvörðunin geti átt við, í sumum aptur of lítill. Líka ber þess að gæta, að það er munur á, hvort talað er um laxinn fyrst á vorin, eða þegar fram á sumarið kemur. Hrygnan er t. a. m. digrari, þegar að því er komið, að hún fari að gjóta. Þegar litið er til, hvernig hagar til hjá Norðmönnum með þessa veiði, þá er auðsætt, að nefndin fer lengra en Norðmenn, því að Norðmenn láta sèr nægja, að möskvarnir eigi sèu minni en 8 þumlungar, en aptur á móti nefndin fer því fram, að þeir sèu eigi minni en 9 þumlungar. Auk þess er líka það, að með þessu fyrirkomulagi er alveg girt fyrir alla veiði á silung, sjóbirting og urriða, sem þó opt er talsverður arður af, einkum þegar fer að líða á sumarið. Mèr virðist því rèttara, að í staðinn fyrir uppástungu nefndarinnar um, að $2^1/_4$ þumlungur sè á milli hnúta, að bera fram þá uppástungu, að $1^1/_2$ þumlungur sè mill hnúta. Eg gat þess áðan, að eptir uppástungu nefndarinnar um að einungis mætti setja girðingar yfir þriðja hluta vatsfarvegsins, þá sè gjörsamlega ónýtt öll laxveiði í hinum smærri ám; en hèr getur líka annað atriði komið til skoðunar. Setjum svo, að 2 menn eigi sinn hvoru megin land að sömu á, og nú sè að eins einn staður, sem hentugur sè til þess að setja girðingar á, og yfir höfuð vel fallinn til veiðiafla. Nú vil eg spyrja: Hvor á þá að víkja? Á þá afl að ráða? eða á sá að hafa alla veiðina, er fyrstur varð til að byrja á henni. Það er með öðrum orðum: með þessu eru menn alveg útilokaðir frá að neyta rèttar síns. Hèr kemur líka enn eitt atriði til skoðunar, sem eigi er talað um í frumvarpinu, og það er það, að eg veit eigi betur en að svo sè, að rèttindi manna, er þeir hafa að fornu fari, eigi verði af numin með lögum. Eg veit eigi betur en að í 56. kap. í landsleigubálki Jónsbókar segi svo: «hver á veiði fyrir sínu landi, nema með lögum sè frá komið». Ef einn maður á alla veiði, þá má hann og eptir ensku lögunum 1861 girða fyrir

eins og hann vill. Að eins verður hann að gæta þess, að veiða eigi á þeim tíma, er veiðin er bönnuð, nè heldur unga laxinn. Þetta eru rèttindi, sem allar þjóðir viðurkenna að þeim manni beri, er einn á alla veiði, en ef frumvarpið með þeim breytingum, sem nefndin hefir við það gjört, yrði lögleitt, þá væri þessi rèttindi alveg af numin. Eg áskil mèr því rètt til að koma inn í frumvarpið grein þess efnis, að rèttindi þeirra, er hafa eignazt veiði sína á löglegan hátt, verði í engu skert með þessu lagaboði.

Framsögumaður: Eg þarf eigi að vera langorður, því breytingar nefndarinnar eru að eins litlar. Helzta breyting hennar er sú, að þar sem frumvarpið fer því fram í 5. grein, að hafa megi veiðivèlar og hlaða megi garða, er nái yfir helming vatnsfarvegsins, þá hefir nefndin stungið upp á, að veiðivèlarnar og garðarnir megi að eins ná yfir þriðjung vatnsfarvegsins. Önnur aðalbreyting nefndarinnar er sú, sem hún hefir gjört á 2. grein, þar sem frumvarpið fer því fram, að eitt 2 álna op verði fyrir hverjar 20 álnir af lengd vèlarinnar fram í vatnið, en nefndin hefir aptur á móti stungið upp á, að eitt 2 álna op verði fyrir hverjar 6 álnir af lengd vèlarinnar fram í vatnið. Það er að visu satt, að í ensku lögunum frá 1861 er ekki talað um, að op þurfi vera á fiskistíflu, nema þegar hún nær út yfir miðja ána, en þar eru svo margar ákvarðanir til að friða laxinn, sem ekki eru teknar upp í þetta frumvarp; þannig er þar meðal annars sagt í 11. greininni (sjá alþingistíðindin frá 1867, bls. 264), að enga fasta veiðivèl af neinu tægi megi láta niður eða nota til laxveiða í nokkru landvatni eða slíkum vötnum, er flæðir í og fjarar, og í 12. grein stendur: enginn má veiða eða reyna til að veiða lax, nema með fiskistöng, hvorki í lóni ofan stíflu nè undir fossi neðan stíflu; hèr er beinlínis verið að tala um fiskistíflur, sem eru gjörðar til þess að veiða við. Eptir því, sem mèr skilst, mega eptir ensku lögunum laxakistur og þess konar aðrar fastar veiðivèlar ekki vera í fiskistíflum, en þetta frumvarp bannar ekki, að laxakistur sèu í görðunum. Eptir ensku laxalögunum skal og svo engar vèlar gjöra niður frá görðunum, en þetta frumvarp bannar það ekki heldur. Eg held að það væri miklu minni skaði að því, að opið væri mjótt, ef ekki eru gjörðar veiðibrellur í garðinum eða niður frá honum. Laxinn getur þá hæglega gengið upp í opið, og er svo veiddur með stöngum bæði fyrir ofan og neðan stífluna. Eg hefði ekkert á móti því, að ganga að frumvarpinu hvað lengdina á fiskigarðin-

um snertir, ef að eins væri bannað þetta tvennt; laxakistur og krókanet niður frá görðunum, sem eru svo hættuleg fyrir friðun laxins, því þegar laxinn kemur að garðinum, snýr hann við og festist í netinu, og mætti eflaust taka alla laxa með því móti, ef opið væri ekki haft víðara en í frumvarpinu. Eg skal taka fram eitt dæmi að norðan; þar var maður, eptir sem sagt er, sem fyrst þvergirti á, en seinna hætti hann því eptir samningum, og lèt eigi garðinn ná nema út í þriðjung árinnar, en þá tók hann upp á því, að láta grindur ganga ofan eptir ánni, og náði svo öllum laxinum eptir sem áður. Þetta var í Laxá við Laxamýri, og sýnir bezt, hversu hættulegt það er, að láta veiðigarð ganga langt út í á, ef veiðibrellur eru látnar ganga niður frá garðinum. Þingmaður Reykvíkinga talaði nú svo margt, sem sýnir, að hann hefir ekki hugmynd um laxveiði. Eg get þó sagt honum það, að eg hefi búið fyr meir á jörð, þar sem var hin mesta laxveiði, svo að líkur eru til, að eg mætti þekkja hana miklu betur en hann. Hann talaði um það, að laxinn væri misjafn í ánum, og þess vegna ætti ekki að gefa út neitt lagaboð um að friða lax; laxinn væri sú undantekning náttúrunnar, að um hann gilti engin almenn regla. Hann spurði mig, hve langur sá lax væri, er vægi 3 pund. Það fer náttúrlega allt eptir því, hvort laxinn er feitur eða magur, því eg get frætt hann um, að laxinn lengist ekkert þó hann fitni. Það er annars hægt að koma með slík spursmál, en að svara þeim er ekki unnt, eða kann ske þingmaðurinn vildi svara sjálfum sèr upp á þessa spurningu? Hann talaði um lax tuttugu þumlunga á lengd og 8 þumlunga ummáls. Sá hefir nú verið skrítinn í laginu. Eptir sama hlutfalli ætti 8 þumlunga langur lax, sem er bannað í frumvarpinu að selja, að vera 3 þumlungar ummáls, en úr því yrði áll. Það er annars furða, að menn skuli geta fengið af sèr að tala um það, sem þeir hafa ekkert skynbragð á. Væri það satt, sem þingmaðurinn segir, þá yrði laxinn að vera langtum öðruvísi í Englandi, Noregi og öðrum löndum, þar sem gefin eru út lög um friðun á laxi, en hann er hèr, ef hèr verða engin lög gefin um hann. Eg kalla það undarlegt, að vilja ekki friða lax hèr, sem líklega gæti orðið svo afar-arðsamur atvinnuvegur, ef rètt væri að farið. Eg álít frumvarpið eins og það er mjög mikla rèttarbót, ef í það væri sett ákvörðun, er bannaði að leggja net niður frá görðunum. Eg skil eigi betur en það sè satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það sè næsta torvelt, að dæma

um ummálið á laxinum eptir augnasjón, en það sýnist mèr ekki vera rètt, að banna mönnum að selja þann lax, sem leyfilegt er að veiða.

Páll Pálsson: Það var einkum viðvíkjandi því atriði, er stendur á bls. 7. í ástæðum frumvarpsins, að eg beiddist hljóðs, þar sem segir svo: «Væri það með öllu gagnstætt tilgangi lagaboðsins o. s. frv., að gjöra undantekningar .... að því er snertir öll þess konar vötn, þar sem lax og sjóurriði yfir höfuð ganga, það er að segja, vötn, sem með einhverju móti eru í sambandi við sjó». Þetta þykir mèr vera alveg ótækt, því í mínu byggðarlagi er talsverð sjósilungsveiði, en veiði sú byrjar ekki að mun fyr en í september uppi í vötnum, og mætti með engu móti ákvörðunin ná til þess, þar sem svo hagar til, af því þá er enginn lax. Eg vil því áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að ný grein verði tekin upp úr norsku laxveiðalögunum frá 1863, og yrði þá breytingaratkvæði mitt á þessa leið: »Lög þessi ná ekki til þeirra áa eða vatna, þar sem sjósilungur gengur en ekki lax». En skyldi svo fara, að það fèlli, þá áskil eg mèr aðra uppástungu til vara, er færi í sömu stefnu og 9. grein frumvarpsins frá alþingi 1867 um friðlýsinguna. Eg vildi gjarna mega bera mig saman við nefndina um þessar tillögur, ef hún kynni að vilja aðhyllast þær.

Konungsfulltrúi: Af því hinn heiðraði framsögumaður skýrskotaði til hinna ensku laga og las upp grein nokkra úr þeim, sem prentuð eru í alþingistíðindunum bls. 264, skal eg leiða athygli þingsins að því, að seinasta málsgrein í þessari grein hinna ensku laga hljóðar þannig: «Enga ákvörðun þessarar greinar ber að heimfæra til fiskigarða eða fiskimylnustíflna», en ákvarðanir um fiskistíflur finnast í þeim lögum í alþingistíðindunum bls. 272—274.

Benidikt Sveinsson: Eg neita því ekki, að það hefir verið vikið undarlegum orðum að nefndinni í þessu máli, sem eru svo löguð, að þau snerta að mèr finnst óviðurkvæmilega sumpart persónulegan tilgang nefndarmanna, sumpart hin fornu landslög vor, og reynslu forfeðra vorra, sem þó er án efa hinn eini rètti grundvöllur fyrir lagatilbúningi, er geti samsvarað þessum tíma. Eg verð nú að segja það, að eg þurfti ekki að búa 10—11 ár á Elliðavatni og horfa á það ár eptir ár, að Elliðaárnar væru þvergirtar framan í augunum á háyfirvöldunum hèrna, til ómetanlegs skaða bæði fyrir mig, og hið opinbera, sem enn á lönd að þessum ám; eg þurfti

ekki að lesa lög til þess í mörg ár, og eg þurfti ekki að vinna eið að því sem embættismaður, að dæma eptir lögum vorum og landsrètti; nei, eg vissi það þegar á barnsaldri, að sú setning gildir og hefir einlægt gilt í landslögum vorum frá fyrstu tímum, «að ganga skal guðsgjöf til fjalla, sem til fjöru, ef gengið vill hafa». Og þessa sömu játningu veit eg að hvert mannsbarn á Íslandi, sem komið er til vits og ára, getur gjört með mèr. Eg get þá sannarlega dáðst að því, að heyra aðra eins kenning eins og þá frá konungsfulltrúastólnum núna í dag, að þessi laxafriðunarlög sèu hreint nýmæli hèr á landi. Eða er nokkur sá af þingmönnum, að hann ekki viti, að allan þann tíma, sem hin fornu lög vor hafa staðið, hefir það verið bannað, að þvergirða, bæði til þess að varðveita fiskiviðkomuna, eða eðlilega fjölgun laxins, og eins til hins, að allir, sem upp með ánni eiga land, ekki missi þann rètt, sem þeim ber að hafa, jöfn og óhindruð not af veiði í ánni, því þetta tvennt er óaðgreinanlegt hvort frá öðru. Eg skal geta þess, að í Grágás, sem samin var á 12. öld, að mig minnir mun hafa verið byrjað á að rita hana hèr um bil árið 1117, og sem bæði var sprottin af og rótfestir grundvöllinn til þeirrar lagameðvitundar, sem enn þá bærist í brjóstum Íslendinga, en var að öðru leyti í mörgum greinum byggð á hinum fornnorsku lögum og rèttarmeðvitund, þar stendur svo skrifað í Landabrigðabálki kap. 208: «Eigi skal maðr leggja net um þvera á oc banna fiskiför oc eigi «gera ker í ne teinar, oc eigi gerða svo, at eigi sè hlið á nema «hann eigi alla ána. Net skal legia strandlagi. Garðr eða net «er óheilagt, ef um þvera á er lagt, eða gert, og varðar þat út«legð, ef svo er gert, við hvern þeirra, er veiðina á fyrir ofan. Nú «eru kvíslar fleiri, og skalat hann banna fiskför um eina qvisl, nema «þar sè minni fiskför en í anari og eigi hann einn qvislina fyrir ofan».

Þeir, sem þekkja nokkuð til fornsögu vorrar og fræða, geta líka borið um það, að þessum lögum var stranglega fylgt, svo enginn leyfði sèr að brjóta á móti þeim. Allt hið sama er nú um Jónsbók að segja, hún bannar harðlega að hindra laxaför og fiskigöngu upp eptir ám. Þar stendur einmitt þessi sama ákvörðun í L. L. B. Cap. LVI., sem þingmaður Reykvíkinga drap á, en skildi ekki, svo hljóðandi: «Hver maður á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu og á, nema með lögum sè frákomið», og enn í sama kapítula stendur, að «ganga skuli guðs gjöf til fjalls sem til fjöru» o. s. frv., og eg get sagt þingmanni Reykvíkinga og hverjum þing-

manni, sem vill, hèr í salnum, að til er hæstarèttardómur frá 1867, er beinlínis byggir dóm sinn á þessari ákvörðun, svo *praxis* er nú á tímum öll hin sama hèr á landi, sem á tímum Grágásarinnar. Þess vegna er það hart að segja, að vèr Íslendingar þurfum nýs lagaboðs við, af því að þeir enga reynslu hafi í því, er snertir laxveiði, því eg vil segja, að Íslendingar sè miklu reyndari í þessu til forna en Englendingar, þó það virðist svo sem stjórnin hafi í eins konar leiðslu látið sig heilla af þessum engelsku lögum. En þess bið eg gætt: Vèr eigum að ganga út frá hinum gildandi lögum vorum í landinu, og þegar vèr sjáum, að þau eru byggð á góðri og gamalli reynslu, eigum vèr þá að nema þessi gömlu lög úr gildi af þeirri einu ástæðu, að þau hafi hryggilega verið fóttroðin af einstökum mönnum, þar sem þó landslýðurinn að öðru leyti finnur til hinnar bindandi helgi þeirra? Þótt eg því gefi atkvæði mitt fyrir frumvarpinu, þá kemur það ekki af því, að eg álíti Íslendinga lagalausa fyrir í þessari grein, heldur af því eg álít nauðsynlegt að skerpa hina eldri löggjöf vora sakir þeirrar misbrúkunar, sem hingað til hefir átt sèr stað í þessu efni, og eg veit svo mikið, að Englendingar hafa bezt gengið fram í því hèr á landi á síðari tímum, að eyðileggja næstum til fulls laxveiðina með því að fara ekki eptir hinum gildandi landslögum vorum, eg tek til dæmis í Hvítá í Borgarfirði að eg nú eigi tali um hvernig búið er að fara með veiðina í Elliðaánum af þeim, sem þar á veiðina neðst í ánum. Það má segja um þetta, að auðlærð er ill danska, og það hryggilegt að sjá, hvernig þeir, sem fyrir neðan búa, hafa þröngað kostum þeirra, sem ofar búa, í þessum tveim veiðiám, og skal eg skýrskjóta til hins háttvirta þingmanns Mýramanna, sem því er manna kunnugastur, hvernig þetta hefir gengið í Hvítá, en sjálfur veit eg bezt um Elliðaárnar. Það fer hèr sem optar, að «extrema se tangunt», því misbrúkunin á vorum góðu og gömlu lögum hefir sýnt Íslendingum fram á, að nauðsynlegt væri, að skerpa lögin, og þetta var það, sem nefndin núna og þingið 1867 hafði fyrir augum, og yrði þessum tilgangi ekki fullnægt, mundi eg sjálfsagt ganga inn á breytingaratkvæði þingmanns Reykvíkinga um það, að frumvarp þetta verði ekki gjört að lögum. En er eg nú sný mèr að frumvarpinu sjálfu, þá eru þar 3 aðalákvarðanir, sem miða til að friða laxinn. Sú fyrsta er sú, að viss tími er tiltekinn á árinu, er enga veiðivèl má við hafa, og þessari skyld er sú ákvörðun, að ávallt skuli um nokkurn hluta vikunnar farvegur laxánna vera ótepptur. Sams konar ákvarðanir

höfðu forfeður vorir; sjá máldaga frá 1235 í fornbrèfasafni Íslands; og út af þessu leyfi eg mèr nú að spyrja þingmann Reykvíkinga, hvort þetta ekki muni vera byggt á þeirri sönnu og skynsamlegu reynslu, að fastar veiðivèlar eru til skemmda fyrir laxveiði. Önnur aðalákvörðunin er sú, að veiða ekki unga laxinn hálfvaxna, og með tilliti til þessa skal eg geta þess, að þar sem þingmaður Reykvíkinga var að spreita sig á, að reikna sköpulag laxins, þá hafi það eflaust verið vanskapaður lax, sem hann tók til dæmis, ef til vill af því, að úr honum hefir teygzt helzt til mikið við, að troða sèr forgefins inn í hinar þröngu smugur í þvergörðunum í Elliðaánum, enda gæti eg sýnt honum í ritum laxafróðra manna, að þetta sköpulag engan veginn er normalt. Þar sem þingmaðurinn enn fremur spurði um, hvort laxinn mundi vera jafnstór í öllum ám, þá get eg ekki gefið þingmanninum annað betra svar, en það, að laxinn er eitt af þeim dýrum sem vex; það er því allt undir því komið, hvort laxinn, sem hann spurði um, er eins, tveggja eða þriggja ára gamall, o. s. frv. Enn fremur veit þingmaðurinn líklega líka, að laxakynin sèu misstór, og þegar þessa er hvorstveggja gætt, þá mundi rannsóknin um hálfvaxna laxinn um allt land ofvaxið jafnvel þingmanni Reykvíkinga með öllum hans dugnaði og ötulleik, eg vil ekki segja þráa, og eg get yfir höfuð að tala ekki ímyndað mèr, hvernig þingmaðurinn ætlast til, að menn verði fráhverfir því, að friða unga laxinn, af því hann er að finna upp á öðrum eins útúrdúrum og þessum. Nefndin gekk út frá því, að sá lax skyldi komast hjá því að verða veiddur, sem ekki er búinn að fá þá stærð, að tilvinnandi sè að veiða hann, í stað þess að láta hann hrygna. Þetta er einn aðalgrundvöllurinn fyrir öllum friðunarlögum á laxi í öllum löndum norðurálfunnar. Það er satt, að ekki er hægt að byggja nákvæmlega á neinu vissu tímatakmarki með laxinn, því hann vex ýmislega eptir því sem landi og legi hagar o. s. frv., og svo er hann náttúrlega misstór eins og aðrar skepnur; og eptir ákvörðun 4. greinar ætti að minni hyggju 5 marka lax að geta sloppið; annars skal eg ekki halda því til kapps, að ákvörðunin úr frumvarpinu frá 1867 verði tekin, þótt eg haldi að það væri rèttara.

Þá er nú enn hin þriðja aðalákvörðun, sem lýtur að því, að gefa laxinum sem frjálsast ráðrúm til þess að leita upp riðbletti eptir endilangri þeirri á, sem hann sækir í, enda gefur nú öllum að skilja, að því stærra svæði sem laxinn hefir fyrir sèr, þess

meiri verður aðsóknin og fjölgunin, og því betur verður þessum tilgangi þess vegna fullnægt. Þetta er það sem liggur nú til grundvallar fyrir ákvörðunum í 5. gr. frumvarpsins, en hèr kemur einnig annað atriði til skoðunar, nefnil. hlutfallið milli veiðirèttinda þeirra, sem ofar búa með sömu á, og þeirra, sem neðar búa með henni. En þetta hlutfall er svo skýrt ákveðið með lögum í Jónsbók, að eg álít það mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið, ef það skekkir það og rýrir rèttindi annaðhvort þeirra, sem ofar búa með ánni, eða þeirra, sem neðar búa með henni, nema að svo miklu leyti sem almennings gagn og nauðsyn krefur. En nú er það svo langt frá, að almenningsgagnið útheimti, að þessu hlutfalli sè raskað, að það þvert á móti krefst þess, að því sè haldið, af því að frjáls og óhindruð fiskiför, sem er eitt aðalskilyrði fyrir laxafjölguninni, getur ein gefið öllum, sem við ána búa, jafnan aðgang til veiðarinnar. Þess vegna svo framarlega sem minni trygging fæst fyrir því, að jafnrètti manna verði borgið með þeirri ákvörðun, sem gjörð er í 5. gr., en í Jónsbók, þá er það einnig auðsætt, að þessi grein fullnægir ekki eins vel tilgangi frumvarpsins ɔ: að friða laxinn og fjölga honum, eins og hin gildandi landslög vor, og er þess vegna í tvennu tilliti óhafandi. Eg vona að öllum skiljist það annars, hvað af því mundi fljóta, ef þeim, sem byggja neðar við ár, væri veittur meiri rèttur með nýjum lögum til þess að þvergirða og eyða veiði fyrir þeim, sem ofar búa með á, en núgildandi lög ákveða; afleiðingin mundi auðsjáanlega verða sú, að öll veiði yrði ónýtt fyrir þeim, sem ofar byggju með ánni, og eg get ekki annað sèð, en að slík lög væru lagabrot, en engin lög. Það er eptirtektavert, þegar í ástæðunum fyrir 3. gr. frumv. er talað um að þingið 1867 dragi taum þeirra, sem fyrir ofan búa, í stað þess, sem þessi grein með 3 fóta opinu sínu dregur svo taum þeirra, sem fyrir neðan búa, að það eru augljós rangindi móti gildandi landslögum til eyðileggingar aðalaugnamiði frumvarpsins sjálfs, laxafriðuninni á Íslandi. Þessi ákvörðun er heldur eigi samkvæm ákvörðuninni í ensku lögunum um sama efni, eptir því sem mèr skilst; þar segir nefnil. svo: «Nái nokkur fiskistífla lengra en hálfa leið yfir á, þegar vatn er sem minnst í henni, skulu vera á henni opin göng, gjörð að fyrirmælum þeirra ákvarðana, sem hèr eptir verða teknar fram». Hèr er það því grundvallarreglan, að garðurinn eigi nái lengra en út í miðja á, og kemur þetta öldungis heim við Jónshók, því út af henni verður að eins leitt, að leyfilegt sè

að setja fiskistíflu eða veiðivèl út í miðstraum, og það þó því að eins að aðallaxförin geti gengið fyrir hinn endann. Það er auðvitað, að þeim, sem býr hinu megin við ána, er einnig heimilt að hlaða garð út í miðstraum. En mega þá báðir hlaða garð út í miðstraum á sama stað, þannig að garðarnir ganga beint hvorir á móti öðrum? Nei, því að «ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa». Af þessu flýtur nefnilega, að garðarnir verða að vera svo langt burtu hvor frá öðrum, annar ofar og annar neðar, að laxaförin sè óhindruð. Enda vildi eg spyrja hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, hvaða ástæðu hann færi til fyrir því, að einum manni skyldi vera bannað að gjöra þetta, ef aptur 2 mönnum er leyft að gjöra það í sameiningu, einstökum mönnum og almenningi til skaða? Eg vona, að hann svari, að til þess sè engin ástæða, og að Jónsbók því banni, að hlaða þverstíflu frá báðum bökkum, hvora í móti annari, hvort sem einn maður á land báðum megin ár, eða tveir sinn hvoru megin. Þetta er sem sagt því að eins hugsanlegt, að garðarnir gangi svo á víxl, að laxaförin sè óhindruð. Þessu er eg sannfærður um að enginn maður með heilbrigðri skynsemi getur neitað. Vildi maður allt svo hlaða veiðigarð frá báðum bökkum, hvorn á móti öðrum, og þetta ætti að gjörast samkvæmt núgildandi landslögum, þá yrði þó ætíð hálf áin að vera ógirt, nefnil. garðarnir mættu ekki ganga lengra en $^1/_4$ árfarvegar frá hvoru landi fyrir sig, og á þessu sèst bezt ójöfnuður frumvarpsins í 5. grein, sem að eins vill leyfa $^1/_{10}$ árfarvegsins. Nær nú þetta nokkurri átt? Eg get því gengið út frá því sem óhultu, að uppástunga nefndarinnar sè alveg rètt, nefnilega heldur að skerpa þessa friðunarákvörðun, en lina hana ekki, enda sè eg ekki betur en að grundvallarreglan í ensku lögunum, að ef garðurinn nái lengra en yfir miðja ána, þá skuli vera op á honum, sè, eins og eg sagði áðan, alveg samkvæm Jónsbók; en að öðru leyti er eg hræddur um, að útleggingin, sem liggur fyrir þinginu, sè röng, því þar stendur, að göngin eigi þurfi að vera breiðari en 40 fet nè mjórri (sic.) en 3 fet, og í öllu falli er það sannlega merkilegt, að stjórnin skuli hlaupa eptir þvílíkri ákvörðun, sem er svo algjörlega öfug við gildandi lög á Íslandi, og eyðileggur þar að auki aðalaugnamið hennar sjálfrar með þessum fyrirhugaða lagatilbúningi.

Eg skal nú þess vegna lofa hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga að skemmta sèr við þann hugarburð, að ekki megi þeir hlaða

veiðigarð oplausan nema út í miðja á, eins og beinlínis stendur í engelsku lögunum, en að það megi þó hlaða eptir þessari ákvörðun veiðigarða frá báðum bökkum hvorn á móti öðrum, og það lengra en út í miðja á; eg er viss um, að enginn öfundar hann af þessari andlegu eða verklegu byggingu, þegar hann þó eptir allt saman ætlar að láta fiskinn ganga upp eptir ánni; látum hann þvergirða á, án þess að þvergirða, já setja óhugsanlegan þvergarð í á, sem nefnilega væri bæði lengri en út í miðjan straum og þó ekki lengri en út í miðjan eða þangað sem garðarnir hljóta að mætast frá báðum löndum; látum hann ímynda sèr, að Englendingar hugsi svo ljóst og setji sèr lög eptir þessari hugsun, en berum eitt augnablik saman grundvallarfrumsetningu 3. greinar í seinni málsgrein, þar sem hin forna og nýja lagasetning vor, sem eg hefi talað um, er tekin fram, nefnilega að ekki megi hindra laxaför upp í eða upp eptir veiðivötnum, berum þessa mikilfengu og fögru setningu, segi eg, saman við 2. og 5. gr. frumvarpsins, og þá sjáum vèr, að niðurstaðan verður þó, að loka má svo að segja hverri veiðiá, því 3 feta millibil milli garðendanna er sama sem ekki neitt, ef aðalfiskiförin ætti að ganga frjálst, svo það hefði verið miklu nær að segja beint áfram, að opið skyldi að eins vera $^1/_{10}$ hluti allrar vatnsfarvegsbreiddarinnar, eður að eins, þegar fara á að friða lax á Íslandi fyrir skynsemilausri og lagalausri ásælni einstakra manna, þá skyldi mega loka veiðiám $^4/_{10}$ pörtum frekar en nokkurn tíma hefðu verið lög á Íslandi. Það er þetta atriði, sem eg tek sterklega og enn og æ fram, og til slíkra laga eða rèttara ólaga vorra fulltreysti eg að enginn þingmanna verði til að gefa jákvæði sitt. Eg segi, og er þess fullöruggur, að enginn þingmanna verður til þess, að brjóta niður gömul lög og gamlar venjur lands vors, og brjóta á bak aptur, meiða og særa þá rèttarmeðvitund, sem frá elztu byggingu lands vors hefir lifað í hvers manns brjósti á Íslandi, því þessu þori eg óhræddur að skjóta undir álit og dóm allra hinna háttvirtu þingmanna hèr í salnum. Nei! úr því stjórnarfrumvarpið fer því svona bersýnilega fram, að breyta til hins verra hinum gildandi lögum vorum og landsvenju, þá verð eg að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að frumvarp þetta eigi nái lagagildi, nema því að eins að breytingar þingsins, sem munu ráða bót á þessu, verði teknar til greina, og í hverju tilliti eg áskil mèr einnig breytingarrètt, samkvæmt því sem eg hefi talað, enda er eg sannfærður um, að ef stjórnin hefði

verið kunnug öllum málavöxtum í þessu efni hèr á landi, þá hefði hún eigi lagt slíkt frumvarp sem þetta fyrir þingið, og því síður mun hún láta lögleiða það, þegar hún nú enn á ný fær bendingu um, að það eins og það liggur fyrir er óhafandi lög á Íslandi, sem hlyti að vekja hina megnustu óánægju meðal landsmanna. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að ef einn maður ætti alla veiði í einni á, þá væri hann alls eigi neinum takmörkum bundinn um það, hvernig hann hagaði veiði sinni. Eg skal nú eigi að þessu sinni fara um þetta mörgum orðum, en vil að eins biðja þingmanninn að nefna mèr einhverja þá á, er einn maður á alla veiði í (*Halldór Kr. Friðriksson*: Elliðaárnar). Gott. Eg hefði má ske ástæðu til að sanna fyrir þinginu, því það væri mèr innanhandar, að þetta dæmi hans er alveg rangt, og að hann mælir ósatt í þessu tilliti, enda veit eg ofur-vel, á hverju hann byggir þetta. Þegar hinn háttvirti þingmaður víkur slíkum orðum að mèr, þá hefði eg að vísu fullkomna hvöt og rètt til að lesa upp þau konunglegu kaupbrèf, sem eg hefi hèrna í höndunum, og þingmenn mega allir sjá og lesa, ef þeir vilja, og þar á meðal það kaupbrèf, sem þingmaðurinn meinar, og mundi hann þá ekki geta annað en sannfærzt um, að veiðin í Elliðaánum er smámsaman seld ásamt þeim jörðum, sem að þeim liggja, og að þessar eldri konunglegu heimildir standa óhaggaðar gagnvart því kaupbrèfi frá 11. des. 1853, sem þingmaðurinn sjálfsagt meinar, enda heimilar það veiði í Elliðaánum að eins á tilteknu svæði, og að eins að því leyti sem aðrar jarðir, er land eiga að ánum, ekki eiga tilkall til hennar ɔ: það heimilar að eins löglega veiði í Elliðaánum, eptir því sem eg hefi útlistað landslögin. En með því þessi spursmál eru enn fyrir dómstólnum, og kemur því eigi þinginu frekar við, þá ætla eg eigi að þreyta það með að fjölyrða meir um það. Eg býst líka við að þingmaður Reykvíkinga láti eigi við svo búið standa, og er þá nógur tíminn, ef hann neyðir mig til að standa upp aptur og fara frekari orðum um þetta mál, en orðið er.

Hjálmur Pètursson: Þetta mál fèkk góðar viðtökur á þinginu 1867, og þótti þá alls eigi of snemma upp borið; einungis þótti nokkrum mönnum ráðlegra, að betri og fullkomnari upplýsingar væru fengnar um málið, og að það yrði vandlegar íhugað. Þessara upplýsinga hefir nú verið leitað síðan 1867, eins og ástæðurnar fyrir frumvarpinu ljóslega sýna. Fyrst hefir stjórnin borið málið undir álit amtmannanna, og þeir aptur borið það undir

álit þeirra manna, er þeir vissu að mestan kunnugleika og reynslu höfðu í þessu efni. Eg get því engan veginn séð nokkra ástæðu til að kvarta yfir því, að mál þetta sè eigi nægilega undir búið, og að þingið þess vegna eigi að biðja um, að fresta því enn á ný, þangað til aðrar og nýrri upplýsingar væru fengnar. Eg skal þá leyfa mèr að minnast lítið eitt á breytingar nefndarinnar. Viðvíkjandi breytingu nefndarinnar á 2. grein, þá skal eg geta þess, að mèr virðist að bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hafi misskilið þá breytingu. Nefndin vildi halda grundvallarreglu frumvarpsins, sem auðsjáanlega er sú, að allar veiðivèlar og veiðigarðar sè tekið upp á sunnudögum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og, eins og þar segir, «án stórskemmda»; þess vegna virtist henni alls eigi of strangt, þótt opin á þeim vèlum, sem eigi verða teknar upp á sunnudögum, væru áskilin 2 álnir fyrir hverjar 6 álnir. Þingmaður Reykvíkinga blandaði hèr saman setningum og skildi þetta svo, sem opin ættu að vera svona mörg og þètt á þeim vèlum, sem ávallt eiga að vera kyrrar í ánni á hinum virku dögum; en það er mjög mikill munur, hvort þessi stranga takmörkun á að eins að gilda um þær vèlar, sem taka á upp á sunnudögum, eða líka um þær girðingar, sem leyfðar eru aðra daga til veiðiskapar. Viðvíkjandi 3. grein skal eg geta þess, að í ástæðunum fyrir henni í frumvarpinu er þess getið, að birkidómari Fiedler hafi saknað þess í frumvarpi alþingis, að engin ákvörðun var þar, sem miðaði til að koma í veg fyrir þá miklu hættu, sem af því leiddi, að skafa botninn og raska honum. Það var alls eigi af gleymsku fyrir þinginu 1867, að það eigi tók fram sèrstaka ákvörðun um þetta, því það vissi vel og mundi eptir því, hversu skaðlegt það er, að raska hrognunum, eða skemma riðblettinn, þegar laxinn er búinn að leggja hrognunum; en þingið áleit, að tímatakmark það, sem veiðileyfið var bundið við, mundi nægja í þessu efni, þar sem það væri mjög fátt af laxi, sem færi að gjóta fyr en allraseinast í ágústmánuði, en allur fjöldi eigi fyr en í septembermánuði, og má ske sumt af honum ekki fyrri en í október. Eg játa það, að það er hinn mesti háski að raska hrognunum, en til þess kemur eigi, ef engar veiðivèlar eru notaðar eða við hafðar eptir 1. september, en þó verð eg að vera frumvarpinu samdóma um, að járnfestar megi eigi vera neðan í netjunum, því þær skemma botninn og róta til hrognunum. Þar á móti álít eg skaðlaust, að við hafa dráttarnet með ein-

hverju því neðan í, sem er léttara og sem ekki raskar botninum, svo sem beinkubba eða annað því um líkt, eins og nú tíðkast almennt, og áleit nefndin að þetta væri og leyfilegt eptir meiningu frumvarpsins. Viðvíkjandi 5. grein frumvarpsins skal eg geta þess, að eptir því sem mál þetta skýrist betur, og eptir því sem nefndinni varð það ljósara, eptir því varð hún að halda fastara við álit þingsins 1867, viðvíkjandi girðingum og öðrum föstum veiðivélum, og fer því fjærri að nefndin geti fallizt á hin þröngu takmörk, sem í frumvarpinu eru sett, því slíkt mundi eyðileggja alla laxaför í öllum hinum smærri ám, ef menn annars vildu nota það leyfi, sem veitt er í 5. grein. Í öllum hinum smærri ám ættu engar girðingar eða fastar veiðivélar að eiga sér stað; en vegna hinna stærri vatnsfalla er nauðsynlegt að leyfa hæfilegar girðingar, því annars gætu menn ekki notað veiðina í þeim, vegna þess að ekki verður komið við annari veiðiaðferð, en að ákveða, í hverjum ám mætti við hafa garða eða aðrar fastar veiðivélar og í hverjum ekki, er ómögulegt, nema með nákvæmri rannsókn og upptalning á öllum ám á landinu; og því er það nauðverja, að leyfa þessar föstu veiðivélar án undantekningar, en með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar eru. Það kom til tals í nefndinni, að fyrirbjóða krókanetin, og getur verið, að nokkur ástæða væri til þess, en eg verð þó að vera því mótfallinn fyrir þá sök, að eg vil eigi meina mönnum að hafa allar þær tilfærur, er þeir hafa föng á til að nota veiðina sem bezt, þegar þeir að öðru leyti gjöra það á löglegan hátt, og hvorki veiða á óleyfilegum tíma, nè girða svo árfarveginn og hepta laxgönguna, að veiðin spillist fyrir þeim, er fyrir ofan búa, eða með öðrum orðnm: eg vil takmarka girðingarnar, en eg vil ekki takmarka frelsi manna til að efla hugvit sitt og dugnað í þessu sem öðru, og því ekki banna hvers konar net eða hverja aðra aðferð sem er í hæfilega miklum hluta árinnar. Menn kunna að segja, að tillögur mínar í þessu máli séu að nokkru leyti sprottnar af því, að eg á þar sjálfur hlut að máli, og verður hver að ráða meiningu sinni í því efni, en eg bið menn þó að gæta þess, að þótt eg eigi búi út við árós, þá bý eg heldur eigi efst við á, og hefi því eigi ástæðu til annars en fara þann meðalveg, er eg álít réttastan eptir þeirri þekkingu, sem eg hefi á þessu máli. Eg verð að fallast á skoðun þingmanns Árnesinga í því, að grundvallarregla hinna eldri laga vorra, sem um þetta efni gilda, sè sú, að hver maður eigi hálfa á fyrir sínu landi, en að

jafnframt skuli hálf áin vera auð og opin ; en í stjórnarfrumvarpinu er eigi áskilið meira en 3 feta vítt op, sem auðsjáanlega hallar allt of mjög rètti þeirra, er fyrir ofan búa, og jafnframt til að spilla fjölguninni, því auk þess að laxinn er mjög stygg skepna og fælist hverja fyrirstöðu, jafnvel skuggann, og snýr því aptur iðulega, þar sem hann mætir mótspyrnu, þá er óvíst, þó hann ekki snúi strax aptur, að hann nokkurn tíma hitti þetta 3 feta op. Út af því, er þingmaður Reykvíkinga sagði, þá neita eg því eigi, að gott væri að hafa mismunandi ákvarðanir fyrir hin ýmsu veiðivötn, og er mèr vel kunnugt, að laxinn hefir misjafna stærð, en hvað laxinn í Elliðaánum snertir, er hann gat um að væri svo lítill, þá mun hann eigi geta sannað, að það sè annað kynferði, og er því miklu líklegra, að það sè allt saman ungur lax, sem þar er veiddur, áður en hann hefir náð fullum þroska. Það getur verið, að hann hafi haft ástæðu til að bera nefndinni á brýn, að hún eigi hafi verið málinu svo kunnug sem óskandi væri, en hitt er víst, að hann lýsti því glögglega í ræðu sinni, að hann sjálfan brast þekkingu á þessu máli. Hann sagði, að lax sá, er venjulega veiðist í Hvítá í Borgarfirði, Ölfusá og fleirum stórám væri 12—15 pund að þyngd, en þetta sannar ekki vanþekkingu nefndarinnar; þetta er henni vel kunnugt, og líka hitt, að í þessar ár gengur einnig hinn svo nefndi berglax, og vegur hann 3—7 pund, og álítum við nauðsynlegt, að hann sè friðaður þangað til hann hefir náð fullum þroska, því þótt óskandi væri, að hafa um þennan lax nákvæmari upplýsingar, þá er þó eins líklegt að það sè lax, sem enn er óþroskaður, eins og að það sè önnur tegund, en hvort heldur sem er, þá eru möskvar þeir, sem nefndin hefir til tekið, alls ekki of stórir, heldur miklu fremur of litlir, eins og þingmaður Reykvíkinga sýndi sjálfur með uppástungu sinni á hinum stærri ám og stærðinni á laxinum í þeim; en þó nú það skyldi sannast við reynsluna, sem ólíklegt er, að svo smár lax gangi í einstakar ár, að þessi ákveðna möskvastærð reyndist of rúm, þá væri hægt, og líka skaðaminna, að fá því breytt síðar. En ef menn aðhyllast þá uppástungu, að hafa möskvann að eins $1\frac{1}{2}$ þumlung, þá mun eg fyrir mitt leyti fallast á tillögu þingmanns Reykvíkinga, að lögunum sè frestað, því slík lög mætti fyllilega álíta verri en engin lög. Það hefir komið til tals, að friða laxinn yfir allt land eitt og eitt ár í bili, t. d. 4. eða 7. hvert ár, og má vel vera að þetta væri hið allrarèttasta til að gefa laxinum tíma til að æxlast og fjölga, en samt ætla eg ekki

að gjöra þetta að uppástungu að þessu sinni; því þessu mætti koma við síðar, eins fyrir því þó þessi lög nái gildi, en það verð eg að álíta alveg nauðsynlegt, því það er þegar komið svo, að við því liggur, að laxveiðin verði gjöreydd á nokkrum stöðum, og því er hin mesta nauðsyn á, að það verði sem fyrst framkvæmt, sem er aðalhugsunin í frumvarpi þessu, að friða allan hinn unga og uppvaxandi lax. Viðvíkjandi spurningu þeirri, er þingmaður Reykvíkinga bar upp um, hversu langur eða digur sá lax væri, er hefði þá eða þá þyngd, þá hefir því þegar verið svarað, að þyngdin fer eigi algjörlega eptir lengd eða digurð, enda svaraði hann sèr sjálfur að nokkru leyti, þar sem hann nefndi hrygnurnar, er verða digrari eptir því sem nær dregur gotutímanum, en léttast þó og megrast jafnframt.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað svo margt í þessu máli móti því, er eg bar fram áðan, að eg er búinn að gleyma miklum hluta af því. Framsögumaður sagði, að ræða mín hefði lýst ókunnugleika á málinu, en eg sagði heldur eigi að eg væri því svo vel kunnugur, enda gjörir það eigi mikið til; en hitt er lakara, ef nefndin stendur mèr þó á baki í þessu efni, og það er þó eigi annað að sjá, því að þó það væru litlar skýringar, er eg gat gefið, þá voru þær þó minni, er framsögumaður hafði fram að færa, því að þær voru alls engar. Eg neita því eigi, að sá laxinn er þyngri sem feitari er að jafnri lengd, en eitthvert venjulegt hlutfall hlýtur þó að eiga sèr stað milli þyngdarinnar, lengdarinnar og ummálsins á laxinum, en þetta hafa nefndarmenn annaðhvort enga hugmynd um, eða þeir vilja eigi játa sannleikann í þessu efni Til þess að setja skynsamleg lög, þá þurfa menn að hafa ljósa þekkingu á því efni, sem lögin eiga að ná til; en þetta á eigi heima hèr. Eg vil spyrja t. a. m. hina heiðruðu nefnd að nokkrum spurningum. Er berglaxinn sama tegund og annar lax? Er lax sá, sem veiðist í Elliðaám, Korpólfsstaðaá og Leirvogsám hinn sami sem sá, er veiðist í hinum stærri ám, svo sem Hvítá í Borgarfirði, Ölfusá og Þjórsá? Þetta þarf vandlega að rannsaka. Það hefir verið spurt um, hvort laxinn í Elliðaánum væri ekki minni en annarstaðar, sökum veiðiaðferðar þeirrar, sem þar er við höfð. Það get eg með engu móti ímyndað mèr, því að veiði er þó allt af að aukast þar, og hefir aukizt mjög svo mikið á hinum síðustu 7—8 árum, og sjálfsagt ekki sízt af því, að sá, sem nú hefir afnot laxveiðarinnar þar, hefir gjört sèr það að reglu, að sleppa á tilteknum dögum vikunnar

upp fyrir kisturnar öllum lõxum, sem í kisturnar koma þá daga, og þá get eg eigi skilið, að stór lax veiddist eigi eins og í stærri ánum. Eg hefi aldrei sagzt þekkja laxveiði til hlítar, en framsögumaður hefir þó enn þá minni upplýsingar gefið í þessu máli, en eg, með öllum sínum kunnugleika; en menn þurfa nákvæmlega að vita um allt það, er að laxveiðum lýtur, og það er það, sem kemur mèr til að áskilja mèr breytingaratkvæði, tekið upp úr 9. grein hinna norsku laxveiðalaga, svo látandi, að yfirvöldin megi gjöra undanþágu með einstök hèruð og vatnsföll. Mèr hefir aldrei komið til hugar að hamla því, að lög væru gefin út um þetta efni, en eg vil ekki láta rasa fyrir ráð fram, meðan mönnum engan veginn eru kunnir málavextir til fullnustu. Eg veit ekki heldur til, að Jónsbókarlög hafi í þessu efni verið ranglega notuð, og þess vegna er ekki þörf á nýjum lögum, að minnsta kosti ekki á meðan mönnum er svo að segja að lærast að nota sèr laxveiðina. Þegar Elliðaárnar voru nefndar, þá sprakk nú kýlið hjá þingmanni Árnesinga. Hann fullyrti, að sá, sem nú notaði sèr veiðina, ætti hana ekki með rèttu, og settist hann þannig í dómarasætið í þessu máli, svo að landsyfirrètturinn þarf nú eigi að leggja dóm á málið; en úr því höfðað er mál út af þessu, og það mál er fyrir dómstólunum, sýnir það þó, að þetta er næsta efasamt. Þingmaðurinn sagði, að Grágás og Jónsbók leyfðu eigi slíkar undanþágur, en í Grágás stendur þó með berum orðum, sem þingmaðurinn einnig las upp: «Nema hann eigi alla ána», og í Jónsbók: «nema með lögum sè frá gengið», og eg veit ekki, hvað undanþága er, ef ekki er þetta, og ef undantekning á að eiga sèr stað, þá er einnig rètt, að nefna hana í lögunum. Hæstarèttardómurinn frá 1867, sem hann nefndi, sannar ekkert í þessu efni, því hann hljóðar um allt annað, það er að segja um netjaveiði fyrir utan árósana. Þar sem þingmaðurinn sagði, að lögin væru svo skýr hèr á landi í þessu máli, að óþarft væri að gefa út ný lög um friðun á laxi, þá er eg því algjörlega mótfallinn, af því sem eg sagði, að eg álít reynslu manna nálega enga. Það kann vel að vera satt, að vèlar spilli fyrir fjölgun laxins; en megi engar veiðibrellur við hafa, verður heldur ekkert gagn af laxinum, hvorki þingmanni Árnesinga nè öðrum. Það er satt að laxinn getur verið misstór eptir aldri, en um það spurði eg alls ekki, svo það var hártogun ein, er þingmaðurinn sagði út af því. Sè ein tegund minni en önnur, þá er auðsætt, að leyfilegt ætti að vera á þeim stöðum, þar sem hún

veiðist, að við hafa veiðivèlar, er minni lax veiðist í en frumvarpið og nefndin ákveða. Hitt veit eg ekki heldur hvort vel á við, að leyfilegt sè að veiða hverja hrygnu. Þar sem í ensku laxfriðunarlögunum stendur, að ekki megi girða meir en helming árhverrar, þá fannst mèr þingmaður Árnesinga afbaka þetta, því þar er líka ákvörðun um það, að það verði að vera op á girðingunni, og getur þetta þess vegna aldrei komið í bága, því að það leggur sig sjálft, að þegar tveir setja garða sína út í ána, hvor á móti öðrum, þá mega garðar þeirra eigi nà út í miðja ána, heldur skemmra; því að það er boðið, að op sè á milli, og þá nà garðarnir eigi saman, og er þá auðsætt, að slíkt getur engum dottið í hug. Það stendur ekki heldur, að opið megi ekki vera meira en 3 fet, heldur að það þurfi ekki að vera meira en 3 fet, þegar svo stendur á. Þetta er sitt hvað, eins og hver maður sèr; að öðru leyti ætla eg ekki að rekja mótbárur þingmanns Árnesinga; þær voru mest eintómar hártoganir.

Jón Sigurðsson: Eg er einn af þeim, sem álít, að lög um friðun á laxi sèu nauðsynleg; allt um það var eg þó á alþingi 1867 á því, að þingið færi þá vel frekt í málið, og sama held eg nefndinni hafi nú orðið á. Eg rèð þá til þess, að fresta málinu, en sú uppástunga komst ekki að, eða rèttara sagt fèkk ekki framgang á þinginu. En þrátt fyrir það hefir nú málið beðið býsna-langan tíma, og eg held sèr til batnaðar, því stjórnin hefir, eins og kunnugt er, notað tímann til þess að leita ýmsra upplýsinga um málið hjá amtmönnum landsins, og er eg sannfærður um, að málið hefir talsvert grætt á því. Það er nú mín skoðun, að í slíkum nýjum lagasetningum eigi menn jafnan að fara varlega, og ekki að stökkva svo langt allt í einu, eins og hèr er gjört. Hið konunglega frumvarp leggur, finnst mèr, nægilegt band á laxveiði; en nefndinni hefir ekki þótt það nóg, og gengur því lengra en frumvarpið, og þetta líkar mèr ekki. Eg er viss um það, að í þeim ám, sem eg þekki, — og eg þekki að minnsta kosti einhverja hina merkustu laxveiðaá á öllu landinu, nefnilega Laxá í Þingeyjarsýslu, — mundi veiðin eptir uppástungu nefndarinnar verða svo erfið og kostnaðarsöm, að það er spursmál, hvort hún yrði til hagsmuna fyrir þá, sem nota eiga veiðina, það er með öðrum orðum, að mèr virðist nefndin vilja takmarka um af veiðirètt þeirra, sem neðar búa með á, eður næst sjó, þeim í hag sem ofar búa. Þetta er nú að vísu rètt í eðli sínu, en menn verða að kunna sèr hóf í

þessu, sem hverju öðru. Eg held það sè engin ástæða að hafa hèr strangari ákvarðanir um laxveiðar en hafðar eru í öðrum löndum, og það því síður sem menn hèr eru skemur á veg komnir í öllum veiðiíþróttum, en í öðrum löndum, og hèr þarf aldrei að gjöra ráð fyrir eins margbrotnum veiðivèlum, sem annarstaðar, eða að menn geti hèr notað sèr afardýrar veiðivèlar eins og annarstaðar; og af þessu er það, að mèr finnst nefndin hafa farið of langt í sumu. Mèr virðist þá, að þar sem nefndin hefir í 2. gr. frumvarpsins breytt 20 álna ákvörðuninni í 6 álnir, þá held eg að það sè alls eigi heppilegt, einkum þegar gætt er að því, að nefndin vill ekki leyfa að leggja megi garða eður aðrar fastar veiðivèlar lengra út en í þriðjung árinnar, svo eptir því ætti $^2/_3$ árinnar jafnan að vera opnir. Gjörum nú ráð fyrir, að einhver á væri 60 álnir á breidd, og girðing væri í hana sett eður föst veiðivèl, sem tæki yfir $^1/_3$ árinnar, eða 20 ál. þegar nú hèr frádragast 6 álnir til opanna, yrðu að eins 14 álnir eptir, sem eigandinn mætti nota — og þetta held eg sannlega sè of nærgöngult eignar- og notkunarrèttinum. Hvað þessu næst ákvörðunina um möskvana snertir, þá er eg því ekki svo fullkunnugur, að eg geti um það sagt, en eg skal þá geta þess, hvað stærðina á laxinum snertir, að í Laxá nyrðra mun lax að meðaltali helmingi stærri en hèr syðra, eptir því sem mèr er sagt, og er þar þá einnig veiddir ungir laxar eins og hèr, með því þar hafa í fjölda-mörg ár verið við hafðar laxakistur, sem eins hirða ungan lax og gamlan. Út af breytingunni við 5. grein get eg þess, að eg skil ekki, að það sè nauðsyn, að breyta helmingi í þriðjung, því þrátt fyrir ræðu hins háttvirta framsögumanns og þingmanns Árnesinga get eg með engu móti skilið, að það geti samrýmzt ákvörðunum Jónsbókar, því eg vona að þeir sèu mèr samdóma um, að Jónsbók ákveði að hver eigi veiði fyrir sínu landi út í miðja á. Eg verð því að segja það, að þessi ákvörðun nefndarinnar stríðir ekki einasta á móti ákvörðunum Jónsbókar, heldur leggur hún harðla óeðlilegt band á eignar- og notkunarrètt manna. Eg játa að vísu, að þegar svo er, að garðar eru lagðir hvor á móti öðrum yfir á, þá sèu 3 fet á stundum of mjótt bil á milli garðsendanna, en þetta er ekki heldur nema undantekning, er sjaldan mun að bera, að lagðar sèu veiðivèlar eður garðar á sama stað, hvor á móti öðrum, og sú undantekning þarf því ekki að gjöra breyting frá aðalreglunni, að hver eigi veiði fyrir sínu landi í miðja á. Eg hefi því hugs-

að mèr að stinga upp á breytingaratkvæði við 5. gr., að jafnan skuli $^1/_3$ árinnar opinn, þegar garðar eður veiðivèlar eru lagðar um á þvera. Nefndin hefir stungið upp á, að 60 faðmar að minnsta kosti skyldu vera milli garðanna, en þess þarf ekki við, þegar mitt breytingaratkvæði kemur til sögunnar, því þriðjungur árinnar er nægilegt til þess, að lax geti óhindrað gengið upp eptir hverri á, þegar það er í miðri ánni. Eg hefi nú hugsað mèr breytingaratkvæði við frumvarpsins 2. gr. í þá átt, að breytt verði 20 álna takmarkinu, sem mèr þyklr allt of hátt, í 10—15 álnir, og við 5. grein áskil eg mèr þá breytingu, sem eg nýlega drap á, að bilið sè lengra en til er tekið í frumvarpinu, þegar girðingarnar eru hvor á móti annari. Eg sakna einnar ákvörðunar, sem stóð í frumvarpi þingsins 1867, en sem sleppt hefir verið út úr frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, nefnilega um laxveiði í þeim ám, sem einnig er silungsveiði í. Eptir frumvarpinu 1867 gat amtmaður veitt leyfi til að við hafa smáriðin net í þeim ám, hvar silungsveiði er arðmeiri en laxveiðin. Í Laxá nyrðra er einnig mikil silungsveiði, sem mikil hlynnindi eru að, einkum á stöðunum Grenjaðarstað og Múla, svo mèr er nær að halda, að enginn prestur í þessum prestaköllum mundi vilja skipta laxveiðinni við silungsveiðina, sem auðsjáanlega yrði að engu, ef eigi má við hafa smáriðnari net þar, en til er tekið í frumvarpinu. Sömuleiðis gengur lax upp í Reykjadalsá, í Vestmannsvatn og Eyvindarlæk, en í vatninu og læknum er allmikil silungsveiði, og eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að á þessum stöðum yrðu ákvarðanir frumvarpsins einmitt til þess að eyðileggja silungsveiðina, ef þær ættu að gilda þar jafnt sem annarstaðar. Eg veit það því, að ef þessi lög kæmu svona út, eins og nefndin hefir frá þeim gengið, yrðu þau til mesta óhagnaðar fyrir alla þá, hvar talsverð silungsveiði er í ám og vötnum, en lítið slangur af laxi, eins og víða mun eiga sèr stað. Eg ætla því að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, sem eg hefi um talað, að þær ár, sem talsverð silungsveiði er í, verði undanþegnar þessum lögum.

Ólafur Pálsson: Eg stend hvorki upp til þess að svara mótmælum þeim, sem komið hafa fram gegn tillögum nefndarinnar, með því meðnefndarmenn mínir hafa þegar svarað þeim, og ekki heldur til þess að ræða mál þetta af nokkru kappi, heldur að eins til þess að gjöra litlar athugasemdir við 2 eða 3 atriði, sem fram hafa komið í umræðunum. Hvað breytingar nefndarinnar á 2. grein

frumvarpsins snertir, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga minntist á, og virtist svo, að hann vildi nálgast nefndina í því efni, þá skal eg geta þess, að nefndin varð að gjöra þessa breytingu, af því þær laxár eru til, sem ekki eru breiðari en 20 álnir, og eg skal nefna eina, sem er enn mjórri á sumum stöðum, en 20 álnir; það er Bugða í Kjós, og dýpið í ánni er víða ekki yfir faðm stundum við annan bakkann. Sè nú girt þeim megin sem dýpið er, þó ekki sè nema 1 eða 2 faðma, þá verður ekki eptir nema sú grynning, sem enginn lax gengur yfir. Hvað því viðvíkur, að of snemmt sè að koma með lög um þetta efni nú, þá skal eg ekki um það dæma; laxveiðarnar kunna ef til vill að vera í byrjun á sumum stöðum, en eg held eg megi óhætt segja, að á öðrum stöðum líti út fyrir að þær sèu að nálgast endann. Eg vil taka til dæmis í Hvítá í Borgarfirði og þeim 5 ám, er í hana renna, og sem að undanförnu hafa verið góðar veiðiár, að þar er laxveiði nálega orðin engin, og mun það vera að kenna því, hvernig menn hafa farið að við veiði þessa einkum neðan til við Hvítá. Einhver þingmaður sagði, að með lagaboði í þessa átt yrði byrgt fyrir slíka laxveiði, sem hèr hefir átt sèr stað, en eg álít það líka brýna nauðsyn, að ráða bót á slíkri eyðileggingu. Hvað breytingaratkvæði þingmanns Suður-Þingeyinga snertir, þá er eg ekki fjarlægur því, að sú ákvörðun úr frumvarpinu frá 1867 eigi vel við. Einhver gat þess, að með þvílíkum lögum væri byrgt fyrir veiði á sjóbirting. Það er nú að vísu svo, að ef friða á laxinn, þá verður ekki bæði sleppt og haldið. Það er sjálfsagt, að allur hinn minni sjóbirtingur hlýtur að sleppa. Hvað 5. grein snertir, þá er það vel athugandi, að hver, sem sèð hefir laxinn ganga upp eptir ám, mun komast að raun um, að nefndin hefir rètt fyrir sèr, þar sem hún breytir orðinu helming í þriðjung, því að þegar laxinn rekur sig á klettasnasir, garða eða því um líkt, tekur hann optast nær beint stryk upp eptir ánni, en út frá þeim garði, er hann hefir sloppið fyrir, og verður þannig í raun rèttri naumast meira en helmingur árfarvegarins opinn.

Guðmundur Einarsson: Þótt eg eigi sè vel kunnugur máli því, er hèr ræðir um, þá vil eg samt geta þess, að nokkrar veiðiár eru í hèruðum þeim, er eg hefi verið í, sem er svo varið, að lax er þar lítill og laxveiði heldur eigi stunduð að neinum mun, en aptur á móti er aðalveiðin fólgin í silungsveiði. Ef nú væri bannaður allur veiðiskapur með fyrirdráttarnetjum og lagnetjum mikinn

hluta ársins í þess konar ám, þá væri silungsveiðin með því að mestu fyrirmunuð hèraðabúendum þar til mikils skaða. Eg játa að vísu að kunni að verða örðugt, að finna þær ákvarðanir, er friði laxinn nægilega mikið, án þess að verða silungsveiðinni til fyrirstöðu, en þó vil eg reyna að gjöra tilraun til þess. Áður en þingmaður Suður-Þingeyinga stóð upp, hafði eg hugsað mèr að gjöra viðaukaatkvæði við 3. grein í líka átt og hann; mèr virðist sem sè nauðsynlegt, að leyfi gæti fengizt hjá hlutaðeiganda amtmanni til að undantaka þá staði, þar sem laxveiði væri mjög lítil, en silungsveiði að mun, svo menn gætu þar notið hlynninda silungsveiðarinnar óátaldir. Lagaboðið bannar mönnum að við hafa stingi, og það kann að vera í sjálfu sèr rètt, en þess vil eg geta, að mikil freistni verður til þess á sumum stöðum, að neyta þeirra, svo eg efast um að lagaákvörðuninni verða hlýtt. Eg fyrir mitt leyti álít því bezt að sleppa þeirri ákvörðun, því eg ætla að hún muni verða til lítils; samt vil eg ekki beinlínis bera upp breytingaratkvæði um það, því eg veit að það fær fulla mótstöðu.

Framsögumaður: Eg vildi með ánægju fallast á 5. gr. frumvarpsins óbreytta, sem samin er beint eptir ensku lögunum, ef í því væri lík ákvörðun, eins og sú sem stendur í þeim í 28. § 4; þar stendur svo: «enginn má færa niður í vatn neina teppu eða við hafa neinar brellur eða yfir höfuð sýna sig í neinni þess konar athöfn, er styggi, fæli eða á nokkurn hátt meini fiski að fara að frjálsu upp og niður hin opnu göng alla tíma árs», en þess konar ákvörðun vantar alveg í frumvarpið. Eins og eg gat um áðan, þá væri auðvelt, að hafa net niður frá endunum á görðunum, sem lexinn lenti í, þegar hann leitaði frá garðinum út í strauminn, og með því yrði tilgangslaust að mestu, að hafa nokkurt op á garðinum. Eg var ekki svo heppinn, að skilja meiningu hins heiðraða þingmanns Suður-Þingeyinga, eður og var hann í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann annars vegar sagði, að frumvarpið friðaði laxinn nægilega mikið, en áskildi sèr þó breytingaratkvæði til að friða hann meira en frumvarpið; þetta virðist mèr vera bein mótsögn við sjálfan sig. Í annan stað sagði hann, að nefndin gjörði veiðina kostnaðarmeiri, og getur það vel verið satt, en hjá því verður eigi komizt, þegar á að friða laxinn. Eptir því sem hann sjálfur lýsti laxinum í Laxá fyrir norðan, þá hefir nefndin eigi farið nógu langt í að stækka möskvana. Hann gat þess sjálfur, að nú væri eigi nema að eins silungsveiði á stöðunum í

Reykjadal og að laxinn væri hættur að ganga þangað, og það er einmitt af því, að hann er allur veiddur á Laxamýri og stöðvaður þar, svo að hann eigi getur gengið upp eptir ánni, og bíða þeir, sem upp með henni búa, við það mikinn skaða, svo sem hann sjálfur þekkir betur en eg. Spurningum þeim, er þingmaður Reykvíkinga bar upp, þykir mèr engin ástæða til að svara, því slíkt væri eigi til annars, en gjöra eintómar orðalengingar. Eg get líka spurt hann að líkum spurningum; eins og menn vita þekkir hann vel kindur, en getur hann þá sagt mèr, hvað langur sá sauður er, sem hefir 5 fjórðunga fall og fjórðung mörs, og hvaða þyngd sauðir hafa eptir hverri lengd. Mèr heyrðist hann vilja gjöra uppástungu um, að lögin nái eigi til þeirra, sem einir eiga alla veiði í heilli á, en þessa þarf ekki, því þeim er ekki annað bannað, en veiða smáa laxinn. Þetta var með berum orðum tiltekið í frumvarpinu frá 1867, en nú er því sleppt í stjórnarfrumvarpinu auðsjáanlega af þeirri ástæðu, að það er talið sjálfsagt. Þingmaður Dalamanna vildi að amtmennirnir mættu leyfa silungsveiði í laxgengum ám, eins og stóð í frumvarpinu frá 1867, en þessa ákvörðun hefir stjórnin eigi viljað taka inn í frumvarpið nú, sem getur verið öldungis rètt, því það væri öndvert, að þröngva laxveiðinni, sem er langtum arðsamari, silungsveiðinni í hag.

Jón Kristjánsson: Það voru að eins tvö breytingaratkvæði, er eg vildi gjöra; annað var við 4. gr. með tilliti til silungsveiðarinnar; eg veit eigi til þess neinstaðar í Norðurlandi að silungsveiði geti hindrað friðun á laxi. Annað breytingaratkvæðið var við 5. gr.; ef þingið fellst á hana, þá vildi eg bæta við ákvörðun í þá átt, að eigi mætti frá endum þvergarðs leggja net nè setja grindur niður eptir straum. Viðvíkjandi því er þingmaður Reykvíkinga skýrði frá um hinn smáa lax í Elliðaánum og fleiri ám, þá vil eg óska eptir að hann, sem talar svo margt fróðlega um eðli laxins, gæfi þinginu upplýsingu um, áður en atkvæðagreiðsla fer fram, hvort laxinn gæti þó ekki stærri orðið, ef hann fengi aldur til að vaxa.

Stefán Eiríksson: Eg er því miður máli þessu, sem hèr liggur fyrir, eigi svo kunnugur, að eg geti til hlítar dæmt um, hvað haganlegast er í þessu efni. En eptir því sem áhugi manna var á máli þessu 1867 á því að fá löggjöf um þetta efni, og eptir því sem sagt er af nefndarmönnum og öðrum, sem kunnugir eru laxveiðum einkum á Vesturlandi, þá ímynda eg mèr, að nauð-

synlegt muni vera, að fá sem fyrst löggjöf, er takmarki laxveiðina og verndi rètt þeirra, sem eiga hlut að máli til veiðirèttarins, og þó eg sè nú hlynntur máli þessu, og vilji styðja það í alla staði, þá þykir mèr eitt athugavert við frumvarp þetta, því eptir því sem segir á 4. og 5. blaðsíðu í ástæðum frumvarpsins, þá er lax látinn tákna það sama sem sjóurriði, og þó í greinum frumvarpsins sè einungis talað um lax, þá má glögglega sjá af ástæðunum, að sjóurriði er talinn með í frumvarpinu, og ákvarðanir þessara laga gilda einnig um urriða, þó hann ekki sè nefndur í frumvarpsgreinunum; eg álít því nauðsynlegt að lög þessi taki það skýrt fram, að hèr sè einungis meintur lax, en hvorki sjóurriði eða silungur, og eptir ástæðunum fyrir 4. grein, þá má ekki við hafa neina veiðiaðferð aðra en þá, sem stendur í frumvarpinu, á öllum þeim stöðum þar sem vötn renna í sjó fram, heldur einungis má veiða silung í stöðuvötnum, og því er óumflýjanlegt að sèu undanteknar allar þær ár, sem enginn lax gengur í. Svo stendur á t. d. í Austur-Skaptafellssýslu, að þar er engin laxveiði, en aptur gengur þar töluverður silungur og sjóurriði bæði í Hornafjarðarfljót og Jökulsá í Lóni, og er sú veiði einkum í Jökulsá mjög arðsöm. En eptir frumvarpinu væri nú mönnum þessum bönnuð öll veiði og þar með takmarkaður veiðirèttur þessara manna fram yfir það, sem lög og landsvenja heimilar hverjum landeiganda, og því er það með öllu ástæðulaust, að banna silungsveiði, þar sem um enga laxgöngu er að tala; því það gæti orðið til óbærilegs tjóns þeim, sem hlut eiga að máli, og því vil eg, svo sem eg þegar hefi tekið fram, áskilja mèr breytingaratkvæði í líka átt og sessunautur minn, þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, og bera mig saman við hann í því efni.

Eiríkur Kúld: Eg hafði hugsað mèr að gjöra breytingaratkvæði um að banna krókanetin, en úr því þingmaður Húnvetninga er búinn að gjöra breytingaratkvæði í líka stefnu, þá þykir mèr það nægja. Eg neita því eigi, að nokkur ástæða gæti verið til að fresta máli þessu, eins og hinn heiðraði þingmaður vill, því bæði eg og aðrir þingmenn eru því eigi svo kunnugir, sem skyldi, en hitt er og víst, að hina mestu nauðsyn ber til, að friða laxinn nú þegar, þar sem laxveiðinni er búið við eyðileggingu. Þetta mætti sameina með því móti, er þingmaður Mýramanna drap á, að hleypa úr árum, og að þá væri bönnuð öll laxveiði. Væri þetta ákveðið nú þegar og laxinn þannig friðaður, þangað til lögin gætu

komið út, þá gæti eg ef til vill fallizt á tillögur þingmanns Reykvíkinga, að fresta lögunum, en eg vil eigi styðja þetta atkvæði hans í þeim tilgangi, að menn fái nógan tíma til, áður en lögin koma út, að eyðileggja laxveiðina hèr á landi. Það hefir verið tekið fram af ýmsum þingmönnum, einkum hinum 6. konungkjörna, hvílíkri vanbrúkun það ollir í Borgarfirði, að eigi eru til skýrar ákvarðanir, er friði laxinn nægilega. Og þar sem það er viðurkennt, að laxveiðin fari jafnan minnkandi fyrir óskynsamlega brúkun, þá er það sannarlega undarlegt af þingmanni Reykvíkinga, að vilja reyna til að koma í veg fyrir, að þetta verði lagað.

Guðmundur Einarsson: Eg veit fyrir víst, að hvorki stjórn nè þing vill hlynna svo að einum atvinnuvegi, að öðrum arðsamari atvinnuvegi verði fyrir þá skuld bægt frá. Nú ætti þetta sèr stað, ef frumvarpið yrði að lögum. Eg vil því gjöra breytingaratkvæði um, að lögin eigi snerti aðrar ár en þær, þar sem laxveiðin er aðalveiðin, því mèr þætti ástæðulaust, að meina mönnum að nota arðsama silungsveiði, fyrir þá eina sök, að það bæri við að stöku lax veiddist þar jafnframt. Eg áskil mèr því viðaukaatkvæði við þær greinir frumvarpsins, sem það getur átt við, að bæta inn í orðunum: «þar sem laxveiði er aðalveiði».

Benidikt Sveinsson: Eg verð að segja, að jeg gat ekki skilið, hvað hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga fór með ræðu sinni, og ber það þó eigi opt að, að eigi verði fundin nokkurn veginn ljós hugsun út úr orðum hans. Hann sagði, að Íslendingar væru stutt á veg komnir í því að nota atvinnuvegi sína. Þetta er satt. En er það svo sem ástæða til, að leiða hjá sèr, að ráða bót á þeim annmörkum, sem eru á því, já meira að segja, beinlínis hamla því, að atvinnuvegir vorir sèu rètt og skynsamlega notaðir? Eður eiga menn þá af þessari ástæðu að samþykkja í því, að atvinnuvegirnir sèu, ef til vill, með öllu eyðilagðir fyrir alda og óborna? Hann hefir sjálfur reynsluna fyrir sèr í kjördæmi sínu, þar sem óskynsamlegur og ólöglegur veiðimáti á Laxamýri hefir svo mjög ónýtt veiðina í Laxá, og skemmt þar að auki fyrir þeim, sem fyrir ofan búa, hin arðsömustu jarðahlunnindi. Því lík reynsla sýnir einmitt, að nauðsyn er á að fá enn harðari lög, en áður voru, til að tálma slíku framferli. Eg vil minna þingmanninn á það, að lögin eru til fyrir þá vondu, en ekki þá góðu, og því fremur þurfum vèr Íslendingar þess vegna strangari laxafriðunarlaga, sem vèr erum skemmra á veg komnir

í því að kunna sjálfkrafa að nota okkur þennan ómetanlega arðsama atvinnuveg, laxveiðina, með skynsamlegu móti, og án þess að spilla honum fyrir oss og niðjum vorum. Hvað aðra greinina snertir, þá hefir hinn 6. konungkjörni þegar tekið það fram, hvernig þvergirða mætti allar smá-ár á Íslandi samkvæmt henni, því þær eru fæstar breiðari en 20 áln., en þá má garðurinn vera oplaus. Það liggur því í augum uppi, að þessi grein er alveg óhafandi. Hvað uppástungu nefndarinnar undir tölulið fjórða snertir, þá fylgi eg henni eigi fast fram. Hvort opið á að vera þumlungnum viðara eður eigi, um það geta verið deildar meiningar. Aðalatriðið er það, að allur smálax geti komizt gegnum möskvana, og eins og það er gefið, að sá lax er eigi stór, sem smýgur í gegnum op, sem er 9 þuml. á vídd, þannig er það einnig gefið, að sá lax er ekki miklum mun minni, sem smýgur þann möskva, sem er 8 þumlunga ummáls. Hvað 5. greinina snertir, þá munu menn muna það, að eg hélt fast fram 1867, að í því efni yrði farið eptir því sem landslög ákveða, sem sè að eigi væri eyðilögð veiði í ám með þvergirðingum. Ef nú garðar eru gjörðir hvor á móti öðrum, þá flýtur það beinlínis af ákvörðunum landslaganna um að miðstraumslínan er lögð til grundvallar, að eigi má girða nema $^1/_4$ hluta árinnar frá hvoru landi. Þetta hefi eg áður tekið fram og þarf eigi að fjölyrða um það framar. Það sèr því hver maður, að nefndin hefir fremur slakað til um of, er hún vill leyfa að girt sè út í þriðjung ár frá hvoru landi, ef að eins er lítið millibil milli garðanna, það er að segja að hún hefir þrætt meðalveginn í þessu efni milli stjórnarfrumvarpsins, er vill láta nægja að 3 fet sèu opin, og hinna gildandi landslaga vorra í Jónsbók. Eg verð enn á ný að taka það fram, að þingið verður að gæta að sèr, að brjóta eigi landslögin eður raska því rèttarhlutfalli, sem að fornu hefir verið milli þeirra, er búa ofar og neðar við ána; því hver sú ákvörðun, er hliðrar meira en lögin nú gjöra til við þann, er neðar býr, eru bersýnilega rangindi gegn þeim, er ofar býr, auk þess sem hún niður brýtur tilgang þessara laga, að friða laxinn á Íslandi meira en ekki minna, en lög vor nú gjöra. Að öðru leyti er það kunnugt, að laxinn er svo styggur, að hann jafnvel fælist skuggann af hverjum stíflugörðum sem eru, og ef rètt hefði verið, þá hefði þeir hvergi átt að líðast, nema þar sem skynsamir og kunnugir menn hefðu álitið að þeir eptir landslaginu væru ekki skaðlegir fyrir laxgönguna. Eg orð-

lengi svo ekki meira um þetta mál, en skal geta þess, að eg hefi meir en eg vildi beint orðum mínum að þingmanni Reykvíkinga út af orðum hans viðvíkjandi Elliðaánum, sem hann ranglega blandaði inn í málið. Annars get eg sem sagt lesið upp úr heimildarskjölunum orðin, sem sýna, (*Forseti*: Þess þarf víst ekki) að þingmaðurinn sagði ósatt, að einn maður ætti alla veiði í þeim.

Jón Sigurðsson: Það fer fyrir mèr eins og þingmanni Árnesinga, að eg skildi sumt með engu móti í ræðu hans. Hann sagði, að hver maður ætti rètt á veiði fyrir sínu landi í hálfri þeirri á, en maður mætti þó ekki hlaða garð eða leggja fastar veiðivèlar í ána, er næði yfir meira en einn fjórðung hennar. Þótt eg nú ekki botni í þessum og öðrum orðum í ræðu hans, vil eg þó biðja hann að ómaka sig ekki með því að standa upp aptur til að sannfæra mig, því eg er viss um, að honum tekst það ekki. Út af orðum hins háttvirta framsögumanns og þingmanns Árnesinga skal eg að öðru leyti geta þess, að eg er eins kunnugur veiðinni í Laxá nyrðra eins og þeir, og að mèr er það fullkunnugt, að á þeim stöðum, sem eg áðan nefndi, er silungsveiði enn meiri en laxveiði. Framsögumaður sagði, að eigi mætti taka dæmi af laxveiðinni á Laxamýri sökum þess, að þar væri þvergirt með laxakistum, en eg verð að minna hann á, að um næstliðin 3 ár hefir þar verið fylgt ákvörðunum frumvarpsins 1867 um laxveiði, svo ekki verður því um kennt, þótt lítil sè laxveiðin ofar í ánni. Aðalatriðið er, að menn einblíni eigi svo á laxveiðina, að fyrir þá sök verði laxveiðin nær því arðlaus, eða að silungsveiðin eyðileggist með öllu, og mun eg sameina mig við hinn háttvirta þingmann Dalamanna um þau breytingaratkvæði, er miða til að bæta úr þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi aldrei sagt, að einn maður ætti allar Elliðaárnar. Það væri langt frá, að eg ætlaði mèr að taka fram fyrir hendurnar á dómstólunum, en hitt er víst, að einn maður hefir notað veiðina í þeim, og að því leyti á hann enn alla veiðina.

Benidikt Sveinsson: Það er allt undir því komið, hvort sú heimild, sem þingmaðurinn talar um, leyfir hlutaðeiganda að nota veiðina eins og hann hefir gjört; á því veltur, hvort hèr ræðir um ólöglegan veiðimáta eða löglega eign.

Hjálmur Pètursson: Eins og eg verð að álíta það gott og nauðsynlegt, að taka tillit til útlendra laga, að svo miklu leyti

sem þau geta átt við hèr á landi, eins verð eg að álíta það skaðlegt að rígbinda sig svo við þau, eins og mèr virðast sumir menn gjöra í þessu máli. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að nefndin mundi hafa farið eptir ágizkunum; eg verð að mótmæla þessu, því bæði hafa þeir menn, sem í nefndinni voru, talsverða þekkingu og reynslu, og svo hefir hún heldur ekki forsómað að leita þeirrar upplýsingar, sem kostur var á, en hvers vegna nefndin hefir stækkað möskvana frá því, sem þingið stakk upp á 1867, þá eru ástæðurnar færðar fyrir því í nefndarálitinu 1867, því þar er ákveðin hin sama möskvastærð, og að öðru leyti hefir nefndin fært fullkomin rök fyrir öllum tillögum sínum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið. Eg vil biðja þingmenn þá, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, að láta mig fá þau sem allrafyrst.

Þar eð nú er orðið mjög áliðið, en búast er við, að allmiklar umræður verði um mál það, sem eptir er á dagskránni, þá vil eg fresta því til næsta fundar, er eg ákveð kl. 12 á mánudaginn; segi eg svo

Fundi slitið.

---

25. fundur — 7. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá næst undanfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg vil geta þess, að eg hefi fengið brèf með allmörgum fylgiskjölum frá nefndinni, er kosin hefir verið til að safna samskotum til þjóðhátíðarinnar í minningu um 1000 ára byggingu Íslands, og mun brèf þetta verða lagt fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það og skjölin öll, sem fylgja, en síðar mun verða talað um, hvað frekara sè að gjöra í þessu efni eða hvernig með málið eigi að fara eptirleiðis.

Eins og eg hafði áður getið um, þá hefir nefndarálit í sveitarstjórnarmálinu verið prentað, en af óaðgætni hefir nafn eins nefndarmannsins fallið úr við prentunina, en eg vona, að villa þessi verði leiðrètt, enda standa og öll nöfnin, eins og á að vera, undir nefndaráliti því, sem lagt er fram á lestrarsalinn.

Konungsfulltrúi: Þegar eg um daginn, eptir áskorun hins heiðraða forseta, lengdi þingtímann um 3 vikur, tók eg það ýtarlega fram, að eg áskildi mèr bæði, að nefndirnar vildu flýta fyrir afgreiðslu hinna konunglegu frumvarpa og að hinn heiðraði forseti samkvæmt alþingistilskip. 49. grein vildi annast um frama þessara frumvarpa, að þau ætið gengu á undan þeim málum af meðlimanna hálfu, sem forseti lætur til umræðu koma. Það er nú hvorttveggja, að í tveimur konunglegum frumvörpum eru nefndarálitin enn þá ókomin, og að á dagskrána í dag hefir ekki verið sett neitt konunglegt frumvarp, þó að, eptir því sem eg fæ bezt sèð, bæði málin um spítalahlutina og um sveitarstjórn, ætti að hafa verið tilbúin til þess. Eg skal þess vegna leyfa mèr að ítreka þá skilmála, sem eg hefi bundið lengingu þingtímans við, og að skora á hinn heiðraða forseta að gjöra það, sem í hans valdi stendur til þess að framfylgja ákvörðunum alþingistilskipunarinnar í þessu tilliti. Sèr í lagi skal eg biðja hinn heiðraða forseta að sjá um, að nefndarálitið í stjórnarskipunarmálinu, sem vafalaust hefir dregizt of lengi, komi inn á þingið svo fljótt, að undirbúningsumræðurnar í þessu máli geti byrjað í seinasta lagi á laugardaginn kemur, því á annan hátt fæ eg ekki sèð, hvernig þingið getur lokið störfum sínum til ákveðins tíma.

Forseti: Eg mun eigi spara hvað í mínu valdi stendur til þess, að störf þingsins geti gengið svo fljótt sem auðið er, en eg vona að hinn háttvirti konungsfulltrúi játi um sveitarstjórnarmálið, að þess var eigi kostur að taka það til umræðu í dag, því svo er ákveðið um öll mál, að nefndarálitin eigi að vera til eptirsjónar öllum þingmönnum að minnsta kosti 3 daga, áður en málin koma fyrir til umræðu á þinginu, og því fremur var ástæða til að draga eigi af þessum tíma, þar sem um jafnumfangsmikið mál var að ræða sem sveitarstjórnarmálið. Það er hinum háttvirta konungsfulltrúa og þingmönnum kunnugt, að í þessu efni hefir verið svo nærri höggvið lögunum, einkum þar sem um smá mál var að ræða, að nefndarálitin hafa strangt tekið ekki legið frammi lengur en rúman sólarhring áður það hefir komið til umræðu, en það hefir þá verið með samþykki allra þingmanna, og hafi nokkur þingmaður mælt á móti því, þá hefir orðið að fylgja ákvörðunum alþingistilskipunarinnar, eins og sjálfsagt var. Hvað stjórnarbótarmálið snertir, þá mundi eg að vísu vera fús til að hraða því sem mest og reka eptir nefndinni, ef eg eigi væri viss um, að hún gjörir sjálfkrafa

allt hvað hún getur í þessu efni, og ver eigi meiri tíma til að semja álit sitt, en nauðsynlegt er til að yfirvega á allar lundir sem bezt þetta mikilvæga mál.

Konungsfulltrúi: Ef mig minnir rètt, hefir nefndarálitið um sveitastjórn legið frammi síðan á föstudaginn, en spítalamálið var fyrir til undirbúningsumræðu á fimmtudaginn, og hefði því átt að vera tilbúið í dag.

Forseti: Það sem þá nú liggur fyrir til umræðu er málið um breyting á tilskipun 30. apríl § 3. 10. viðvíkjandi skyldum presta við giptingar, og er það til undirbúningsumræðu; framsögumaður er þingmaður Gullbringusýslu, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þingmönnum frá því ítarlegar.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið svo hljóðandi: (Sjá II, bls. 334).

Áður en eg skilst við nefndarálit þetta, vil eg leyfa mèr, að geta þess, að eg áskil mèr rètt til að bera mig saman við skrifara nefndarinnar, er hefir tekið saman nefndarálitið, um að orða niðurlagsatriðin nokkuð á aðra leið, sem sè þannig: að svaramönnum eptirleiðis verði gjört að lagaskyldu ásamt prestinum að grennslast eptir, hvort hjónaefni þau, sem beiðast lýsinga, hafi eptir 16 ára aldur þegið óendurgoldinn sveitarstyrk, og að þeir ásamt prestinum beri þá lagalegu ábyrgð, sem við því liggur, ef út af þessu er brugðið, án þess að leyfi sveitarstjórnar þeirrar, þar sem brúðguminn á heima, sè fengið. Þetta er ekki annað en orðabreyting en engin efnisbreyting; nokkrum kann að virðast hún óþörf, en eg kann betur við niðurlagsatriðin þannig orðuð og verð að álíta, að slík breyting sè leyfileg. Eins og kunnugt er, var eg flutningsmaður að bænarskrá þeirri, er til þingsins kom í þessu máli, en þar sem þingið kaus í nefndina auk mín þá menn, er mest mæltu í móti, að mál þetta væri tekið til meðferðar, og jafnframt hina duglegustu, þá má gjöra ráð fyrir að nefndin hafi eigi farið of langt, eg ætla miklu fremur, að það sè of skammt, en eg vildi þó eigi gjöra neinn ágreining við meðnefndarmenn mína, því kæmist það á, er nefndin fer fram á, þá játa eg, að eigi alllítið væri unnið. Bænarskráin um þetta efni fór því eigi fram, að breytt væri hinum eldri lögum, heldur að hinn vafasami lagastaður yrði svo skýrður, að prestar gætu vitað, hvað þeir ættu að gjöra í þessu efni, og hvers þeim bæri að gæta, til að geta verið óhultir fyrir lögsóknum á eptir; það er annars undarlegt, að prestar í þessu efni eru

skoðaðir sem veraldlegt yfirvald, og því er heldur engum nema þjónandi sóknarprestum leyft að framkvæma þetta embættisverk. Að vísu þætti mèr beinast liggja við, að prestarnir væru með öllu losaðir við ábyrgð þá, sem hèr ræðir um, og að hún yrði falin svaramönnunum einum á hendur, en eg læt mèr þó nægja þetta, sem nefndarálitið fer fram á; það getur verið, að það sè eigi annað en það, sem liggur í hinum gildandi lögum, en um þetta efni munu skoðanir manna vera deildar, og dómar eru fyrir því, að prestarnir eigi einir að bera ábyrgðina og svaramennirnir alls ekki. Aðalatriðið er það, að presturinn er að minni vitund skyldur til, að gefa saman brúðhjón, nema því að eins að hann hafi beina ástæðu til að neita því; hann má ekki fara eptir ímyndun sinni, eður láta það ráða, að hann hefir grun um eitthvað, er hjónabandinu gæti verið til tálmunar, meðan hann hefir engin bersýnileg rök til þess. Þessu er öðruvísi varið með svaramennina; þeir þurfa eigi að vera svaramenn fremur en þeir vilja, og geta gjört það með þeim skilmálum, er þeir sjálfir setja, og heimtað að sèr sèu sýnd öll þau skilríki, er þeir æskja eptir. Það gæti einnig komið til álita, hvort eigi væri ástæða til að innleiða hèr líka ákvörðun, eins og í Danmörku var lögleidd 29. des. 1857, að því að eins má hafa á móti hjónabandinu, að brúðguminn hafi þegið sveitarstyrk hin síðustu 5 ár. Vilji einhver gjöra breytingaratkvæði í þá átt, þá mun eg eigi vera því mótfallinn, en um það efni mun tími til að tala frekar síðar.

Konungsfulltrúi: Þar sem tilgangur ákvörðunarinnar í 3. gr. 10. tilskipun. 30. apríl 1824, eins og eg tók fram við inngangsumræðuna, er að veita sveitunum nægilega tryggingu á móti öreigagiptingum, sem svo eru kallaðar, og þar sem uppástunga hinnar heiðruðu nefndur ætlast til að auka þessa tryggingu, með því að leggja ábyrgð þá, sem um er að ræða, og sem eptir tilskipuninni hvílir á prestinum einum, á hann í sameiningu við svaramennina, skal eg frá þessu sjónarmiði ekki mæla á móti uppástungunni.

En eg skal leyfa mèr að leiða athygli þingsins að því, að ákvörðun sú, sem hèr ræðir um, er breytt í Danmörku á nokkuð annan hátt, en hèr er stungið upp á, eins og hinn heiðraði framsögumaður einnig benti á. Þær afleiðingar, sem þess konar hjónaband getur haft fyrir sveitina, eru eptir hinum gildandi lögum einungis hættulegar fyrir sveit brúðgumans, vegna þess að

brúðurin við hjónabandið eignast sveit, þar sem hann er sveitlægur. Þess vegna hafa lögin frá 29. desember 1857, sem breyta þessari lagaákvörðun í Danmörku, takmarkað skyldu prestsins, til einungis að hafa eptirlit með því, hvort brúðguminn hafi þegið óendurgoldinn sveitarstyrk í hin seinustu 5 ár á undan stofnun hjónabandsins, og þessi breyting virðist mèr, að svo miklu leyti sem hún takmarkar eptirlitið til brúðgumans, alveg eðlileg, á meðan mèr, eptir því sem hèr stendur á, virðist hún ísjárverð, að svo miklu leyti sem hún bindur eptirlitið við hin seinustu 5 ár. En á hinn bóginn veitir hún sveit þeirri, sem hlut á í málinu, langtum meiri tryggingu en uppástunga nefndarinnar, með því að hún heimtar beinlínis samþykki hlutaðeigandi sveitar til hjónabandsins. Mèr þykir það engan veginn of mikið, að uppáleggja brúðgumanum að útvega þetta samþykki frá hlutaðeigandi hreppi, þegar prestinum ekki er kunnugt um lífsferil hans, eða presturinn ekki óskar að taka upp á sig þá ábyrgð, sem hèr ræðir um, og eg skal þess vegna leyfa mèr að skjóta því til yfirvegunar þingsins, hvort ekki sè ástæða til, ef þingið óskar breytingar á ákvörðun þeirri, sem hèr ræðir um, þá bæði að takmarka eptirlitið til sveitfesti brúðgumanns, og að herða þetta eptirlit með því að heimta »authentisk» vottorð í þessu tilliti.

Eiríkur Kúld: Eg veit eigi, hvort breyting nefndarinnar nær þeim tilgangi, sem til er ætlazt. Eg held bæði að hún sè óþörf og ráði eigi bót á því, sem um er að ræða. Tilskipun frá 1824 skyldar prestinn til að fá sèr öll nauðsynleg skilríki fyrir, að ekkert sè hjónabandinu til fyrirstöðu, en þetta verður ætíð að vera að svo miklu leyti, sem í hans valdi stendur; en þegar prestinum er eigi unnt, að afla sèr fleiri skírteina, þá skilst eigi betur, en að öll frekari ábyrgð hvíli á svaramönnunum, samkvæmt tilskipuninni, og að orðin: «Iövrigt o. s. frv.» eigi við ábyrgð á öllum þeim meinbugum, er presturinn eigi gat fengið upplýsingu um, og vil eg skjóta því til lagamannanna, hvort þessi skilningur minn sè rèttur eður eigi. Tilskipunin ætlast og beinlínis til, að ábyrgð hvíli á svaramönnunum, þar sem hún á öðrum stað skipar prestinum, að brýna fyrir svaramönnunum, hve mikla ábyrgð þeir takist á hendur að lögum, og meðal þessarar ábyrgðar ætla eg að það sè talið, er hèr ræðir um. Eg kann því illa við niðurlagsatriði nefndarinnar, og það einnig með breytingu þeirri, er framsögumaður gat um, því eg hygg, að þessa þurfi eigi, þar eð það er eigi

neitt annað um ábyrgð svaramanna, en það sem nú gildir, en það er og annað, sem hált er í þessu efni; það er það, að mèr virðist svaramönnum vera gefið of mikið vald og þeir að nokkru leyti settir upp yfir prestinn, því svo getur staðið á, að presturinn sè fyrir sitt leyti sannfærður um, að ekkert sè hjónabandinu til fyrirstöðu, en þó geta svaramennirnir, ef þeim lízt svo, samkvæmt tillögum nefndarinnar, bannað prestinum að gipta brúðhjónin, með því að segjast eigi vilja ábyrgjast neitt. Á þennan hátt yrði presturinn að nokkru leyti undirgefinn svaramönnunum svo sem yfirboðurum sínum t. d. biskupinum, en þetta álít eg alveg óhæfilegt, að presturinn þannig yrði að lúta svaramönnunum, ef þeim ber á milli, og neita um þá hjónavígslu, sem hann er viss um að ekkert er til fyrirstöðu. Sè minn skilningur í þessu efni rèttur, þá vildi eg vísa málinu til nefndarinnar aptur, en ef lögfræðingarnir sannfæra mig um, að eg misskilji lagaákvarðanir þær, er bèr að lúta, þá mun eg að vísu fallast á tillögur nefndarinnar, þó mèr sè það nauðugt, en fyr eigi.

Ólafur Pálsson: Eg vil engan veginn áfella nefndina fyrir tillögur hennar í þessu efni, eða mæla á móti niðurlagsatriði hennar. Því dómar þeir, sem dæmdir hafa verið í málum, er risið hafa út af lagastað þeim, sem hèr er um að ræða, sýna, hvern skilning menn hafa lagt í hann. Eg get heldur eigi fallizt á þá skoðun, að presturinn á nokkurn hátt verði undirgefinn svaramönnunum, þótt því væri farið fram, að í þessu efni skyldi vera mikið undir þeim komið. Hins vegar bið eg menn að gæta þess, að erfiðleikar prestsins eru eigi eins miklir, eins og nokkrir hafa látið á sèr skilja, því hann getur setið kyrr, þangað til hann fær öll nauðsynleg skilríki, og þannig hefi eg jafnan farið að. Að öðru leyti vil eg eigi fara meira út í þetta atriði, því mèr þykja það óeðlilegar tálmanir fyrir hjónabandinu, að gjöra brúðhjónunum að skyldu, að leggja fram öll þau skilríki, er í þessu tilliti kynnu að vera nauðsynleg samkvæmt hinum gildandi lögum, og því vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að tilskipunin fyrir Danmörku frá 29. des. 1857 verði lögleidd hèr, svo brúðguminn þurfi að eins að sýna skilríki fyrir, að hann ekki hafi þegið ógoldinn sveitarstyrk hin síðustu 5 ár.

Framsögumaður: Það er að vísu óþarfi að svara því, er þingmaður Barðstrendinga áfelldi nefndina fyrir, en eg vil þó nú þegar ljúka því af með fám orðum. Hann sagði, að uppástunga

nefndarinnar væri óþörf, því hún færi eigi öðru fram en því, sem nú sèu gildandi lög, en lögfræðingarnir eru annarar skoðunar í þessu, og vil eg taka til dæmis einn þeirra, er sat í nefndinni, og þó þingmaður Barðstrendinga hafi sína skoðun í þessu efni, þá dugir mönnum eigi að fara eptir því, því dómstólarnir munu lítið tillit taka til hennar, og eg vona að þingið gjöri það heldur eigi. Að svaramennirnir gætu fengið nokkurt vald yfir prestunum, get eg eigi skilið, nema ef væri til að hamla honum frá að gjöra sig sekan að ólöglegri giptingu, og gæti eg þá eigi haft neitt á móti því. Hitt virðist annars auðsætt að minnsta kosti hverjum öðrum en þingmanni Barðstrendinga, að presturinn yrði eigi undirgefinn svaramönnunum eða háður þeim fremur eptir en áður, því eptir því sem nú stendur er presturinn að svo miklu leyti bundinn við svaramennina, að hann eigi má gefa neinar persónur í hjónaband, nema einhverjir sèu svaramenn þeirra.

Jón Kristjánsson: Eg býst við því, að sú heiðraða nefnd ætlist til, að allir prestar hèr á þingi muni viðurkenna verðleik hennar, og finna huggun í því, að sætt sè sameiginlegt skipbrot þeirra og svaramannanna, ef illa tekst til, en þetta er eigi nóg eða eðlileg huggun, því enginn er betur kominn fyrir það, þótt annar lendi í sömu sökinni eða bættari með böli annars. Eg get vel skilið, að nefndinni hafi þótt erfitt, að finna þá ábyrgð, nógu trygga, sem hún var að leita að, en hvers vegna varpaði hún þá eigi ábyrgðinni að öllu leyti á svaramennina? En þeir eru þó ekki lögskyldir til að vera svaramenn. Eg lái nefndinni það mest, að hún eigi skyldi ráðfæra sig við einhvern lögfróðan mann um þetta efni, og þetta hefði hún þó átt þeim mun hægra með, sem hinn 1. konungkjörni þingmaður var einn í nefndinni, og hefði hann verið allra manna bezt fallinn til að vera milligöngumaður millli nefndarinnar og háyfirdómara landsins. En hann er sá maður, er mèr virðist að eigi að vera nokkurs konar lögsögumaður, er segi mönnum eigi að eins, hvað sèu lög, heldur og hvað eigi að vera lög. Eg trúi því ekki, að hann hefði ráðið til þess, að ábyrgðarflik þessi væri látin lafa lengur á prestum. Að öðru leyti treysti eg svo sómatilfinningu manna hèr, eptir því sem aldarkurteisin er farin að ryðja sèr til rúms, að mál þetta fái sem beztan enda. Eg vil biðja bændurna að hugsa heim í hèruð sín og þeir væru þar staddir hjá prestinum sínum, og að hjónaefni komi til prestsins og óski að verða gefin í hjónaband; þau eru bæði, að eg set, heið-

virðustu persónur og öllum kunn að góðu einu; en þá fer presturinn að yppta öxlum, og segir: þetta getur ef til vill tekizt, en áður en eg lýsi blessun kirkjunnar, eins og lögskipað er, yfir hjónaband ykkar, þarf eg þó fyrst að bregða mèr nokkrar bæjarleiðir og spyrjast fyrir um hagi ykkar; eg þarf jafnvel ef til vill að fara um allt land og hafa hönd á hverri hreppsbók, til að sjá, hvort það hefir hvergi að borið, að þið hafið þegið sveitarstyrk einhverra atvika vegna fyrir mildi einhvers hreppstjórans, eptir að þið voruð fullra 16 ára að aldri. En á það við, að presturinn fari svo að, og það við slíkt tækifæri? en þetta þarf þó presturinn að gjöra, ef hann eigi vill eiga yfir höfði sèr, að verða sektaður óheyrilegum sektum, eptir því sem við gengst nú, að sú umrædda lagaákvörðun er teygð úr öllu valdi fram yfir, eða út fyrir það, sem löggjafinn hefir hugsað með henni. Í stað þess að leiða athygli hjónaefnanna að því, hve þýðingarmikið það stig er, sem þau ætla að stíga, þá þarf hann að fara að hnýsast eptir högum þeirra, hvar þau hafi verið, hvað þau hafi haft sèr til uppeldis á hverjum stað o. s. frv. En er þetta tilhlýðilegt? er það prestslegt? þykir bændum svo vera?

Torfi Einarsson: Það fer eins og vant er í þessu máli fyrir okkur bændunum, að þegar á að fara að breyta fornri venju, er okkur þykir fara vel, þá verðum við því mótfallnir. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að eg eigi vildi láta breyta þeim ákvörðunum, er hèr ræðir um; en nú tók einn, eg ætla að það væri hinn 6. konungkjörni, sèr það breytingaratkvæði, að hin dönsku lög um þetta efni frá 1857 yrðu hèr innleidd, og yrði það til þess, að kippa burt mestallri þeirri tryggingu, er menn enn hafa fyrir giptingu öreiga og óráðsmanna. Það hefir verið sagt, að þau eingöngu taki tillit til brúðgumans, en eptir því sem hèr hagar til, virðist öllu fremur tillit takandi til brúðarinnar, og mun það eigi sjaldgæft, að giptingu sè hraðað sakir þyngsla, er af henni standa. Að minnsta kosti veit eg eitt dæmi. sem fleirum þingmönnum er kunnugt, til þess að kona, sem fór með bónda sínum á hans hrepp og sem hafði gipzt honum, þó hann stæði í skuld fyrir sveitarstyrk, var rekin til baka heim á sveit sína og var hún þá 3 ár á leiðinni. Það var rètt hjá þingmanni Gullbringusýslu, að þess munu dæmi, að svaramenn vísvitandi hylma yfir meinbugi, sem eru á hjónabandinu, og því gæti verið ástæða til að láta þá að nokkru leyti bera ábyrgðina. Eg hefi því hugsað mèr að gjöra breytingaratkvæði, er skipta ábyrgðinni jafnt á milli prestsins annars

vegar og svaramannanna hins vegar. En að öðru leyti vil eg helzt fylgja því fram, að málið verði fellt með öllu.

Ólafur Pálsson: Eg vil að eins með einu orði svara því, er þingmaður Strandasýslu sagði, sem sè að breytingaratkvæði mitt miðaði til, að kippa burt allri tryggingu fyrir giptingum öreiga og óráðsmanna; en eg vil biðja hann að gæta þess, að í hinum dönsku lögum, er eg óska að verði hèr innleidd, þá er gengið út frá því, að sveitarstyrks þess, sem veittur hefir verið, sè krafið í tíma og eins og lög standa til; þetta virðist mèr því vera nokkurn veginn trygging, því það nær þó nokkuð lengra til baka, en hin áminnztu 5 ár.

Jón Kristjánsson: Eg áskil mèr að koma með það breytingaratkvæði, að uppástunga nefndarinnar verði klofin í tvennt, og hinn tilvitnaði lagastaður verði úr lögum numinn, en ábyrgðin látin hvíla eingöngu á svaramönnunum.

Benidikt Sveinsson: Út af máli þessu hefir það verið sagt, að »sætt væri sameiginlegt skipbrot«. Eg tek mèr þessi orð í munn út af því, að þar sem mönnum hefir virzt, að nefndin hafi átt völ á lagamönnum, þá mun varla við því að búast, að mín orð verði mikils metin í máli þessu, þar sem er að ræða um rèttan skilning á 4. gr. tilskipunarinnar frá 1824, og get eg þá sagt, að það er sætt sameiginlegt skipbrot fyrir mig og hinn háttvirta fyrsta konungkjörna, að skilja ekki rètt þessa grein, sem mèr þó virðist næsta einföld og auðskilin. Eg skal þá geta þess, að mèr virðist sá skilningur, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir á þessum lagastað, auðsjáanlega alveg rèttur, nefnilega, að presturinn á að heimta hin svo kölluðu «authentiske Beviser» af hjónaefnunum sem skilyrði fyrir því, að giptingunni verði fullnægt, en þessar «authentisku» sannanir ná ekki til þar sem er að ræða um það, hvort brúðhjónin hafi þegið sveitarstyrk eða ekki, heldur til hins, að sveitarstyrkurinn sè endurgoldinn, eður þá að hlutaðeigandi sveit samþykki í hjónabandinu. Eg verð því að leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd, og sèr í lagi hinn háttvirta framsögumann, að sýna mèr, hvernig hann geti leitt það út úr greininni, að með «authentiske Beviser» sè meint vottorð um það, að hjónaefnin hafi eigi þegið sveitarstyrk, hvort sem styrkurinn er óendurborgaður eður eigi. Þetta verður nefndin og þingið að gjöra sèr ljóst, því annars er ómögulegt að vita, hvort breyting sú á tilskipuninni er nauðsynleg eða ekki, sem nefndin er að ráða til, og sem

eg verð að álíta ranga og óþarfa. Mèr getur ekki betur sýnzt, en að hver maður geti sèð, að orðatiltækið: »men iövrigt» miði sig við þessi orð: »forsaavidt deres Natur tilsteder det», og að þess vegna öll ábyrgðin eigi að hvíla á svaramönnunum, því annars yrði engin meining í greininni. Hèr stendur auðsjáanlega, að svaramennirnir eigi að ábyrgjast það, sem prestum er ómögulegt að vera vissir um. Og hvað því viðvíkur, að hæstarèttardómur sè til fyrir því, að prestar en ekki svaramennirnir eigi að bera ábyrgðina af því, ef það kemur upp úr kafinu, að einhver hjón, er prestar hafa gefið í hjónaband, hafa þegið sveitarstyrk, þá held eg það verði valt að byggja á þeim dómi hèr, en eg vil skora á nefndina, að gefa mèr nákvæmari upplýsing um dóm þann, sem á að hafa útilokað svaramennina frá þeirri hèr umræddu ábyrgð. Eg fyrir mitt leyti álít, að meining lagagreinarinnar sè sú, að þegar presturinn hefir «bona fide» gefið hjónin saman, en hefir hvorki vissu nè hlaut að hafa grun um, að þau hafi þegið sveitarstyrk, þá sè hann í þessari grein alveg ábyrgðarlaus, og þess vegna sè ábyrgð á prestinum komin undir því, hvort hann getur álitizt að hafa verið «tilregnelig» eða «utilregnelig»; og að það því ekki geti verið neitt spursmál um ábyrgð fyrir hann, þegar hann ekkert hefir getað grunað um sveitarstyrkinn. Auk þessa finnst mèr uppástunga nefndarinnar vera hraparlega óheppileg, þar sem farið er fram á það, að svaramönnunum eptirleiðis verði gjört að lagaskyldu, að ábyrgjast ásamt með prestinum, að þau hjónaefni, sem eiga ógoldinn þeginn sveitarstyrk, ekki sèu gefin í hjónaband, og að svaramennirnir í sameiningu með prestinum beri þá lagalegu ábyrgð, sem við því liggur, ef út af þessu er brugðið. Presturinn á að ábyrgjast það, sem svaramennirnir einnig eiga að ábyrgjast. Presturinn á að ábyrgjast svaramennina og sig, svaramennirnir prestinn og sig sjálfa. Þetta er allt vafið í eina ókljúfanlega hugsun (*Þórarinn Böðvarsson:* Það á að orðast öðruvísi). Það þarf meira en að víkja orðunum við, því hugsunin getur ekki staðizt. Eg vil spyrja: Ef presturinn vissi, að þær og þær persónur, sem hann gefur saman, ættu ógoldinn þeginn sveitarstyrk, og svaramennirnir sömuleiðis, hvílir þá ekki ábyrgðin á svaramönnunum og prestinum í sameiningu eptir 4. grein tilskipunarinnar frá 30. apríl 1824? Ættu þeir ekki að vera «solidarisk» skuldbundnir? Jú sannarlega. Og hvað á það þá við, að gefa lagareglu um þetta aðra en er? En sè nú presturinn «bona fide», en svaramennirnir

gjöri það af hrekkjum að koma hjónabandinu fram? Heldur nefndin nú, að svaramennirnir sèu í þessu tilfelli sýknir saka? Eða finnst henni, að hèr eigi að búa til lög, til að velta ábyrgðinni frá þeim seka yfir á hinn saklausa? En þegar nú hvorki presturinn nè svaramennirnir vita, hvort hið hèr umrædda tilfelli á sèr stað um persónurnar, þá er það presturinn, sem ekki ber ábyrgðina, heldur einmitt svaramennirnir. Út af þessum setningum má leiða reglur fyrir öll tilfelli sem geta komið fyrir; í öllum tilfellum sleppur presturinn eða á að sleppa eptir lögunum, þegar hann hvorki er «in dolo» eða «culpa,» en svaramennirnir bera ábyrgðina skilyrðislaust, hvað þá heldur ef þeir eru líka eða einir eru «in dolo» eða «culpa». Eg verð nú að segja að eg hefi engan dóm sèð, er færi ástæðu fyrir því, að þetta álit mitt sè rangt. Eg vil því ráða nefndinni til, að halda uppástungu sinni ekki fast fram, með því eg álít heppilegast, að hin gildandi lagaákvörðun haldist óbreytt.

Torfi Einarsson: Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður sagði, að ef skuldin til hreppsins ekki er heimt innan 5 ára, þá sè hún fallin. En ef þessi setning hefði verið rètt, þá hefði hann ekki þurft að biðja um að lög frá 1857 yrðu hèr lögleidd, sem einmitt hafa þessa ákvörðun inni að halda, enda þekki eg ekki þá skuldafyrningu á sveitarskuldum.

Þórður Jónasson: Það var nú ekki við því að búast, að nefndarálitið fengi mildan dóm hjá sumum þingmönnum. Það fèkk það ekki heldur, þegar það kom inn á þingið. Eg lèt þá í ljósi, að mèr þætti bænarskráin óþörf, og eg kom því ómaklegur inn í nefndina í þessu máli.

Það getur nú verið, að nefndarálitið sè miður vel úr garði búið, enda vildi þingmaður Barðstrendinga reka það aptur í nefndina, og hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga var að barma sèr yfir því, að enginn lögfróður maður hefði setið í nefndinni; eg sat þó að nafninu í henni. Það var bágt, að hinn heiðraði þingmaður ekki komst inn í nefndina, þó eg fyrir mitt leyti þori að fullyrða, að þó svo hefði verið, mundi nefndin naumast hafa grætt á því, því eins og hann talaði áðan, var auðsèð, að hann vissi ekkert, hvað hann sagði um málið; hann var að tala um, hvernig lagaboðið væri teygt sundur og saman, og hann sagði fleira, sem ekkert átti við, og það var auðheyrt, að hann enga hugmynd hafði um málið. Hinn heiðraði þingmaður Árnesinga sagði, að hinn umræddi töluliður í 3. grein tilskip. frá

30. apríl 1824 næði bæði til prestsins og svaramannanna; þeir hefði báðir ábyrgðina, ef hjónaefni, sem ættu ógoldinn sveitarstyrk, væru gefin í hjónaband, og hann sagði líka, að presturinn hefði enga ábyrgð, þegar hann væri «in bona fide», heldur svaramennirnir, og þetta sannaði sagði hann 4. grein tilskipunarinnar. Þetta er ekki rètt, því skyldur presta og svaramanna falla ekki saman, en hver hefir sínar skyldur fyrir sig. Presturinn ber þannig aleinn ábyrgðina, eptir mínum skilningi, í þeim tilfellum, sem talin eru í 3. gr. 1.—11. Þetta sagði líka hinn háttvirti konungsfulltrúi í ræðu sinni, og fyrir þessum skilningi liggur einnig fyrir hæstarèttardómur frá 1861. Svaramennirnir höfðu í því máli tekið að sèr ábyrgðina, en þó lenti ábyrgðin fyrir báðum rèttum á prestinum einum. Þennan hæstarèttardóm þekkir hinn heiðraði þingmaður eins vel og eg; og hann getur því ekki sagt, að hann þekki engan dóm, sem komi í bága við skoðun hans. Að öðru leyti legg eg enga áherzlu á það, hvort þingið aðhyllist nefndarálitið eða ekki; það má falla fyrir mèr. Nefndin hefir bent á þann eina veg, sem hún álítur að verði farinn, ef það á að breyta því, sem er. Eg álít presturinn með tilbærilegu athygli og varúð aldrei þurfi að koma í ábyrgð, og get í því efni vísað til ræðu hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns; en þegar hann vildi fara eptir lögum frá 29. des. 1857, að ekki þyrfti að leita upplýsinga um sveitarstyrk hjónaefnanna fyrir lengri tíma en seinustu 5 árin, þá get eg ekki orðið honum samdóma, því það drægi úr tryggingu þeirri, sem vèr nú höfum, gegn örreigagiptingum. Lagaboðið rýmkaði giptingarfrelsið í Danmörk, en þessa rýmkun eða rýmkaða giptingarfrelsi vildi þingið, þegar spursmál varð hèrna um árið um, hvort það ætti að ná hingað til lands eða ekki, hvorki heyra nè sjá.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefir annaðhvort ekki skilið, hvað í orðum mínum lá eða ekki heyrt þau rètt. Eg sagði ekki, að eg þekkti ekki dóm, sem hefði dæmt prest í ábyrgð út úr þegnum sveitastyrk, heldur hitt, að eg þekkti ekki dóm, sem statueraði sem menn segja, að ábyrgðin ekki hvíldi á svaramönnunum eptir 4. grein tilsk. frá 1824. Jú, hæstarèttardómurinn, sem menn eru að klifa einlægt á, dæmir prestinn til að borga, það er satt; en má eg spyrja: af hvaða ástæðum? Áleit hæstirèttur ekki þennan prest «in culpa»? Og nefnir hann svaramennina á nafn? Alls ekki. Og hvað verður svo leitt

út af dómnum? Vilji nú hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður að öðru leyti byggja allt á þessum eina hæstaréttardómi í þessu tilliti, þá vil eg minna hann á hina fornu setning: «Legibus, non exemplis, est judicandum», það er að segja: Það á að dæma eptir lögunum, en eigi eptir einstöku dómum eða málsúrslitum, enda man eg það frá stúdentaárum mínum í Kaupmannahöfn, að hæstiréttur áleit sig ekki bundinn við einn einstakan dóm sinn, og til þess að mynda hæstaréttar-praxis vita allir að útheimtast að minnsta kosti 3 hæstaréttardómar. En sem sagt, hvað þennan dóm að öðru leyti snertir, þá er það vafasamt, hvort hæstiréttur eigi hefir álitið, að presturinn hafi sérstaklega vanrækt skyldu sína, og sé svo, þá getur álit þessa hæstaréttardóms alveg sameinazt við mína skoðun. Það getur heldur ekki með neinu móti verið meining dómsins, að presturinn eigi að útvega sjálfur öll hin heimtuðu skilríki, en þegar þau eru ekki fyrir hendi, þá á presturinn, eins og hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður gat um, að neita að gipta, fyr en nægilegar sannanir eru fengnar. Að endingu bið eg hinn háttvirta 1. konungkjörna þingmann að skýra fyrir mér og þinginu, hvernig hann getur fært «ratio sufficiens» fyrir því, að það geti virkilega verið laganna meining, að presturinn sé skyldur að grennslast eptir því út um alla heima og geima, hvort að hlutaðeigandi hjónaefni eigi hafi þegið sveitarstyrk.

Þórður Jónasson: Eg skal út af orðum hins háttvirta þingmanns Árnesinga gjöra þá athugasemd, að hlutaðeigandi prestur, sem hæstaréttardómurinn frá 1861 hljóðar um, krafðist sýknar af þeirri ástæðu, að svaramennirnir hefðu lofað að ábyrgjast, að hvorugt hjónaefnanna hefðu fengið sveitarstyrk frá því þau urðu 18 ára. Að presturinn var dæmdur, gat því ekki legið í öðru en því, að svaramennirnir álitust enga ábyrgð að hafa eptir tilskipunarinnar 3. grein 11. lið, heldur presturinn einsamall.

Benidikt Sveinsson: Ef presturinn var «in culpa», þá gat hann ekki sloppið við ábyrgðina af þeirri ástæðu, enda þótt svaramennirnir þúsund sinnum hefðu lofað að ábyrgjast, að hann slyppi fyrir afleiðingunum af því; svo þetta sannar ekkert til eða frá um það spursmál, sem hér ræðir, að presturinn er alveg «bona fide».

Jón Pétursson: Eg skal geta þess, að ef prestar færu strangt eptir tilskipuninni frá 30. apríl 1824 3. grein tölulið 10., þá væri næsta mikill örðugleiki á því að giptast, því það er allt komið undir náð prestanna, hvort ekki verður að fresta giptingu margra

manna í svo sem 3 eða 4 ár, meðan verið væri að leita um allt land að skýrteinum fyrir því, hvort hvorugt brúðhjónaefnanna ætti hvergi ógoldinn sveitarstyrk, því það er næsta torvelt á skömmum tíma, að útvega sèr attest frá öllum hreppum, þar sem hjónaefnin kunna að hafa dvalið frá því þau voru 16 ára. Mèr sýnist breyting sú, er varð á þessari lagagrein í Danmörku, mjög skynsamleg, því nú þarf presturinn þar að eins að hugsa um 5 seinustu árin, og svo þarf ekkert að hugsa um sveit brúðarinnar, heldur að eins um hrepp brúðgumans. Eptir því sem lögin þannig nú eru í Danmörk, þá liggur í þeim beinlínis trygging fyrir, að öreigar verði gefnir í hjónaband, því það er full ástæða til að ímynda sèr, að þeir sèu öreigar, er þegið hafa sveitarstyrk 5 hin seinustu ár og eigi endurgoldið hann, en hèr á landi eru lagaákvarðanirnar einmitt til að auka öreigagiptingar. Eg vil taka til dæmis, að maður lægi veikur frá því hann væri 16 ára og þangað til hann væri orðinn 25 ára, og allan þann tíma yrði að þiggja styrk af sveit; síðan skyldi hann ná góðri heilsu og græða talsvert fè, og er hann væri orðinn fertugur, þá vildi hann fara að gipta sig, en þá er honum meinað það eptir lögum vorum, nema því að eins, að hann gjaldi aptur allan sveitarstyrkinn, en slíkt kynni að verða beinlínis til að gjöra hann að öreiga, svo hann, ef til vill, yrði nú sveit sinni til byrðar, er hann annars hefði getað verið bjargvættur, ef hann við byrjun búskaparins eigi hefði orðið að láta burtu allan bústofn sinn. Í Danmörku er þetta, eins og eg um gat, miklu eðlilegra, og í Vestur-Indíum eru allar slíkar takmarkanir fyrir giptingum manna sem þær, er hèr ræðir um, alveg úr lögum numdar, en slíkt mun ekki vera samkvæmt hugsunarhætti manna hèr á landi. Eg vil við þetta tækifæri annars lýsa því yfir, að eg held eg hafi þriðja skilninginn á lagaákvörðununum um þetta efni. Í 3. grein tilskipunarinnar 30. apríl 1824 stendur sem sè svo, að presturinn eigi að gæta þess, að engir meinbugir sèu á hjónabandinu, og þetta á hann að gjöra á tvennan hátt, 1., með því, að út búa sig með «authentiskum» skilríkjum fyrir því, að engir slíkir meinbugir sèu á hjónabandinu, er tilskipunin síðar nefnir, að því leyti eðli meinbuganna leyfir það, og 2., «iövrigt», sem sè þar sem eðli meinbuganna eigi leyfir að hann geti útbúið sig með «authentisk» skilríki, þar á hann að heimta af brúðgumanum «tilstrækkeligt Forlövte», sem sè tvo svaramenn. Presturinn ber því beinlínis ábyrgðina af því tvennu, 1., ef hann eigi útbýr sig með

«authentiskt» skilríki, þar sem eðli meinbuganna leyfir það, og 2., ef hann forsómar að heimta svaramennina. En að því, er nú snertir ábyrgð svaramannanna, hvað hún er umfangsmikil, þá segir tilskipunin með berum orðum, að svaramennirnir eigi að sjá um, að engir meinbugir séu fyrir hjónabandinu; þeir eiga því að ábyrgjast, að það hvorki séu nokkrir þess háttar meinbugir á hjónabandinu, sem presturinn á að útvega sèr «authentisk» skilríki fyrir, að eigi séu til staðar, en sem hann kann að hafa forsómað að útvega sèr, og eins að engir slíkir meinbugir eigi sèr stað, um hverja presturinn, eptir eðli þeirra, engin «authentisk» skilríki getur útvegað sèr. Eg halla mèr þannig helzt að breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna og óska, að hèr yrðu lögleidd hin dönsku lög um þetta efni frá 29. desember 1857, því einmitt í þeim er þó nokkur trygging fólgin fyrir giptingu öreiga og óráðsmanna.

Hallgrímur Jónsson: Það hafa nokkrir talað í máli þessu og meðal þeirra 3 lögfræðingar, en skilningur þeirra á löggjöfinni er mismunandi. Það virðist því vera nauðsynlegt, að löggjöfin væri svo endurbætt, að eigi gætu verið deildar meiningar um ákvarðanir hennar í þessu efni, en þessum lögfræðingum kemur þó saman um það, að nægileg ákvörðun fyrir því, að giptingin verði óstraffanleg, sè að finna í orðum og anda þessarar lagagreinar, og þess vegna eru þeir samhljóða um það, að ekki sè nauðsynlegt að ákveða annað fremur í þessu máli. Það hefir fyrri verið sagt hèr á alþingi, þegar rætt hefir verið um öreigagiptingar, að eigi mætti takmarka í því efni frelsi manna eður hepta of mjög hjónaböndin, og á því hafa þau vandræðamál vanalega strandað; en þá má eigi heldur leggja svaramönnunum svo mikla ábyrgð á herðar, að engir vilji verða til þess, að vera svaramenn. Eg segi fyrir mig, að eg hefi opt verið svaramaður, þó það hafi sjaldan orðið að skaða eða prestinum að tjóni, en fari svo, að þingið fallist á tillögur nefndarinnar, þá mundi eg fara að verða tregari til þess, og eg hygg, að fleirum kynni að fara sem mèr, og þá yrði líklega afleiðingin sú, að svaramenn fengjust eigi, sem einmitt yrði þá til að takmarka frelsi manna í þessu efni. Eg verð því að álita, að breyting sú, er nefndin fer fram á, eigi sè til bóta, og að rèttara sè í þessu efni, að eiga ekkert við þessar breytingar og trúa til þess lögfræðingunum, er öllum kemur saman um það, að engin þörf sè á, að breyta hinni gildandi löggjöf, og eg fyrir mitt leyti hallast að þeim tillögum, og mun því eigi greiða atkvæði

fyrir neinu, er miðar til að breyta þeim lagaákvörðunum, er nú gilda í þessu efni. Að öðru leyti vona eg, að prestarnir fari betur að gæta sín í þessu falli hèr eptir en hingað til, og láti þannig annara víti sèr að varnaði verða.

Framsögumaður: Eg hefi að vísu heyrt, að sumir þingmanna eru farnir að æskja þess, að umræðunum um þetta mál fari nú að hætta, en eg verð þó að leyfa mèr að tala fáein orð. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hèlt, að það væri ómögulegt (*Benidikt Sveinsson*: Óeðlilegt), að koma með «authentiske Beviser» viðvíkjandi því atriði, sem hèr ræðir um. Eg get sagt honum það, að eg fyrir mitt leyti vildi feginn, að eg mætti skilja lagaákvörðun þessa, eins og hann skilur hana, en af því að það eigi dugir, þótt eg skilji hana á þennan veg, þegar flestir aðrir og það sjálfir dómstólarnir skilja hana öðruvísi, þá vil eg líka, að henni sè breytt. Því er ver, að sumir prestar hafa skilið hana á líkan hátt og orðið sekir fyrir, svo sekir að slíks eru ei dæmi í þessu landi. Það er að minnsta kosti víst, að þessi lagaákvörðun hlýtur að vera óljós, og það er auðráðið af því, að hinn háttvirti konungsfulltrúi og 1. konungkjörni þingmaður skildi þennan umtalaða lagastað allt öðruvísi, en hinn 4. konungkjörni og þingmaður Árnesinga, þess vegna virðist mèr vera full ástæða til, að lagaákvörðuninni sè breytt, eða að hún að minnsta kosti verði gjörð skýrari. Eg skil nú heldur eigi annað, en það sè mögulegt að fá «authentiske Beviser» fyrir því atriði, sem hèr ræðir um. Eg set t. a. m. það dæmi, að hinn háttvirti þingmaður flytti sjálfur úr Seltjarnarneshreppi suður í Garðasókn, og kæmi svo til mín og beiddi mig að gipta sig. Eg vissi þá, að hann hafði verið í Seltjarnarneshreppi, og beiddi hann um vottorð frá sveitarstjórninni í þeim hrepp um það, að hann eigi hefði þegið þar sveitarstyrk, og eins úr öðrum hreppum, er hann hefði dvalið í. En eg skal játa það, að þetta verður reyndar opt mjög óþægilegt, einkum fyrir prestinn. Eg get heldur eigi verið hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni samdóma um það, að presturinn eigi ekki annað að gjöra, en sitja kyrr og bíða, þangað til viðkomandi persónur hafa lagt öll nægjanleg skilríki upp í hendurnar á honum, því eptir mínum skilningi á lagaboðinu veitir það honum alls eigi heimild til þess. Eg fæ eigi annað álitið en að orðin «forsyne sig med» bendi á, að hann sjálfur eigi að útvega sèr þessar «authentisku» sannanir. Það liggur reyndar í hlutarins eðli, að presturinn getur skyldað viðkomandi

persónur, til þess sjálfar að útvega sèr þessi skilríki, en í lagabókstafnum felst það alls ekki, að hann geti skyldað þær til þess. Viðvíkjandi breytingaratkvæði hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns, þá áskil eg nefndinni rètt til þess, að bera sig saman um það við uppástungumanninn, en skal þó jafnframt geta þess, að eg álít það eigi heppilegt, eins og hèr á stendur, því að það miðar auðsjáanlega til þess, að rýmka þau bönd, sem hèr eru á öreigagiptingum. Eg áskil nefndinni líka rètt til að bera sig saman við varaþingmann Húnvetninga um hans breytingaratkvæði, þótt eg reyndar sè mjög hræddur um, að það gangi eigi saman. Ýmsu öðru, er komið hefir fram gegn nefndinni, ætla eg eigi að svara, svo sem því, að enginn lagamaður hafi verið í nefndinni, og eg verð að segja, að mèr þykir hart, að slíkt er sagt, ekki vegna sjálfs mín, því að eg er ekki lagamaður, heldur að minnsta kosti vegna annars meðnefndarmanns míns, hins 1. konungkjörna, sem er yfirdómari í yfirrètti landsins. Að öðru leyti verð eg að halda því fast fram, að ef niðurlagsatriðið er betur orðað, þá veitir það prestinum miklu meiri tryggingu, en tilsk. 30. apríl 1824 10. tölul., og það veitir eigi einungis prestinum meiri tryggingu, heldur líka meiri tryggingu gegn öreigagiptingum, ef ábyrgðin á eigi að hvíla á prestinum einum, heldur líka á svaramönnunum, því auk þess að undanfærslan verður prestunum miklu anðveldari, svo tilfelli þessi verða sjaldgæfari, þá eru prestarnir optast fèlami, og þess vegna eigi færir um að borga skaða þann, er af þessari yfirsjón þeirra getur hlotizt.

Stefán Jónsson: Eg verð alveg að vera því mótfallinn, að danska tilskipunin frá 1857 verði lögleidd hèr á landi, því að það getur optlega við borið, að maðurinn hafi þegið sveitarstyrk og það optar en einu sinni, þótt han eigi hafi þegið hann seinustu 5 árin. Nú skulum vèr setja, að hann giptist stúlku, sem allt að seinasta árinu hefir þegið af sveit, eða þá ekkju, sem á mörg börn, og sem öll eru á sveit, þá getur enginn meinað þeim að giptast eptir þeirri tilskipun, sem hèr ræðir um, því brúðguminn hefir eigi þegið sveitarstyrk síðustu 5 árin, en til brúðarinnar á ekkert tillit að hafa. Allt svo á þá öll ómegðin að flytjast yfir á hrepp brúðgumans. Því eptir nú gildandi lögum eiga stjúpbörn að fylgja stjúpföðurshreppnum, en ekki föðurhreppnum, þó skildgetin sèu. Þetta er mèr óhætt að segja mundi valda miklu stríði og megnri óánægju, og eg álít það því alls eigi gjörlegt, að gjöra slíka ákvörðun að

lögum. Eg man, að þegar þetta lagaboð fyrst var lagt hèr fyrir þingið til álits, þá áleit þingið það eigi hæfilegt til þess að verða gjört hèr að lögum, og eg get eigi skilið, að það hafi batnað síðan, eða að kringumstæðurnar hèr á landi hafi breyzt svo síðan, að nú sè orðin þörf á að lögleiða það hèr. Eg vil því helzt, að engin bænarskrá sè rituð konungi um þetta mál, heldur væri stungið upp á því, að öllum prestunum sè ritað brèf um þetta mál, og minntir á, að fara varlega í þessu efni, og þá vona eg, að þau tilfelli, þar sem þeim yfir sèst í þessu atriði, fari að fækka.

Benidikt Sveinsson: Eg skal geta þess, að mèr fannst dæmi það, er hinn háttvirti framsögumaður tók af mèr, alls eigi heppilegt, því fyrst er það, að eg ímynda mèr, að það varla komi fyrir, að eg fari að biðja hann að gipta mig, en þótt það nú kæmi fyrir, þá skal eg segja honum, að það dygði honum alls eigi, ef hann ætlaði sèr að verða ábyrgðarlaus, eptir sínum ranga skilningi og nefndarinnar á 4. gr. í tilskipun 1824, þótt hann fái skilríki úr Seltjarnarneshreppi fyrir því, að eg eigi hafi þegið þar sveitarstyrk; hann yrði að sækja skilríki fyrir því lengra, hann yrði að sækja þau austur í Skaptafellssýslu og norður á land. Hann yrði yfir höfuð að rannsaka sveitarbækurnar í öllum þeim hreppum, er eg hefði dvalið í, og þeir eru margir. Eg skal nú taka annað dæmi. Eg vil setja, að maður, sem bæði er skikkanlegur og efnaður, komi norðan af Langanesi, og flytji sig suður í Garðasókn; þegar hann hefir dvalið þar 1 ár, fer hann til prestsins og biður hann að gipta sig stúlku nokkurri þar í hreppnum. Nú get eg eigi annað sèð, en að presturinn í Görðum, svo framarlega sem þessi lagaákvörðun á að skiljast eins stranglega, eins og bæði hinn háttvirti 1. konungkjörni og fleiri þingmenn vilja skilja hana, sè skyldur til að rannsaka ítarlega, í hvaða hreppum þessi maður hefir dvalið. En til þess að vita fulla vissu sína um það efni, þá verður hann að gjöra leit um allar sveitir á landinu, og mundi sú leit þykja hlægileg, og það svo hlægileg, að eg held, að enginn prestur mundi vilja kannast við hana sem embættisskyldu sína. En þótt presturinn sè nú búinn að spyrja uppi þær sveitir, er maðurinn hefir dvalið í til langframa, og kominn til fullrar vissu um það, að hann eigi hefir þegið sveitarstyrk í þeim, þá getur það þó komið upp úr kafinu seinna, að hann hefir þegið sveitarstyrk annarstaðar; hann getur t. a. m. hafa orðið veikur og lagzt í Skagafirðinum og fengið þar styrk hjá sveitarsjóðnum í

í hreppnum, en sú sveit, sem endurgjalda átti sveitarstyrkinn, hafi alls eigi vitað neitt um það, er hún gaf manninum vottorð um, að hann eigi hefði þegið þar sveitarstyrk, því að það getur vel verið, að sveitin, er hann lagðist í og þáði styrkinn af, hafi eigi verið svo bráð á sèr með að ganga eptir borguninni fyrir þennan styrk hjá sveitinni, sem hann var sveitlægur í og þess vegna átti að endurgjalda styrkinn. Menn sjá nú af þessu, að ef lögin eru svona skilin, eins og þingmenn sumir hugsa sèr, þá komast menn út yfir öll skynsamleg takmörk, og lenda að lokunum í því, sem er gagnstætt öllum hugsanlegum lögum og landsvenju. Eg fyrir mitt leyti veit það, að þegar eg var giptur, þá var eg alls eigi spurður um, hvort eg hafði þegið sveitarstyrk í þeim hreppum, er eg hafði dvalið í, og var það þó samvizkusamur og reglusamur prestur, er gipti mig, og mèr er óhætt að segja það, að það er alls eigi venja hèr á landi, er einhver biður prest að gipta sig, að presturinn þá spyrjist fyrir í öllum hreppum á landinu, hvort þessi maður eigi hafi dvalið þar, og ef svo er, hvort hann þá eigi hafi þegið þar sveitarstyrk. En hjá þessum framgangsmáta væri ómögulegt að komast, ef fara ætti eptir þeim skilningi eða rèttara óheyrilega misskilningi á þessari lagaákvörðun, sem sumir þingmanna vilja leggja á hana. Þess vegna er það líka beinlínis meining lagaboðsins, að skylda svaramennina til að ábyrgjast, að engir slíkir meinbugir sèu í hjónabandinu.

Framsögumaður: Það var alls eigi af því, að eg tók dæmið af hinum háttvirta þingmanni Árnesinga sjálfum, að eg byggist við, að það mundi koma fyrir mig að gefa hann í hjónaband. Hvað skilningi hans á þessum opt umtalaða lagastað viðvíkur, þá skal eg segja honum það, að eg vil feginn skilja þennan lagastað alveg eins og hann sjálfur. En eg sè, að er til framkvæmdanna kemur, þá dugir það eigi að hafa þennan skilning á lagaákvörðuninni, því að allir þeir, er hafa haft sama skilning á henni, sem þingmaður Árnesinga og breytt samkvæmt þessum skilningi sínum, hafa, er til dómstólanna úrslita hefir komið, verið dæmdir eptir hinum strangari skilningi á lagaákvörðuninni, og þeirra eiginn skilningur á henni alls eigi verið tekinn til greina. Eg ætla því ávallt hèr eptir, er maður biður mig að gipta sig, að heimta af honum skýrteini um þá hreppa, sem hann hefir dvalið í og jafnframt skilríki um það, að hann ekki eigi þar óendurgoldinn sveitarstyrk.

Forseti: Þar eð margir þingmanna hafa óskað þess, að um-

ræðunum skyldi hætta, þá skal eg skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort þeir vilji, að umræðunum hætti.

Var það síðan samþykkt með öllum atkvæðum, að umræðunum skyldi hætta.

Forseti: Eg vil biðja hina háttvirtu þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, að koma þeim til mín hið allra-fyrsta.

Það sem því næst liggur fyrir er undirbúningsumræða í málinu um kennslu í sjómannafræði á Íslandi. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, sem þörf gjörist.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sjá II, bls. 336).

Eins og nefndarálitið sýnir sjálft, þá eru uppástungur nefndarinnar sumpart byggðar á bendingum hins hæstvirta konungsfulltrúa um, að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að sjómannaefni hèr á landi fengju tilsögn í sjómannafræði á hinu danska herskipi, er á hverju sumri kemur hingað upp til landsins, og sumpart er það byggt á uppástungu þeirri, er til þingsins kom frá þingmanni Snæfellinga. Nefndin áleit, að þetta, sem hún fer fram á, væri hið eina, er gjörlegt væri, eins og nú er ástatt, og áleit eigi ráðlegt eða hyggilegt að fara að ráðast í nokkuð stórkostlegra. Eg get talið uppástungu nefndarinnar það til gildis, að hún hefir þann kost, að til þess að koma því fyrirkomulagi á, er hún fer fram á, þarf eigi að leggja mikið fè í sölurnar, og hins vegar hefir hún líka þann kost, að hún veitir mönnum færi á að nema sjómannafræði með tvennu móti, og eg hygg því, að ef fallizt er á uppástungur nefndarinnar, muni það nást, sem er mark og mið í máli þessu, en það er að efla þekkingu í sjómannafræði hèr á landi.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram við inngangsumræðuna, að mèr virtist uppástunga hins heiðraða þingmanns Snæfellinga um kennslu í sjómannafræði á góðum rökum byggð, og þar sem hin heiðraða nefnd hefir aðhyllzt uppástunguna, skal eg mæla með nefndarálitinu.

Hvað hin sèrstöku niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, skal eg geta þess, að mèr þykja þau vel til fallin, með því að þau gefa ungum mönnum, sem óska að nema sjómannafræðina, kost á annaðhvort að fá tilsögn í henni á hinu danska herskipi, sem hvert ár er sent hingað, eða að búa sig undir prófið hjá mönnum hèr

á landi, og í báðum tilfellum á þann hátt, að þeir fái styrk af hinu opinbera til þess kostnaðar, sem kennslan og prófið hafa í för með sèr, ef þeim heppnast að standast prófið. Hvort ferðakostnað skuli veita þeim einnig í því tilfelli, að þeir ekki geti staðizt prófið, virðist mèr eptir nefndarálitinu ekki alveg ljóst, og skal eg skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún finnur ástæðu til að taka af allan vafa í því tilliti, með því, að orða 2. niðurlagsatriði á nokkuð annan veg, eða þá að taka það í þessu tilliti nauðsynlega fram í álitsskjalinu. Hvað viðvíkur eptirliti amtmanna með kennslunni, á það eptir nefndarálitinu, að mjer skilst, einungis að snerta bækur þær og áhöld, sem fengnar verða kennaranum á kostnað hins opinbera, og að svo miklu leyti get eg einnig fallizt á þessa uppástungu.

Eiríkur Kúld: Þegar uppástunga þessi var fyrst borin upp á þinginu, geðjaðist mèr einkar-vel að henni; en eg verð að segja, að mèr líkar alls eigi vel við meðferð nefndarinnar á málinu; það er sèr í lagi 1. tölul. í niðurlagsatriðum nefndarinnar, sem eg ómögulega get aðhyllzt, þar sem kennslan í sjómannafræði er þar bundin við hið danska herskip; enda sýnir reynslan, að slíkt mundi eigi verða sem hentugast, því menn vita, að íslenzkum mönnum hefir opt verið gefinn kostur á, að fá tilsögn í sjómennsku á hinu danska herskipi, en hingað til hefir enginn sætt því boði, og svo mundi verða enn, hvað þetta snertir. Og ef menn ætlast til, að herskipið gegni rækilega köllun sinni, nefnil. að hafa strangt eptirlit með útlendum fiskimönnum hèr við landið, þá finnst mèr ekki eiga við, að tefja það með því, að gjöra það að nokkurs konar sjómannaskóla og gjöra því að skyldu, að fara inn á hafnir í því skyni að yfirheyra sjómannaefni. Þannig virðist mèr af mörgum ástæðum þetta fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar óheppilegt og óþarft. Það er þar á móti skoðun mín, að menn ættu sem mest að hlynna að innlendri fræðslu í sjómannafræði, og það því heldur, sem til eru hèr á landi íslenzkir menn, er færir eru um, að veita allgóða tilsögn í þessum fræðum; þannig veit eg eigi betur, en að fyrir norðan hafi 10 menn verið útskrifaðir næstliðið ár sem fullnuma í sjómannafræði, og skal eg í þessu efni skýrskota til hinna heiðruðu þingmanna úr Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, sem munu vera þessu kunnugir. Sömuleiðis veit eg til, að kennsla fæst í þessari fræði bæði á Ísafirði og Önundarfirði, og eg efast eigi um, að hinn háttvirti uppástungumaður þekki

mann fyrir vestan, sem getur kennt og yfirheyrt í sjómannafræði. Eg get því eigi sèð, að það sè nokkur nauðsyn fyrir oss, að flýja til Dana í þessu efni, þar sem kostur er á svo góðri innlendri kennslu, er oss getur komið að fullkomnum notum. Eg vil því, samkvæmt því, er eg nú hefi tekið fram, leggja það til, að þessi tölul. verði látinn falla burt. Við 2. tölul. í niðurlagsatriðunum vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að síðari hluti greinarinnar: »og að þeim, er notið — hèr við land» falli burt, og mun eg síðar orða það nákvæmar. Viðvíkjandi 3. tölul. er mèr eigi ljóst, hver skoðun nefndarinnar hefir verið, þar sem hún vill láta þá, er útskrifazt hafa í sjómannafræði, fá »hið svo kallaða stýrimannspatent». »Eg held, að það gæti varla komið þeim að miklu liði, því það veit eg, að í Danmörku fá menn eigi skip til forráða, nema þeir hafi farið sjóferðir til suðurhafanna, og er þá auðsætt, að þeim er eigi nóg að fá hið svo kallaða »stýrimannspatent». Eg hygg, að það mundi nægja hèr, ef menn hefðu fulla vissu um, að hlutaðeigandi væri búinn að nema sjómannafræði og hefði vanizt við alls konar sjómannastörf, því það er einmitt æfingin í sambandi við námið, sem gjörir menn hæfa til, að takast þá skipstjórn á hendur, sem vèr Íslendingar eins og stendur helzt þurfum við. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu mun þekkja svo vel, hvernig til hagar í þessu efni á Ísafirði, að hann geti frætt mig á, hvort það sè eigi gjört þar að skilyrði við þann, er vill fá skip til forráða, að hann hafi áður verið á skipum, og þannig tamið sèr sjómannastörf og lært sjómannafræði þar og staðizt próf í henni.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir tekið margt af því fram, er mèr þykir athugavert hjá nefndinni, og þarf eg því eigi mörgu við að bæta. Hvað 1. tölul. í niðurlagsatriðum nefndarinnar snertir, þá virðist mèr sú uppástunga eigi vera sem heppilegust, þótt hún sè má ske eigi með öllu óþörf. Eg álít það ókost á uppástungunni, að beðið er um útlenda kennslu, þar sem þó enginn skortur er á innlendum mönnum, er veitt geti tilsögn í sjómannafræði, enda sjá menn, eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram, að þótt mönnum hafi staðið til boða, að öðlast tilsögn á hinu danska herskipi, þá hefir enginn þegið það allt til þessa. Það er líka allt annað, að læra sjómennsku á gufuskipum og seglskipum; en íslenzkir skipstjórar þurfa einmitt að læra þau sjómannastörf, sem fyrir koma á seglskipum; því eg álít, að það sè tilgangurinn með stofnun

sjómannaskóla, að koma upp góðum skipstjórum á þilskip, er stunda hákarla- eða fiskiveiðar kringum landið, því enn sem komið er, þurfum vèr varla þeirra manna með, er færir sèu um, að sigla milli landa; hitt nægir víst fyrst um sinn. Við 2. tölul. vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að fènu verði varið til að efla og uppörva hina nú verandi innlendu sjómannakennslu, og skal eg síðar orða þetta nákvæmar. Síðari kafla greinarinnar vil eg fella úr, því eg álít þetta próf hjá foringjanum á hinu danska herskipi eða póstgufuskipinu alveg óþarft. Um 3. töluliðinn er það að segja, að mèr virðist hann mjög þýðingarlítill; því að minnsta kosti veit eg það, að á Ísafirði stendur það engum í vegi fyrir að verða skipstjóri, að hann hefir ekki hið svo kallaða «stýrimannspatent», og það er eigi skipstjóraskorti, heldur fjárskorti að kenna, að eigi ganga þaðan fleiri skip til hákarla- eða fiskiveiða. Mèr sýnist þess vegna litlu skipta, hvort þessi tölul. stendur eða fellur.

Egill Svb. Egilson: Það var í fyrstunni einungis tilgangur minn, er eg bar fram uppástungu þessa, að fá formenn, er færir væru um, að stunda fiskiveiðar á þilskipum kring um landið, eins djarft og útlendir fiskarar gjöra; en við umræðurnar, sem urðu á nefndarfundum, breyttist skoðun mín þannig, að mèr virtist æskilegt, að menn gætu átt kost á að nema svo mikið hèr í sjómannafræði, að færir væru að sigla landa á milli, en þar eð svo fullkomna kennslu mun naumast verða að fá hèr á landi, samkvæmt minni upprunalegu uppástungu í þessu efni, þá virðist mèr 1. tölul. í niðurlagsatriðunum nauðsynlegur, nefnil. að mönnum sè gefinn kostur á, að fá tilsögn í þessari fræði á hinu danska herskipi, og að þeir taki þar síðan reglulegt próf. Eg er sannfærður um, að ekki gæti þetta skaðað, en aptur á móti er eg hræddur um, að þetta yrði of sjaldan notað, og einasta af þeim, sem beinlínis vildu afla sèr kunnáttu til að geta fært skip landa á milli. Þessi hèr umrædda fræðsla og próf, er þeir þannig fengju, álít eg töluvert fullkomnari og á efra stigi, en annars yrði kostur á hèr á landi nú fyrst um sinn. Því eg er sannfærður um, að þótt einhver, sem lært hefði og tekið próf í sjómannafræði hjá innlendum kennara, reyndi að fá skip fermt og með ábyrgð erlendis til að færa, þá fengi hann það eigi, og væri þá þessum manni lærdómur hans hèr í landi ónógur til þessa augnamiðs, og mundi ábyrgðin á skipinu og farminum mest orsaka þetta, en þar á móti mundi sá, er tekið hefði próf í sjómannafræði hjá foringjanum á

hinu danska herskipi, eflaust geta komizt að sem skipstjóri í útlöndum eður geta fengið skip með ábyrgð, hvaðan sem væri. Eg ímynda mèr, að kennsla sú, er menn gætu fengið hèr á hinu danska herskipi, mundi hèr um bil verða tekin til jafns við þá kennslu, sem fæst á útlendum sjómannaskólum; en allir sjá, hvílíkur munur það er í tilliti til kostnaðarins, að fara á danska herskipið hèr rètt út fyrir fjörusteinana, eða fara til Danmerkur og sitja 1—2 ár við lærdóm þennan. Mèr virðist nú af þessum ástæðum vonandi, að þingið aðhyllist 1. tölul. Um 2. tölul. er það að segja, að þótt fjárupphæðin, sem beðið er um í uppástungunni til styrktar sjómannakennslu, sè eigi beinlínis ákveðin með tölum, þá virðist mèr þó greinin fullljóslega orðuð; þar stendur nefnilega: «á þann hátt, sem að ofan er á vikið», og þar í er fullkomlega fólgin fjárupphæð uppástungunnar. Viðvíkjandi síðari kafla þessa tölul. skal eg geta þess, að með honum er engum gjört að skyldu, að taka próf hjá foringjanum á hinu danska herskipi, heldur er að eins gefinn kostur á því; enda mundi slíkt próf verða flestum þeim of þungt, er lært hefðu hjá íslenzkum kennurum, og það svo, að þeir mundu optast, ef eg má svo að orði kveða, «falla í gegn» við próf það. En eg kann þó ekki við síðasta hluta greinarinnar, og áskil eg mèr breytingar- og viðaukaatkvæði við hana á þá leið, er eg fór fram á í fyrstu uppástungu minni. Um hina aðra tölul. í niðurlagsatriðunum þarf eigi að eyða mörgum orðum, því eg get ekki sèð, að nokkuð geti verið á móti þeim. Þannig er í 4. tölul. talað um eptirlit amtmanna, og virðist mèr, að það einungis lúti að útborgun á þóknunum til kennaranna, ferðakostnaðar og fjárframlags til bókakanpa o. s. frv. 5. tölul. nær sjálfsagt samþykki þingsins mótmælalaust. Eg vil taka það fram, að eg álít alveg nauðsynlegt, að prófið sè haldið í Reykjavík, því þar mun þó mega búast við meiri nákvæmni viðvíkjandi uppfræðingu og kunnáttu sjómannaefnanna, heldur en víðast hvar annarstaðar út um land. Eins verður maður að álíta meiri tryggingu fyrir óvilhöllu prófi, þegar hinir sömu ekki próía, sem kennt hafa, og mundi þannig alveg verða byggt fyrir tortryggni í þessa átt. Menn gætu því miður hugsað sèr, að þeir menn kynnu að gefast, er útskrifuðu pilta, þó ekki væru þeir sèrlega vel að sèr, þegar þeir ættu von á allt að 60 rd. þóknun. Af því að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga minntist á sjómannakennslu fyrir norðan og skýrskotaði til þingmannanna að norðan í því tilliti, þá vil eg vona að eg geti eins vel fullnægt hon-

um í þessu, og leyfi mèr því að lesa upp fyrir hinu heiðraða þingi nokkrar línur úr blaðinu Norðanfara, er skýra þetta atriði fullkomlega. Kafli þessi er þannig:

Norðanfari 13. júlí 1871. «Svo framarlega ekki verði gjörð önnur ákvörðun á aðalfundi fèlagsins í haust, mun ábyrgðarfèlagið sjá um, að skóli verði haldinn fyrir formanna-efni í vetur komanda frá nýári til marzmánaðar-loka, og borgar þá fèlagið kennslukaupið fyrir 8 lærisveina, eins og í fyrra; þeir, sem vilja njóta þessa styrks frá fèlaginu, verða að sækja um hann til fèlagsstjórnarinnar í tækan tíma, og láta beiðni sinni fylgja vitnisburð frá formönnum þeim, er þeir hafa verið hásetar hjá, um kunnáttu þeirra og dugnað í sjómannastörfum».

Það gleður mig mikið, að eg með uppástungu í þessa átt hefi mætt Norðlendingum á miðri leið í þessu efni, og væri óskandi, að menn um allt land hefðu jafn-mikinn áhuga á máli þessu og þeir; en þá vona eg líka og óska, að hið heiðraða þing styðji af afli til allra góðra framkvæmda í þessu efni, og láti Norðlendinga nú þegar sjá, hversu virða má framkvæmdarsemi og áhuga þeirra í þessu sem mörgu öðru öðrum fremur.

Jón Hjaltalín: Eg segi nú fyrir mig, að mèr geðjast vel að þessu nefndaráliti. Eg hefi ekkert á móti því, að innlend kennsla í þessari mennt sè sem mest efld og aukin; en eg held, að þeir, sem lært hafa sjómannafræði hèr á landi, hefðu gott af því, bæði að auka fróðleik sinn erlendis, og eins af því, að vera nokkurn tíma annaðhvort á hinu danska herskipi eða póstgufuskipinu. Eg man eptir því, að fyrir nokkru síðan kom saman nefnd manna í Reykjavík, til að ræða um, hvort æskilegt mundi vera, að nokkrir Íslendingar gengju í herskipaþjónustu í Danmörku, og þá var eg hinn eini, sem mælti fast fram með því, því eg áleit að einmitt þetta væri hinn bezti sjómannaskóli fyrir þá. En þetta fórst þó fyrir, og var það sjálfsagt Íslendingum enginn hagur. Það er vissulega hryggilegt, hve vankunnandi Íslendingar eru í því, er til sjómennsku heyrir. Það er verið að káka við þessar fiskiveiðar á svo litlum smábátum, og það er engin furða þótt duglegustu mennirnir drukkni tugum saman á ári hverju; og hvað gefur þá þetta fiskirí af sèr? Hvað «pródúcera» þessar 14,000 manns, sem eg veit með vissu að eru að fást við fiskiveiðar? Það er sannarlega lítið eptir hlutfalli. Eg skal játa það, að Norðlendingar hafa í þessu málefni gjört svo mikið, sem menn með sanngirni geta ætlazt til;

en þó hefir kunnugur maður sagt mèr, að þeir sigldu mjög svo óvarlega, og er það náttúrlegt, þegar næga þekkingu í siglingafræði vantar; en hana geta menn ekki fengið nema á útlendum skipum. Eg legg það því til, að 1. tölul. í niðurlagsatriðunum sè haldið. Loksins vona eg, að hið heiðraða þing sjái, hvílíkt nauðsynjamál þetta er fyrir oss, og að það hugsi sig vel um, áður en það kastar þessari uppástungu, sem vissulega er byggð á skynsamlegum ástæðum.

Stefán Jónsson: Það er reyndar óþarfi fyrir mig að svara áskorun þeirri, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga beindi að mèr og þingmanni Skagfirðinga um það, að vèr skyldum skýra frá, hvort eigi fengist kennsla í sjómannafræði á Norðurlandi, því að hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hefir nú þegar gjört það. Þó skal eg bæta því við, að mèr er kunnugt, að í vetur er var lærðu 10 piltar og gengu undir próf í sjómannafræði hjá manni nokkrum norður í Fljótum, er sjálfur hefir tekið utanlands próf í sjómannafræði. 8 af piltum þessum fengu betri einkunn, 1 fèkk lakari einkunn, en 1 var álitinn óhæfur. Þetta mun eg hafa tekið fram við fyrri umræðu málsins. Á þessu verður nú aptur byrjað í vetur. En þeir menn, sem ætla sèr að fá að njóta þessarar kennslu eða tilsagnar, verða að vera duglegir sjómenn og sem eru orðnir nokkuð vanir á hákarlajöktum, þótt þeir eigi hafi verið stýrimenn. Eg get því eigi annað álitið, en að kennslan í sjómannafræði á Norðurlandi sè í góðu horfi, eptir því sem föng eru á, og eg er sannfærður um, að þótt það fyrirkomulag kæmist á, er nefndin hefir stungið upp á, þá mundu þó fáir Norðlendingar vilja koma hingað og nota þá kennslu og tilsögn; það munu líka fæstir vera svo stórhuga, að þeir ætli sèr að stjórna hafskipum, með því líka þau eru mjög fá til hèr á landi, sem landsmenn eiga. Eg skal ekki ámæla nefndinni fyrir það fyrirkomulag, sem hún hefir stungið upp á, en það álít eg þó æskilegast og bezt, ef nokkru fè væri varið til þess, að styrkja og styðja þá kennslu í sjómannafræði, sem þegar er komin á hèr í landi. Eg skal líka geta þess, að ábyrgðarfèlagið á Akureyri hefir mikið stutt að kennslu þessari, þar sem það hefir gefið, ef eg man rètt, 100 rd. til þess, að efla kennsluna, og hefir framvegis heitið 100 rd. næsta ár, ef henni væri haldið áfram. Eg fyrir mitt leyti er viss um, að þótt sá lærdómur og sú þekking í sjómannafræði, sem menn geta aflað sèr á Norðurlandi, eigi sè fullkomin, þá er hún

þó til mikils góðs, og þótt það stundum beri við, að slysfarir verði við Norðurland á sjó, þá er það víst eigi allt af vankunnáttu, og það hefir líka einn farizt þar, er tekið hafði próf í sjómannafræði í Kaupmannahöfn. Menn verða að gá að því, að sjóferðir þar eru opt miklu meiri hættu bundnar en hèr, þar sem ísinn er þar allt af að reka öðru hverju. Líka vita menn, að það ber opt við, að útlendir fiskimenn farast hèr við land, og verður það þó víst eigi eignað vankunnáttu. Eg er því, eins og eg sagði áðan, sannfærður um, að Norðlendingar mundu eigi nota þá kennslu í sjómannafræði, sem nefndin hefir stungið upp á (*Egill Egilson*: Það er heldur enginn að neyða þá til þess).

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður áleit, að menn ættu eigi að líta á kostnaðinn í svo mikilsvarðandi máli sem því, er hèr ræðir um, og ímynda eg mèr því, að hann hafi sèð einhvern betri veg til þess, að koma málinu áfram, en nefndin hefir stungið upp á. Eg vil því sameina mig við hann um að fara hinu sama fram sem uppástunga alþingis 1869 í þessu máli, nefnilega að reglulegur sjómannaskóli verði stofnaður í landinu; eg ætla að áskilja mèr rètt til þess, að koma fram með þessa uppástungu til vara, ef mèr þætti óhappalega takast til með málið á þinginu. Eg sè alls eigi, að ástæða sè til að leggja niður bátaveiðina, og ef hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður ímyndar sèr, að menn farist svo opt á bátum hèr við land, af því þeir sèu svo litlir, þá vil eg spyrja hann, hvort hann líka heldur, að Frakkar farist svo opt hèr við land, eins og þeir gjöra, af því skip þeirra sèu eigi heldur nógu stór. Eg get heldur eigi verið samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um það, að það hefði verið nytsamlegt og gagnlegt fyrir landið, ef það hefði verið ráðið af að senda nokkra Íslendinga til þess að vera á flota Dana, af þeirri ástæðu, að þeir mundu fá þar ljósa og greinilega þekkingu í sjómannafræði, því eg hefi aldrei og er eigi enn hlynntur neins konar útboði. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hèlt mjög fram kennslunni á herskipum og taldi það víst, að hún mundi geta orðið að góðum notum; en eg fyrir mitt leyti álít hana alveg ópraktiska, því að þeir, sem á herskipunum eru, þekkja alls ekkert til hákarlaveiða og þorskveiða, og það er þó það, sem sjómönnum vorum mest ríður á að vita, hvernig þorskveiðar og hákarlaveiðar bezt verða stundaðar. Eg get heldur eigi ímyndað mèr, að þótt þessi kennsla verði svo fullkomin, að þeir menn, er hennar

hafa notið, geti fengið hið svo kallaða stýrimannspátent, þá geti þeir fengið haffær skip til þess að fara með, eða þau skip, sem fara landa á milli, fyrir það, því að þar með er eigi fullnægt því skilyrði, sem að minnsta kosti, að því er mèr er kunnugt, er í Danmörku fyrir því, að menn fái haffær skip til þess að fara með eða stjórna, nefnilega það, að þeir hafi gjört ferð til suðurhafanna. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hèlt því líka fast fram, að aðalprófið væri í Reykjavík, en eg get eigi skilið, af hvaða ástæðu hann gjörir það, nema það sè af þeirri ástæðu, að hann álíti það bót, að prófið fari fram á dönsku, en ef hann vill endilega halda því fram, þá skal eg vera honum samdóma um það, að flestir þeir, er innlendrar kennslu hafa notið, munu eigi standast prófið, heldur verða gjörðir rækir. En eg er alveg á gagnstæðri skoðun um þetta við þingmann Snæfellinga; eg vil, að bæði kennslan sè innlend og á íslenzku, og að prófið sè innlent og á íslenzku. Uppástungunni undir tölulið 1. taldi þingmaðurinn ýmislegt til gildis, en niðurstaðan varð þó sú hjá honum, að hann áleit hana óþarfa (*Egill Egilson*: Nei). Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að það væri að eins tilgangurinn með stofnun sjómannaskólans, að koma upp góðum skipstjórum á þau þilskip, er stunda fiskiveiðar hèr við landið, en eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að einnig megi hafa þann tilgang fyrir augum, að gjöra þá svo, að þeir verði færir um að stjórna hafskipum, og eg veit líka nýlega eitt dæmi, að maður, sem að eins hafði numið sjómannafræði hèr á landi, sigldi með skip til útlanda (*Egill Egilson:* Hann er enn eigi kominn aptur). Eg er farinn að vonast eptir honum. Það verður því eigi sannað, að þá, er numið hafa sjómannafræði hèr á landi, skorti árædi til þess, að sigla skipum til útlanda, enda hafa líka vanir sjómenn sagt mèr, að það eigi væri meiri vandi, heldur en að finna aptur landið, er menn hafa misst lengi sjónar á því, eins og opt ber við, þegar menn eru á fiskiveiðum hèr umhverfis landið.

Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók af mèr ómakið, því að hann tók það flest fram, er eg ætlaði að segja. Eg er honum samdóma um, að innlend sjómannakennsla sè hin æskilegasta og högum vorum samkvæmasta, og að menn eigi af fremsta megni að styðja og styrkja þá kennslu í sjómannafræði, sem þegar er komin á í landinu, og ætla eg að áskilja mèr rètt til að sameina mig við hann um breytingaratkvæði í þá stefnu. Eg get eigi verið meðmæltur 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, því að

mèr sýnist það alveg óaðgengilegt. Það getur nú reyndar verið, að nefndin geti gefið frekari skýringar um, hvernig hún hugsar sèr þessa kennslu, sem hún stingur upp á að fást skuli á hinu danska herskipi, t. d., hve yfirgripsmikil hún ætlast til að kennslan skuli vera, og er sjálfsagt nauðsynlegt, að hún gefi þinginu þvílíkar skýringar, ef hún hugsar til að fá uppástungu sinni framgengt. Að því, sem mèr er kunnugt, er kennsla í sjómannafræði bæði bókleg og verkleg, en eptir því sem eg hefi heyrt, þá munu menn varla getá fengið verklega kennslu í sjómannafræði, þótt menn sèu um tíma á herskipinu danska, sem hingað kemur til landsins, þar sem það að sögn heldur sig lengst af kyrrt á höfnum inni, en bóklega þekkingu á sjómannafræði geta menn að líkindum fengið þar nægilega. Enn fremur vildi eg óska að fá upplýsingu hjá nefndinni um það, hvort hún ætlast til, að þeir menn, sem á herskipið fara til að fá þar tilsögn í sjómannafræði, sèu á skipinu að eins þann tímann, er það dvelur hèr við land, eða hún ætlast til, að þeir fari með því til Danmerkur, og geti þannig orðið kennslunnar aðnjótandi yfir allan árshringinn. Sè nú hið fyrra tilfellið, að kennslan verði að eins bundin við þann tima, sem herskipið er hèr, þá er það mjög óhentugur tími, þar sem það einmitt er sjálfur bjargræðistíminn, og það held eg yrði einmitt til þess að fæla menn frá að færa sèr í nyt þessa kennslu í sjómannafræði á herskipinu. Enn fremur er það hulin ráðgáta fyrir mèr, hvort sú kennsla, sem fæst þar, muni verða hentug fyrir oss, eins og hèr er ástatt og hèr hagar til, því að ef það er tilgangurinn með þessari kennslu í sjómannafræði á herskipinu, að gjöra menn svo fullkomna í henni, að þeir, sem hennar njóta, geti orðið kapteinar á haffærum skipum og siglt landa á milli, þá finnst mèr vera heldur snemmt að fara að hugsa um það, þar sem vèr Íslendingar eigum eigi eitt einasta haffært skip, svo eg viti, nema ef telja skal hina nafnkenndu «Gránu». Þetta eru þær athugasemdir, er eg finn mèr skylt að gjöra viðvíkjandi nefndarálitinu, og vona eg, að hinn háttvirti framsögumaður svari þeim svo, að málið skýrist fyrir mèr. (*Egill Egilson*: Þeim er svarað í nefndarálitinu). Það getur verið, því að eg tók eigi vel eptir því, þegar það var lesið upp. (*Egill Egilson*: Það hefir líka lengi legið á lestrasalnum). Við 2. tölul. get eg heldur eigi fellt mig, nema að svo væri, að orðin: «á þann hátt, sem að ofan er á vikið», sèu felld burtu, því að innlenda kennslu í sjómannafræði vil eg fúslega styðja og hlynna að henni sem mest. (*Grímur*

Thomsen: það er líka meining nefndarinnar.), og mun eg sameina mig við þingmann Barðstrendinga um breytingaratkvæði þar að lútandi.

Hallgrímur Jónsson: Eg verð að segja það, að mèr líkar eigi alls kostar við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Í hitt eð fyrra, þegar þetta mál var rætt hèr á þingi, og kom til umræðu að stofna hèr á landi sjómannaskóla, þá man eg það, að hver vildi draga hann til sín. Einn vildi t. a. m. hafa hann í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Ísafirði, o. s. frv., og loksins stakk einn þingmanna upp á því í spaugi, að hann væri settur á Arnarfelli; það er í miðju landi. En nú hefir nefndin orðið svo heppin, að komast að þeirri niðurstöðu, hvar við að hverfur þessi eigingirni, að skólinn skuli vera umhverfis allt land, það er að segja, á herskipinu, sem eptir núverandi ráðstöfun á að vera á ferðum allt í kringum það. Eg er mjög hræddur um, að sú kennsla verði eigi notaleg nè happasæl, er fæst með þessari tilhögun, er nefndin hefir stungið upp á, og eg er sannfærður um, að það muni fara svo, eins og sjálfur uppástungumaðurinn hefir kveðið að orði í uppástungu sinni, sem lesin var hèr um daginn, nefnilega að enginn Íslendingur mundi verða til að færa sèr í nyt þessa kennslu. Eg hafði hugsað, að halda mèr helzt við bænarskrá alþingis um þetta mál 1869, eða í líka stefnu, og gæti eg þá notað 2., 4. og 5. niðurlagsatriði nefndarinnar, einkum væri því 2. atriðinu nokkuð breytt. Eg vil fyrst til bráðabyrgða að til tekin sè viss fjárupphæð og henni sè varið til þess, að styrkja innlenda skóla í sjómannafræði, því það hefir nú verið sagt og sýnt fram á það hèr á þinginu, að þessir skólar eru þegar komnir á fót hèr í landinu. En ef nokkru fè væri varið til þess, að styrkja þá, þá mundu þeir efalaust ná meiri þroska og verða að betri notum, en nokkur útlend kennsla, og gæti það vel hugsazt, að þeir, sem þar hefðu fengið tilsögn í sjómannafræði, yrðu svo fullnuma í henni, að þeir gætu stjórnað haffærum skipum og siglt landa á milli. Eg vil reyndar ekki segja, að það fyrirkomulag, sem nefndin hefir stungið upp á, sè með öllu óhæfilegt, heldur að það sè saklaust og gagnslítið. Eg álít t. a. m. ekkert illt í því, að mönnum sè gefinn kostur á, að ganga undir próf í sjómannafræði hjá yfirmanninum á danska herskipinu, en kennsla, sem þar næðist, yrði sjálfsagt í því verklega ónóg, eins og hún líklega yrði hvikul, því hver veit, hvað lengi sú ráðstöfun stendur, að það komi hingað

til lands; vildi eg helzt, að reglulegur sjómannaskóli kæmist hèr á, og fellst eg alveg á 4. niðurlagsatriði nefndarinnar um það, að slíkur skóli eigi að standa undir umsjón amtmannanna. Eg fellst líka alveg á 5. niðurlagsatriði nefndarinnar um það, að æskilegt sè, að hinar nauðsynlegu ákvarðanir verði sem fyrst gjörðar um fyrirkomulag prófsins, og annað það, er útheimtist þessu máli til framkvæmdar. Eg ætla því, að svo mæltu, að áskilja mèr rètt til að sameina mig við hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga og þingmann Suður-Þingeyinga, sem ráðgjört hafa að taka sèr breytingar á þá sömu leið, og bænarskrá alþingis í þessu máli 1869 fór fram á.

Framsögumaður: Það lítur svo út, sem þessi tvö nefndarálit, sem rædd hafa verið í dag, eigi hafi haft góðum byr að fagna á þinginu. Það gleður þó nefndina í þessu máli, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi eigi hafði margt á móti aðgjörðum hennar í málinu, og mun nefndin taka bendingar þær, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf henni, til nákvæmrar íhugunar, og laga uppástungur sínar eptir þeim að svo miklu leyti, sem henni eptir ítarlegri yfirvegun kynni virðast það betur við eiga. Það hefir verið talað bæði margt og mikið um 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, og margir þingmanna verið því mótfallnir, en eigi að síður er eg þó sannfærður um, að það er í engu tilliti ísjárvert. Þar er einungis farið fram á það, að mönnum sè gefinn kostur á, að njóta kennslu í sjómannafræði á herskipinu; en menn eru alls ekki skyldaðir til þess. Og mèr virðist það alls ekki ómögulegt, og ekkert ólíklegt, að einhver vilji sæta þeim kostum, að fá tilsögn í sjómannafræði á herskipinu. Þess ber líka að gæta, að stjórnin hefir að fyrra bragði gefið oss kost á, eða boðið oss þessa kennslu handa sjómanna-efnum, og mèr virðist því alls ekki gjörlegt, að hafna þessu tilboði stjórnarinnar, sem eg er sannfærður um að gæti komið að góðum notum. Það nær heldur ekki neinni átt, að kalla þetta tilboð stjórnarinnar «útboð», eins eg einhver þingmaður gjörði áðan. Slíkt er svo fjarstætt, að það þýðir ekki svörum. Mèr virðist nokkrir þingmenn hafa misskilið nefndarálitið, þar sem það ræðir um innlenda kennslu, því það er beinlínis tilgangur og vilji nefndarinnar, að hlynna að innlendri kennslu í sjómannafræði, þar sem hún vill styðja að því, að þeir, er kennslu þessa hafa hèr á landi, geti gjört það með með svo vægum kjörum, sem auðið er; að þessu lítur auðsjáanlega 2. niðurlagsatriði nefnd-

arinnar, þar sem nefndin stingur upp á, að ætlað verði í hinni árlegu fjárhagsáætlun fé til uppörvunar sjómannakennslu hèr á landi. En það er sjálfsagt og eðlilegt, að þegar þannig er veitt af því opinbera fé til styrktar sjómannakennslunni hèr á landi, þá verður líka að fást trygging fyrir því, að þessu fé sè vel varið, og þess vegna hefir nefndin líka stungið upp á, að þeir, sem kennsluna hafa á hendi, eigi fái fjárstyrkinn útborgaðan, nema að lærisveinar þeir, er notið hafa tilsagnar hjá þeim, sanni, að þeir hafi fengið þá þekkingu á sjómannafræði, sem heimtuð verður af þeim, en það geta lærisveinarnir eigi sannað, nema með því að þeir gangi undir próf og fái staðizt prófið. Uppástunga þingmanns Snæfellinga fór því fram, að prófið væri haldið í Reykjavík af kennaranum í mælingarfræði við latínuskólann og af póstgufuskipsstjóranum, en nefndin áleit, að aðalreglan ætti að vera, að prófið færi fram á danska herskipinu, sem hingað kemur upp á ári hverju, því að það veitti jafnvel meiri tryggingu fyrir því, að prófið væri áreiðanlegt, heldur en þótt prófið væri haldið af póstgufuskipsstjóranum og kennaranum í mælingarfræði við latínuskólann í Reykjavík, þar sem allt af mætti ganga að því vísu, að þeir menn væru á herskipinu, sem í fyllsta máta væru færir um að halda slíkt próf, en það væri alls eigi sagt um póstgufuskipsstjórann, að hann væri ætíð svo vel vaxinn því, að halda þvílíkt próf; það væri, eins og menn segja, meira undir hælinn lagt. Það var líka enn ein ástæða, er nefndinni þótti mæla með því, að prófið væri haldið á herskipinu, nefnilega sú, að herskipið kemur víða hèr við land, og verður það þannig þeim, sem undir prófið ætla að ganga, miklu hægra og kostnaðarminna, að taka prófið á herskipinu, heldur en ef þeir þyrftu að fara til þess suður í Reykjavík. Með þessari uppástungu sinni vill nefndin engan veginn gjöra lítið úr hinni innlendu kennslu, en það, sem vakti fyrir henni, var það, eins og eg áðan tók fram, að ef hið opinbera á að veita styrk þessari innlendu kennslu, þá þarf líka að vera trygging fyrir því, að þessum styrk sè vel varið, eða með öðrum orðum, að kennslan sè í góðu lagi, en tryggingin fyrir því fæst eigi með öðru móti en því, að próf sè haldið yfir þeim, er kennslunnar hafa notið. Eg get eigi verið hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu samdóma um það, að þessar uppástungur að mestu leyti sèu óþarfar; mèr þykir hann gjöra heldur lítið úr nauðsyninni á, að sjómenn vorir fái meiri þekkingu á sjómannafræði en þeir nú hafa, og þar sem hann

sagði, að herskipin væru óhentugur staður til þess að nema sjómannafræði á, þá verð eg að neita því, því að þótt þar fáist kann ske eigi mikil praktisk kennsla í sjómannafræði, þennan stutta tíma, sem þau eru hèr við landið, og þar sem það eru gufuskip, þá er það þó víst, að þar getur fengizt góð bókleg kennsla í henni, og þar að auki venjast þó lærisveinarnir nokkuð við sjómennsku, auk þess að þeir læra reglusemi og fleira, er getur komið að góðum notum. Og eg vil biðja hinn háttvirta þingmann að gæta þess, að þótt reglulegir sjómannaskólar yrðu stofnaðir hèr á landi, þá mundi þar heldur eigi fást praktisk kennsla í sjómannafræði, heldur einungis bókleg kennsla. Reynsluna, sem útheimtist til þess, að geta orðið skipstjóri, þarf maður að afla sèr fyrir utan kennsluna, hvort sem maður hefir lært hjá einstökum manni, eða í reglulegum sjómannaskóla. Ef menn fara nú þegar að biðja um sjómannaskóla, þá verður það alls eigi til þess, að hrinda málinu áfram, og auk þess vilja þeir, sem stinga upp á að biðja um sjómannaskóla, láta sèr fyrst um sinn nægja með hið minna, svo skólanum eptir þeirra uppástungu er skotið út í óvissa framtíð. Eg álít, að það sè betra, að byrja með minna, og láta þess vegna staðar nema fyrst um sinn við uppástungur nefndarinnar; það er allt af hægt að færa sig upp á skaptið, og biðja um reglulegan sjómannaskóla, er reynslan sannar, að hann muni verða að meiri notum, en þetta fyrirkomulag, sem nefndin hefir farið fram á. Út af ræðu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga skal eg geta þess, að eg er sannfærður um, að ef hann kynnir sèr betur nefndarálitið, en hann nú hefir gjört, þá muni hann fá betri upplýsingar um þau atriði, er hann skoraði á mig að útlista fyrir sèr, og ætla eg því eigi að fara neitt út í það. Eg skal að eins geta þess, að það sem hann var í vafa um og vildi fá upplýsingu um, hvaða kennsla það væri, er menn ættu að fá á herskipinu, þá er það sjálfsagt sú sama kennsla, sem menn annars fá á sjómannaskólum, nefnil. hin bóklega kennsla. Eg skal líka geta þess í tilliti til ræðu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga, að nefndarálitið ber það auðsjáanlega með sèr, að ætlazt er til, að þeir menn, sem sæta vilja þessari kennslu á herskipinu, sèu á því að eins sumarlangt, eða þann tíma, sem það dvelur hèr við land, en nefndinni gleymdist heldur eigi að taka það fram, að þessi tími er einhver hinn óhentugasti fyrir oss til þess konar starfa, þar sem það einmitt er sjálfur bjargræðistíminn, og hèlt hún því, að menn hèr á landi

mundu þess vegna eiga bágt með að sæta þessu tilboði um að fá tilsögn í sjómannafræði á herskipinu, og þetta var því líka ein ástæðan, er nefndin þóttist hafa til þess, að hlynna sem mest að hinni innlendu kennslu.

Jón Hjaltalín: Eg fæ eigi séð, að þær mótbárur, er komið hafa fram gegn nefndarálitinu séu á nokkrum rökum byggðar, og vona eg því, að þingið styðji af alhuga þetta mál. Menn hafa fært það til, að ekkert gagn væri að því, að vera á herskipinu, þar sem það mestallan tímann lægi kyrrt og hvíldi sig á höfnum inni, en þessu verð eg alveg að neita, því að það fer þó umhverfis landið, og að minnsta kosti gefst mönnum þó tækifæri til að læra góða reglu á því, og það er einmitt þessi regla, sem Íslendinga skortir mest. Þeir kunna ekki að fara með segl né kaðla, eða í einu orði, það sem til skipsins heyrir; þeir eru allt of hirðulausir í því tilliti, og þess vegna fer margt hjá þeim miður, en ella mundi. Það hefir verið mikið talað um kostnaðinn, sem uppástunga nefndarinnar mundi hafa í för með sér; en hvað dugar að vera allt af að klifast á kostnaðinum við þau fyrirtæki, sem auðsjáanlega hafa hagnað og framfarir í för með sér. Íslendingum veitir sannarlega ekki af dálitlum framförum, ef þeir eiga ekki ávallt að standa svo fjarskalega á baki annara þjóða í þessu efni. Það er mikil munur á fiskiveiðum Frakka og innlendra manna hér við landið, og það drukkna miklu færri af þeim að tiltölu hér við landið en af Íslendingum. Það er ekki langt á að minnast skipskaðana, sem urðu eystra í vetur, og það svo hraparlega, að heil sveit hefir sjálfsagt misst helminginn af verkfærum mönnum. Eg skora enn einu sinni á þingið, að ganga vel fram í máli þessu.

Egill Egilson: Eg vildi óska, að hinir heiðruðu þingmenn hefðu kynnt sér betur nefndarálitið en út lítur fyrir að þeir hafi gjört. Það eru nokkrir, sem hafa nálega rangfært hvert orð í því. Þannig hefir þingmaður Borgfirðinga lesið svo, að nefndin hafi ætlazt til, að einn sjómannaskóli yrði stofnsettur kringum allt land. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hélt, að lítið mundi Íslendingum fara fram í hákarlaveiðum, þó þeir lærðu á herskipi, eins og það heyrði til sjómannafræði að draga hákarl; svo áleit sami þingmaður, að ekki væri hægt að læra á gufuskipi, nema það lægi kyrrt og skólinn yrði því þess vegna til tafar, en eg get fullvissað hann um, að engum er vorkunn að læra á skipi, þó á flugferð sé. En þá var enn einn þingmanna, sem sagði, að sam-

kvæmt nefndarálitinu yrði kennslan ekki innlend. En eg má fullyrða, að ekki fer einn stafur, enn síður orð eða meining nefndarálitsins eitt fet út fyrir Ísland; mótbárum þeim, sem þannig hafa fram komið í máli þessu enn sem stendur, eru því ekki þess eðlis, að eg vilji eyða tíma til að svara þeim frekar; einungis vildi eg óska, að eg gæti orðið þess áskynja við ályktarumræðuna í máli þessu, að þingmenn væru búnir að kynna sèr betur nefndarálitið, og mun eg biðja um, að það fái að liggja á lestrarsalnum til þess það verður rætt til lykta.

Stefán Eiríksson: Eg skal nú ekki lengja mikið umræðurnar, því það er allmikið búið að ræða um þetta mál. En eptir því, sem fram fór hèr á þinginu 1869, og þeim áhuga, sem þingið þá hafði á málinu, álít eg að sjómannafræði væri mjög nauðsynleg stofnun hèr í landi, eins og eg verð að álíta, að hvers konar menntastofnun, sem fæst í landinu sjálfu, sè einkar-hagfelld, þá er það eins með þessa stofnun; en þegar eg virði fyrir mèr niðurlagsatriði nefndarinnar, sýnist mèr 1. töluliður miður hagfelldur; eg held að það, sem sjómenn vorir þurfa að læra, megi betur nema á seglskipum en gufuskipum. Eg hefi hugsað mèr þessa sjómannakennslu á þann veg, að menn ættu helzt að læra siglingaaðferð, og að kunna að reikna út, hvað mætti ætla því og því skipi mikinn hraða, en ekki hitt, eins og einhver þingmanna tók fram, hvernig ætti að liggja fyrir hákarli eða beita fyrir fisk. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni var að tala um skiptapana í Mýrdalnum, þá verð eg að segja honum það, að það er ekki svo auðvelt, að læra að lenda við brimsanda, og allrasízt læra menn það á herskipinu, og sú sjómannafræði mun hvorki verða kennd hèr í landi eða erlendis. Eg vil sem sagt, að sem mest sè hlynnt að innlendri kennslu í landinu sjálfu, og því finnst mèr, að þingið ætti ekki með öllu að fella mál þetta, úr því að svo lítur út sem styrkur geti fengizt til þessa fyrirtækis frá því opinbera, ef einhverjir vildu gefa sig fram, til þess að nema mennt þessa.

Forseti: Þar eð eigi eru fleiri, sem óska að taka til máls, þá er undirbúningsumræðu þessari lokið, og þar með störfum vorum að þessu sinni. Eg skal biðja þingmenn þá, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, að koma þeim til mín hið allrafyrsta. Eg ákveð fund á morgun kl. 12, og segi þar næst

Fundi slitið.

---

26. fundur — 8. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá fyrirfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það sem liggur fyrir í dag til umræðu er málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, sem kemur til umræðu til undirbúnings. Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá því. Sú villa, að nafn eins nefndarmanns hafði óvart fallið úr í nefndarálitinu, þegar það var prentað, er nú lagfærð, og blaðið prentað upp aptur, svo að þingmenn munu hafa fengið það leiðrètt.

Framsögumaður (Guðmundur Einarsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II., bls. 339).

Enda þótt mál þetta sè mjög yfirgripsmikið, eins og öllum er kunnugt, ætla eg þó eigi að fara mörgum orðum um það að sinni, fyr en eg heyri umræður manna, því að bæði er það, að eg er orðinn þreyttur af þessum langa lestri, og svo er líka það, að í sjálfu nefndarálitinu eru svo skýrt og ljóslega teknar fram ástæðurnar fyrir öllum þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört, að eg hefi engu þar við að bæta. Eg ætla því að eins að leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort honum eigi virðist þörf á að ræða málið í köflum, þannig að fyrst sè ræddur kaflinn um hreppsnefndirnar, og að þá sè byrjað á 2. grein frumvarpsins, því að 1. grein frumvarpsins heyrir eiginlega ekki fremur þeim köflu til, heldur en hinum köflunum. Því næst sè tekinn til umræðu kaflinn um sýslunefndirnar, og svo síðast þriðji kaflinn, nefnilega kaflinn um amtsráðin, og þá sè um leið tekin 1. gr. til umræðu, eptir því stigi sem málið þá verður á.

Forseti: Eptir áskorun hins háttvirta framsögumanns skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ræða málið í köflum, þannig, að fyrst komi til umræðu kaflinn um hreppanefndirnar, sem nær yfir 2.—25. grein frumvarpsins; því næst sè tekinn til umræðu annar kafli frumvarpsins, nefnil. kaflinn um sýslunefndirnar, sem nær yfir 26.—41. grein frumvarpsins; og loksins komi til umræðu þriðji kafli frumvarpsins, það er að segja kaflinn um hið sameinaða amtsráð, sem nær yfir 42.—56. grein frumvarpsins, og með þeim köflunum verður þá rædd fyrsta grein frumvarpsins, sem að rèttu lagi heyrir þar undir.

Konungsfulltrúi: Frumvarp það til tilskipunar um sveitastjórn, sem hèr liggur fyrir, er að mínu álíti það mest áríðandi mál, sem í þetta skipti hefir verið lagt fyrir þingið, því bæði þurfa sveitarmálefni landsins verulegrar umbótar við, eins og alþingið opt hefir kannazt við, og fyrirkomulagið á sveitastjórnarmálinu getur orðið hin bezta undirstaða og undirbúningur undir stjórnarbótarmálið, ef þinginu heppnast ekki í þetta skipti, að leiða það til lykta, heldur frestar því um ókominn óákveðinn tíma. En sveitastjórnarmálið er ekki einungis eitt hið mesta áríðandi mál, sem lagt hefir verið fyrir þingið, heldur einnig í sjálfu sèr umfangsmikið og vandamikið, og þess vegna ætla eg að þingið megi kunna hinni heiðruðu nefnd sínar beztu þakkir fyrir það, að hún hefir tekið svo vel og vandlega í þetta mál, að mèr þykir góð von um, að það fái hin beztu úrslit á þinginu, og skal eg fyrir mitt leyti votta nefndinni viðurkenningu mína í þessu tilliti.

Hin heiðraða nefnd hefir aðhyllzt aðalatriði frumvarpsins, en það er niðurskipun allra sveitarmálefna milli þriggja sveitafèlaga, hreppanna, sýslnanna og amtanna, og tilhögun þá, sem frumvarpið í þessu tilliti hefir stungið upp á. Þegar nú eptir ákvörðun hins heiðraða forseta skal ræða málið í köflum, skal eg fyrst snúa mèr að breytingaruppástungum nefndarinnar við 1. kaflann um hreppanefndirnar, en nú þegar taka það fram, að eg álít óþarft að ræða allar þær breytingar, sem að eins eru orðabreytingar eða frumvarpinu til skýringar.

Eg hef ekki neitt á móti breytingu þeirri við 9. gr., að ekki hreppsnefndin, heldur sýslunefndin skuli gjöra út um það, ef hreppsnefndarmaður af ástæðum, sem ekki svipta hann kosningarrètti eða kjörgengi, beiðist lausnar úr nefndinni.

Af ástæðum þeim, sem nefndin hefir tekið fram við 12. gr., get eg fallizt á að hinir lögskipuðu hreppsnefndarfundir verði ekki fleiri en 2 um árið, en eg skal geta þess, að ákvörðun frumvarpsins í þessu tilliti er samkvæm uppástungu alþingis frá 1855.

Eg álít það vel til fallið, að fela hreppanefndunum þau störf, sem í frumvarpinu eru ætluð heilbrigðisnefndunum, og hefi frá þessu sjónarmiði ekki neitt að athuga við hina nýju grein, sem nefndin stingur upp á milli 14. og 15. greinar, en samt sem áður mun framkvæmdin í þessari ákvörðun að mestu leyti verða komin undir því, að sýslunefndirnar eða amtsráðin taki hana að sèr.

Þar sem hin heiðraða nefnd við 17. gr. hefir stungið upp á,

að bætt verði við eptir orðin: »eptir efnum og ástandi«: »og ákveða hve nær hver gjaldþegn skal hafa lokið útsvari sínu», virðist mèr þessi viðbót óþörf, þegar litið er til þess, að nefndin eptir frumvarpinu getur sýnt alla þá tilhliðrun og línkind, sem unnt er með tilliti til innheimtu gjaldsins hjá efnalitlum hreppsbúum. Frumvarpið hefir gjört ráð fyrir, að gjaldið eigi að borga til þess sama gjalddaga, sem hingað til hefir tíðkazt, sem sè 11. nóvembr., og eg álít að nauðsynlegt sè, ef að uppástungu nefndarinnar, sem hèr ræðir um, verður haldið, að ákveða vissan gjalddaga, annaðhvort 11. nóvembr. eða 31. des. hvert ár, til þess að þeir gjaldþegnar, sem ekki vilja gjöra skil á gjaldinu, geti átt það víst, að eptir þann dag sè það hreppsnefndinni heimilt, að taka gjaldið með lögtaki. Eg skal þess vegna skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu nefndar, hvort henni virðist ekki ástæða til, að orða þessa viðaukabreytingu á nokkuð annan hátt, t. d.: »það er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, hvort gjaldið skuli borga í eitt skipti eða fleiri, og að til taka þann eða þá gjalddaga, sem henni þykir henta bezt, og á hún að auglýsa hreppsbúum það, sem í þessu tilliti er nauðsynlegt. Ef hreppsnefndin ekki sèrstaklega ákveður annan gjalddaga, á gjaldið að borga til 31. des. hvert ár». Önnur málsgrein í 2. kafla 17. gr., sem nefndin stingur upp á að fella úr, virðist mèr í sjálfu sèr hentug til þess að ná augnamiði niðurjöfnunarinnar, að gjaldið verði lagt á alla, sem hlut eiga í málinu, og eg skal þess vegna mæla á móti þessari breytingu nefndarinnar.

Hinni heiðruðu nefnd hefir við 25. gr. yfirsèzt, að vald það, sem hèr er ætlað sýslumanninum, ekki er annað en það eptirlit, sem nauðsynlegt er að umboðsstjórnin á hverju stigi sveitamálanna hafi með því, að sveitastjórnin ekki fari út fyrir takmörk þau, sem lögin ákveða. Þess vegna hefir frumvarpið ekki falið sýslunefndinni þetta eptirlit á hendur, heldur sýslumanninum, eins og álík ákvörðun um eptirlitið með sýslunefndinni og amtsráðinu er sett í 34. og 46. gr. frumvarpsins, en með tilliti til þessara greina hefir hin heiðraða nefnd ekki stungið upp á breytingum. Það er sá munur á milli þessara ákvarðana, að eptir 25. gr. á ekki oddviti nefndarinnar, heldur sýslumaðurinn að hafa eptirlitið, á meðan það í 34. og 46. gr. er falið oddvita sýslunefndarinnar og amtsráðsins á hendur, vegna þess að þessir oddvitar einnig eru hlutaðeigandi yfirvöld, sem eiga að hafa eptirlitið, meðan oddviti hreppsnefndarinnar ekki er embættismaður umboðsstjórnarinnar, og þess vegna

ekki getur gætt skyldu hennar í þessu tilliti. Mèr þykir það vel tilfallið, að frumvarpið leggur spursmál það, sem hèr ræðir um, undir úrskurð landshöfðingjans, sem á að annast um, að yfirvöldin framfylgi hinum sömu reglum í öllum umboðslegum málum. Eg skal af þessum ástæðum mæla á móti uppástungu nefndarinnar við 25. gr.

Framsögumaður: Það gladdi mig mikillega og efalaust alla nefndarmenn að heyra, hve alúðlega og mannúðlega hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók undir aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli; enda verð eg líka sjálfur að lúka því lofsorði á nefndina, að hún hafði alla alúð á því, að fá þetta verkefni sitt sem bezt af hendi leyst. Það var mjög fátt, er hinum háttvirta konungsfulltrúa þótti miður við eiga af breytingum nefndarinnar. Hvað heilbrigðisnefndirnar snertir, þá er eg á sama máli og hann um það, að þýðing þeirra sè að nokkru leyti komin undir því, að þær standi undir umsjón sýslunefndanna eða amtsráðanna, en þó er eg sannfærður um, að þýðing þeirra er mest komin undir því, að þær sjálfar finni hjá sèr köllun til þess, að stunda það ætlunarverk, sem þeim er á hendur falið, og mun hingað mega heimfæra máltækið: «hollt er heima hvað». Breytingu þá, er nefndin hefir gjört á 17. gr. frumvarpsins, áleit hún að væri bæði mikilsverð og nauðsynleg, og eru í sjálfu nefndarálitinu færðar svo ljósar ástæður fyrir þessari breytingu, að þess gjörist eigi þörf fyrir mig, að tala um það nákvæmar. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi fast-ákveða gjalddagann; það kom líka til tals í nefndinni, eins og sjá má af nefndarálitinu, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það eigi mundi verða hagkvæmt eða haganlegt, þannig að einskorða gjalddagann; hún áleit, að þegar til framkvæmdanna kæmi, þá mundi það fara liðlegast og verða affarabezt, ef hreppsnefndin hefði í þessu tilliti alveg frjálsar hendur. Eg hefi líka tekið eptir því, að nefnd sú, sem skipuð var í málið um bæjarstjórn í Reykjavík, hefir haldið þeirri ákvörðun 25. gr. frumvarpsins, sem er alveg samkvæm þeirri breytingu, sem nefndin í þessu máli hefir gjört við 12. grein þessa frumvarps. Annars er eg engan veginn mótfallinn uppástungu hins háttvirta konungsfulltrúa, og skal biðja hina háttvirtu meðnefndarmenn mína, að yfirvega það með athygli, hvort hún eigi sè þess verð, að hún verði tekin til greina af nefndinni. Viðvíkjandi orðunum: «alla» og «öllum» skal eg geta þess, að það var með vel yfirlögðu ráði, að nefndin sleppti þeim, því að í sambandi við

orðið: «hreppsbúar» gæti það vel komið fyrir, að það yrði skilið um alla þá í hreppnum, sem einhver efni ættu, án tillits til, hvort þeir væru búsettir menn eða eigi, gætu talið fram til tíundar eða eigi, og að gjaldið þannig yrði lagt á þá, sem eptir hinum gildandi lögum og landsvenju, þar sem eg þekki til, eigi þyrftu að greiða gjaldið, t. d. hjú þau, sem einhver efni ættu. Það er kunnugt, að nú á seinni tímum er orðið: «hreppsbúar» opt haft um alla þá, er eiga heimili í einhverjum hreppi, en ekki um búendur sérstaklega, og þá kemur orðið «alla» ekki vel við. En standi aptur á móti orðið: «hreppsbúar» einsamalt, þá hlýtur það að skiljast, eins og það á að skiljast, nefnil. um hreppsbúendur einungis, sem útsvar eiga að greiða samkvæmt gildandi lögum. Um breytingar nefndarinnar á 25. grein ætla eg eigi neitt að tala; eg skal játa það, að það er ofvaxið mínum skilningi að dæma um, hvort sú breyting nefndarinnar hefir gildar ástæður við að styðjast eða eigi, þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi þýðir sambandið á annan veg. Nefndin áleit, að þau mál, er sú grein ræðir um, ættu að fylgja sömu stefnu, sem hin önnur mál, en þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók það fram, að þessi mál, er 25. gr. ræðir um, væru umboðslegs eðlis, þá skil eg vel, að þau eigi að ganga þann veg, sem hann hefir bent á.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil alls eigi draga neitt úr því, hve æskilegt og nytsamlegt það væri, að þetta frumvarp yrði að lögum gjört, og eg ætla mèr heldur eigi að draga neitt úr því lofsorði, er hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir lokið á nefndina fyrir aðgjörðir hennar í málinu. Hèr er nú að eins verið að ræða um fyrsta kafla frumvarpsins, það er að segja um hreppsnefndirnar, og get eg yfir höfuð fellt mig við þennan kafla frumvarpsins og þær breytingar, sem hin heiðraða nefnd hefir gjört á honum, en þó skal eg leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir viðvíkjandi þessum kafla. Það er þá fyrst viðvíkjandi 5. grein. Nefndin vill eigi fallast á þá ákvörðun, að hreppsnefndin sjálf geti lagt úrskurð á, hvort hreppsnefndarmaður megi losast úr nefndinni. Þess vegna hefir hún borið upp þá breytingu, að sýslunefndin ein hafi rètt til að veita slíka undanþágu. En þessa breytingu nefndarinnar get eg engan veginn fellt mig við. Það er reyndar satt, að það er farið óljósum orðum um þetta atriði í niðurlagi greinarinnar, svo að það kann að virðast nokkuð vafasamt, hvort ætlazt sè til í frumvarpinu, að hreppsnefndinni eða sýslunefndinni beri

rèttur til að veita slíka undanþágu. En fyrst er það í alla staði eðlilegt, að hver hreppsnefnd megi sjálf veita lausn sínum nefndarmönnum, og svo er það í öðru lagi auðvitað, að ef einhver hreppsnefndarmanna biður um lausn, og hreppsnefndin sjálf hefir ekkert á móti því, að hann fái hina umbeðnu lausn, þá er það auðvitað, að það verður ekkert annað en tímatöf, að þurfa að leita þar um samþykkis sýslunefndar, því að hún mun þá heldur eigi hafa neitt á móti því, enda er ólíklegt, að hún sjái nægar ástæður gegn lausninni, þegar hreppsnefndin sèr engar. Og í þriðja lagi er það einnig því til styrkingar, að ákvörðun frumvarpsins sè haldið, að það er almenn regla í öllum gildandi lögum, að því mèr er kunnugt, að hver nefnd getur veitt lausn sínum nefndarmönnum, en ef hún eigi vill veita einhverjum nefndarmanna hina umbeðnu lausn, þá er auðvitað, að beiðnin gengur til æðri yfirvalda, ef beiðandi eigi lætur sèr nægja úrskurð nefndarinnar, og sýslunefndin sker úr því, hvort það sè með ástæðum, að nefndin synjar þessum manni um hina umbeðnu lausn eða eigi. Þannig er t. a. m. í reglugjörðinni um bæjarstjórn í Reykjavík 27. nóvemberm. 1846 svo látandi ákvörðun, að ef einhver færist undan kosningu, þegar er hann er kosinn eða þegar er hann beiðist lausnar síðar, þá sè það bæarstjórnin, er veitt geti slíka undanþágu. Eg get heldur eigi, eins og eg sagði áðan, sèð nokkra ástæðu til þess, að sýslunefndin neiti einhverjum hreppsnefndarmanni um lausn úr nefndinni, ef hann æskir þess, og hreppsnefnd sú, sem hann er í, samþykkir í einu hljóði, að hann fái hina umbeðnu lausn; þess vegna ætla eg að áskilja mèr breytingaratkvæði við niðurlag 9. greinar frumvarpsins í þá stefnu, að hreppsnefndin geti veitt hreppsnefndarmanni lausn, ef hann æskir, en ef hreppsnefndin synji honum lausnarinnar, þá sè honum heimilt, að leita úrskurðar sýslunefndarinnar. Þá ætla eg einnig að minnast á 17. gr. frumvarpsins. Eptir því, sem mèr skildist ræða hins háttvirta konungsfulltrúa, þá er eg honum alveg samdóma um þessa grein, þar sem mèr virtist hann halda því fram, að nauðsynlegt væri, að einhver fastákveðinn gjalddagi væri. Þeir, sem þessum málum eru kunnugastir, vita bezt, hvaða dagur mundi vera hentugastur til þess í sveitum. En með því að hreppaskilaþing eru lögboðin á vorin, þá virðist mèr það líka eiga bezt við, að þetta gjald væri greitt af hendi innan ársloka, og er þá nægur gjaldfrestur gefinn, og ef þeir geta eigi greitt

gjald sitt til sveitarinnar innan þess tíma, þá ætla eg, að þeir muni eigi geta greitt það síðar; því að aldrei eiga bændur hægra með að borga þessi gjöld sín heldur en á haustin. Yfir höfuð get eg enga ástæðu séð, er getur verið því til fyrirstöðu, að ákveðinn sé tiltekinn dagur, er gjald það, er hreppsnefndin hefir ákveðið hverjum búanda í hreppnum, í síðasta lagi skal borgaður. Ef mönnum þykir það réttast, að hafa þennan borgunarfrest sem lengstan, þá skal eg eigi vera því mótfallinn, og ætla eg helzt, að halla mér að uppástungu þeirri, sem komið hefir fram í nefndinni um það efni, að 31. desember verði ákveðinn gjalddagur, og þar eð nefndin hefir eigi komið fram með þessa uppástungu, heldur fallið aptur frá henni, þá áskil eg mér rétt til að koma með breytingaratkvæði um þetta atriði. Eg álít, að þessi ákvörðun sé nauðsynleg bæði fyrir gjaldþegninn og fyrir hreppsnefndina, sem heimta á inn gjaldið. Því að eigi allsjaldan mundi það að bera, að bændum mundi þykja nefndin beita gjörræði, ef hún t. a. m. veitti öðrum bónda lengri borgunarfrest en öðrum, ef hún t. a. m. segði við einn búanda: þú skalt hafa greitt gjöld þín innan 11. d. nóvembermán.; við annan: þú skalt hafa greitt þau innan 31. dags desembermán.; við hinn þriðja: þú skalt hafa greitt þau innan loka febrúarmánaðar, og við hinn fjórða: þú þarft eigi að greiða þau fyr en í næstu fardögum, og nefndin getur líka beitt gjörræði. Eg vil reyndar eigi ætla, að nefndin fari að beita gjörræði í þessu efni, en þó getur það óneitanlega komið fyrir. Það, sem hèr er mest komið undir, er það, að gjalddaginn sé sem hentugastur. En eg held, að þeir, sem eigi geta borgað allt sumarið og haustið fram til 31. des., muni heldur eigi geta það síðari hluta vetrarins. En þótt eg gjöri ráð fyrir, að einhvern tíma kynni svo að standa á, að einhver bóndi eigi gæti greitt gjaldið, fyr en síðari hluta vetrarins, þá er eg sannfærður um, að nefndin mundi veita honum frest, unz hann gæti borgað. Hitt virðist mèr aptur á móti óeðlilegt, að hreppsnefndin sé að semja við hvern einstakan um, hve nær hann skal borga, og að einn t. a. m. eigi að borga í september, annar í október, þriðji í nóvember o. s. frv., og eg er sannfærður um, að er menn fengju þannig mislangan borgunarfrest, þá mundi það verða til þess, að vekja óánægju og ríg milli hreppsbænda og hreppsnefndarinnar. Þess vegna ætla eg, eins og eg hefi áður sagt, að áskilja mèr rètt til að ákveða fastan gjalddaga, og mun eg

þá helzt hallast að því, að það sè ákveðið, að hann skuli vera 31. dag desembermán.

Sigurður Gunnarsson: Eg felli mig vel við flestar þær breytingar, sem nefndin hefir gjört á þeim kafla frumvarpsins, sem hèr ræðir um; þó kom mèr til hugar að áskilja mèr fáeinar breytingar. Hin helzta breytingin var um gjalddaga sveitarútsvaranna; en þingmaður Reykvíkinga hefir nú áskilið sèr rètt til þess breytingaratkvæðis, og mun eg annaðhvort sameina mig við hann um þetta breytingaratkvæði, eða bera það fram sèr í lagi. Mèr finnst ómissandi, að gjalddaginn sè ákveðinn, en svo má veita nefndinni heimild að víkja frá honum, þegar henni finnst brýn ástæða til þess. Gjalddagi öreigatíundar er ákveðinn 11. nóv., en hvergi veit eg til að gjalddagi aukaútsvars sè ákveðinn, og get eg eigi álitið hentugt, að hann sè kominn undir geðþekkni hverrar sveitarnefndar. Við 15. gr. frumvarpsins áskil eg mèr og breytingu, nefnl. að í staðinn fyrir orðin: «og skal það goldið til sýslumanns», sem er með öllu samkvæmt hinum núgildandi lögum, komi orðin: «og skal það goldið, eins og vegabótalögin ákveða»; svo vil eg og af má orðin á undan: «tilskipun 15. mars 1861»; og setja í staðinn: «vegalögunum», allt eins seinna í 37. gr. og 49. grein. Því þessi vegalög, sem nú eru, standa ekki alla daga, og þó munu einhver vegalög verða hèr. Því næst hefi eg hugsað mèr að áskilja mèr viðauka-atkvæði við 23. gr. frumvarpsins, að eptir orðið «endurgjalda» komi orðin «af sveitarsjóði». Eg felli mig og betur við, að seinni hlutinn af öðrum kafla 17. greinar standi, en með breyttum orðum. Fyrir utan þetta áskil eg mèr nokkrar orðabreytingar, er eg mun bera mig saman um við nefndina.

Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti konungsfulltrúi tók það fram í ræðu sinni, að hann gæti eigi fallizt á þá tillögu nefndarinnar, að síðari málsgrein í 2. kafla 17. greinar frumvarpsins yrði úr felld; nefndin rèð til þessa af þeirri ástæðu, að hún áleit, að eigi mundi þurfa að minna menn á það í lagaboði, að kvarta, þó þeim fyndist einhverjum hafa verið gjört of hart til, eður þó að einhver hefði komizt of lètt út af sveitarútsvari. Það hefir hver maður rètt á og líklega einnig vilja til, að bera sig upp undan rangindum, hvers kyns sem þau eru, og nefndin gat því eigi betur sèð, en að þessi málsgrein væri álveg óþörf, eða jafnvel skaðleg, þar sem hún væri eigi til annars, en að æsa þrætugjarna menn til óspekta, máske að þarflausu, því það er allkunnugt, að menn eru almennt furðu-

leiðitamir á að kvarta, þegar þeim finnst sèr órèttur gjörr. Mèr, fyrir mitt leyti er reyndar hèr um bil sama, hvort þessi breyting stendur eða fellur, en mèr þykir þó líklegt, að þingið álíti hana ekki gjörða að óþörfu. Það hefir ýmislegt verið sagt um gjalddagann á sveitarútsvörum. Nefndinni þótti hentugra, að láta hreppsnefndirnar hafa vald til, að ákveða þann gjalddaga, er þeim virtist haganlegastur eptir ástæðunum í hverri sveit. Eg veit reyndar, að sumstaðar, t. a. m. í Þingeyjarsýslu, er 11. nóvember ákveðinn gjalddagi á öllum sveitagjöldum, en yfir höfuð álít eg rèttara, að hann sè eigi bundinn við neinn vissan dag; enda ímynda eg mèr, að hreppstjórar muni optast geta komið sèr saman við sveitarbændur í þessu tilliti.

Helgi Hálfdánarson: Jafnvel þótt mèr sè, ef til vill, of vaxið, að ræða þetta mál, finn eg mig þó knúðan til, að stinga upp á ýmsum smábreytingum, er eigi skulu í neinu raska grundvelli frumvarpsins, nè koma í bága við nefndarálitið, er mèr yfir höfuð virðist mjög vel úr garði gjört. Það er þá fyrst, að mèr líkar vel breyting nefndarinnar við 5. gr. á orðunum «stærri helft«, og því, sem stendur í sambandi við þau orð; en eg vil breyta meiru í þessari grein; þar stendur nefnil: «og geti nefndarmenn — — — ræður hlutkesti». Þetta get eg alls eigi fellt mig við; mèr finnst það eitthvað óskynsamlegt, að láta hlutkesti eða einbera tilviljun ráða. Þetta kemur víða fyrir í þessu frumvarpi, og vil eg, að þessu sè breytt á þá leið, að aldur verði látinn ráða úrslitum, eins og t. a. m. við gengst hèr á alþingi við allar kosningar. En hèr sting eg upp á að breyta hinni áðurnefndu setningu á þessa leið: «og skulu þeir úr ganga, er fæst atkvæði höfðu fengið, þá er þeir voru kosnir, en sèu atkvæði jöfn, ræður aldur» o. s. frv. Í síðari kafla sömu greinar vill nefndin fella úr orðin: «og tekur hann þá sæti eptir hinni nýju kosningu»; eg vil eigi sleppa þessum orðum, en breyta þeim þannig: «og er hann nefndarmaður hin næstu 6 ár». Í 7. gr. er ákveðið, að dagur og stund, er kosningar skuli fram fara, skuli verða auglýst um hreppinn með þingboði að minnsta kosti 8 dögum áður. Þetta finnst mèr nokkuð óákveðið, þar eð ekki er til tekið, hvort þingboðið eigi að byrja að ganga eða verið búið að ganga 8 dögum áður. Eigi þingboðið ekki að byrja að ganga fyr en hèr um 8 dögum áður, þá er þetta, ef til vill, eigi sem heppilegast, því eg get ímyndað mèr, að 8 daga tími gæti orðið of naumur í stórum hreppum. Eg kem því má ske

með breytingaratkvæði við þetta. Í sömu grein eru þessi orð: «þó ekki fyr, en stund er liðin» o. s. frv.; en með því að «stund» er opt í daglegu máli haft í sömu merkingu og «stundarkorn», getur þetta má ske misskilizt, og vil eg því breyta því í: «1 stund», o. s. frv. Þar er og «hlutkesti» síðast í greininni, er eg vil hafa «aldur». Síðari málsgrein í fyrsta kafla 10. greinar: «þó skal» og s. frv. finnst mèr óþörf, og vil eg því, að hún falli burt. Ákvörðunin um kosningu oddvita og varaoddvita í 3. kafla sömu greinar, finnst mèr vera óþarflega margbrotin, og sýnist mèr nægja að ákveða, að sá sè oddviti (eða varaoddviti), er flest atkvæði hefir fengið. Þar er og «hlutkesti» látið ráða, og hef eg þegar sagt álit mitt um það orð. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði við þennan kafla. Í 11. grein er ákveðið, að oddviti skuli annast brèfagjörð, reikninga og aðra bókun; en eg veit ekki, hvort þetta er sem heppilegast, með því eigi er víst, að oddviti verði ávallt færastur til þessa starfa. Í 14. greinar fyrra kafla er þannig ákveðið, að hreppsnefndin geti falið á hendur einum eða tveimur fátækrastjórum eitt ár í senn, að hafa tilsjón með framfærslu þurfamanna; en sú tilsjón getur orðið 2 mönnum of vaxin, og get eg vel ímyndað mèr, að eigi veitti af fleirum í mjög stórum hreppum. Í 15. gr. kemur líkt fyrir, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við báðar greinirnar. Í 16. grein er sagt, að hreppsnefndin skuli hafa umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir; en með því eg hefi aldrei heyrt hús vera nefnd fasteignir, vil eg fella úr orðið «aðrar». Annars áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá átt, að 16. og 19. grein sèu látnar renna saman, með því mèr virðast þær svo náskyldar að efni. Við fyrri kafla 21. greinar hefi eg líka í hyggju að gjöra viðaukaatkvæði, því mèr finnst það ekki eðlilegur vegur, að nefndirnar sendi skjöl beinlínis til stjórnarinnar, heldur álít eg rèttara, að þau gangi fyrst til sýslunefndarinnar og þaðan til stjórnarinnar. Í 25. grein vil eg breyta orðunum «skorast undan» þannig, að í staðinn fyrir þau komi: «koma sèr hjá». Þetta, er eg nú hefi drepið á, eru flest lítilvægar breytingar, og getur vel farið svo, að eg falli frá sumum þeirra, er eg hefi borið mig saman við hina heiðruðu nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg er hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyinga samdóma um, að ekki sè nauðsynlegt að tiltaka gjalddaga í tilskipuninni, og frumvarpið stingur heldur ekki upp á þessu, en þar sem einmitt nefndin við 17. gr. hefir stungið upp á, að taka á-

kvörðun, sem stendur í sambandi við gjalddagann, upp í frumvarpið, álít eg það, ef þingið aðhyllist þessar uppástungur, nauðsynlegt, að bæta hinum ákvörðununum um gjalddaga við.

Eiríkur Kúld: Þegar hinn heiðraði þingmaður Vestmannaeyinga settist niður, datt mèr í hug, að ef margir af þingmönnum ráðgjörðu eins mörg breytingaratkvæði, þá mundi atkvæðaskráin í máli þessu verða ærið löng, og lá mèr við, að kvíða fyrir; en samt hefi eg í hyggju, að áskilja mèr rètt til eins breytingaratkvæðis. Eg verð eins og fleiri að ljúka lofsorði á um aðgjörðir nefndarinnar á frumvarpinu, jafnvel þótt það sè álit mitt, að máli þessu hefði eigi legið svo mjög mikið á. Það er til gamall orðskviður, er segir: »Það skal vel vanda, er lengi á að standa». Mèr þykir því mikil furða, að þingið og þjóðin skuli eigi þurfa nema 3 ár til að virða fyrir sèr mál þetta, þar sem nefndin hefir stungið upp á, að frumvarpið verði lögleitt 1874, en stjórnin hefir þurft til þess 16 ár (síðan 1855). Þó er þetta eigi svo að skilja, að eg vilji stinga upp á því, að málinu verði frestað, því þá mundi eg verða einn á bandi. En eg ímynda mèr, að tilhögunin á sveitastjórninni hèr í landi sè eigi nærri eins bágborin, eins og margir virðast að ætla, og betri gæti hún þó verið, ef menn gætu fengið góða hreppstjóra, en skilyrðið fyrir því er það, að þeir fengju laun, og þess vegna held eg nefndin hefði átt að gjöra sèr allt far um að útvega þeim nokkur laun. Þá er að minnast á gjalddagann fyrir sveitarútsvarið, sem allmikið hefir verið um talað. Það hefir víða verið vani, að ákveða Marteinsmessu fyrir gjalddaga útsvarsins, og þótt það sè má ske hentugast fyrir marga, mun þó eigi fáum veita erfitt, að greiða allt útsvar sitt þá. Eg vil taka til dæmis sjómenn, sem hafa eigi stórt annað aflögu frá heimili sínu en mötu sína, sem þó allir sjá að þeir eigi mega skerða, en eiga hægra með það eptir lok vertíðar að greiða að minnsta kosti nokkuð af útsvarinu. Eg vil því, eins og eg gat um áður, áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá átt, að gjalddagi verði bundinn við 2 tímabil, og sèu $^2/_3$ útsvarsins greiddir á Marteinsmessu, en hinn hlutinn í miðjum maí; það mun vera óhætt, að ákveða þetta síðar nefnda tímabil, því þó til lögtaks þyrfti að koma, þá munu fáir vera fluttir burt úr sveitinni um það leyti. Eg ætla svo eigi að fara fleirum orðum um þetta að sinni.

Framsögumaður: Þótt ýmsu hafi verið smáhnýtt í nefndina fyrir breytingar hennar, sem þó miklu meira mun vera til mála-

myndar en að það kveði nokkuð að því, þá ætla eg að eins að fara um mótbárur þessar fám orðum. Hvað þá snertir ákvörðunina um gjalddagann, þá er eg viss um, að þingið skilur þar meininguna, að nefnilega allir verða að viðurkenna, að hreppsnefndirnar þurfi eitthvað fast að halda sèr til; en hvort nú þingið aðhyllist uppástungu nefndarinnar í þessu efni eða ekki, læt eg menn sjálfa ráða; en ástæðu fyrir tillögu nefndarinnar í þessari grein hirði eg eigi að ítreka, með því hún er skýrt tekin fram í nefndarálitinu. En þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga stakk upp á, að tveir gjalddagar væru ákveðnir á ári, þá sannar það einmitt, að það er nauðsynlegt fyrir hreppsnefndirnar, að hafa óbundnar hendur með tilliti til ákvörðunar um gjalddaga. Eg sè annars engar beinar ástæður fyrir því, að vera á móti vissum gjalddaga, það því síður, sem eg barðist lengst af fyrir því í nefndinni, að hafa hann ákveðinn. Þá ástæðu, sem nefndin þóttist hafa til að breyta 4. kafla 17. greinar, eins og hún hefir ráðið til, tók hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga svo ljóslega fram, að eg sleppi alveg að tala um það. Sömuleiðis leiði eg hjá mèr að tala að þessu sinni um hin mörgu breytingaratkvæði, þau er hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga áskildi sèr, með því þau flestöll að eins eru orðabreytingar, eða að minnsta kosti ekki verulegar efnisbreytingar, sem verið getur að hann falli síðar frá, eptir því sem honum áðan fórust orð. Hvað því viðvíkur, er hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði, að hann áliti, að engin þörf væri á því, að flýta þessu máli, þá er eg þvert á móti þeirri skoðun; og fyrst honum þótti stjórnin hafa verið seinfær með mál þetta hingað til, þá ætti það beinlínis að knýja oss til að flýta því mest, og er í þessu skyni ákveðið, að frumvarp þetta nái fullu lagagildi árið 1874. Um uppástunguna að bæta laun hreppstjóranna skal eg ekkert tala nú; það heyrir ekki undir þennan 1. kafla frumvarpsins, heldur undir kaflann um sýslunefndir, og gæti, ef til vill, komið til tals, þegar sá kafli verður ræddur. Gjalddaginn fyrir hreppsgjöld á Marteinsmessu eða 11. nóvember er ekki fastákveðinn, nema fyrir tíundir og hinar svo nefndu matgjafir, en ekki fyrir aukaútsvör.

Páll Pálsson: Það eru að eins sárfáar breytingar, sem eg vildi áskilja mèr rètt til þess að gjöra, en það eru þó eigi allt orðabreytingar. Það er þá fyrst, að eg áskil mèr rètt til þeirrar breytingar, að í staðinn fyrir orðin «vel metinna manna» í 2. gr.

frumvarpsins komi orðin «hlutaðeigandi sýslumanns», því að það er auðvitað, að þeir eru kunnugastir ástandinu í hverjum hrepp í sýslu sinni og fólkstölunni í þeim, og þess vegna bezt færir um, að gefa hlutaðeigandi amtmanni bendingar um, hve margir hreppsnefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum hreppi, enda er það hægast fyrir amtmennina að leita álits þeirra einna; en ef amtmaðurinn aptur á móti leitaði álits vel metinna manna, eins og í frumvarpinu er ætlazt til, um það, hve margir hreppsnefndarmenn skyldu vera í hverjum einstökum hreppi, þá mætti helzt búast við, að skoðunum þeirra um það eigi mundi bera saman, og amtmaðurinn þannig ef til vill komast í vandræði með að skera úr, hverjar skoðanirnar væru hinar réttustu. Viðvíkjandi 17. gr. frumvarpsins skal eg geta þess, að orðið »hreppsbúar« getur misskilizt, því að þar sem eg þekki til, er það að eins haft um búendur, en það eru fleiri, sem eru gjaldskyldir. Eg áskil mèr því rètt til þess breytingaratkvæðis, að í staðinn fyrir orðið »hreppsbúar« í 17. gr. komi orðið »gjaldþegnar« eða orðin: «þá, sem telja fram fè til tíundar. Hvað gjalddagann snertir, þá er eg alveg á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga um, að gjalddagurinn eigi að vera ákveðinn dagur, því að ef hann er eigi ákveðinn, en hver hreppsnefnd á að hafa heimild til að ákveða, hve nær hver gjaldþegn skyldi greiða gjöld sín, þá er eg sannfærður um, að það mundi vekja mjög mikla óánægju og ríg milli hreppsnefndarinnar og hreppsbænda, eins og þingmaður Reykvíkinga ljóslega tók fram. Eg ímynda mèr, að þótt það sè eigi beinlínis tekið fram í frumvarpinu, þá sè það nóg, ef það er tekið fram í niðurlagsatriði nefndarinnar við greinina; þá er auðsjáanlegt, að nefndin ákveður gjaldið yfir allan hreppinn í einu, en á svo að geta veitt gjaldfrest, þegar henni þykir vera þörf á því; þess vegna ætla eg að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu. Upphafið á síðari kafla 21. greinar getur að mínu áliti eigi staðizt, því að, ef ætti að breyta hreppaskipuninni, þá er auðsætt, að sú breyting yrði að snerta fleiri hreppa en einn, og því er eigi umtalsmál að breyta þarf orðunum: »nefndar þeirrar, sem í hlut á», í orðin: »nefnda þeirra, sem í hlut eiga». Við 23. grein áskil eg mèr það viðaukaatkvæði, að bætt sè við orðunum: »í sveitarþarfir» eptir orðið »sendiferða», og aptan við greinina: »og sem hreppsnefndin hefir samþykkt». Þessar breytingar, sem eg hef áskilið mèr að gjöra,

raska í engu grundvallarhugsuninni í frumvarpinu, en eru þó að mèr virðist ekki nærri óþarfar.

Hjálmur Pètursson: Af því að eg hefi hugsað að áskilja mèr nokkra breytingu við kaflann um sýslunefndirnar, en sú breyting snertir 18. gr. í frumvarpinu, þá vil eg áskilja mèr þá breytingu við 18. gr., að í staðinn fyrir orðið «septembermán.» komi «júlímán.», fyrir orðið «nóvemberm.» komi «ágústm.»

Davíð Guðmundsson: Aðrir þingmenn hafa nú áskilið sèr rètt til flestra þeirra breytinga, sem eg ætlaði að gjöra, þó eru enn eptir 2 breytingar, sem eg ætla að áskilja mèr rètt til að gjöra. Fyrri breytingin er á 2. gr., nefnilega sú, að orðin: «eða samþykkir það» falli burt, og til vara, ef sú breyting verður eigi samþykkt, að þá verði bætt við þessi orð, orðunum: «eptir tillögum þeirra, sem hafa uppástungurètt í því efni». Hin breytingin er á 3. klausunni í 17. greininni. Þar virðast mèr orðin: «og þeim, sem kært er yfir» vera óþörf, því að eg get eigi skilið, að kæran geti verið yfir öðrum en einhverjum hreppsnefndarmanni, og þá er sjálfsagt, að ef kærandinn á að eiga kost á að koma fram með umkvörtun sína á nefndarfundi, þá mun nefndarmaðurinn, sem kært er yfir, vera á fundinum, án þess nokkur sèrstök ákvörðun verði þar um gjörð. Eg áskil mèr rètt til þess breytingaratkvæðis, að þessi orð, er eg nefndi áðan, verði felld úr greininni.

Jón Pètursson: Eg felli mig yfir höfuð að tala vel við frumvarpið, því að það er í alla staði frjálslegt, og álít eg, að það sè mjög mikið varið í það, að þetta frumvarp verði sem fyrst að lögum gjört. Hvað þann kaflann snertir, sem hèr ræðir um, þá álít eg það mikinn kost, að úr flest-öllum hreppamálum verður skorið af sýslunefndinni, þannig, að þau þurfa eigi að ganga lengra, því að slíkt fyrirkomulag flýtir eigi lítið fyrir afgreiðslu og úrslitum málanna. Það eru að eins fáeinar athugasemdir, sem eg ætla að leyfa mèr að gjöra. Það er þá fyrst við 3. gr.; þar segir svo, að sá hafi eigi rètt til þess að taka þátt í kosningu hreppsnefndarinnar eða að verða kosinn, sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk; þar ímynda eg mèr að hljóti að vera meiningin: sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk þar í hreppnum, því að annars gæti það opt við borið, að menn vildu kjósa einhvern efnilegan mann, sem nýkominn væri í sveitina, í hreppsnefndina, en gæti eigi fengið nægilega áreiðanlegar upplýsingar um, hvort hann hvergi annarstaðar stæði í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og

það þannig orðið því til fyrirstöðu, að maður, sem annars væri vel til þess fallinn, yrði kosinn í nefndina. En það virðist mèr í alla staði eðlilegt, að hann sè eigi kosinn í hreppsnefndina í þeim hreppi, er hann á ógoldinn sveitarstyrk í. Eg get eigi skilið, hvers vegna byrjun 7. greinar þarf, því að það er venja hèr á landi, að allir hreppsfundir eru boðaðir, eins og þar segir. Við 9. grein frumvarpsins felli eg mig vel, og álít enga þörf á að breyta henni. Hvað það snertir, hver mál heyra undir verkasvið hreppsnefndarinnar, þá er mèr það eigi fyllilega ljóst; mèr er þannig eigi vel ljóst aðgreiningin á milli verkahrings nefndarinnar og verkahrings hreppstjórans. Eg get t. a. m. eigi sèð fyrir víst, hvort hreppsnefndin eða hreppstjórinn á að fyrir skipa grenjaleitir, þótt mèr reyndar þyki líklegra, að það heyri undir verkahring hreppsnefndarinnar. Eins er heldur hvergi talað um í frumvarpinu, hver eigi að fyrir skipa göngur; eptir frumvarpinu liggur það þó næst, að það heyri undir verkahring sýslunefndarinnar, þar sem göngur við koma afrèttum; en eg held, að það mundi þó reynast hentugra og haganlegra, að hreppsnefndirnar fyrir skipuðu þær, því að sýslunefndirnar eru eigi nærri eins kunnugar því, hvernig göngum verður bezt hagað í hverjum hreppi. Eins er það mjög líklegt, að framtalið eigi að fara fram fyrir hreppsnefndunum, en eigi fyrir hreppstjóranum, þótt það eigi sè til tekið í frumvarpinu, og svo mun vera um margt fleira, er áður hefir heyrt undir verkahring hreppstjórans, að það nú eigi að heyra undir verkahring hreppsnefndarinnar, þótt það eigi sè beinlínis tekið fram í frumvarpinu. Hvað 17. greina snertir, þá virðist mèr alls engin ástæða til að veita mönnum heimild til að kæra yfir því, þó þeim þyki gjald það, sem lagt er á aðra, vera of lítið, eða og, ef til vill, einhverjum sleppt, sem hann álítur að gjalda ætti, heldur vil eg, að mönnum sè þá einungis gjört heimilt að kvarta, er þeim þykir gjald það, sem á sjálfa þá er lagt, vera of mikið. Þess vegna áskil eg mèr það breytingatkvæði, að síðari málsgreinin í öðrum kafla 17. greinar verði felld burtu. Hvað 24. gr. snertir, þá skil eg eigi, að 3. tölul. sè nauðsynlegur, nema meiningin sè sú, að ef hreppsnefndin hefir falið 1 eða 2 mönnum fátækraumsjón, þá geti hún eigi veitt þeim lausn fyrir starfa þann, nema með samþykki sýslunefndarinnar, og sè þessi skilningur minn á töluliðnum rèttur, þá felli eg mig líka vel við hann.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla að eins að leiðrètta þann misskilning, er mèr virtist koma fram í ræðu hins háttvirta framsögumanns. Þegar hann var að tala um gjalddagann, þá skildi eg orð hans svo, sem nefndinni hefði gengið það til meðal annars, að ákveða eigi fastan gjalddaga, heldur láta hverja hreppsnefnd hafa heimild til að ákveða, hvenær hver gjaldþegn skyldi greiða gjöld sín, að nefnd sú, sem kosin var í málið um bæjarstjórn í Reykjavík, hefði látið samkynja ákvörðun standa í 25. gr. frumvarpsins. En þetta er misskilningur hjá hinum háttvirta framsögumanni. Sú ákvörðun, sem er í 25. gr. frumvarpsins um bæjarstjórn í Reykjavík, á ekkert skylt við þá ákvörðun í sveitarstjórnarfrumvarpinu, sem hèr ræðir um. Það er ákvörðun um, hve lengi einn maður þarf að hafa verið í bænum, til þess að gjald megi á hann leggja. Eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, er það einmitt nefndin sjálf, sem hefir dregið inn gjalddagann, því að í frumvarpinu er alls ekkert minnzt á hann, og mèr fyrir mitt leyti finnst það líka eðlilegast, að hann sè ákveðinn; og þótt sumir þingmanna segi, að þess sè eigi þörf, vegna þess að 11. dagur nóvemberm. sè viss gjalddagi hèr á landi fyrir sveitarútsvör, þá verð eg að neita því, því að það er fyrst og fremst engan veginn alstaðar, að hann er álitinn viss gjalddagi, og þótt svo væri, þá eru þó víst engin lög fyrir því.

Jón Pètursson: Jú! það stendur í Kristinnrètti Árna biskups hvað fátækratíund snertir.

Framsögumaður: Það hafa reyndar engar verulegar breytingar verið gjörðar við frumvarpið eða nefndarálitið, síðan eg talaði síðast, og þarf eg því eiginlega ekki að halda svörum uppi fyrir það; það eru að eins smábreytingar, sem menn hafa áskilið sèr, sem geta þá staðizt eða fallið sínum herra.. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga vildi breyta orðunum: «vel metinna manna» í 2. grein og setja í staðinn fyrir þau orðin: «hlutaðeigandi sýslumanns». Þessi breyting virðist mèr alveg óþörf og ekkert bæta; það er einmitt miklu frjálslegra að hafa það þannig óákveðið, og með þessu er engan veginn girt fyrir það, að amtmaðurinn geti leitað álits hlutaðeigandi sýslumanns um það efni, sem þar ræðir um. Aptur á móti held eg, að eg felli mig vel við það breytingaratkvæði þingmanns Vestur-Skaptfellinga, er hann áskildi sèr viðvíkjandi gjalddaganum. Hvað snertir 25. gr. í frumvarpinu um bæjarstjórn í Reykjavík, þá skal eg eigi þrátta við þingmann Reykvíkinga um

það, hvernig hana eigi að skilja. Reyndar hefi eg frumvarpið opið fyrir mèr, og eg get eigi annað sèð, en sá skilningur, sem eg lagði áðan í greinina, sè alveg rèttur. Viðvíkjandi því, er nokkrir þingmenn hafa sagt, að 11. dagur nóvemberm. væri lögboðinn gjalddagur, þá skal eg geta þess, að hann er lögboðinn gjalddagur einungis þegar átt er við matgjafir og tíundir, en eigi, þegar talað er um aukaútsvör. Þar sem hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni þótti byrjun 7. greinar óþörf, þá getur nú reyndar verið að svo sè; en þar sem þingmanni Vestmannaeyinga þótti tíminn á undan eigi nógu langur til auglýsingar um það, að kosningar ættu að fara fram, gætu borizt um stóra hreppa, þá vil eg leiða athygli hans að því, að tíminn er eigi einskorðaður við 8 daga, heldur á hann að minnsta kosti að vera 8 dagar, og svo lengri, ef þörf gjörist. Þar sem hinum háttvirta 4. konungkjörna þótti einnig óákveðin takmörkin milli verkahrings hreppsnefndarinnar og verkahrings hreppstjórans, þá er það fullkomlega satt, að nefndin skoðaði þetta svo, að allt það, sem heyrði undir verkahring sýslunefndarinnar og hún yrði að taka til greina, ætti hreppsnefndin að framkvæma og heyrði henni einni til að annast um, en eigi hreppstjóranum; aptur áleit nefndin, að hreppstjórinn yrði hèr eptir eins konar aðstoðarmaður sýslumannsins eða lögregluþjónn með þeim skyldum, er þeirri sýslan fylgja. En út í þetta atriði vildi nefndin eigi fara neitt sèrstaklega, því að hún hugsaði, að sèrstök reglugjörð mundi verða samin, er skæri úr þessari spurningu til hlítar, eins og síðar er bent á í frumvarpinu. Hvað það snertir, að fella skuli úr þriðja kaflann í 17. greininni, þá skal eg bera mig saman um það við meðnefndarmenn mína, og áskil eg nefndinni rètt til þess, að gjöra þá breytingu, ef henni sýnist svo betur fara.

Jón Pètursson: Það er mjög áríðandi, að fastur gjalddagi sè ákveðinn, því að úr því fjárnám eptir löggjöfinni eigi má fara fram, eptir að 2 ár eru liðin frá þeim tíma, er gjaldið átti að greiðast á, þá er auðsjáanlegt, að það verður að vera einhver tiltekinn dagur, er gjaldtíminn á að miðast við.

Jón Sigurðsson: Út af því, sem hinn 4. konungkjörni talaði um takmörkin milli verkasviðs hreppstjórans og hreppsnefndarinnar, þá vil eg reyndar játa, að þetta er eigi ljóst eptir frumvarpinu, en eg vil þó vekja athygli hans á, að í 49. gr. er ráðgjört, að landshöfðingi láti semja reglugjörð handa hreppstjórum, og mun í henni verða ákveðið, hver störf hann hafi á hendi. Eg fyrir mitt leyti,

skil þýðingu þessara hreppsnefnda svo, og ætla að sá skilningur hafi verið almennur hjá nefndinni, að hreppstjórarnir ættu að eins að verða sem lögregluþjónar, eða aðstoðarmenn sýslumannanna, hvað alla hina umboðslegu stjórn innan-hrepps snertir. Þar sem hann gat um fjallskil, þá tel eg sjálfsagt, að þau verða falin hreppanefndunum á hendur, nema að því, er snertir almennar afréttir, er fleiri hreppar eiga saman, þá beri það undir sýslunefndina, og sama er að segja um refaveiðar á afréttum. Það á sèr t. a. m. stað í Þingeyjarsýslu, og víðar í hinum víðlendari sýslum landsins, að fleiri en einn hreppur hafa sömu afrètt og leggja þeir þá saman um fjallskilin og refaveiðarnar á þeim; og að þessu leyti gæti slíkt mál komið undir sýslunefndina, þar sem þau aptur innanhrepps heyra undir hreppsnefnd í hverjum hreppi. Út af því, er mèr heyrðist á þingmanni Vestmannaeyinga, að hann vildi slengja saman 16. og 19. grein, af því að þær væru sama efnis, þá held eg, að þetta sè byggt á misskilningi hans; þetta er að mínu áliti alls eigi rètt, og eg hygg, að báðar þessar greinir sèu á rèttum stað í frumvarpinu; í 14.—16. gr. er talað um þau störf, sem hreppanefndirnar hafa á hendi. Hvort þinghús eigi að kalla fasteign eður eigi, um það geta verið deildar meiningar, þó mèr þyki það liggja nær, en hitt er víst, að þar sem hrepparnir eiga þinghús, sem er hvergi nærri alstaðar, þá eru þau undir umsjón hreppstjóra, og það er þessi umsjón, er á að hverfa undir hreppanefndirnar, allt eins og byggingarráð á jörðum þeim og jarðarpörtum, er hreppurinn á. En í 19. grein er efnið allt annað; þar er átt við hin reikningslegu skil fyrir tekjum hreppsins og fjármunum, og svo ákveðið, að nefndin öll í einu lagi eigi að ábyrgjast þau.

Þórarinn Böðvarsson: Eg þarf eigi að tala margt að þessu sinni, því bæði þykir frumvarpið gott yfir höfuð að tala, og nefndarálitið hefir fengið góðar viðtökur og verið lofað með mörgum orðum, og bezta sönnunin fyrir, að hugur fylgi máli í þessu efni, er að breytingar þær, er farið hefir verið fram á, eru mjög óverulegar, og flestar eigi annað en orðabreytingar einar. Það er og heldur eigi nema eitt lítið viðauka-atkvæði, er eg vildi gjöra við 14. grein og greinarnar þar á eptir. Þar er nefnilega til tekið ýmislegt, er heyrir undir verkasvið hreppsnefndarinnar, en eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði því viðvíkjandi, að þetta mætti fleira vera, en upp er talið. Viðvíkjandi 17. grein, þá verð eg að halda

fast við, að gjalddaginn sè tiltekinn, og vil eg í því efni bera mig saman við þingmann Reykvíkinga. Hvað síðari hluta af öðrum kafla greinarinnar snertir, þá held eg, að það sè eigi rètt að sleppa honum með öllu, en það mætti víkja honum við, og mun eg í því efni bera mig saman við nefndina.

Hallgrímur Jónsson: Eg þarf eigi að vera margorður í þetta sinn; nefndin hefir, svo sem vert er, fengið mikið lof fyrir aðgjörðir sínar, svo þær munu ekki þurfa mikilla umbóta við. Það var að eins um eitt atriði, er eg vildi tala, sem eg sè að aðrir hafa leitt hjá sèr, eða ekki sèð nauðsyn til. Í 12. grein frumvarpsins er svo til tekið, að hreppsnefndin skuli auk aukafunda eiga 4 reglulega fundi á ári hverju, en í annan stað er í 13. greininni svo ákveðið, að hreppsnefndin geti enga ályktun gjört, nema að minsta kosti helmingur nefndarmanna sè viðstaddur. Nú þætti mèr eigi ólíklegt, að það kynni að að bera, að eigi komi helmingur nefndarmanna á fundinn, því eg hefi orðið þess var, að allvíða í sveitum eru menn ófúsir á, að sækja þessa fundi. Mèr þykir því nauðsynlegt, að nefndarmenn hafi eitthvert það aðhald til að sækja fundina, að fundirnir eigi yrðu ónýtir fyrir þessa sök, og hreppsnefndinni gjört ómögulegt, að gjöra neina ályktun, og hefir mèr því komið til hugar að áskilja mèr breytingaratkvæði því viðvíkjandi, að lagðar væru hæfilegar sektir við, ef hreppsnefndarmenn sækja ekki fundi að forfallalausu. Eg vil því bera mig saman við nefndina um þetta efni. Það kann ef til vill að virðast óþarft, og vera kann, að eg falli frá því síðar, er eg hefi heyrt skoðanir annara þessu viðvíkjandi; en mèr virðist þó þetta atriði vera athugavert, því við því er að búast, að mörgum verði nauðugt, að sitja í hreppsnefndum þessum álíka og gegna hreppsstjórastörfum nú, og verða að sækja fundi, er gæti verið töluverðum erfiðleikum bundið, einkum þar sem víðlendir hreppar eru, auk þess sem sumir mundu heldur vilja vera lausir við að snúast í þessum launalausu, vandasömu og þó vanþakklátu nefndarstörfum. Hvað gjalddagann snertir, þá þykir mèr nauðsynlegt, að hann sè fast-ákveðinn, en að hreppsnefndinni sè þó leyfilegt, þar sem sèrlegar ástæður eru til þess, að veita frekari frest, en hvað það snertir, hver gjalddaginn sè haganlegastur, þá felli eg mig fyrir mitt leyti bezt við 31. desember ár hvert, ellegar máske 2 gjalddaga, þann fyrri um Marteinsmessu, en hinn á Krossmessu.

Framsögumaður: Viðvíkjandi uppástungu þingmanns Borg-

firðinga um að sektir verði lagðar við, að sækja eigi fundi hreppsnefndarinnar, þá verð eg að segja, að mèr þykir það nokkuð ófrjálslegt, og það því fremur sem frumvarpið er svo frjálslegt að öðru leyti. Eg verð að segja, að það ætti miður við, að þurfa vera að rekast í að rannsaka, hvort gild forföll hafi verið eður eigi, og svo sem viljugan er hvern bezt að kaupa, þá hygg eg að eigi sè rètt, að neyða menn til að koma á hreppsnefndafundi. Þegar stefna er komin á málið, þá vænti eg eptir, að áhugi manna á almenningsmálum muni vaxa, og það því fremur sem tilhögun þessi er frjálslegri.

Páll Pálsson: Eg gleymdi áðan, að geta þess, að eg vil áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis við 2. lið 18. greinar; þar stendur nefnil. svo: »Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn, eða taka einhvern til að endurskoða hann»; vil eg, að á eptir orðinu »einhvern« verði skotið inn í: »úr sínum flokki«, því hitt þykir mèr of óákveðið.

Torfi Einarsson: Mèr datt næstum því í hug út af ræðu hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga, að óska þess, að menn vanræktu sem mest sveitarfundi; þetta er að vísu nokkuð undarlegt, en það er aðgætandi, að því lakara sem ástand sveitanna er, því betur sækja menn optast fundina, en því miður, eptir því sem betur gengur. En hvernig sem þessu er nú varið, get eg þó ómögulega fallizt á þá uppástungu hins heiðraða þingmanns, er eg nefndi nýlega, að sekta menn fyrir þá sök, að þeir sæki eigi sveitarfundi, því slík aðferð getur eigi samrýmzt við frelsið, sem menn allt af eru að gjöra sèr far um að efla; frelsið sjálft á einmitt að hvetja menn til framkvæmda, og þá einnig til þess, að sækja vel hvers konar fundi, þar sem rætt er um almenn nauðsynjamál. Fyrst eg stóð upp á annað borð, skal eg geta þess, að það gladdi mig, að hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyjasýslu lofaði að fækka nokkuð breytingaratkvæðum sínum. Hann vildi þó halda því fram, að aldur skyldi ráða, hver nefndarmaður yrði; en eg vorkenni ellinni, og finnst mèr miklu nærgætnara, að hinn yngri af þeim, er um væri að gjöra, væri kosinn fyrir nefndaroddvita. En helzt vil eg þó fylgja frumarpinu, og láta hlutkesti ráða. Honum þótti það of naumur tími, sem til er tekinn í frumvarpinu, að þingboð skuli vera látið út ganga um hreppinn að minnsta kosti 8 dögum fyrir kosninguna; en þennan tíma álít eg nægilegan; það er opt tilfellið, að áhugi manna dofnar, þegar slíkir fundir eru auglýstir löngu fyrir

fram; einnig í þessu efni vil eg því fylgja frumvarpinu. Eg ætla svo ekki að orðlengja meira að sinni, enda er óþarfi fyrir mig, að halda skildi fyrir nefndina; hún hefir gjört og mun geta gjört það sjálf.

Forseti: Fyrst eigi taka nú fleiri til máls, er umræðunni um þennan kafla lokið, og kemur þá til umræðu hinn annar kafli, um sýslunefndir. Eg veit ekki, hvort hinn heiðraði framsögumaður vill taka til máls um þennan kaflann.

Framsögumaður: Eg ætla að spara mèr ómak að þessu sinni og geyma mèr rètt til andsvara, unz eg hefi heyrt álit og umræður hinna heiðruðu þingmanna.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir einnig í kaflanum um sýslunefndir aðhyllzt frumvarpið í öllu verulegu, og eg skal að eins fara fáeinum orðum um niðurlagsatriði nefndarinnar við þennan kafla.

Bæði vegna þess að sýslunefndirnar eiga að skera úr ágreiningi þeim, sem eptir 14. gr. getur komið á milli prestsins og hreppsnefndarinnar um barna-fræðsluna, og að hèraðsprófastinn, sem er kosinn af öllum prestum sýslunnar, má að nokkru leyti álíta fulltrúa prestastèttarinnar í öllum umboðslegum málefnum, virðist mèr ákvörðun frumvarpsins um, að hann sè sjálfkjörinn sýslunefndarmaður, vel tilfallin, og skal eg þess vegna mæla með þessari ákvörðun.

Við 27. gr. skal eg geta þess, að uppástunga nefndarinnar um það, að hver hreppur eigi að kjósa einn nefndarmann í sýslunefndina, virðist mèr miður heppileg, bæði vegna þess að hún mun hafa þá afleiðing, að sýslunefndirnar verði of fjölmennar, og vegna þess að í þeim sýslum, þar sem fleiri hreppar eru en 10, munu eptir henni altènd nokkrir hreppar vera alveg án »Repræsentationar» í nefndinni, þó að ákveðið verði, að þetta fari á víxl milli hreppanna. Þessi vandkvæði eru að mínu áliti meiri en eptir uppástungu frumvarpsins, sem ákveður, að hverri sýslu skuli skipt í kjördæmi, er hvert kjósi sinn sýslunefndarmann. Að vísu mun það vera æskilegt, að hver hreppur verði kjördæmi sèr, og það mun einnig verða aðalreglan eptir ákvörðun frumvarpsins; en þar sem undantekning verður að gjöra annaðhvort frá þessari reglu, eða frá hinni aðalreglunni, að öll sýslan eigi að hafa fulltrúa í nefndinni, virðist mèr heppilegra að fara þá leið, sem stungið er upp á í frumvarpinu, því á þann hátt hafa alla-jafna allir hreppar

sýslunnar fulltrúa í nefndinni. Hin heiðraða nefnd gjörir ráð fyrir, að þegar 2 hreppum er slengt saman í eitt kjördæmi, þá megi búast við að nefndarmaðurinn verði jafnast kosinn úr hinum stærri hreppnum, en ef svo væri, þá er hinn kosni eins vel fulltrúi hins minna og hins stærra hrepps og skyldur til að gæta þarfa beggja hreppanna; en eptir uppástungu nefndarinnar mun á hinn bóginn einn hreppur eða fleiri í hinum stærri sýslunum æfinlega vera fulltrúalaus í nefndinni. Það er einnig aðgætandi, að þau mál, sem sèrstaklega snerta þarfir hreppanna, eru fengin hreppsnefndunum í hendur, en hin, sem lögð eru undir sýslunefndina, snerta hagsmuni sýslnanna, sem að vísu ekki eru stríðandi á móti þörfum hreppanna eða þeim óviðkomandi, en þó ekki beinlínis falla saman við þær. Hver sýslunefndarmaður á án tillits til, frá hvaða hreppi hann er sendur í nefndina, að sjá um þarfir allra hreppanna í sýslunni, og ef ekki væri vandkvæði á, eptir því sem hèr í landi hagar til, að við hafa óbeinlínis kosningar, mundi, að eg ætla, rèttast að kjósa nefndarmenn í sýslunefndina á þann hátt, að hver hreppur kysi einn eða fleiri kosningarmenn, sem þá kæmu saman á fund, og í sameiningu kysu alla nefndarmennina án tillits til þess, hvort hver hreppur setti sinn fulltrúa í nefndina, en nefndarmennirnir væru fulltrúar allrar sýslunnar. En þar sem þessi kosningarmáti er of mörgum örðugleikum bundinn, þá hefir orðið að fara annan veg, og mèr virðist sá, sem frumvarpið fer, í öllu ákjósanlegri en uppástunga nefndarinnar.

Aptur á móti get eg fallizt á breytingaruppástungu nefndarinnar við 31. gr. um þóknun handa sýslunefndarmönnunum.

Þó að eg ekki hafi neitt á móti breytingu nefndarinnar við 2. kafla 37. gr., skal eg með skýrskotun til umræðna þeirra, sem í hitt eð fyrra áttu sèr stað á þinginu viðvíkjandi bænarskrá Mýramanna um markatöflur, skjóta því til þingsins, hvort ekki eigi betur við að halda þessari ákvörðun óbreyttri.

Þar sem nefndin hefir stungið upp á, að sleppa ákvörðununum í 3., 4. og 5. kafla 37. gr. um fè það, sem með þarf til launa handa hreppstjórum, bólusetjurum og ljósmæðrum, og álitið að þessi laun eigi ekki að greiða úr sýslusjóðnum, að svo miklu leyti sem það til þess nauðsynlega fè ekki getur fengizt á annan hátt, ætla eg ekki að mæla á móti þessari uppástungu, en eg skal leyfa mèr að benda þinginu til þess, að með því að sleppa þessum á-

kvörðunum, verður ekkert annað á unnið, en að fresta þessum spursmálum um tíma.

Bólusetningarkostnaðurinn og kennsla ljósmæðra er nú sem stendur borgað úr amtsjafnaðarsjóðnum og hvílir þannig á lausafènu, sem allir eru á eitt sáttir um að þurfi lèttis við; með því að leggja þessi gjöld á sýslusjóðina, sem eptir 38. gr. eiga að fá tekjur sínar, sumpart af lausafènu, sumpart af jarðagózinu, verður nokkuð, en ekki mikið dregið frá byrðum lausafjárins. Hvort læknasjóðurinn getur lagt nokkurn styrk til launa handa ljósmæðrunum, get eg ekki dæmt um sem stendur, en mèr þykir það mjög áríðandi mál, að koma betra fyrirkomulagi á í þessu tilliti, og þá verður kostnaður sá, sem til þess útheimtist, að lenda annaðhvort á hreppnum eða sýslunni; það sama er að segja um hreppstjóralaunin, sem vissulega er nauðsynjamál, er að mínu áliti ekki þolir að dragast. Eptir hinu nýja fyrirkomulagi á sveitastjórninni eiga hreppstjórarnir að vera lausir við öll fátækramálefni hreppsins og eptirlitið með aukavegunum, en þeir halda eptir öllum öðrum hreppstjórastörfum, sem, eins og þingmönnum er kunnugt, eru allmörg; þeir verða umboðsmenn sýslunefndarinnar hver í sínum hreppi, og halda þar að auki þeim störfum óbreyttum, sem þeir hingað til hafa haft á hendi með tilliti til dómgæzlu, lögreglu og gjaldheimtu, svo að það verður nauðsynlegt ekki síður nú en áður að útvega þeim laun. Verði þetta spursmál, eins og nefndin stingur upp á, að ákveða með sèrstöku lagaboði, er líklegt að það taki lengri tíma, en ef það samkvæmt frumvarpinu verður falið sýslunefndunum og amtsráðinu að gjöra út um það.

Eg get fallizt á breytingaruppástungu nefndarinnar við 38. gr. um niðurjöfnun gjaldsins til sýslusjóðanna.

Framsögumaður: Eg finn orsök til að þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir það, hve ljóslega og lipurlega hann tók margt fram í ræðu sinni viðvíkjandi þeim kaflanum, er nú liggur fyrir til umræðu; og gat eg fallizt á flest af því, er hann mælti. Þó var einkum eitt atriði í ræðu hans, er eg get eigi aðhyllzt, en það var, að hèraðsprófastarnir skyldu verða sjálfkosnir í sýslunefndirnar. Mèr finnst of mikil byrði lögð á hèraðsprófasta, ef því yrði bætt ofan á önnur störf þeirra, andleg og veraldleg, að skylda þá til að sækja sýslunefndarfundi; þeir hafa nóg löng og ströng ferðalög þar fyrir utan. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að rèttara væri, að losa þá við þessar skyldur, og eg get enn þá eigi

sannfærzt um hið gagnstæða. Hvað snertir deilingu á sýslum í kjördæmi, þá áleit nefndin, að hentugra mundi, að hver hreppur myndaði kjördæmi út af fyrir sig, og að rígur mundi geta komið upp milli tveggja hreppa, er slengt væri saman í eitt kjördæmi, og af sömu ástæðum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu, verð eg enn að halda fast við þessa skoðun; eg er viss um, að það fyrirkomulag, er nefndin hefir stungið upp á, yrði vinsælla en ákvörðun frumvarpsins. Viðvíkjandi 37. gr. þótti nefndinni óheppilegt, að 3. og 5. kafla er smeygt þar inn í, þar sem í þessum köflum er gjört ráð fyrir útgjöldum, er leggja verður á sýslusjóðina, og þótti henni ráðlegra, að semja sèrstaklegar ákvarðanir um þessi atriði. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit nauðsynlegt, að hreppstjórunum yrði hèr eptir veitt laun, og það er víst sanngjarnt í sjálfu sèr; en við þetta nýja fyrirkomulag fá þeir að minni hyggju lausn frá svo mörgu, er nú hvílir á þeim, að eg get ekki sèð, að fremur verði þörf á að launa þeim hèr eptir, en hingað til. Viðvíkjandi kostnaði þeim, er af ljósmæðrum flýtur, þá sýnist mèr eigi ólíklegt, að þær gætu fengið laun sín af læknasjóðnum, þegar búið væri að koma á hann föstu skipulagi.

Pètur Pètursson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú reyndar fært til góðar og gildar ástæður gegn breytingu nefndarinnar á 26. gr. frumvarpsins, svo eg hefi ekki miklu við það að bæta. Mèr virðist ákvörðun frumvarpsins alveg nauðsynleg, einkum sökum þess, að eigi er til tekið í 14. gr. frumvarpsins, að prestarnir sèu sjálfkosnir í hreppsnefndirnar; og þess vegna sýnist mèr nauðsynlegt, að einhver sè sá í sýslunefndunum, er haldi uppi rèttindum prestanna, og hafi nákvæmt eptirlit með þeim málum, er snerta uppfræðingu og uppeldi barna, og ímynda eg mèr, að eigi muni margir hèraðsprófastar skorast undan þessu ætlunarverki, sem þeir hljóta að sjá að er svo mikilvægt og áríðandi. Eg skal játa það, að með þessari ákvörðun er töluverður byrðarauki lagður á prófasta, ofan á öll önnur störf þeirra og langferðir, er þeir einatt verða að fara. En eg ímynda mèr, að þeir mundu opt geta hagað svo til vísitazíuferðum sínum, að þeir um leið gætu farið á sýslufundina, og væri það töluverður hægðarauki fyrir þá. Af þessu er eg nú hefi tekið fram, verð eg fastlega að ráða þinginu til, að fylgja ákvörðun frumvarpsins í þessu efni, því eg álít hana alveg ómissandi, eins og eg líka felli mig vel við það, að sóknarpresturinn á Vestmannaeyjum sè sjálfkjörinn í sýslunefndina þar.

Stefán Eiríksson: Eg verð nú eins og fleiri að hrósa nefndinni fyrir aðgjörðir hennar í þessu máli; hún hefir gengið mjög vel í gegnum stjórnarfrumvarpið, og lagfært þar ýmsar misfellur, og eg efast jafnvel um, að opt hafi komið nefndarálit betur úr garði gjört hèr inn á þingið. Þó get eg eigi lagt lofsorð á nefndina fyrir meðferð hennar á bænarskránni úr Austur-Skaptafellssýslu um jafnaðarsjóðina; hún hefir fengið að hvílast hjá nefndinni í næði, eða að minnsta kosti lítur svo út, sem nefndin hafi ekki mikið hreift við henni, að minnsta kosti get eg ekki sèð það af nefndarálitinu, hvorki að framan, eður í þeim kafla nefndarálitsins, sem talað er um amtsráðið, og virtist þó sem nefndin hefði haft þar allgóðan texta til að segja eitthvað um jafnaðarsjóð suðuramtsins, þar sem nú er búið að dengja upp á hann málleysingja-gjaldi með meiru, og þar á ofan er alinn á honum dýralæknir til einkis gagns, víst að nokkru leyti, en nefndin hefir hugsað að láta þetta allt bíða, þangað til 1874, að lögleiða á frumvarpið, en þá verður víst suðuramtsbúum mál á lagfæringu í þessu efni, sem er á því stigi, að eyðileggja ríka og fátæka; en eg ætla nú ekki meira að fjölyrða um bænarskrá þessa, heldur snúa mèr til frumvarpsins. Það er ákveðið í 31. grein, að sýslunefndin skuli að minnsta kosti tvisvar á ári eiga fund með sèr; en mèr virðist nóg, að eigi sè nema einn fundur haldinn á ári, og mun hann hafa full-mikinn kostnað í för með sèr. Eg skal taka til dæmis, að í Skaptafellssýslu verði fundur þessi haldinn að Kálfafelli eða Núpstað, sem liggur bezt við, og er þangað full 3 daga leið úr fjarlægustu hèruðum sýslunnar og hinir nefndarmenn hefðu tveggja daga og sumir 1 dags leið; á fundi þessum yrðu ekki færri en 7 menn, og hefir hver 1 rd. um daginn. Eptir uppástungu nefndarinnar nú ímynda eg mèr, að menn þessir sitji ekki skemur á fundinum en 6 daga, og yrðu þá daglaun þeirra 42 rd. og ferðakostnaður víst 26 rd.; á þessu sèst, að kostnaðurinn verður ekki svo lítill fyrir 1 fund, og ef þeir verða tveir, þá get eg vel ímyndað mèr, að fundir þessir með öllu samtöldu kostuðu allt að 200 rd.; það er líka því óþarfara, að hafa lögskipaðan meir en einn fund á ári, sem oddviti getur, ef þörf gjörist, kallað fund saman, og því heldur sem hreppsfundirnir munu geta búið svo í haginn fyrir sýslufundina, að þeir verði með öllu ónauðsynlegir nema einu sinni á ári. Viðvíkjandi 37. grein er eg nefndinni samdóma í því, að sleppa út úr greininni ákvörðun um bólusetjara og

ljósmæðralaun, því nóg verða útgjöld eptir frumvarpi þessu, þó þessu sè sleppt út úr, og yfir höfuð að tala sè eg ekki ástæðu til, að ákveða laun handa hreppstjórunum hèr eptir fremur en hingað til, einkum þar eð svo miklu verður af þeim lètt með þessu nýja fyrirkomulagi, og því álít eg einnig, að nefndin hafi gjört rètt í, að sleppa því atriði. Af þessu, sem eg hefi sagt um 31. gr., áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að ekki sè ákveðinn nema einn fundur á ári.

Sigurður Gunnarsson: Eg verð að játa, að eg felli mig betur við þá ákvörðun frumvarpsins, að hèraðsprófastar skuli vera sjálfkosnir í sýslunefndirnar, heldur en við uppástungu nefndarinnar. Eg neita því að vísu ekki, að þetta mun verða töluverður ábætir fyrir prófasta, sem hafa svo mörg önnur störf á hendi, að sækja sýslunefndarfundi; en eg ímynda mèr, að þeir verði ekki neyddir til, að vera á hverjum þeirra, og varla nema þá, er prestar kvörtuðu undan, að annaðhvort væri rèttindum þeirra hallað af hreppsnefnd um uppfræðingu sveitarbarna — eða prófastur vildi koma einhverju fram, sem snerti siðferði manna og hreppsnefndir næðu til. Eg gef atkvæði mitt grein frumvarpsins. Við 27. gr. vil eg áskilja mèr viðaukaatkvæði við nefndarálitið á þá leið, að aptan við orðin: «en síðan af sýslunefndinni» verði bætt þessu: «að lokinni kosningu kveður kjörstjórnin upp, hver nefndarmaður skuli vera»; og sömuleiðis að aptan við síðari kafla greinarinnar verði bætt þessum orðum: «Hefir hann á hendi erindi beggja þeirra hreppa, er senda mann til skiptis í nefndina». Hvað viðvíkur 38. gr., þá líka mèr vel breytingar nefndarinnar, því þær miða til þess að auka eigi álögurnar á lausafè og jarðaafgjöldin, og enn fremur að láta gjaldið koma jafnar niður, heldur en á sèr stað eptir frumvarpinu. En eg er hræddur um, að nefndinni hafi gleymzt, að til taka að seinni liður 38. greinarinnar verði látinn standa, sem eg ætla að sè tilætlun hennar, því breytingar hennar eiga að eins við fyrri hluta greinarinnar. Enn fremur vildi eg bera mig saman við nefndina um 2 litilvægar orðabreytingar.

Helgi Hálfdánarson: Eg býst við, að menn verði hræddir, þegar eg stend upp, að minnsta kosti þingmenn Barðstrendinga og Strandamanna, því að þeim mun hafa þótt eg koma með nógu mörg breytingaratkvæði áðan, en þótt þau breytingaratkvæði, sem eg ráðgjörði, væru nokkuð mörg, get eg afsakað mig með því, að þau voru þó eigi svo mörg sem þau sýndust, sakir þess að mörg

þeirra voru nauðsynlegar afleiðingar af einu, og auk þess, með því þetta eru hin fyrstu breytingaratkvæði, er eg ber upp á þessu þingi, svo að eg hefi hingað til ekki tafið þingið með slíku. Það, er eg nú vildi minnast á, er að í breytingu nefndarinnar við 26. greinina er svo tiltekið, að í sýslunefndinni skuli auk sýslumanns sitja 6 til 10 menn, en þar eð eg gjöri ráð fyrir, að tala nefndarmanna eigi jafnan að standa á stöku, og það eigi kæmi heim, ef auk sýslumanns sætu í henni 7 eða 9 menn, þá held eg að það muni vera vangá nefndarinnar, að hún hefir orðað breytingu sína þannig, og því vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um að sett verði «6, 8 eða 10 menn». Að öðru leyti vil eg eigi tala neitt um þessar hærri nefndir; það er of hátt fyrir mig og mèr ofvaxið að dæma um, hve heppilegar allar ákvarðanir frumvarpsins og breytingar nefndarinnar eru þar. Út af því, sem áðan var talað um verkasvið hreppsnefnda og sýslunefnda, hefir mèr þó komið til hugar að hreifa því, hvar undir að ætti að telja verði, er settir væru á fjöllum eða á milli hèraða; eg fæ eigi sèð, að neinstaðar sè um það getið. Mèr fyrir mitt leyti þykir bezt eiga við, að setja þá undir amtsráðin; en þar eð það hvergi er til tekið, vil eg áskilja mèr rètt til, að mega, ef mèr sýnist svo, koma með breytingaratkvæði í þessu efni.

Páll Pálsson: Út af því, er þingmaður Austur-Skaptfellinga stakk upp á, að hafa að eins 1 lögskipaðan sýslufund á ári, þá vil eg lýsa því yfir, að eg eigi get verið því meðmæltur, að þetta sè gjört að reglu, þó ástæða geti verið til, þegar svo stendur á, að gjöra þá undantekningu, að eigi þyrfti að halda nema að eins einn sýslufund á ári. Eg hefi því ásett mèr, að gjöra þann viðauka við fyrsta kafla 31. greinar, að amtsráðið mætti leyfa slíka undantekningu, þegar sýslunefndin færi þess á leit. Viðvíkjandi breytingu nefndarinnar á 38. gr., þá vil eg fella burt niðurlag hennar, því mèr þykir nóg að ákveða, að oddvitinn greiði sýslumanni gjaldið, og tekur hann þá eins og auðvitað er kvittun fyrir því, er virðist fullgild sönnun fyrir að gjaldið sè greitt á þann hátt, sem sýslumaður hlýtur að taka fullgildan.

Jón Sigurðsson: Það er eigi margt, er eg þarf að tala í þetta sinn; það eru eingöngu nokkur orð viðvíkjandi því, er konungsfulltrúi sagði um breytingu nefndarinnar á 27. gr. um kjördæmin. Nefndin þóttist þó finna yfirgnæfandi ástæður til þess að breyta frumvarpinu í þessu efni, og eru tillögur hennar samkvæmar því,

er þingið stakk upp á 1855. Það getur opt verið mjög óhagkvæmt, að fara eptir frumvarpinu og leggja 2 hreppa saman í eitt kjördæmi; það getur verið, að báðir hrepparnir væru stórir og yrði kjördæmið þá of stórt og víðlent, og það getur líka verið, að annar hreppurinn sè stór en hinn lítill, en þá er hætt við, að hinn minni yrði svo ofurliði borinn, að úr honum yrði ef til vill aldrei maður kosinn í sýslunefndina. Reyndar er það satt, að sýslunefndarmennirnir eru eigi fulltrúar fyrir hvern einstakan hrepp, heldur fyrir alla sýsluna, eins og konungsfulltrúi tók fram, en við því mætti þó búast, að slík tilhögun mundi vekja megna óánægju meðal almennings, ef einstakir hreppar yrðu má ske allt af út undan að eiga mann í sýslunefndinni, og það gæti einnig að borið, að enginn í sýslunefndinni væri svo kunnugur ástæðum hins minna hrepps, sem þörf væri á. Nefndinni þótti því eptir nákvæma íhugun yfirgnæfandi ástæður vera til þess, að fara því fram, sem hún hefir gjört. Þess ber og að gæta, að þar sem fleiri hreppar eru en 10 í sýslunni, þar mætir eigi sá maður, er hinn litli hreppur hefir kosið, nema annaðhvort ár; en að öðru leyti eru þær sýslur fáar, er þetta kæmi fyrir í; enn fremur ber þess að gæta, að málin eru að tiltölu miklu færri í hinum smærri hreppum, er þyrftu að koma undir úrskurð sýslunefndarinnar. Varaforseti gat þess, að hann mundi fremur hallast að 26. gr. frumvarpsins, heldur en breytingu nefndarinnar, að því er prófastana snertir sem sjálfsagða í sýslunefndina; það getur að vísu verið nokkur ástæða til þess, en hún er þó eigi yfirgnæfandi, því mèr er með öllu óskiljanlegt, að eiginleg geistleg mál gæti borið undir úrskurð sýslunefndarinnar; eg vil taka til dæmis, að prestur væri óánægður með aukaútsvar það, eður aðrar sveitarfèlags-skyldur, er honum hefðu verið lagðar á herðar, þá stæði honum svo sem öðrum opið fyrir í þessu efni, að leita rèttar síns, með því að bera það undir sýslunefndina, en þessleiðis mál eru alls eigi kirkjumál, heldur alveg veraldleg, og heyra því undir úrskurð valdstjórnarinnar, og gjörist þess því ekki þörf, að prófastur sæti í sýslunefndinni. Hið eina, er hèr gæti komið til greina, væri barnauppfræðingin. Út af því er konungsfulltrúi gat um breytingu nefndarinnar á 37. gr. stafl. 3 og 4, þá vil eg geta þess, að eg held, að nefndin hafi rètt fyrir sèr í þessu efni, að leggja eigi að sinni nema sem minnst útgjöld á sýslusjóðina, sem eigi eru enn þá til, og geyma það heldur þangað til síðar, en að láta hin umræddu út-

gjöld fyrst um sinn greiðast á sama hátt sem hingað til. Viðvíkjandi launum handa hreppstjórum þá hefi eg allt af haldið því máli fram að undanförnu, að þeir fengju hæfilega þóknun fyrir starfa sinn á einhvern hátt, en nú þykir mèr allt öðru máli að gegna, því eptir því sem eg hugsaði mèr, þá mundu störf hreppstjórans framvegis verða miklu minni, en eptir því sem mèr heyrðist á konungsfulltrúa áðan, þá er sá skilningur ef til vill eigi á rökum byggður. Eg álít sem sè, að störf hreppanefndanna sèu eigi hèr öll upptalin í frumvarpinu, heldur sèu það miklu fleiri mál, er heyra undir verkasvið þeirra; en sè nú þessi skilningur minn á frumvarpinu skakkur og sè það meiningin, að engin mál heyri undir hreppanefndirnar önnur, en þau sem upp eru tekin í frumvarpinu, þá vil eg sameina mig við þingmann Gullbringusýslu um að tiltekið sè með berum orðum, að undir hreppanefndirnar skuli heyra öll sveitamál, og yrðu þá hreppstjórarnir að eins lögregluþjónar, eða aðstoðarmenn sýslumanna, og er þá því síður ástæða til að fara að launa þeim nú, þar sem þeir fá nokkra borgun, þó hún sè lítil, fyrir flest störf sín, er að þessu lúta. Um breytingu nefndarinnar á 38. gr. vil eg eigi ræða. Konungsfulltrúi var henni að vísu mótfallinn, en þar eð eg eigi hefi heyrt nein mótmæli gegn henni, þá þykir mèr eigi ástæða til að fara að verja hana; eg vil að eins með einu orði benda þingmönnum á, að þetta er mikil og veruleg breyting og verð þess vegna að íhugast vandlega.

Framsögumaður: Það hefir fátt það komið fram, síðan áðan, er eg þurfi að svara. Eg vil að eins taka það fram, að það er vangá nefndarinnar að kenna, að seinni liður 38. greinar hefir fallið úr, því svo sem þingmaður Suður-Múlasýslu gat til, þá ætlaðist nefndin til að hann stæði óbreyttur eða með orðabreytingum einum. Viðvíkjandi því, er varaforseti hèlt því fram, að prófastarnir sèu skyldir að vera í sýslunefndinni, þá kom mèr til hugar orðtækið, að nú höggur sá, er hlífa skyldi. Eg get eigi sèð neina ástæðu til þess, hvorki í andlegu nè veraldlegu tilliti. Eg vil heldur, að prófasturinn sè þá kosinn í sýslunefndina, þegar hann er dugandi maður, en að skylda hann til þess, hygg eg að sè mjög óráðlegt, og gæti það jafnvel valdið prófastunum í stórum sýslum óbærilegum þyngslum; eg vil taka til dæmis Barðastrandarsýslu; þar mundi fundurinn verða haldinn á Barðaströndinni einhverstaðar, en hvílíkir erfiðleikar væru eigi á því, þar sem slíkir eru vegir og vegalengdir, fyrir prófastinn auk vísitasíuferða sinna að fara 2 ferðir

á ári vor og haust til fundarins, ef til vill má ske sunnan af Reykjanesi eða sunnan úr Gilsfirði Þingmaður Austur-Skaptfellinga var að lá nefndinni, að hún eigi hefði tekið til greina bænarskrá, er hann kom með á þingið, en mèr sýnist hann mætti þó virða það, að nefndin veitti henni þæga og góða hvíld eptir langferðina. Um útreikninga hans vil eg eigi tala, en eg vil fallast á uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga um að amtsráðinu sè leyft að gjöra undantekningu frá því, að sýslunefndin haldi tvo fundi á ári hverju. En það sem sami þingmaður hafði á móti niðurlaginu á breytingu nefndarinnar á 38. gr., þá virðist mèr það ástæðulaust, því nefndin átti við, að þess væri engin veruleg þörf, að greiða gjaldið í peningum, ef það að eins er greitt á þann hátt, sem sýslumaður tekur fullgildan. Viðvíkjandi tölu nefndarmanna í breytingu nefndarinnar við 26. gr., er þingmaður Vestmannaeyinga tók fram, þá vil eg í því efni bera mig saman við nefndina. En að því er snertir ákvörðun hans um verði, þá á það eigi við hèr, því það heyrir undir önnur lög.

Jón Sigurðsson: Eg gleymdi áðan að segja þingmanni Vestmannaeyja, að það var af ásettu ráði, að nefndin til tók tölu sýslunefndarmanna, auk sýslumanns, 6—10, því hrepparnir geta verið misjafnir að tölu, en eptir því fer tala sýslunefndarmanna. Eg get og eigi sèð, að sýslunefndin fyrir neina sök þurfi að vera oddanefnd, því greini nefndarmenn á um eitthvað, og sèu atkvæði jöfn, þá ræður atkvæði oddvita.

Jón Pètursson: Viðvíkjandi 27. gr. þá held eg það verði erfitt fyrir sýslumenn að láta kjósa á manntalsþingunum, og held eg að það geti komið ruglingi á manntalsþingin. Eg vil því stinga upp á, að hvort sem amtmaður skiptir sýslunni í kjördæmi eptir frumvarpinu, eða hver hreppur verður látinn vera kjördæmi sèr eptir upástungu nefndarinnar, þá geti sýslumaður sett annan í sinn stað í hverju kjördæmi til að standa fyrir kosningunum, eða þá annari áþekkri ákvörðun. Viðvíkjandi öðrum kafla 37. gr. þá vil eg taka það fram, að margar afrèttir eru eign einstakra manna, og gætu umráð þeirra því eigi komið undir sýslunefndina, að minnsta kosti veit eg til að þetta er svo víða fyrir norðan, og þar sem þá amtmenn hafa gjört reglugjörðir viðvíkjandi þess konar afrèttum, þá hafa afrèttareigendur eigi álitið sig bundna við það, heldur neitað að fara eptir þeim. Ákvörðun frumvarpsins getur því eigi átt við aðrar afrèttir en þær, sem eru almenningar eða eignir einstakra

hreppa. Mèr virðist fullkomin ástæða til að halda tölul. 38. í frumvarpinu, og þykir sá gjaldmáti, sem þar er ákveðinn, betri en tillögur nefndarinnar, því mèr þykir jafnan neyðarkostur, að halda þessari niðurjöfnun eptir efnum og ástandi. Eg ætla einnig að það sè nógu mikil óánægja manna yfir niðurjöfnun hreppsgjaldanna, þó hún eigi sè aukin. Eg skil og eigi hvernig það gæti orðið óvinsælt, að laun yfirsetukvenna yrðu skoðuð sem sýslumál.

Pètur Pètursson: Mèr hefir verið borið það á brýn í máli þessu, að eg höggvi þar sem hlífa skyldi, en það er eigi ástæða til þessa, og eg á það vissulega ekki skilið. Eg skil eigi, hvers vegna nefndinni er svo annt um að útiloka prófastana frá sýslunefndinni, nema framsögumaður hafi komið því fram af misskildu meðhaldi með prófastunum, til þess eigi að baka þeim neina erfiðleika, en þetta þykir mèr þó því ólíklegra, sem sá hinn sami maður hefir verið bæði ötull og skyldurækinn prófastur. En aptur þykir mèr það vera öldungis nauðsynlegt, að prófasturinn eigi sæti í sýslunefndinni sakir 14. greinar, og það því fremur sem presturinn eigi er sjálfkjörinn í hreppsnefndina, því við því er að búast, að opt geti orðið ágreiningur milli prestsins og hreppsnefndarinnar, sem bera þyrfti undir sýslunefndina, en sæti prófasturinn eigi í henni, þá væri þar ef til vill enginn til að halda uppi svörum fyrir prestinn, og mundi þá sannast, að ber er hver á baki, nema bróður eigi; það er því af hlíf við prestana og til að gjöra þeim auðveldara að koma sínu máli fram, að eg í þessu efni vil eigi breyta frumvarpinu, en alls eigi til að þröngva kostum prófastsins. Þetta mundi og eigi verða svo þungbært fyrir þá, þegar þess er gætt, að þeir mundu þegar svo á stæði geta fengið lausn frá að koma á sýslunefndarfundi, og enn fremur mundi hann og eptir 31. gr. fá dálítið endurgjald fyrir ferðir sínar. Eg skil eigi, að þingið geti haft nokkra ástæðu til að vilja útiloka prófastana frá sýslunefndinni, og vona, að það í þessu efni fallist á ákvörðun frumvarpsins. Eg fjölyrði svo eigi að sinni meira um þetta nè hinar aðrar greinir, er liggja fjær embættisstöðu minni.

Torfi Einarsson: Út af umtali því, er orðið hefir út af 26. gr., skal eg geta þess, að það hagar nú nokkuð sèrstaklega til í Strandasýslu, því þar býr prófasturinn í norðasta hreppi sýslunnar, og er eg þó viss um að hann yrði kosinn í sýslunefndina þar, þó hann ekki væri sjálfkjörinn. Reyndar er sá prófastur, sem við höfum nú, orðinn svo þungfær og farinn að eldast, svo að hann mundi

eiga örðugt með að ferðast mikið, og mundi hann feginn vilja losast við að þurfa að sækja þessa fundi jafnaðarlega. Eg fyrir mitt leyti er annars sannfærður um, að hvergi mundi svo skipað í nokkurri sýslu, að eigi yrðu að minnsta kosti úr nokkrum hreppunum prestar með í sýslunefndinni. En hvað barnauppfræðinguna snertir, þá veit eg það að vísu, að það eru margir ágætir prestar, sem áminna menn um, að veita börnum kristilegt uppeldi; en allt um það held eg prestar opt ekki hafi tekið góðum bændum fram í þessu efni, svo eg álít af þeirri ástæðu engan skaða, þótt svo bæri til, að hvorki prófastur nè prestur væru kosnir í sýslunefndirnar. Þar sem nefndin hefir stungið upp á að fella burt úr 37. gr. 4., 5. og 6. kafla og setja inn nýja grein, þá er eg henni samþykkur; því eg er hræddur um, að ef öll þau gjöld, sem leiða af þeirri ákvörðun, eiga að lenda á sjóði sýslunnar, þá risi hann ekki undir því. Mèr finnst, að þar sem um slíkt fè er að ræða, þá sè eins þungbært, að sýslusjóðirnir borgi það eins og hreppssjóðirnir, því að tekjur þessara sjóða eru eingöngu fólgnar í afgjöldum af jarða-afgjöldum og lausafè manna; en eg veit til, að víða er þetta lausafè svo mjög undirokað, að menn fá með naumindum undir því risið, sem von er, þar sem skattarnir, sem af því eru borgaðir, eru víða meiri en leigurnar; og gæti eg sannað þetta áþreifanlega, ef eg nú sem stendur væri nær þeim skýrslum að þessu lútandi, sem mèr eru kunnar. Það gæti með þessu mótinu á endanum farið svo, að jarðeigandinn ætti ekkert eptir af jarðaafgjöldum sínum, þegar hann er búinn að greiða hina opinberu skatta, því fyrir utan það, sem hann borgar sem tekjuskatt, fær hann þess minna eptir jarðir sínar, sem meira þrengir að leiguliðum. Þetta segi eg ekki af því að eg mæli á móti nefndunum, því þær álít eg nauðsynlegar; en eg álít, að eigi sè rètt, að benda á nema fullkomlega færan veg með tilliti til gjaldanna.

Þórarinn Böðvarsson: Út af breytingaratkvæði því, er eg áskildi mèr, skal eg geta þess, að mèr skildist svo, sem hreppsnefndirnar, þegar þær væru komnar á, ættu að taka við öllum störfum, sem hreppstjórar hingað til hafa haft á hendi, að undanteknum lögreglustörfum. Eg hefi áður verið þeirrar skoðunar og er það enn, að hreppstjórar ættu að rèttu lagi að vera launalausir, nema að svo miklu leyti sem þeir fengju ákveðin laun fyrir ýms sèrstakleg störf, er þeir annast, á líkan hátt og lögregluþjónar. Þetta gæti sparað talsvert fè. Hvað snertir breyting nefndarinnar

á 26. grein frumvarpsins, þá er eg alveg á máli hins háttvirta varaforseta um það, að héraðsprófastarnir ættu að vera sjálfsagðir í sýslunefndunum öldungis á sama hátt og sýslumennirnir, því að prófastar hafa, eins og kunnugt er, svo mörg og veruleg veraldleg störf á hendi, að þeim virðist þess vegna sjálfkjörið sæti í sýslunefndunum, eigi síður en sýslumönnum, og það því fremur, sem þeir geta haft þar andlegra starfa að gæta, svo sem að eiga þátt í því að skera úr ágreiningi um uppfræðslu barna. Það hefir einkum verið ljóslega tekið fram af hinum háttvirta varaforseta, að prófastar þurfa nauðsynlega að vera í sýslunefndunum til þess að sjá um, að eigi verði gengið fram hjá uppfræðingu barna, því þegar enginn prestur, ef til vill, yrði í hreppsnefndunum, þá er auðsætt, að einhver þyrfti að tala máli barnauppfræðslunnar í sýslunefndunum; því þótt hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu áliti óþarft, að prestar skiptu sér nokkuð af uppfræðing í sóknum sínum, með því bændur og hreppstjórar önnuðust hana eins vel og prestarnir, þá kemur það eflaust af því, að í hans hrepp hafa menn verið heppnari með að fá sér hreppstjóra en prest. Eg vona, að þingið álíti, að nauðsynlegt er, að prófastarnir nauðsynlega eiga að taka þátt í hinum síðustu úrslitum þeirra sveitarmála, er prestum sér í lagi við koma, og fallist því á frumvarpsins uppástungu í þessu efni óbreytta.

Stefán Jónsson: Eg tel víst, að nefndin muni ekki vera föst á því, að halda prófastunum fyrir utan sýslunefndirnar, því það var víst mest af vorkunnsemi við prófastana, að hún breytti til frá frumvarpinu í þessu atriði. Það kom til tals í nefndinni, að prestar og prófastar þyrftu jafnvel að vera með í nefndum þessum; en nefndin áleit víst, að prestar mundu jafnaðarlega verða kosnir í hreppsnefndirnar. En af því að svo hagar til í sumum sveitum, að enginn prestur er búsettur innan hreppsins takmarka, eins og t. a. m. í þeim hrepp, sem eg bý í, þar sem þó eru 2 kirkjur, en enginn prestur búsettur í hreppnum, þá er auðsætt, að það ætti ekki við, að ákveða í lagaboðinu, að prestar ávallt skyldu sjálfkjörnir í hreppsnefndirnar. Þess vegna af því nú að prestar mundu sem optast verða kosnir með í hreppsnefndunum, þar sem þeir eru innanhrepps, þá virðist óþarft, að skylda prófasta til að vera í sýslunefndunum; því enda þótt prestur ekki væri í einhverri hreppsnefnd, getur hann þó haft fullan rétt andspænis henni, að því er snertir uppfræðslu barna. Vilji nú þingið heldur fallast á

frumvarpið óbreytt í þessari grein, þá mun verða auðvelt að fá nefndina til að samþykkja það; en eg álít þó mikla þyrði færast yfir á prófasta, ef þeir væru skyldugir að mæta á hverjum sýslufundi.

Hjálmur Pètursson: Breytingaratkvæði það, sem eg ráðgjörði áðan, er að nokkru leyti komið fram frá þingmanni Austur-Skaptfellinga, nefnilega við 31. grein, viðvíkjandi sýslufundunum, en af því eg hafði hugsað mèr það nokkuð lengra og nákvæmar tekið fram, þá vil eg áskilja mèr rètt til að bera það upp og orða það nákvæmar síðar. Í frumvarpinu er ákveðið, hve nær þeir 2 sýslufundir, sem þar eru ákveðnir, skuli vera haldnir, nefnil. haust og vor, því álít eg og rèttara að ákveðið verði, hve nær þessi eini fundur á að haldast, og hefir mèr dottið í hug, að hagfelldastur tími til þess mundi vera seint í september eða snemma í október. Að halda fund þennan á vorin álít eg ótiltækilegt vegna ýmsra kringumstæða og erfiðleika, sem um það leyti eru á því, að ferðast hèr á landi og halda fundi, og eins væri ótækt að ákveða hann seint á haustin af sömu ástæðu. Eptir því sem mèr skilst frumvarpið, er ætlazt til, að vorfundir sèu snemma á vorin, sem líka væri nauðsynlegt, svo þeim væri lokið fyrir manntalsþing, og haustfundir seint á haustin, sem eg verð að álíta ótækt. Væri nú þessu breylt, eins og eg vèk á áðan, að sýslufundir ekki væru lögskipaðir fleiri en einn á ári, þá verð eg að álíta að hagkvæmsst væri, að halda hann seint í september eða snemma í október; og þó nú þessu verði breytt þannig, raskar það ekkert grundvelli frumvarpsins. Eins og líka þingmaður Austur-Skaptfellinga benti á, er einnig aðalástæða mín fyrir þessari breytingu, að minnka kostnaðinn. Að halda 2 fundi á ári, ef þess ekki þyrfti, væri of mikill kostnaðarauki, sem eg vona þinginu ekki þyki æskilegt, því hið nýja gjald mun verða nógu óvinsælt, þótt menn gjöri sèr sem mest far um, að hafa það sem vægast. Skaða, er af því leiddi, að halda að eins einn sýslufund á ári, get eg ekki sèð, úr því oddvita sýslunefndarinnar væri heimilt að kalla aukafund saman, þegar þörf gjörðist, en þá ákvörðun frumvarpsins álít eg rètta og nauðsynlega.

Páll Pálsson: Það er einungis til þess, að reyna að lètta á samvizku hins heiðraða framsögumanns, að eg ætla að áskilja mèr rètt til að taka mèr viðaukaatkvæði við 26. grein í þá átt, að prófastum skuli heimilt, að setja prest í staðinn fyrir sig til þess, að mæta á sýslufundunum í forföllum sínum; gjöri eg þetta til þess,

að prófastar geti verið lausir við að sækja þessa fundi, ef þeir vilja ekki, eða þegar þeir ekki komast til þess að sækja þá.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem nefndin hefir stungið upp á að fella burtu 4.—6. tölulið úr 37. grein frumvarpsins, þá er aðalmótbára hennar gegn þessum ákvörðunum, að því er mèr skildist, sú, að sýslusjóðurinn mundi eigi hafa í fyrstunni svo mikið fè, sem útheimtist til þessara útgjalda, er þeim þannig væru ætluð; en eptir 5. tölulið greinarinnar útheimtist samkomulag í þessu efni milli sýslunefndanna og amtsráðsins, svo í greininni liggur ekki, að mèr skilst, að sýslan skuli bera allan kostnaðinn fyr en amtsráðinu og sýslunefndinni kemur saman um, að kostnaðurinn skuli greiðast úr sýslusjóðnum, svo að hèr er engin hætta á ferðum, þótt þessi ákvörðun standi; en eg vil víkja orðunum við og áskilja mèr svo látandi breytingaratkvæði: «þegar þessi skipting er á komin». 6. töluliður virðist mèr alls ekki hættulegur, þar það, sem þar er farið fram á, getur að minni ætlun eigi verið til óhagnaðar fyrir sýslunefndirnar. 4. tölulið vil eg breyta þannig, að sett verði þar: «eptir samkomulagi milli sýslunefnda og amtsráðsins».

Framsögumaður: Síðan áðan hafa ýmsir talað um 26. og 37. grein frumvarpsins og þær breytingar, sem nefndin hefir við þær gjört, og hafa báðir málspartar svo skýrt tekið ástæður sínar fram hvor um sig, að það yrði ekki annað en málalenging, ef eg færi að taka upp ástæður nefndarálitsins að nýju, eða skýra frá líkum hugmyndum með öðrum orðum. En hvorki hinn háttvirti varaforseti nè þingmaður Gullbringusýslu hefir enn getað sannfært mig um, að prófastar ættu að vera sjálfkjörnir í sýslunefndina, og þykir mèr hart að heyra það borið fyrir, að væru prófastar eigi á þessum sýslufundum, þá væru börnin forsvarslaus, að því er uppfræðinguna snertir, því eg býst þó við, að svo mikið traust mætti bera til þeirra manna, er í nefndir þessar væru kosnir, að þeir hefðu almennan kristilegan mannkærleika. Uppástunga þingmanns Mýramanna um að eins 1 sýslufund sè eg ekki í fljótu máli að geti staðizt, og er eg miklu nær uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga um það, að leyfilegt ætti að vera, að gjöra undanþágu frá aðalreglunni um 2 árlega fundi. Væri fundurinn að eins einn, þyrfti hann að halda í maímánuði, en það væri mjög óhentugt árstímans vegna. Breytingaratkvæði þau, er þingmaður Reykjavíkur

áskildi sèr, ætla eg að eigi sè þörf að tala um fyrst um sinn, og ekki fyr en sèst ljóslega, hvernig hann orðar þau.

Þórarinn Böðvarsson: Mèr virðist stjórnin sjálf nokkuð harðmælt í 14. grein frumvarpsins síðari kafla, þar sem sagt er, að þegar hreppsnefndin geti eigi orðið prestinum samdóma um þessi mál, þá skuli hún án tillits til atkvæðafjölda taka uppástungu prestsins til greina, það er að segja, þangað til sýslunefndin fái málið til meðferðar, og hefir stjórnin þannig eigi álitið börnunum borgið með prestunum einum, svo auðsætt er, að prófastsins þarf með í sýslunefndinni til þess prestarnir ávallt fái notið rèttar síns. Önnur aðalástæðan eða kann ske rèttara sagt aðalástæðan fyrir því, að nefndin gjörði þessa breytingu er sú, að hún vill vægja prófstum og gefa þá lausa við þetta starf af vorkunnsemi við þá. En ef prófastur er nú kosinn í sýslunefndina, hver vægir honum þá? Þá kemst þingnefndin ekki að með vorkunnsemi sína. Væri prófastur aptur sjálfkjörinn, þá gæti hann án efa ráðið nokkru um samkomustað nefndarinnar, og fengið því ráðið, að hann yrði honum ei sem óhagkvæmastur.

Forseti: Með því ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðunni um þennan kafla frumvarpsins þá lokið, og kemur þá næst til undirbúningsumræðu hinn 3. kaflinn frumvarpsins, það er að segja 42. til 56. greinin ásamt með 1. grein. Það er á valdi hins háttvirta framsögumanns að taka nú þegar til máls, ef honum svo sýnist.

Framsögumaður: Eg sleppi því þangað til eg hefi heyrt álit manna um nefndarálitið.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd stingur upp á, að í staðinn fyrir hið sameinaða amtsráð eptir frumvarpinu verði skipað amtsráð í hverju amti, og þetta er að vísu ekki þýðingarlítil breyting, því með henni getur samhljóðan sú, sem mjög æskilegt er að geti verið milli úrslita málanna um allt land, komið í hættu, á meðan einnig þau mál, sem eru sameiginleg fyrir 2 eða fleiri ömt, eða sem snerta allt landið, ekki geta orðið, eins og frumvarpið ætlast til, undirbúin við umræður milli fulltrúa frá öllu landinu. Á hinn bóginn skal eg játa það, að þessi vandkvæði ekki eru svo stórkostleg, að ekki verði ráðin bót á þeim, með því að bæði frumvarpið og nefndin stingur upp á, að úrskurður og úrslit mála á efsta stigi verði lögð undir landshöfðingjann, sem getur gætt þess í því tilliti nauðsynlega. Hinir helztu ókostir, sem nefndin bls. 9

telur á móti hinu sameinaða amtsráði, hafa ekki dulizt stjórninni, þegar hún samdi frumvarpið, en samt sem áður varð hún að komast að þeirri niðurstöðu, að stinga upp á þessu fyrirkomulagi, vegna þess að hún áleit stofnun 3 amtsráða, sins í hverju amti, kostnaðarsamari en hið sameinaða amtsráð, ef því yrði hagað eins og frumvarpið stingur upp á. Hún gjörði nefnilega ráð fyrir því, eptir því sem umræðurnar hingað til höfðu verið um þetta spursmál, að amtsráðið í hverju amti ætti að vera fjölskipað, að minnsta kosti skipað 4 eða 6 kjörnum mönnum, og að kostnaðurinn á þann hátt yrði meiri en til hins sameinaða amtsráðs, þegar það að eins ætti að hafa fund annaðhvort ár, kostnaðarlaust hvað ferðakostnað, sem nemur mestu, snertir. Einnig virtist stjórninni kosning sú á amtsráðinu, sem áður hafði verið ráðgjörð, óaðgengileg, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 5—6. Þar sem hin heiðraða nefnd nú hefir reynt til þess, að komast hjá hvorumtveggja þessum vandræðum með því, að stinga upp á að í amtsráðinu fyrir hvert amt sè, auk amtmannsins, sem sè formaður, að eins 2 þjóðkjörnir menn, er sèu kosnir af sýslunefndunum eptir þeim reglum, sem gilda um kosningarnar til alþingis, virðist mèr bæði kosningin verða óbrotnust, og kostnaðurinn við amtsráðið, sem að eins á að halda einn reglulegan fund um árið, að vera aðgengilegur. Eg skal þess vegna, ef þingið aðhyllist þessa uppástungu nefndarinnar, fyrir mitt leyti fallast á hana.

Hin heiðraða nefnd hefir ekki leitt rök að því, að hún hefir breytt starfatíma hinna kjörnu manna í amtsráðinu frá 6 árum til 3 ára. Með skýrskotun til þess, sem stuttlega er drepið á í ástæðunum fyrir 5. grein frumvarpsins, að sama regla virðist eiga að gilda um starfstíma allra stjórnarráða í sveitamálunum, skal eg skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki finni ástæðu til að breyta hinni nýju grein 44. á þann hátt, að kosningin til amtsráðsins gildi fyrir 6 ár, og að í fyrsta skipti að liðnum 3 árum hlutkesti ráði, hverjir hinna kjörnu skuli ganga úr amtsráðinu, álíkt því, sem í þessu tilliti er ákveðið bæði um hreppanefndirnar og sýslunefndirnar í 5. og 30. grein frumvarpsins.

Á móti breytingaruppástungunni við 47. grein hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt, og það sama er að segja um hinar aðrar breytingar, sem hin heiðraða nefnd hefir stungið upp á við þennan kafla frumvarpsins, og sem virðast nauðsynlegar til þess að laga

ákvarðanir frumvarpsins samkvæmt þeirri aðalbreyting, sem nefndin stingur upp á við þennan kafla um amtsráðin.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um, að nefndin stingur upp á, að kosningar til amtsráðanna séu að eins til 3 ára, þá játa eg að vísu að það er eigi að öllu samhljóða við hina aðra kosningagildistíma í hreppa- og sýslunefndunum, en nefndinni þóttu þó vera yfirgnæfandi ástæður til þess, að optar en í hinum nefndunum yrði kostur á að skipta um mennina, þegar þeir eru svo fáir, ef kosningin, sem gjöra verður ráð fyrir, kynni að mistakast. En að öðru leyti vil eg þó, eptir að hafa heyrt orð konungsfulltrúa, áskilja nefndinni rètt til að bera sig á ný saman um þetta. Eg get eigi leitt hjá mèr, að lýsa gleði minni yfir, hve ljúflega konungsfulltrúi hefir tekið undir breytingar nefndarinnar á amtsráðunum, því þetta var hin mikilvægasta breyting hennar, og vona eg þá að þingið gjöri það eigi síður. Það er að vísu satt, að, á því eru töluverðir erfiðleikar, að mál á milli amta eigi verða útkljáð með umræðum, en með því hvorir fyrir sig gætu þó brèflega tekið fram ástæður sínar, þá held eg, að þetta sè þó eigi svo mikilvægt, að eigi séu hins vegar yfirgnæfandi ástæður fyrir breytingunni. Eg vil biðja menn að afsaka, að nefndinni hefir gleymzt að taka fram ástæður sínar fyrir hinni nýju grein, er hún hefir stungið upp á að bætast eigi inn milli 54. og 55. greinar frumvarpsins, enda vona eg að hún sè svo ljós, að þess hafi eigi verið þörf.

Sigurður Gunnarsson: Það er á einum stað að eg vildi gjöra hèr dálitla efnisbreyting. Mèr þykir það of lítið, að kjósa eigi nema 1 mann til vara í amtsráðið, einkum ef kosning þeirra ætti að gilda fyrir 6 ár; því á svo löngum tíma getur margur dáið af þeim, sem kosnir voru; því þykir mèr ástæða til að varamenn séu að minnsta kosti 2 ef eigi 3, og vil eg áskilja mèr rètt til að koma með breytingaratkvæði um þetta. Í 37. grein frumvarpsins hefir nefndin stungið upp á að fella burtu að mestu 4., 5. og 6. kafla, en eg vil heldur halda þeim. Veit eg henni hefir gengið gott til að kasta eigi þeim kostnaði, sem þar er nefndur, allt í einu á hverja sýslu, því mönnum brygði við það, en mundi una betur við það, sem verið hefir. Mèr finnst allt koma í sama stað niður — sýslubúar verða að borga í jafnaðarsjóðinn þeim mun meira, til að standast kostnað af bólusetningu, kennslu yfirsetukvenna og fl. Veit eg því eigi, í hverju það er betra að greiða gjaldið til þessa

í jafnaðarsjóð en í sýslusjóð, nema hvað þær sýslur kæmust léttara út af gjaldinu í sýslusjóð, þar sem það væri mest vanrækt, sem þennan kostnað þarf til. Fyrir utan þetta mun eg bera mig saman við nefndina um 2 eða 3 orðabreytingar, er eg vildi gjöra.

Jón Sigurðsson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði um að alstaðar þar sem «landshöfðingi» stendur í frumvarpi þessu, þá verði því breytt í «landsstjóri» eða «landsstjórn».

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið. Þá þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, vil eg biðja að koma með þau sem fyrst. Að svo mæltu ákveð eg fund á morgun klukkan 12 og segi svo

Fundi slitið.

---

27. fundur. — 9. ágúst.

Forseti skýrði frá, að þingmaður Snæfellinga hefði tilkynnt sèr hann gæti eigi komið á fund í dag sökum lasleika.

Allir aðrir voru á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það, sem í dag fyrst liggur fyrir til umræðu samkvæmt dagskránni, er skýrsla, sem nefndin, er staðið hefir fyrir samskotum til þjóðhátíðarinnar 1874, hefir sent mèr sem forseta þingsins, og vona eg að þingmenn hafi kynnt sèr það mál, meðan það hefir legið á lestrarsalnum. Til þess nú að stytta umræður um málið að þessu sinni, leyfi eg mèr að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga það; því mèr virðist eigi ástæða til að alþingi sleppi öllu málinu úr hendi sèr að svo komnu, þótt eigi hafi það gengið eptir óskum hingað til. Væri æskilegt, að mèr virðist, að kosnir nefndarmenn segðu álit sitt um, hvað nú skuli gjöra, og mundi það eigi taka langan tíma; en þar á eptir hugsa eg mèr að yrði tvær umræður um málið, eins og vandi er til. Eg vil skora á þá þingmenn, er kynnu að hafa eitthvað á móti þessu, að láta meining sína í ljósi.

Jón Sigurðsson: Eg vil styðja að því, að nefnd verði kosin í máli þessu, þótt mjög sè liðið á þingtímann, því þetta mál þyrfti eigi að taka langan tíma upp fyrir þinginu. Eg er einn þeirra

þingmanna, sem enn hafa eigi gjört neina grein fyrir, hvaða árangur aðgjörðir mínar hafa haft í þessu máli; en yrði nefnd kosin, þá mundi eg fúslega láta henni í tè allar þær upplýsingar, sem eg get, þessu viðvíkjandi.

Með því enginn mótmælti uppástungu forseta um kosning 3 nefndarmanna þessu máli til íhugunar, var gengið til kosningar, og hlutu þessir þrír menn kosning til nefndarinnar:

Jón Sigurðsson með 9 atkv.
Grimur Thomsen — 7 —,
Jón Kristjánsson — 5 —.

Þeir Bergur Thorberg og Pètur Pètursson hlutu einnig 5 atkvæði hvor; en með því Bergur var þeirra yngstur, og Pètur, hinn elzti þeirra, beiddist að verða laus við nefnd þessa, með því hann væri einn í nefnd þeirri, er sent hafði mál þetta til þingsins, hlaut Jón Kristjánsson kosninguna.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um konunglegt »frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík». Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er framsögumaður þessa máls, og mun hann lesa nefndarálitið og taka það fram því til skýringar, er hann álítur að þörf sè til.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið: (Sjá II, bls. 360).

Eins og þingið sèr, hefir nefndin yfir höfuð að tala haldið sèr við frumvarpið, og er það einungis ein aðalbreyting, sem nefndin í heild sinni hefir leyft sèr að gjöra við það. Í frumvarpinu er því farið fram, að fulltrúum skuli leyfilegt, að fela öðrum mönnum út í frá störf sín á hendur. En nefndinni virtist fulltrúunum ætti eigi að vera ofætlun, einkum þar sem þeim væri fjölgað framvegis að öllum líkindum upp í 9, er sýnist vera mjög hæfileg tala, undir eins og frumvarpið fengi lagagildi, að annast að öllu leyti sjálfir skyldustörf sín, og áleit hún, að með því móti yrði miklu meiri samhljóðan í öllum framkvæmdum á bæjarstörfum; líka áleit nefndin, að fyrirkomulag frumvarpsins í þessari grein hlyti opt að valda talsverðum ruglingi, með því bæjarstjórninni, ef til vill, ekki allajafna kynni að vera ljóst um ýmislegt það, sem hún hefði falið öðrum mönnum á hendur, en það er auðsætt, að hún þarf á hverri stundu að hafa ljóst yfirlit yfir fjárhag bæjarins og bæjarstörf, en í þessu efni getur ruglingur hæglega komið upp, ef aðrir en fulltrúarnir sjálfir mega gjöra það, sem þeir eiga að gjöra. Önn-

ur smábreyting, er nefndin hefir gjört við frumvarpið, er í því fólgin, að nefndin hefir stungið upp á, að breyta 4 í 3 í 22. gr.; frumvarpið miðar nefnilega tíma þann, er maður þarf að hafa verið búfastur í bænum til þess að gjald verði á hann lagt, við einn þriðjung árs, en nefndinni þótti viðkunnanlegra, að miða þennan tíma við hálft missiri eða fjórðung árs. Að því er snertir síðustu málsgreinina í 25. gr. frumvarpsins, sem nefndin hefir stungið upp á að fella burt, þá virðist það auðsætt, að þau orð, hvernig sem á þau er litið, verða eigi rýmd saman við ákvörðunina í 22. gr., er fyr var getið, hvort sem heldur er litið á ákvörðun frumvarpsins um 4 mánuði, eða uppástungu nefndarinnar um 3 mánuði. Eg set svo, að einhver maður komi til bæjarins í febrúarmánuði og svo skyldi hann dvelja þar fram yfir aukaniðurjöfnunartímann, og þangað til í lok júnímánaðar, þá yrði hann eptir frumvarpinu laus við að gjalda nokkuð til bæjarins. Þetta eru hinar helztu breytingar, er nefndin öll í heild sinni hefir ráðið til að gjörðar verði við frumvarpið. En svo kemur nú 5. gr. frumvarpsins, sem eg get með engu móti orðið á eitt sáttur um við hina heiðruðu meðnefndarmenn mína. Skoðun mín er sú, að þar sem til er ætlazt, að kosningin skuli vera sem frjálslegust, þá sè með engu móti rètt, að útiloka frá kosningunni meira en helming allra bæjarbúa; því að ef það væri rètt, þá get eg eigi betur sèð en að bærinn yfir höfuð væri ófær til að taka við þessu frelsi og þessum rèttindum. Það er og athugavert, að dalatalið er talsverðri breyting undirorpið, þannig að t. a. m. næsta árið geta margir þeir menn, sem nú hefðu kosningarrètt og kjörgengi eptir frumvarpinu, orðið útilokaðir frá kosning næsta ár. Það virðist og næsta óviðfelldið, að rèttur manna til fulltrúakosningar í Reykjavík sè þrengri en kosningarrèttur til alþingis, því það virðist þó auðsætt, að þeir, sem færir eru til að kjósa alþingismann, þeir eru einnig færir um að kjósa bæjarfulltrúa. Þetta er og alveg samkvæmt lögum þeim, er um þetta efni hafa út komið í Danmörk hinn 26. dag maímánaðar 1868. Fleiri orðum skal eg svo eigi fara um nefndarálit þetta, fyr en eg heyri einhverjar mótbárur móti því.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir í öllum verulegum atriðum aðhyllzt frumvarp það, sem hèr liggur fyrir, og einungis stungið upp á nokkrum efnisbreytingum við það, auk þeirra uppástungna, sem að eins eru orðabreytingar, eða til skýringar frum-

varpinu; um þessar síðarnefndu álít eg óþarft að ræða, en um hinar skal eg fara fáeinum orðum.

Hinn heiðraði minni hluti nefndarinnar hefir við 1. gr. stungið upp á, að bæjarfógetinn verði ekki sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnarinnar, heldur kjósi hún sjálf oddvita sinn. Eg held hinum heiðraða minni hluta hafi sèzt yfir það, sem í þessari breytingu er fólgið, því að öðrum kosti get eg ekki skilið, hvernig eins frjálslyndir menn, eins og þeir 2 þingmenn eru, sem eru í minni hlutanum, hafa getað stungið upp á breytingu, sem, þegar litið er til nauðsynlegra afleiðinga hennar, vafalaust er mjög ófrjálsleg, eða þá að minni hlutanum hafi gleymzt, að nauðsynlegt sè, að hið opinbera hafi í öllum sveitafèlögum, kaupstöðum ekki síður en í hreppum, sýslum eða ömtum, eptirlit með því að sveitafèlagið og stjórn þess ekki fari út fyrir þau takmörk, sem lögin ákveða. Þessu eptirliti verður hagað annaðhvort eins og gjört er með reglugjörðinni frá 27. nóv. 1846, sem felur stjórn bæjarmálefnanna 2 völdum, bæjarfógetanum og bæjarfulltrúunum á hendur; með þessu fyrirkomulagi kjósa bæjarfulltrúarnir sjálfir oddvita sinn, því hann á ekki að gæta þarfa hins opinbera gagnvart bæjarstjórninni, þar sem þetta eptirlit hvílir á bæjarfógetanum, en með þessu fyrirkomulagi geta bæjarfulltrúarnir ekki haft annað eða meira vald í bæjarmálefnunum, en tómt ráðgjafarvald, eða eptirlitinu verður hagað eins og stungið er upp á í frumvarpinu með því að fela bæjarfógetanum og hinum kjörnu mönnum í bæjarstjórninni í sameiningu alla stjórn bæjarmálefnanna á hendur, og þá er það nauðsynlegt skilyrði fyrir þessu fyrirkomulagi, sem frumvarpið ákveður, að sá embættismaður, sem eptir stöðu sinni á að hafa eptirlit umboðsstjórnarinnar með sveitarfèlaginu, en það er bæjarfógetinn, eigi að vera sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnarinnar, en hún fær með þessu fyrirkomulagi ályktandi vald í öllum bæjarmálefnum. Þetta fyrirkomulag er að öllu áþekkt því, sem um er að ræða í frumvarpinu til tilsk. um sveitastjórn, og því sem þar er ákveðið með tilliti til sýslunefndanna og amtsráðanna, en bæjarstjórnin samsvarar í kaupstöðnum hreppsnefnd, sýslunefnd og amtsráði. 2. gr. frumvarpsins og 12. gr. gjöra beinlínis ráð fyrir því, að bæjarfógetinn sè sjálfkjörinn formaður bæjarstjórnarinnar, og minni hlutinn hefir þess vegna ekki verið sjálfum sèr samkvæmur, þar sem hann ekki hefir stungið upp á breytingum við þessar greinir. Yfir höfuð að tala vantar í frumvarpið, ef uppástungan við 1. gr. verður tekin til

greina, allar ákvarðanir um myndugleika bæjarfógetans í bæjarstjórninni, en án slíkrar ákvörðunar getur ekki myndazt nein bæjarstjórn.

Hvort oddviti bæjarstjórnarinnar heitir bæjarfógeti eða borgmeistari, er einungis nafnamunur; borgmeistarinn er eins vel konunglegur embættismaður og bæjarfógetinn og hefir alveg hin sömu störf, sem í frumvarpinu eru ætluð bæjarfógetanum. Það er einungis í hinum stærri kaupstöðunum í Danmörku, að skipaðir eru borgmeistarar; í öllum hinum minni, þó að þeir sèu þrisvar eða fjórum sinnum stærri en Reykjavíkurkaupstaður, er fyrirkomulagið alveg eins og í frumvarpinu er stungið upp á, þó svoleiðis, að bæjarfógetinn hefir borgmeistara-nafnið. Eg skal þess vegna skjóta því til hins heiðraða minni hluta, hvort hann af ástæðum þeim, sem eg hefi tekið fram, ekki vilji taka þessa uppástungu aptur, en þinginu skal eg leyfa mèr að ráða að aðhyllast frumvarpið óbreytt í þessu tilliti.

Hvað efnisbreytingu nefndarinnar við 3. gr. snertir um að orðin: «eða öðrum bæjarbúum út í frá, sem vilja takast á hendur», falli úr, skal eg ekki mæla á móti henni.

Við 5. gr. hefir nefndin í heild sinni — því það er prentvilla, þar sem segir í hinum prentuðu niðurlagsatriðum: «meiri hluti nefndarinnar» — stungið upp á að breyta orðunum: «$^2/_3$ hluta allra bæjargjargjaldanna» til «helmings allra bæjargjaldanna», og hefir hún byggt þessa uppástungu á því, að $^2/_3$ af bæjargjöldunum yfirstandandi ár eru hèr í bænum 3313$^1/_3$ rd., en gjald þeirra, sem kosningarrètt hafa eptir frumvarpinu einungis 3038 rd. í allt, þegar kosningarrètturinn er bundinn við 6 rd. gjald. Þetta er nú eptir skýrslum þeim, sem eg hefi fengið frá bæjarfógetanum, ekki alveg rètt hermt, því eptir þeim verða greiðendur $^2/_3$ af bæjargjöldunum 131, en þeir, sem borga 6 rd. og meira, eru 196, og bæjargjöld þeirra samtals 3729 rd. 45 sk. Sè þar á móti æðri gjaldanda flokkur bundinn við helming bæjargjaldanna, eða hèr um bil 2500 rd., verður tala kjósanda í þessum flokki 65. Eg skal játa það, að þessi munur á hinum 2 flokkum kjósandanna er ekki stór, en á hinn bóginn er ekki nauðsyn á að breyta frumvarpinu á þann hátt, sem nefndin stingur upp á, þegar rètt er litið á ástandið sem er; eg skal þess vegna mæla á móti þessari uppástungu.

Hinn heiðraði minni hluti telur uppástungum sínum við

§ 5 til gildis hèr um bil þær sömu ástæður og stiptamtmaðurinn, eptir því sem segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 14—15, hefir tekið fram, en þar sem stjórnin hefir ekki getað fallizt á þær, skal eg leyfa mèr að ráða þinginu frá að aðhyllast breytingaruppástungur minni hlutans. En eg skal bæta því við, að eptir þessum uppástungum virðist mèr breyting nefndarinnar á upphæð bæjargjaldanna enn ónauðsynlegri, því eptir hans uppástungu verður tala allra kjósandanna 270, á meðan hinn flokkurinn var 131, eða hèr um bil helmingurinn.

Eg get ekki fallizt á uppástungu minni hlutans við 6. gr., og skal með tilliti til þess, sem hann í nefndarálitinu hefir tekið fram um þetta atriði, einungis geta þess, að það er misskilningur frá hans hálfu, þar sem hann segir að ákvörðun frumvarpsins ekki sè samkvæm hinum dönsku lögum frá 26. maí 1868, því hún er, eins og segir í ástæðunum bls. 15, alveg samhljóða 7. gr. þessara laga.

Á móti breytingunni við 8. gr. hefi eg ekki neitt.

Eptir því sem eg tók fram við 3. gr., skal eg ekki mæla móti breytingum nefndarinnar við 13., 14. og 15. gr., þó að mèr virðist að sèr í lagi við stjórn fátækramálefnanna geti verið spursmál um, hvort það ekki geti orðið hentugt, að fátækranefndin tæki sèr aðstoðarmenn út í frá.

Eg skal mæla á móti breytingunni við 17. gr., því þó að sýslunarmenn þeir, sem hèr ræðir um, sèu launaðir úr bæjarsjóðnum, og þess vegna einnig verði settir af bæjarstjórninni, hafa störf þeirra ekki að síður mikla þýðingu með tilliti til hins opinbera, sèr í lagi lögreglunnar, sem ekki er einungis «communalt» mál, og þess vegna á lögreglustjórinn upp á sína ábyrgð að dæma um það, hvort þessum starfamönnum sè að víkja frá störfum þeirra, án þess að hann til þess þurfi samþykki bæjarstjórnarinnar, en í hennar valdi stendur það sjálfsagt, að neita þeim um eptirlaun, og á þann hátt að gæta þarfa bæjarsjóðsins í þessu tilliti.

Á móti breytingunni við 18. gr. hefi eg ekki neitt.

Með tilliti til breytingar minni hlutans við 20. gr. skal eg skýrsota til þess, er eg gat um við 5. gr.

Eg fellst á breytingaruppástungu nefndarinnar við 22. grein og við 23. grein, að bætt verði inn á eptir orðin: «úrskurð sinn á málið»: «innan hálfsmánaðar».

Eg er hinum heiðraða minni hluta alveg samdóma um það,

að ekki sè ástæða til að fella úr 3. kafla 23. greinar ákvörðunina um það, að heimilt skuli vera hverjum, sem bæjargjald er lagt á, að kvarta yfir skattgjaldi því, sem á annan gjaldþegn er lagt, því einungis með þeim hætti getur augnamiði niðurjöfnunarinnar bezt orðið náð.

Ef ágreiningur nokkur verður milli Reykjavíkur og sveitarfèlags nokkurs í Danmörku, hefir hin heiðraða nefnd við 24. grein stungið upp á, að landshöfðinginn skuli skera úr þessum ágreiningi. En þar sem landshöfðinginn líklega ekki fær neitt úrskurðarvald gagnvart hinum dönsku sveitarfèlögum, eins og eg gjöri ráð fyrir að nefndin ekki ætlist til, að fá innanríkisstjórninni í Danmörku úrskurðarvald gagnvart íslenzkum sveitarfèlögum, mun þess konar ágreiningur eptir hlutarins eðli vera kominn undir úrskurði beggja þeirra stjórnarráða, sem eiga hlut í málinu, og þess vegna álít eg ákvörðunina í 24. grein, ekki einungis alveg eðlilega, heldur einnig nauðsynlega.

Eg hefi ekki neitt á móti uppástungu nefndarinnar við 25. grein.

Það sama er að segja um uppástungurnar við 29. gr.; að eins skal eg geta þess, að þó að bæjarfógetinn í öllum öðrum málum eigi að vera oddviti bæjarstjórnarinnar, eins og eg áður hefi tekið fram, er ekki nauðsynlegt, þar sem hèr ræðir um reikningsúrskurð, sem að eins snertir bæjarsjóðinn, og sem þess vegna einungis getur haft áhrif á bæjargjöldin, að hann sè oddviti bæjarstjórnarinnar.

Loksins skal eg geta þess, að eg skal mæla með uppástungu nefndarinnar við 32. gr.

Framsögumaður: Mèr þykir það að vísu illt, að hinum hæstvirta konungsfulltrúa kemur eigi saman við mig, en hitt þykir mèr þó verra, að honum getur eigi komið saman við stiptamtmanninn. Eg fyrir mitt leyti verð að treysta stiptamtmanni miklu betur í þessu efni, og vona til að þingið gjöri það einnig, því að hann þekkir betur til þess, en konungsfulltrúi, og eg tel uppástungum mínum það eigi lítið til gildis, að þær eru samkvæmar tillögum stiptamtmanns. Eg vil svo með fám orðum svara hinum einstöku mótbárum, er konungsfulltrúi kom með. Það er þá fyrst um 1. grein, að bæjarfógetinn eigi að vera sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnarinnar, þá verð eg að segja það um hana, að eg skal eigi halda breytingu minni hlutans fast fram, en eigi vil eg taka

hana aptur, og sama hygg eg vera ætlun hins annars uppástungumanns. Eg skil eigi, hvernig það getur álitizt ófrjálslegt, því mèr virðist það vera bæði eðlilegt og frjálslegt, að bæjarstjórnin kjósi sjálf oddvita sinn, eins og venjulegt er um þess konar nefndir, en að hann verði eigi skipaður af stjórninni, og allrasízt, að það eigi að vera bæjarfógeti. Eg get heldur eigi verið því samdóma, að það þurfi að riða í nokkurn bága við eptirlitið, og það sem ákveðið er í 2. og 4. greininni; þvert á móti er eptirlitið með ákvörðunum, er bæjarstjórnin tekur, nægilega tryggt með 12. gr., þar sem svo er ákveðið, að bæjarfógeta er heimilt að ónýta ályktun bæjarstjórnarinnar að sinni, ef honum virðist hún fara út fyrir vald sitt. Eg get því eigi annað fundið en að hinu opinbera sè með þessu gefið nægileg trygging fyrir ályktunum bæjarstjórnarinnar og framkvæmdum þeirra. En þá kemur 5. grein, og það er hún, sem er aðalatriðið, og sem eg eigi get leitt hjá mèr að fylgja svo fast, sem mèr framast er auðið. Konungsfulltrúi hèlt, að áætlun sú væri eigi rètt hjá nefndinni, er eg las upp áðan, en eg hef haft hin sömu skjöl í höndum, sem þau, er konungsfulltrúi styður sína skoðun við. Allir gjaldendur í Reykjavík 1871 eru að tölu 449, og gjald þeirra samtals 4970 rd. Af þeim gjalda 10 rd. og þar yfir 91, og er gjald þeirra 2272 rd. 6—10 rd. gjalda 105, og er gjald þeirra samtals 766 rd.; 4—6 rd. gjalda 59 og nemur það 278 rd., og enn fremur eru 194 gjaldendur aðrir, sem sumpart gjalda minna en 4 rd., og sumpart eru kvennmenn, verzlanir og ýmsar stofnanir; þannig eru þá þeir, sem gjalda 6 rd. og þar yfir 196, og gjald þeirra 3038 rd.; en það er eigi $^2/_3$ af öllum bæjargjöldunum. Þetta sagði konungsfulltrúi að væri eigi rètt, og það er satt að nokkru leyti; tala þeirra manna er gjalda 6 rd. og þaðan af meira er rètt; en gjalda-upphæð þeirra verður nokkru öðruvísi hjá honum en mèr, en þetta er því að kenna, að hèr eru ýmsar verzlanir, sem gjöld eru lögð á í bæjarþarfir, en þar eð eigendur verzlana þessara eigi hafa atkvæðisrètt, þá eru gjaldendurnir sjálfir eigi nema 196, og gjald þessara manna út af fyrir sig nær eigi $^2/_3$ af gjöldum bæjarins, en sè nú það gjald, sem lagt er á verzlanirnar og ýmsar stofnanir, talið með, þá verður það meira. En eg verð að mótmæla því, að þetta gjald sè rèttilega talið með gjöldum verzlunarstjóranna, því að eg get eigi annað skilið, en að rèttur sá, er í þessu atriði fylgir gjaldinu, sè alveg persónulegur; eg get eigi skilið, að sá

rèttur, sem verzlununum eigi ber, geti gengið yfir til verzlunarstjóranna. En af þessu leiðir, að mikill munur er á, hve margir eiga að teljast til þess $^1/_5$, sem talað er um í 5. gr., eptir því hvort gjöld verzlananna eru talin með eður eigi; en sè það rètt, að gjöld þessi megi ekki telja með, þá verða þeir að eins 196, sem gjalda til bæjar 6 rd. og þaðan af meira, og gjöld þeirra allra til samans ná eigi $^2/_3$ af upphæð bæjargjaldanna, eður með öðrum orðum, að ef kosningarrètturinn er bundinn við 6 rd. gjald, þá ná þeir allir til samans, er þetta gjald gjalda, eigi þeirri upphæð, er heimilar þeim rètt til að kjósa meiri hluta bæjarstjórnarinnar, samkvæmt frumvarpinu. En ef gjaldið af verzlunum er talið með, þá þarf eigi svo marga gjaldendur, en þetta get eg eigi skilið að sè rètt, því þó tilskipunin frá 1787 gjöri þeim, er eiga verzlun hèr á landi, að skyldu, að vera annaðhvort sjálfir borgarar, eða hafa verzlunarstjóra, sem sèu borgarar, þá get eg eigi leitt út úr því, að það sè sama, hvort lagt er á verzlanina eða verzlunarstjórann, svo að t. d. það gjald, sem lagt er á Knutzonsverzlanina hèr í bænum, yrði lagt saman við gjald verzlunarstjórans. En fyrst nú þeir 196, sem gjalda 6 rd. og þar yfir, eigi ná allir til samans $^2/_3$ gjaldanna, þá er auðsætt, að annaðhvort verður að fella þessa $^2/_3$ niður í helming, og þannig heimta minna af þeim öllum til samans, svo sem nefndin hefir farið fram á, eða fjölga gjaldendunum, með því að til taka að eins 4 rd. bæjargjald, svo sem eg hefi stungið upp á. Svo sem sagt er í nefndarálitinu hafa það aldrei verið færri en þriðjungur allra gjaldanda, og eitt árið meir en helmingur, er samkvæmt þeirri uppástungu mundu hafa verið útilokaðir frá kosningarrètti, og með þessu hygg eg að hið opinbera hafi næga tryggingu fyrir því, að þeir eigi fái kosningarrètt, er fyrir þessa sök væru óhæfir til að fara vel með hann. En eg vil enn fremur bæta því við, að sè farið eptir frumvarpinu, þá munu eigi allir þeir, er nú eru bæjarfulltrúar, hafa kosningarrètt, og verður því eigi neitað að þetta er þó hart. Þar sem nú einnig hèr er verið að setja lög, er yfir höfuð að tala sèu frjálslegri en hin eldri, þá er undarlegt, að setja jafnófrjálslega ákvörðun og þetta; og þegar kosningarrètturinn til alþingis er að eins bundinn við 4 rd. gjald, þá sè eg eigi, að nokkur ástæða geti verið til þess, að hafa kosningarrèttinn til bæjarstjórnarinnar þrengri. Ef haldið er 6 rd. gjaldinu, þá eru það sem sagt að eins 196 af 449 gjaldendum, sem kosningarrèttinn hafa, en meira en helmingur er

útilokaður, en sè miðað við 4 rd. gjald, þá eru það þó að eins 255, sem mega kjósa og hèr um bil 185 sem verða útilokaðir, auk verzlananna og ýmissa stofnana. Eg vil líka bæta því við, að prentsmiðjan, sem er opinber eign, á að svara töluverðu bæjargjaldi. Væri það nú eðlilegt að leggja bæjargjald hennar saman við gjald forstöðumannsins? Þetta væri þó öldungis samkvæmt því, að leggja gjöld verzlananna saman við gjöld verzlunarstjóranna til að fækka kjósendunum. Hèr stendur, að öll nefndin hafi fallizt á að breyia $^2/_3$ í helming, en það er auðvitað, að þá er ráðgjört að miðað sè við 6 rd. gjald, þar eð annað gat eigi átt sèr stað, svo sem eg hefi bent á. En ef þingið hallast að minni uppástungu, þá er breytingin óþörf, og það mun eigi hafa verið tilætlun nefndarinnar, að halda henni fram, ef svo fer, sem eg vona að verði, að skilyrði fyrir kosningarrèttinum verði lækkað niður í 4 rd. Breytinguna á 17. grein gat konungsfulltrúi eigi fallizt á; það er reyndar satt, að bæjarstjórnin ræður, hvort þessum mönnum, sem þar er um að ræða, verða veitt eptirlaun, og að því leyti er breytingin eigi nauðsynleg. En einmitt þegar bæjarfógetinn er oddviti bæjarstjórnarinnar, þá sè eg eigi, hvað getur verið því til fyrirstöðu, að bera það undir bæjarstjórnina, hvort ekki eigi að víkja þeim frá, því hvort sem er, þá mun optast verða farið fram á, að veita þeim eptirlaun, en sèu þeir alveg óhæfilegir, þá mun bæjarstjórnin naumast setja sig á móti vilja fógetans. Viðvíkjandi 23. greininni þá er eg konungsfulltrúa alveg samdóma. Það kann reyndar að virðast eðlilegt, að hver hafi að eins rètt til að kvarta yfir því, sem á hann sjálfan er lagt, en það er þó nauðsynlegt, að þetta sè óbundið, hvort sem gjaldið kynni að þykja af hátt, eða of lágt. Eg vil taka til dæmis að einhver gjaldþegn, sem of mikið væri lagt á, væri eigi viðstaddur, og þá væri óeðlilegt, að banna það með öllu, að nokkur annar mætti benda bæjarstjórninni á, að þessi maður yrði of hart úti, og sama er að segja, ef gjaldið væri of lágt, þá sè eg enga ástæðu til að meina mönnum að leiða bæjarstjórninni það fyrir sjónir. Hèr er heldur ekkert að óttast. Í hinum dönsku lögum er svo á kveðið, að sá, sem ber upp ástæðulausar umkvartanir, skuli greiða kostnað þann er af því leiðir, en borgun þessi er engin sekt. Hèr kemur eigi til þessa, enda er það ekki ísjárvert að leyfa þetta, því að þyki bæjarstjórninni umkvartanin eigi á rökum byggð, þá fleygir hún henni frá sèr og gefur henni eigi frekari gaum, enda er þá fyrirhöfn hennar eigi mikil. Viðvíkjandi 24. gr. þá vil eg geta þess,

að mèr er eigi mjög annt um hana, því hennar mun sjaldan við þurfa. En komist hèr á innlend stjórn, þá bera eigi slík mál framar undir dómsmálastjórnina. En ef slík mál koma fyrir, verða þau að fara eptir samkomulagi millum dómsmálastjórans og landstjórnarinnar, og svo sem auðvitað er, mundi landstjórnin leita allra nauðsynlegra skýrslna frá Danmörku, og hygg eg þá, að eigi se ástæða til að búast við neinni hlutdrægni á horugan bóginn.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til hinna reikningslegu athugasemda hins heiðraða framsögumanns að eins geta þess, að það sem eg tók fram áðan um tölu kjósandanna, upphæð bæjargjaldanna o. s. frv., er að skilja á þann hátt, að þegar á að semja kjörskrá fyrir yfirstandandi ár samkvæmt ákvörðunum frumvarpsins, munu í æðri gjaldandaflokki nú verða, eins og eg sagði áður, 131 kjósendur, en í hinum flokknum, það er að segja, allra kjósendanna 196; en nefndarálitið skýrir ekki svoleiðis frá ástandinu.

Framsögumaður: Þessi mismunur kemur beinlínis af því, svo sem eg gat um áðan, að gjald ýmissa stofnana er talið með í yfirliti hans, eins og t. a. m. bæjargjald prentsmiðjunnar, en af þessu leiðir auðsjáanlega, að sú upphæð, sem um er að ræða, $^2/_3$ bæjargjaldanna, næst miklu fljótar, en eg get eigi verið því samdóma, að þetta sè rètt.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil áskilja mèr það breytingaratkvæði við 5. grein, að í stað «$^1/_5$ hluta» sè sett «$^1/_3$ hluta», en að orðin: «ef þessi $^1/_5$ hluti . . . ganga til kosningar», falli burt; því sú ákvörðun, sem í frumvarpinu stendur, virðist mèr óþarflega margbrotin og ekkert gagn gjöra. Þar sem í 6. grein segir undantekningarlaust, að kosningarnar gildi til 6 ára, þá er þetta ónákvæmt. Því í fyrsta sinni, sem kosið verður, á annar hlutinn að fara frá að 3 árum liðnum; og er því kosning hans ekki nema til 3 ára. Þetta þarf að taka fram, einkum ef sú ákvörðun fellur, sem mèr þykir líklegt, að þeir, sem nú eru í bæjarnefndinni, gangi inn í hina nýju bæjarstjórn, og jafnvel hvort sem verður. Eg áskil mèr því það breytingaratkvæði, að á eptir «6 ár» bætist við: «nema í fyrsta sinni, þá gildir kosning meiri hlutans að eins í 3 ár». Enn fremur vil eg áskilja mèr sams konar breytingaratkvæði sem við sveitastjórnarmálið, að alstaðar þar sem ákveðið er í frumvarpi þessu, að hlutkesti skuli ráða, þar skuli koma í staðinn, að aldur skuli ráða. Það hefir verið sagt, að það væri hart, að

taka jafnan hinn eldri, sem, ef til vill, væri fyrir elli sakir lítt fær til að takast kosningu á hendur. En, ef svo stendur á, er líklegt að hann geti orðið undan þeginn kosningu. En á hinn bóginn ber þess að gæta, að sè hinn eldri fær til starfa, er betra að taka hann fyrri en hinn yngri; þar eð fremur má búast við um eldri manninn en um hinn yngri, að hann verði dáinn eða orðinn of gamall eða ófær til starfa, þegar næst verður kosið, svo að eigi verði síðar hægt að hafa gagn af reynslu hans og ráðum.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur til ályktunarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um breytingu á tilskipun 30. apríl 1824 § 3. 10. viðvíkjandi skyldum presta við giptingar. Framsögumaður er þingmaður Gullbringusýslu, og veit eg ekki, hvort hann vill taka til máls nú þegar. Eg vil geta þess, að hin fyrri uppástunga nefndarinnar stendur hèr á atkvæðaskránni (tölulið 4.), þó að nefndin hafi nú borið upp nýja uppástungu (tölulið 3.), og megi þar með álítast að vera fallin frá sinni fyrri uppástungu; en hún stendur hèr á atkvæðaskránni til þess, ef einhver kynni að taka hana að sèr.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Það hefir þegar áður mikið verið talað um mál þetta, og mun því eigi þörf, að eg verði margorður að þessu sinni. Það hefir skýrt verið tekið fram, að nauðsynlegt sè að breyta lagastafnum í þessu efni, sakir hinna stórkostlegu afleiðinga af því, ef breytt er á móti þessari grein, og þó þessar afleiðingar væru engar, þá virðist meir en næg ástæða til að lagastaðnum sè breytt; þær liggja í því, að hinum lögfróðustu mönnum á landinu kemur ekki saman um það, hvernig hann sè rètt skilinn. Þannig greinir hinn hæstvirta konungsfulltrúa og 1. konungkjörna mjög á við 4. konungkjörna og þingmann Árnesinga. Fyrst þetta er nú þannig, er það þá ekki yfirgnæfanleg ástæða til þess, að kveða að minnsta kosti skýrar á um þetta? Eða er þá ekki von, að prestum, sem ekki hafa lög numið, geti orðið hált á þessu, þegar þar við bætast ýmsar kringumstæður, sem gjöra þetta mjög erfitt í þessu efni? Eg skal nú að vísu leiða hjá mèr að dæma nokkuð í þessu máli, en það er ljóst, að megi lagastaður þessi skiljast eins og hinn 4. konungkjörni og þingmaður Árnesinga skilja hann, þá er breyting sú, sem nefndin stingur upp á, óþörf, nema að því leyti, sem hún kveður skýrar á um þetta. Eg skal leyfa mèr að taka það fram, því það er sannarlega

merkilegt, að svo stórkostlegar afleiðingar, sem brot á móti þessum lagastað hefir haft fyrir suma presta, þá hefir enginn prestur enn verið dæmdur í sektir fyrir lagabrot í þessu tilliti, hvað afleiðing sem skilningur lagagreinarinnar hefir annars haft fyrir þá. Hvað nú tölulið 1. á atkvæðaskránni snertir, þá álít eg það, sem þar er farið fram á, langvafningsminnst, og eg efast ekki um, að það líki þeim, sem rýmka vilja um öreigagiptingar. Að öðru leyti ætla eg ekki meira að mæla með þessum tölulið, því að hinn háttvirti uppástungumaður hans gjörir það sjálfur bezt. Eg hreifði þessu þegar í nefndinni og hefi áður stungið upp á því, að þessi lagaákvörðun væri gjörð hèr gild, en mèr hefir þótt uggvænt, að sú uppástunga fengi framgang á þinginu. Um 2. tölulið skal eg geta þess, að hann breytir tilskipuninni meir, og er auðvitað, að sú trygging, sem sú ákvörðun veitir, er í alla staði nægileg, ef þingið aðhyllist hana. Fyrir uppástungum nefndarinnar ætla eg eigi að tala nú, því eg hefi áður mælt með þeim; að eins vænti eg þess, að þingið sjái, að það er eigi einungis prestunum í hag, að lagastaður þessi verði endurbættur, heldur fullt eins mikið almenningi.

Ólafur Pálsson: Eg ætla að minnast með nokkrum orðum á hið litla breytingaratkvæði, sem mèr er eignað, undir tölulið 1. á atkvæðaskránni. Þó skal eg eigi verða margorður; það stendur og fellur sínum herra, hvort sem er, eptir vild þingsins. Við undirbúningsumræðuna lèt eg í ljósi, hvers vegna eg mundi bera upp þetta breytingaratkvæði, og vil eg nú skýra það betur. Eg skal ítreka það aptur nú, að það er sakir örðugleika þeirra, sem rísa af tilskipuninni frá 30. apríl 1824, § 3. tölul. 10., og get eg þess, að eg verð enn nú að vera á því, að þeir örðugleikar eru ekki mestir fyrir prestana, því þótt þeir eigi að útvega þau skilríki, sem í þessu efni eru heimtuð, þá geta þeir hæglega gjört það með þeim hætti, að láta hlutaðeigendur fá sèr þau upp í hendurnar. En örðugleikarnir eru einkum fyrir sõfnuðinn, því eg set nú t. a. m. að miðaldramaður vilji giptast; nú skyldi hann einhvern tíma á yngri árum sínum hafa þegið einhvern lítinn sveitarstyrk, sem hann hæglega gæti verið búinn að gleyma, þegar komið er að þeim tíma, er hann beiðist giptingar. Þótt nú maðurinn þannig fyrir löngu hafi þegið sveitarstyrk, getur vel verið, að hann nú sè hinn nýtasti maður og líklegur til að geta vel og sómasamlega staðið straum af konu og börnum; — og þá væri þó sannarlega of hart

að meina honum að giptast af fyrgreindri ástæðu eða hrekja hann langar leiðir eptir skilríkjum. Sú breyting, sem varð á lagagrein þessari í Danmörk, var án efa mest risin af mannúð, sem löggjafinn áleit nauðsynlega í þessu efni, enda er í hinni breyttu dönsku lagaákvörðun talsverð trygging fyrir gipting öreiga-persóna, þar sem prestinum er gjört að skyldu, að líta 5 ár til baka og skoða hagi persónanna á þessum tíma; já, þetta skeður í raun réttri ekki án þess, að litið sé til baka nokkuð lengra, og það er að minni ætlun öll sú trygging, er með sanngirni verður krafizt. Tilskipunin frá 30. apríl 1824 ber það með sèr, að hún heyrir í þessu atriði til umliðinni tíð, með því hún er ekki samboðin hugsunarhætti manna á þessum tímum. Að öðru leyti er það á valdi þingsins, hvort það vill halda þessari grein og varðveita hana eins og nokkurs konar forngrip, eða það vill fá annað í staðinn, sem ber með sèr sömu mannúð og þá, er fólgin er í hinni nýju dönsku lagagrein.

Þórður Jónasson: Áður en til atkvæða er gengið, ætla eg að leyfa mèr að tala fáein orð, þó orðið sè margrætt um þetta mál og meir en það á reyndar skilið. Það hefir verið fundið margt að nefndarálitinu, og einkum að því, að niðurlagsatriðið væri svo ógreinilegt; en eg get nú ekki játað, að svo sè. Nefndin gekk, eins og sèst á nefndarálitinu, út frá því, að svaramennirnir hefðu enga ábyrgð af því, þó presturinn gæfi saman hjón, sem ættu sveitarstyrk, sem þau hefðu þegið, ógoldinn, en það væri presturinn einn, sem bæri ábyrgðina af því. Sè nú þessi skilningur á lögunum rangur, eins og líka hefir verið sagt, og að svaramennirnir eiga að bera ábyrgðina í þessari grein með prestinum, þá játa eg, að nefndarálitið með því er fallið; en sè skoðun nefndarinnar um ábyrgðarleysi svaramannanna í þessari grein rètt, þá er það rètt orðað í niðurlagsatriðunum, að svaramennirnir eptirleiðis skuli bera með prestinum ábyrgðina af því, ef hjónaefni, sem eiga ógoldinn sveitarstyrk, eru gefin saman, og þá er beðið um breyting á því, sem er í lögum, nefnil. § 3, tölul. 10. í tilskipun 30. apr. 1824. Þetta held eg sè fullljóst.

Mèr þykir það annars standa á litlu, hvernig þingið tekur í málið, mèr er ekki sárt um það; því það, sem beðið er um í bænarskránni, er ekkert velferðarmál. Hvað atkvæðið undir tölul. 1. snertir, get eg ekki fallizt á það, því það rýrir þá trygging gegn öreigagiptingum, sem nú er í lögum, og svo kæmi þingið líka í

mótsögn við sjálft sig, ef það aðhyllist þetta atkvæði, af því það kastaði þessari ákvörðun, þegar hún kom hèr inn á þing, í einu hljóði. Það stendur líka allt öðruvísi á í Danmörk en hèr, svo það á ekki við í þessu máli að vitna þangað. Breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga vill kasta allri ábyrgðinni yfir á svaramenninа. Við það felli eg mig ekki eins vel og það, sem nefndarálitið fer fram á, að þeir og presturinn beri ábyrgðina í sameiningu. Eg skal taka það fram, að mèr sýnist það engin ofætlun eða öfgar, að presturinn skuli hafa þá skyldu, að útvega, áður hann gefur hjónin saman, skýrslur um það, hvort þau eigi ógoldinn sveitarstyrk eða ekki. Hafi hann í því leitazt við, að fullnægja skyldu sinni, en það ber undir dómstólana, að meta það, getur hann gjört sèr vissa von um, að dómstólarnir munu ekki taka hart í strenginn og því að eins láta hlutaðeigendur sæta ábyrgð, að augljós forsómun liggi fyrir. Eg gjöri mèr litla von um að þessu máli verði framkvæmt hjá þinginu, því það á dálítið skylt við málið um öreigagiptingar, sem aldrei hafa átt neinum byr að fagna hjá þinginu.

Jón Kristjánsson: Eg stend nú upp að eins fyrir siðasakir, af því að það er venjulegt, að menn mæli dálítið fram með breytingaratkvæðum þeim, er þeir eiga á atkvæðaskránni. Eg hugði annars, að mèr hefði heppnazt svo vel breytingaratkvæði mín, að þau mundu mæla fram með sèr sjálf. Því viðvíkjandi fyrri liðnum, get eg ómögulega betur sèð, en að þessi 10. tölul. í 3. gr. tilskipunar 30. apríl 1824, sè orðinn svo gamall, að rèttast sè að veita honum lausn nú þegar, og það sè enginn skaði að láta hann eigi ná júbílárinu; hann er líklega búinn að vinna ætlunarverkið, og þegar orðinn all-merkilegur, þar sem hann bæði hefir minnt prestana á árvekni og aðgæzlu í embættisstörfum sínum; svalað prestahatri hjá þeim, sem það hafa, ef nokkrir eru, æft skilning og skarpskyggni lögfræðinganna, sýnt stöðu hins nýja hæstarèttar gagnvart þeim eldri lagaákvörðunum; og eg efast ekki um, að hann geti síðar meir orðið fornfræðingum gott efni í ýmsar fróðlegar athugasemdir. Að því er snertir hinn síðari lið uppástungu minnar, verð eg enn að halda því fast fram, að nægilegt sè og full-tryggjandi, að ábyrgðin hvíli á svaramönnunum einum. Það virðist vera einfaldast, að þeir, sem beiðast lýsingar hjá presti, útvegi sèr sjálfir svaramenn, og geta þá þessir svaramenn sagt: «Já, eg skal gjarnan vera svaramaður yðar; en þèr verðið sjálfir

að útvega skilríki þau, sem lög áskilja fyrir því, að þèr eigi hafið þegið sveitarstyrk, eða þá, að þèr hafið endurgoldið það, sem þèr kunnið að hafa þegið af sveit». Eg skal að svo mæltu eigi fara fleiri orðum um uppástungu mína, en leggja það á vald þingsins, hvort það vill samþykkja hana eða fella.

Jón Sigurðsson: Eg ætla ekki að mæla margt að þessu sinni, en ætla einungis að lýsa því yfir, að eg hefi engan hlut átt að þessari nýju uppástungu nefndarinnar; og fyrir því er eg neyddur til, að frábiðja mèr allan þann heiður, sem nefndin kann að öðlast fyrir þessa nýju uppástungu sína. Það er annars sannast að segja um þessa 4 töluliði á atkvæðaskránni, að þeir eru allir svo jafnóaðgengilegir, að mèr dettur eigi annað í hug, en greiða atkvæði á móti þeim öllum.

Eiríkur Kúld: Eg get að minnsta kosti lofað nefndina fyrir það, hve laglega henni hefir tekizt að gjöra uppástungu sína sem óaðgengilegasta. Mèr er reyndar eigi alveg ljós meiningin í þessum 3. tölul. Það mun opt verða svaramönnum erfitt, að safna öllum þessum skilríkjum, sem heimtuð eru. Eg skal taka til dæmis, að hèr í Reykjavík ætti að gipta mann, sem hefði dvalið fyrir austan, norðan og vestan; þá yrði nú að eg held, eptir uppástungu nefndarinnar, annar svaramaðurinn að fara austur, hinn norður, og þá presturinn vestur, til að smala saman öllum þessum skilríkjum; þetta held eg sè fremur óheppileg tilhögun. Mèr sýnist því ekki áhorfsmál, að kasta þessari nýju uppástungu nefndarinnar, en aðhyllast 1. tölulið, sem fer í miklu frjálslegri stefnu, og er sniðinn eptir þeim lögum, er í Danmörku gilda um þetta efni. Og hvers vegna skyldu giptingar vera bundnar við þrengri takmörk hèr en í Danmörku? Er eigi eins eðlilegt, að Íslendingar vilji giptast eins og Danir, og því mega þeir ei fá það með sömu skilyrðum og þeim, sem nú eru lög í Danmörku? Eða hvaða ástæða er til, að láta presta vera háða þrengri skyldum hèr, en í Danmörku? Það get eg eigi sèð. Eg álít, að menn eigi í þessu máli, sem öðrum, að hlynna að almennu mannfrelsi. Eg mun þess vegna, samkvæmt því, er eg nú hefi sagt, greiða atkvæði með 1. tölul., en hafna öllum hinum öðrum töluliðum á atkvæðaskránni.

Davíð Guðmundsson: Eg er nú enn þá á sömu skoðun og fyr um það, að prestum sè alls ekki ofvaxið, að hafa hina umræddu ábyrgð, og að í því tilliti sè ekkert á móti 10. tölul. 3. gr. í tilsk. 30. apríl 1824. Það er álit mitt, að það hljóti að koma

annaðhvort af vangá eða einhverju ólagi, ef prestum verður nokkuð saknæmt á í þessu efni, og virðist mèr dæmi þeirra sanna það, er gamlir eru orðnir í embættum sínum og þjónað hafa í fjölmennum prestaköllum, og aldrei orðið slys að ábyrgð þeirri, er hèr ræðir um, svo sem er með hinn háttvirta 6. konungkjörna þingmann, sem hefir gegnt hinum fjölmennustu sóknum. (*Ólafur Pálsson*: Eg hefi aldrei kvartað um það). Eg hygg, að það leiddi til enn meiri vangæzlu í þessu efni, ef ábyrgðinni væri skipt milli svaramanna og prestsins, því eg er hræddur um, að þá mundi hvor skáka í annars valdi, eða með öðrum orðum, hvor mundi vilja koma ábyrgðinni af sèr á hinn. Þegar eg sný mèr að 2. tölul. á atkvæðaskránni, virðist mèr það viðurhlutamikið, að leggja bændum þá ábyrgð á herðar, sem prestunum er eigi treystandi til að bera, enda gæti það, ef til vill, haft vondar afleiðingar í för með sèr. Eg get vel ímyndað mèr, að þeir prestar kynnu að vera einhverra sèrstakra orsaka vegna til, er hèldu fram hjónabandi, og að þeir þá gætu talið einhverja bændur til að gjörast svaramenn móti glöggri vitund sinni að minnsta kosti; og yrðu prestar þannig miðlar til að koma illu af stað, en af þessu hlytist að minnsta kosti ósamlyndi og illdeilur, ef eigi ósiðir. 1. tölul. á atkvæðaskránni get eg eigi aðhyllzt, sökum þess, að það er eigi tilgangur minn, að fara að stuðla til þess að rýmka um öreigagiptingar að sinni framar en nú gildandi lög leyfa. Yfir höfuð að tala get eg eigi gefið neinum töluliðnum á atkvæðaskránni atkvæði mitt; og virðist mèr alveg óþarft, að vera að stinga upp á breytingum við þennan opt nefnda 10. tölul. 3. greinar í tilsk. frá 30. apríl 1824. Eg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál.

Torfi Einarsson: Eg ætlaði mèr reyndar ekki að tala neitt í þessu máli; en eg stend upp einungis vegna þess, að mèr finnst menn hafa hælt 1. tölulið á atkvæðaskránni heldur mikið. Eg skal játa það, að hann fari í frjálslega stefnu, en eg vil bæta því við, að hann gefur að mínu áliti öreigagiptingum of lausan tauminn. Hann getur varla stuðzt við aðra ástæðu, en þá, að mönnum þykir of fá hjón vera á Íslandi, í samanburði við ógipt fólk, en í því tilliti er eg á gagnstæðri skoðun; mèr sýnist helzt líta út fyrir, að bráðum verði eins mörg hjón og jarðarhundruðin eru eptir hinni nýju jarðabók. (*Jón Pètursson*: Það verður að taka tillit til fólksfjölgunarinnar). Jú, en það er ekki nóg, að eignast börnin; það verður líka að koma þeim upp. Hvað því viðvíkur, er

nokkrir þingmenn hafa sagt, að hin umrædda ábyrgð væri ekki svo þung fyrir svaramennina, þá álít eg það ekki rètt hermt; en þar eð hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga hefir svarað þessu, skal eg eigi eyða um það fleirum orðum. Nokkrir þingmenn hafa ætlazt til, að við tækjum oss dæmi af Dönum í þessu atriði, þar eð fyrirkomulag þeirra, viðvíkjandi giptingum, væri svo frjálslegt; en eg verð að játa, að eg er því alveg ókunnugur, enda sè eg enga ástæðu til, að oss sè nauðsynlegt, að fara eptir lögum eða siðum þeirra í þessu efni.

Framsögumaður: Eg veit eigi, hvort það hefir nokkurn árangur, þó eg standi upp og mæli nokkur orð, því að það er torvelt, að sannfæra þá, er eigi vilja láta sannfærast. Eg held, að eg verði fyrst að snúa mèr að hinum heiðraða embættisbróður mínum, þingmanni Skagfirðinga. Hann álítur það eigi prestum ofvaxið, að bera einir ábyrgð þá, sem hèr er um rætt, og þykir honum því engin þörf á, að breyta tilsk. frá 30. apríl 1824. En hvort sem honum verður þetta nokkurn tíma ofvaxið eða ekki, þá verð eg að segja honum, að eg álít honum það ofvaxið, að skilja betur lög en lögfræðingar þeir, er hèr eru á þingsalnum; og þó hefir hann víst heyrt eins og eg, að þeim hefir eigi getað kómið saman um þetta atriði, og skilji hann ekki lagastaðinn, þá er honum ofvaxið að breyta eptir honum. Að því er snertir þau orð hans, að ef prestar og svaramenn bæru ábyrgðina jöfnum höndum, þá mundi hver skáka í annars valdi, þá get eg eigi annað um þau sagt, en að þau sèu ekki svaraverð, því hann veit án efa sjálfur, að þegar ábyrgð, sem jafnt hvílir á 3 mönnum, fellur á þá alla, þá dugir þeim ekki og þeir reyna ekki einu sinni, að koma skuldinni hver á annan; þeir vita, að þeir bera hana allir jafnt. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga var svo ánægður með sjálfan sig yfir því, að hafa skilizt við nefndina, og gengið á móti orðum og gjörðum sjálfs sín. Það getur verið að honum þyki frægð í því, en eg get eigi álitið það svo. Eg gæti álitið það frægð, að leiða nefndarmenn til þeirrar niðurstöðu, sem maður vill, en ekki að ganga frá því, sem maður án mótmæla hefir samþykkt með þeim. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt aðhyllast 1. tölul.; ef þingið væri á sömu skoðun, mundi eg eigi halda 3. tölul. svo fast fram; en falli 1. tölul., þá vil eg ráða hinu heiðraða þingi til, að taka uppástungu nefndarinnar til greina og fallast á hana.

Jón Pèturssou: Mèr þykir það nokkuð undarlegt, að þar sem það virðist vera tilgangurinn, að gjöra prestum lèttara fyrir, þá sýnist svo, sem uppástunga nefndariunar þyngi heldur á þeim; því að í þessari nýju uppástungu hennar er svo sagt: »að þeir eigi að grennslast eptir», o. s. frv. En fyrst og fremst hversu langt á þessi eptirgrennslun að ná? Það er ekki nefnt í uppástungunni; og í annan stað virðist það vera óeðlilegt, að þegar einhver vill komast í hjónaband, skuli hann geta sigað prestinum til að útvega skilríki þau, er hann, sumsè brúðguma-efnið, þarf með. Þvert á mót, presturinn þarf ekki eptir þeim núgildandi lögum að hreifa sig til að fara að lýsa, fyr en hinn kemur með skilríkin. Mèr virðist því þessi uppástunga nefndarinnar miður heppileg í þessari grein. Og þar næst, hvað ábyrgðina snertir, þá eru svaramennirnir sem slíkir ekki embættismenn, og geta þeir því eigi sem presturinn gjört sig í þessu tilliti seka í embættis-afglöpum, en þar af leiðir, að það er ómögulegt, að sama ábyrgð geti lagzt á svaramennina sem prestinn, eins og farið er þó fram á í uppástungu nefndarinnar. Það hefir verið haft á möti tölul. 1., að hann rýmki um öreigagiptingar, en þetta er rangt; lög þau, sem nú eru, eru miklu fremur til að fjölga öreigagiptingum, því með því að þau skylda þann, er þáð hefir sveitarstyrk fyrir löngu síðan, til að gjalda hann allan aptur áður en giptingin fram fer, þá gjöra þau hann ef til vill að öreiga, og sá sem annars mundi hafa verið efnaður maður og stoð sveitarfèlags síns, þann gjöra lögin, einmitt við það að hann giptist, að öreiga, ófæran um að forsorga sig og sína. Aptur á móti er það líklegt að sá, sem þegið hefir sveitarstyrk 5 hin síðustu ár, sè ófær til að annast familíu. Eg vil taka til dæmis eitt tilfelli; setjum að brúðurinn væri ekkja með mörgum börnum, er þegið hefði mikinn sveitarstyrk, en maðurinn gæti eigi borgað hann, þá gætu þau eigi gipzt; en hver yrði afleiðingin? engin önnur en sú, að maðurinn ætti börn með kvennmanninum í lausaleik, allt eins og þau væru hjón, og það er ekkert þessu til fyrirstöðu, því eptir nýju hegningarlögunum er það eigi að neinu saknæmt, að eiga börn í lausaleik. En þykir þingmanni Strandasýslu þetta fallegra? og býst hann við, að maðurinn með þessu móti leggi sig jafnmikið fram um að vinna fyrir konunni og börnum hennar? Mèr þykir mikið mæla með því, að 1. tölul. á atkvæðaskránni sè haldið. Dönum hefir þótt ástæða til að breyta hinni gömlu löggjöf

30. apríl 1824, 10. tölul., eins og líka fullkomin ástæða var til. Þess vegna get eg eigi skilið, hvers vegna vèr eigi viljum líka fá breytingu á þessari ákvörðun í löggjöfinni, og mèr virðist einmitt sú breyting, sem gjörð hefir verið á ákvörðuninni í Danmörku, vera hin heppilegasta, og ræð eg því þinginu til að fallast á hana, það er að segja, á 1. tölul. á atkvæðaskránni. Mèr þykir ólíklegt, að menn láti það fæla sig frá að fallast á þessa ákvörðun, að hún er orðin gildandi lög í Danmörku, eða að það verði því til fyrirstöðu, að þessi ákvörðun fái samþykki þingsins, að menn á undanfarandi þingum eigi hafa gætt þess, að þessi lagaákvörðun er í alla staði hentug, eins og á stendur fyrir oss. Þessi ákvörðun, sem nú er orðin gildandi lagaákvörðun í Danmörku, og sem töluliður 1. á atkvæðaskránni inniheldur, hefir sèr í lagi tillit til þess hrepps, sem brúðguminn er sveitlægur í; hún vill fyrirbyggja það, að ef brúðguminn síðustu 5 árin hefir notið óendurgoldins sveitarstyrks, að hann þá megi giptast og öll ómegðin þannig lendi á þeim hrepp, sem hann er sveitlægur í. Í hinni gömlu tilskipun 30. apríl 1824 er aptur á móti eigi haft tillit til þess hrepps, sem brúðguminn er sveitlægur í, heldur til hinna hreppanna, þar sem hann hefir þegið sveitarstyrkinn, sú löggjöf þvingar brúðgumann til þess, að borga þann sveitarstyrk, er hann á óendurgoldinn, og er þannig beinlínis þeim hreppum eða þeim hrepp í hag, er hann hefir þegið styrkinn af, en getur orðið þeim hreppi aptur á móti í óhag, er hann er sveitlægur í, þar sem brúðguminn þannig, ef til vill, verður gjörður með öllu fèlaus, og honum þess vegna verður ómögulegt að veita nægilega forsorgun konu sinni og börnum. Aptur á móti er í hinni nýju löggjöf sèr í lagi haft tillit til þess hrepps, sem brúðguminn er sveitlægur í, og löggjöfin er beinlínis þeim hreppi í hag, og mèr virðist það alls ekki ónáttúrlegt, að er presturinn eigi hirðir um þessa ákvörðun, en brýtur beinlínis gegn henni, og þar með gegn rèttindum þess hrepps, er brúðguminn er sveitlægur í, að hann þá verði dæmdur til að borga skaða þann, er af því flýtur. Þess vegna er það í alla staði eðlilegt og sanngjarnt, að hæstirèttur dæmdi þennan prest, sem opt hefir verið talað um, til að borga allan af hjónabandinu leiðandi kostnað, þar sem hann beinlínis skeytti eigi þessari ákvörðun, sem þá var orðin gildandi lagaboð.

Hjálmur Pèturson: Eg ætla eigi að fara mörgum orðum um þetta mál, því mèr virðist það vera orðið nægilega dýrt, ekki merki-

legra en það er. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagðist eigi geta skilið, hvers vegna vèr í þessu efni vildum vera ófrjálslegri en Danir. Eg hugsa nú eigi til að eg geti komið honum í skilning um það, því að hafi hann eigi skilið hingað til það, sem hefir fram farið á undanförnum þingum viðvíkjandi takmörkun á hjónaböndum, þá mun hann varla fara til þess hèr eptir. Hvað 1. töluliðnum á atkvæðaskránni viðvíkur, þá er það þó auðsjáanlegt, að ef ákvörðun sú, sem hann hefir inni að halda, yrði að lögum gjörð, þá mundi það verða til þess, að rýmka þau bönd, er liggja á öreigagiptingum. Um 2. tölulið ætla eg eigi að fara mörgum orðum, en eg get þó eigi leitt hjá mèr að geta þess, að það mun vera dæmalaust, að bændur hafi ábyrgð af embættisverkum embættismanna, og yrði það því nýstárleg lög. Uppástunga nefndarinnar undir 3. tölulið er að vísu langmeinlausust, en eg er sannfærður um, að eptir efni hennar og orðaskipun nær hún ekki tilgangi sínum eða því augnamiði, sem nefndin að líkindum hefir ætlað sèr að ná, að minnsta kosti mun þau tilfelli mjög opt bera að höndum, að sá ábyrgðarlèttir, sem prestar eiga að öðlast við þetta, mundi ekki koma þeim að neinum notum. Eg vil t. a. m. taka það dæmi, að báðir svaramennirnir sèu bláfátækir menn, sem þrávallt á sèr stað, hvað mundi það þá gagna prestinum, þótt þeir ættu að hafa ábyrgðina með honum, þar sem þeir, ef til þess kæmi, að hann hefði gipt hjónin gagnstætt lögunum, alls eigi mundu geta borgað sinn hluta af þeim kostnaði, sem af þessu ólöglega hjónabandi leiddi, og allur kostnaðurinn því eins eptir sem áður lenti á prestinum sjálfum. Það er annars margt merkilegt, sem kemur fyrir á þessum tímum, og sèr í lagi í þessu máli, meðal annars það, að nú lítur út fyrir að prestastèttin okkar Íslendinga eigi vilji vera þekkt fyrir að hafa ábyrgð á verkum sínum. Dæmi þau, sem tekin hafa verið til þess að sanna það, að breyting sè nauðsynleg á tilskipun 30. apríl 1824, sanna það engan veginn, því að það, sem dæmin sýndu, var einungis það, að presturinn ekki hafi gætt skyldu sinnar, en það er öldungis eigi ákvörðun tilskipunarinnar að kenna, að prestarnir hafa eigi gætt hennar, heldur þeim sjálfum, að þeir hafa eigi nógu vel athugað hana, því að af athugaleysi er það en engu öðru, að nokkrir prestar hafa brotið gegn ákvörðun þessari. Eg get því eigi sèð, að það sè næg ástæða til að breyta einhverri lagaákvörðun, af því að þeir, sem henni eiga

að fylgja, eigi gefa nægar gætur að henni, og breyta gegn henni af skeytingarleysi.

Benidikt Sveinsson: Þótt hinn háttvirti framsögumaður segði við undirbúningsumræðu þessa máls, að hann alls eigi gæti skilið skoðun mína í þessu máli, þá vona eg þó, að hinir aðrir háttvirtu þingmenn hafi skilið hana, og hún er nefnilega sú, að svo framarlega sem presturinn hvorki af skeytingarleysi nè af svikum, hefir gefið einhverjar persónur í hjónaband gegn tilskipun 30. apríl 1824 tölul. 10., þá er hann laus við alla ábyrgð af því, en hún lendir öll á svaramönnunum, eða með öðrum orðum, að ef presturinn hefir svik í frammi eða gjörir einhver embættisafglöp, þá getur hann orðið sektaður, en það getur aldrei orðið spursmál um, að hann þurfi að greiða skaðabætur eptir hinum almennu skaðabótalögum, og eg er sannfærður um, að allir þeir, er nokkuð þekkja til hinna almennu hugmynda laganna, verða að játa, að þessi skoðun mín hefir við gild og óræk rök að styðjast. Það vona eg þó að allir játi, að presturinn sè þá að minnsta kosti sýkn saka, er svaramennirnir hafa í þessu efni beitt svikum eða hrekkjum við hann, og get eg eigi neitað því, að eg hefi sèð það mál, þar sem það liggur nokkurn veginn bert fyrir, að slíkt hefir átt sèr stað. Eg get ómögulega játað það, að eg þekki þá dóma, er beinlínis sýna það og sanna, að skilningur minn á þessari lagaákvörðun sè rangur, því að eg hefi þegar áður tekið það fram, að það er alls eigi sannað, að þessi hæstarèttardómur, sem menn svo opt hafa vitnað til, eigi geti samrýmzt þessari skoðun minni, er eg nú hefi tekið fram. Það er nú auðvitað, að ef svaramennirnir eru sekir, þá á ábyrgðin að lenda á þeim, en sá er munurinn, að þótt svaramennirnir ekki hafi hugmynd um, að brotið hafi verið gegn lagaákvörðuninni, þá eiga þeir samt að hafa alla ábyrgð af því, ef að presturinn ekki á að hafa hana, það er að segja, ef hann getur sannað, að hann hvorki af hrekkjum nè af skeytingarleysi hafi brotið hina áminnztu lagaákvörðun. Það er svo bersýnilegt, að þetta er einmitt hinn rètti skilningur greinarinnar, og það er þó virkilega merkilegt, að menn skuli ekki vilja sjá það, sem liggur svo í augum uppi. Hvað þá uppástungu nefndarinnar snertir, sem hèr liggur fyrir, þá er eg með öllu samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga um það, að hún er eigi heppileg, enda þótt eg fullkomlega viðurkenni og sè sannfærður um, að hún er í alla staði vel meint, og skal eg því vara þingmenn við að fallast

á hana, því að fari menn að gæta að uppástungu nefndarinnar, þá er hún engan veginn breyting á hinni umræddu lagaákvörðun, heldur er hèr komið með allt annað; þar stendur nefnilega, að svaramönnum verði hèr eptir gjört að lagaskyldu, jafnt og prestunum, að grennslast eptir, hvort hjónaefni þau, sem beiðast lýsinga, hafi eptir 16 ára aldur þegið óendurgoldinn sveitarstyrk, og að þeir ásamt prestinum beri þá lagalegu ábyrgð, sem við því liggur, ef út af þessu er brugðið »án þess leyfi sveitarstjórnar þeirrar, þar sem brúðguminn á framfærishrepp, sè fengið». Þetta er allt annað en það, sem stendur í tilskipun 30. apríl 1824 § 3. 10. tölulið. Hèr í uppástungunni er verið að tala um eptirgrennslun, sem presturinn og svaramennirnir eiga að gjöra, og svo er sagt, að ef þeir ekki gjöra það, nefnilega að grennslast eptir, þá beri þeir þá lagalegu ábyrgð, sem við því liggur; en eg fyrir mitt leyti verð að segja, að eg þekki eigi þessa lagalegu ábyrgð; og það var í alla staði rètt, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að það ætti mjög illa við, að prestarnir væru sjálfir áð halda langar rannsóknir um slík málefni; það eina, sem þeir eiga að gjöra, er það, að þeir eiga að neita að gipta hlutaðeigandi persónur, ef eigi koma fram nægileg skilríki fyrir því, að ekkert sè frá laganna hálfu hjónabandi þeirra til fyrirstöðu. Eg get heldur eigi annað sagt en að mèr þykir það sorglegt, ef að þingið gefur atkvæði sitt fyrir því, að þessir prestar, sem hafa orðið fyrir málssókn út af þessu, sèu sekir í embættisafglöpum, áður en dómstólarnir eru fullkomlega búnir að skera úr, hvort svo sè í raun og veru, eða að það sè að eins hugarburður.

Pètur Pètursson: Þótt eg eigi sè nógu lögfróður til þess, að geta dæmt um, hver skilningur á þessum 10. tölulið í tilskipun 30. apríl 1824 sè hinn rèttasti, þá verð eg þó að segja það, að mèr virðist, að reynslan hafi nægilega sýnt, að sú ákvörðun, sem þessi töluliður hefir inni að halda, er töluvert ísjárverð fyrir presta, þar sem það hefir þegar komið fyrir, að árvakrir og gætnir prestar hafa flaskað á henni, og er eigi ljósunum að því lýst, nema að það hafi víðar átt sèr stað, heldur en mönnum nú er kunnugt. Það verður líka hverjum þeim þungt, er flaskar á henni, þar sem svo mikil hegning er lögð við, ef út af henni er breytt, og þó er ákvörðunin sjálf svo óljós og óákveðin, að jafnvel hinir lögfróðu menn skilja hana nálega á sinn veg hver, og það verður því þyngra eða þungbærara fyrir prestinn, að flaska eigi á þessari

ákvörðun, sem það hefir við borið, að dómstólarnir hafa þanið hana svo út, að presturinn væri skyldur til eigi að eins að borga hinn áfallna skaða, heldur einnig allan ókominn, sem af hjónabandi þessu kynni að hljótast, því að mèr getur eigi skilizt þessi dómsúrskurður öðruvísi en svo, að þar af leiði eptir rèttum hugsunarhætti beinlíns það, að ættleggur prestsins sè skyldur til um allan ókominn tíma að annast ættlegg þeirra hjóna, er presurinn á ólöglegan hátt gaf saman í hjónaband, en þess konar skilningur á lögunum upp hefir sig sjálfan og býður eigi svörum. Eg fæ því eigi betur sèð, en að nauðsyn beri til að breyta þessari laga-ákvörðun, því að enginn prestur getur verið viss um, að hann hafi fullnægt boði hennar, fyr en hann hefir fengið skýrteini úr öllum þeim hreppum, sem hlutaðeigandi persónur hafa dvalið síðan þær voru 16 ára, en slíkir vafningar mundu, eptir því sem hagar til hèr á landi, opt verða giptingum til tálmunar. Eg felli mig vel við 1. tölul. í atkvæðaskránni, og eg held, að þótt hann yrði samþykktur, þá mundi það eigi verða til þess að fjölga öreigagiptingum, heldur jafnvel þvert á móti til þess að fækka þeim. Mèr virðist það einnig í alla staði eðlilegt, að þeim manni, er notið hefir sveitarstyrks síðustu 5 árin, sè eigi leyft að giptast, því að bæði er það, að það er hægt að komast eptir því, hvort maðurinn hefir þegið sveitarstyrk síðustu 5 árin, og svo er það líka bezta trygging fyrir því, að hann eigi verði þeim hrepp til þyngsla, þar sem hann er sveitlægur í. Þess ber líka að gæta, að í töluliðnum stendur beinlínis, að hann eigi megi giptast, nema fátækrastjórnin, þar sem hann er hrepplægur, ekkert hafi á móti því, og er þetta einmitt hin bezta trygging fyrir því, að hlutaðeigandi persónur eigi skilið að fá að giptast. Um hina tölul. á atkvæðaskránni ætla eg eigi að tala. Eg ætla að halla mèr að 1. tölul., eins og eg sagði áðan, og þó hefi eg ávallt verið og er enn á þeiri skoðun, að fremur eigi að þröngva en rýmka um öreigagiptingar. Eg skal nú eigi fjölyrða meir um þetta mál.

Guðmundur Einarsson: Eg ætlaði mèr eigi að tala neitt í þessu máli, en eg neyðist þó til að gjöra það. Þau orð, er þingmaður Mýramanna lèt sèr um munn fara, eru varla svaraverð. Eg er sannfærður um, að hann eigi hefir athugað, hvað hann sagði, og eg vona, að hann iðrist eptir það, að slík orð skuli hafa komið fram af vörum hans. (*Hjálmur Pètursson:* Það verður víst eigi fyr en á morgun). En eg stóð eigi upp til þess að fara að tala um þetta; eg stóð upp í allt öðrum tilgangi, nefnil. til að

minnast lítið eitt á 1. tölul. á atkvæðaskránni. Eg fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að þótt sú ákvörðun, sem þessi tölul. inniheldur, sè við fyrsta álit bæði liðleg og frjálsleg, þá muni þó hún, er til framkvæmdanna kemur, verða mjög hál og ísjárverð, og eg er hræddur um, að stundum mundi leiða af því iskyggilegar giptingar, ef þessi ákvörðun yrði að lögum gjörð. Mèr virðist hún líka vera «ócorrect», eða eigi samsvarandi því, sem lög eru hjá oss, þar sem hún bindur sveitarstyrkinn við síðustu 5 árin, en eptir lögum vorum er það fyrst eptir 10 ár, að maður er orðinn sveitlægur í þeim og þeim hrepp; eg ætla nú eigi að fara meira út í þetta, til að sanna, bæði hve ósamkvæmt þetta er í sjálfu sèr og ef til vill skaðlegt; eg vona, að það skiljist öllum án þess. Eg fyrir mitt leyti mundi helzt hallast að 2. tölul., en hann mun eigi hafa góðum byr að fagna á þinginu. Hvað hina nýju uppástungu nefndarinnar undir 3. tölul. snertir, þá finn eg það vel, að hún er eigi svo fullkomin eða svo ljóst orðuð, að eigi megi hártoga hana, ef menn leggja stund á það, en þó mun eg gefa atkvæði mitt með henni. Hvaða afdrif sem mál þetta annars fær nú á þinginu, þá hafa umræður manna um það haft það gott í för með sèr, að málið hefir skýrzt nokkuð fyrir mönnum, því að þessi ákvörðun í lögunum er óneitanlega óljós, eða hál, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði, og sèst það af því, hve margir prestar hafa flaskað á henni, en allra-bezt þó af því, að nú á þinginu hafa þrír einhverjir ágætustu lagamenn vorir rætt um þessa lagaákvörðun, og allir skilið hana á sinn veg hver þeirra.

Framsögumaður: Eg get eigi að því gjört, að eg freistast til að taka enn til máls. Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna svaraði þingmanni Mýramanna, svo að þess gjörist eigi þörf fyrir mig. Eg álít annars, að þau orð, er þingmaður Mýramanna lèt sèr um mun fara, eigi alls ekki að tala; það lá heldur ekkert það fyrir, er í minnsta máta gat gefið honum ástæðu til að tala þannig. Hèr er að eins verið að spyrja um, hvað prestarnir eigi að gjöra, menn vilja fá það skýrt og ljóst tekið fram, hver skylda þeirra er í þessu efni, sem hèr ræðir um, einmitt til þess að þeir skuli hafa ábyrgð á verkum sínum. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga varar þingið við að fallast á uppástungu nefndarinnar, en af hvaða ástæðu? Af þeirri ástæðu, að uppástungan eigi breyti ákvörðuninni. Eg verð nú að segja honum það, að það var heldur eigi meining nefndarinnar, að breyta ákvörðuninni, heldur einungis að skýra

hana. Eg hefi fyr játað það, að mig hefir langað að skilja þessa ákvörðun eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga skilur hana, en eg hefi séð, að það eigi dugar, því að prestar í Danmörku, er þann skilning hafa lagt í hana, hafa flaskað á henni, og sama er að segja um þá presta hèr á landi, sem hafa skilið ákvörðun þessa á sama hátt, að þeir hafa flaskað á henni, þótt að vísu mál þeirra sè enn eigi út kljáð. Mig furðaði mjög á því, að hinn háttvirti þingmaður Dalamanna mælti á móti 1. tölulið, en það kom til af því, að hann misskildi hann, og fyrst hann misskildi hann, sem þó hefir góðan skilning, þá er eg hræddur um, að fleiri verði til að misskilja hann. Það hefir verið sagt, að sú ákvörðun, sem þessi töluliður inniheldur, veitti enga tryggingu móti öreigagiptingum; en þessu verð eg alveg að neita, því það liggur þó hverjum manni í augum uppi, að það er einmitt sú eðlilegasta og bezta trygging, gegn öreigagiptingum, að ekki sè leyfilegt, að gefa persónurnar í hjónaband, án þess fátækrastjórnin, þar sem brúðguminn er hrepplægur, lýsi því yfir, að frá hennar hálfu sè ekkert móti hjónabandinu. Þessi ákvörðun er í alla staði svo eðlileg, að eg er sannfærður um, að hún fellur öllum hlutaðeigendum vel í geð; þess vegna vildi eg að þessi töluliður væri samþykktur af þinginu; en fari svo, að þingið felli hann, þá ætla eg að halda mèr að uppástungu nefndarinnar. En áður en gengið er til atkvæða, þá vil eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi sè leyfilegt, að bera 3. tölulið upp í tvennu lagi til atkvæða, þannig, að fyrst sè borin upp byrjunin aptur að orðinu: «þannig», og er það til þess, að í álitsskjalinu til konungs geti komið fram þær ástæður, er færðar hafa verið til á þinginu, fyrir því, að breyta þurfi hinni umræddu ákvörðun. Þetta er óljóst tekið fram í niðurlagsatriðum nefndarinnar, þótt það reyndar megi fá út úr þeim. Nefndin hefir fengið ávítur fyrir það, að hún vild gjöra prestum að skyldu, að grennslast eptir, hvort hjóna-efnin hefðu þegið sveitarstyrk eður eigi, o. s. frv.; en á þetta hefir einmitt hæstirèttur lagt mesta áherzlu. Eg veit til þess, að prestur í Kaupmannahöfn hafði í höndum brèf frá svaramönnum, sem tóku það á sína ábyrgð, að persónur þær, er hann gaf í hjónaband, hefðu eigi þegið af sveit, en hæstirèttur lèt sèr það eigi nægja að mèr skilst af því, að hann hefði eigi frekar grennslazt eptir þessu. Eg skal leyfa mèr, að bera það undir hinn háttvirta forseta, hvort eigi megi ganga til atkvæða um 3. tölul. á atkvæðaskránni í tvennu

lagi, þannig að fyrst verði leitað atkvæða um kaflann frá byrjun aptur að: «þannig», og því næst um hinn síðari kaflann.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn hafa fyrir sèr prentaða.

Því næst var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

(Sjá II, bls. 375).

Því næst voru lesin upp og samþykkt þessi álitsskjöl til konungs:

1. Bænarskrá viðvíkjandi eptirlaunum Havsteins amtmanns (Sjá II, bls. 376).
2. Álitsskjal um frumv. til tilsk. handa Íslandi um gjald af áfengum drykkjum (Sjá II, bls. 379).
3. Bænarskrá um stofnun lagaskóla á Íslandi (Sjá II, bls. 385).

Með því þá eigi var meira að starfa, ákvað forseti fund næsta dag kl. 12, og sagði því næst

Fundi slitið.

---

28. fundur — 10. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá fyrirfaranda fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það sem fyrst liggur fyrir í dag er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill þegar taka til máls.

Framsögumaður (*Jón Pètursson*): Um þessa einu breytingu, sem nefndin hefir gjört á 1. gr., þarf eg eigi að tala; það hefir enginn orðið til að mótmæla henni, og álít eg það því víst, að hún verður samþykkt. Við 2. gr. frumvarpsins hefir nefndin gjört þá breytingu, að í staðinn fyrir þar sem í frumvarpinu stendur, að op, sem að minnsta kosti sè 2 ál. á breidd, verði fyrir hverjar 20 ál. af lengd vèlarinnar fram í vatnið, þá verði sett fyrir hverjar 6 ál. af lengd vèlarinnar. Það er auðsèð, að það er sama, hvort op

er fyrir hverja 20 álnir, eða 10 eða 6 álnir, ef að þau að eins eru nógu mörg til þess, að laxinn geti haft frítt rennsli um þau. Veiðivèlin, þegar hún eigi verður tekin upp, má eigi á sunnudögum gefa neitt það aðhald, er meini laxinum að komast áfram, og þegar margir laupar eða hvolf eru í henni, þá er það eigi nægilegt, að hafa opin eins fá, og frumvarpið stingur upp á, því það þarf að vera op á hverju hvolfi í vèlinni, því að það getur hæglega skeð, að laxinn komist inn í fyrsta og annað hvolfið, en svo eigi þaðan inn í það hvolfið, þangað sem straumurinn fellur inn. Nefndarálitið í málinu á alþingi 1867 fór því fram, að í hverri veiðivèl, sum sè hverri kistu eða laup, væri haft 2 álna langt op, en alþingi gjörði þá breytingu á þeirri ákvörðun, að haft væri op fyrir hverjar 3 álnir af lengd vèlarinnar fram í vatnið. Það er auðsèð, að það er hægra að controllera eða hafa eptirlit með, hvort laxinn gengur óhindraður eptir ánum, eða hvort eigi sèu hvolf í vèlinni, sem laxinn komist eigi úr, þegar vèlin er stutt, heldur en þegar hún er löng; annars hefir nefndin fylgt í þessu grundvallarreglu frumvarpsins, sem vill láta taka allar veiðivèlar upp á sunnudögum, nema þær, er eigi verða teknar upp án stórskemmda, til þess að laxinn geti þá haft frítt rennsli um árnar; en sè veiðivèlin föst og verði eigi tekin upp án stórskemmda, þá verður hún að vera svo úr garði gjörð, að menn viti það með vissu, að hún á sunnudögunum eigi haldi laxinum í sèr, og að hann þá hafi frjálsa göngu gegnum hana; sè vèlin þannig gjörð, stendur það með öllu á sama, hvort hún á sunnudögunum er tekin upp eður ekki, eða hvort það er eitt op fyrir hverjar 6, 10 eða 20 álnir af lengd vèlarinnar, en það er hægra, að hafa gát á velinni því styttri sem hún er. Hvað breytinguna undir 6. tölul. snertir, þá er hún svo óákveðin, að hún yrði til þess að draga allan krapt úr lagaboðinu, og alveg sama er að segja um 9. tölul. Á móti 10. tölul. hefi eg ekki neitt; mèr virðist hann heldur vera til skilningsauka og vil því mæla með honum. Hvað 12. tölul. snertir, þá get eg ómögulega fallizt á hann; hinn háttvirti uppástungumaður hefir eigi skýrt hann neitt frekar í sambandi við greinina að öðru leyti, en mèr virðist hann ómögulega geta staðizt, þar sem engu öðru í greininni er breytt; greinin yrði þá nefnilega þannig, ef þessi breyting hans væri tekin til greina, að þar sem laxveiði er, má ekki hafa til veiðiskapar net með minni möskvum en svo, að 1½ þumlungur sèu á milli hnúta, og möskvinn allt í kring 8 þumlungar o. s. frv. Þetta get

eg eigi vel skilið hvernig á að samrýmast. Þótt þess vegna þetta breytingaratkvæði væri í alla staði gott og sanngjarnt, sem það þó ekki er, þá væri það þó einungis af þessari ástæðu alveg óaðgengilegt. Eigi hefir hann heldur stungið upp á nokkurri breytingu á millibilinu milli spelanna, og þó er auðvitað, að því yrði og að breyta, ef sú breyting væri samþykkt, sem farið er fram á í 12. tölul. Í 5. gr. er verið að tala um garða, sem hlaðnir eru út í árnar, en í 2. grein er talað um alls konar veiðivèlar, er lagðar eru fyrir laxinn. 18. töluliðnum get eg vel gengið að, sèr í lagi, ef fallizt er á 20. tölul., sem eg álít nauðsynlegan. 21. töluliður er svo skrýtilega orðaður, að þótt efni hans væri gott í sjálfu sèr, þá get eg þó ómögulega fallizt á hann Hvað 23. töluliðinn snertir, þá hefir nefndin eigi neitt á móti honum, því að það er hugsanlegt, að það tilfelli kynni að koma fyrir, að þó veiðivèl virðist leyfileg eptir lögunum, væri hún þó, eptir því sem á stæði, óhafandi. Þegar nú 6 kunnugir og óvilhallir menn álitu þetta, þá væri engin ástæða til að rengja þetta. Viðvíkjandi 25. tölulið skal eg geta þess, að sá lax, sem þar er átt við, er eigi stærri en lítilfjörlegur silungur. Þingmaður Reykvíkinga fer 2 þumlungum neðar en frumvarpið, en nefndin aptur á móti 1 þuml. ofar en frumvarpið. 28. tölulið hefi eg ekkert á móti. 32. tölulið get eg engan veginn fallizt á. Hann fer eigi öðru fram en því, að landsstjórnin fái vald til að upp hefja gildandi lög, ef hún svo vill; þetta er eg sannfærður um að mundi verða til þess að vekja óánægju og ríg meðal manna, ef það þannig væri að eins komið undir álitum einstakra manna, að hve miklu leyti lögin ættu að gilda; þá mundi og hver koma og vilja hafa ótakmarkaðan og óskertan rètt til þess, að veiða í sinni á; það er heldur alls eigi víst, að landsstjórnin gæti ætíð fengið nægilegar skýrslur, svo að hún gæti lagt rèttan úrskurð á málið, því að varla verður búizt við, að amtsráðin sèu alstaðar svo kunnug, að þau ætíð geti gefið óyggjandi skýrslur um, hvernig hagar til með veiði í þeirri á, sem í það eða það skiptið ræðir um, og varla þótt þau leiti þar um skýrslna kunnugra manna; skýrsla sú væri og óeiðsvarin. Eptir því sem farið er fram á í töluliðnum, er vald það, er landsstjórnin á að fá, öldungis óákveðið, en það væri allt annað, ef það væri einhverjum takmörkum bundið. 38. tölul. get eg eigi beinlínis gengið að, því að eg veit, að stjórnin gengur að því, sem beðið er um af skynsamlegum ástæðum, og þess vegna á-

lít eg töluliðinn óþarfan. Viðvíkjandi 39. tölulið skal eg geta þess, að hinn háttvirti uppástungumaður hefir þó aldrei verið álitinn niðurskurðarmaður hvað kindur snertir, en hann er þó sannarlega orðinn nú niðurskurðarmaður á frumvörp, því að það gefur hverjum manni að skilja, að þessi uppástunga hans er beinlínis til þess að eyðileggja málið. Kann ske hann vilji segja mèr, hvenær honum þykja fullnægjandi skýrslur fengnar; má ske honum þyki þær eigi fengnar, fyr en stjórnarbótin er komin á. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til tölul. 3., 11., 13., 14., 16., 17. og 26. á atkvæðaskránni skal eg skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna og ráða þinginu frá að aðhyllast þá. 6., 8. og 9. tölul. eiga ef til vill að eins að vera orðabreytingar, en þar sem orðin: »þar sem laxveiði er aðalveiði» geta ollað ágreiningi manna á milli, skal eg mæla á móti þessum uppástungum. Það getur nefnilega að borið, að einum þyki aðalveiðin í einhverju vatni laxveiði, en öðrum silungsveiði, og þá vantar eptir uppástungunni ákvarðanir um það, hver skera eigi úr þess konar ágreiningi; ef þingið fellst á uppástunguna undir tölul. 32., að landsstjórnin geti eptir tillögum amtsráðanna veitt undanþágu frá ákvörðunum tilskipunarinnar, að því er snertir einstök hèruð eða einstök vatnsföll, verða tölul. 6. og 9. óþarfir; en eg ímynda mèr, að uppástungan töl. 32 sè bundin við, að þess konar undanþágur megi ekki veita, nema búið sè að leita allra þeirra skýrslna frá hlutaðeigendum, sem unnt er að útvega.

Eins og eg hefi mælt á móti tölul. 11. og 26., skal eg með tilliti til 12. og 25. ráða þinginu til að aðhyllast frumvarpið, sem fer meðalveginn milli þessara tveggja uppástungna.

Það er ekki tilgangur frumvarpsins að taka sèrstaklegt tillit til hagsmuna þeirra, sem eiga laxveiðina ofar eða neðar við árnar, heldur einungis að setja reglur þær, sem nauðsynlegar virðast til þess að friða laxinn eptir þörfum almennings eða landsins, og þess vegna eiga þær ákvarðanir, sem miða til þess að breyta ástandinu, sem er samkvæmt gildandi lögum milli fleiri jarðaeiganda við sömu á, ekki við í frumvarpinu. Og þar sem nægilegt má álíta, þegar að eins er að ræða um friðun á laxi, að við hafa þær ákvarðanir, sem stungið er upp á í frumvarpinu og sem samsvara því, sem í þessu tilliti er álitið nægilegt bæði í hinum norsku og ensku laxveiðilögum, skal eg mæla á móti uppástungunum undir

tölul. 4. og 18. Aptur á móti get eg fallizt á uppástunguna undir tölul. 20.

Hvað snertir uppástungurnar undir tölul. 21. og 23., fara þær að vísu hvor í sína átt, en eru þó hvor annari áþekkar í því, að taka sèrstaklegt tillit til þess, sem eg gat um áðan, sum sè til þeirra, sem búa ofar eða neðar við ána, eða til hagsmuna hins einstaka eiganda veiðarinnar, á meðan tilskipunin einungis á að ákveða þær almennar reglur, sem eiga að gilda um friðun á laxi yfir höfuð að tala, án tillits til persóna, og þess vegna skal eg mæla á móti báðum þessum uppástungum.

Eg skal mæla á móti tölul. 28., þar sem mèr virðist sama ástæða til að friða sjósilunginn og laxinn, og ákvarðanir frumvarpsins eiga jafnvel við um báða. Með skýrskotun til þess, sem eg nýlega tók fram, að frumvarpið eigi að ákveða þær reglur, sem frá almennu sjónarmiði eru nauðsynlegar til friðunar á laxi, en miði þar á móti ekki til að vernda sèrstök rèttindi manna, og eigi þess vegna heldur ekki að bindast við það, hvort hlutaðeigandi annast um að friðlýsa veiðistöðum sínum eða ekki, skal eg lýsa því yfir, að eg get ekki fallizt á 29. tölul.

Að síðustu skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti, ef alþingið aðhyllist uppástunguna undir tölul. 39. um að fresta löggildingu frumvarpsins, þangað til greinilegar skýrslur eru fengnar um laxveiðar og silungsveiðar hèr á landi, ekki skal vera þessari uppástungu mótfallinn, þar sem eg kannast við, að eg sjálfur ekki er laxveiðinni gagnkunnugur, og að sem stendur ekki eru til sem greinilegastar skýrslur um það, hvernig hèr í landinu hagar til í þessu tilliti.

Jón Kristjánsson: Þótt eg sè eigi veiðimaður og eigi heldur lagamaður, þá skil eg þó, að það er einkenni vorra fornu laga, að þau eru eðlileg, stuttorð, ljós og greinileg, eins og þær setningar, sem finnast í þeim, um veiði í ám, sýna ljóslega, svo sem til dæmis þessa: «Eigi má banna fiskiför», og «ganga skal guðs gjöf, sem gengið vill hafa»; «hver maður á veiði fyrir sínu landi»; «eigi má brúka ker eða teinur»; «enginn má annars veiði spilla, net skal leggja strandlengis»; «þar skal á renna sem að fornu hefir runnið»; «eigi má þvergirða nè eina kvísl, nema maður eigi alla á fyrir ofan, og sè minni fiskför en í öðrum»; og víst er um það, að menn hefði eigi hent það, að þeir veiddu upp árnar, ef þessara laga hefði verið gætt, og vèr Íslendingar mundum nú eigi hafa þurft við nýrra lagaboða

um þetta efni, eða um friðun á laxi, ef eigingirni einstakra manna hefði ekki raskað helgi þeirra laga, sem eru, og með rangsleitni og þeim grundvelli, er vor fornu lög byggja á, nefnil. þeim grundvelli, að áin er eign allra, er land eiga að henni, og fiskur er þar friðaður, svo að hann geti fjölgað og allir megi veiða, þegar þeir gæta þessa grundvallar hver fyrir landi sínu, og það er einmitt þeim grundvelli sem vèr eigum að halda óröskuðum. Ef það verður við tekið, sem stendur í 3. gr. frumvarpsins: «Í fjörðum» o. s. frv., þá virðist það hègómamál, að tilskipun um friðun á laxi hafi ákvarðanir inni að halda, sem grípi inn í rèttindi þeirra manna, sem eiga silungsveiði í sömu á. Menn leggja þar eigi silungsnet, sem laxför er, og þar sem dregið er á fyrir silung, en lax aflast svo nokkru nemi, þar er ekki dráttarstaðar fyrir silung, heldur fyrir lax. Í þessu tilliti kom eg með breytingaratkvæðið í tölul. 10., sem bendir til vissrar veiði. Aptur á móti er það ljóst, að eptir eðlilegri og skarpri rèttarhugsun fornmanna, á enginn maður alla á, nema hann eigi land að henni beggja megin milli fjalls og fjöru, og þá verður eigi svo auðvelt að meina þeim, er land á allt að einni á, að veiða á þann hátt, sem hann vill, og það jafnvel þótt hann hagi svo veiðinni, að hann sjálfur hafi tjón af því, eins og engum verður meinað að skera niður skepnur sínar, þótt það liggi í augum uppi, að hann sjálfur bíði mjög mikinn skaða af því, og skaði þar með félagið óbeinlínis.

Davíð Guðmundsson: Mèr virðist, að menn þurfi að gjöra sèr ljósa og glöggva grein fyrir því, áður en til atkvæða er gengið í málinu, hver sè tilgangur þessara laga, og hann er þá sá, að friða laxinn, og á þann hátt gjöra laxveiðina, sem nú er lítill arður að, sem arðmesta fyrir landsmenn; og þar til heyrir þá sèr í lagi það, að friða ungviðið, eða hinn unga lax, því hann er skilyrðið fyrir allri viðkomu laxins. En jafnframt er það tilgangur laga þessara að stuðla að því, að tryggja jafnrètti þeirra, sem ofar og neðar búa með á, til veiðinnar, því það ber víst sjaldan við, að einn eigi á milli fjalls og fjöru, og þótt svo væri, ætti eigandinn eigi að hafa rètt til þess, að spilla veiðinni, eigi að eins fyrir sjálfum sèr, heldur og fyrir þeim, sem rètt hefðu til veiðarinnar eptir hann. Um hið fyrra atriðið, eða um friðun unglaxins, kemur mönnum að mestu leyti saman, en um hið síðara atriðið er meiri ágreiningur. En nú vil eg biðja menn gæta þess, að þótt lög þessi yrðu í þrengra lagi, ef þau yrðu, eins og nefndin hefir ráð-

ið til — en það getum vèr eigi sagt með vissu nú; það verður reynslan að sýna — þá er þar með unnið það, að laxinn gengur eigi til þurrðar, eins og nú er hætta á, heldur fjölgar, svo að meiri ábatavon verður að honum síðar; og svo er það í öðru lagi, að jafnan er vinsælla að rýmka lög en þrengja, ef reynslan skyldi framvegis sanna, að lögin þyrftu breytingar við.

Stefán Eiríksson: Eg skal nú eigi vera mjög langorður í þetta skipti, því það eru orðnar alllangar umræður um mál þetta. Eg vildi að eins með fáum orðum minnast á 28. tölul. á atkvæðaskránni, sem eg og sessunautur minn þingmaður Vestur-Skaptfellinga eigum. Hinn heiðraði framsögumaður tók svo vægt á þessu breytingaratkvæði, að eg ímynda mèr það fái góðan byr á þinginu, þegar til atkvæðanna kemur, og því eins og þingmenn vita, hefir Norðmönnum þó þótt nauðsynlegt, að taka þessa ákvörðun upp í veiðilög sín, að undanskilja allar þær ár, sem silungur gengur í en ekki lax, þá muni ekki vera síður þörf á þessari ákvörðun hèr hjá oss. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hann áliti allt eins mikla þörf á að friða silunginn og laxinn. Eg held það þurfi ekki að kvíða því, að silungurinn sè ekki fullkomlega friðaður eptir frumvarpinu, því hann er meir en friðaður, þar sem frumvarpið svo að segja bannar að veiða nokkra silungsbröndu; og eg held menn þurfi því eigi að óttast, að einn einasti silungur veiðist, eptir þeirri möskvastærð, sem ákveðin er í frumvarpinu; þar sem það enn fremur er ákveðið í fyrstu gr. frumvarpsins, að eigi megi veiða frá 1. sept. til 20. maí, þá kemur þessi ákvörðun svo herfilega og afkáralega í bága við silungsveiðina í Skaptafellssýslum, þar eð hún einmitt er sem mest frá miðju septembermán. og fram til septembermánaðarloka, að minnsta kosti alstaðar þar sem eg þekki til, og því sýna þeir mikinn ókunnugleika, sem halda, að lög þessi eigi alstaðar vel við hèr á landi. Eg er reyndar eigi svo kunnugur laxveiði, að eg viti með vissu, hversu arðsöm hún er, en mèr er næst að halda, að silungsveiðin sè yfir höfuð landsbúum eins gagnleg og fullt eins arðsöm og laxveiðin. Hvað viðvíkur 6. og 9. tölul. á atkvæðaskránni, skal eg geta þess, að eg mun gefa þeim atkvæði mitt, því þessi laxveiðalög eru því að eins hafandi, að menn, sem stunda silungsveiði, sèu ekki sviptir því frjálsræði, sem þeim með öllu ber eins og laxveiðamönnunum, og sem getur orðið þeim allt eins gagnlegur bjargræðisvegur.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að játa það, að mèr er farið

að verða þungskilið, hvers vegna þingið vill eyða tíma til, að ræða mál þetta, eptir því sem hinum háttvirta konungsfulltrúa fórust orð um tilgang og augnamið þessara laga. Hann sagði, að lögin ættu ekkert sérstaklegt tillit að taka til hagsmuna þeirra, er búa ofar við á eður neðar, sem laxveiði er í, heldur sagði hann að lögin ættu að miða til þess að friða laxinn eptir þörfum almennings eða landsins, og þess vegna ættu þær ákvarðanir, sem miða til að breyta ástandinu, sem er samkvæmt gildandi lögum milli fleiri jarðeiganda við sömu á, ekki við frumvarpið. Það er nú sannarlega ekki gott að skilja, hvað hann hefir meint með öllu þessu. Væri hér á landi að ræða um almenning, sem enginn einstakur ætti veiði í, svo að veiðiarðurinn kæmi hinu almenna beinlínis til góðs, þá væri þessi aðgreining hugsanleg, en nú er það ekki, svo hér fellur hagur allra hinna einstöku, sem búa við veiðiárnar á Íslandi, einmitt saman við hag almennings og landsins yfir höfuð. Það er þannig auðsætt, að tilgangurinn með þessu frumvarpi er sá, að auka laxveiði allra einstakra yfir höfuð almenningi í hag; það er og jafn-auðsætt, að allir, sem búa við veiðiár eður þær eiga, hljóta að hafa jafnt tilkall til veiðarinnar, hver fyrir sínu landi, ef hún á að verða almenningi að svo miklum notum sem unnt er. Eg segi: Veiðin verður arðsömust fyrir almenning með því móti, að allir, sem búa með fram veiðiám, hafi jafnhelgan veiðirètt; enda sjá það allir, að engin arðsemi getur komið af því, að þröngva kostum þeirra, er búa ofar eða neðar við veiðiár, þannig að hver geti spillt veiðinni fyrir öðrum, eður fyrirmunað hana á einhven hátt; þetta nær engri átt; en þar á móti miðar það til hagsmuna almenningi, að reistar séu ríkar skorður við því, að einn spilli og skemmi veiðina fyrir öðrum. Þessar skorður eru nú nógsamlega reistar í hinum gildandi landslögum vorum, en ekki í stjórnarfrumvarpinu, sem þannig fer fram á, að breyta hinu löglega ástandi og jafnrèttishlutfalli almenningi og landinu til ómetanlegs skaða. Það verður því eptir af mèr að skilja, hvað þessar setningar hins háttvirta konungsfulltrúa eiga að þýða, sem koma svona beinlínis öfugt við það, sem hafa verið lög, eru lög og eiga að vera lög, svo framarlega sem nokkur friðun á laxi á Íslandi á að geta átt sèr stað. En eg hefi áður skýrt þetta atriði svo, að eigi þarf frekari orðum um það að fara.

Það var annars fleira en þetta eptirtektavert í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa. Hann játar reyndar, að hann sè eigi kunn-

ugur laxveiðinni; en hann lætur þó eigi þennan ókunnugleika sinn hamla sèr frá, að ráða einbeitt frá því, að aðhyllast uppástungu nefndarinnar, sem í öllu verulegu er það sama, sem farið er fram á í frumvarpi alþingis 1867. Mèr finnst þó þurfa einhvern dálítinn kunnugleika til þess, sem um er verið að ræða, til þess að segja að það sè óráðlegt, sem nefndin núna og þingið 1867 í heild sinni ekki einungis álítur rètt og haganlegt, eptir því, sem til hagar hèr á landi, heldur leiðir skýr rök fyrir að svo sè, og að minnsta kosti ætti að vefengja þetta með einhverju öðru en því, sem er rèttri sönnun og rökum gagnstætt. Það er annars sagt í ástæðunum fyrir 5. grein frumvarpsins, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi ráðfært sig um efni þessarar greinar við mann, er vel þekkti til laxveiða, og væri stiptamtmaður hèr á þingi, mundi eg biðja hann upplýsinga um, hver sá laxveiðafróði maður væri, er hefði álitið, að eigi þyrfti að taka jafnt tillit til þeirra, er ofar eða neðar búa við veiðiá. Þessi maður hefir verið heima í landslögum vorum, hvað sem um annað er. Eg verð að halda því fast fram, að það tjáir ekki að setja þess konar lög, er raski því núverandi hlutfalli á milli rèttar þeirra, er búa ofarlega eða neðarlega við veiðiá, og það er virkilega hryggilegt að sjá, að í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi skuli eigi vera með einu orði minnzt á hin gömlu íslenzku lög eður hinn gildandi rètt í þessu efni. Nei! það er eins og þetta frumvarp sè dottið ofan úr skýjunum, og að enginn, sem um það hefir fjallað, hafi þekkt Jónsbókar landsleigubálk, kap. 56; sbr hæstarèttardóm frá 1867.

Til þess enn fremur að gefa mönnum hugmynd um, hve stranglega forfeður vorir fylgdu í praxis banninu í hinum fornu lögum móti alls konar þvergirðingum, þá skal eg leyfa mèr að taka til dæmis máldaga frá 1235, þennan alkunna máldaga, sem stendur í fornbrèfasafni Íslands, og sem skipaði fyrst fyrir um veiði þá neðst í Elliðaánum, sem seinna varð konungseign, og nú er orðin einstaks manns eign, eptir konunglegu kaupbrèfi frá 11. des. 1853; sbr. ofangreindan hæstarèttardóm, sem bendir á þennan máldaga. Eptir þessum máldaga mátti að eins veiða í árkjöptunum með dráttarnetum 10 sinnum hverja viku með útfalli, allt svo aldrei með aðfalli, svo laxinn eigi hindraðist eða fældist frá að ganga upp í og upp eptir ánum, eins og líka þriðja hvert útfall átti að vera frítt. Þarna er nú uppruninn til veiðar þeirrar, sem á seinustu árum hefir verið svo gífurlega misbrúkuð til að eyða allri veiði

fyrir þeim, sem fyrir ofan búa, bæði mèr og öðrum, þvert ofan í landslögin og hinar konunglegu heimildir bæði yngri og eldri.

Beri maður nú frumvarpið saman við allt þetta, þá er ómögulegt að neita því, að 2. og 5. gr. þess eru óhafandi ákvarðanir og mundu eyðileggja laxveiðina hèr á landi nema fyrir þeim einum, sem byggja neðst niður við sjóinn. Eg tók það fram, að með 20 ál. löngum görðum, þó aldrei nema einhverjar smásmugur væru á þeim, yrði öll laxganga og fiskiför að mun, að minnsta kosti í öllum hinum smærri ám á Íslandi, hreinlega fyrirbyggð, og sèr þó hver maður, hve nauðsynlegt það er, að fiskurinn geti gengið óhindraður eptir ánum til að leita sèr sem flestra riðstöðva; einmitt þetta hjálpar mest af öllu til að auka veiðina, en hitt að eyðileggja hana, jafnt á báða bóga fyrir öllum, sem ána eiga, eða landið að henni. Eg held því þess vegna fast fram, og það verður ekki borið til baka, að 2. og 5. gr. frumvarpsins sèu óhafandi ákvarðanir í laxafriðunarlögum, eins og þær eru, og fyrir því kom eg fram með uppástunguna undir 38. tölul. Eg vona að hið heiðraða þing sè mèr samdóma í því, að gagnslítið sè að sitja hèr á þingi yfir máli þessu, ef menn geta eigi vænzt viðrèttingar á þessum greinum. Nefndin hefir meira að segja farið heldur of skammt en of langt í þessu tilliti, og þess vegna hefi eg gjört uppástunguna undir 23. tölul. Eg vona að allir sjái, að með þessari uppástungu er ekki litið á gagn einstaks manns sèr í lagi, heldur hag almennings yfir höfuð, enda verð eg að lýsa því yfir, að eg er alveg óhlutdrægur í máli þessu; og það treysti eg hinum heiðruðu þingmönnum til að sjá af sjálfum tillögum mínum. En það er dagsanna, að eg vil hvorki láta stjórnina nè þingið draga rètt úr höndum mèr eða öðrum almennum hagsmunum landsins til hnekkis. Áður en eg sezt niður, vil eg leyfa mèr, að biðja hinn heiðraða þingmann Reykvíkinga skýringar á uppástungu hans undir 21. tölul. Það er sannast að segja, að eg skil eigi þennan tölul., og að minnsta kosti get eg ómögulega samrýmt hann við 32. tölul. Eg verð að segja, að enda þótt einn maður ætti alla laxveiði í einhverri á, þá ætti honum þó eigi að líðast að eyðileggja veiðina eptir vild sinni, sèr og öðrum til skaða, og nema þetta sè vilji þingsins, er því engin alvara með að friða laxinn á Íslandi. Menn verða að láta sèr það hugfast, eins og eg áður hefi tekið fram, að gagn almennings og sannur hagur einstakra manna er í þessu máli alveg samvaxin og óaðgreinanleg hvort frá öðru, en í þessu atriði hefir

frumvarpinu skjátlazt þvert á móti sínu eigin augnamiði, það er að segja: ákvarðanir þess samsvara ekki tilganginum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir þegar verið allmikið rætt um aðalefni og tilgang laga þeirra, sem nú eru í smiðum, einkum af hinum heiðraða þingmanni Árnesinga; og þar eð hann skoraði sèrstaklega á mig, að svara ýmsum spurningum, er hann bar upp, þá skal eg síðar svara þeim; en eg verð að fara nokkrum orðum um málið, og því bað eg mèr hljóðs; eigi mun síðar vænna. Það er þá fyrst: hver er tilgangur lagafrumvarps þess, er vèr höfum nú til meðferðar? Er hann sá, að upp hefja hin fornu lög, er við þetta efni eiga? Nei, tilgangurinn er einmitt sá, að skýra betur lögin, að setja reglur, hvernig þeim eigi fram að fylgja. Tilgangurinn er sá, að friða hinn unga lax, svo að laxveiði eigi spillist eða fari minnkandi, og þetta hefir hinn háttvirti konungsfulltrúi tekið ljóslega fram, og þetta játaði líka þingmaður Árnesinga. Þetta er aðalákvörðun frumvarpsins. Allar aðrar ákvarðanir frumvarpsins eru að eins skýring hinna eldri laga; í þeim eru settar reglur fyrir, hvernig veiða skuli, til þess eigi að spilla veiðinni fyrir öðrum, því að það eru eigi neinar sèrstaklegar ákvarðanir gjörðar um það í Jónsbók (*Benidikt Sveinsson*: Jú, einmitt), heldur að eins tekið fram í almennum orðum. Hèr er því alls eigi verið að tala um, að upp hefja neinn rètt, hvorki þeirra, sem ofar eða neðar búa með ánni; en ef menn vilja gæta þess jafnaðar, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga heldur fram, og fylgja honum, þá yrði reglan sú, að enginn þeirra, sem við ána búa, má með nokkru móti veiða meira en hver hinna; það er með öðrum orðum: allir þeir, sem með ánni búa, eiga að veiða jafnmikið, og væri þá eins gott að segja, að hver svo sem veiðir, eiga þeir allir, sem land eiga að ánni, jafnan hlut úr þeirri veiði; en þá sannaðist það, sem annars eigi sjaldan ber við, að þegar menn vilja gjöra eitthvað sem jafnast og sanngjarnast, þá fara menn opt svo langt, að menn aldrei hitta það, sem er jöfnuður og sanngirni, heldur hitta einmitt það, sem er ójöfnuður og ósanngirni; því af þessum jöfnuði, sem þingmaður Árnesinga heldur fram, mundi það leiða, svo sem eg sagði, að þar sem margir byggju við eina á, þá mætti enginn þeirra veiða meira en annar (*Benidikt Sveinsson*: Það er rangt skilið). Það get eg eigi sèð (*Benidikt Sveinsson*: Vill þingmaðurinn gjöra svo vel og sjá rètt og sanna orð sín). Ef vèr nú lítum til hinna eldri laga vorra, svo sem Grá-

gásar, þá er þar einmitt tekið fram, að eigi megi þvergirða neina á, nema einn maður eigi allt land að henni, og með þessari ákvörðun er þá auðsjáanlega gjört ráð fyrir því, að það kunni fyrir að koma, að einn maður eigi allt land að einni á, og þá alla veiðina í ánni, og hið sama kemur og fram í Jónsbók í orðunum: «Hver maður á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu, nema með lögum sè frá komið; og það hefir líka sannarlega komið fyrir og kemur enn fyrir, því að eg þekki margar smáár á Vesturlandi, er einn maður á land allt að, og í mörgum þeirra er talsverð veiði, og eg vona til, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga geti gefið skýringu í þessu efni og sannað, að eg segi satt; vona eg og, að hann standi upp til þess að vitna það með mèr. Þar sem þingmaður Árnesinga vitnaði í máldagann 1235, þá skal eg geta þess, að þar stendur alls eigi: «að eigi megi veiða, nema með ádrætti»; þetta orð «nema» stendur þar hvergi. Það dugir þó ekki að útþýða sèrhverja ákvörðun eða sèrhvern lagastað einungis eptir sínum eigin geðþótta, án nokkurs tillits til þess, hvernig orðin liggja. Hann sagði líka, að margar ár, sem veiði væri í hèr á landi, væru svo mjóar, að 20 álna löng veiðivèl eða girðing næði yfir meira en helming árfarvegsins, og að þannig væri þá leyft að þvergirða ána, eða að endir annars garðsins lenti ofan á hinum. En hvernig getur þingmaðurinn sagt þetta? því að fyrst er það, að mjög fáar veiðiár hèr á landi munu vera svo mjóar, að 20 álna löng veiðivèl eða girðing nái yfir meira en helming árfarvegsins (*Benidikt Sveinsson*: Ósatt). En hann verður að gæta að því, að þegar svo á stendur, að tveir girða á hvor á móti öðrum, þá er það beinlínis bannað í frumvarpinu, að veiðivèlin eða girðingin megi ná yfir helming vatnsfarvegsins, því að það er með berum orðum sagt, að svo og svo mikið rúm eigi að vera milli garðanna (*Benidikt Sveinsson:* En of mjótt). Mèr virðist annars, sem þingmaður Árnesinga geti eigi slitið sig frá Elliðaánum. Það lítur svo út, sem hann hafi þær sífellt í huga, og miði allt við þær, og er það víst af þeirri ástæðu, að hann álítur, sem sá maður, er nú stundar veiði í Elliðaánum, stundi hana með órèttu, og eigi ekki alla veiði í ánum. En eg ætla mèr eigi að fara neitt út í það efni, því að hvorki eg nè hann hefir rètt til að segja, að þessi maður veiði í ánum á rèttan hátt eða rangan, þar sem málið er undir dómi, og dómstólarnir enn eigi hafa skorið úr því, hvort veiði þessa manns sè lögleg eða ekki. En þess vegna er það þó lík-

lega, að þingmaður Árnesinga hefir verið að vitna í máldaga og kaupbrèf, en þau orð, er hann skýrskotaði til í kaupbrèfinu, útiloka það alls eigi, að einn maður eigi alla veiði í ánum (*Benidikt Sveinsson:* Ósatt). Að því 21. tölulið snertir, þá get eg eigi sèð. að þar sem hin fornu lög vor gjöra ráð fyrir því, að svo geti staðið á, að einn maður eigi alla veiði, og þar sem, eins og eg áðan sagði, til þess eru eigi allfá dæmi, að sú ákvörðun, sem fólgin er í 21. tölulið, geti spillt rètti nokkurs manns, því að ef það atvik aldrei kemur fyrir, að einn maður eigi alla veiði, þá getur þó þessi ákvörðun aldrei spillt; hún gjörir þá hvorki til nè frá; en ef það atvik kemur fyrir, að einn maður eigi alla veiðina, þá er hún þó að minnsta kosti til skýringar og öldungis samkvæm vorum fornu lögum (*Benidikt Sveinsson*: Nei) og ensku lögunum frá 1861. Ef það felst í orðum frumvarpsins, eins og nokkrir lögfróðir menn vilja skilja þau, að þau alls ekki svipti nokkurn mann þessum einkarètti, þá er reyndar eigi beinlínis þörf á þessari viðbót minni, en það er þó betra að halda henni, til þess að fyrirbyggja allan misskilning. En þar sem nefndin sjálf játar, að hún hafi eigi verið nógu kunnug laxveiðum, og þess vegna eigi farið svo langt sem skyldi í að takmarka veiðina, og þingmaður Árnesinga varð af þeirri ástæðu að áskilja sèr breytingaratkvæði, þá bendir það til þess, að það munu einnig vera fleiri en þetta eina atriði, sem betur þurfi að skýra, og er eg líka sannfærður um, að þess þarf við. Eg skal enn fremur bæta því við út af þvergirðingunum, að ef sá, sem býr efst við ána, svo að enginn á land fyrir ofan hann, má eigi þvergirða, nema yfir þriðjung árfarvegsins, þá fæ eg eigi betur sèð, en að honum sè fyrirmunuð öll veiði, hvort heldur er laxveiði eða silungsveiði, en þá er laxveiði eigi friðuð í rèttum skilningi. Því að laxveiði er friðuð í rèttum skilningi, þegar bannað er að veiða unga laxinn, en leyft að veiða hinn gamla; en ef ekki heldur má veiða gamla laxinn, og honum er líka sleppt, þá er allri laxveiði eytt, og þá er öllum órèttur gjör. Þegar menn nú ekki eru kunnugri laxveiðum en þingmaður Árnesinga sjálfur játaði að nefndin hefði verið (*Benidikt Sveinsson*: Þetta hefi eg aldrei talað), þá virðist mèr einmitt ástæða til, að halda þeirri ákvörðun, sem gjörð er í 32. tölulið, það er að segja, að landsstjórnin geti veitt undanþágur frá lögum þessum, að því er snertir einstök hèruð eða einstök vatnsföll, þegar hún hefir fengið allar þær skýrslur, er að því lúta. Það er

ekki satt, að tölul. fari því fram, að landsstjórnin megi veita þessar undanþágur frá lögunum upp á sitt eindæmi; það er þvert á móti bundið skilyrði, það er að segja því skilyrði, að hún gjöri það eptir tillögum amtsráðanna, og leiti allra þeirra upplýsinga, er nauðsynlegar þykja; enda er svo sem auðvitað, að amtsráðin fara eigi að ráða til slíkrar undanþágu, nema því að eins, að þau hafi fengið nægar skýrslur um málið. Hitt væri að gjöra gersakir, sem alls eigi á við. Það er annars undarlegt, að menn vilja eigi veita undanþágur frá þessum lögum hjá oss, þar sem veittar eru undanþágur frá alveg samkynja lögum í Norvegi. Menn vilja semja lög um þetta efni, sem eigi vel við, og verndi almenn réttindi manna, en þessi réttindi manna eru sömu hèr sem í öðrum löndum, og þess vegna er það eðlilegt, að ákvarðanir laga vorra um þetta efni, samsvari ákvörðunum í lögum annara þjóða um sama efni. Viðvíkjandi 3. tölulið, þá sýndi eg ljóslega fram á það við undirbúningsumræðuna, að laxinn fer langtum síður upp ána, ef mörg op eru á laxakistunni, heldur en ef opið er eitt og því stærra. Eg skil eigi, hvernig framsögumaður fer að tala; það er eins og hann aldrei hafi sèð lax í vatni, og það þó hann hafi búið í Norðtungu. Það liggur þó í hlutarins eðli, að því færri sem opin eru, því meiri straumur er í hverju einu, og því fremur leitar laxinn í gegnum þau. Framsögumaður hafði enn fremur móti 6. og 12. tölulið, en allar hans ástæður var það eitt, að þeir drægi allan krapt úr lagaboðinu, en hann sýndi eigi, hvernig þetta gæti orðið. Það getur verið falleg ástæða, að segja þannig út í bláinn, að eitthvað sè óhafandi, en geta þó eigi fært nokkur sem helzt rök fyrir þessum orðum sínum. Eg skil sannarlega eigi, hvernig það getur dregið úr krapti lagaboðsins, þó óvilhallir menn sèu látnir skera úr því, hvort aðalveiðin í einni á sè silungsveiði eða eigi. En sè það víst, að á einhverjum stað sè arðmikil silungsveiði, þá væri undarlegt að vilja meina mönnum að nota hana fyrir þá eina sök, að einstöku laxar kynnu að ganga í ána. Eptir því sem frumvarpið er orðað, þá gætu illviljaðir menn, er öfunduðust yfir silungsveiði annara, auðveldlega svipt þá þessum atvinnuvegi. Þess konar ákvörðun getur heldur eigi í rauninni valdið neinum ágreiningi, því að öllum þeim, sem veiði eiga í einni á, hlýtur að vera jafnannt um hag sjálfra sín, og að sú veiðin sè stunduð, sem þeim er arðmest; en það verður þó öllum að vera í augum uppi að betri eru 1000 silungar en 1 lax.

Því næst vil eg svara spurningu þingmanns Árnesinga um það, hver eigi laxa þá, er klakið kynni að vera út. Þá er auðsætt, að meðan þeir eru innan hans landamerkja, þá hefir hann fullan rètt, til að veiða þá, og enginn annar, en leiti þeir til sjávar, þá verður engiun greinarmunur gjörður á þeim og öðrum löxum, nema því að eins að hann marki þá, og geti þannig sagt: «þennan lax á eg, og hann má enginn annar veiða». Eg vil svo eigi fara um mál þetta fleiri orðum; eg hefi þegar sýnt, að breytingaratkvæði mín eru þó eigi svo skökk eða í lausu lopti, eins og þingmaður Árnesinga og framsögumaður vildu álíta. Eg vil enn minnast á eitt, er sýnir, hve framsögumaður getur farið gagnstætt því, sem satt er og rètt. Hann sagði, að í 25. tölulið færi eg 2 þumlunga niður fyrir frumvarpið, en hve fjarstætt er þetta eigi? eg sting upp á 6 þuml. ummáli, en frumvarpið til tekur 8 þuml. lengd, og er þá auðsèð, að orð framsögumanns ná alls engri átt. Eða er lengd sama sem ummál? Það er þá í augum framsögumanns eins, en einskis manns annars. Eg get fullvissað þingið um, að enginn lax, sem er 8 þuml. á lengd, er nálægt 6 þuml. að ummáli, og því er það mál, sem eg til tek, miklu stærra en mál frumvarpsins, eða sá lax, sem frumvarpið leyfir að veiða, er miklu minni en sá, sem eg vil láta vera leyft að veiða.

Forseti: Það eru þegar margir þingmenn, er óskað hafa að umræðum þessum verði hætt; en á hinn bóginn eru 3 þingmenn, er óskað hafa sèr hljóðs, og vil eg eigi neita þeim um það, því eg vona að það þurfi eigi að taka langan tíma.

Framsögumaður: Eg vildi með fám orðum svara þingmanni Reykvíkinga. Það er auðsætt, að hann eigi gætir þess, að 3. tölulíðurinn eigi á við garða heldur veiðivèlar, sem settar eru niður í ána. Það væri ef til vill bezt að ákvarðað væri, að eigi skyldi vera nema 1 op á hverju hvolfi, eins og auðsjáanlega er ætlazt til í ensku laxalögunum. Tilskipunin er sú, að vèlin veiti laxgöngunni enga fyrirstöðu á sunnudögunum, og því að eins er það leyft að hún sè eigi tekin upp, að þessum tilgangi sè þó náð. Eg sagði að 6. og 9. tölul. drægju allan krapt úr lagaboðinu, en færði eigi frekari ástæður fyrir því, en konungsfulltrúi gjörði það að mèr virtist nægilega. Það var annars undarlegt, að þegar þingmaðurinn nú var að lýsa löguninni á laxinum, þá var það allt öðru vísi en við undirbúningsumræðuna, svo að það var eins og hann hefði talað um sína skepnuna í hvort sinn. Það er að öðru leyti

merkilegt, að bæði 1867 og eins nú lýsti þingmaðurinn því hátíðlega yfir, að hann hefði ekkert vit á þessu máli, og þó talar hann meira en nokkur annar, enda mun og þessi yfirlýsing hans vera hið eina, sem rètt hefir verið í ræðum hans.

Páll Pálsson: Eg skal nú eigi tala langt í þessu máli. Það var að eins um 28. tölul. sem eg vildi fara fám orðum. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði á móti þessari uppástungu og sagði, að það væri sama nauðsyn á að friða sjósilunginn eins og laxinn; en eg get með engu móti verið þessu samdóma. Í Skaptafellssýslu til að mynda er víða ekki alllítil silungsveiði, en hún byrjar venjulega að nokkru ráði fyrst eptir 1. september, en ef frumvarpið yrði að lögum, þá væri mönnum með öllu fyrirmunuð veiði þessi, og það án þess að með því yrði einn einasti lax friðaður, sem ekki er þar til. Eg vil taka til dæmis Tungufljót í Skaptártungu; í því er um veturnæturnar einatt mikil silungsveiði, og er það allt stór silungur; þetta getur stundum verið hin mesta lífsbjörg, er fjöldi manns hefir af veiðinni, en eg veit eigi til, að einn einasti silungur fari þar að veiðast fyrir 1. sept. Þannig væri sveitinni þá með öllu fyrirmunuð veiði þessi, ef frumvarpið eða nefndarálitið yrði lögleitt. Ef ástæða skyldi þykja til að friða sjósilunginn, þá held eg að betur ætti við að friða hann einmitt þann tima, sem laxinn eigi er friðaður, sem sè frá 20. maí til 1. september, en þetta liggur nú ekki fyrir, og ætla eg þess vegna ekki að fara út í það mál. Að vísu er mèr ekki svo annt um tölul. 28. að eg læt mèr lynda, ef 29. tölul. verður samþykktur í sambandi við 6. og 9. tölul. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga tók það fram með rèttu, að óhæfilegt væri, að setja þau lög, er bönnuðu alla laxveiði, og er þá vitanlegt, að ekki væri betra að banna alla silungsveiði. Eg vona sterklega þingið íhugi mál þetta vel og vandlega áður en það fellir uppástungurnar undir 28. og 29. tölul. og sviptir með atkvæði sínu fjölda manna verulegri og mikilli lífsbjörg.

Hjálmur Pètursson: Það er mönnum kunnugt, að eg er ekki vanur að þreyta þingið með löngum ræðum, en þó að nokkrir þingmenn hafi óskað eptir, að umræður um mál þetta hættu, verð eg samt að leyfa mèr að fara um mál þetta fáum orðum, eptir að eg hefi heyrt hinar andríku hugleiðingar þingmanns Árnesinga og þingmanns Reykvíkinga. Að þessi lög eigi að miða til þess að vernda rètt almennings og einstakra manna kemur öllum saman um, og í því er eg alveg samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa,

enda vakti þessi hugsun ljóslega fyrir nefndinni, og hafði hún það fast fyrir augum, að styðja jafnrètti milli manna og fylgja allri þeirri sanngirni og rèttsýni, sem auðið var, að því mèr er frekast kunnugt, að minnsta kosti þóttist eg gera það eptir því sem eg hafði vit á, og þykir mèr illt, ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi meinar annað. Eins og það er ekki meining frumvarpsins að taka of mikið tillit til veiðirèttar þeirra, er búa ofarlega með laxa-ám, eins er það víst ekki heldur meiningin, að halda um of þeirra taum í þessu efni, er neðar búa; og þennan sama milliveg vildi nefndin reyna að þræða sem mest að auðið var. Eg lái annars ekkert hinum háttvirta konungsfulltrúa, þótt hann haldi með frumvarpinu, og þeim ástæðum, sem í því eru til færðar eptir stiptamtmanninum; það er náttúrlegt; og mèr dettur ekki heldur í hug að gjöra lítið úr ráðanaut þeim, er stiptamtmaðurinn hefir haft sèr við hönd í þessu máli, og mig skiptir það engu, hver sá maður var eða hvað hann hèt. En þótt eg virði þann mann mikils, hver sem hann er, þá má ráða af ástæðum frumvarpsins, að hann ekki hafi verið kunnugur um allt land, sem ekki er heldur von, nè þekkt til hvernig laxveiði er háttað í hinum ýmsu ám bæði niður við sjó og upp til fjalla. Eg hefi verið svo heppinn að geta átt tal við mann hèr í Reykjavík, sem er kunnugur laxveiði í einni á, nefnilega Elliðaánum, og hefir fengizt við veiðiskap þar, og hefi eg fengið hjá honum margar góðar upplýsingar, en jafnframt orðið var við mikinn misskilning og vanþekkingu hjá honum, sem vonlegt er. Eg skal að vísu ekki hrósa mèr af miklum kunnugleika í þessu efni; en eg verð þó að segja það, að eg sumpart af eigin reynslu og sumpart af samtali við aðra menn, er þessu máli eru kunnugastir, hefi eigi svo litla þekking á laxveiði bæði í smáum ám og stórum. Meðal stóráa, þar sem laxveiði er, tel eg Hvítá í Borgarfirði, og líka eru í Borgarfirðinum margar smærri ár, er lax hefir veiðzt í; og hefi eg leitazt við að kynna mèr mál þetta og allt, sem að því lýtur, til þess að geta litið á það án allrar hlutdrægni. Þegar eg þá lít á atkvæðaskrá þessa, þá skal eg geta þess út af tölul. 12., að þar sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að það væri annað aðalaugnamið laga þessara að friða unga laxinn, þá er ómögulegt að samrýma þessa hugsun við þennan tölulið, eins og hann liggur fyrir hèr á atkvæðaskránni. Væri hèr um silungsveiði að ræða, þá væri þessi möskvastærð alveg mátuleg eptir því sem eg þekki til silungsveiðar bæði á Arnarvatnsheiði og víða í Borgarfirði, en þar sem hèr er að ræða um lax, þá er möskvastærð þessi langtum of lítil, og eg er sannfærður um, að með því móti yrði allur ungi laxinn

drepinn. Hvað snertir hinn svo nefnda berglax, þá hefir mönnum ekki komið saman um, hvort hann heyrði til sama kynferðis sem annar stærri lax eða ekki, og eg býst við, að hvorki eg nè þingmaður Reykvíkinga hafi fullkomna þekkingu til að skera úr því með vissu; en þetta stendur á engu í þessu tilliti, því það er vitaskuld, að þessi berglax hefir sama eðli og allar skepnur aðrar, nefnilega að stækka og þroskast eptir aldri; þessi berglax er, eins og þingmanni Reykvíkinga er kunnugt — ef hann þekkir hann — 3 til 7 pund að þyngd, og 6 til 14 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur. Setjum nú svo, að þetta sè sèrstakt laxakyn, en þá vil eg spyrja þingmann Reykvíkinga, hvernig hann álítur rangt eða skaðlegt, að þessi 3 punda lax fái að lifa eitt ár, eða verða fullorðinn, til þess að ná þeim þroska, að hann verði 5—6 eða 7 pund; eg vona að þingið láti ekki slá þeirri skýlu fyrir augu sèr, að því glepjist sjónir á þessu og öðru þvílíku, en með þeirri möskvastærð, sem í 12. tölul. er til tekin, yrði strádrepinn allur ungi laxinn af hvaða kyni sem er. Mèr fannst annars þingmaður Reykvíkinga taka allt eins mikið tillit til Elliðaánna, eins og þingmaður Árnesinga; en eg vil ekki efast um, að þeir hafi báðir talað af sannfæringu sinni í þessu máli. Hvað tölul. 9. og 6. viðvíkur, þá er eg alveg samdóma hugsuninni í þeim, það er að segja, að eg vil ekki banna silungsveiði þar sem hún er arðsamari en laxveiðin. Hinn háttvirti framsögumaður sagði að vísu, að sú ákvörðun ætti ekki vel inn í frumvarpið, og eg er því að nokkru leyti samdóma, en eg vil þó aðhyllast þessa uppástungu af því eg vil ekki, að neinum sè gjört rangt til, en þessara breytinga þarf ekki með, ef 12. töluliður er samþykktur, því með 6 þumlunga möskva má veiða flestan silung, eins og eg hefi áður sagt. Um tölul. 18. skal eg geta þess, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, álít eg ákvörðunina í 5. gr. frumvarpsins alveg óhafandi; en þessi 18. töluliður nálgast ákvörðunina í 5. gr. frumvarpsins, en þó þetta sè talsvert aðgengilegra, get eg þó ekki fallizt á það vegna smá-ánna, því það liggur í augum uppi, að væru smáár girtar til miðs, þá væri víðast hvar alveg tekið fyrir laxgöngu eptir þeim ám. Hitt veit eg vel, að þetta væri skaðlaus ákvörðun að því er snertir hinar stærstu ár; en það verður í lögum að taka tillit til hvorstveggja, og er eg viss um, að einskis manns rètti yrði þröngvað, þótt samþykkt yrði uppástunga nefndarinnar viðvíkjandi þessari grein. Á 20. tölul. get eg með engu móti fallizt, og verð að álíta hann öldungis óhæfilegan, því með þessari ákvörðun yrði fyrirmunuð öll veiði í öllum hinum stærri ám, svo sem í

Hvítá í Borgarfirði, Hvítá í Árnessýslu, Ölfusá og Þjórsá, og fl.; í þessum ám er einungis mögulegt að nota veiði með því móti að hlaða garðastubba hèr um bil þriggja til fjögra faðma langa út frá bakkanum, eða setja kláf fylltan grjóti, og síðan leggja net niður eptir undan straum, og væri nú þetta bannað, þá væri alveg ómögulegt að veiða nokkurn lax í þessum ám, því vegna vatnsmegins verður ekki önnur veiðiaðferð við höfð í þeim; eg vil, eins og eg hefi áður tekið fram, að vísu takmarka garðana, en þó eigi svo, að rètti margra manna sè hallað eða að mönnum sè fyrirmunað, frekar en sanngirni og þörf krefur, að við hafa dugnað og útsjón. 23. tölulið mun eg aðhyllast, af því að þótt eg viti, að hann nær ekki alveg augnamiði því, sem eg bjóst við, þá held eg hann sè þó yfir höfuð að tala heppilegur. 28. tölulið álít eg reyndar að ekki þurfi með, en hann getur þó aldrei skaðað, og fer fram á það eitt, er rètt er, og þó eg leggi að nokkru leyti annan skilning í ástæður frumvarpsins um þetta efni, heldur en þingmaður Vestur-Skaptfellinga, skal eg ekki hafa neitt á móti þessu viðaukaatkvæði hans. Skyldi aðal-uppástungur nefndarinnar við 2., 4. og 5. gr. frumvarpsins falla, þá mun eg fallast á 38. eða 39. tölul., því eg vil heldur að engin lög komi út, heldur en þannig löguð, að þau hljóti að verða til skaða.

Eiríkur Kúld: Umræðurnar eru nú orðnar svo langar, að laxinn verður víst fullsoðinn, þegar gengið verður til atkvæða. Eg mundi því ekki hafa talað eitt orð framar, ef hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefði ekki skorað á mig að gefa skýrslu um, hvort eg þekkti ekki á, þar sem öll laxveiðin væri einstakra eign, og skal eg játa að svo er, því í Straumfjarðará vestra á Helgafellskirkja alla veiði, frá fjalli til fjöru, nema tvo hylji er Miklaholtskirkja á, en þeir, sem land eiga að ánni, eiga ekkert af veiðinni. Um 20. tölul., sem eg á þátt í, skal eg fátt tala, með því líka hinn háttvirti konungsfulltrúi aðhylltist hann, en mèr þótti undarlegt, að þingmaður Mýramanna skyldi hafa á móti honum, þar sem það er einmitt þess konar veiðivèlar, sem að sögn hafa eyðilagt nálega alla laxveiði í ánum í Borgarfirði. Út af ástæðum þeim, er hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga bar fram fyrir uppástungunni undir 28. tölul., þá skal eg geta þess, að á öllu Vesturlandi, þar sem silungsveiði tíðkast, byrjar hún einmitt við krossmessustraumana. Mèr þótti skaði, að enginn skyldi taka uppástungu þingmanns Mýramanna um að hleypa úr árum til veiða, því þá hefði eg má ske samþykkt uppástungu þingmanns Reykvíkinga undir 39. tölul. um að fresta löggilding frumvarpsins, en eins og nú

stendur, þá, þó mèr ekki alls kostar sè um að lögleiða þetta núna, vegna þess að eg held menn sèu ei nógu kunnugir orðnir þessu máli til þess, þá verð eg að styðja það, að lögin komist sem fyrst á áður en leifar þær af laxveiði, sem enn eru eptir, t. a. m. í Borgarfirði og víðar, verða gjöreyddar.

Forseti: Fyrst nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn munu hafa fyrir sèr prentaða. Atkvæðagreiðslan fèll þannig: (Sjá II, bls. 387).

Torfi Einarsson: Ef eg mætti tala eitt orð, þá vil eg lýsa því yfir, að eg eigi vil greiða atkvæði um 39. tölul., því eg álít frumvarpið vera orðið svo, að það sè með öllu óhafandi.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið, og mun framsögumaður sjá um að álitsskjalið verði sem fyrst samið.

Því næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um kennslu í sjómannafræði; framsögumaður er hinn annar konungkjörni þingmaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka til orða.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi atkvæðaskránni. Að því er snertir uppástungurnar undir tölul. 1, a, b og c, þá eru þær að öllu verulegu samkvæmar uppástungum nefndarinnar, og sè eg því eigi neitt unnið við að greiða atkvæði fyrir þeim fremur en uppástungum nefndarinnar. Hvað 2. uppástunguatriðið snertir, þá sè eg enga ástæðu til að framfylgja því, því þó það sè æskilegt í sjálfu sèr, að reglulegur sjómannaskóli komist hèr á, er fram líða stundir, þá munu hinar aðrar uppástungur nægja til bráðabyrgðar, og er því ástæðulítið nú að vera að fara því fram, sem viðvíkur óvissri framtíð, og eigi mundi að sinni geta orðið að praktiskum notum, en aptur á móti mundi það geta dregið krapt úr hinum öðrum atriðum. Hvað hina aðra töluliði snertir, þá vil eg eigi fara um þá neinum orðum; þeir eru flestir samkvæmir nefndinni að efninu til; einungis vil eg geta þess, að það sem til tekið er um prófið undir tölul. 3, þá er eg því eigi mótfallinn.

Egill Egilson: Hvað 1. tölulið a snertir, þá gæti eg vel gengið inn á hann, en af því hann er í öllu verulegu samhljóða niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 2., þá sýnist mèr að maður eigi heldur að halla sèr að því, svo sem mögulegt er, og vona eg að þingið hafi sömu skoðun; enda er þessi fyrri partur tèðs töluliðs þeim mun greinilegar orðaður, sem þar stendur: «á þann hátt sem að ofan er á vikið» nefnil.: að þessi hèr umrædda fjárveiting

verði samkvæm uppástungunni, og vildi eg því óska, að þingið heldur aðhyllitzt 4. töluliö á atkvæðaskránni, eins og hann er orðaður.

Eg vona að ekki liggi á að gefa atkvæði fyrir staflið b, fyr en undir tölulið 8., þar sem hann er alveg samhljóða.

Staflið c er eg með öllu mótfallinn, því sè þessi stafliður þannig orðaður, í sambandi við staflið a og b, þá getur maður beinlínis búizt við, að stjórnin mundi alveg fara eptir nefndarálitinu, og setja prófið eingöngu á herskipinu, og væri það óþolandi, en ef ekki væri gefið atkvæði fyrir þessum staflið, fyr en undir tölulið 9., og ef töluliður 6. væri samþykktur, sem eg vona, þar hann er alveg samhljóða uppástungunni í fyrstunni, og hefi eg ekki annað getað heyrt, en að þinginu hafi líkað hún allvel, þá á staflöurinn vel við.

Viðvíkjandi 2. tölulið á atkvæðaskránni verð eg að segja, að hann er óheppilegur, því á póstgufuskipsins fljótu ferðum, og þar sem svo fáir menn eiga að afgreiða svo mikið og margt á stuttum tíma, á meðan skip þetta liggur á höfnum, og þar sem slíkur grúi af farþegum eru með hverri ferð, þá er óhugsandi að kennsla og nám geti fram farið á slíkum stað.

Í stuttu máli vona eg þess vegna, að hið heiðraða þing gefi atkvæði sitt fyrir niðurlagsatriðum nefndarinnar í þessu máli, með þeim breytingum og viðauka, sem eg hefi gjört, því á þann hátt og engan annan geta niðurlagsatriðin orðið samhljóða uppástungunni.

Forseti: Eg legg þá þýðingu í atkvæðaskrána, að svo sè til ætlazt, að töluliður 1. a, b og c, ásamt með tölulið 2., eigi að koma í staðinn fyrir uppástungur nefndarinnar, svo að þessar ráðstafanir verði eingöngu til bráðabyrgða, og þar í skilst mèr mismunurinn vera falinn. Ef því töluliður 1. a fellur, þá er b og c einnig fallið um leið í þessu sambandi, og kemur eigi til atkvæða, fyr en í sambandi við uppástungur nefndarinnar, en aptur á móti getur töluliður 2. vel staðizt jafnframt uppástungum nefndarinnar.

Jón Sigurðsson: Eg felli mig eigi við uppástungur nefndarinnar, en vil ráða mönnum til að fallast á tölulið 1. a, b, c, og sömuleiðis mun eg greiða atkvæði mitt fyrir tölulið 6., en líklega engu öðru á atkvæðaskránni.

Jón Hjaltalín: Því hefir verið hreift viðvíkjandi töfulið 2., að það mundi lítið vera, er menn gætu lært á póstskipinu; eg

held einmitt að það sè svo mikið, að þess eigi sè kostur annarstaðar fremur.

Eiríkur Kúld: Viðvíkjandi því, hvernig töluliður 1. á að skiljast, þá hefir forseti þegar tekið það glöggt fram. Ástæða mín fyrir 2. atriðinu er sú, að eg eigi sè minni ástæðu fyrir þingið til að fara því fram nú heldur en 1869, og jafnframt að eg vil hlynna að allri innlendri kennslu í sem flestum greinum. Eg sè heldur eigi að kostnaðurinn yrði svo mikill með því fyrirkomulagi, sem ráðgjört var 1869, að skólanum væri hafnandi fyrir þá sök. Það er og eigi einskorðað, hve nær skóli þessi ætti að komast á, heldur að eins þegar kostur er á. Eg skil eigi, hvað ætti að hafa komið þinginu til að breyta skoðun sinni frá því 1869, nema ef það væri þessi auglýsing stjórnarinnar, er til þingsins kom, og það er svo sem auðvitað, að hinar aðrar ákvarðanir geta að eins verið til bráðabyrgða. Að binda prófið við herskipið danska þykir mèr mjög ísjárvert; það leggur bönd á skipið, án þess að vera nokkrum til gagns, því sè þess kostur, þá munu menn leita sèr kennslu alstaðar annarstaðar, svo sem reynslan hefir sýnt, og það mun því síður verða notað, sem þeir menn eru til í landinu, sem kenna og kenna vel; og þess utan yrði sú kennsla á herskipinu einmitt um þann tíma árs, er menn sízt mega missa frá atvinnu sinni. Eg hefi þegar við undirbúningsumræðuna svarað því nægilega, er sagt hefir verið viðvíkjandi hinu svo kallaða «stýrimannspatenti», og þess vegna ætla eg ekki að fara mörgum orðum um það að sinni. Eg tók það þá fram, að þetta «patent» gæti eigi gefið þeim, er nema sjómannafræði, rètt til, að takast á hendur forræði fyrir haffærum skipum; þeir þurfa að hafa meiri skilyrði, sem sè að hafa farið sjóferðir til suðurhafanna. Mèr virðist því uppástunga nefndarinnar undir 7. tölulið vera þýðingarlítil. Viðvíkjandi 1. tölulið á atkvæðaskránni skal eg geta þess, að oss uppástungumönnum þótti þetta hinn álitlegasti vegur til þess að koma máli þessu í sem bezta stefnu. En eg skal alveg láta það á þingsins valdi, hvort það vill aðhyllast uppástungu þessa eða eigi.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga því, að nefndin hefir einmitt viljað hlynna að innlendri kennslu, og gjöra þeim, er vilja nema sjómannafræði, sem lèttast fyrir. Hann áleit, að það væri ógjörningur, að binda prófið við hið danska herskip, en þetta hefir nefndin eigi heldur gjört; heldur hefir hún ætlazt til, að prófið gæti líka farið fram í Reykjavík, hjá skipstjóra póstgufuskipsins og kennaranum í reikningslist; því með

hvorutveggja þessu móti hèlt nefndin að fengizt gæti viðunandi trygging fyrir því, að hlutaðeigendur væru svo vel að sèr, sem með sanngirni yrði heimtað til þess, að þeir fengju styrk af hinu opinbera. En það er auðsætt, að ef menn vilja fá slíkan styrk, þá verða menn að uppfylla þá skilmála, sem í þessu tilliti eru settir. Eg get eigi annað sèð, en að uppástunga nefndarinnar undir 3. tölul. sè alveg rètt; það er mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja nota þessa kennslu eður eigi; nefndin talar að eins um rètt til að fá þessa kennslu á herskipinu, sem nefndin álítur að geti komið að góðum notum Ef hið heiðraða þing aðhyllist 1. tölul., þá skal eg eigi halda uppástungum nefndarinnar fast fram. En þar á móti get eg, eins og eg hefi áður á vikið, eigi verið með því að biðja nú um eiginlegan sjómannaskóla, því að eg álít, að ef bráðabyrgða-ráðstafanir þær, er nefndin hefir stungið upp á, eru viðunandi í þessu efni fyrst um sinn, þá sè eigi ástæða til að leggja á landssjóðinn þau gjöld, sem útheimtast til að fá fastan skóla.

Hallgrímur Jónsson: Eg stend upp einungis til þess að lýsa yfir þeirri meiningu minni, að mèr finnst eigi mikið millibil milli uppástungu okkar þriggja þingmanna undir 1. tölul. og uppástungu nefndarinnar undir 3. tölulið, og getur því varla risið ágreiningur út af því; augnamiðið var að fá alla kennsluna innlenda, og því vildum við eigi binda prófið hvorki við hið danska herskip, nè einungis hèr í Reykjavík, því að eg ímynda mèr, að þetta próf geti eins vel átt sèr stað í öðrum kaupstöðum landsins, t. a. m. Akureyri og Ísafirði, þar sem opt og tíðum eru margir kapteinar saman komnir, og með því yrði lærisveinunum gjört æðimikið hægra fyrir. Þess má og geta, að það mundi verða töluvert örðugt fyrir pilta, sem notið hefðu tilsagnar fyrir norðan eða vestan og ættu þar heima, að verða að taka sèr langa ferð á hendur hingað suður til þess að ganga undir próf á hinu danska herskipi eða að njóta nokkurrar kennslu þar, sem bæði allt fer fram á dönsku, og ýmislegt er, sem getur truflað námið. En þar á móti get eg eigi betur sèð, en að viðfelldnara, kostnaðarminna og affarasælla yrði hverjum manni, að geta numið það, sem þarf í þessari fræði hèr á landi, og einmitt til þess vildum við uppástungumennirnir að fè fengist. Að því er 2. lið 1. tölul. snertir, þá er eg á sömu skoðun eins og í hitt eð fyrra, að nauðsyn sè á, að sjómannaskóli verði sem fyrst stofnsettur hèr á landi, en get eigi látið mèr nægja að kennslan og prófið skuli vera bundið við hið danska herskip, eða við póstgufuskipið, í sambandi við kennar-

ann í reikningslist og mælingarfræði við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem eg get ekki búizt við að lengi mundi vilja gjöra það þóknunarlaust. Að öðru leyti get eg verið á sama máli og nefndin, að svo miklu leyti sem uppástungur hennar samrýmast við fyrsta tölulið.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn munu hafa prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig (Sjá II. bls. 391).

Forseti: Með því eigi er fleira að starfa í dag, ákveð eg fund á morgun kl. 12, og segi því næst

Fundi slitið.

---

29. fundur. — 11. ágúst.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning frá þingmanni Árnesinga, að hann gæti ekki mætt á fundi í dag. Allir aðrir voru á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg vil geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um stofnun læknaskóla.

Það, sem nú liggur fyrir, er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla um konunglegt frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna á Íslandi. Hinn 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og vil eg skjóta því til hans, hvort hann nú þegar vill taka til máls. Um atkvæðaskrána bið eg að þess sè gætt, að í 2. tölulið á að bæta inn í á eptir «Kjósarsýslu» orðunum: «sömuleiðis Reykjavík», og vil eg biðja þingmenn að leiðrètta það hjá sèr.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg vil þegar geta þess, að það er sjálfsagt prentvilla, er stendur efst í öðrum dálki, $^1/_1$ fyrir $^1/_2$. Eins og eg drap á við undirbúningsumræðuna, þá var það mjög þýðingarmikið, að menn þeir, er í nefndinni sátu og sem höfðu að undanförnu haft svo ólíkar skoðanir í máli þessu, skyldu nú vera orðnir á eitt sáttir, og virtist þetta lýsa því, að nú væru menn búnir að finna eitthvað það, sem viðunandi væri og sem byggja mætti á framvegis. En þegar menn nú virða fyrir sèr atkvæðaskrána, þá virðist annað lýsa sèr en samkomulag í

máli þessu, þar sem bæði hafa verið gjörð fjöldamörg breytingaratkvæði, og 2 af nefndarmönnum virðast að nokkru leyti vera horfnir frá skoðun nefndarinnar. En eg vona, að sundrung þessi sè eigi svo mikil, sem hún í fyrsta áliti kann að virðast. Annar þessara nefndarmanna hefir með uppástungu sinni undir tölulið 1. alveg horfið frá áliti nefndarinnar og þeim grundvelli, er nefndin byggði á; en eg vona, að hann muni eigi halda þessari uppástungu sinni fast fram. Breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta undir tölulið 6. er að vísu minna vert, að því leyti sem það eigi raskar þeim grundvelli, sem nefndin byggði á, en það snertir þó það atriði, sem einkum varð til þess, að sameina nefndarmenn, nefnilega að gjaldið væri lækkað um helming á hörðum fiski, og svo sem uppástungumaður áður hafði fallizt á álit nefndarinnar, svo vona eg og, að hann haldi þessum tölulið eigi fast fram. En þegar eg svo lít á atkvæðaskrána, þá er fyrst að tala um tölulið 1. Hann hverfur alveg frá grundvelli frumvarpsins, en eg hefi þegar tekið það fram við undirbúningsumræðuna, hvers vegna nefndin ómögulega gat gengið þennan veg. Eg skal leyfa mèr að benda á, að þingið hefir tvisvar áður aðhyllzt þennan grundvöll, sem þetta frumvarp er byggt á, og eg bið menn vandlega að íhuga það, hvernig það mundi líta út, ef þingið nú færi að raska honum, þegar búið er að byggja ofan á hann í 2 ár. Grundvöllur sá, sem fylgt er í 1. tölulið, er og eigi annmarkalaus, og þótt hann á sumum stöðum kynni að verða vinsælli, þá mundi hann þó mjög víða verða óvinsæll. Það er að vísu satt, að það getur orðið ósanngjarnt, að byggja á hlutarupphæðinni, þegar fiskurinn er mjög smár, en sama er að segja, þó gjaldið sè lagt á skipin, þegar lítið aflast, og, ef til vill, minna aflast á stærra skipið en hið smærra. Fullkomnum jöfnuði verður eigi náð, en grundvöllur sá, sem nefndin hefir aðhyllzt, hefir það til síns máls, að þingið hefir jafnan að undanförnu aðhyllzt hann, og að hann er samkvæmur lögum þeim, er nú standa og staðið hafa næstliðin 2 ár, og að hann er því farinn að ryðja sèr til rúms í rèttarmeðvitund þjóðarinnar, og mundi það rýra það álit, er vèr allir óskum að borið verði fyrir alþingi og tillögum þess, ef það gengi nú í móti því, er það hefir beðið um bæði 1867 og 1869. Það hefir reyndar verið sagt, að þessar tillögur þingsins sèu eigi byggðar á vilja þjóðarinnar, en þingið verður að gjöra ráð fyrir, að það, sem því virðist satt og rètt, sè samkvæmt skynsömum vilja þjóðarinnar, en eptir öðrum vilja þjóðarinnar en skynsömum vilja getur það eigi farið. 2. töluliður fer því fram, að í nokkrum hluta landsins

verði sett sèrstök löggjöf í þessu efni. En eg verð að segja, að þó hèr standi nokkuð sèrstaklega á, þá er munurinn þó eigi svo mikill, að þar muni þurfa sèrstök lög, að minnsta kosti hafa engin svo veruleg rök verið færð fyrir því, að slíku sè farandi fram. Hvað 3. tölulið snertir, þá er hann að öllu samkvæmur meiningu nefndarinnar, og er eg honum eigi mótfallinn, því hann tekur af öll tvímæli í því efni, er hann á við. Um 5. og 17. tölulið vil eg eigi tala, því eg ætla að uppástungumanni muni eigi hafa verið alvara að fylgja þeim fram. Um ágreining þann, er varð milli meiri og minni hluta nefndarinnar, sem kemur fram undir 7. og 8. tölulið, hefir áður verið talað ítarlega við undirbúningsumræðuna; einungis vil eg geta þess, að tillögur meiri hlutans lúta að meiri jöfnuði og sanngirni; enn fremur er valt, eins og minni hlutinn gjörir, að byggja á, í hvaða tilgangi fiskurinn er seldur, og það virðist heldur engin ástæða vera til, að ákveða gjaldið eptir því, því hagur seljandans er hinn sami, hvort sem er; og þótt það sè sagt, að með því sè frelsuð sú aðalregla, sem frumvarpið er byggt á, þá er það þó að eins í orði kveðnu, og þegar reglan í einstökum tilfellum leiðir til ósanngirni, þá verður nauðsynlegt að takmarka hana svo sem mögulegt er, til að komast hjá ósanngirninni. Tölulið 9. get eg eigi fallizt á, því hann væri til þess, að ýmsar mikilsverðar fiskitegundir slyppu undan gjaldinu, t. d. heilagfiski, sem heldur væri ástæða til að leggja þyngra gjald á, ef undantekningu ætti að gjöra. Viðvíkjandi tölulið 10. vil eg geta þess, að það var meining nefndarinnar, að goldið væri af háfnum eptir tölu. Viðvíkjandi 11. og 12. tölulið, þá getur það verið betra, að til taka, hvað mikið af lifur sè jafngildi lýsistunnu, og vil eg þá fremur hallast að 11. tölulið. 13. töluliður er óhagfelldur, því með því yrði að gjalda af hákarlinum eptir tölu. 16. töluliðurinn vill fara meðalveg milli frumvarpsins og nefndarinnar; hann munar litlu, en bætir eigi um að minni skoðnn. 18. tölulið verður nefndin að vera á móti; hún vildi sleppa hinni sèrstöku ákvörðun frumvarpsins um saltfisk í tunnum, og auk þess virðist ekki eiga við að tolla vöru, sem eigi er til, og sem fyrst um sinn eigi mun yfir höfuð að tala verða svo nokkru nemi. Töluliður 24. er varúðarverður; slík ákvörðun er og óþörf, því sè innskriptin góð borgun hjá áreiðanlegum mönnum, þá munu sýslumenn eigi hafa móti henni. 25. tölulið verð eg að vera á móti, því ekkert er eðlilegra, en að miða gjald af einni vöru við meðalverð á henni sjálfri. Hvað snertir 27. tölulið, þá hefi eg áður tekið fram, að eg verð að vera á móti slíkum undantekningum

fyrir einstök hèruð, því það er ósanngjarnt, að láta eigi eitt yfir alla ganga. 28. töluliður er íhugunarverður; hann á að koma í veg fyrir annmarka þá, er leiða af peningaeklunni, en annmarkar þeir, er hann hefir í för með sèr, eru eigi minni; fyrst er 1/6 partur eigi lítill missir fyrir læknasjóðinn; svo veit eg þess og opt dæmi, ,að þegar slíkir landaurar eru seldir við opinber uppboð, þá fara þeir opt fyrir miklu minna verð, en annars er almennt manna á milli, og er því hætt við, að sá töluliður mundi baka læknasjóðnum tilfinnanlegan missi í tekjum sínum. Líka er þess að gæta, að þótt hver einstakur gjaldþegn kæmist hjá að greiða peninga, þá kemst hèraðið þó eigi hjá því, því læknasjóðurinn getur eigi tekið við öðru en peningum, svo peningarnir verða að koma einhverstaðar frá. 30. töluliður er orðabreyting, sem eg fellst á. 32. og 33. tölulið er eg heldur ekkert á móti, en eg felli mig þó betur við 33. tölulið. Því næst koma ýmsar uppástungur frá þingmanni Reykvíkinga, sem eru eðlilegar afleiðingar af 1. tölulið, og sem eg vona að falli með honum. 37. töluliður er að vísu samkvæmur frumvarpinu, og á hann við þá tilhögun, sem nú er, en breyting nefndarinnar átti við þá breytingu, er síðar kynni að verða gjörð á sveitarstjórninni. Að hafa «bæjarfulltrúar» mun víst vera rèttara en «bæjarstjórn», þar eð bæjarfógetinn situr í henni, en það virðist eiga betur við, að niðurjöfnunin sè honum óviðkomandi, þar eð málið á annan hátt ber undir hann sem innheimtumann gjaldsins og yfirvald. Viðvíkjandi tölulið 36., þá er það að vísu satt, sem sagt var við undirbúningsumræðuna, að niðurlag greinarinnar á eigi við um hreppanefndirnar, sem ráðgjört er að eigi þurfi að vinna neinn eið, en nefndin hafði fyrir augum ástand það, sem nú er og á við um hreppstjóra og bæjarfulltrúa; að öðru leyti er mèr eigi sárt um þetta atriði. En hvað hinu viðvíkur, þá virðist eðlilegra, að hreppanefndunum sè falið á hendur að ákveða gjaldið, heldur en hreppstjórunum, því bæði má ætla, að þær sèu að öllum jafnaði kunnugri ástæðum manna heldur en hreppstjórinn einn, og niðurjöfnunin mundi þá vekja minni óánægju og valda minni tortryggni, en ef væri hún gjörð af einstökum manni. 48. og 49. töluliðir eru báðir meinlausir, og má, að mèr finnst, einu gilda, hvort þeir standa eða falla, en óneitanlega eru þeir til útskýringar. Þá er 51. töluliður, er fer fram á það, að breyta fyrirsögn frumvarpsins, en eg sè ekki ástæðu til þess eður að það sè nauðsynlegt. Annars er í 49. tölulið eigi nákvæmlega tekið fram efni konungsbrèfs þessa, þar sem haft er orðið «veiddur», sem eptir daglegri máls-

venju er of yfirgripsmikið, því hèr er þó ekki átt við fugl, sem er skotinn, eins og t. a. m. rjúpur og selningar, heldur að eins við þann fugl, sem drepinn er á vissum tímum ársins á viðtekinn hátt, eða hina eiginlegu fuglatekju. En það kann reyndar að vera, að þetta þurfi ekki að misskiljast, úr því vitnað er til konungsbrèfsins frá 1824. Eg skal svo eigi fara fleirum orðum um atkvæðaskrána að sinni, en skal að lokum að eins mæla með uppástungum nefndarinnar, og ráða þinginu til, að aðhyllast þær, því að einungis með því, að fallast á þær, er, úr því sem nú er komið, mögulegt að gjöra spítalagjaldið nokkurn veginn sanngjarnt.

Forseti: Eg skal geta þess hinum háttvirtu þingmönnum til varúðar, að af vangá hefir í prentuninni fallið burt orðið «hákarls-» fyrir framan «lifur» í 15. tölulið, staflið c.

Konungsfulltrúi: Af því að eg við undirbúningsumræðuna tók það fram, að eg að nokkru leyti mundi hallast að uppástungu minni hluta nefndarinnar um það, að spítalagjald ætti að borga, ekki af öllum þeim fiski, er seldur verður blautur, heldur að eins af þeim fiski, sem seldur verður blautur til verkunar, vegna þess mèr virðist þessi uppástunga vera í samkvæmi við aðalreglu frumvarpsins, sum sè, að spítalagjald eigi að borga af öllum verkuðum fiski, skal eg geta þess, að eg ætla að mæla með tölul. 7. Eg fæ vel sèð, að þessi ákvörðun er nokkrum örðugleikum bundin, þegar til framkvæmdarinnar kemur, en þeir verða væntanlega ekki stærri en að hjá þeim geti orðið komizt, sèr í lagi þegar litið er til 4. gr. frumvarpsins og breytingar nefndarinnar undir tölul. 38., því mèr þykir líklegt, að eptir þessum ákvörðunum muni sú verða aðalreglan, að spítalagjaldið, bæði þegar gjaldþegninn ekki skýrir nákvæmlega frá, hversu mikið hann hefir selt af blautum fiski til verkunar, og þegar hann að öðru leyti ekki skýrir nákvæmlega frá afla sínum, verði að ákveða af hlutaðeigandi hreppstjóra á þann hátt, sem þar er fyrir skipað.

Eg get ekki mælt með uppástungum þeim, sem miða til þess, að setja sèrstakar ákvarðanir um spítalagjaldið fyrir einstök hèruð, og skal þess vegna ráða þinginu frá að aðhyllast 2. og 27. tölul. Ekki get eg heldur fallizt á uppástunguna undir tölul. 28. um, að það skuli vera hlutaðeigandi yfirvaldi heimilt að leyfa, að gjaldið megi lúka í skileyri, og skipa innheimtumann, þar sem þurfa þykir, til að heimta gjaldið saman og koma því í peninga, móti $^1/_6$ af upphæð gjaldsins í ómakslaun; því þessi uppástunga mun einnig leiða til þess, að spítalagjaldið verður heimtað og borgað

misjafnt í hinum ýmsu hèruðum, og að borgunarmálinn verður bundinn við gjörræði yfirvaldanna.

Með tilliti til hinna annara uppástungna, sem á atkvæðaskránni eru, skal eg einungis skýrskota til þess, sem eg hefi tekið fram við undirbúningsumræðuna.

Þórður Jónasson: Þegar eg lít á þessa löngu atkvæðaskrá, þá fer eg að verða hræddur um frumvarpið, því eg get ekki skilið, að það, ef þessi mörgu breytingaratkvæði komast að, og fyrir því er þó ráð að gjöra, geti komizt nokkur samhljóðan á frumvarpið; en það, sem er víst, er það, að frumvarpið verður með þessum viðaukaatkvæðum allt of flókið og margbrotið, í stað þess að það nú er einfalt og brotalaust. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að frumvarpið í ýmsum greinum væri skýrara og greinilegra en lögin frá 1868, og það mætti una vel við það sem lög, og því áleit eg það mjög svo æskilegt, að þingið aðhylltist frumvarpið með sem fæstum breytingum, en þetta hefir ekki gengið í uppfyllingu; það sýnir atkvæðaskráin, og einmitt þetta held eg spilli fyrir málinu, sem væri mjög illa farið, því málið er mikilsvarðandi.

Eg játa, að eg frá upphafi hefi verið á þeirri skoðun, að það hefði verið æskilegt fyrir málið, að þingið hefði aðhyllzt frumvarpið frá 1867, og byggt á þeim gjaldstofni, sem frumvarpið var byggt á, en ekki tekið upp þennan nýja gjaldstofn, og byggt afgreiðsluna á framtölu hvers einstaks af afla hans, enda er seinasta árs reynsla nú búin að sýna annmarkana á þessum gjaldstofni, því hversu báglega hefir það ekki gengið með framtölu af upphæð aflans hjá öllum almenningi?

En þrátt fyrir þessa annmarka get eg ekki fylgt með þeim, sem nú vilja taka upp frumvarpið frá 1867, eptir að alþingið tvisvar sinnum er búið að hafna þeirri grundvallarreglu, sem þetta frumvarp var byggt á. Umræðurnar um málið, sem orðnar eru í þinginu í þetta skipti, votta, að þingið heldur enn sinni skoðun frá fyrri þingum, og breytingaratkvæði þingmanna fara einnig í þetta skipti í sömu stefnu.

Þeir annmarkar, sem eru á framtölu af aflanum, hverfa að miklu leyti við það, að það er nú leyft að jafna afgreiðslunni niður á hlutaðeigendur, þegar þeir annaðhvort ekki vilja eða ekki segjast geta talið fram afla sinn, og eg ímynda mèr, að það verði eptirleiðis aðalreglan, að jafna afgleiðslunni niður.

Eg ætla því beinlínis að halda mèr til frumvarpsins, því það er, eins og eg hefi tekið fram, að mínu áliti vel viðunandi sem lög, ef

hlutaðeigendur að öðru leyti ekki vilja halda fram óvilja þeim og ama, sem víða hefir komið fram gegn lögunum frá 1868.

Um breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala. Eg skal einungis mæla með breytingarkvæðinu undir 49. tölul., því það lítur svo út, að konungsbréfið frá 26. maí 1824 sé farið að fyrnast; að minnsta kosti eru spítalatekjurnar af fuglaveiði sáralitlar, og lítur því svo út, að eigi komi þar öll kurl til grafar, og því álít eg það eigi vel við, að endurnýja þessa ákvörðun, með því að taka hana inn í lagaboðið.

Eg vona, að þingið sameini skoðanir sínar, svo frumvarp þetta geti orðið sem óbrotnast og aðgengilegast fyrir þá, sem það er ætlað sem lög.

Jón Hjaltalín: Þegar menn lesa það, sem gjörzt hefir í máli þessu á alþingi 1867, 1869, og nú 1871, þá munu flestir verða hlessa, og ekki minnst, þegar menn hafa átt tal við landsmenn um þetta efni og heyrt skoðanir þeirra, því það er allt öðru máli að gegna um þá og stjórnina, sem ekki sèr neitt nema atkvæði þingsins, og getur því ekki eptir öðru farið. Hèr er verið að koma með mjög illa þokkuð lög, lög, sem enginn getur liðið, sem mjög örðugt, eða næstum ómögulegt er eptir að breyta, lög, sem gjöra jafnvel þá, sem annars eru hinir vænstu menn, að lygurum og svikurum. Eg vil reyndar komast hjá því, að meiða þá með orðum mínum, sem ekki eiga það skilið; en eg get ekki leitt hjá mèr, að bera saman skoðun þá í þessu máli, sem hinn heiðraði framsögumaður, er eg að öðru leyti virði sem hinn mesta dánumann, lèt í ljósi á alþingí 1867 við skoðun hans nú, eptir því sem honum fórust í ræðu hans nýlega. Eg veit maðurinn er vænn, en því sorglegra þykir mèr, að hann skuli vera inni byrgður í nokkurs konar völundarhúsi, og því held eg það sè gustuk, að benda honum á það, sem satt er og rètt í þessu máli. Eg held hèrna á alþingistíðindunum frá 1867 opnum í hendi mèr, og skal eg sýna öllum þingheimi svart á hvítu, hversu skoðanir hins heiðraða þingmans þá voru þvert a móti ræðu hans nú. Því verður ekki neitað, að þau frumvörp, er komið hafa frá stjórninni til þingsins, hafa optast nær verið vel hugsuð, og þótt öðru máli sè að gegna um þetta nú veranda spítalafrumvarp, þá er það engan veginn stjórninni að kenna; því það er kunnugt, að stjórnin í upphafi setti hèr nefnd manna til að íhuga málið, og síðan skrifaði hún amtmönnunum og leitaði tillaga þeirra málinu viðvíkjandi, og allt var vel undir búið, allir vóru samdóma, og ljóst og skýrt frumvarp lagt fyrir alþingi; en þá kom allt í einu upp spekingur einn úr vesturátt; hann kom

ekki upp úr sólaruppkomustað eða austri, eins og spekingarnir fornu, heldur kom hann úr vestrinu; að öðru leyti þarf eg ekki að lýsa manninum fyrir þinginu með einkennum og háralit, en lögin, sem hann varð höfundur að, eru öllum kunnug; allir kannast við «Torfalög»!. Þau eru nú orðin ásteytingarsteinn alþingis, og fara nú líklega bráðum að verða til lítils sóma eða gagns, þegar tímar líða. Það er nú um þennan stutta tíma, sem lög þessi hafa staðið, fram komin næg reynsla, sem sannar þetta nógsamlega, og eptir því sem eg hefi heyrt skynsama menn sýna fram á, munu þær misklíðir, er af þessari löggjöf fljóta, hèr eptir fara fremur vaxandi en minnkandi, á meðan menn halda þeim grundvelli, á hverjum þessi lög nú eru byggð. Undir þessum kringumstæðum virðist mèr það skylda mín, að tala samkvæmt því, er mèr finnst sannast og rèttast, hvort nokkur fellst á það eða eigi. Framsögumaður sagði, að það væri ófært, að hverfa frá grundvelli frumvarpsins, því hann segir, að grundvöllur sá, sem meiri hluti alþingis 1867 fylgdi fram, sè hinn eini rètti. Slíkur hrærigrautur, eins og nú er hrært í honum af þessari nýju nefnd, er orðinn hið eina og rètta í þessu efni! og þó er þetta allt þvert hvað á móti öðru, þvert á móti allri reynslu, þvert á móti allri sanngirni og þvert á móti öllu því, er fram verður komið. Ef nú þessi lög eru eins og hús, sem er á sandi reist, þá er að vísu ekki gott að rífa það niður og flytja það á hellu, en það er þó auðsjáanlega betra að reyna það, en láta það hrynja um koll ofan í sandinn. Að það er ósamkvæmni af þinginu, að ganga á móti frumvarpinu, get eg ekki skilið, hvað sem framsögumaður segir þar um, úr því meiri hluti alþingis 1867 hafði einmitt þessa skoðun. Eg álít það þvert á móti hina mestu vanvirðu, ef þingið lætur enn villa sjónir fyrir sèr. Þá sagði framsögumaður, að þetta frumvarp mundi vera geðfellt Íslendingum almennt. Eg vildi hann vildi láta menn vótèra hèr um nesin um þetta, og er eg viss um, að ekki 1 af 100 gefur atkvæði með honum; frumvarpið hefir aldrei og mun aldrei verða vilji Íslendinga. Framsögumaður sá engan örðugleika á, að controllera hlutalög þessi, en eg þori að segja, að enginn einasti embættismaður um allt land hefir ekki fundið þessi árin ómögulegleika á, að gjöra það til hlítar. Og nú er mál þetta komið svo, að búið er að flækja það svo með breytingaratkvæðum og viðaukaatkvæðum, að eg verð að játa, að eg skil ekkert í því frá upphafi til enda, eptir því sem það liggur fyrir á atkvæðaskránni. Eg vil engan annan grundvöll fyrir lögum þessum en stjórnarfrumvarpið frá 1867, því þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, verður aldrei

nema demoraliserandi, ófært og óhafandi í alla staði, og eg álít það nauðsynlegt, að vara stjórnina við þessu í tíma, því það er til lítillar æru fyrir Íslendinga, þó menn með þessu móti gjöri allan þorra þeirra að lygurum og svikurum. Eg lýsi því að endingu yfir fyrir þingheimi, að eg stend ekki upp fyrir neinu á atkvæðaskránni, nema 1. og 2. tölul. Eg hefi ekkert orð það heyrt, er færi hina minnstu ástæðu fyrir, að frumvarpinu eigi að halda, sem varla er von, því það er ómögulegt. Lengur skal eg nú ekki mæða þingið með að hlusta á mig; það er líklega búið að fá nóg, en eg ómaka mig ekki heldur sèrlega fyrir það við atkvæðagreiðsluna.

Jón Kristjánsson: Við undirbúningsumræðuna talaði eg nokkuð um breytingaratkvæðið í 13. tölul. á atkvæðaskránni, og skal eg enn geta þess, ef það skyldi falla, að þessi tillaga mín í tölulið 14. er ekki nema orðabreyting, en sem mèr þó þykir viðfelldnari, en að láta þessi orð hjá nefndinni í 15. tölul. 1. c standa, því hvað er hákarlinn sjálfur annað en fiskurinn með því nafni, heild, sem er jöfn öllum sínum pörtum með lifur og lýsi, sem úr lifrinni kemur? það getur þó ekki verið ætlazt til þess af nefndinni með þessum orðum: «en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald», að upp hefja fyrri part stafliðsins, nefnilega að greitt skuli gjald af hákarlslýsi og hákarlslifur. Hvað nú málið í heild sinni snertir, þá hefir það nú verið rætt með allmiklu kappi, og má af því ráða það, að ýmislegir dómar muni felldir um úrslit þess hèr á þingi; eg vil ekki hlífa mèr við að taka minn skerf af dómum þessum, og skal eg þá geta þess, að mèr finnst grundvöllur þessa frumvarps miklu sanngjarnari en hins eldra frumvarps frá 1867, sem uppástungumenn 1. og 2. tölul. nú hafa fylgt, því hèr í þessu frumvarpi er gjaldið miðað við upphæð aflans, sem gefst, og þetta finnst mèr rèttara. Eg get skilið, að eptirlitið muni verða torveldara, þegar þessari reglu er fylgt um spítalagjaldið, en engan veginn ætla eg það muni verða óvinnandi verk. Sú mótbára móti þessu, sem lengst af hefir heyrzt, að menn hèr syðra kynnu ekki að telja hlutinn sinn, er næsta hlægileg, og að með þessu móti freistist menn til undandráttar, því gjöri eg ekki svo mikið úr; eigi er heldur vert að fullyrða, að menn beiti þessum undandrætti. Að vísu er það satt, sem orðtakið segir, að «misjafn sauður er í mörgu fè», en hitt er líka dagsatt, að margir sjóbændur eru vænir menn, og margir ágætismenn, er eigi munu láta drengskap sinn fyrir fáar álnir í spítalagjald. Um óverkaða

fiskinn hefir talsvert verið talað; og mèr heyrist menn hafa þegar sýnt fram á, að svo mikið sè víða selt af honum til sveitamanna, að eigi getur verið rètt, að láta hann vera alveg undan þeginn spítalagjaldi, eptir hinum öðrum ákvörðunum, sem ráðið er til viðvíkjandi gjaldi þessu.

Jón Sigurðsson: Þessi langa atkvæðaskrá, er hèr liggur fyrir, ber ljósan vott um marglæti þingsins og breytingargirni. Mál þetta hefir tvisvar áður verið rætt með miklum áhuga og kappi hèr á þinginu, bæði 1867 og 1869; það hafa 2 flokkar verið hèr hvor á móti öðrum, og því hefir málið orðið betur og ýtarlegar rætt en flest önnur mál. Nú hefir það orðið svo heppið, að samkomulag hefir komizt á milli þings og stjórnar í öllum aðalatriðum, og enn fremur voru í nefndina valdir hinir beztu menn úr báðum flokkunum, sem allir hafa orðið á eitt sáttir um, að koma þessu vandræðamáli til lykta að þeim vegi, sem stjórnin nú hefir aðhyllzt. Eigi að síður er hèr kominn mesti grúi af breytingaratkvæðum, og þetta, segi eg, lýsir marglæti þingsins, því eg sè eigi, að nokkurt af þeim sè til nokkurra bóta, en flest til hins verra. Eg þarf eigi að svara hinum 3. konungkjörna, og hefi enga köllun til að halda vörn uppi fyrir nefndina og framsögumann, en eg get þó eigi leitt hjá mèr að taka fram, að ræða hans átti alls eigi við; það átti eigi við, segi eg, að halda nú við ályktunarumræðu málsins hrókaræðu um frumvarp stjórnarinnar 1867, því það lá nú alls eigi fyrir þinginu, og sá grundvöllur, sem stjórnin þá byggði á, er nú gjörbruninn. Það kom nú fram sem optar hjá þessum þingmanni, hve óskiljanlega skammsýnn hann er, að hann lítur að eins á hagsmuni Reykjavikur og hèraðanna hèr í grennd; því eru og uppástungur hans venjulega svo óheppnar og komast eigi fram hèr á þingi. Eg segi þetta ekki til að álasa hinum háttvirta þingmanni, heldur honum til viðvörunar; þessu til sönnunar skal eg taka til dæmis, að hann vill nú í þessu máli láta menn hèr á Suðurnesjum eiga eina atkvæði um það, á hverjum galdstofni gjaldið til spítalanna á að hvíla, eða með öðrum orðum: hann vill, að þessir nesjamenn hans skapi lög fyrir allt landið. Eg held þó það sè víst, að þeir taki ekki öðrum landsmönnum fram eða sèu öðrum færari til slíks, að minnsta kosti hefir það, sem til þingsins hefir komið úr hèruðunum hèr syðra, eigi lýst neinum yfirburðum yfir það, sem komið hefir úr hinum öðrum hèruðum landsins, heldur miklu fremur hinu gagnstæða. Þegar eg svo lít á atkvæðaskrána, þá vil

eg binda tölul. 1.—14. alla í einn bagga og kasta þeim; þeir eru allir annaðhvort til ills eða einskis gagns. Viðvíkjandi ágreiningi þeim, sem er milli meiri og minni hluta nefndarinnar um gjald af blautum fiski, þá get eg vitnað, að verði fallizt á tillögur minni hlutans, þá mun mestallur fiskur í Þingeyjarsýslu komast undan gjaldinu, því þar er ekkert saltað af fiski og lítið hert, en mest selt blautt upp um sveitir, og þetta hið sama mun eiga sèr stað víða um Norðurland, og virðist mèr það vera ísjárvert, að sleppa þannig mestöllu Norðurlandi undan gjaldinu. Viðvíkjandi tölul. 5. þá skil eg eigi, hvað uppástungumanni hefir gengið til að vilja hækka gjaldið, er honum þó áður hefir þótt allt of hátt, þar sem nefndin aptur á móti hefir lækkað það, og það þykir sanngjarnt. Sama er að segja um 17. tölul.; eg álít það allt of hátt gjald af silungi og síld, sem þar er stungið upp á, því þær fisktegundir þekki eg, en hinar aðrar fiskitegundir þekki eg eigi. 48. og 49. tölul. verð eg að álíta óþarfa, og þykir mèr nóg að vitna til konungsbrèfs frá 1824, eins og gjört er í frumvarpinu, sem enn stendur óhaggað um spítalagjald af fuglaveiði. Eg kannast og eigi við það, er hinn 1. konungkjörni sagði, að það væri farið að fyrnast; eg held, að mönnum sè það fullkunnugt, og að því sè alstaðar fylgt, eigi miður en hinum öðrum reglum, sem gilt hafa að undanförnu um spítalagjaldið.

Sigurður Gunnarsson: Viðvíkjandi 1. gr. þá held eg eg felli mig að flestu leyti bezt við frumvarpið, en eigi að breyta, þá fylgi eg heldur meiri hlutanum. Eg hefi minnzt þess áður, að víða er meiri hluti þess fiskjar, sem aflast um sláttinn innarlega í fjörðum austanlands seldur óverkaður, og þykir mèr ekki jöfnuður í því, að hann sleppi frá spítalagjaldi, þegar gjalda skal af öllum fiski, sem aflast um sama leyti, utan til í sömu sveitum, ef hann er hertur. 16. tölul. ætlaðist eg til að kæmi í staðinn fyrir 15. b, ef hann fèlli. Mèr þótti sem sè nefndin fara nokkuð langt í því, að lækka gjaldið af harða fiskinum, ef allur óverkaður fiskur yrði gjaldfrí. Mèr er það og kunnugt, að margt af þeim fiski, sem hertur er á Austurlandi, þegar vel aflast, er fullt eins vænn og sá, sem hèr er saltaður. Þar er opt lítið sem ekkert saltað, og enginn fiskur fluttur út úr landinu, svo teljandi sè. 21. tölul. mæli eg lítið með, og stendur mèr á sama, þótt hann falli, ef tölul. 12. verður samþykktur, og jafnvel þó það bregðist. 30. tölul. er að eins orðabreyting. Um 30. tölul. hefi eg það að segja, að mèr þótti það

mál heldur bera undir hreppstjórana sem lögreglumenn en sveitarstjóra, en hitt skil eg nú að er rètt, sem framsögumaður tók fram, að það á eigi við, að fógetinn taki þátt í niðurjöfnuninni, með því mál út af henni getur borið undir hans dóm, og því getur «bæjarfulltrúar» verið rèttara en «bæjarstjórn». Tölul. 48. er framsögumaður meðmæltur, en þingmanni Suður-Þingeyinga þykir hann óþarfur, þar eð ákvörðunin um gjald af fugli sè mönnum fullkunnug. En eg verð að mótmæla þessu, því eg hafði að minnsta kosti aldrei heyrt hennar getið, fyr en hèr um daginn, að eg af tilviljun leit á þetta konungsbrèf, og eg veit eigi til, að gjald þetta sè heimtað nokkurstaðar á Austurlandi, og er þar þó að minnsta kosti á einum stað töluverð fuglatekja. Því þykir mèr betra, að taka ákvörðun þessa hèr upp, svo sem til skýringar. Með þessu lagaboði, sem hèr er í smíðum, er og búið að breyta annari ákvörðun konungsbrèfsins, um gjald af lýsi og hertum hákarli.

Stefán Eiríksson: Eg þarf eigi að vera fjölyrtur í þetta sinn. Einungis get eg þess, eins og sjá má á hinum mörgu breytingaratkvæðum, að skoðanir manna eru mjög mismunandi í máli þessu, og því ekki að vita, hversu happasæl að lög þessi verða nú í þriðja sinn frá þinginu. Eg var áður með því, að betra væri að leggja gjaldið á skipin, en þar eg hefi nú heyrt, bæði af bænarskránum og heima í hèruðum, að menn, er goldið hafa eptir hinni nýju löggjöf, vilji eins vel gjalda af aflanum, og þetta getur líka opt í sjálfu sèr verið sanngjarnara, þegar skipin aldrei ganga til fiskjar, þá væri líka óbærilegt, að gjalda af þeim svo og svo margar álnir, eins og borið getur að sakir hafíss á Austurlandi. Þannig hefir það verið nú í mörg ár, að enginn afli hefir fengizt í Austur-Skaptafellssýslu, og þar sem þannig til hagar, er skipatollurinn óhafandi. Það er allt öðru máli að gegna hèrna á Suðurlandi, þar sem hvert einasta og eitt skip aflar svo og svo mikið um hverja vertíð; þar getur skipagjaldið verið sanngjarnt. Framsögumaður sagði sèr líkaði betur tölul. 12. en breytingaratkvæði mitt undir 11. tölulið, en eg get eigi betur sèð, en að það sè miklu eðlilegra, að því rètta máli, sem á að vera á lifrar- og lýsistunnu, sè haldið, en að miða lifrarmálið við kútatal, sem hvergi kemur heim við það rètta lagarmál, sem á að vera á lýsistunnu, enda er það og almennt alstaðar , þar sem eg þekki til, að 2 tunnur lifrar eru lagðar móti 1 tunnu lýsis, og vilji nefndin eða þingið ekki hallast að þessu breytingaratkvæði mínu, þá virðist mèr nefndin komast í mótsögn

við sjálfa sig, þar sem hún undir tölul. 15. c talar þó um tunnumálið, en ekki kútamál; þar hefði þá átt að standa eptir tölul. 12., að ekkert gjald væri greitt af minna en 13½ kút, en þessi gjaldákvörðun er miklu ruglingssamari en uppástunga mín. Breytingaratkvæði mitt undir tölul. 25. þykir mèr vera miklu eðlilegra heldur en niðurlag 2. gr.; upphæðin á gjaldinu verður hèr um bil hin sama, og úr því átt er við fleiri fiskitegundir heldur en þær, sem nefndar eru í verðlagsskránum, þá þykir mèr það einnig eðlilegra, að gjaldið sè greitt eptir meðalverði allra meðalverða, einkum ef allt það rusl, sem upp er talið undir tölul. 17., kæmist að. Þá held eg að komi fram sú mótbára, sem svo opt hefir komið hèr áður, að menn ekki mundu verða fúsir á að telja afla sinn, þegar menn eiga að fara að telja sílin og álana til eptirgjalds, en það er vonandi, að þetta göfuga breytingaratkvæði ekki gangi í gegnum þingið, og því þarf ekki að tala um það. Um 28. tölul. hefir verið talað, og hafa menn bæði verið honum með og mót, og held eg, að ekki sè gjörlegt fyrir þingið að aðhyllast hann; það gæti ollað læknasjóðnum allt of miklum tekjumissi, þegar ⅙ alls gjaldsins ætti að ganga í innheimtulaun. Tölul. 24. held eg sè óþarfur, því sýslumenn munu taka innskript í kaupstað eins upp í þetta spítalagjald, eins og önnur gjöld sín, án þess það sè sèrstaklega ákveðið.

Þórarinn Böðvarsson: Af því eg hefi í mörg horn að líta, þar sem eg á svo mörg breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, þá neyðist eg til að standa upp og mæla nokkur orð. Þá er þetta mál var rætt í nefndinni, þá fór allt fram í friði og eindrægni, og allir nefndarmenn voru á eitt sáttir; og datt mèr þá eigi í hug, að koma fram með eitt einasta breytingaratkvæði. En er nefndin hafði lokið starfa sínum, og tekið var að ræða málið hèr á þingsalnum, þá fór allt á annan veg, þá var eigi lengur þeirri kyrrð og spekt að fagna, sem fylgt hafði málinu, meðan nefndin var að ræða það; þá hljóp hinn sami logi í þingið, eins og hafði átt sèr stað á undanfarandi þingum; þá dundi niður sá fjöldi af breytingaratkvæðum við frumvarpið og nefndarálitið, að eg fèkk ekki annað sèð, en að nefndarálitið mundi verða með því gjört ófært, og þess vegna var það, að eg áskildi mèr þessi breytingaratkvæði, er á atkvæðaskránni standa. Eg neita því eigi, að eg hefi enn sömu skoðun, sem á þinginu 1869, að sá grundvöllur, er stjórnarfrumvarpið 1867 studdist á, sè hinn haganlegasti. En eg álít þó, að eptir

kringumstæðunum sè eigi annað gjörlegt, en að fylgja þeim grundvelli, sem bæði stjórn og þing hafa orðið ásátt um að byggja á; og eg skal geta þess, að þó breytingaratkvæði mín sèu mörg, þá ætlast eg þó eigi til, að nokkur, sem fylgir nefndarálitinu, standi upp fyrir þeim. Hvað tölul. 2. snertir, þá óskaði hinn háttvirti framsögumaður, að eg skýrði frá ástæðum fyrir þessari uppástungu minni. Eg skal nú leyfa mèr að benda honum á það, að ef þeirri reglu væri fylgt, að leggja gjald á skipin, þá mundi hvor þessara sýslna fyrir sig gjalda hèr um bil 1000 rd., en eptir því, sem sagt hefir verið, var spítalagjaldið næstliðið ár af öllu landinu liðug 3000 rd. Þegar nú litið er til þessa, þá virðist vera gild ástæða til þess, og það í alla staði sanngjarnt, að haft sè sèrstaklegt tillit til þeirra sýslna, er greiða til samans $^2/_3$ spítalagjaldsins á öllu landinu. Það eru einnig fleiri ástæður, er færa má þessu til styrkingar, t. a. m. það, að sýslur þessar liggja mestmegnis við sjó, og sjávarafli þar því aðal-atvinnuvegurinn. Hvað 5. tölul. snertir, þá skal eg geta þess, að hann er sprottinn af misheyrn. Eg skildi nefnil. svo ræðu hins háttvirta varaforseta við undirbúningsumræðu þessa máls, að hann vildi leggja gjald á allt, sem úr sjó aflast, en þá hèlt eg, að þetta yrði «abstract» gjald, og ætlaði eg, að þá mundi verða skemmtilegra, að horfa á 1 al, en $^1/_2$ al., en nú hefi eg heyrt, að þetta hefir verið misheyrn eða miskilningur minn, og þess vegna get eg tekið tölul. aptur. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði áðan, að hann skildi eigi breytingaratkvæði mín, og það er þó sannarleg venjubrigði, ef hann eigi skilur, eða að minnsta kosti eigi segist skilja, en eg get þakkað honum fyrir það, að hann hefir gefið mèr reglu fyrir, hvernig eg á að fara með breytingaratkvæði mín, nefnilega að falla frá þeim, eins og hann sjálfur hefir gengið á bak orða sinna í máli, er nýlega hefir verið rætt á þinginu. Hvað breytingaratkvæði undir tölul. 7. snertir, þá ætla eg ekki að mæla neitt með því, en fel hinum háttvirta sessunaut mínum, þingmanni Rangæinga að gjöra það. 17. tölul. hefir og orðið fyrir miklu ámæli; en hèr kemur það fram sem optar, að öllu má telja eitthvað til ágætis, og þessum tölul. má telja það til ágætis, að hann er samkvæmur «principi» nefndarinnar, það er að segja því, að fara eigi eptir tunnutali, heldur eptir hundraðatali; sumum hefir þótt það gjald of þungt, er með þessari uppástungu væri lagt á ýmsar smáfiskstegundir, en eg vil upplýsa hina heiðruðu þingmenn um það, að þetta gjald er alls ekki

þyngra, en það gjald, er nefndin hefir stungið upp á, því eg skal taka til dæmis lax; eg álít þessa fiskitegund miklu arðmeiri en sumar þær, er gjalda skal af eptir uppástungu nefndarinnar; annars ætla eg ekki að mæla neitt fram með þessu breytingaratkvæði mínu, og eg vil setja það á bekk með öðrum breytingaratkvæðum, er á atkvæðaskránni standa, nema uppástungu nefndarinnar, og þær vona eg að þingið samþykki með sem fæstum og minnstum breytingum. (*Forseti*: Ætlar þingmaðurinn að taka breytingaratkvæðið aptur?) Ó nei, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Hvað 27. tölul. snertir, þá skal eg geta þess, auk þess sem eg hefi áður sagt, að í þessum sýslum hagar mjög sèrstaklega til, að það, sem þessi tölul. fer fram á, er engin veruleg breyting frá niðurlagsatriði nefndarinnar, því að það er optast mjög lítið, sem á þessum tíma aflast, og þó að eitthvað aflist, þá er það mest haft til neyzlu eða herzlu, og heyrir þá ekki undir þann aflann, sem greiða skal gjaldið af; menn eiga líka að varast, að hafa þær ákvarðanir í lögunum, sem má ganga næstum að því vísu að ekki verði hlýtt, og það hefir reynslan sýnt, að það er hvergi eins vont að fá þessum lögum framfylgt, eins og hèr, og er óhætt að segja, að það sè hèr um bil ómögulegt, ef þau eru svo, að alþýða geti sýnt fram á ranglæti þeirra og sè þeim fráhverf, og eg fæ ekki betur sèð, en að það sè ábyrgðarhluti fyrir þingið, að þröngva því gjaldi upp á almenning, sem honum er svo mjög móti skapi. Eg tala þetta eigi til uppástungna nefndarinnar, sem vel mega vera. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um þetta mál, en að eins lýsa því yfir, að eg álít allar þær uppástungur, er á atkvæðaskránni standa óþarfar, nema uppástungur meiri og minni hlutans.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta mál hefir nú 3 sinnum verið fyrir þinginu, og sýnir það tvennt, fyrst það, að það hefir átt örðugt uppdráttar, eins og menn þekkja, og annað það, að sumir þingmenn hafa verið allt of fastir við skoðun sína, þótt hún hafi gengið þvert á móti skoðun landsmanna, og skal eg nú leitast við að sanna þetta fyrir þinginu. Það er reyndar öldungis satt, er hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það er mjög óhappalegt, ef þingið verður að biðja um breytingar á nýjum lögum, og það þeim, sem það sjálft hefir samþykkt, og það tvisvar sinnum. En má eg spyrja: Lítur það betur út fyrir þingið, að setja þau lög, er falla um koll af sjálfu sèr, rètt eptir að þau eru á komin? Það er þó auðsætt, að þegar grundvöllur frumvarpsins er óhaf-

andi, svo að lögin falla um koll af sjálfu sèr, þá er betra að taka upp annan grundvöll. Það er líka hægt að sjá, hvort það muni efla traust þjóðarinnar á alþingi, þegar það heldur vill semja lög, sem eru með öllu ótæk, og halda fast við þau, hvað sem á gengur, heldur en að breyta uppástungum sínum, þegar þjóðin beiðist þess og sýnir fram á, að þessi lög eru óhagkvæm og ósanngjörn. Það munu allir játa, að hinn skynsami vilji alþýðu og þingsins eigi að ráða. En hver er þá hinn skynsami vilji? Er hinn óskynsami vilji þjóðarviljinn og þeirra, sem til þekkja? og vilji þingmanna, sem margir hverjir eigi bera fullt skynbragð á málið, hinn skynsami viljinn? Þeir, sem búa sunnan fram við Faxaflóa, eru þó mest viðriðnir þetta mál, og þá veit eg það með vissu, að ef leitað væri atkvæða í allri Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík um tilskipunina frá 1868 og frumvarp það, sem nú liggur fyrir þinginu í sama móti, þá mundi alls ekki einn maður gefa atkvæði með því; og er þá þetta hinn óskynsami vilji alþýðu? og hver þingmanna vill segja, að enginn þessara manna ekkert skyn beri á þetta mál? Það þykir ef til vill ekki við eiga, að þeir þingmenn, sem vildu aðhyllast frumvarp stjórnarinnar frá 1867, haldi enn hinu sama fram; en eg vona þó, að hinn háttvirti framsögumaður virði oss hinum til vorkunnar, þótt vèr höldum sömu skoðun í máli þessu nú sem fyr, og það einkum, þar sem vèr nú höfum með oss bæði vilja og reynslu þjóðarinnar; en hitt er ófyrirgefanlegt hviklyndi, að vilja alveg ástæðulaust eitt í dag og annað á morgun. Framsögumaður hèlt með grundvelli stjórnarfrumvarpsins frá 1867 á alþingi það ár, og eins 1869, og eg verð að efast um, að hann hafi nú þá reynslu fyrir sèr, er gefi honum ástæðu til að hætta við hina fyrri skoðun sína. Hann getur, ef til vill, glaðzt yfir því, að uppástungur nefndarinnar sèu sanngjarnar; en eg efast um, að svo sè í raun og veru. Hèr er allt of mikið lagt á vald framteljanda, því eptirlitið er alls eigi auðið, og með því móti kemur upp ójöfnuður, eins og eg svo margopt hefi sýnt fram á, sem alveg er hægt að forðast með skipagjaldsmátanum. Eg efast um, að jafnvel 1. grein frumvarpsins sè svo ljós, að eigi geti risið þráttanir út af því, á hvaða fisk skuli gjaldið leggja. Sumir, eins og til að mynda þingmaður Húnvetninga, huggar sig við, að þó freistnin væri reyndar nokkur fyrir gjaldþegna til undandráttar, þá mundu menn fá hana heppilega yfirbugað; slíkt kann reyndar að vera prestlega talað, en það

sýnir eigi að eins alls enga þekkingu til þessa máls, heldur og mjög litla mannþekkingu og reynslu á heiminum, og eg get varla trúað, að nokkur tali svo í alvöru, því það er vitanlegt, að það er samtvinnað mannlegu eðli, að leitast við, að komast undan því, sem menn ekki vilja, að menn vilja komast undan þeim gjöldum, sem þeir geta komizt hjá, og því er það alveg óumflýjanlegt, að með þessu fyrirkomulagi komi eigi öll kurl til grafar. Það hefir verið sagt, að óþarft væri að taka upp með skýrum orðum á-kvörðunina um fuglgjaldið úr konungsbréfinu frá 26. maí 1824 inn í þessa tilskipun, með því bréf þetta væri enn í gildi; en eg vil þó minna menn á, að einmitt það, að þessum lögum hefir ekki verið hlýtt, var hin upphaflega orsök til þess, að mál þetta komst fyrst í hreifing hèr á alþingi; því þó sumstaðar kunni fuglinn að vera talinn fram álíka og fiskurinn, þá er víða alls ekkert goldið af fugli, og það hefir við gengizt nú í langan tíma. Það er næsta hægt að segja, að grundvöllur stjórnarfrumvarpsins frá 1867 eigi ekki við, fyrir þá, sem ekkert til þekkja, en það veit eg, að þingmaður Suður-Þingeyinga, sem allan aldur sinn hefir alið í fjallasveit fjarlægt sjó, getur með engu móti borið nokkurt skyn á þetta mál, sem varla er von á, því líklega hefir hann aldrei sèð fisk dreginn úr sjó á allri æfi sinni, og því hefði eg helzt óskað fyrir hans hönd, að hann hefði eigi mælt eitt orð í þessu máli. Það hefir enn fremur verið sagt, og það af hinum hátt-virta konungsfulltrúa, að það væri óviðkunnanlegt, að biðja um sèrstaka löggjöf fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, og eg játa það satt að vera, að slíkt er að eins neyðarúrræði; en það sýnist þó sanngjarnt, að það hèrað fái talsvert atkvæði í máli þessu, sem borgar frá helming til tveggja þriðjunga alls spítalagjalds af öllu landinu; og virðist þá næsta ósanngjarnt, að fleygja frá sèr sam-huga atkvæði sýslubúa. Út í atkvæðaskrána ætla eg ekki að fara langt. Eg mæli að eins fastlega fram með 1. tölulið, því sá gjaldmáti á bezt við, eins og er marg-sýnt og sannað, jafnvel á öllu landinu, og hlýtur að vera vinsælastur, að minnsta kosti við Faxaflóa og í Ísafjarðarsýslu. Eg veit nú líka, að Eyfirðingar munu vilja eiga atkvæði með í máli þessu, en eg sleppi að tala um þá, af því eg vil ekki minnast á spítalagjaldið, sem þaðan kom í fyrra og áður. En ef mönnum út um landið þykir svo vænt um löggjöfina frá 1868 og grundvöll hennar, þá skal eg eigi spilla fyrir þeim; haldi þeir henni þá, ef að eins Gullbringu-

sýsla og Reykjavík fær þann gjaldmáta, sem þeim er haganlegastur. Fleiri orðum skal eg nú ekki fara um þetta mál; þingið mun hvort sem er fara að sinni skoðun, og ganga í mótsetta átt við mig, og það þeir þingmenn, sem helzt ættu alls ekkert atkvæði að greiða, sakir þess þeir eru málinu eigi kunnugir. En þingið ábyrgist líka, hvað það gjörir við mál þetta. Felli það uppástungurnar undir 1. og 2. tölulið, þá mun sá tími koma, og það að líkindum meðan sumir hinir sömu þingmenn eiga sæti á alþingi, sem nú eru hèr og samþykkja frumvarpið, að þeir frá þessum sömu þingmannabekkjum verði að játa, að nauðsyn sè á, að yfirgefa þennan grundvöll, er nú á að samþykkja, og taka upp annan.

Jón Pètursson: Eg skal lítið eitt drepa á hin ýmsu breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, sem eg hefi gjört. Hvað þá snertir 7. tölul., þá hefir minni hlutinn varið hann bæði nú og við undirbúningsumræðuna og sömuleiðis hinn háttvirti konungsfulltrúi, svo eg sleppi að tala um þann tölul. Þá er 9. tölul., er hljóðar svo, að «eigi skal af öðrum fisktegundum gjalda spítalagjald en þeim, er nefndar eru í verðlagsskránni». Þennan tölul. bar eg fram, af því mèr sýndust orðin í 1. gr. frumvarpsins yfirgripsmeiri, en víst hefir verið meining stjórnarinnar, því væri átt við alls konar fisk, þá er auðvitað, að einnig ætti að gjalda af laxi, ál, kola, síld og rauðmaga; þetta er opt veitt á skipum, eins og líka borið hefir verið fram undir 17. tölul., en það held eg ekki geti verið meining stjórnarinnar. Því finnst mèr endilega þurfa einhverja takmörkun í þessu efni, og er þá auðsætt, að það er eðlilegast, að binda gjaldið við fisktegundir þær, sem í verðlagsskránni standa, úr því líka á að gjalda eptir meðalverði á fiski; en ef háfinn og aðrar fisktegundir, er eigi standa í verðlagsskránni, ætti að telja með, þá yrði að gjalda eptir meðalverði allra meðalverða. Með þessari ákvörðun lagaboðsins yrði lagaboðið greinilegt; það er að sönnu auðsætt, að það yrði nokkuð ósanngjarnt, að gjalda sama gjald af öllum þeim fisktegundum, sem standa á verðlagsskránni, en ósanngjarnara verður það, ef menn eiga að borga það af fleirum fisktegundum. Falli þessi 9. tölul., þá fell eg frá 10. tölul., því þá er engin ástæða til að borga sèrskilt af háfslýsi. Svo er nú 20. tölul. Nefndin hafði sleppt því, sem stendur í frumvarpsins 1. gr. b, en mèr fannst engin ástæða til þess, sízt af nefndinni, úr því hún vill, að gjald sè greitt af kola, rauðmaga og háfi; því fiskur, sem saltaður er nið-

ur í tunnur, er langtum arðmeiri en hitt smáruslið; en það getur þó verið, að gjaldið sè of hátt í frumvarpinu, og þess vegna stakk eg upp á $^1/_4$ alin. Þá er þessu næst 32. tölul., sem eg, eins og eg vèk á við undirbúningsumræðu þessa máls, bar fram, af því að mèr finnst það óþolandi, að það skuli varða jafnri sekt, ef maður svíkst undan gjaldi með ósannindum og brögðum, og ef formaður fer í burt úr hreppnum í alveg engum sviksamlegum tilgangi; og er þetta svo fjarri rèttu lagi, að mèr finnst hið seinna í raun og veru alls ekki vera neitt saknæmt, og það því síður, sem engin refsing liggur við því, þó maður fari burt úr sveit sinni, án þess að hafa lokið greiðslu annara opinberra skyldugjalda, t. a. m. tíundar og skatts o. s. frv. Fyrrum voru að vísu þau lög hèr á landi, að maður bakaði sèr sekt, ef menn ekki greiddu opinber gjöld sín í rèttan gjalddaga; menn þekkja orðin: skatthald, tíundarhald o. s. frv. Það kann að vera nokkur ástæða til, að taka þetta upp aptur, og því get eg gefið atkvæði fyrir því, að lítilfjörleg sekt sè fyrir þetta ákveðin.

Eiríkur Kúld: Eg ætla eigi að tefja þingið með því, að fara langt út í þessa miklu atkvæðaskrá. Tilefni þess að eg stóð upp var það, að eg ætlaði að svara ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns fáum orðum; en af því hann er nú genginn af þingi, þá skal eg ekki tala margt, enda vil eg ekki með því eins og sprikla lengi á dauðu ljóni, þar sem hann er. Í refsingarræðu þeirri, er hann hèlt yfir þinginu, skamtaði hann sannarlega ávítunum sínum í stórskömtum, og það getur enginn furðað sig á, sem veit, að hann heldur ekki mjög mikið af smáskömtum homöopathanna; en hann er auðsjáanlega sjálfur kominn inn í eitthvert völundarhús, sem örðugt er úr að komast, og get eg vorkennt honum, þó honum falli þungt, hve erfitt hefir gengið með þetta mál, þar sem hann, eins og kunnugt er, hefir gjört sèr svo mikið far um með tillögum sínum í spítalamálinu að auka ekki spítalasjóðinn, en vill þó koma á læknaskóla og fjölga læknum á landi hèr. Eg skal því eigi tala fleira um þetta, en að eins geta þess, af því eg get ímyndað mèr, að eg hafi átt sneiðina hjá þingmanni Reykvíkinga, er hann talaði um þingmenn, er aldrei hefðu sèð fisk dreginn úr sjó, að þótt eg ekki hafi sèð eins marga þorska dregna eins og kjósendur þessa þingmanns, þá hefi eg þó opt sèð fisk veiddan, svo eptir þeirri setningu þingmannsins ætti eg að hafa vit á málinu, fyrst eigi þarf annað til þess. Annars talaði

þingmaðurinn nú svo hóglega í máli þessu, að það varla getur sagzt, að heyrzt hafi til hans í samanburði við á undanförnum þingum. Hann gjörðist þá spámaður, og fræddi menn um þann boðskap, að lög þessi hlytu að falla, áður en þeir menn, er nú eiga þingsetu á alþingi, hafa lokið ætlunarverki þeirra kosninga, er þeir nú hafa. En úr því hann spáði, verð eg líka að leyfa mèr að gjörast spámaður, og þá get eg þess til, að þessi lög verði hvervetna langgæð og þokkasæl, svo framarlega sem menn ekki aðhyllast tölul. 1. á atkvæðaskránni. Þingmaður Gullbringusýslu tók aptur tölul. 5., og sparaði mèr því ómak að minnast á hann. En hann tók sárar til tölul. 17.; en eg vona, að eigi þurfi mörg orð til að sannfæra menn um, að hann er með öllu óhafandi. Eg skal að eins taka eitt dæmi; eptir þessu ætti að gjalda sama gjald af 120 sílum, og af 1 tunnu af saltfiski, svo eg vona, að engum detti í hug að samþykkja slíkt. Á 6. tölul. vildi eg feginn fallast, ef hann leiddi til sanngirni, en eg sè, að það getur ekki orðið; væri fiskur alstaðar eins vænn og á vetrarvertíðinni undir Jökli, þá væri allt öðru máli að skipta, en eg veit til, að bæði í Ólafsvík og Eyrarsveit er fiskur sá, er aflast, svo smár, að 80—120 munu hertir vart vega vætt. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga lýsti því yfir, að hann ekkert breytingaratkvæði gæti aðhyllzt á atkvæðaskránni, þá held eg hann hafi verið allt of vandfýsinn.

Hinn háttvirti framsögumaður hafði heldur á móti 12. tölul., og tók það með fram eptir konungsfulltrúa; en eg get ekki skilið, að það spilli, þótt ákvörðunin sè gjörð greinilegri, og það tekið fram, sem þörf er á. Bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti framsögumaður voru heldur mótfallnir 28. tölul. Framsögumaður játaði þó, að hann væri í vissum skilningi nauðsynlegur, það er að segja vegna peningaeklunnar, sem er í landinu, en aptur voru þeir báðir, hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti framsögumaður, samdóma um, að sú tilhögun, sem stungið var upp á í 28. tölul., mundi verða til þess, að rýra gjaldið, og konungsfulltrúi gat þess jafnframt, að það gæti leitt til misjafnrar greiðslu á gjaldinu. Á þessa skoðun get eg ekki fallizt, því að það er auðvitað, að það er hagur fyrir innheimtumanninn, að rètt sè goldið, og að eptirlitið með því sè sem strangast, og getur þá vel verið, að eptirlitið leiði til þess, að gjaldið verði þeim mun meira, sem samsvarar innheimtulaununum, og af þessari ástæðu

verð eg fastlega að ráða þinginu til að fallast á 28. tölul. Eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, ætla eg eindregið að fallast á 33. tölul. Hvað 38. tölul. snertir, þá skýrði framsögumaður það nokkuð fyrir mèr, er mèr fannst vera óviðkunnanlegt; eg skildi hann nefnilega svo, að það ætti að laga þessa ákvörðun í hendi sèr, ef sveitarstjórnarfrumvarpið kemst á, því að í sveitarstjórninni eiga eigi að vera eiðfestir menn, en eptir því, sem nú á stendur, á þessi ákvörðun illa við, því að prestum er það alveg óviðkomandi, að grennslast eptir, hvort einn hefir verkað fisk sinn í salt eða ekki eða hert hann. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður studdi 49. tölul. af þeirri ástæðu, að «reskriptið» 28. maí 1824 mundi nú vera farið að fyrnast og eigi eptir því gengið. Það getur verið, að svo sè, þar sem aldrei hefir verið eptir því gengið, og eg veit ekki, hvort það er satt, en heyrt hefi eg það, að hèr rètt fyrir framan lendinguna í Reykjavík, sem er höfuðstaður Íslands, hafi af einni ey, hvar mikil fuglatekja er, aldrei verið greitt spítalagjald, og er það merkilegt, ef satt er; en hitt veit eg, að á Vesturlandi er þessi löggjöf í fullu gildi, og þar goldið af fuglatekju samkvæmt henni (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei). Það er víst. Eg er kunnugri þar en þingmaður Reykvíkinga, og má vita það betur. Þess vegna verð eg að mæla á móti 49. tölul.

Grímur Thomsen: Eg hefði feginn viljað, að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefði tekið af mèr ómakið, með að mæla fram með eða halda svörum uppi fyrir 7. og 8. tölul., því að umræðurnar eru nú orðnar svo langar, að þingmenn munu orðnir þreyttir á, að hlýða þeim, en eg verð þó að skýra það enn nokkuð nákvæmar, er eg hefi sagt um 7. og 8. tölul. á atkvæðaskránni. Það hefir verið tekið fram af norðan-þingmönnum, sèr í lagi af hinum háttvirtu þingmönnum úr Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjar-sýslum, að svo mikill fiskur slyppi undan gjaldinu þar nyrðra, ef þeirri tilhögun væri haldið, er minni hlutinn fer fram á. Eg skal nú játa, að svo getur verið, og eg get ekki annað en dáðst að þessari rèttlætistilfinningu og uppoffrun þingmannanna, þar sem þeir eigi vilja vinna sínum kjördæmum í, með þeirri ákvörðun, er öðrum getur orðið töluvert til lèttis. En það vill nú svo heppilega til, að þó þessi fiskur slyppi undan gjaldinu, þá mundi læknasjóðurinn eigi missa mikils í. Eg skal leyfa mèr að benda þessum háttvirtu þingmönnum á hlutfallið milli upphæðar gjaldsins í Gullbringusýslu og hinum sýslunum, er þeir minntust

á. Í Gullbringusýslu var það hèr um 2000 rd.; í Eyjafjarðarsýslu aptur á móti hèr um 400, í Suður-Þingeyjarsýslu 122, í Múlasýslunum ekki fullir 200 rd., og þess ber þó að gæta, að aðalgjaldstofninn í þessum sýslum ekki er fiskur, heldur hákarlslýsi. Af þessu er auðsætt, að þar sem engin umkvörtun hefir komið yfir því, að rètt hafi verið talið þar fram, og upphæð gjaldsins varð þó ekki meiri, en eg nú hefi sýnt, að meðtöldu gjaldinu af hákarlslýsinu, þá mun það eigi muna miklu, þó blauti fiskurinn sleppi undan gjaldinu. Eg vil biðja menn að gæta þess, hvort það eigi sè ósanngjarnt, að þar sem ein sýsla geldur svo mikið af sínum aðalatvinnuveg, að bæta þá líka við gjaldi af þeim afla, er menn hafa til daglegrar neyzlu. Eg er sannfærður um, að sú mesta fiskivara fyrir norðan sè hákarlslýsi, hèr á Suðurlandi aptur á móti saltfiskur, og á Vesturlandi bæði saltfiskur og lýsi, og þess vegna álít eg að mestur jöfnuður fáist, ef gjaldið er lagt á þessar vörur; en eg held, að þeir, sem líka vilja leggja gjaldið á blautafiskinn, sèu of harðir við oss hèr sunnanlands. Maður verður að gæta að því, að verða eigi of einstrengingslegur í skoðunum sínum, og fylgja þeim eigi fram með of miklu kappi. Eg er líka sannfærður um, að það verður ómögulegt, að finna lög um þetta efni, sem fullnægi öllum, og eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sjái, að þó að þetta sè eigi órètt í sjálfu sèr, er meiri hlutinn fer fram á, þá mun það þó þykja hart, er til framkvæmdanna kemur. Auk þess er það, að þó eg eigi vilji auka tölu smærri spámannanna, þá hefi eg þó þá skoðun, að örðugt munni veita, að fá áreiðanlegt framtal hjá mönnum, þótt sumum kunni að þykja það hart. Það gleður mig annars mikillega, að konungsfulltrúi fellst á þessa skoðun minni hlutans, og það er eðlilegt, því minni hlutinn fylgir aðalreglu frumvarpsins, það er að segja þeirri reglu, að leggja gjaldið einungis á verkaðan fisk, eða þann fisk, sem á að verka. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það mundi verða örðugt, að segja, hvað gjört væri við þann fisk, sem seldur væri blautur, en bæði er það, að það er komið undir mati hreppanefndanna, er eiga að sjá um, að rètt sè frá öllu skýrt, og svo líka það, að þegar fiskurinn er ætlaður til söltunar eða herzlu, þá er hann seldur flattur, en annars með höfði og hala. Hvað 1. tölul. snertir, þá skal eg geta þess, af því eg ætla að greiða atkvæði mitt á móti honum, að eg er í rauninni honum alveg samdóma, og eg er sannfærður um, að sá grundvöllur, er hann byggir á, er hinn rèttasti, en

það er um þetta, eins og svo margt annað, að það er eigi fært ætíð að fylgja því, sem maður álítur æskilegast, þar sem nú frumvarpið byggir á allt öðrum grundvelli, og nefndin hefir aðhyllzt þann grundvöll, og sjálfur annar uppástungumaðurinn. 2. tölul. álít eg mjög hættulegan, og dettur mèr í hug, það sem Þorgeir Ljósvetningagoði sagði, að ef «sundur er skipt lögunum, þá mun og sundurskipt friðinum». Vèr eigum að slaka til hver við annan, og láta oss það lynda, þótt lögin eigi verði sem fullkomnust, en einungis verðum vèr að gæta þess, að einskis rètti sè of mjög hallað. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að hægt mundi verða að ná framtalinu, þá vona eg, að það muni nú hèr eptir ganga greiðara en áður, einkum ef uppástungur minni hlutans verða samþykktar. En eg get þó eigi leitt hjá mèr, að minna þingmanninn á, hvernig gekk með framtalið næstliðið ár í hans eigin kjördæmi. Þeir neituðu þar beinlínis að telja fram, og það varð því ekkert framtal (*Eiríkur Kúld*: Jú). Að minnsta kosti var ekki talið fram í nokkrum hluta kjördæmisins, og vil eg biðja hinn háttvirta framsögumann að leiðrètta orð mín, hafi eg mishermt nokkuð.

Framsögumaður: Eg hefi eigi staðið upp síðan í byrjun þessarar umræðu, en eg skal þó eigi vera langorður að þessu sinni. Hinn fyrsti, er hóf mótmæli gegn nefndinni, var hinn 3. konungkjörni þingmaður. Ræðu hans var að vísu þannig háttað, að eg hefði enga ástæðu til að svara henni, þar sem hann ekki sagðist skilja atkvæðaskrána, og enn fremur lýsti sínum einkennilegu hugmyndum og þekkingu um lagasetningu með því, að stinga upp á, að þeir hèrna á Suðurnesjunum semji lög um spítalagjald fyrir allt land, og álítur það nógu tryggjandi fyrir lagasetninguna. Slíkar skoðanir og yfirlýsingar eru ekki svaraverðar. Hann hèlt harða refsingarræðu yfir mèr og nefndinni, og sèr í lagi ásakaði hann mig fyrir ósamkvæmni; en mig furðar alls eigi á því, að hann eigi skilur mig, þar sem hann eigi skilur atkvæðaskrána, og hann verður að kenna sínum eigin misskilningi um, að hann finnur þessa ósamkvæmni. Eg hefi aldrei sagt, að eg álíti þann grundvöll, er þetta frumvarp stjórnarinnar byggir á, vera hinn heppilegasta, en eg hefi sagt hið sama, sem hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði nýlega, að eg áliti það ófært, að hverfa nú frá þessum grundvelli, þar sem svo mikið er búið að byggja á honum, og þessi bygging er heldur engan veginn svo

völt, sem þingmaðurinn gjörir ráð fyrir, og það er heldur engan veginn ómögulegt, að fram fylgja ákvörðunum hennar í verkinu, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður heldur. Ef löggjöfin 10. ágúst 1868 yrði löguð eptir uppástungum þessa frumvarps og nefndarinnar, þá væri flestum þeim hindrunum rutt úr vegi, er áður hafa tálmað því, að það gæti orðið hagfellt landsmönnum. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sögðu, að það lýsti hviklyndi af mér og sumum öðrum nefndarmönnum, að hallast að þessum grundvelli, þar sem eg hafi áður játað, að annar grundvöllur væri réttari, þá verð eg alveg að neita því, og skýrskota til þess, sem eg hefi áður sagt um ástæðurnar fyrir því, að ógjörningur væri nú að hverfa frá þeim grundvelli, sem frumvarpið er byggt á, og mér finnst jafnvel, að þingið geti ekki án vanvirðu og án þess að sýna óleyfilegt hviklyndi fallizt á annan grundvöll en þennan, þar sem þingið tvisvar eptir ýtarlega rannsókn hefir beðið um löggjöf um þetta efni byggða á þessum grundvelli, og stjórnin fallizt á það, og þar sem reynslan hefir sýnt, að mögulegt er að framkvæma þetta lagaboð í verkinu, og það þrátt fyrir það, þótt sumir hafi beitt öllum þeim meðulum, sem þeir hafa getað, til að gjöra framkvæmd þess sem erfiðasta. Þessum mönnum hefir að eins heppnazt það, að skilin urðu ófullkomin, og erfiðleikarnir við gjaldheimtuna meiri; en lengra gátu þeir eigi komizt. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sé engin minnkun, að taka tillit til þess, sem fram hefir farið í málinu að undanförnu, og til þess, sem búið er að ákveða með lögum, og það beinlínis eptir tillögum alþingis; mér virðist það vera nokkuð ísjárvert, að slá striki yfir það allt saman, og hverfa aptur að málinu, eins og það stóð árið 1867. Eg ætla eigi að fara mörgum orðum um hinar nýju uppástungur þingmanns Reykvíkinga og þingmanns Gullbringusýslu. Eg hefi svarað þeim í byrjun umræðunnar. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefir nú að vísu fært ástæður, er honum þykja víst fullgildar, fyrir þessum breytingaratkvæðum sínum, en eg er eigi hræddur um, að þingið fari að fallast á þau, heldur muni það halda fast við sína fyrri skoðun á málinu, og þarf eg því eigi að fjölyrða um þau. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga var að spá um það, hve vinsælt skipagjaldið mundi verða, þá verð eg að álíta, að menn engan veginn geti reitt sig á þessar spár hans; mér virðast þær vera teknar nokkuð úr lausu lopti; það

er alls eigi sagt, að það gjald, sem lagt er á skipin, mundi verða vinsælla, en það gjald, sem lagt er á sjávaraflann, og það eigi einu sinni hèr í Gullbringusýslu, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga þykist þó mega fullyrða, því að það mun optast reynast svo, að þegar skattaálögur eru lagðar á eptir einhverjum reglum, þá eru menn óánægðir með þær, og þótt farið sè að breyta til, og skattaálögurnar sèu lagðar á eptir öðrum reglum, þá mun hið sama verða ofan á, það er að segja: óánægja manna yfir skattaálögunni, og það er af þeirri ástæðu, að það er almennur faraldur, að nýjar skattaálögur eru óvinsælar. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að reynslan væri nú þegar búin að sýna, að sá grundvöllur, sem tilsk. 10. ág. 1868 og frumvarp stjórnarinnar nú er byggt á, sè óbærilegur, þá verð eg alveg að neita því; reynslan hefir einmitt sýnt hið gagnstæða, nefnilega, að hann er vel hafandi, þrátt fyrir alla mótspyrnu og æsingar af hálfu ýmsra manna, og þá sèr í lagi, ef hann væri lagaður, eins og nú er ætlazt til. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hèlt, að ef uppástungu nefndarinnar væri fylgt, þá mundi það leiða til þess, að heimtað yrði gjald af kola o. s. frv., en það er eigi tilfellið, því kolinn er almennt veiddur í net, en ákvörðunin hljóðar að eins um þær fiskitegundir, sem veiddar eru á skip eða báta, og öldungis sama regla gildir um rauðmagann. Eg ætla eigi að fara frekar út í ágreiningsatriði minni hlutans; þau liggja fyrir þinginu, með þeim ástæðum, er uppástungumennirnir, sèr í lagi hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, hafa talið þeim til meðmælis, en þó skal eg leyfa mèr að benda á það, að það er engan veginn lítilvæg ástæða móti uppástungum minni hlutans, er hinir háttvirtu þingmenn, þingmaður Suður-Þingeyinga og þingmaður Eyfirðinga, færðu til gegn þeim, þar sem þeir sögðu, að í sínum kjördæmum væri mjög mikill fiskur seldur blautur, og allur sá fiskur slyppi þá alveg undan gjaldinu, ef uppástungum minni hlutans væri fylgt. Þar sem hinn háttvirti þingmaður gjörði svo mikið úr því, hve tilfinnanlegt þetta gjald af blauta fiskinum mundi verða fyrir Gullbringusýslu, þá er það eigi samkvæmt því, sem hann hefir áður sagt, að það gjald muni nema svo litlu, því að ef það er lítið, þá getur það heldur eigi orðið sèrlega tilfinnanlegt.

Stefán Jónsson: Af því að eg á breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, þá skal eg leyfa mèr að minnast á þau með fám orðum. Hvað breytingaratkvæði mitt undir 3. tölul. snertir, þá er það að

eins til útskýringar, af því að mèr er kunnugt, að ágreiningur hefir orðið um það, hvort skoða ætti byttur eins og tvegja manna förin hèr á Suðurlandi eða eigi. Annars er mèr ekkert sárt um það breytingaratkvæði, þótt það sè fellt, ef það þykir óþarft; það var að eins tilgangur minn, að sá fiskur, sem á þessi skip veiddist, einnig drægist inn undir þann fisk, er gjalda á af, því að eg vil, að það gjald, sem gjalda skal, sè goldið eptir réttu hlutfalli. Breytingaratkvæði mitt undir tölul. 18. er heldur eigi mikilsvert. Það er tiltekið í 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, að einnig skal gjalda af þeim fiski, sem saltaður er í tunnur; það er nú reyndar eigi venja hèr á landi, að salta fisk svo, en eg vildi þó, að ef það færi að tíðkast, þá slyppi eigi sá fiskur undan spítalagjaldinu, og þá eigi heldur síld, því að þótt enn sè eigi farið að kveða mikið að síldarveiði, þá er þó mjög líklegt, að hún fari að aukast, þar sem útlendir menn eru nú farnir að stunda hana hèr við land, og getur mèr eigi verið sárt um það, þótt þeir verði að gjalda nokkuð af veiði sinni, eins og landsbúar. Enn fremur skal eg geta þess, að eg get enn þá eigi sannfærzt af hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um það, að uppástunga minni hlutans hefði við góð rök að styðjast, og eg get sagt honum það, að þar sem honum þótti spítalagjaldið lítið fyrir norðan næstliðið ár, þá mundi það þó verða talsvert minna, ef öllum blauta fiskinum væri sleppt undan gjaldinu. Þingmaðurinn sagði líka á þá leið, að þetta væri þungt gjald hèr á Suðurlandi, og þetta getur að vísu satt verið, en þegar menn fara að bera saman, þá þyrfti að gjöra nákvæma grein fyrir opinberum gjöldum til sjávar og sveita; hið hèr um rædda gjald getur ef til vill kallazt aðalgjald sjávarbúa hèr á Suðurlandi, en kemur lítið á sveitamenn. Eg get eigi ímyndað mèr annað, en að viðauka-atkvæðið undir 17. tölul. verði tekið aptur, því eg álít það einungis gjört í spaugi, og get eg ekki sèð, að það nái nokkurri átt.

Hallgrímur Jónsson: Það má nærri geta, að eg ætla ekki að fara að mæla á móti nefndarálitinu í þessu máli, þar sem eg var í verkinu með; ekki heldur ætla eg að fara að rekja eður hrekja öll þessi breytingaratkvæði, er gjörð hafa verið, því hinn háttvirti framsögumaður hefir þegar ljóslega tekið það fram, og sýnt það sem er athugavert í þessu tilliti. Eg ætla mèr að eins að mæla fáein orð viðvíkjandi 28. tölulið á atkvæðaskránni, sem er eignaður hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga og mèr. Töluliðurinn eða viðauka-atkvæði þetta hefir eigi fengið viðurkenningu eða meðmæli hinna

háttvirtu þingmanna, jafnvel þótt hvorki hinn háttvirti framsögumaður nè hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi mælt mikið á móti því; mèr virðist eptir ræðum þeirra, að þeir hafi ekki skilið það aldeilis eins og við. Vèr hugsuðum oss, að innheimtumaður þessi ætti að skila gjaldinu eptir skýrslunum, sem fengnar verða um aflann, og taka af þeirri þar eptir reiknuðu upphæð, ómakslaun sín, en eigi setja hinn goldna fisk eða skileyri á uppboð, og svo eptir þeirri upphæð, sem við það fengist, reikna sèr sín innheimtulaun, því það gæti orðið sjóðnum sýnilega í óhag, ef illa seldist, og svoleiðis höfðum við ekki meint; en að hinir háttvirtu herrar hafi þó skilið meininguna á þessa leið, getur verið að sè misskilningur af mèr. Jeg stend í þeirri meiningu, að þetta fyrirkomulag á innheimtunni mundi gjöra gjaldið bæði drýgra og vinsælla; við það, að mega gjalda í skileyri, mundu menn síður kynoka sèr við að segja frá afla-upphæðinni, sem þá ekki kostaði peninga, en verða heldur þar á mót ljúfari til að greiða, máske vel úti látið, það, sem þeim bæri; og við það, að hreppstjórinn, eða hver hann væri, fengi vissar tekjur af upphæðinni, liggur það í augum uppi, að hann fengi hvöt til þess fyrir sjálfan sig, að ganga eptir framtali og gjaldi hjá hverjum einum, sem að líkindum yrði allt linara, ef hann nyti ekki neins fyrir það; og ef að til þess kæmi, sem má búast við, að hreppstjórinn eða sveitarstjórnin samkvæmt 4. gr. frumv. yrði að skapa mönnum tal, þá segir það sig sjálft, að hann mundi ekki gjöra það minna hjá mönnum, þegar hann sjálfur ætti að njóta nokkurs, en að hann mundi þar með fá tækifæri til að fremja gjörræði, er til svars, að gjaldendur hafa ráðrúm til samkvæmt 5. grein að lagfæra framtalið, ellegar þetta yrði til þess, að fleiri yrðu fúsari til að segja frá sjálfir; en að öðru leyti ímynda eg mèr að sumum hreppstjórum lægi það í lèttu rúmi, þó að einhver teldi ekki í það ýtrasta. Eg get eigi skilið, að viðauka-atkvæði mitt undir 49. tölul. spilli í nokkru löggjöf þessari, enda fèkk hann meðmæli hjá hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, sem sagði, að svo liti út, sem konungsbrèfið væri farið að fyrnast, og ekki mundi óþarft að endurnýja það, og vona eg því fremur, sem hann er einn hinn bezti lagamaður, að þingmenn taki orð hans trúanleg, og þykir mèr því líklegt, að hið heiðraða þing taki þessa uppástungu til greina. Eg vona einnig, að það aðhyllist breytingaruppástungu mína undir 51. tölulið, því mèr virðist heppilegra, að orða fyrirsögn frumvarpsins þannig; en

það er auðvitað, að ef 49. tölul. verður eigi samþykktur, þá verður að nema aptan af fyrirsögninni tvö síðustu orðin: «og fuglaveiði». Um 17. tölulið er eg á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga, og meina að hann sè meira gjörður í gamni en alvöru, og væri líkara, að breytingin væri mynduð af mèr, sem hefi heyrt sjómannamálið og skopyrði þeirra um smámunasemi þessara nafnfrægu laga, heldur en af hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu, sem er svo fjarlægur öllu hègómahjali; og ímynda eg mèr að þingið hiki eigi við að fella hann. Eg get eigi aðhyllzt neinn af hinum 14 fyrstu töluliðum á atkvæðaskránni, því að mèr virðast þeir allir óþarfir, og að eins miða til þess, að flækja málið, t. a. m. tölul. 2., og, eins og þingmaður Rangæinga sagði, að Gullbringusýsla hefði meiri rètt til að ráða um spítalalög, og enda til að fá sèrstaka löggjöf, þess vegna að þaðan greiddist svo mikið spítalagjald, en þess ber að gæta, að það spítalagjald, sem þaðan kemur, gelzt ekki alleina af sýslubúum sjálfum, heldur af mönnum úr öðrum hèruðum, er þar róa og mun mega ætla á, að allt að helmingi greiðist frá þeim, þá get eg þess vegna ekki fundið ástæðu til, að þessi sýsla eigi meira að segja í þessu máli en hver önnur; því í samhljóðan við það, hefði þá Dalasýsla ekkert að segja, þar sem engin verstaða er, og mundi sú sundurskipting laganna leiða til þess, að þá yrði einnig «skipt friðinum». Töluliður 5. hugði eg að væri misprentun, en fyrst eigandinn hefir tekið hann aptur, er ekkert um hann að tala, sem ekki heldur hefði verið vert. Að endingu get eg ekki á mèr setið, að minnast á tölulið 6., sem mèr þykir svo undarlega til kominn, þar sem hinn háttvirti varaforseti var í nefndinni, og studdi þar að því, eins og honum er lagið, að nefndin starfaði í eindrægni, og hann var þar svo fús til þess, að lækka gjaldið frá ákvörðun frumvarpsins, sem hann eins og hinir í nefndinni áleit þá að bæði yrði vinsælla, og rýrði ekki gjaldið um skör fram, ef annars vel tækist að ná þessu saman; mèr þykir þetta hviklyndi þingmannsins þess leiðinlegra, sem eg vænti eptir hinni mestu staðfestu frá honum, og veit, að honum er ekki sízt um það hugað, að þetta spítalaþras verði farsællega á enda kljáð, og vil eg hugga hann með því, að eptir ákvörðunum frumvarpsins, og einkum ef uppástungu minni um innheimtuna verði fylgt, þá mun læknasjóðurinn í flestum árum fá töluverðar tekjur, og meiri, en hann hefir búizt við.

Torfi Einarsson: Eg skal ei tala nákvæmlega um tölulið 11. og 12., en mèr getur eigi sýnzt þeir vera nauðsynlegir, því eptir því sem niðurlagsatriði nefndarinnar undir staflið c er orðað, þá getur enginn vafi á því orðið, hve mikið af lifur látið er jafngilda 1 tunnu af lýsi; 1 pottur af lýsi er $^1/_{120}$ af tunnunni, og þannig er $^1/_{120}$ af verðinu óyggjandi mælikvarði, t. d. lifrartunna kostar 10 rd., þá er gjaldið 8 sk., kosti hún 15 rd., er gjkldið 12 sk. o. s. frv. 11. töluliður tekur fram 2 tunnur, en það væri sama sem að lækka lýsisgjaldið um $^1/_4$; en 12. töluliður skakkar dálítið minna, en hinn. 25. töluliður þykir mèr nú dálítið lakari, því fiskurinn er að hækka í verði á þessum árum, en lýsið að lækka. Og eptir verðlagsskránni fyrra ár í norðursýslum vesturamtsins var meðalverð allra meðalverða álíka og meðalverð á fiski, eða rúmlega 24 sk. alinin, en á lýsi að eins 16 $^1/_4$ sk., eða þriðjungi minna, svo þetta er ekki svo lítill ójöfnuður, sem breytingaratkvæðið fer fram á. 9. töluliður kemur ei sem heppilegast við, því eptir því gæti orðið eins mikið gjald af 120 þyrsklingum eins og af 120 hákörlum, og þá eins af þorski og ísu. Svo man eg ekki til, að neinu sè ósvarað á atkvæðaskránni, því framsögumaður hefir að minni hyggju gjört það heppilega og rækilega. En af því talað hefir verið persónulega til mín, og eigi sem ljúfmannlegast, þá get eg ekki á mèr setið, að taka mèr í munn orð Skammkels heitins við Otkel bróður sinn; hann sagði: «Eg gjörði þig sem mestan mann af öllu», og svo vildi hinn háttvirti 3. konungkjörni gjöra við mig, þar sem hann nefndi «Torfalög», og eignaði mèr þau með öllu, þar sem þingið og stjórnin hefir samþykkt þau og konungur staðfest, þó eg fúslega játi, að eg hafi átt talsverðan hlut í þeim. En þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður sagði, að vænir menn væru svikarar, þá skilja menn það ekki svo í mínu plázi, að það sè allt eitt, að vera svikari og vænn maður. Við undirbúningsumræðuna lýsti þingmaður Reykvíkinga þeim mönnum, sem ei vildu láta sannfærast, mjög heppilega, er hann sagði, að þeir bæði lokuðu eyrum og augum, og sannast þetta á honum nú. Hann talaði þá einnig um undandrátt í Strandasýslu, en að ómögulegt væri að vita hlutarupphæð manna í Gullbringusýslu, og er það eigi alveg samkvæmt hvað öðru, að hann gat reiknað og talið aflann í Strandasýslu einn, en bændur hèr eiga ekki að geta reiknað sinn hlut, og vil eg ráða honum til að bíða unz skýrslur koma um gjaldið í Strandasýslu. Þar sem hann brigslaði þingmanni

Suður-Þingeyinga um, að hann hefði aldrei dregið fisk úr sjó og talaði þó með í máli þessu, þá er það ekki dæmalaust, að menn tali um það, sem þeir ekkert þekkja, því þingmaður Reykvíkinga sagðist 1867 ekkert þekkja til laxveiði, en í gær þóttist hann vera öllum mönnum snjallari í laxafræðinni.

Eg ræð þinginu til að fara eptir uppástungu nefndarinnar, því hin mikla breytingaratkvæðatrossa er að eins til að villa sjónir fyrir mönnum. Eg má fullyrða það, að nefndin vann með alúð verk sitt, og ef vèr gjörum þann óvinafagnað, að aðhyllast hinar óheppilegu breytingaruppástungur nú, þá megum vèr síðar meir sitja við alla gallana. Hversu mikið þingmaður Reykvíkinga hefir stutt að því, að löggjöf þessari væri hlýtt, það bera með sèr þær ræður og rit, er frá honum hafa út gengið um landið. Það er annars ekkert fallegt að espa menn upp á móti lögum landsins, og vekja með því uppreisn og eld hjá allri alþýðu manna, og að þessu leika menn sèr eins og öðru tafli, og þykjast góðir af; allt annað hefði orðið ofan á, hefðu blöðin reynt að leiðbeina mönnum, þá hefði allt komizt í betra horf.

Pètur Pètursson: Eg verð með fáum orðum að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði mínu undir 6. tölulið á atkvæðaskránni. Eg gjörði reyndar eigi ráð fyrir því í nefndinni, og að því leyti var eg reikull í ráði; en eptir að eg heyrði um sölu á blautum og hörðum fiski víðs vegar um land, óttaðist eg fyrir, að spítalagjaldið minnkaði um of, ef lækkað væri gjaldið af hinum síðarnefnda fiski, og því datt mèr í hug, að gjöra þessa breytingaruppástungu, og þannig hverfa aptur til frumvarpsins. Eg veit, að í fyrra var dreginn undan helmingur af öllu gjaldi af fiski og lýsi, og er hræddur um, að framtalið verði ekki eptirleiðis þeim mun betra sem gjaldið er meir minnkað; þó þetta frumvarp bæti í mörgu tilliti þá annmarka, sem eru á tilskipuninni frá 1868, gjörir það þó ekki eptirlitið hægra, því tilskipunin miðar gjaldið við aflaupphæðina; frumvarpið bindur eigi gjaldið við afla, heldur við verkun hans til vöru. En eg vona þó, að það verði aldrei aðalregla, að jafnað verði niður á menn gjaldi þessu, og þætti mèr það hryggilegt, ef menn vildu eigi telja svo hreinskilnislega fram, að þetta yrði að verða ofan á. Eg skal alveg láta það á þingsins valdi, hvort það vill aðhyllast uppástungu mína eða meiri hluta nefndarinnar, en alli uppástunga mín, mun eg gefa tillögu meiri hlutans atkvæði mitt. Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga

þótti breytingaratkvæði mitt leiðinlegt, og eg skyldi fúslega taka það aptur, ef hann gæti ábyrgzt mèr það, að framtalið yrði hèr eptir betra á Akranesi en það var seinast.

Páll Pálsson: Eg stend upp til að mæla fáein orð viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu undir 4. tölulið á atkvæðaskránni. Mèr líkar hvorki grundvöllur frumvarpsins nè tillögur nefndarinnar. Eg vil binda gjaldið við alls konar verkaðan fisk og óverkaðan þorsk, því að leggja gjaldið á alls konar óverkaðan fisk, mundi verða harðla óvinsælt. Annars er mèr eigi svo sárt um þessa viðaukauppástungu mína, að eg vilji gjöra hana að kappsmáli, og skal eg láta þingið alveg sjálfrátt um það, hvort það vill samþykkja hana eða fella. Loksins skal eg geta þess, að eg sökum ókunnugleika eigi mun greiða atkvæði um einn einasta tölulið á atkvæðaskránni.

Egill Egilson: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að síld gæti eigi talizt með þeim fiskitegundum, sem veiddar væru á bátum eður skipum, þá vil eg leyfa mèr að minna hann á veiðarfæri eitt, sem nefnist «háfur», með hverju síld er ausin upp, og má með honum hlaða stór og smá skip, og getur því síld eins og hver annar fiskur veiðzt á báta og skip, og er því allsendis ekki af þeim ástæðum undanþegin spítalagjaldi.

Forseti: Fyrst að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið. Af því að eg veit, að það muni vera ósk hinna háttvirtu þingmanna, að málið verði leitt til lykta á þessum fundi, enda þótt nokkuð sè áliðið, þá skal eg biðja þá, að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau sem nú skal greina. (Sjá II, bls. 394).

Forseti: Atkvæðagreiðslu þessari er þá lokið; en með því nú er orðið svo áliðið dags, sè eg eigi fært að taka til umræðu hið annað mál, er á dagskránni stendur. Eg álít því sjálfsagt, að fresta því til morguns; mun eg þá setja fund kl. 12, og segi eg svo

Fundi slitið.

---

30. fundur — 12. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, er hafði

tilkynnt forseta, að hann eigi gæti mætt á fundi í dag vegna veikinda í bænum. Gjörðabók frá fyrirfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, og verður það lagt á lestrarsalinn í dag, en eg vona, að þingmenn geti fengið það prentað mjög bráðlega, og ef svo verður, mun eg setja það á dagskrá á mánudaginn, svo framarlega sem þingmenn eigi mæla á móti því.

Það, sem liggur fyrir í dag er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er framsögumaður, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill þegar taka til máls.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal nú eigi vera langorður um þetta mál. Eg vona, að þinginu sèu orðnar ljósar þær breytingar í frumvarpinu, er nefndin hefir stungið upp á, bæði af nefndarálitinu sjálfu, og enn ljósari af skýringum mínum og hins háttvirta konungsfulltrúa við undirbúningsumræðu málsins, og ætla eg því eigi að þessu sinni að fjölyrða meir um þær. Ef einhver þingmaður kynni að óska skýringar á einhverju atriði, þá er það sjálfsagt, að eg skal skýra það fyrir honum, eins og eg hefi föng á. Það á enginn þingmaður breytingaratkvæði á atkvæðaskrá þessari, nema hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga. Hann hefir stungið upp á þeirri breytingu við 5. gr., að í staðinn fyrir «$^1/_5$ hluta» komi «$^1/_3$ hluta». Hann ætlast þá auðsjáanlega til, að þessi $^1/_3$ hluti allra bæjarbúa, sem kosningarrètt hafi, kjósi meiri hluta bæjarfulltrúanna, og það án þess að gjöld þessa þriðjungs sè nokkur ákveðin gjaldupphæð, eða nokkur ákveðinn hluti allra bæjargjaldanna. Á þessa tillögu þingmannsins get eg eigi fallizt, því að þótt eg sè maður frjálslyndur, þá álít eg þó, að það eigi ekki við og sè alls eigi gjörlegt, að hleypa þannig einungis $^1/_3$ hluta allra kjósandanna að til þess að kjósa meiri hluta bæjarfulltrúanna, án þess að sá rèttur þeirra sè nokkrum ákveðnum skilmálum eða takmörkunum bundinn, að því er upphæð gjalds þeirra snertir. Það gæti og vel hugsazt, að þessi þriðjungur bæjarbúa, er kosningarrètt hafa, eigi greiði meira gjald, en sem svaraði að eins $^1/_3$ hluta af öllum bæjargjöldunum, og þá er þó auðsætt, að hann fær of mikið vald, ef hann einn á að ráða kosningu meiri hlutans, einkum þegar hann á líka að hafa rètt til að kjósa

minni hlutann ásamt hinum öðrum bæjarbúum, er kosningarrètt hafa. Hvað breytingaratkvæði þingmannsins snertir undir tölul. 18., þá er eg því eiginlega ekki mótfallinn, þar sem það er fremur til skýringar, einkum ef þingið fellst á 19. tölul. Annars leiðir það öldungis af sjálfu sèr, að þegar kosið er í fyrsta sinnið, þá gildir kosning annarshvors hlutans að eins 3 ár. 3. breytingaratkvæði Vestmannaeyinga er undir 34. tölul. Eg sè, að honum er illa við, að láta hlutkesti ráða kosningu, ef jafnmörg eru atkvæði, en hann vill láta aldur ráða. Eg sè reyndar enga ástæðu til, að gjöra breyting á ákvörðun frumvarpsins í þessu efni, því að mèr þykir það svo litlu skipta, hvort aldur eða hlutkesti er látið ráða kosningu, þegar atkvæðin eru jafnmörg; en enda þótt það skipti litlu, þá vil eg þó heldur, að samþykkt verði uppástunga frumvarpsins. Þó skal eg geta þess, að ef 2 menn fá jafnmörg atkvæði, þá er það vottur þess, að bæjarbúar bera hèr um bil jafnmikið traust til þeirra beggja, og þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að hlutkesti sè látið ráða, hvor þeirra verður fyrir kosningu. Hinn háttvirti þingmaður telur reyndar að líkum uppástungu sinni það til ágætis, að aldurinn veiti reynslu; því skal eg alls eigi neita, en eg verð þó að ætla, að ekki eigi að gjöra svo mikið úr því, hvað aldurinn gjörir mann reyndari, að einungis af þeirri ástæðu sè vert að breyta þeirri reglu, sem lengi hefir verið tíðkuð hèr í Reykjavík við kosningu bæjarfulltrúanna, og allir látið sèr vel líka, enda er aldurinn eigi allajafna einhlítur til reynslu; yngri maður getur opt verið reyndari en hinn eldri. Eg ætla nú eigi að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Þórður Jónasson: Áður en gengið er til atkvæða í þessu máli, skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um 2. atriðið, sem minni hlutann greindi á við meiri hlutann í nefndinni, og það er fyrst það, að minni hlutinn vill ekki hafa bæjarfógetann sjálfkjörinn oddvita bæjarstjórnarinnar. Þetta gat meiri hlutinn með engu móti aðhyllzt, en varð þvert á móti að halda því fram, að frumvarpsins ákvörðun í § 1. standi óbreytt. Þetta er líka samkvæmt dönsku kaupstaðarlögunum frá 1868, sem frumvarp þetta er sniðið eptir. Þar er bæjarfógetinn í reglunni oddviti bæjarstjórnarinnar, því borgmeistari er í mjög fáum kaupstöðum þar. Sú mótbára, að bæjarfógetinn hafi eigi tíma til að gegna oddvitastörfunum, af því hann hafi annað embætti líka á hendi, nefnilega landfógetans, er þýðingarlítil, því eg ætla, að bæjarfógetarnir í flestum kaupstöðum

í Danmörku hafi eins miklum störfum sem bæjarfógeti og landfógeti hèr hefir á hendi að gegna, og eru þeir þó oddvitar í bæjarstjórninni; það má líka gjöra ráð fyrir og hefir enda áður komið til orðs, að skilja bæjar- og landfógetaembættið að, og það verður víst gjört, ef bærinn, sem eg vona að verði, stækkar til nokkurra muna, svo þessi mótbára fellur þá algjörlega. Það annað atriði snertir uppástungu minni hlutans við 22. gr. frumvarpsins, er hann vill sleppa úr 3. málsgreininni. Þessi ákvörðun er sú, að hver sá, sem bæjargjald á að greiða, megi kvarta yfir því, hvernig gjaldinu hafi verið jafnað niður á aðra í bænum en hann sjálfan; það virðist nú standa hverjum einum næst sjálfum að bera sig upp út af niðurjöfnuninni, og gjöri hann það ekki, má hann álítast að gjöra sig ánægðan með, hvernig á hann hefir verið jafnað, og auk þess er það, að ákvörðunin leiðir auðveldlega til misklíðar og hlutsemi, og eykur niðurjöfnunarnefndinni óþarfa-ómak, og hjá því er bezt að komast. Það er líka vel aðgætandi, að hlutaðeigandi hefir enga ábyrgð á því, þó hann beri upp ástæðulausar umkvartanir, en það hefir hann eptir lögunum frá 1868 um stjórn bæjarmálefna í þeim dönsku kaupstöðum. Þar er band á kærurètti hlutaðeiganda, en hèr er það ekkert eptir frumvarpinu. Hlutaðeigendur, sem finna ástæðu til að kvarta yfir útsvari sínu, bera sig jafnan saman við aðra, og þá kemur fram, ef eitthvað hefir gleymzt eða yfir sèzt hjá niðurjöfnunarnefndinni, svo að einhver er of hátt eða of lágt settur, og þetta þykir mèr nægja í þessu efni.

Helgi Hálfdánarson: Þótt eg eigi nokkur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, þá skal eg eigi halda langri vörn uppi fyrir þeim eða gjöra það að neinu kappsmáli, hvort þingið samþykkir þau eða eigi. Hvað breytingaratkvæði mitt undir 12. tölul. snertir, þá skal eg geta þess, að eg gat eigi sannfærzt af ræðu hins háttvirta framsögumanns um, að það væri eins illa hugsað, eins og mèr skildist, að hann áliti það. Hann kom með þá ástæðu gegn breytingaratkvæðinu, að ef þriðjungur þeirra, er kosningarrètt hafa og mest gjalda, ættu að kjósa meiri eða minni hluta bæjarfulltrúanna, án þess að það væri nokkuð bundið við það, hve mikið væri upphæð gjalds þeirra, þá gæti ef til vill staðið svo á, að það, sem þeir gyldu, yrði eigi meira en þriðjungur af upphæð alls bæjargjaldsins. Þessa ástæðu hins háttvirta framsögumanns get eg eigi skilið, því að þótt reyndar nokkrir sèu þeir, sem gjalda, en geta ekki kosið, þá fæ eg þó eigi skilið, að, ef það er þriðjungur þeirra, sem mest gjalda,

þá muni þeir eigi gjalda meira en sem svarar einum þriðjung af upphæð alls bæjargjaldsins. En það sem sèr í lagi kom mèr til að bera upp þessa breytingu, var það, að mèr fannst þessi ákvörðun í frumvarpinu vera allt of margbrotin og þar að auki óþörf. Eg sè enga þörf á því, að það sè ákveðinn hluti af öllu bæjargjaldinu, sem þessir menn gjalda. 18 tölul. var framsögumaður að vísu eigi eins mótfallinn, og eg verð líka að sera fastur á því, að þessi ákvörðun eigi að standa í lagaboðinu, og það enda þótt þeir bæjarfulltrúar, er nú eru í bæjarnefndinni, ættu að ganga inn í þessa nýju bæjarstjórn; því að það getur staðið svo á, að sumir þeirra hafi þá verið 4 eða 5 ár í bæjarstjórninni, og eigi þannig ekki eptir að vera í henni nema 1 eða 2 ár. Af þessari ástæðu virðist mèr það að minnsta kosti vera betra, að þingið fallist á þá ákvörðun, er farið er fram á í 18. tölul., og þess vegna er það líka, að alveg sama ákvörðun er tekin fram um kosningu hreppsnefndarmanna í sveitarstjórnarfrumvarpinu, nefnil. að þegar í fyrsta sinni er kosið, þá skuli kjósa stærri helftina að eins til 3 ára. Hvað 25. tölul. snertir, þá hefir mörgum þótt sú tillaga mína, er þar stendur, vera skrítileg og jafnvel nokkuð smásmugleg. En þessu get eg eigi játað. Eins og það er engan veginn rètt, þegar um athafnir einstakra manna er að ræða, að þeir láti kylfu ráða kasti, hvað þeir af ráða og gjöra, eins getur það ekki verið rètt, að fèlög manna láti tilviljun ráða framkvæmdum sínum. Í þessu, eins og hverju öðru, eiga menn að fara eptir skynsamlegum ástæðum og gildum rökum, en hlutkesti verður ómögulega kallað skynsamleg ástæða, heldur er það sama sem tilviljun, og þegar menn því láta hlutkesti ráða, þá er það hið sama sem að láta tilviljunina ráða í stað skynseminnar. Með þessu hefi eg engan veginn sagt það, að eg álíti það sjálfsagt, að hinn eldri sè ætíð fremri hinum yngri, en það sem vakti fyrir mèr, er eg stakk upp á þessari breytingu, var það, að þá er 2 menn fengju jafnmörg atkvæði, og þannig væru álitnir jafnhæfir, þá vildi eg, að farið væri eptir skynsamlegum ástæðum til þess að skera úr, hvors þeirra kosningu skyldi álíta gilda, og virðist mèr það þá vera tvennt, er mælir með því, að hinn eldri sè látinn ganga fyrir: fyrst það, að það eru allar líkur til, að hann hafi meiri reynslu, og svo það annað, að eptir mannlegum reikningi geta menn búizt við, að hinn yngri lifi lengur, og menn þannig geti fremur átt von á að geta notið ráða hans síðar. Aptur á móti má fremur búast við því, að hinn eldri verði dáinn

eða orðinn ófær til starfa, er næst kemur til kosninga. Eg verð annars að segja, að þegar eg sá bæði í þessu frumvarpi og í sveitarstjórnarfrumvarpinu, að hlutkesti ætti að ráða svo opt, datt mèr í hug Herrnhútafèlagið, sem lætur hlutkesti skera úr öllum safnaðarmálefnum sínum, og jafnvel hefir þá venju að láta hlutkesti ráða því, hverja konu hver sá fær, er kvongast vill. Það mundi mönnum líklega þykja óviðfelldin tilhögun; en þetta, að láta hlutkesti ráða svona opt, er ekki svo ólíkt því.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn 1. konungkjörni sagði, þá vil eg geta þess, að eg held 1. tölulið eigi fast fram, en það verð eg að bera til baka, að ákvörðun frumvarpsins sè samkvæm því, sem ákveðið er í hinnm dönsku lögum, því í Danmörku eru borgmeistararnir oddvitar bæjarstjórnarinnar, og eru þeir settir með sèrstöku boði konungs, en bæjarfógetanum er alls eigi ætlað að vera í bæjarstjórninni. Eg get heldur eigi játað, að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi minna að gjöra en bæjarfógetar í Danmörku; hann hefir þvert á móti meira að gjöra; því að meðan hann jafnframt er landfógeti, hefir hann fleiri störfum að gegna, og þótt það væri æskilegt, að störf landfógetans yrðu greind frá störfum bæjarfógetans, þá er það þó eigi orðið enn, og enginn veit, hversu lengi þess er að bíða. Hann vildi enn halda fram 62. tölulið, en þar verð eg að halda fast fram ákvörðun frumvarpsins, og er það tvennt, er eg í því efni hefi fyrir augum. Fyrst er það, að of lágt getur hafa verið lagt á einhvern, og verið getur, að gjaldþegninn sjálfur viðurkenni það fúslega, en hann hefir sannarlega eigi ástæðu eða hvöt til að fara sjálfur að kvarta yfir því, og er þá undarlegt, að banna öllum öðrum, að benda bæjarstjórninni á þetta. Það er svo sem auðvitað, að hver, sem ber upp einhverja umkvörtun, hlýtur að bera fram ástæður fyrir henni, og gjöri hann það eigi, þá er fyrirhöfnin hjá niðurjöfnunarnefndinni eigi stór; hún les kæruna og fleygir henni svo, og að öðru leyti er fyrirhöfnin lítil hvort sem er við slíkar umkvartanir, þótt niðurjöfnunar-nefndin þurfi að koma einu sinni saman, til að íhuga þær; en það þarf hún hvort sem er að gjöra, þar eð eigi er við því að búast að allir sèu ánægðir með niðurjöfnunina, og sjálfsagt að einhver muni bera sig upp; og þarf hún alla-jafna einhvern tíma að koma saman, og hvort hún þá hefir eina umkvörtunina fleiri að lesa eða eigi, má henni standa á sama. Eg ímynda mèr og eigi, að nokkrir komi fram með

slíkar umkvartanir alveg ástæðulaust eða af tómum illvilja, og það má alls eigi halla almennum rètti manna, til að girða fyrir slíkt. Hið annað atriði, sem gjörir nauðsynlegt, að halda ákvörðun frumvarpsins, er það, að maður sá, sem lagt er á, sè eigi viðstaddur, sem opt getur að borið, og komi eigi fyrri en frestur sá er liðinn, sem ætlaður er til að fá leiðrètting á gjaldinu, og því er honum fyrirmunað, að ná rètti sínum og benda bæjarstjórninni á yfirsjón hennar, og það væri mjög ósanngjarnt og alls eigi rètt, að banna það, að annar maður megi í hans stað kvarta yfir gjaldinu; enn fremur hlýtur og öllum að vera ljóst, að sá, sem fer að kvarta yfir því, að gjald sitt sè of hátt, þá ber hann sig saman við aðra, er honum þykir að tiltölu minna gjald vera lagt á. Ef þessari ákvörðun því væri sleppt, þá hlýtur að rísa sú spurning: hvernig á hann að bera umkvörtun upp? hefir hann að eins þá rètt til að bera upp umkvörtun sína, ef hann getur sýnt, að gjaldið sè svo hátt, að sèr sè eigi unnt að greiða það? Fyrir því er öll ástæða til, að halda greininni, svo sem hún er í frumvarpinu. Viðvíkjandi því, er þingmaður Vestmannaeyja sagði um, að fara eigi eptir hlutkesti heldur eptir aldri, þá getur slíkt verið komið undir smekk manna og tilfinningu, hvort betur þykir eiga við, en hlutkestið hefir það fram yfir, að menn eru orðnir því vanir. Að öðru leyti er óhugsandi, að hèr sè eigi farið eptir skynsamlegum ástæðum, þó hlutkesti sè látið ráða, þar sem atkvæði eru jöfn. Eg vil taka til dæmis, að 80 kjósendur komi á fund, og að 2 menn fái sín 20 atkvæði hvor, þá má ætla, að þeir hafi báðir jafn-mikið traust bæjarmnnna á sèr, og að jafn-skynsamlegar ástæður mæli með báðum, svo að menn þrátt fyrir aldur hins eldra manns eigi beri meira traust til hans; en hvernig fer ef báðir eru jafngamlir? þá er engin ákvörðun um, hvernig að eigi að fara, þá er svo ber undir. En til að benda á, hvernig fer, ef miðað er að eins við $^1/_5$ gjaldanna, þá vil eg taka til dæmis, að 3 verzlanir og ein opinber stofnun borga nú í ár 500 rd., og fer það að nálgast $^1/_5$ af gjöldum bæjarins, og verður það að dragast frá. Það eru einmitt verzlanirnar, sem mest gjalda hèr, og geta þó eigendur þeirra sjaldnast neytt kosningarrèttar síns í Reykjavík.

Jón Pètursson: Eg skal nú eigi vera mjög langorður um þetta mál; eg ætlaði fyrst og fremst að minnast á 1. tölulið á atkvæðaskránni, en hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hafa þegar tekið það fram og sannað,

að hann er mjög óheppilegur. Eg skil eigi, hvernig hinn háttvirti uppástungumaður hefir hugsað sèr, að bæjarfógeti skyldi vera viðstaddur fulltrúafundi, og þó hvorki hafa atkvæðisrètt — því atkvæðisrètt hefir hann ekki — nè vera forseti á fundunum. Það yrði þá eigi annað að gjöra fyrir hann en sitja úti í horni. Hann gæti reyndar sett sig á móti ákvörðunum fulltrúanna, ef honum virtust þær skaðlegar, og skotið málinu til úrskurðar æðra yfirvalds. En eg er viss um, að jafnvel hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga mundi þykja þetta leiðinleg kjör, væri hann bæjarfógeti. Það liggur þó vissulega í augum uppi, að meðan stjórnin hefir nokkur afskipti af sveitarmálefnum, verður fógetinn, sem konunglegur embættismaður, að stýra slíkum fundum; það er hið minnsta, sem stjórnin getur heimtað. Þá er að minnast á annað ágreiningsatriðið. Menn geta sèð af 10. og 11. tölul., að minni hlutinn (ɔ: þingmaður Reykvíkinga) hefir ætlazt til, að sem flestir fengju kosningarrètt, og þess vegna lækkað gjald það, sem rèttur þessi er í frumvarpinu bundinn við, frá 6 rd. til 4 rd. En gæti menn að því, að þeir lausamenn eru varla til eða þeir karlmenn yfir höfuð, sem bæjargjaldi annars er jafnað á, að undanteknum uppgjafakörlum, er eigi gjaldi 4 rd. í bæjargjöld, þá hlýtur þessi uppástunga, að virðast mjög óeðlileg; því eptir henni yrði það að eins fjöldinn, er rèði til úrslita málefnum bæjarins; en hvað slíkt væri hollt, hljóta allir að sjá.

Meiri hluti nefndarinnar áleit, að eigi bæri að leyfa neinum, að kvarta undan álögum, nema fyrir hönd sjálfs sín, enda mundi það sjaldan koma fyrir, að menn fyndu hjá sèr hvöt til að kvarta undan of þungum álögum á öðrum. Menn geta að eins gjört ráð fyrir, að ef einhver væri fjarverandi, þá gæfi hann öðrum fullmagt til, að kvarta fyrir sína hönd, ef honum virtist of þungt gjald á sig lagt. Í dönskum lögum er reyndar leyft, að bera sig upp undan of þungum álögum á öðrum; en sè það gjört ástæðulaust varðar það 10 rd. útlátum (*Halldór Kr. Friðriksson*: Hèr varðar það engri sekt). Hèr varðar það engum útlátum, og því mundu hèr allt einar kvartanir koma; það tekur þó upp tíma fyrir bæjarstjórninni að gegnumganga þær. Ef hún ekki á að gegnumganga þær, væri þýðingarlaust að leyfa mönnum að kvarta. Yfir höfuð álít eg, að þessar kærur yfir aukaútsvari annara hlytu að eins að valda ósamlyndi og óeirðum manna á millum. Loksins ætla eg að lýsa því yfir, að þrátt fyrir hinar snjöllu ræður þingmanns

Reykvíkinga, hefi eg eigi getað sannfærzt um, að tillögur hans hafi nokkra nytsemi í för með sèr.

Framsögumaður: Eg vil að eins gefa hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni þá skýring, að ef menn vilja halda þessu 6 rd. gjaldi, þá verða t. a. m. tveir bókbindarar, nokkrir bókhaldarar og æðimargir heiðvirðir tómthúsmenn hèr í bænum útilokaðir frá kosningarrètti, og það sjálfur tómthúsmannafulltrúinn sem nú er.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og vil eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir hafa fyrir sèr prentaða.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig. (Sjá II, bls. 402).

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá nefndinni í þjóðhátíðarmálinu, að hún hefir kosið sèr til formanns Jón Sigurðsson og til skrifara Jón Kristjánsson.

Það mál, sem næst liggur fyrir í dag samkvæmt dagskránni, er undirbúningsumræða í málinu um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, sem er framsögumaður þessa máls, mun gjöra svo vel, að lesa nefndarálitið og skýra það, eins og honum þykir að þörf sè.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II, bls. 409).

Það hefir sýnt sig, að þetta þing er næsta kleyft, þegar í nefndir er komið, og svo fór enn fyrir þessari nefnd. Frá ástæðum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar ber fyrir sig, heyrir eigi mèr til að skýra; hinir háttvirtu þingmenn meira hlutans munu og sjálfir gjöra það bezt; og skal eg því að eins fara nokkrum orðum um þau atriði þessa máls, er öll nefndin var einhuga um. Hvað þá snertir 1. uppástungu nefndarálitsins, þá gat nefndin með engu móti sèð, að sú fjárupphæð, er stendur í áætluninni fyrir þetta árið, í I. kap. 2. gr. 9., væri rètt frá dregin, því kostnaður sá, er póst-gufuskipið hefir í för með sèr, getur ekki viðkomið Íslandi að því leyti sem það er skip, er flytur verzlunarvörur landa á milli, og hlýtur þetta án efa að vera annaðhvort misskilningur eða einber vangá hlutaðeigandi stjórnarherra, að færa þetta Íslandi til útgjalda. Þingið sèr án efa, að þetta fè er ekki lagt póstferðunum til handa, heldur til að standast þann kostnað, er leiðir af vöru-

flutningi, sem póstmálum heyrir alls ekki til. Mèr þykir all-líklegt, að dómsmálastjórnin gæti kostað þessar póstferðir án nokkurs skaða, ef öðruvísi lagað skip væri notað til ferðanna, t. a. m. annað stærra. Þegar nú enn fremur er skoðuð 2. tekjugreinin í áætluninni, þá hafa stiptamtmanninum að undanförnu verið veittir 150 rd. í þóknun fyrir tilkostnað til vöruflutninga með póstskipinu til heimilis hans, og er auðsèð, að dómsmálastjórnin hefir áður álitið póstskipsfríflutning þennan alveg á sínum vegum, og hefir borgað fè þetta frá sèr; en nú er fè þetta lagt á landið, því póstmálastjórnin hefir skoðað póstskipsferðirnar sem eingöngu sèr viðkomandi og á sinn kostnað stofnaðar. Þetta hlýtur, sem sagt, að vera einhver misskilningur, sem eg efast ekki um að verði lagfærður, þegar hlutaðeigandi stjórn hefir fengið bending um það. Þetta verður að koma til af einhverjum misskilningi ráðherrans, og vænti eg eptir, að þegar búið er að benda á það, þá muni það verða leiðrètt, og það enda nú þegar í reikninginum fyrir hið yfirstandandi fjárhagsár. Eg er svo sannfærður um, að þetta sprettur að eins af ógætni og misskilningi, að yrði þetta mál lagt undir lög og dóm, þá efast eg eigi um, að útgjaldagrein þessi yrði þegar af numin, og Íslandi endurgoldinn sá kostnaður, er leitt hefði af yfirsjón þessari. Hinar aðrar uppástungur eru lítilsvarðandi. Tölul. 2. á að eins við, að benda á góða reglu í reikningsfærslunni; í útgjaldadálki áætlunarinnar er talinn kostnaður póstgangna á Íslandi 1000 rd., en í tekjudálkinum eru hvergi taldar tekjur af póstgöngunum, og hljóta þær þó að vera nokkrar; það er því auðsætt, að þessir 1000 rd. eiga að vera útgjöldin að frádregnum tekjunum. Meðal annara upplýsinga, er konungsfulltrúi var svo góður að gefa nefndinni, var það, að tekjur þessar mundu nema 300—500 rd. um árið, og því verða þá hin eiginlegu útgjöld 1300—1500 rd. Eg man eptir, að þegar slíkar upphæðir komu fyrir á ríkisþinginu, þar sem þannig væru eigi greindar tekjur og útgjöld, þá var jafnan bent á, að slíkt væri eigi góð reikningsfærsla, og var það svo lagað, og munu þessa á síðustu tímum naumast finnast dæmi. 3. atriðið er útgjaldagreinin í II. 7. gr. D, sem sè «önnur útgjöld til skólanna», auk launanna til embættismanna; þetta nemur töluverðri upphæð, og hefir nefndin farið því fram, að hún verði nákvæmlega endurskoðuð. Það er langt frá nefndinni, að efast um, að menn hafi álitið öll þessi útgjöld nauðsynleg, en það er einnig nauðsynlegt, þar sem búið er með litlum efnum, að

hafa hinn mesta sparnað við; en sumar af útgjaldagreinum þessum eru að nefndinni virðast nokkuð háar; þannig er fyrir húsrúm prestaskólans ætlaðir 250 rd., og ímyndum vèr oss að það gæti fengizt fyrir töluvert lægra verð; því næst eru til skólahússins utan og innan stokks ætlaðir 700 rd.; þetta þykir oss vera ærið fè, einkum þegar vèr lítum á, hvernig húsið lítur þó út; umbúningur á gluggum og dyrum er slæmur; tröppurnar sem við göngum upp eru fúnar; lítum á gólfið undir fótunum á okkur, veggina í kringum okkur og loptið upp yfir okkur; allt þarf umbóta við; ætti skólahúsinu nú að svarast út, svo sem prestar svara út stað og kirkju, þá mundi eigi hjá því fara að mikið álag yrði gjört; þetta virðist benda til þess, að annaðhvort sèu nefndir 700 rd. til skólahússins á ári hverju ónógir, eða þeim sè eigi varið svo vel, sem óskandi væri; enn fremur eru hèr auk þessa og 700 rd. til ljósa og eldiviðar 600 rd. ætlaðir »til ýmislegra útgjalda við skólann». Í Landhagssk. IV. bindi 3. hepti er skýrt ljósar frá, hver þessi ýmislegu útgjöld sèu, og eru þá meðal annars 170 rd. fyrir þvott á lèreptsrekkjuvoðum o. s. frv. Þetta er mikið fè og þykir mèr vafalaust, að það mætti minna vera, ef hèr væri höfð sama aðferð, sem eg veit til að er höfð í Herlúfshólms og Sóreyjarskóla, sem sè að bjóða slík verk upp með undirboði. Þetta er eigi af því, að eg eigi unni þeim, sem hlut eiga að máli, atvinnu þessarar, en þar sem um fè landsins er að ræða, þá er skylda vor að hafa sem mestan sparnað við í öllu. Enn fremur er 4. atriði nefndarinnar viðvíkjandi 10. gr. til að stofna hjálparsjóð 5000 rd. Þótt eg eigi viti það og nefndin enga skýrslu hafi fengið um það efni, þá held eg þó, að það muni vera meiningin, að hafa sjóð þennan til að grípa til, ef einhver sèrleg vandræði bera að höndum t. d. hallæri, en nú á Ísland annan sjóð, sem ætlaður er til þessa, sem sè kollektusjóðinn, og sem lán hefir verið veitt úr, þegar svo hefir á staðið; sams konar sjóður var til í Danmörku og var hann einkum ætlaður til stríðskostnaðar; tilgangurinn getur verið góður, en hèr eru tekjurnar svo litlar og svo ónógar til landsins þarfa, að viðurhluta mikið er að taka allmikinn hluta af þeim til að stofna sjóð, þegar sjóður er til í sama tilgangi. Mèr mun ef til vill verða svarað því, að kollektusjóðurinn, er vera mun að upphæð nálægt 14000 rd., sè eigi á reiðum höndum, því talsvert af honum mun vera í láni, að minnsta kosti veit eg til, að fyrir skömmu hafa ýmsar sveitir fengið lán úr honum, og mun það eigi vera að öllu

endurgoldið, en eigi að síður er sjóðurinn til og er vonandi að umboðsstjórnin sjái um, að skuldir hans verði innheimtar. Oss þykir því eðlilegra, að hann sè hèr eptir ávallt notaður í þeim tilgangi, sem hèr er um að ræða. Eg hefi eigi beinlínis tekið fram, hvað af þessu nefndin ætlaðist til að tekið yrði til greina í reikninginum fyrir hið yfirstandandi ár, enda hafði hún og fremur í huga, að athugasemdir hennar gætu orðið bendingar framvegis; en þó það sè djarft að vænta þess, þá þykist eg fyrir mitt leyti sannfærður um, að 1. atriðið, sem sè halli sá, er Ísland verður fyrir við það, að lestagjald af farmrúmi póstskipsins er látið koma upp í tillagið frá Danmörku, muni nú þegar á þessu ári verða leiðrèttur.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram við inngangsumræðuna, að ekki væri von á verulegum árangri af meðferð þessa máls á þinginu, vegna þess að bæði þingið og mig vantaði nauðsynlegar upplýsingar til að ræða málið til hlítar, og eg fæ ekki betur sèð, en að nefndarálitið, sem nú liggur fyrir, staðfesti þessa skoðun mína að öllu. Eins og hin heiðraða nefnd hefir kannazt við, hefi eg látið henni í tè allar þær upplýsingar, sem eg hefi getað útvegað málinu til skýringar, og sè mèr ekki fært að bæta neinu við. En eg skal þegar leiða athygli þingsins að því, sem að öðru leyti varla getur hafa verið hinni heiðruðu nefnd óljóst, að áætlunin frá 4. marz þ. á., sem átti að vera samin innan loka reikningsársins, á meðan ekki hafði verið ástæða til að undirbúa hana fyr en lögin frá 2. janúarmán. þ. á. voru komin út, allt svo á þeim árstíma, þegar ómögulegt var að leita skýrslna frá Íslandi í þessu tilliti, ekki hæglega gat orðið samin öðruvísi en með því í flestöllum atriðum að miða hana við þá kafla fjárhagslaganna dönsku, sem hingað til hafa haft að innihalda hinar íslenzku tekjur og útgjöld. Það er sjálfsagt, að áætluninni framvegis verður að haga nokkuð á annan hátt, bæði hvað formið snertir og með tilliti til efnisins, því búast má við, að bæði tekjudálkurinn og útgjaldagreinin verði langtum yfirgripsmeiri, þegar tekjur landssjóðsins aukast, eins og gjört er ráð fyrir t. d. í frumvarpinu til tilskipunar um toll á brennivíni.

Eg skal nú leyfa mèr að fara fáeinum orðum um athugasemdir þær, sem nefndin hefir gjört við áætlunina frá 4. marz þ. á., eins og hún liggur fyrir.

Eg get fyrir mitt leyti ekki skilið 6. gr. laganna frá 2. janúarmán. þ. á.: «Ef nokkurt gjald verður lagt á þessar póstferðir

(milli Danmerkur og Íslands) til hins sèrstaklega sjóðs Íslands, verður jafnmikið dregið af árstillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. gr.» á annan hátt en gjört er í áætlunarinnar I. 2. gr. tölul. 9, sbr. II. kap. 4. gr., og eg skal í þessu tilliti skýrskota til umræðna þeirra, sem átt hafa sèr stað á ríkisþinginu, sem, eins og þingmönnum er kunnugt, fyrst hefir stungið upp á þessari ákvörðun. Þetta gjald til hins sèrstaklega sjóðs Íslands hefir bæði á ríkisþinginu, af stjórninni og á alþingi 1869 — því í frumvarpinu til laga um stöðu Íslands í ríkinu, sem lagt var fyrir þingið í hitt eð fyrra og sem hefir leitt til laganna frá 2. janúarmán. þ. á., var álík ákvörðun í 6. gr., altènd verið skilið um lestagjald það, er samkvæmt tilsk. 15. apríl 1854 hvílir á póstskipinu. Að vísu var þetta sèrstaka atriði ekki tekið beinlínis fram í nefndarálitinu frá í hitt eð fyrra, en þetta var samkvæmt stefnu nefndarálitsins ekki að ræða sèrstök atriði frumvarpsins; en eptir því sem þinginu var skýrt frá, gat ákvörðunin ekki, þrátt fyrir útlistun nefndarinnar og hins heiðraða framsögumanns, skilizt á annan hátt, og þessum skilningi var ekki mótmælt á þinginu. Eg er þess vegna fyrir mitt leyti alveg samdóma um, að 1. niðurlagsatriði nefndarinnar ekki getur orðið tekið til greina, og skal því ráða þinginu frá að aðhyllast það.

Hvað niðurlagsatriði 2. snertir, skal eg geta þess, að eg álít það sjálfsagt, að tekjur og útgjöld póstsjóðsins samkvæmt frumvarpinu til tilskipunar um póstmálefni Íslands 1. gr. verði til tekin í hinni árlegu áætlun. Hvað dómsmálasjóðinn snertir, hefir hann, eins og þingmönnum er kunnugt, hingað til verið undir sèrstaklegri umboðslegri stjórn, eins og bæði kollektusjóðurinn og læknasjóðurinn, og um þessa sjóði hefir ekkert verið til tekið hingað til í hinum árlegu fjárhagslögum; en áætlunin frá 4. marz inniheldur, eins og auðsætt er og eg nýlega benti til, að eins þær tekjur og þau útgjöld, sem hingað til hafa verið ákveðin í fjárhagslögunum, að viðbættu ársgjaldinu, samkvæmt lögunum frá 2. janúarm. þ. á. Eg fyrir mitt leyti álít það líklegt, að þessir sjóðir framvegis verði teknir til í hinni árlegu áætlun, en sem stendur get eg ekki sagt neitt víst um það.

Útgjaldagreinin í áætlunarinnar II. 7. gr. stafl. D (önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla) hefir, að því leyti mèr er kunnugt, hvert ár hingað til verið nákvæmlega endurskoðuð, og mèr þykir það vafalaust, að svo muni verða einnig framvegis.

Við 4. niðurlagsatriði nefndarinnar skal eg taka það fram, að mèr virðist geta verið spursmál um, hvort hinn svo kallaði kollektusjóður eigi að vera styrktarsjóður sèr samkvæmt þeim tilgangi, er hann upprunalega hefir haft, eða hvort honum eigi að slengja saman við þann sjóð, sem nauðsynlegt er að hafa á reiðum höndum (contant Kassebeholdning) við byrjun hvers árs til þess að standa straum af útgjöldum landssjóðsins, á meðan tekjurnar eru að renna inn í hann. Mèr þykir þar hjá mjög æskilegt á þennan hátt smámsaman að mynda sjóð, sem getur komið að notum seinna, þegar ný útgjöld þykja nauðsynleg, en sjálfsagt má ekki hamla framförum landsins til að stofna þennan sjóð.

Að svo miklu leyti sem hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar hefir álitið það eiga vel við, að draga spursmálið um hinar svokölluðu rèttarkröfur inn í nefndarálitið, skal eg geta þess, að þetta spursmál að mínu áliti er þessu máli, þar sem ræða er um hina árlegu áætlun, alveg óviðkomandi, og skal þess vegna ráða þinginu frá að eyða tímanum með því að ræða þetta spursmál, og frá að aðhyllast 5. niðurlagsatriði. Eg skal fyrir mitt leyti, hvort sem þingmenn óska að fara lengra út í þetta mál eða ekki, ekki láta leiðast til að taka þátt í umræðum, sem eptir minni sannfæringu bæði liggja alveg fyrir utan það mál, sem hèr er um að ræða, og ekki geta orðið til neins gagns. Og eg skal bæta því við, að hvernig sem menn áður hafa skoðað þetta spursmál, þá er það nú vafalaust útkljáð með lögunum frá 2. janúarmán. þ. á., og leiða athygli þingsins að því, að það ekki er ríkisþing Dana, eins og mèr virðast ýms orðatiltæki í nefndarálitinu benda til, heldur vor allramildasti konungur, sem hefir gefið lögin frá 2. jan. þ. á., eptir að hann nákvæmlega hefir yfirvegað allt það, sem í þessu tilliti þurfti að taka til greina, og alþingið hefir bæði í hitt eð fyrra og áður reynt til að leiða rök að þessum kröfum, ekki síður en meiri hluti nefndarinnar hefir gjört það í nefndarálitinu, sem hèr liggur fyrir.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Því næst var lesið og samþykkt álitsskjal til konungs um hið konunglega frumvarp til tilskipunar um póstmál (Sjá II, bls. 420).

Forseti: Þar eð ekki er meira að gjöra í dag, þá vil eg ákveða fund á mánudaginn klukkan 12, og segi svo

Fundi slitið.

---

31. fundur. — 14. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Þingbók frá undanfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi tekið á móti nefndarálitinu í málinu um eptirlaun Benidikts Sveinssonar ásamt nokkrum fylgiskjölum, er viðvíkja máli þessu; verður eptirrit af nefndarálitinu sent hinum háttvirta konungsfulltrúa, og málið síðan lagt á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það, unz það verður tekið til umræðu.

Það, sem fyrir liggur í dag, samkvæmt dagsskránni, er undirbúningsumræða um hið konunglega frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. Eg gat þess áður, að eg mundi leggja málið til fundar þegar í dag, þótt eigi væri það búið að liggja á lestrarsalnum hinn lögskipaða tíma til enda, og leita um það atkvæða, hvort nokkur hinna virðulegu þingmanna væri því eigi mótfallinn. Eg vil því spyrja, hvort nokkur þingmanna sè móti því?

Þegar enginn neitaði, kvaðst forseti leggja málið til umræðu, og mælti:

Framsögumaður í málinu, er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga; mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra það svo, sem honum þykir þörf.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið (Sjá II, bls. 434).

Eg held þetta nefndarálit sè þá loksins búið, þó langt sè, og ætla eg eigi að svo stöddu að fara mörgum orðum um málið, en leyfi mèr einungis, að stinga upp á, að frumvarpið verði rætt í köflum, þannig að 1. kafli verði ræddur sèr á parti, með því nefndin hefir gjört mestar breytingar við hann; og þar næst sting eg upp á, að allir hinir aðrir kaflar frumvarpsins sèu ræddir í einu lagi, og loks í þriðja og síðasta lagi vara-uppástunga nefndarinnar, og niðurlag nefndarálitsins, sem einungis viðkemur stjórnarstöðulögunum.

Konungsfulltrúi: Eg sè enga ástæðu til að ræða frumvarpið í köflum, eins og upp á hefir verið stungið, þar sem ekki er að ræða nema eginlega um tvær greinar frumvarpsins, og álít því rèttast að það verði rætt óskipt í heild sinni.

Forseti: Eg vil leita atkvæða hinna heiðruðu þingmanna um

það; hvort ræða skuli frumvarpið í köflum, eins og hinn háttvirti framsögumaður hefir stungið upp á?

Þetta var samþykkt með meira hluta atkvæða.

Forseti: Fyrst það er samþykkt, að ræða skuli málið í köflum, skal eg fyrst setja til umræðu 1. kafla frumvarpsins, 1.—13. grein; þar næst hitt annað af frumvarpinu, og ákvarðanirnar um stundarsakir; í þriðja lagi hin önnur atriði málsins. Fyrst liggur þá fyrir til umræðu fyrsti kafli frumvarpsins, sem er 1.—13. gr.

Framsögumaður: Mèr finnst nú reyndar eigi þörf á, að ræða mikið um þennan 1. kafla frumvarpsins, því hann hefir verið margræddur áður hèr á þinginu, einkum 1867. Eg skal því ekki fjölyrða um hann, fyr en eg hefi heyrt undirtektir hinna heiðruðu þingmanna. Nefndinni þóttu nú svo töluverðir gallar á þessum kafla frumvarpsins, að hún gat eigi leitt hjá sèr, að gjöra ýmsar breytingar við hann; en með því að ástæðurnar fyrir breytingum þessum hafa áður verið teknar ljóslega fram, ætla eg ekki að fara lengra út í það mál að sinni. Eg skal að eins með fáum orðum drepa á ágreining þann, er orðið hefir milli meiri og minni hluta nefndarinnar út af þessum kafla. Mèr virðist minna hlutanum hafa farizt líkt og barni, sem hefir brúðu sèr að leikfangi og þykir hún töturlega búin, og vill því reyna, að færa hana í dálítið skárri búning. Minni hlutinn hefir nefnilega leitazt við að skreyta frumvarpið með ofurlitlum smábreytingum, sem eiga að gjöra það litfegra, að minnsta kosti í augum hans sjálfs; en eg held, að breytingar þær, er minni hlutinn hefir gjört, verði í reyndinni þýðingarlitlar, og sèu til svo sem engra umbóta. Minni hlutinn þykist ætla að gjöra stjórnina innlenda og sem frjálslegasta, en eg fæ eigi sèð, hvernig hann fær komið þessum tilgangi sínum fram, með þessum ómerkilegu og alveg þýðingarlausu breytingum. Breyting sú, sem minni hlutinn hefir gjört við 3. grein frumvarpsins, sýnist mèr þannig löguð, að hún eigi að miða til að setja ráðgjafa og landshöfðingja hvorn við hliðina á öðrum; en gæti menn að síðari kafla greinar þessarar, og sömuleiðis að 4. og 5. grein minni hlutans, þá mun mega sjá, að minni hlutinn kemst hèr í mótsögn við sjálfan sig, því í öllum þessum greinum er beinlínis ákveðið, að ráðgjafinn, en ekki landshöfðinginn, eigi að bera alla ábyrgðina, bæði af löggjöfinni og stjórnarstörfunum. Yfir höfuð að tala, get eg eigi sèð, að minni hlutinn hafi gjört nokkrar umbætur á frumvarpinu; breytingar hans kunna að

þykja dálítið glæsilegar í fyrsta áliti; en þegar vel er að gætt, held eg þær séu eigi á marga fiska.

Konungsfulltrúi: Stjórnarbótarmálið er sannarlega mikilsvarðandi og vandamikið mál fyrir þjóð og land, og eg treysti því, að þingið muni taka í það með þeirri alvörugefni og ró, sem það á skilið; eg skal fyrir mitt leyti reyna til að skýra það svo nákvæmlega sem mèr er unnt, og án þess með neinu að gjöra það að kappsmáli.

Þetta mál er engan veginn og hefir aldrei verið kappsmál frá stjórnarinnar hálfu, og sá ákafi, sem fram hefir komið í því, er allajafna kominn frá hálfu landsmanna, þar sem þeim hefir þóknazt að ota fram kröfum, er þeir hafa sett í samband við stjórnarbótarmálið, kröfum, sem hvergi hafa náð neinni átt, nè staðið í neinu eðlilegu eða verulegu sambandi við spursmálið. Þegar hinn hásæli konungur Friðrik VII. hèt þegnum sínum frjálslegra stjórnarfyrirkomulagi en hingað til hefði verið, hugsaði hvorki hann nè nokkur annar heilvita maður, að þetta loforð ætti að snerta samband það, sem eptir hinum gildandi lögum var milli hinna sèrstöku landshluta ríkisins. Þessi hugmynd, eða þessi krafa er komin fram seinna, og hefir aldrei verið samþykkt frá hálfu konungsins; hún er komin fram í hertogadæmunum Slèsvík og Holsten, og — það er að vísu sorglegt, þegar saman er borið, eins og ekki verður hjá komizt — hún er einnig komin fram á Íslandi. En eins og hún var byggð á ósönnum ástæðum frá hálfu hertogadæmanna, þó að kringumstæður, sem voru henni óviðkomandi, sýnist um tíma þar að hafa hlynnt að henni — til óhamingju þjóðarinnar, að minnsta kosti í Slèsvík — eins er hún frá Íslands hálfu byggð á alveg röngum og ósönnum ástæðum. Það sem menn í þessu tilliti hafa prèdikað fyrir landsmönnum, og sem einnig er tekið fram í nefndarálitinu bls. 16, er sèr í lagi — að eg sleppi hinum vísindalegu eða sögulegu rannsóknum, sem geta verið mikilsvirði í vísindalegu tilliti, en sem ekki eru einskildingsvirði í verklegu eða praktisku tilliti — að Ísland hafi ekki notið jafnrèttis við meðbræður vora í Danmörku, að þessum hafi verið veitt samþykktarvald í öllum málefnum, en oss sè synjað um það, og einungis veitt tómt ráðgjafarvald í hinum mest áríðandi málefnum landsins. Það er, ef til vill, meiri hluta nefndarinnar ókunnugt, því þeir heiðruðu menn, sem í honum eru, þekkja má ske ekki ástandið í Danmörku nema frá «Fèlagsritunum»; en það

getur ekki hafa verið kennara þeirra ókunnugt, og — eg skal bæta því við, þar sem eg óska ekki að vita, hver kennari þessara villulærdóma sè — það getur heldur ekki hafa verið hinum háttvirta forseta þingsins, sem svo langan tíma hefir dvalið í Kaupmannahöfn, ókunnugt, að þessi prèdikun um, að Íslandi ekki hafi verið unnt jafnrèttis, er alveg ósönn og röng. Honum getur ekki verið ókunnugt, að einmitt þær ákvarðanir, sem snerta sambandið milli ríkishlutanna, eru settar án samþykkis frá ríkisþingi Dana, og ákveðnar af konunginum einum, fyrst með opnu brèfi 28. jan. 1852, og þar á eptir með tilsk. 26. júlí 1854, alveg á sama hátt og konungurinn með lögunum 2. jan. þ. á. hefir ákveðið stöðu Íslands í ríkinu. Það er svo langt frá, að oss í þessu tilliti hafi verið neitað um jafnrètti, að greindar 2 tilskipanir voru lögleiddar, án þess að ríkisdeginum og — eg bið þingmenn vel gá að því — hinum löggefandi ríkisdegi væri gefinn kostur á að segja álit sitt um þær, að þvert á móti lögin frá 2. janúarm. þ. á. ekki voru lögleidd fyrri en búið var tvisvar sinnum að leita álits alþingsins um allar ákvarðanir þær, sem þau hafa inni að halda. Að ríkisdagurinn seinna, eptir að hinar áður tilgreindu tilskipanir voru lögleiddar, hefir haft áhrif á ákvarðanir þeirra og í nokkrum atriðum komið breytingum á þeim áleiðis, er alveg annað mál; það sama getur þingið gjört bæði þó vèr höldum alþingistilskipuninni óbreyttri og ef vèr fáum stjórnarskrána, sem hèr ræðir um. Eg skal bæta því við, að þegar frumvörp til laga um stjórnarbótarmál Holsteins og Slèsvíkur voru lögð fyrir umdæmastöndin í þessum hertogadæmum, frumvörp þau, sem leitt hafa til laganna 11. febr. 1854 og 11. júní s. á., var það beinlínis tekið fram í ástæðunum, að umdæmastöndunum væri ekki leyft að stinga upp á neinum breytingum við hinar almennu ákvarðanir frumvarpanna, sem snerta stöðu hertogadæmanna í ríkinu. Svoleiðis stendur á prèdikuninni um jafnrèttið, og svona stendur á hinum öðrum kröfum, er komnar eru fram frá þessari hlið.

Heitorð það, sem hinn hásæli Friðrik VII. gaf Íslendingum ekki síður en öðrum þegnum sínum, er í öllum atriðum og til fulls og alls efnt með því frumvarpi, sem nú liggur fyrir þinginu, og það stendur í þingsins valdi að gjöra út um það, hvort þingið vill ganga að þessu tilboði konungsins; ef þinginu virðist það aðgengilegt, verður það lögleitt, að öðrum kosti verður því ekki neytt upp á oss. En eg skal leiða sèrlega athygli þingsins að því, að þetta

tilboð, sem nú eptir minni sannfæringu liggur fyrir í seinasta skipti, að minnsta kosti fyrst um sinn, ekki liggur fyrir nú í fyrsta skipti, heldur er árangurinn af þeim boðum, sem konungurinn hefir gjört þinginu bæði 1867 og 1869, og af ýtarlegum umræðum þingsins þessi 2 ár, en það gefur að skilja, að konungurinn, eptir að hann nákvæmlega hefir yfirvegað allar tillögur þingsins, og tekið þær til greina að svo miklu leyti sem honum virðist mögulegt að taka þær til greina, hefir í þessu frumvarpi farið svo langt til móts við óskir þingsins, sem frekast er unnt. Það gefur að skilja, að uppástungur frá þingsins hálfu um verulegar breytingar á aðalatriðum frumvarpsins að öllum líkindum muni spilla málinu, og ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að það óskar ekki að þiggja tilboðið, þá verður afleiðingin af samþykktarvaldi því, sem þingið hefir óskað, og sem eg í þessu sérstaka tilfelli hefi tilsagt þinginu, þó að hvorki alþingistilskipunin, nè fyrirheitið 23. sept. 1848, nè aðrar lagaákvarðanir heimili þinginu þetta vald, að stjórnarbótinni verður frestað um óákveðinn tíma.

Hin heiðraða nefnd hefir tekið það fram í nefndarálitinu, að þetta mál hafi verið svo ýtarlega rætt bæði 1867 og 1869, að nefndinni virðist engin þörf á að koma fram með neinar nýjar athugasemdir eða rök fyrir málinu; um þetta atriði er eg hinni heiðruðu nefnd alveg samdóma, og skal þess vegna einnig fyrir mitt leyti skýrskota til þess, sem eg hefi tekið fram málinu til skýringar á undanförnum þingum. Frumvarpið er í öllu verulegu samhljóða frumvarpinu frá 1869, en við að semja þetta frumvarp var tekið svo ríflegt tillit til uppástungna þingsins frá 1867 sem unnt var, og hvað efnið snertir, eru ekki aðrar nýjar uppástungur í þessu frumvarpi en þær, sem beinlínis leiða af því, að lögin frá 2. janúarm. þ. á. eru komin út; þessar breytingar snerta að eins fyrirkomulag umboðsvaldsins og stjórnarábyrgðina og innihaldast í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Allar hinar breytingarnar frá frumvarpinu 1869 eru óverulegar, og þar sem þingið bæði 1867 og 1869 hefir samþykkt allar þessar ákvarðanir í aðalatriðum þeirra, virðist mèr líklegt að þingið, ef það óskar löggjafarvaldsins, ekki muni halda breytingaruppástungum sínum við þessar greinir fastlega fram.

Hvað breytingarnar við 2. og 3. gr. frumvarpsins snertir, skal eg einnig skýrskota til þeirra ýtarlegu og umfangsmiklu umræðna, sem átt hafa sèr stað á undanförnum þingum um fyrirkomulagið

á hinni æðstu umboðsstjórn og hina stjórnarlegu ábyrgð. Þá þingmenn, sem mèr ekki hefir heppnazt á undanförnum þingum að gjöra þetta spursmál ljóst, hefi eg litla von um nú að sannfæra, en ekki að síður skal eg fara fáeinum orðum um þetta atriði. Hið «constitutionelle Monarchi» er byggt á þeirri aðalhugsun, að konungurinn á að vera ábyrgðarlaus, og að ábyrgðin fyrir stjórnarathafnir hans á að hvíla á þeim æðsta embættismanni, sem hann kveður sèr til ráðaneytis, og sem nefndur er «Minister». Eptir öllum grundvallarlögum þeim, sem um «constitutionel Monarki» gilda, er löggjafarvaldið hjá konunginum og þjóðþinginu í sameiningu, en framkvæmdarvaldið hjá konunginum einum; en í þessari ákvörðun hlýtur beinlínis að vera fólgin sú aðalregla, að konungurinn á að skipa öllu því, sem snertir framkvæmdarvaldið, upp á sitt eindæmi, og án hluttekningar frá þjóðþingsins hálfu, eða eins og menn kalla það: skipun framkvæmdarvaldsins er einkarèttur konungsins (konunglegt Prærogativ); grundvallarlögin eiga ekki að ákveða neitt í þessu tilliti nema það eitt, að æðsti embættismaður konungsins, Ministerinn, eigi að hafa ábyrgð á því, að stjórnarskipunarlögunum sè fylgt. Þessi ábyrgð getur ómögulega hvílt á öðrum en embættismanni þeim, sem er viðstaddur hjá konunginum; þessi embættismaður einn getur með skýrslum sínum, uppástungum sínum, ráðum sínum, bendingum sínum haft þau áhrif á vilja konungsins, að hann getur tekið ábyrgðina af þessu upp á sig. Það er fjarlægðin frá aðsetri konungsins, sem veldur því, að nauðsynlegt er að fela öðrum embættismanni á Íslandi hið æðsta framkvæmdarvald innanlands á hendur; ef konungur hefði aðsetur sitt á Íslandi, væri landshöfðinginn sjálfsagt óþarfur, þá ætti sjálfsagt Ministerinn að gegna þeim störfum, sem nú vegna fjarlægðarinnar nauðsynlega verður að fela landshöfðingjanum. En sá hluti starfanna, sem hin stjórnarlega ábyrgð er bundin við, ábyrgðin, sem á að supplera (koma í staðinn fyrir) ábyrgðarfrelsi konungs, getur ekki orðið uppálagður landshöfðingjanum, af því að skilyrðin fyrir ábyrgðinni, sem sè að hann getur lagt hvert mál, sem um er að ræða, fyrir konunginn til úrskurðar á þann hátt, að hann sjálfur getur haft nauðsynleg áhrif á vilja konungs, ekki eru til, og geta eptir eðli hlutarins ekki verið til hjá honum. Þingmenn skilja, ef til vill, ekki nákvæmlega stjórnarlega ábyrgð þá, sem um er að ræða í stjórnarlögum, eins og í frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir; þeir gjöra, ef til vill, ráð fyrir því, að hún sè

yfirgripsmikil, og komi fyrir dagsdaglega, en þetta er hreinn misskilningur; hin stjórnarlega ábyrgð, sem hèr ræðir um, snertir einungis framkvæmd grundvallarlaganna, eða stjórnarskipunarlaganna, og getur ekki komið fram, nema brotið sè á móti þeim. Á hinn bóginn hvílir hin almenna embættismanna-ábyrgð bæði á ministernum og landshöfðingjanum, en henni verður ekki komið fram við dóma þá, sem skipaðir eru í grundvallarlögunum. Eg skal taka til dæmis: ef brotið verður móti 4. gr. frumvarpsins með því að veita manni, sem ekki hefir hin almennu rèttindi innborinna manna, eða sem ekki hefir fært sönnur á lögákveðinni kunnáttu í íslenzku máli, embætti; ef alþingi ekki eptir 5. gr. verður stefnt saman annaðhvort ár; ef fundum reglulegs alþingis verður frestað um lengri tíma en 4 vikur án samþykkis þingsins, eða fleirum sinnum á ári (sbr. 7. gr.; ef ekki verður stofnað til nýrra kosninga innan þess í 8. gr. ákveðna tíma eptir uppleysingu alþingis, eða ef þinginu ekki verður stefnt saman næsta ár á eptir; ef bráðabygðarlög koma í bága við stjórnarskrána, eða þau ekki samkvæmt 11. gr. verða lögð fyrir næsta alþingi á eptir að þau eru gefin út; ef skattur verður lagður á eða lán tekið, sem skuldbindi landið, eða jarðeignir landsins seldar á annan hátt en ákveðið er í 23. gr., sem sè með lagaboði; ef skipun dómsvaldsins verður ákveðin á annan hátt, en með lagaboði samkvæmt 42. gr. — í öllum þessum tilfellum er spursmál um hina constitutionelle ábyrgð; ef brotið er á móti þessum ákvörðunum í stjórnarskipunarlögunum, varðar það ábyrgð fyrir þann Minister, sem hefir útvegað úrskurð konungs í greindum tilfellum, og alþinginu er eptir 3. gr. frumvarpsins heimilt að ákæra hann fyrir það. Það sama er að segja, ef brotið verður móti 25. gr. á þann hátt, að með konungsúrskurði verði ávísað gjaldi, án þess heimild sè til þess í föstu fjárhagsáætluninni eða í fjáraukalögunum, en ef gjald verður greitt af hendi á móti þessari ákvörðun án úrskurðar konungs, hvílir ábyrgðin fyrir það á þeim embættismanni, sem gjaldinu hefir ávísað, en það mun í flestum eða öllum tilfellum verða landshöfðinginn. Þessa ábyrgð getur þingið gjört gildandi með tvennu móti, annaðhvort samkvæmt 2. málsgrein 3. gr., eða 26. gr. við endurskoðun hinna árlegu reikninga og úrskurð þeirra með lagaboði. Þessi eru hin mest áríðandi mál, þar sem spursmál getur orðið um hina stjórnarlegu ábyrgð, og sem landsrèttirinn, þegar hann kemst á, getur dæmt um; hin önnur ábyrgðarmál, sem spursmál getur orðið um, geta ekki orðið lögð

fyrir þess konar dóm, en ef svo verður, á þeim að vísa frá dóminum. Það er, held eg, auðsætt, þegar rètt er litið á þau mál, sem hin constitutionelle ábyrgð er bundin við, að þau geta ekki komið dagsdaglega fyrir, heldur að eins mjög sjaldan, og þess vegna eru ákvarðanirnar um hina stjórnarlegu ábyrgð, þó að þær frá «theoretisku» sjónarmiði sè mjög áríðandi, i rauninni næsta þýðingarlitlar; það hefir reynslan sýnt og sannað í öllum heiminum. Í frumvarpinu eru nú þessar ákvarðanir til teknar á þann hátt, sem yfir höfuð er unnt, svoleiðis að hin constitutionelle ábyrgð, sem ekki er meira eða annað, en ábyrgðin fyrir úrskurð konungsins, er lögð á þann einn, sem getur borið hana, ministerinn, og að alþingi er gefin heimild til, þegar það óskar að koma ábyrgð á hendur landshöfðingjanum, að fara þess á leit við konunginn, sem þá ákveður, hvernig ábyrgðina skuli gjöra gildandi á móti landshöfðingjanum, annaðhvort með því að víkja honum úr embættinu, eða með því að vísa málinu til landslaga og rèttar, og það er auðskilið að hèr — 3. gr. síðari málsgrein — ekki ræðir einungis um vanalega embættisábyrgð, því það var sjálfsagt óþarft að til taka hana, heldur einmitt um þá pólitisku ábyrgð, sem hið sèrstaklega ásigkomulag landshöfðingja-embættisins getur haft í för með sèr, t. d. ef deilur komast á milli landshöfðingjans og alþingis eða því um líkt. En af því landshöfðinginn ómögulega getur lagt hvert mál undir úrskurð konungs, er það alveg ómögulegt, að leggja hina stjórnarlegu ábyrgð í þessa orðs rètta skilningi á hann. Ministerinn á að bera þessa ábyrgð, hvernig sem umboðsvaldinu verður komið fyrir, og eg skal taka það fram, að mig hefir furðað, að hin heiðraða nefnd ekki hefir sèð sèr fært að lesa eða skilja fyrri málsgrein 3. gr. frumvarpsins öðruvísi, en hún lýsir henni bls. 1 í nefndarálitinu: «að ekki getur orðið umtalsmál um, að ráðgjafinn hafi nokkra ábyrgð fyrir alþingi». Það er að mínu áliti augljóst öllum þeim, sem geta lesið og hugsað, að hin stjórnarlega ábyrgð ráðgjafans í öllum sèrstaklegum íslenzkum málum eptir 3. gr. frumvarpsins er komin undir alþingi einu, og það er sá mikli kostur, sem þetta frumvarp hefir fram yfir frumvarpið frá 1869, en það liggur, ef til vill, í stefnu þeirri, sem hinn heiðraði minni hluti nefndarinnar álítur eiga vel við að halda óbreyttri í máli þessu, ekki að vilja skilja rèttilega tilboð konungsins.

Eg held að eg hafi nú nægilega skýrt frá fyrirkomulagi því á umboðsvaldinu og hinni stjórnarlegu ábyrgð, sem stungið er upp

á í frumvarpinu, og skal einungis bæta því við, að allar uppástungur meiri hlutans um verulegar breytingar á þessum ákvörðunum eptir minni sannfæringu eru alveg óaðgengilegar, og munu að öllu spilla málinu. Eg skal þess vegna skýra þinginu frá, að ef það aðhyllist breytingaruppástungur meiri hlutans við 2. og 3. grein frumvarpsins, eða hinar nýju greinir 4., 5., 6. og 7., verður stjórnarskráin ekki lögleidd. Það sama er að segja um varauppástungu meiri hlutans, en eg skal ekki fara mörgum orðum um hana. Eptir því sem eg hefi tekið fram, getur stjórnarábyrgðin ekki hvílt á öðrum en ráðgjafanum, hvort sem ákveðið verður að við hafa «erindsreka» eða jarl með ráðgjöfum, eða hvaða aðrar «fantasier» meiri hlutinn getur ímyndað sèr.

Þegar eg nú skal snúa orðum mínum að uppástungum hins heiðraða minni hluta nefndarinnar, skal eg taka það fram, að eg virði mikils það, að hann hefir reynt til að skoða frumvarpið hlutdrægnislaust, og að hann hefir skilið tilboð það, sem fyrir liggur í frumvarpinu. Eg er sjálfsagt þessari stefnu langtum meira hlynntur en hinni, sem meiri hlutinn hefir farið, vegna þess að eg, eins og þingmönnum er kunnugt, elska hið «constitutionelle» frelsi, og vona að vèr, ef það verður oss gefið, því hið persónulega frelsi er þegar eins mikið hèr í landinu, og nokkurs staðar í heiminum, getum notið þess í þarfir landsins, og að það muni efla dugnað þann og þrek, sem oss vantar í flestöllum efnum; ef eg væri mótstöðumaður frjálslegs stjórnarfyrirkomulags, vildi eg má ske aðhyllast uppástungur meiri hlutans, því þá gæti eg verið fullviss um að ná því, sem eg óskaði, þó að eg þar að auki gæti gefið mèr þann blæ, að vera frelsis- og ættjarðarvinur. Hinn heiðraði minni hluti hefir nú farið annan veg líklega ekki vegna þess, að hann álíti frumvarpið í öllum atriðum fullkomið, heldur vegna þess, að hann sèr, að frumvarpið er bæði í sjálfu sèr gott og brúkanlegt, og að ekki er mögulegt sem stendur að ná neinu fyrirkomulagi betra eða mönnum geðfelldara; hann hefir líklega hugsað um það, að þar sem búast má við eptir meðferð þeirri, sem frumvarpið til tilskipunar um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum hefir fengið á þinginu, að þessi tilskipun verði lögleidd innan skamms, og tekjur landsins með þeim hætti muni aukast töluvert, þá muni það vera enn meira áríðandi fyrir þingið, að fá löggefandi hluttekningu í fjárforræðinu, sem frumvarpið býður fram; hann hefir, ef til vill, einnig hugsað um það, að nauðsyn-

legt sè, að hætta þessum endalausu umræðum um stjórnarbót, sem nú hafa staðið yfir um rúm 20 ár, og sem hafa hamlað öllum framförum landsins, ef ætlunarverk þingsins á ekki að vera tómt kappsmál manna á milli, heldur velmegun landsins.

Eg fæ ekki sèð, að breytingar hins heiðraða minni hluta sèu verulegar efnisbreytingar, og skal þess vegna ráða þinginu frá að aðhyllast þær, en samt sem áður, vegna þess að þær fara í þá stefnu, sem mèr virðist hafandi, skal eg gjöra hvað í mínu valdi stendur til þess, að mæla með þessum uppástungum, ef þingið aðhyllist þær; en eg skal taka það fram, að ef þingmenn óska að þiggja fjárforræðið og löggjafarvaldið með þeim skilmálum, sem í frumvarpinu eru boðnir, og sem yfir höfuð getur orðið umtalsmál um, virðist mèr það ákjósanlegra, að taka breytingar þær, sem ekki raska aðalreglum frumvarpsins, fram í álitsskjalinu, heldur en í niðurlagsatriðunum, eða þá til vara bæta einu niðurlagsatriði við, sem getur skýrt frá þeirri þýðingu, sem þingið óskar að leggja í hin önnur niðurlagsatriði.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að tala fáein orð, þar eð konungsfulltrúi beindist að mèr, og einkum um nokkur almenn atriði. Hann byrjaði ræðu sína með því að segja, að þetta væri ekkert kappsmál fyrir stjórninni; þess ber þá fyrst að gæta, að hèr tefla tveir sinn með hverju móti, þar sem tveir ójafnir tefla saman, og það getur litið svo út, sem kapp komi heldur fram hjá þeim, sem valdið hefir minna og á í vök að verjast. En hefir það þó ekki sýnt sig, að þetta hafi verið kappsmál frá stjórnarinnar hálfu? og er það eigi svo enn? Hefir hún eigi sýnt kapp, er hún hefir ofsótt þá menn, sem hafa látið í ljósi aðra skoðun en hún í stjórnarmálinu, en hlynnt að hinum, sem hafa fylgt því, sem hún vildi vera láta í þessu máli? Eg vil minna á, hvernig farið var að eptir þjóðfundinn 1851, hvernig þá og enda síðan hafa verið menn settir af embættum án dóms og laga sökum þess, hvernig þeir hafa komið fram í þessu máli. Eg hirði ekki að taka fleiri dæmi, því þessi eru nóg, og þau eru öllum kunnug. Eg held víst, að enginn geti neitað því, að stjórnin hefir bæði fyr og síðar fylgt málinu af miklu kappi frá sinni hlið, þegar hún hefir annars fylgt því, en það er satt, að stjórnin hefir eigi verið sèrlega ötul til að ráða því til lykta, heldur látið það opt liggja óhreift árum saman, og ber það til þess, að hún hefir jafnan mætt svo samhuga mótstöðu af hálfu Íslendinga, að henni hefir eigi þótt ráðlegt, að fara svo

langt sem hún annars mundi hafa gjört. Konungsfulltrúi sagði, að 1848 hefði eigi verið talað um samband ríkishlutanna. Eg skil alls ekki, hvernig hann getur talað slíkt; því það má hann þó vita, og það hlýtur hann að viðurkenna, að í konungsbrèfinu frá 23. sept. 1848 er einmitt gefið loforð konungs um það, að Íslendingar skuli hafa atkvæði um stjórnarmál sín. Íslendingum er þar einmitt gefin trygging fyrir, að engu muni verða neytt upp á þá um stöðu þeirra í ríkinu, heldur að það verði útkljáð með samþykki þeirra. Eg segi með samþykki þeirra, því þessi verður skilningurinn að vera á konungsbrèfinu, og enginn annar; annars væri engin meining í því. Eg vil minna á annað atriði, sem þar er samtengt við, og gjörir þetta enn ljósara. Þegar ríkisfundurinn kom saman, þá man hinn háttvirti konungsfulltrúi það eins vel eins og eg, að í frumvarpinu til hinna dönsku grundvallarlaga var ætlazt svo til, að Danmörk, Slèsvík, Færeyjar og Ísland yrði ein heild. Þessi fjögur lönd voru þó án efa hlutar ríkisins, og því verður þess vegna, skilst mèr, varla neitað, að hèr var um samband ríkishlutanna að gjöra. En að því leyti sem Ísland snertir, þá sagði ráðgjafaforsetinn, sem þá var, að um stöðu Íslands gæti ekkert orðið ákveðið að sinni, fyr en það mál væri borið undir þing á Íslandi sjálfu, og sama var um Slèsvík. Það er því öldungis rangt hermt, að 1848 hafi ekki verið talað um samband ríkishlutanna, eða að þá hafi verið ákveðið nokkuð um það til fullnustu án atkvæða ríkishlutanna sjálfra. Í þriðja lagi sagði konungsfulltrúi, að það væri eigi satt, að Íslendingum hefði verið neitað um jafnrètti. Tóku þá Íslendingar jafnrèttisþátt í kosningunum til ríkisfundarins 1849, er setti grundvallarlögin? Nei, þeir fengu alls engan þátt að eiga í þeim kosningum. En játum nú, að þetta kunni að hafa verið kringumstæðunum að kenna, að þeir eigi fengu neinn þátt í kosningum þessum, þá er það þó eigi að síður rèttarhalli, sem allir verða að játa, og hinn háttvirti konungsfulltrúi hefði því fremur ástæðu til þess, sem faðir hans, er var þingmaður á Jótlandi 1848, fann til þessa rèttarhalla, og tók það skýrt fram, að hèr yrðu Íslendingar eigi fyrir jafnrètti. Eg vil eigi tala um síðan, því það er öllum svo kunnugt, sem hèr eru á þingi, að það þarf ekki að rifja það upp ítarlega. Eg skil eigi, hvernig konungsfulltrúi, sem annars er svo sanngjarn maður, fer að bera móti því. Auglýsingin frá 28. janúar 1852, sem konungsfulltrúinn skýrskotaði til, nefndi ekki Ísland á nafn, og svo var

eins um stjórnarlagabreytingarnar 1854 og 1855, að Ísland fèkk enga hlutdeild og ekkert atkvæði að eiga um þær. En voru þeir þá með, þegar endurskoðuð voru grundvallarlögin, þessi lög, sem eiga nú að vera yfirhjálmur allrar löggjafar vorrar, yfirhjálmur allrar ríkisskipunarinnar? — Nei, vèr höfum aldrei sèð þau, því síður átt þátt í að búa þau til; og þó vill stjórnin álíta þau sem skuldbindandi fyrir oss. Hafa Íslendingar nokkurt jafnrètti í málum þeim, er varða þá sjálfa mest? Nei, það er ríkisþingið í Danmörku, sem áskilur sèr vald til að úthluta oss, hvort vèr megum ráða nokkru, og hversu miklu, og að hverju leyti í vorum eigin málum, hver mál vor skuli vera sèrstakleg eða ekki, og í hverjum málum vorum vèr skulum alls ekki hafa atkvæðisrètt. Það er ríkisþingið í Danmörku, sem vill áskilja, að fyrir sèr einu sè ábyrgð af stjórn, ekki einungis hinna almennu ríkismála, heldur og einnig hinna sèrstöku mála vorra. Það er ríkisþingið, sem vill skapa oss fjártillag eptir eigin vild, án þess að rannsaka nokkuð fjárkröfur vorar. Það getur vel verið, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi rètt að mæla í því, að einhverju þessu líkt hafi verið beitt við hertogadæmin, en er það nokkur ástæða til, að hinu sama skuli beita við Ísland? Er það nokkur afsökun fyrir að halla rètti vorum, að öðrum kann að hafa verið gjört rangt til? því verð eg öldungis að neita. Eg hefi opt heyrt slíkt borið fyrir sem ástæðu, en eg get aldrei viðurkennt, að hún hafi hið minnsta gildi. Þetta, sem eg hefi nú sagt, held eg nægi að sinni til að sýna hverjum óhlutdrægum manni, að þessi atriði í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa eru á mjög lausum fæti og eiga enda við ekkert að styðjast.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til spursmálsins um konungsúrskurð 23. september 1848 skal eg skýrskota til þess, sem eg ýtarlega tók fram á þinginu 1869 og sem ekki í neinu hefir verið hrakið. Eg ætla sjálfsagt ekki að keppa við hinn heiðraða forseta um jafnrèttið eða neitt annað af því, sem hann nú tók fram í ræðu sinni, því mèr er þetta mál sannarlega ekkert kapsmál.

Framsögumaður: Það fór að fara um mig, þegar hinn háttvirti konungsfulltrúi fór að rekja málið fram í aldirnar, fram að árinu 1848, og fór að tala um jafnrètt og kröfur. En það er hvorttveggja að þessi ræða átti alls eigi við þennan kafla frumvarpsins, enda hefir öllu því í ræðu hans, er að þessu laut, hinn háttvirti forseti nú svarað, svo að þess gjörist eigi þörf

fyrir mig, Eg bjóst ekki við, að hinn háttvirti konungsfulltrúi mundi fara að fara út í fjárkröfur vorar og réttarkröfur, þegar einungis er að ræða um fyrsta kafla frumvarpsins, og heldur ekki bjóst eg við, að hann mundi nú þegar fara að ræða um stöðulögin 2. janúar, því það held eg gjarnan megi bíða, þangað til hinn síðasti kafli nefndarálitsins kemur til umræðu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi var að bregða mönnum um rangar hugmyndir í þessu máli, og vitnaði í eina bók, er vèr allir þekkjum, nefnilega Ný Félagsrit, sem hann sagði að menn hefðu lært af þessar röngu hugmyndir og villulærdóma um stjórnarskipunina. Eg ætla ekki að gjöra það að kappsmáli við hann, hvort hugmyndir vorar um stjórnarfyrirkomulagið eru rangar eða réttar, en eg segi það, að hann er alls eigi bær um það að dæma, hvort hugmyndir vorar í þessu efni eru réttar eða rangar, því hann ber að álíta sem annan hlutaðeiganda í málinu. En það verð eg að segja, að hafi hann samið ræðu þá, er hann núna hélt, eptir sínum eigin hugmyndum um málið, þá sýnir hún ljósast, að það er hann, en ekki meiri hlutinn, eða landsmenn, sem hefir, eg vil ekki segja ranga, heldur þó að minnsta kosti mjög óljósa hugmynd um það, hvernig stjórnarskipun landsins eigi að vera og þurfi að vera. Og eg skal bæta því við, að ef menn hèr á landi hafa rangar hugmyndir um stjórnarskipunarmál yfir höfuð að tala, þá hefir hið sama engu síður átt sèr stað í Danmörku, bæði nú og að undanförnu. Þegar eg á þinginu 1869 sagði, að það mundi vera afleiðing af hinum röngu hugmyndum, sem drottnandi væru í Danmörku um fyrirkomulag stjórnarinnar í alríkinu, hve illa hefir farið fyrir Dönum með hertogadæmin, voru þessi orð tekin sem brigzlyrði af mèr, og eg hefi orðið svo frægur, að þessara orða hefir verið minnzt í riti nokkru útlendu, er sagt er að höfundurinn hafi fengið verðlaun fyrir af landsins fè. Eg vona, að allir sem þekkja mig, játi, að það er ekki venja mín, og ekki heldur upplag mitt að hælast um annara ófarir. En hitt hefi eg sagt, og segi enn, að einmitt fyrir það að stjórnin í Danmörku fylgdi fram ofstranglega ófugum, úreltum og miður viðeigandi stjórnarreglum, þá hafi endalokin orðið þau, sem kunnugt er, að Danir hafa misst meginhluta hertogadæmanna alveg. Þetta er engan veginn byggt á mínum eigin hugmyndum, heldur er þetta skoðun margra merkra og viturra manna um gjörvalla norðurálfuna. Á þessum sömu stjórnarreglum höfum vèr Íslendingar orðið að kenna nú í 23 ár,

og fáum að kenna enn í dag. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri óumflýjanlegt, að ráðgjafinn væri allajafna við hlið konungsins. Þetta er nú rètt setning í sjálfu sèr, en hitt er engu síður rètt, að ráðgjafinn þarf að vera við hlið hins löggefandi þings. Hèr liggur því fyrir það spursmál: er konungurinn orðinn til fyrir landið, eða landið fyrir konunginn? Menn verða víst að játa, að konungurinn er orðinn til fyrir landið, en landið ekki fyrir konunginn, og því er það helg skylda hvers honungs, að haga stjórn sinni þannig sem þarfir hvers sèrstaks lands í konungsveldinu útheimta. Þess vegna, þegar svo á stendur eins og hèr, að fjarlægðin veldur því, að konungurinn eigi getur sjálfur verið í landinu, þá á hann að sjá fyrir því, að landið líði engan halla við þessa fjarlægð, og að stjórninni sè þannig fyrir komið, að hún fyllilega samsvari þörfum landsins; það er eðlileg og óumflýjanleg skylda fyrir konunginn að sjá um það, að bætt verði úr þeim annmörkum á stjórn landsins, er leiða af fjarlægð þess frá hásætinu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði mikið um ábyrgðina, og lagði mikla þýðingu í þá ábyrgð, sem gjört er ráð fyrir í þessu frumvarpi, og hann færði til nokkur dæmi, hvar koma mætti ábyrgðinni fram. Eptir mínum skilningi er öll stjórnarábyrgð tvenns konar eðlis, það er að segja juridisk, eða lagaleg, og siðferðisleg. Hann var allt af að leggja út af hinni juridisku ábyrgð og vildi gjöra skiljanlegt, að öll tryggingin væri fólgin í henni, það er að segja, þeim rètti löggjafarþinganna, að mega sækja stjórnarherrana til dóms og laga, sem svo er kallað, en þetta er alls ekki aðal-skilyrði fyrir hagfelldri stjórnarskipun, eins og reynslan hefir sýnt; hin siðferðislega ábyrgðin er margfalt þýðingarmeiri. Það hlýtur að vera öllum ljóst, hve góð áhrif hin siðferðislega ábyrgðin hefir á stjórn hvers lands, en um þessleiðis ábyrgð getur ekki verið að tala, nema þing og stjórn vinni saman; það er með öðrum örðum, að róleg samvinna þings og stjórnar eflir og styrkir þær hvatir, sem lagðar eru í hvers manns brjóst, til að vinna sem mest og bezt að því augnamiði, sem er til heilla fyrir þjóðfèlagið. Þetta sannar og reynslan bæði í Englandi og Danmörku, þar sem einmitt hinir merkustu stjórnarherrar þessara landa hafa gjört sèr far um, að vera kosnir í þjóðþingið, einmitt til þess að geta unnið í sameiningu við það. Þessi ábyrgð, sem eg hefi leyft mèr að kalla siðferðislega ábyrgð, er aðalatriðið í allri stjórnlegri ábyrgð, og eg skal leyfa mèr enn fremur að benda

á, að nú í hin síðustu 23 ár, síðan stjórnarbreytingin komst á, hafa ótal ráðgjafaskipti orðið í Danmörku, en alls einu sinni hafa ráðgjafarnir þar verið sóttir í landsdómum fyrir brot á móti grundvallarlögunum. Þetta sýnir, hve sjaldan það kemur fyrir, að beita þurfi hinni lagalegu ábyrgðinni, og aptur á hinn bóginn, hvað siðferðislega ábyrgðin er kröptug og þýðingarmikil, því það er einmitt fyrir áhrifum hennar, sem ráðgjafarnir í Danmörku hafa orðið að víkja, hver á fætur öðrum, og svo hefir það einnig gengið til í fleirum löndum. Eg skal nú eigi fara fleiri orðum um þetta atriði; en snúa mèr aptur að hinu aðalatriðinu, að sá, sem á að bera ábyrgð stjórnarinnar, verður jafnan að vera settur jafnhliða þinginu, svo að hann geti unnið með því að öllum nauðsynjamálum. Í frumvarpinu er nú svo ákveðið, að landsstjóri skuli mæta á þinginu í staðinn fyrir ráðgjafann, og í hans umboði, eða svona liggur beinast fyrir að skilja frumvarpið. Eins og þessi umboðslega staða landshöfðingjans hefði síður en ekki góð áhrif á þingið, og mundi fremur verða til að spilla en bæta, eins ímynda eg mèr, að þessi staða yrði mjög leiðinleg fyrir landshöfðingjann, og sjálfsagt eigi betri, en konungsfulltrúans hèr á þingi. Eg hefi reyndar aldrei setið í konungsfulltrúasætinu, en eg ímynda mèr, að staða hans á þinginu sè síður en ekki skemmtileg eða þægileg.

Það er vitaskuld, að ef landshöfðinginn hefir, sem menn segja, nef fyrir neðan augun, þá mun hann ávallt leitast við, að skjóta skuldinni á ráðgjafann fyrir hvað eina, sem þingið kvartar undan og aflaga kann að fara, þar sem það er ráðgjafinn en ekki hann, sem á að bera alla ábyrgðina. En á þessu fyrirkomulagi er líka sá annmarki, að bæði mundi þingið tortryggja landshöfðingjann sökum þess, að hann á að hafa einungis ábyrgð gjörða sinna fyrir ráðgjafanum, sem er hèr alveg ókunnugur, að þingið nefnilega mundi gruna hann um of mikla hollustu við hina dönsku stjórn; og sömuleiðis er all-líklegt, að ráðgjafinn mundi tortryggja landstjórann um það, að hann væri of eptirlátur við þingið, af því ráðgjafinn verður að sjá allt með annara augum. Þar sem ákveðið er í frumvarpinu, að landshöfðingjanum skuli á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur hið æðsta vald á Íslandi, þá get eg eigi vel skilið tílgang ákvörðunar þessarar, og eg fæ ekki sèð, hverja þýðingu hún getur haft í reyndinni. Af ástæðunum fyrir sveitarstjórnarfrumvarpinu má að vísu ráða það, að landshöfðinginn á að hafa

hið æðsta vald í sveitarmálefnum; en í þeim málum, er snerta löggjöf og stjórn landsins held eg sè tilgangslaust að fela honum hið æðsta vald, þegar ráðgjafinn þó á að hafa alla stjórnarábyrgðina. Við slíkt fyrirkomulag væri víst lítið unnið. Eg skal svo eigi fara lengra út í málið að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal svara hinum heiðraða framsögumanni fáeinum orðum og geta þess, að eg er honum samdóma um það, að hin siðferðislega ábyrgð í sjálfri sèr er þýðingarmeiri en hin juridiska, eða laga-ábyrgð, en mèr var það af ræðu hans ekki fullljóst, hvort hann vildi áskilja sèr breytingaruppástungu í þá átt; ef svo er, og þegar slíkar breytingar verða orðaðar, skal eg skýra frá mínu áliti um þær, en hèr að eins geta þess, að eg fyrir mitt leyti að eins hefi talað um þá ábyrgð, sem ákveða verður með lögum, eða hina juridisku ábyrgð. Með tilliti til velviljaðrar hlutteknings hans í stöðu konungfulltrúans kann eg honum heiðraða framsögumanni mínar beztu þakkir, og skal honum til huggunar taka það fram, að ræða sú, sem eg nýlega flutti, í öllum atriðum var samhljóða innilegustu sannfæringu sjálfs mín.

Jón Hjaltalín: Mèr datt í hug, þegar eg las nefndarálit þetta, það sem einn mjög lærður heimspekingur í Þýzkalandi sagði á dánardægri: «Það er að eins einn, sem hefir skilið mig, og þessi eini hefir þó ekki skilið mig». Eg segi nú fyrir mig, að eg ímynda mèr að framsögumaður geti tekið sèr þessi orð í munn að því er snertir nefndarálitið; að minnsta kosti er það ofvaxið mínum skilningi, hvernig menn hafa farið að búa slíkt til í samanburði við það, sem gjört hefir verið á undanfarandi þingum. Höfuðatriðið, sem allt á að vera undir komið, er ráðgjafa-ábyrgðin. Meiri hlutinn skapar hèr allt í einu ábyrgðarlausan umboðsmann. Sá, sem hefir setið hèr á tveim undanfarandi þingum og tekið hefir þátt í því áliti meiri hluta þingmanna, að sjálfsforræðis-tilboð stjórnarinnar væri einskisvirði, af því æðsti embættismaðurinn hefði of lítla ábyrgð gjörða sinna, honum má sannarlega vera undarlega varið, að hann nú skuli vilja kasta þessu stjórnarbótarfrumvarpi af því landstjórinn, hvort sem meiri hlutinn vill kalla hann jarl, vice-konung, eða hver önnur nöfn upp á hann kunna að verða sett, á nú alls eigi að hafa neina ábyrgð hvorki fyrir ráðgjafanum í Kaupmannahöfn nè öðrum. En þegar um slíkan jarl er að ræða, má eg þá spyrja hinn háttvirta framsögmann: Hefir hann aldrei heyrt talað um ofjarla? Eg er nú fyrir mitt leyti hræddur

um, að vèr fengjum með þessu móti sannan ofjarl gagnvart alþingi. Eg er nú líka hættur að skilja, hvað menn meina með slíku, því mèr finnst það sjálfu sèr mótsegjandi. Eg vil ráða hinum háttvirta framsögumanni til að lesa ræðu eina, sem merkur Englendingur, að nafni Sheridan, hèlt í parlamentinu í London árið 1788; hann var hinn mesti mælskumaður, og vildi eg bara óska eg væri orðinn eins vel máli farinn og hann var. Hann mundi geta sannfært framsögumann um, að ofjarlar eru ekki góðir. Hann átti við einn, sem hèt Waaren Hastings; og veit sagan, hvernig um það fór, en framsögumaður veit víst ekki, því annars kynni hann að verða annars hugar um þessa ráðgjafaábyrgð. Þá talaði framsögumaður um ástæðuna, hvers vegna landstjórinn ekki ætti að hafa ábyrgð fyrir ráðgjafanum í Kaupmannahöfn, þá nefnilega, að ráðgjafinn væri í svoddan fjarska frá Íslandi. Þess háttar ástæður skiljast mèr nú illa. En veit þá ekki framsögumaður, að fjarlægð er víða milli landa, og það þeirra, er heyra til sama konungsríkis. Fjarlægðin er samt nú þó miklu minni en hún var áður á fyrri tímum, og eins er þetta að því er Ísland snertir. Íslandi var allvel stjórnað áður en nokkurt alþingi var hèr á stofn sett. En eg veit nú eigi, hvort ráðgjafinn getur togað Ísland á eptir sèr; en hitt þykist eg sjá, að það má fullvel stjórna landinu þar sem það er. Útvegi Íslendingar sèr að eins dampskip með 800 hesta afli, og þá getum við á 5 dögum komizt til Danmerkur. Á hinn bóginn vil eg geta þess, að á meðan meiri örðugleikar voru á stjórninni, sem leiddi af fjarlægðinni, þá gekk þó allt í góðu lagi, og mèr er nær að segja að Ísland vegnaði þá fullt eins vel sem nú. Síðan við byrjuðum á því að skapa þær hugmyndir, sem hvergi eiga heima, síðan hefir okkur hrakað á ári hverju. Og mèr gjörir það illt um jafngreindan mann eins og hinn háttvirti framsögumaður er, ef hann skyldi verða til þess, vegna hugmyndarskekkju sinnar, en engan veginn af neinum illvilja, að hafna einhverju hinu frjálslegasta stjórnarfyrirkomulagi að hugsazt getur, og sem jafvel er enn frjálslegra en fyrirkomulagið í ensku skattlöndunum. En eg vona, að meiri hlutinn hugsi sig um áður en hann hafnar þessu. Um minni hlutann finnst mèr lítið að tala, hann hefir ekkert gjört og má segja með sjálfum sèr nú á eptir: »oleum et operam perdidi». Það kann að vera, að hann hafi ekki beinlínis skemmt stjórnarfrumvarpið, en bætt það hefir hann ekki. Eg skal að minnsta kosti gleðja mig, ef minni hlutinn sannfærir mig um, að breytingar hans á frumvarpinu séu til bóta. Eg skal

eigi tala margt um mál þetta; eg býst við hvort sem er, að eg verði einn á bandi, eins og þegar eg lenti í stjórnarnefndinni á þinginu 1867 og stóð þá einn uppi, og eg sagði þá til meðnefndarmanna minna: Gáið þið nú að, hvað þið gjörið. En þeir voru meiri stjórnvitringar en eg, og samþykktu frumvarpið svo úr garði gjört, að stjórnin gat ekki fallizt á það; — og kalla eg það sorglegt, að tíðinni skuli svona vera eytt til einkis, — því eg efast eigi um, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi rètt til getið, er hann sagði, að stjórnarbót mundi með þessu lagi verða ófáanleg; og kalla eg það merkilegt, ef framsögumaður vill, að vèr sèum lengur stjórnarbótarlausir, sem annars er svoddan frelsismaður. Eg ítreka aptur þá ósk mína til hans, að hann gefi mèr vissa ástæðu fyrir því, að jarlinn meiri hlutans verði oss ekki ofjarl.

Forseti: Það er nú orðið svo áliðið, að eg álít rèttast, að hætta umræðunni nú, en halda henni áfram á morgun, og ákveð eg fund þá kl. 11 f. m., og segi

Fundi slitið.

---

32. fundur — 15. ágúst.

Allir á fundi.

Forseti: Þar eð nauðsyn hefir þótt bera til þess, að auka tölu innanþingsskrifaranna við alþingi, hafa verið teknir tveir aukaskrifarar, stud. Björn Ólsen og stud. Sigurður Jónsson; taka þeir til starfa í dag og skipta með sèr störfum með hinum skrifurunum eptir því, sem hentugast þykir.

Gjörðabókin frá fyrirfarandi fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það sem nú er til umræðu, er hinn I. kafli 1.—13. grein í hinu konunglega frumvarpi til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem byrjað var á á fundinum í gær, og skýt eg því til hins háttvirta framsögumanns, að taka til máls, ef honum svo sýnist.

Framsögumaður (Jón Sigurðsson): Þar eð rætt var nokkuð í gær um hinn I. kafla frumvarpsins, hygg eg, að eigi sè þörf á að fara mörgum orðum um hann að sinni, enda finn eg á þessu stigi málsins eigi ástæðu til þess að fara langt út í þær almennu

ástæður málsins. Hinn háttvirti forseti hefir að svo miklu leyti, sem þörf var á, svarað hinum helztu mótbárum konungsfulltrúa gegn þessum kafla málsins, og hefi eg að eins fáu við það að bæta. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði í gær, ef mèr hefir skilizt rètt, að nefndin hefði eigi gjört sèr það far um, að leggja rètta þýðingu í frumvarpið, sem ætlazt hefði verið til. — Eg gat að vísu eigi vænzt vægari dóms hjá konungsfulltrúa, enda er það eigi nýnæmi, að nefndir í þessu máli fái óvæga dóma, og mun flestum enn í minni dómur sá, sem upp var kveðin um nefndina í stjórnarbótarmálinu 1869. Eg held nú reyndar, að konungsfulltrúi hafi engu meira far gjört sèr um að skilja nefndarálitið, en nefndin gjörði sèr um að skilja frumvarpið. Hann sagði sèr virðast, að eg í hinum sèrstaklegu málum Íslands eigi treysti neinni ábyrgð nema hinni siðferðislegu, og hann lagði, að mèr skildist, þá þýðingu í orð mín, að eg hefði ráðgjört breytingaratkvæði í þá stefnu. Það getur verið, að mèr hafi farizt miður greinilega orð um þetta, en þetta var alls eigi meining mín, og gat heldur eigi verið það, því eg verð að álíta, að eigi sè hægt að slíta hina siðferðislegu ábyrgð frá hinni pólitisku, svo að hægt sè að segja, að önnur sè hèr en hin þar, en ef annararhvorrar skal án vera, álít eg hollara að vera án hinnar politisku ábyrgðarinnar. Hann áleit að mætti koma ábyrgðinni á hendur landshöfðingjanum með þeim ákvörðunum, sem í frumvarpinu standa, en þetta verð eg að álíta ómögulegt svo að í nokkru verulegu haldi komi, því þó frumvarpið gefi í skyn að hinni politisku ábyrgð verði komið við í einstöku tilfellum, þá er það þó einungis að nafninu til, og í einstökum tilfellum, sem mjög sjaldan mundu að bera, og með því fyrirkomulagi held eg að oss sè eigi borgið. Þegar menn skoða verkahring landshöfðingjans hèr á landi, verður ábyrgð hans harðla þýðingarlítil; þegar hann á að hafa hana einungis fyrir ráðgjafanum. Menn segja, að altènd sè hægt að sækja hann til dóms og laga, þegar hann brýtur stjórnarskrána, en eg vil spyrja: er það aðalatriði ábyrgðarinnar, að landshöfðinginn verður dreginn fyrir lög og dóm? eða er það einmitt ótti fyrir hegningu, sem aptrar mönnum frá því, að gjöra það, sem ekki á að gjöra? Eg held ekki, því menn hljóta að játa, að það eru, og eiga að vera, allt aðrar og æðri hvatir, sem halda mönnum á vegi skyldunnar. Þessar hvatir geta verið bæði hið ytra og hið innra hjá manninum. Hinar innri hvatir eru góð samvizka og sómatilfinning; en hinar ytri hvatirnar geta verið margs konar,

svo sem löngun og nauðsyn á, að afla sèr hylli og virðingar hjá meðbræðrum sínum, metorðagirnd, ábatavon, o. fl. Þessar ytri hvatir geta ekki verkað á landshöfðingjann, þar sem hann hefir enga ástæðu til þess, að ávinna traust og hylli þingsins, sökum þess að það hefir enga áverkun á hann, og það er ráðgjafinn einn, sem landshöfðinginn á að standa alla ábyrgð af gjörðum sínum fyrir. Eg tek það aptur fram, að eg fæ ekki sèð, hver munur verður á stöðu landshöfðingjans á alþingi, eptir frumvarpinu, og á stöðu konungsfulltrúa nú. En það er öllum þingmönnum víst fullkunnugt, hve lítil áhrif þessir ágætismenn, sem við höfum haft fyrir konungsfulltrúa, hvern fram af öðrum, hafa haft á heppileg úrslit málanna. Eg skal ekki fara út í hvert einstakt atriði í þessum kafla, heldur að eins taka það fram, að stjórnin hefir hvað eptir annað lýst því yfir, og konungsfulltrúi hefir sjálfur tekið það fram, að það væru einstök atriði í stjórnarskránni, sem ekki mætti hagga við. En eins og stjórninni þykir nauðsyn á, að halda einstökum atriðum í stjórnarskránni blýföstum, eins er það óumflýjanlega nauðsynlegt fyrir oss, að halda fast við einstök atriði, og láta ekki þokast þversfótar frá þeim. Eg skal nefna til þá ákvörðun, sem er einna ískyggilegust í öllu frumvarpinu, að mál vor eiga að heyra undir ábyrgðarlausan danskan ráðgjafa; að því megum vèr með engu móti ganga. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf í skyn, að vèr hefðum að undanförnu staðið undir dönskum ráðgjafa, og að við það hefði myndazt nokkurs konar rèttarvenja, sem ekki yrði vikið frá, en þessu verð eg alveg að mótmæla. Að vísu hefir það leitt af því, að staða Íslands í ríkinu hefir verið óákveðin að undanförnu, að danskir ráðgjafar hafa haft meiri og minni afskipti af málum vorum, og eg held vèr þurfum eigi annað en líta yfir þetta tímabil, til að sjá og sannfærast um, hvernig þetta ólögmæta og óhappasæla ástand á stjórnarfyrirkomulagi landsins í öllu tilliti hefir einmitt leitt til þess, að tálma áríðandi málum vorum og halda sem flestu í hinu sama gamla horfi. Eg vil taka til dæmis stjórnarbótarmálið, og benda á hver afdrif þess urðu á þjóðfundinum 1851, að þjóðfundurinn fèkk ekki svo mikið sem að ræða málið, og svo var það lagt til hvíldar um 16 ár, án þess nokkuð væri gjört til að koma því áfram. Þar næst skal eg taka til dæmis póstmálið, þetta mikla landsnauðsynjamál vort, sem tekið var fyrir 1859, og átti þá að setja það sem fyrst í gott lag, en viti menn: það var líka lagt upp á hylluna, og hefir fengið að hvíla sig þar allt

til þessa dags. Hið þriðja er búnaðarskólamálið, sem þingið hafði síðast til meðferðar 1863, og kom sèr þá saman við stjórnina í öllum aðalatriðum; en viti menn: það var látið hvíla sig í 8 ár, og þó var ekki því um að kenna í það sinn, að þingið vildi fara ofan í vasa stjórnarinnar eða ríkissjóðsins eptir fè til búnaðarskólanna, eins og þinginu hefir svo opt verið brugðið um í öðrum málum; þvert á móti ætlaðist þingið til að landið kostaði búnaðarskólana sjálft að öllu leyti. Þetta eru nú allt verk hinnar dönsku ráðgjafastjórnar, og nú vil eg spyrja: hvernig geta menn vænzt þess, að betra taki við eptirleiðis? Höfum vèr ekki fulla orsök til að búast við sama aðgjörða- og hirðuleysi hjá hinum dönsku ráðgjöfum hèr eptir sem hingað til í vorum eigin málum? Og hvernig geta menn í fullri alvöru vænzt þess, að á þessu muni ráðast nokkur veruleg bót, þó þingið fái fjárhagsráðin í hendur að eins að nafninu. Eg tók það fram, að það væri aðalágreiningsefnið milli stjórnarinnar og alþingis nú sem stendur, hvort hin æðsta stjórn vorra sèrstöku mála ætti að heyra undir danskan ráðgjafa, eða hún ætti að vera innlend og hafa ábyrgð fyrir alþingi. Þetta spursmál virðist stjórnin ætla að gjöra að verulegu kappsmáli. Mèr finnst nú eigi auðvelt að skilja í, hvað hinni dönsku stjórn getur gengið til þess að halda þessu fyrirkomulagi fram til kapps, þar sem það er auðsætt, að ríkið í heild sinni getur enga hagsmuni haft af því að rígbinda hin sèrstöku íslenzku mál við stjórnina í Kaupmannahöfn, svo sem gjört er í frumvarpinu. Eg vildi óska, að hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi skýra þinginu frá, ef ríkinu í heild sinni getur orðið nokkur hætta búin af því stjórnarfyrirkomulagi hèr innanlands, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á. Því get eg heldur ekki trúað, að nokkur danskur ráðgjafi sè svo hègómagjarn, að hann áliti sèr eða ríkinu virðingu í, að hafa þessi Íslands mál undir sèr. Allt öðru máli er hèr að gegna frá hálfu okkar Íslendinga: það er hið mesta velferðar-spursmál fyrir oss, að öll vor mál sèu afgjörð hèr innanlands. Hvað er fremur áríðandi fyrir oss, en að æðsta stjórn vor verði innlend, til þess ef ske mætti, að einhverju yrði kippt í liðinn af hinu marga, sem aflaga fer og ógjört er hjá oss, og til að ryðja úr vegi þeim hindrunum, sem tálmað hafa allri viðleitni til framfara hjá landsmönnum hingað til? Hèr ræður hvorki kapp nè hègómagirni, heldur er þetta hrein og bein lands-nauðsyn, og eg er viss um, að ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þeir af

þingmönnum, sem mest mega sín hjá stjórninni, legðust allir á eitt með þinginu og landsmönnum, til að sannfæra stjórnina í þessu máli, þá mundi hún sannfærast, og slaka til við hinar réttlátu kröfur þingsins. Eg skal svo eigi fara fleirum orðum um mál þetta að sinni.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti framsögumaður meiri hluta nefndarinnar hefir nú talað svo langt og snjallt í þessu máli, að ekki væri óþarft, að einhver röddd heyrðist frá minni hlutanum. Eins og hinir háttvirtu þingmenn vita, er ágreiningurinn um hið konunglega frumvarp til stjórnarskrár hinna sérstöku mála einkum um fyrstu 3 greinarnar. Eg tala eigi til þess, að sannfæra hina aðra þingmenn, því það mun naumast unnt; það mun ekki unnt, að sannfæra suma. Mér dylst það engan veginn, að það er eigi bezta staða fyrir Íslendinga, að standa upp til þess, að ráða löndum sínum til þess að gjöra þá tilslökun, sem unnt er að óskertum rétti landsins. En vér verðum þó allir að játa, að endir verður að vera á þessu máli. Það mætti kann ske taka fram mismun meiri og minni hlutans með því að segja: meiri hlutinn vill í stjórnfræðisefnum standa kyrr í sömu sporum þangað til hann getur tekið stökk í þau spor, sem hann ætlar að standa í til eilífðar. Minni hlutinn þekkir ekki þessa aðferð; hann þekkir ekki þennan gang sögunnar; hann þekkir ekkert stökk, engan saltus í sögunni. Hann vill reyna að þokast áfram ekki allt í einu, heldur allajafna. Eg vil reyna að þoka áfram, sem eg get, og sem oss eigi er of vaxið að sinni; eg ræð til þess, að taka það sem gefst; eg þekki ekki aðra betri stjórnfræðisreglu en að sleppa engu af því, sem fæst. Dæmi annara þjóða upp á þetta eru næg; og vil eg taka til dæmis tvær stórar þjóðir í norðurálfunni: Englendinga; þeir eiga enga skrifaða stjórnarskrá enn þann dag í dag; en Íslendingar mega engu hreifa um stjórn sína, fyrr en þeir hafa skrifaða stjórnarskrá, sem þeir ekkert geta að fundið, og Frakka; þeirra stjórn og þeirra stjórnarskrá bendir eigi á neitt óbreytilegt; þeir þekkja ekki í stjórnarsögunni þetta mikla orð meiri hlutans: að slá föstu. Eg álít að málinu sé nú svo varið, að ekki stjórninni, heldur oss, sé um að gjöra að fá því ráðið til lykta. Stjórninni er það eigi til neins halla, að haldið sé ástandinu sem er, og biðist oss eigi halli af því, að láta óafgjört þetta, væri eg á því máli; en eg álít, að vér þurfum stjórnarskipunar með og getum eigi án hennar verið. Eg skal fúslega játa, að væri stjórnarskráin eitthvert smíði, sem

menn væru að vinna að að gamni sínu, og til að treysta á hugvit sitt, þá skyldi eg ekkert vera á móti því, að þessu væri haldið á-fram. Það gæti þvert á móti vel verið, að mèr þætti, eins og meiri hlutanum, gaman að því að taka eitt í burtu og setja annað aptur, svo það hefði engan endi. Eg verð að álíta að meiri hlutanum sè ekki alvara að fá stjórnarskrá; heldur þvert á móti alvara, að fá hana ekki. Eg bið hina háttvirtu þingmenn vel að gæta þess, hve mikill fengur að er fólginn í löggjafarþingi og fullu fjárforræði; eg bið þá að kasta ekki þessum miklu gæðum burt fyrir þá galla, sem mestpart eru ímyndaðir og í engu verulegir.

Eg vil nú skýra þinginu frá þeirri hugmynd, sem eg hefi um stjórn-frelsi; stjórn-frelsið hefir eptir minni sannfæringu meiri þýðingu hið ytra en hið innra og gjörir lífið glæsilegt að ytra áliti; hin innri farsæld er í öðru fólgin. Þó mega þingmenn ekki skilja mig svo, sem eg segi þetta til þess, að gjöra lítið úr stjórnarbót yfir höfuð, — það er þvert á móti — eg fullvissa þingið um, að eg af ítrustu kröptum vil styðja að því, að vèr fáum stjórnarbót, svo fullkomna stjórnarbót, sem oss er unnt að fá, og veit eg ei, hvort eg þarf að taka það fram, að eg afsala engu, þó eg taki það, sem eg get fengið. Hinn háttvirti framsögumaður tók fram, hversu aumt ásigkomulagið væri á landi hèr. Er hann mèr þá ekki samdóma um, að þetta ástand þurfi breytinga við, og, ef svo er, gjörir hann sitt til, að fá breytingu á fyrirkomulagi þessu? Eg fyrir mitt leyti vona og óska af alvöru, að þingið snúi sèr svo í máli þessu, að vèr fáum þessa breytingu. Þingið hefir nú þegar varað fram yfir hinn lögskipaða tíma, og þetta mál hefir vissulega átt þátt í, að þingtíminn hefir verið lengdur, en nú ber brýna nauðsyn til að leiða málið til lykta. Í umræðunum og atkvæðagreiðslunni um hið konunglega frumvarp um að leggja toll á brennivínsaðflutninga mælti eg á móti þessum tolli eins háum og ráðgert var í frumvarpinu, og vildi eigi, að hann yrði hærri en 4 sk. af hverjum potti. Mèr þótti sem sè ísjárvert að láta svo mikið fè af hendi, sem með þessu móti fengist, þar eð eg hafði orðið þess áskynja í nefndinni, að meiri hlutinn vildi breyta stjórnarskránni svo stórkostlega, að eg hugði, að stjórnin ekki mundi samþykkja hana svo lagaða, og eg vildi eigi samþykkja tollinn, meðan óvíst var hvort alþingi fengi fjárráð. Þar sem nú þingið hefir samþykkt toll þennan, þá sè eg eigi betur, en að það hljóti að vera ný hvöt, ný ástæða til þess að flýta fyrir þessu máli. Hinn háttvirti

framsögumaður nefndi í gær »constitution« og sagði, ef mig minnir rètt, að konungsfulltrúi hefði óljósar og skakkar hugmyndir um það orð; þessi dómur ætti að vera mèr nóg viðvörun, til þess að fæla mig frá að fara út í skýringu á þessari hugmynd, og þó eg vilji gjöra það, þá er það að eins í þeirri von, að framsögumaður leiðbeini mèr og virði til vorkunnar, þó eg, sem ekki er löglærður maður, og að eins hef lesið guðfræði hèr í landi — kunni að hafa skakkar skoðanir í þessu efni. Eg verð þá að játa það, að eg ekki skil »constitution« eins og hinn háttvirti framsögumaður. Í constitutioninni álít eg að verði að vera tveir »faktorar«, nefnilega konungur og hið löggefandi þing. Með konungi skil eg að ráðgjafarnir eigi að hafa framkvæmdarvaldið á hendi; eptir minni hugmynd gjörir constitutionin konunginn að engu, og þó er hann í raun og veru allt, þar sem hann leysir upp þing, tekur nýtt ráðaneyti, rekur frá embætti, þegar honum sýnist o. s. frv. En eins og í ágreiningsatkvæði minni hluta nefndarinnar er tekið fram, verður ráðgjafinn að vera við hlið konungs og skrifa undir stjórnarathafnirnar með honum; þetta held eg óumflýjanlegt. Eg tek það fram aptur, að eg álít hið löggefandi þing vera hjartað og slagæðina í constitutioninni; — en að eg tali um ábyrgðina, sem einkum hefir valdið því, að skilið hafa vegir með meira og minna hlutanum, þá virðist mèr hún vera nokkurs konar gordiskur hnútur, vegna hinnar miklu fjarlægðar. Þennan hnút hafa bæði meiri og minni hlutinn reynt að leysa, báðir í beztu meiningu fyrir landið, og það er sannarlega minni munur á því, hvernig þeir, hvor um sig, hafa leyst hann, en í fljótu bragði kann að virðast. Það hefir verið mikið talað um þessa ábyrgð, og meira en svo, að eg muni það allt. Henni hefir verið skipt í lagalega og siðferðislega ábyrgð. Það er að vísu satt, að hin lagalega ábyrgð er erfið í 300 mílna fjarska, en hún er þó ekki ómöguleg. — Það hefir um allan heim reynzt svo, að hinni lagalegu ábyrgð hefir sjaldan verið beitt í framkvæmdinni, og sama hygg eg einnig muni reynast hjá okkur. Eg verð að álíta, að mest sè varið í hina siðferðislegu ábyrgð, og hinn háttvirti framsögumaður tók það líka fram, að hún væri hinn verulegi hluti ábyrgðarinnar, en má eg þá spyrja: getur maður búizt við, höfum vèr rètt til að halda að ráðgjafinn finni ekki til hennar, þó hann sè í Danmörk? Er það nauðsynlegt, að hann sè samvizkulaus og siðferðislaus af því hann á að verða búsettur í Danmörku við hlið konungs? Er það ómögulegt fyrir hann,

má eg spyrja, að kynna sèr ástand landsins? Hinn háttvirti framsögumaður veit eins vel og eg, að samvizkusamur maður veit, að hann á að standa reikning af gjörðum sínum, og að hann reynir að gjöra allt, sem honum er mögulegt, til þess að allt verði sem rèttast. Þegar hann fær ei nægar upplýsingar, þá fer hann þegar og leitar þeirra, og þyki honum þær ei fullnægjandi, fer hann sem varlegast; hinn háttvirti framsögumaður veit að líkindum eins vel eins og eg, segi eg, að þannig er aðferð samvizkusams manns. Minni hlutinn hefir stungið upp á því, að ráðgjafinn ætti setu á þingi, og er þessi uppástunga hans, ef til vill, að eins til að brosa að, þó mèr ekki geti þótt hún neitt hlátursefni; mèr virðist það að minnsta kosti engin ofætlun fyrir ráðgjafann, þó ætlazt sè til, að hann geti komið til Reykjavíkur og setið þar fáar vikur; prinsum hefir jafnvel eigi þótt læging í, að koma hingað til landsins og ferðast um það. Ef hinn danski ráðgjafi er samvizkusamur maður — og annað er engin ástæða til að ætla — þá efast eg ekki um, að hann muni reyna að kynna sèr ástand landsins sem bezt. Eg skal bæta því við, að eg get ei sèð, að hann hafi neinar hvatir til þess, að spilla velferð landsins, heldur þvert á móti hinar sterkustu hvatir til að koma því upp. Mèr þætti æskilegt, ef vèr gætum fengið sèrstakan ráðgjafa fyrir landið; en getur þingið bannað konungi, að láta hann einnig hafa önnur störf á hendi? En hvort sem þetta fengist strax eða ei, veit eg að ef stjórninni verður sýnt fram á, hve haganlegt það mundi verða, mun hún láta til leiðast að verða við ósk landsmanna. Minni hlutinn hefir tekið það fram í nefndinni, að hann vill hafa sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland, en álítur óviturlegt og óheppilegt, að gjöra það að beinu skilyrði fyrst um sinn. En ábyrgðartegundina, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram og kallaði siðferðislega ábyrgð, þá, að koma sèr og vera í áliti og ávinna alþýðulof, hana get eg ekki kallað svo; hún verður eptir mínum skilningi ábyrgð fyrir dómum og samvizkusemi annara; eg skal ekki neita því, að framsögumaður kunni að þekkja þetta siðferði. Framsögumaður sagði og, að stjórnin gæti haft von um hag, en að þessu leyti get eg ekkert óttazt að hafa ráðgjafann í Danmörku; ef vèr hefðum ástæðu til að óttast eigingirni af ráðgjafans hálfu, þá væri oss vissulega bezt að hafa hann sem fjærst, því þá væri hann því heldur útilokaður frá von um hag. Hinn háttvirti framsögumaður lauk og því lofsorði á

minni hlutann, að hann líkti honum saman við barn; getur verið, að hann hafi eigi gjört það í góðri meiningu, en eg vil taka það allt vel upp. Eg get fullvissað hinn háttvirta framsögumann um, að ef hann þekkti allar bernsku-skoðanir og öll bernsku-verk mannanna, eins og eg þykist þekkja þau, þá gæti honum ekki komið til hugar að eg reiddist þessari líkingu. Og fyrst öll vor verk og orð eru bernsku-verk og bernsku-orð, þá kemur það eigi hvað sízt fram í stjórnlegum málum. Eg þykist þess vegna ekki hnýta neitt að honum, þó eg kalli hann barn með mèr, og get ei vitað, hvað honum mun þykja að því, nema ef hann skortir sakleysishreinskilni þá, sem prýðir hið saklausa barn. Eg ætla að halda fram líkingunni og kalla konunginn föður. Hinn háttvirti framsögumaður leyfir mèr það, vona eg; hann getur eins sagt, að faðirinn sè ranglátur og ósanngjarn. Okkur, meiri og minni hlutanum, kemur þá saman um að við sèum börn. Okkur getur líka komið saman um, að við sèum ambáttarsynir og fáum ei þann fyllsta arf, eins og synir hinnar frjálsu, en þessi sameiginlega skoðun okkar hefir ólík áhrif á okkur. Þegar faðirinn kemur til barnsins með það, sem hann álítur þeim gott og nytsamlegt, þá gefur annað barnið honum utan undir og segir: eg vil annaðhvort hafa arfinn allan, allan þann arf, sem eg get ímyndað mèr, eða ekkert. Það er ljóst að þetta mun vera stóra barnið, meiri hlutinn. Hitt barnið álítur þetta eigi rètt — eg bið þingmenn gæta að því, að þetta orð er relativt í pólitiskum efnum, — og vill heldur taka við þeim arfi, sem það getur fengið strax, og hugsar, að ef það fái ekki rètt sinn nú, þá muni mega ná honum síðar; það veit, að allt er eigi gjört á einum degi. Það ætti ef til vill vel við, að bera saman niðurlagsatriði meiri og minni hluta nefndarinnar í 1. kafla frumvarpsins, sem nú er um að ræða, en eg er nú kominn of langt út í þetta mál, og hefði eg sannarlega farið skemmra, ef hinn háttvirti framsögumaður hefði eigi leitt mig svo langt; og eg skal þá leyfa mèr að minnast á erindsrekann, eins og mèr virðist meiri hlutinn hafa hugsað sèr hann; eg get ekki annað sèð en að hann verði alveg ábyrgðarlaus, og þó á þessi maður að vera milliliður milli konungs og alþingis. Eptir mínum skilningi leiðir þetta til ásigkomulagsins, sem var fyrir 1848; mèr getur ekki skilizt, að ábyrgðarstjórn hèr á landi geti haft aðra eða meiri þýðingu en ábyrgð embættismanna hefir haft og hefir enn hèr á landi, en hinn ábyrgðarlausi erindsreki, sem á að ganga

milli landsins og konungs, mun ekki hafa meiri þýðingu en ábyrgðarlaust ráðaneyti við hlið konungs; en fyrir utan þennan mann hefir konungur annað danskt ráðaneyti, sem hefir ábyrgð fyrir ríkisþinginu; við þetta ráðaneyti mundi konungur opt leiðast til að ráðfæra sig, og þá erum vèr komnir undir danskt ráðaneyti; það er nú að vísu bót í máli, að landstjórinn má fara utan og skipa annan í sinn stað, og koma svo fljótt aptur, sem hægt er; en hver á þá, má eg spyrja, að skera úr því, hvað landstjóranum er hægt? Verður ekki þetta líkt stjórn vorri á hinum vestu öldum, þegar yfirmenn landsins voru lengstum í Kaupmannahöfn? Og ef landstjórinn nú verður lengst af ytra, þar sem tíminn er ótakmarkaður, já hvað þá?

Eg hefi nú farið nokkrum orðum um ástæður meiri hlutans og verð að gera þá ályktun, að þó þetta stjórnarfyrirkomulag fengist, en það þykir mèr ljóst, að ekki verði, þá yrði það landinu hið óhappasælasta. Eg get að hinu leytinu ekki séð, að stjórninni verði fyrir komið á annan veg, en frumvarpið og minni hlutinn stingur upp á. Eg skal aptur taka það fram, að minni hlutinn vill helzt hafa sèrstakan ráðgjafa fyrir Íslands hönd, og það er eg sannfærður um að vèr getum fengið síðar meir, en eg vil ekki gjöra það að skilyrði nú þegar, en geti þingmenn sannfært minni hlutann um, að með uppástungum hans sè brotinn rèttur þjóðarinnar og landsins, þá mun eigi standa á honum, að taka það fram jafnframt, að vèr geymum oss allan rètt vorn óskertan, hvernig sem fer. Eg skal þá ekki tala meira að sinni.

Þórður Jónasson: Hinum háttvirta framsögumanni og hinum heiðraða 3. konungkjörna þingmanni fannst lítið koma til breytinga þeirra, sem minni hlutinn hafði stungið upp á við frumvarpið. Mèr þótti þetta nú eðlilegt af framsögumanni eptir hans stöðu til málsins, en eg kunni miklu síður við það, eða hafði eigi vænzt þess af hinum konungkjörna þingmanni, að hann færi að hallmæla minni hlutanum. Það er að vísu satt, að breytingar minni hlutans ekki eru mikilvægar, það lá heldur ekki í tilgangi minni hlutans að fara fram neinum verulegum breytingum í frumvarpinu; hann vildi ekki stinga upp á öðrum en þeim, sem gætu sameinazt þeirri ósk hans og augnamiði, að málið gæti leiðzt nú til lykta, og minni hlutinn fór því í sömu stefnu sem hinn 3. konungkjörni, sem óskar, eins og minni hlutinn gjörir, að málinu geti orðið framkvæmt. Eg hefi frá því fyrsta að eg las og kynnti mèr stjórnarfrumvarpið getað að-

hyllzt það, eins og það liggur fyrir, og eg ætla því að gefa mitt atkvæði fyrir því, að það verði að lögum og ritaði því nafn mitt undir uppástungur minni hlutans, í hverjum eg að öðru leyti ekki hefi átt neinn verulegan þátt, því eg áleit að uppástungur minni hlutans færu svo nærri sjálfu frumvarpinu, að þær gætu ekki komið í neina bága við þá ósk mína, að stjórnarfrumvarpinu, sem eg álít mjög frjálslegt í öllum þess aðalgreinum og góða og tryggjandi stjórnarskrá fyrir Ísland, gæti orðið framkvæmt, og lyktir þannig komizt á málið, sem nú er Íslandi til mikils meins búið að standa yfir í svo langan tíma, af því þingið hefir ekki getað fallizt á tilboð stjórnarinnar og stjórnin ekki á tillögur og kröfur alþingis. Hvor aðferðin er nú réttari og hollari, minna hlutans, sem ekki hefir farið fleiri breytingum á flot í frumvarpinu, en sem vel geta samrýmzt með frumvarpinu sjálfu og þeirri ósk minni hlutans, að frumvarpið verði nú loks framkvæmt, eða meiri hlutans, sem hefir farið svo langt í breytingum sínum, að stjórnin að öllum líkindum ekki getur aðhyllzt þær, og liggur svo að líkindum málið, ef til vill, til fulls fyrir, því stjórnin ætlar ekki að neyða upp á Ísland neinni stjórnarskrá, sem það ekki vill aðhyllast? Er nú betra fyrir oss, að búa nú við það Ísland, sem nú er, að búa við alþingi, sem einungis er ráðgefandi og ekkert vald hefir til að ráða neinu máli til lykta, engin fjárráð, ekkert löggjafarvald, eða að fá, eins og stjórnin nú býður oss, alþingi með löggjafarvaldi í öllum málum, sem varða Ísland sérstaklega og fjárforræði? Er það ekki miklu skynsamara og hollara, eins og hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði í ræðu sinni, að taka það minna, þegar því meira ekki verður komið fram? Eða getum vèr hugsað oss, að það leiði til nokkurs að halda málinu til streitu? Og er það þá ekki hinn mesti ábyrgðarhluti fyrir þingið, að hafna tilboði stjórnarinnar, eða fara svo með frumvarpið, að það megi ganga að því sem vísu, að stjórnin ekki muni aðhyllast það, heldur leggja það fyrir, má ske fyrir fullt og allt, eptir að hún nú þrívegis er nú búin að leita árangurslaust samkomulags við þingið og þjóðina um málið, því hún ætlar sèr ekki eins og eg tók fram, að neyða neinni stjórnarskrá upp á Íslendinga gegn beinni ósk og vilja alþingis og þjóðarinnar?

Þetta bið eg hið heiðraða þing vel að yfirvega; eg bið það að gæta þess, hvað oss er boðið og hverju vèr höfnum, ef frumvarpið með þeim breytingum, sem þingið gjörir á því, ekki nær samþykki stjórnarinnar. Jafnframt og eg skal leyfa mèr að benda á, að í

62. gr. frumvarpsins segir, að uppástungur til breytinga og viðauka við þessa stjórnarskrá megi bera fram á alþingi, og þannig er opinn vegur fyrir Ísland til að fá bætt úr því í stjórnarskránni, sem ekki finnst hagfellt eða miður hefir gefizt í reynslunni. Eg finn ekki tilefni til að fara inn í einstakar greinir þessa kafla frumvarpsins, hvorki um stjórnarábyrgðina nè um landstjórann með ábyrgð fyrir alþingi og ábyrgðarlausum erindsreka hjá konungi. Það er búið að tala svo margt um þau atriði, og það yrði því ekki nema til eintómrar málalengingar, að fara út í það. Eg álít, að þingið leggi allt of mikla áherzlu á þá politisku ábyrgð; hún er meiri í orði en á borði, með því fyrirkomulagi, sem meiri hlutinn hugsar sèr það. Eg álít stjórnarfrumvarpið þannig úr garði gjört, svo frjálslegt og tryggjandi, að eg hika mèr ekki við, að gefa atkvæði fyrir frumvarpinu með þeim breytingum, sem minni hlutinn hefir stungið upp á, eða, ef þær falla, fyrir því, að stjórnarskráin, eins og hún liggur fyrir í frumvarpinu, verði gjörð að lögum.

Skyldi nú mót von svo fara að þessu sinni, að þingið aðhylltist meiri hluta nefndarinnar, og málið fèlli hjá stjórninni, þá er eg hræddur um, að þeir komi dagarnir, að þingið iðrist þess, að hafa hafnað því tilboði stjórnarinnar, sem hèr liggur fyrir, en að iðrunin komi þá, ef til vill, um seinan.

Guðmundur Einarsson: Eg finn mèr skylt að gjöra grein fyrir, hvers vegna eg fer í aðra stefnu nú í máli þessu, en 1869. Það er vissulega sorglegt, að menn, sem eiga að vinna saman að einhverju og vinna með bezta vilja, skuli ekki verða á eitt sáttir um fyrirkomulagið; því mikilvægara sem verkið er, þess óyndislegra er, að menn greini á, og verkið skuli fyrir það fara aflaga á einn eða annan hátt. Eg er sannfærður um það, að nefndin öll í því máli, sem hèr ræðir um, hefir haft þann einlæga vilja, að útvega Íslandi sem bezt og heilladrjúgasta stjórnarbót. En þótt nefndin hafi öll haft þennan sama vilja og tilgang, þá hefir hún eigi getað orðið á eitt sátt um veg þann, er haganlegastur væri til að ná þessum tilgangi, og það er víst, að hana greinir miklu meira á að forminu til en efninu, því hún öll til samans vill framfarir Íslands, frelsi þess og innlenda stjórn sem framast verður. Meiri hlutinn hefir valið hinn strangari veginn; hann gjörir miklu harðari kröfur, þó að þær sèu meira í orði en á borði að mínu áliti. Það er svo gott sem hann segi: «annaðhvort allt eða ekkert». Hann játar að vísu, að hinu «politiska» ástandi

voru sè í mörgu tilliti ábótavant; en allt um það vill hann heldur láta vakka en slaka nokkuð til. Sè slakað nokkuð til, þá þykir honum að búið sè að hafna þjóðrètti, þjóðfrelsi og hverju öðru, og á því fáist aldrei bót. Þetta get eg fyrir mitt leyti ekki fallizt á, því 62. grein í frumvarpi stjórnarinnar bendir þó á það, að breyta megi. Minni hlutinn velur hinn mildari veginn; hann vill vissulega, eins og meiri hlutinn, halda fram þjóðrèttindum Íslendinga, hann vill sannarlega, að þeir haldi þjóðrètti sínum og þjóðfrelsi, en honum sýnist ráðlegast og happasælast, eins og nú stendur á, að lúta hátigninni, og beygja sig undir nauðsynina og ástæðurnar. Minni hlutinn vill fylgja máli sínu fram með hógværð og stillingu (*Benidikt Sveinsson:* Vill eigi einnig meiri hlutinn gjöra það?). Eg læt það ósagt; því verður hann sjálfur að svara. Minni hlutinn álítur, að nauðsyn beri til þess, að máli þessu verði nú þegar ráðið til lykta, og að þjóðin hafi óbætanlegt tjón af því, fái mál þetta óhappasæl afdrif á þinginu, en hins vegar er hann á því máli, að það, sem stjórnin nú býður oss, sè nægilegt til að byrja með, ef vèr hagnýtum oss það rèttilega, og það verði þjóð og þingi að kenna, standi hið framboðna fyrirkomulag oss fyrir framförum og þrifum. Hann vill alvarlega benda á það, að með nýjum tímum komi ný ráð, og að allt standi til umbóta. Þingið verður að bera ábyrgð af því, ef boðum stjórnarinnar verður nú hafnað, og ástand vort þá annaðhvort stendur við sama eður fer vesnandi. Þetta er nú mitt persónulega álit. Eptir alvarlegar og mèr einar hinar þungbærustu stundir á æfi minni hefi eg ákvarðað mig til að velja hinn mildari veginn; eg álít svo eigi að vera og svo þurfi að vera. Samtíð og eptirtíð, virði þær mig þess, mega leggja á mig dóm þann, er þeim þóknast, eg stend og fell mínum herra. Hinn heiðraði framsögumaður tók svo til orða í gærkveldi, «að minni hlutinn hefði verið að berjast við að skreyta brúðu með því, að tína utan á hana einhverjar pjötlur», og meinar hann sjálfsagt frumvarpið með orðinu »brúða»; en eg verð þá að segja honum, að meiri hlutinn hefir einmitt verið að fást við hið sama; og verður þingið og þjóðin að skera úr því, hver búningurinn betur fari, verði svipfríðari og affarasælli. En hvað um það er, og hvað lítið sem meiri hlutinn gjörir úr breytingum minni hlutans, vona eg, að allir óhlutdrægir menn sjái og kannist við, að tillögur og breytingar minni hlutans miða til mikilla umbóta; en þar eð 2 heiðraðir

þingmenn, hinn 1. konungkjörni og þingmaður Gullbringusýslu hafa ljóslega sýnt fram á þetta, skal eg eigi fara um það fleiri orðum að sinni. Það munu nógu margir fást til að spreita sig á máli þessu og fjölyrða um það margt óþarft, þó að eg gangi undan.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að svara hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu nokkrum orðum, og finn eg mèr þá fyrst skylt að þakka honum kærlega fyrir siðalærdóm þann, er kom fram í ræðu hans; kenning hans hefir sjálfsagt verið mikið góð og átt vel við á þessum stað, en þó ímynda eg mèr reyndar, að þingmenn hefðu getað verið án hennar. Hinn heiðraði þingmaður var að vitna til Frakklands og Englands, og hafi eg skilið hann rètt, þá vildi hann draga dæmi fyrir Ísland af því, hvernig stjórnarskipunin hefði farið að myndast svona smátt og smátt hjá þessum stórþjóðum. Honum fórust þannig orð, að þjóðir þessar hefðu fyrst «að eins tæpt á oddi frelsisins», og því næst fært sig smátt og smátt upp á skaptið. Hèr álít eg ólíku saman jafnað í mörgu tilliti; í hinum nefndu löndum var stjórnin allajafna innlend, hvernig svo sem hún var löguð, og því hafa þjóðþingin — einkum á Englandi — allajafna haft svo mikil áhrif á stjórnarframkvæmdirnar. Hèr er allt öðru máli að gegna, því bæði frumvarpið og minni hlutinn gjörir beinlínis ráð fyrir útlendri stjórn, sem alþingi að minnsta kosti getur aldrei haft nein beinlínis áhrif á. Eg segi nú fyrir mig, að þótt eg aldrei gæti búizt við, að innlend stjórn hjá oss yrði svo fullkomin, sem óskandi væri, þá mundi eg þó heldur kjósa hana en hverja aðra útlenda stjórn, og hvernig lagaða sem væri, en allrasízt þannig lagaða, sem frumvarpið og minni hlutinn gjörir ráð fyrir, og sem varla mundi verða stórum betri en sú stjórn, sem við höfum haft, og sem allir játa að er óhafandi. Allir þingmenn eru samdóma um það, að ástand vort í stjórnlegu tilliti sè mjög bágborið og þurfi umbóta við; en aptur er ágreiningur um það, hvernig þær umbætur eigi að vera lagaðar og hvernig þeim verði komið á; eg get nú alls eigi sèð, að uppástungur minni hlutans miði til nokkurra verulegra umbóta á því fyrirkomulagi, sem nú er, og bæta þær frumvarpið í engu verulegu, og þess vegna álít eg hvorttveggja jafnóhafandi. Mèr heyrðist þingmaður Gullbringusýslu vera að bregða meiri hlutanum um óhreinskilni; en eg get eigi vel skilið, í hverju hún er fólgin. Eg skal að minnsta kosti vera svo hrein-

skilinn, að segja honum það í heyranda hljóði, að eg kýs langtum heldur þann kost fyrir mína hönd og þjóðarinnar, að standa beinlínis undir einvöldum konungi, en dönskum ráðgjafa. Þá kom hann og með þá spurningu, hvort eg áliti, að danskur ráðgjafi þyrfti að sjálfsögðu að vera samvizku- og siðferðislaus. Nei, það er langt frá; en eg ímynda mèr hvern danskan ráðgjafa rètt eins og aðra menn, sömu breyzkleikum og sömu ófullkomlegleikum háða, sem almennt loða við oss synduga menn. En þingmaðurinn hlýtur þó að vita það eins vel og betur en eg, að það geta margvíslegar hvatir orðið til þess, að hindra oss menninn frá, að fullnægja skyldum vorum. Eg skal í fyrsta lagi nefna «hinn gamla Adam í oss» eða hina almennu spillingu, sem gjörvallt mannkynið hefir hingað til átt við að stríða, og sem margan hefir leitt of langt frá vegi skyldunnar og sannleikans. Í öðru lagi er opt svo ástatt, að menn þekkja eigi, og geta jafnvel ekki átt kost á að afla sèr þeirrar þekkingar, sem með þarf til að greina hið rètta frá hinu ranga. Og í 3. lagi geta ýmsar útvortis hvatir orðið þess ollandi, að menn leiðist afvega, svo sem fortölur annara, ábatavon, hègómagirni m. fl. Heimfæri menn nú þetta til hins danska ráðgjafa og íslenzks landsstjóra, verða menn að játa, að bæði ráðgjafi og landsstjóri hlytu, eins og aðrir menn, að vera þeim breyzkleika háðir, sem leiðir af hinni almennu spillingu mannanna yfir höfuð að tala; en sá er munurinn, að ráðgjafanum yrði þar að auki miklu hættara við að skjátlast sökum ókunnugleika. Það er með öðrum orðum, að sökum þess hann getur ekki haft þá þekkingu og þann kunnugleika, sem nauðsyn krefur, á hinu frábrugðna ásigkomulagi þessa lands, er svo mjög hætt við að stjórnarstörfin fari í ólestri, enda hvað góður og samvizkusamur sem ráðgjafinn væri, og það er einmitt sá annmarki, sem meiri hlutinn óttast svo mjög fyrir. Enn fremur virðist mèr ekki óliklegt, að ef hagur Íslands kæmi í einhverju tilliti í bága við hag Danmerkur, þá mundi hinn danski ráðgjafi freistast til að draga heldur taum ættjarðar sinnar, einkum þar sem hann eptir frumvarpinu er ábyrgðarlaus fyrir alþingi, en hefir alla ábyrgð af stjórnarstörfum sínum fyrir hinu danska ríkisþingi, og er þetta auðsèn afleiðing af slíku fyrirkomulagi. Það er alls eigi meining mín, að gjöra dönskum ráðgjafa nokkrar gersakir, en það sèr hver maður, að þetta getur jafnvel hent hina beztu og skylduræknustu menn, að þeir freistist til að framkvæma það, sem er miður rètt, bæði fyrir

ókunnugleika sakir og af ýmsum hvötum öðrum, sem of langt yrði upp að telja. Þar sem minni hlutinn hefir stungið upp á því, að ráðgjafanum skuli vera heimilt að sitja á alþingi, þá get eg eigi gjört mikið úr þeirri réttarbót; eg vildi í sannleika óska þess, að hinum heiðraða minni hluta mætti endast aldur til, að sjá danskan ráðgjafa á alþingi Íslendinga; eg fyrir mitt leyti óska ekki að lifa það, og gjöri mèr heldur ekki neina von um það. Þar sem þingmaðurinn talaði um, að það væri óheppilegt að hafa þennan ábyrgðarlausa erindsreka, er meiri hlutinn hefði stungið upp á, þá vil eg spyrja hann að, hvort hann álíti heppilegra eða hættuminna, að hafa ábyrgðarlausan landstjóra? Eg fyrir mitt leyti álít alls enga hættu búna af ábyrgðarlausum erindsreka, sem altènd er hægt að fá vikið frá embætti. Allt öðru máli er að gegna um landshöfðingjann, því hann mun standa og falla með ráðgjafanum. Þingmaður Dalamanna og hinn 1. konungkjörni vildu rèttlæta tillögur minni hlutans með þeirri ákvörðun í 62. grein frumvarpsins, að fá mætti breytingar á stjórnarskránni með tíð og tíma; en eg vil enn þá taka það fram, að það er óhugsandi, að við nokkurn tíma fáum að breyta einstökum ákvörðunum stjórnarskráarinnar, ef þær verða samþykktar nú, svo sem þessari, um að mál vor skuli heyra undir danskan ráðgjafa. Þetta hefir bæði stjórnin og konungsfulltrúi sagt, og eg efast um, að minni hlutinn geti sannfært menn um hið gagnstæða.

Pètur Pètursson: Eg vil fara nokkrum orðum um 2. greinina, eigi í þeirri von, að eg muni geta beint málinu í annað horf, en út lítur fyrir að verða muni ofan á enn sem fyrri, heldur sakir tilfinningar minnar, er býður mèr að láta í ljósi skoðun mína um hana. Mèr finnst meiri hlutinn hafa í formlegu tilliti rètt fyrir sèr, að ábyrgð sú er ófullkomin, sem þar er gjört ráð fyrir, eins og verður að vera, þegar konungurinn og ráðgjafinn eru í fjarlægð. Að þessu leyti njótum vèr eigi jafnrèttis við Dani og getum seint vænzt að fá það, og því er það hættulega við þessa ábyrgðarkenningu, að það er nokkuð satt í henni; en það er rangt að þenja þessa ófullkomnun út og að blanda ábyrgðinni saman við sannar þarfir landsins, eins og framsögumaður gjörði. Gætum við fengið duglega stjórn í landinu sjálfu með nokkurri ábyrgð, þó hún væri ófullkomin, þá getur enginn neitað, að það er mikið framfararstig. Nefndin hefir viljað bæta úr þeim annmarka, sem á því er, að landstjórnin er í fjarlægð við konunginn með því að setja erinds-

reka, er á að vera nokkurs konar frèttafleygir milli þeirra. Hann á að mèr skilst að lesa fyrir konunginum brèf landstjórnarinnar, og hvað hèr gjörist, og ef til vill snúa því á dönsku; þessi persóna er annars hálfskrítin; henni er ætlað svo lítið verkasvið, að hún virðist óþörf; en svo er annað, er gjörir vafasamt, hvort erindsreki þessi er til nokkurra bóta; hver getur ábyrgzt, að hann skýri konungi rètt frá? sjálfur er hann ábyrgðarlaus, þótt hann afbaki öll mál. Þannig er eigi ólíklegt, að landstjórinn mundi jafnaðarlega álíta nauðsynlegt, að flytja mál sín sjálfur, og nota sèr þaraðlútandi ákvörðun meiri hlutans til að dvelja erlendis. Nefndin hefir líka sjálf álitið þetta fyrirkomulag miður hyggilegt eða haganlegt, þess vegna hefir hún stungið upp á jarli eða vice-konungi með ráðgjöfum. Minni hlutinn kallar þetta fyrirkomulag, er meiri hlutinn fer fram á, mjög glæsilegt, og það virðist mèr það líka vera, en þess ber að gæta, að það er eigi allt gull sem glóir, og eg álít slíka stjórnarskipun oss ofvaxna. Það væri hugsanlegt, ef vèr værum 1,000,000 að tölu eða meira, að slikt fyrirkomulag gæti staðizt hèr, en nú sem stendur, munum vèr naumast hafa efni á að vera að launa mörgum ráðgjöfum; og þótt eg sè eigi kunnugur stjórnarskipun annara landa, þá er þó það mèr kunnugt, að þar fer eigi alstaðar betur fram sem vicekonungur er; eg vil taka til dæmis Írland; þar veit eg að er vicekonungur, en þó mun stjórnin vera þar í engu betra lagi en víða annarstaðar. Hinn háttvirti framsögumaður tók það fram, að í hina siðferðislegu ábyrgð væri mest varið. Það er öldungis satt, en fyrst að svo er, þá ímynda eg mèr, að hún hvíli mest á landstjóranum, þar eð það er mest varið í það, að hann vinni sem mest í samvinnu við þingið, og góð eining sè á milli hans og þingsins, því að ef landstjórinn eigi ávinnur sèr velvild og þokka þingsins, þá getur hann eigi verið landstjóri, þar sem þingið hefir löggjafarvald og fjárforræði, og þess vegna yrði hann að leggja niður embættið og annar koma í hans stað. Eg bið menn vel að gæta þess, að nú er staða þessa máls nokkuð öðruvísi en 1869; síðan 1869 er nokkuð skeð, sem eigi verður haggað eða vikið frá, þar sem stöðulögin 2. janúar 1871 eru komin út. Eg fyrir mitt leyti get eigi skilið, að stjórnin þurfi nú að leggja kapp á, að vèr fáum stjórnarbót, því að ef dæma skal eptir mannlegum praxis, þá má nærri geta, að ráðgafinn unir því vel, að hafa fyrst þessar 50,000 rd., nefnilega fasta og lausa árstillagið frá Danmörku, og svo auk þess tollinn af brennivíninu, sem sumir hafa

gizkað á að muni verða 50,000, til umráða í landsins þarfir, án þess að hafa löggefandi þing við hliðina á sèr til þess að stríða við. Eg vil líka biðja menn að gjöra sèr grein fyrir því, hverjum það mundi verða í hag, ef það stjórnarfyrirkomulag, sem frumvarpið fer fram á, kæmist á. Mundi það verða stjórninni í hag? það fæ eg eigi sèð. Mundi það verða landshöfðingjanum í hag? eigi heldur, því að hann hefði auðsjáanlega miklu óbundnari hendur, ef þingið að eins væri ráðgefandi, en eigi löggefandi, það mundi heldur eigi verða til hagsmuna fyrir oss embættismennina, að þingið fengi löggjafarvald og fjárforræði; þess sáum vèr nýlega ljós merki í máli einu, er lagt var fyrir þingið, og það er líka drepið á það í nefndarálitinu, þar sem sagt er, að eigi að launa oss eptir innlendum reglum, það er að segja: í álnum og fiskatali. Eg skal nú eigi fara fleirum orðum um 2. gr. frumvarpsins, en eg skal geta þess, að ef sættir kynnu að geta komizt á, þá hefi eg hugsað mèr, að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu, að þingið tæki það fram í álitsskjalinu til konungs, að það áskildi sèr rètt til að koma á fastara og fullkomnara ábyrgðarfyrirkomulagi, ef reynslan sýnir, að sú ábyrgð, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á, verður sönnum og verulegum framförum landsins til fyrirstöðu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætla mèr alls eigi að fara að yrðast við hinn háttvirta framsögumann, því það er ekki sæmilegt nè stöðu minni samboðið, en eg verð þó að svara honum nokkrum orðum. Hann sagði, að það væri ótækt að gefa sig á vald dansks ráðgjafa. En sýnist honum þá ekki ótækt, að gefa sig undir danskan konung? eða getur hann skilið ráðgjafann frá konunginum? Þetta ótæka ástand sannar hann með reynslunni, einnig að undanförnu. Það gefur hverjum að skilja, að það er eigi rètt, að miða við þá stjórn, sem verið hefir. Hèr verður að gera ráð fyrir löggjafarþingi, og þeirri ráðherrastjórn, sem ábyrgð hefir á gjörðum sínum, sem veit, að henni, en eigi öðrum, verður um kennt, ef allt fer eigi í lagi. Eg vil aptur leyfa mèr að spyrja: hver er það annar en hann og hans menn, sem vilja halda oss undir ábyrgðarlausum ráðgjafa, þar sem oss býðst sá ráðgjafi, sem hafi ábyrgð fyrir þinginu? Er það ekki hann og hans flokkur, sem vill fyrirmuna oss löggjafaratkvæðis? Eg hefi líka því síður ástæðu til þess að svara honum, þar sem hann misskilur orð mín eða afbakar þau. Þar sem eg minntist á Frakka, þá var það alls eigi í þeim tilgangi, að bera Frakkland saman við Ísland, sem jöfn eður lík lönd, heldur var það

til þess að sýna stórkostlegt dæmi þess, hve stjórnarfyrirkomulagið getur verið breytilegt. Frakkar, þessi mikla frelsisþjóð, sem hefir verið ráðandi að mestu gangi veraldarsögunnar á seinni öldum, hún þekkir aldrei þennan óbreytanleik, sem framsögumaður þekkir. Þar sem eg minntist á England, þá var það í þeim tilgangi, að sýna, að Englendingar, sem lengst eru áleiðis komnir á veg frelsisins, eigi hafa fengið stjórnarbót sína allt í einu eða á einni kveldstundu, eins og meiri hlutinn ætlast til. Hinum háttvirta framsögumanni þótti ofmikil siðafræði í ræðu minni. Hann bar þó sjálfur upp spurningu, er sannarlega er siðafræðisleg, það er að segja þá spurningu, hvaða orsakir sèr í lagi lægju til þess, að menn gjörðu það, sem menn ættu ei að gjöra. Hann svaraði sjálfur þessari spurningu sinni, en á þann hátt, að mèr virtist engin vanþörf á, að hann hefði heyrt meira úr siðalærdóminum, því að það eru í sannleika fleiri hvatir til þess, að maður gjörir það, sem maður eigi má gjöra, en ókunnugleikinn eða vanþekkingin. Ein hvötin er sú, er eg nefndi áðan, og sem eigi er hvað minna varið í, það er eigingirnin; hana nefndi hann eigi, það kann nú að vera af því, að hann hafi eigi komið henni vel við, en það orð er annars fleirum en honum kært. Og vilji hann nú játa það með mèr, að eigingirnin sè aðalrót þess illa, sem mennirnir gjöra, þá kemur okkur líka saman um, að danskur ráðgjafi sè minna freistaður af henni en innlendur maður. Þar sem verið er að ræða um erindsrekann, þá er það ljóst, að hann verður að vera ábyrgðarlaus, og hann verður þó vitanlega öllu ráðandi fyrir konungi. En það vill til, að stjórnin hefir vit fyrir meiri hlutanum, og samþykkir ekki slíkt fyrirkomulag. Eptir minni hlutanum hefir ráðgjafinn, sem ræður öllu með konungi, fulla ábyrgð, þó erfitt kunni að verða að koma henni fram, og landshöfðinginn hefir alla ábyrgð sinna verka, og á honum liggur reyndar stjórnin mestöll. Það væri sjálfsagt miklu hreinlegra, ef meiri hlutinn vildi gjöra svo vel, að færa konunginn alveg inn í landið. Þessi orð: ef vèr sláum þessu föstu, þá verður því eigi breytt, þau eru naumast svaraverð. En eg vil þá spyrja: hvað er það, sem verið er að tala um að slá föstu, eða hvað er annars fast í heiminum, nema ef vera skyldi þrá og grunnhyggni sumra manna? En setjum svo, að engu verði breytt, þá kemst eptir sömu reglu heldur aldrei á stjórnarskrá, og þá höfnum vèr allri umbót. Eg get annars eigi skilið, að löggefandi þing standi í nokkru ver að vígi en ráðgef-

andi þing til að fá umbætur þær, sem þörf er á. Það hefir verið mikið talað um brúðuna, er framsögumaður var að leika sèr að í gærkveldi; eg gleymdi að minnast á hana áðan, og skal nú heldur eigi fara mörgum orðum um hana. Hann sagði, að vèr í minni hlutanum hefðum prýtt hana, en þá segi eg, að meiri hlutinn hafi brotið hana; brúða var það hjá báðum. Eg skal nú eigi fara fleirum orðum um málið að sinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst það vera skylda mín, þar sem eg er einn í meiri hluta nefndarinnar, að standa upp og fara nokkrum orðum um málið, en eg vona, að eg forðist öll orð, er sýni nokkurn ákafa, að minnsta kosti skal eg leitast við, að við hafa eigi nein ákafa-orð. Þegar litið er á sögu þessa máls síðan 1848, þá verður þinginu engan veginn með ástæðum brugðið um ákafa í þessu máli, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi gjörði í gær. Það er satt, að þingið hefir verið að beiðast þess, að mál þetta væri tekið fyrir og leitt til lykta, en þótt það beiðist einhvers allra-þegnsamlegast, þá er það þó enginn ákafi. Eins og kunnugt er, þá er konungsbrèfið 23. sept. 1848 byrjunin til þess, að mál þetta hefir komið til umræðu, og eg get eigi skilið þetta konungsbrèf öðruvísi en svo, enda þótt hinn hæstvirti konungsfulltrúi vilji leggja annan skilning í það, að stjórnarmálefnum Íslendinga eigi verði ráðið til lykta fyr en samkomulag kæmist á milli fulltrúa Íslendinga og konungs. Eins og öllum er kunnugt, þá komst ekkert samkomulag á á þjóðfundinum 1851, og þar voru alls engar tilraunir gjörðar til samkomulags, því að þeim fundi var slitið, þegar er nefndin, er sett var í málið, hafði skýrt frá áliti sínu um það; þess vegna verður þjóðfundinum í heild sinni engan veginn brugðið um ákafa; því að þótt stjórninni hefði þótt nefndin fara of langt og taka of geyst í málið, þá gat hún engan veginn sagt það um sjálft þingið, þar sem því var slitið, áður en það hafði rætt málið; því að fundurinn hefði hæglega getað komizt til annar niðurstöðu en nefndin. Árið 1853 beiddist þingið þess, að málið væri tekið upp aptur og lagt fyrir þing hèr á landi. Árið 1857 beiddist það einungis þess, að þingið fengi fjárveitingarrètt, og var það fyrir þá sök, að stjórnin sjálf hafði gefið þinginu tilefni til að fara þess á leit. En allt um það var það þó eigi fyr en 1867, að alþingi var gefinn nokkur kostur á að ræða málið. Eg vona og að mönnum verði það ljóst af því, er eg nú hefi sagt, að það verður alls eigi með rökum sagt, að það sé

þingið, sem nú í 20 ár hefir spornað við því, að samkomulag næðist í þessu máli milli þingsins og stjórnarinnar, eða hafi við haft neinn ákafa í því, þar sem það þó eru að eins 4 síðustu árin, sem þingið hefir haft færi á að ræða málið. Eins og kunnugt er, voru flestir á eitt mál sáttir 1867, og eg ætla, að flestir hafi þá haft þá von, að málið mundi þá verða á enda kljáð; en það, sem þá án efa skemmdi fyrir málinu, eins og optar hefir að borið, var það, að konungsfulltrúi hafði eigi fullt umboð af hendi stjórnarinnar til að semja um málið við þingið. Þetta frumvarp stjórnarinnar, sem lagt var fyrir þingið 1867, tók allt málið fyrir í heild sinni bæði hin sèrstaklegu málefni Íslands og svo einnig hin helztu atriðin um samband Íslands við meginríkið, en á þetta frumvarp gat stjórnin eigi fallizt með þeim litlu breytingum, er þingið hafði við það gjört. Hún skipti nú málinu, tók sèr þau atriðin, er snerta hin sèrstaklegu málefni Íslands, og þau sèr, er lutu að stöðu í meginríkinu, og lagði tvö frumvörp, sitt um hvort málefnið, fyrir þingið 1869; frumvarpið um stöðu landsins í ríkinu beiddi þingið að eigi yrði lögleitt, en eigi að síður var það þó að lögum gjört og kom út sem lagaboð 2. janúar 1871, en þó mjög breytt. Einnig beiddist þingið þess, að hitt frumvarpið, um hin sèrstaklegu málefni Íslands, eigi yrði lögleitt, en þó til vara lagði þingið það til, að það yrði að lögum gjört með þeim breytingum, sem það stakk upp á við frumvarpið, og fór það þó svo varlega í að gjöra breytingar við það, að þingið lèt ýmsar ákvarðanir standa í því og tók sumar upp, sem vèr getum alls eigi látið oss lynda eða talið samboðnar rèttindum vorum. Nú er þá síðast að líta á það frumvarp, sem nú er lagt fyrir þingið, og sem er nálega orðrètt hið sama og það sem lagt var fyrir þingið 1869, og ekkert tillit tekið til tillaga þingsins um ýmsar breytingar á því. Það eru reyndar ýmsir vegir til, sem þingið getur nú farið. Menn segja, að einhver breyting þurfi nauðsynlega að verða á stjórn landsins; það hefir verið tekið svo djúpt í árinni við mig, að sagt hefir verið, að ástandið núna væri ógurlegt, og hlyti að verða til þess að hnekkja og spilla öllum framförum landsins. Það er reyndar satt, að ástandið núna er eigi sem æskilegast, ef við svo búið á lengi að standa, en það er heldur eigi enn bundinn endir á heitorð vors hásæla konungs, Friðriks 7., þá er hann hèt oss jafnrètti við samþegna vora og bræður í Danmörku. En þá vil eg spyrja: er það fyrirkomulag á

stjórn landsins, sem þetta frumvarp fer fram á, veruleg breyting á því fyrirkomulagi, sem nú er á henni, er það veruleg breyting til hins betra? Það eru flestir samdóma um, að hvernig svo sem ábyrgðinni er komið fyrir, þá verði hún þó eigi nægilega tryggjandi, nema landstjórinn hafi ábyrgð fyrir alþinginu. Hin siðferðislega ábyrgð er hin sama, hvort sem ráðgjafinn í Kaupmannahöfn er með ábyrgð eða ekki. Eg efast alls eigi um, að landsstjórinn gjöri sèr allt far um, að fram fylgja málum vorum og uppfylla sínar siðferðislegu skyldur. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði um daginn, að landið geti tekið framförum með hvaða stjórnarfyrirkomulagi, sem vera skyldi. Þetta er öldungis satt, að landið getur tekið framförum; en hèr verður og annað að taka til greina, þegar litið er til hinnar stjórnlegu ábyrgðar, þá er hún fólgin í því, að stjórn landsins á að standa reikningsskap af því, að hún fari að þeim reglum, er stjórnarskráin skipar fyrir um; en þessa ábyrgð hefir landsstjórinn eigi fyrir þinginu, ef ráðgjafinn í Kaupmannahöfn hefir hana, og þótt landsstjóri vildi gjöra allt, sem hann gæti, til að fram fylgja málum vorum, þá er hann þó maður, yfirvaldinu undirgefinn, hann stendur undir ráðgjafanum í Danmörku, og er skyldur til að hlýða hans boði. Þess vegna mundi hann sumpart neyðast til, að bera undir hann þau mál, er landstjórinn annars ætti að leggja úrskurð á, og sumpart mundi hann ei vilja taka alla ábyrgðina upp á sig, heldur láta hana að nokkru leyti lenda á ráðgjafanum, og því leita hans úrskurðar, og þá hygg eg málum vorum sè komið í líkt horf og nú hefir átt sèr stað nokkurn tíma, og enn á sèr stað; eða með öðrum orðum: ástandið yrði öldungis hið sama sem nú. Eg get eigi sèð, hvaða munur er á því, að hafa landsstjóra ábyrgðarlausan og ráðgjafa í Danmörku, þótt svo eigi að heita, að ábyrgð eigi á honum að hvíla, þann ráðgjafa, sem Íslendingar aldrei geta náð í, sem þeir aldrei sjá, og aldrei geta talað við, og sem því í reyndinni verður alveg ábyrgðarlaus, eða hafa landstjóra beinlínis ábyrgðarlausan fyrir þinginu. Það er annar galli, er leiðir af þessu fyrirkomulagi, sem frumvarpið fer fram á, og það er sá, að þá er eitthvað vandamál ber að höndum, þá getur ekki landstjóri, þar sem hann er ábyrgðarlaus og stendur að öllu leyti undir ráðgjafanum í Danmörku, gefið þinginu fullnægjandi svar eða vissu um, að það fáist, er þingið ætlar sèr að fara fram á, þar sem hann ekki hefir nè getur haft umboð af hendi ráðgjafans um, að

hverju hann má ganga í hverju einu. Ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefði nú umboð af hendi stjórnarinnar til að semja um málið við þingið, og gæti sagt: í þessum atriðum má eg eigi slaka neitt til, en aptur má eg slaka til í öðrum, þá mundi það hafa happasæl áhrif á úrslit málsins, og þá gæti vel svo farið, að þingið og stjórnin yrði á eitt sátt í málinu. Þetta atriði bið eg menn að taka vel til greina, og eg er sannfærður um, að meiri hlutinn mundi þá einnig slaka til, ef konungsfulltrúi gæti sagt: að þessum atriðum get eg gengið, en að þessum eigi. Það mundi sannarlega hafa mikla þýðingu, ef konungsfulltrúi hefði þetta vald og vildi neyta þess. Hèr er þá hinn fyrsti vegur. Ef fyrirkomulagið á stjórn vorri og hagur vor yfir höfuð að tala ekki er eins óttalegur og menn lýsa því, og það fyrirkomulag, sem frumvarpið fer fram á, er litlu eða engu betra, en það sem nú er, þá hygg eg að betra sè, að halda því fyrirkomulagi sem nú er, og biðja um, að því verði frestað að gjöra þessa breytingu á stjórnarskipuninni, og konungur gæti eins fyrir það bætt fyrirkomulagið á stjórn landsins. Það er einnig annað, sem kynni að vera tiltækilegt, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram og gjörði að uppástungu sinni, er mèr virðist mjög skoðunarverð, en það er það, að vèr göngum að þessu frumvarpi sem bráðabyrgðarlögum með nokkrum smábreytingum, og mundi eg alls eigi vera móti þessari uppástungu í rauninni, nè vera svo þrár, að vilja enga tilslökun gjöra, en hitt er annað, hvort það mundi nokkuð þýða að setja þennan skildaga, þar sem enginn getur vitað, hvort nokkurt tillit verður tekið til hans af stjórninni. Þar sem minni hlutinn vonaði eptir að fá síðar ýmsu því breytt, er brýnust er þörfin á, þá er auðsèð, að sami örðugleikinn muni verða á, að fá þeim breytt, eins og nú að fá þessum vorum breytingaruppástungum framgengt.

Þó vèr gengjum að frumvarpinu með von um, að því síðar yrði breytt, þá yrðum vèr líka að hafa von um það, að kröfum vorum yrði fullnægt; en vèr höfum eins mikla von um það, þótt vèr ekki göngum að frumvarpinu. Það er eigi auðið að segja, að þessu verði aldrei breytt, en vèr megum ekki telja upp á þau atvik, sem eru alveg ófyrirsjáanleg, heldur verðum vèr að reikna út eptir öllum líkum. Þegar eg lít á það, að hin danska stjórn vill halda föstum ýmsum atriðum, en vèr erum sá aðili þessa máls, er ekkert vald hefir í höndum, og verðum einungis að leita rèttar vors með því að biðja, þá er auðsætt, að svo mun einnig fram-

vegis verða, og þess vegna hljóta sömu örðugleikar að verða á því, að fá lögum þessum breytt síðar meir, eins og nú að fá kröfum vorum framgengt; það vona eg allir verði að viðurkenna. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en áður en eg hætti, leyfi eg mèr að óska þess, að eg og aðrir þingmenn, þeir er meiri hlutanum fylgja, fáum að heyra, að hve miklu leyti hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir umboð stjórnarinnar til að slaka til í ýmsum þeim atriðum, þar sem ræða er um þær ákvarðanir, sem eru skilyrði fyrir því, að fullkomnum þjóðrètti vorum sè borgið.

Benidikt Sveinsson: Eg hefi hingað til ekki talað neitt í máli þessu á þessu þingi, og eg ætlaði mèr í upphafi ekki að tala opt í því; en eptir að eg hefi hlýtt á ræður fleiri þingmanna, bæði í gær og nú, þá hefir mèr fundizt eg ekki lengur ætti að hika við að taka til máls. Eg skal þá þegar í byrjun ræðu minnar skýrskota til hinna háttvirtu þingmanna um það, að eg ávallt að undanförnu hefi haft glögga stefnu fyrir augum í stjórnardeilu vorri við Dani, sem hefir verið fólgin í því, að vilja aðhyllast þá eina miðlun á máli þessu, sem gæti orðið hin haganlegasta og happasælasta, ekki einungis fyrir Íslendinga, heldur og einnig fyrir Dani. Eg hefi ávallt haldið því fram, og það gjöri eg eins enn, að stjórnarbót fyrir Ísland verði byggð á ytri og innri óumflýjanlegum skilyrðum fyrir því, að landinu eptirleiðis geti orðið vel og viturlega stjórnað. Til hinna ytri skilyrða tel eg einkum fjarlægð landsins frá Danmörk, og annað það einkennilegt, er hönd náttúrunnar hefir áskapað Íslandi, og sem er svo einstaklegt, að eg er viss um, að land vort í þessu efni ekki á fullkominn líka sinn í allri norðurálfunni. Það sjá allir heilvita menn, að eigi er unnt að endurbæta ástandið, sem er, með tómum dauðum, annarlegum og framandi lagabókstaf, heldur einungis með þeirri stjórnarskipun, sem sniðin er eptir þessu einkennilega «physiska», «klimatiska» og «geographiska» eðli landsins. Hinum innri skilyrðum er eigi síður óumflýjanlegt að fullnægja: þjóðhættir Íslendinga, landsvenjan, lög og siðir, hinn lifandi, verandi og verkandi þjóðernisandi Íslendinga í heild sinni hlýtur að vera lífið og sálin í hinni nýju stjórnarskipun vorri, ef hún á að koma oss og niðjum vorum að tilætluðum notum. Með þessu og engu öðru móti næst sannur grundvöllur verulegrar stjórnarbótar fyrir Ísland í orðsins rètta skilningi, og með þessum eina grundvelli má búast við, að tryggzt

geti það bróðursamband, sem ætti að tengja saman Íslendinga og Dani; og þessi grundvöllur og enginn annar getur gefið og hlýtur að gefa þann ávöxt af stjórnarbótinni, er verði ekki einungis oss Íslendingum til viðreisnar og blómgunar um ókomnar aldir, heldur einnig auki Danmörku heill og hagsæld, já, afli Danakonungi sjálfum þess lofstírs og sæmdar, að nafn hans mundi stórum vaxa, bæði í mínum augum og allrar norðurálfunnar. Þannig hefi eg fyrir mitt leyti skoðað mál þetta bæði fyr og nú. Frá þessu aðalsjónarmiði «abstrahera» eða tek eg ekki einu sinni tillit til hinna sögulegu atriða málsins, eða með öðrum orðum: eg þarf ekki að skipta mèr af því, hvernig ástand vort hefir verið á undanförnum öldum, nè heldur hvernig það er nú þann dag í dag. Hvernig sem saga vor hefði verið, hvernig sem reynslan hefir verið fyrir oss að undanförnu, þá er hún ekki afgjörandi til að fella þennan grundvöll eður setja neitt annað í staðinn fyrir hann. Hafi stjórnarástandið gengið í öfuga átt við það, sem vera hefði átt, þá getur það eigi lagzt til grundvallar; en hafi það gengið í rètta stefnu, þá er þessi grundvöllur sjálflagður, enda hverfa og þá allar ástæður, sem á móti stríða. Þessari hinni sömu skoðun fram fylgdi nú bæði eg og hinir aðrir heiðruðu meðnefndarmenn mínir í meiri hlutanum, enda vona eg, að hver sá, sem vill skilja og getur skilið auðsætt og einfalt mál, sjái það, að meiri hlutinn hefir haft þetta fyrir augum með öllum tillögum sínum í heild sinni. Það er sannur vöxtur og viðgangur Íslands og hinnar íslenzku þjóðar, sem allir hljóta að sjá, segi eg, að meiri hlutinn hafði fyrir augum, en ekkert sögulegt eða ósögulegt út af fyrir sig. Eg get því fullvissað hinn háttvirta konungsfulltrúa um það, að það eru ekki Nýju Fèlagsritin, sem hafa komið þessari skoðun inn hjá mèr, nei, engan veginn; heldur er það mín eigin sannfæring, sú elska og virðing, sem eg til dauðadags mun bera fyrir þjóð minni og ættjörðu, Íslendingum og Íslandi, og sem eg vona að einnig bærist í brjósti allra landa minna. En annað mál er það, að eg í Nýju Fèlagsritunum hefi sèð þá hina sömu óbifanlegu ættjarðarást, þá hina sömu innilegu elsku og virðingu fyrir skýlausum sögulegum rètti og rèttindum Íslands og Íslendinga að fornu og nýju afmálaða ár eptir ár með svo ljósum og lifandi rökum, að það þarf sannarlega meira til, en nefna þessi rit í skopi við mig, meira en eitt ástæðulaust orð, til að hrekja Fèlagsritin eða sannfæringu mína. Oss nefndarmönnum hefir frá konungsfulltrúastóln-

um verið borin á brýn hlutdrægni, en eg vona, að enginn af oss fái samvizkubit út af þessari ákúru. Reyndar getur verið, að orðið «hlutdrægni» megi taka í tvenns konar merkingu, t. a. m. í þessu sambandi, að eg hafi dregið um of taum Íslands, en þessu neita eg sem ósönnu, enda er það prýðilega ósannað af hinum háttvirta konungsfulltrúa. En meini hann með hlutdrægni hitt, að eg haldi fast fram taumi Íslands, já, þá segi eg honum það alls óragur, að mèr hefir aldrei komið til hugar, að sleppa með vilja mínum einni hinni minnstu hársbreidd af þeim rètti, sem Íslandi ber og velfarnan þess er undir komin. Þá hefir oss og verið ámælt fyrir skynsemisleysi, en um það ætla eg ekki að fjölyrða, með því að það sèst á alþingistíðindunum svart á hvítu, hver skynsamast og rèttast leggur til þessa máls, enda leikur mèr engin öfund á þeirri skynsemi, sem hèr er á lopt haldið. Um viljaleysi mitt til að gjöra rètt í þessu máli ætla eg að svara því einu, að eg muni ekki ganga að neinni þeirri stjórnarskrá fyrir Ísland, sem stríðir á móti því, sem er haganlegt og happasælt fyrir framfarir og viðreisn þjóðar minnar í bráð og lengd. En eg verð að lýsa því yfir, að þau orð, sem höfð hafa verið um meiri hluta nefndarinnar frá konungsfulltrúastólnum, eru næsta óheppileg, og þó eru þau heppileg; því hver sá, sem ekki vantar allan siðferðislegan dug og kjark, til að framhalda rètti þjóðar sinnar og ættjarðar, hann hlýtur að finna sig öfluglega knúðan við slík ummæli, til að halda rètti og þörfum Íslands því fastar fram. En að eg nú ekki haldi lengri formála, skal eg þá fara fáum orðum um frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði mikið um þá kosti, sem þetta frumvarp hefði inni að halda fyrir Íslendinga, eins og hann líka var í gær að útlista hvað lægi í orðinu og hugmyndinni «Constitution», og er eg honum að vísu samdóma um hans almennu athugasemdir; en konungsfulltrúanum láðist það eptir að sýna, að þessi hugmynd væri fólgin í frumvarpinu, að því er Ísland snerti, heldur sönnuðu þvert á móti öll meginatriði ræðu hans, að hún væri ekki í frumvarpinu að finna Íslendingum til handa. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefði þó sannarlega ekki þurft með ræðu sinni að endurnýja þetta óhrekjanlega sannmæli fyrir mèr, því eg þyrfti ekki eina mínútu til að sjá það, að þetta «Begreb» er ekki «realiserað» í frumvarpinu, hvað Ísland snertir, heldur einmitt það gagnstæða.

Nei, þegar eg tala um «constitutionel» hugmynd á þessum stað með frumvarp Danastjórnar í hendinni, þá tala eg um «constitutionel» stjórnarskipun fyrir Ísland; og um það getur þá fyrst verið að ræða, ef það fær löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig, þessi orð öll, tekin í hinni sömu bókstaflegu merkingu, sem hinn hásæli Danakonungur, Kristján hinn 8. tók þau, er hann gaf oss sèrstakt þjóðþing fyrir Ísland, alþingið. Eg skal leyfa mèr að lesa hèr að lútandi orð úr alþingistilskipuninni:

«Vèr Christján hinn áttundi . . . . . gjörum vitanlegt, að þar «Vèr höfum sannfært Oss um, að þeim landsföðurlega tilgangi, í «hverjum umdæmastöndin eru stiptuð, með tilliti til Vorra kæru «og trúu undirsáta á Íslandi einungis yrði fullnægt með því móti, «að nefnt land fengi ráðgefandi samkomu út af fyrir sig, svo höf«um vèr þann 20. maí 1840 skipað, að þær til undirbúnings slíkr«ar stiptunar nauðsynlegu yfirveganir skyldu gjörast að nokkru leyti «á Íslandi og að öðru leyti í Vorum stjórnarráðum. Á þessum «yfirvegunum og Vorum í því efni gjörðum allrahæstu ályktunum «grundvallaðist eitt lagafrumvarp, viðvíkjandi stiptun sèrlegrar ráð«gefandi samkomu fyrir Ísland, er nefnast skyldi alþing».

Orðin «þing út af fyrir sig», eður «sèrstakt þing» þýðir hèr þó sannarlega ekki þing suður í Danmörku. Nei, það þýðir þing á Íslandi sjálfu, á þeim stað, sem vèr allir stöndum á.

Látum oss nú bera frumvarpið saman við þetta. Það eru þá þrjú aðalatriði í «constitutionel» stjórnarskipun, sem eg skal leyfa mèr að benda á, það er löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Nú spyr eg: Heitir frumvarpið Íslendingum þessu þrennu út af fyrir sig samkvæmt hugmyndinni um lögbundna þjóðstjórn? Nei, langt í frá. Hvað framkvæmdarvaldið snertir, þá hefir það verið tekið fram, og hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir ekki getað borið á móti því, að «constituionel» stjórnarskipun geti ekki átt sèr stað á Íslandi, þegar ráðgjafinn í Danmörku, eins og frumvarpið setur svo blýfast, á að hafa alla ábyrgð af stjórninni, og þegar landstjórinn á að stjórna í umboði hans, þannig, að hann má ekki gjöra annað en hann vill, og er því ekkert annað en eintómur skuggi hans, eður dautt verkfæri í hans hendi. Já vel á minnzt: «Skal þetta nákvæmar ákveðið með lögum», stendur í frumvarpinu; hèr er nú því lofað, sem er ómögulegt. Í stað þess að skipa fyrir um það nú, sem er «conditio sine qua non» fyrir þjóðfrelsi voru. Stjórnarfrumvarpið í hitt eð fyrra lagði ráð við því, hvernig á-

byrgðinni ætti að koma fram andspænis ráðgjafanum í Kaupmannahöfn, nefnilega, að neðri deild alþingis skyldi snúa sèr að fólksþinginu, og fá samþykki þess til að kæra ráðgjafann, sjálfsagt fyrir ríkisrèttinum í Danmörku, en þetta varð «constitutionel» ábyrgð í Danmörku, en ekki á Íslandi. Þetta fyrirkomulag fór því einu fram, að þjóðfrelsi Dana skyldi alveg gleypa þjóðfrelsi Íslands. Þessu getur hinn háttvirti konungsfulltrúi ekki neitað. En má eg þá spyrja: hvernig er það fyrirkomulag nú, sem heitið er í frumvarpinu að skipað skuli með lögum um ráðgjafa-ábyrgðina í Danmörku? Það er og verður ómögulegt. Það hefir verið mikið talað um tvenns konar ábyrgð, «pólitiska» og siðferðislega, er hafa verið aðskildar hvor frá annari, sem þó eru alveg óaðskiljanlegar. Sambandi þeirra er þannig varið, að hin siðferðislega ábyrgð leiðir af hinni «pólitisku». Ef ekki er til pólitisk ábyrgð, hvaðan ætti þá hin siðferðislega að koma? Eða mundu menn með nokkrum siðferðislegum rètti eða sanngirni geta gjört þá kröfu til landstjórans, að hann í stjórn sinni hagaði sèr eptir því einu, sem oss líkaði, þar sem hann þá eptir grundvallarlögunum væri skyldur til að hlýða ráðgjafanum í einu og öllu, en ekki oss? Það er ómögulegt. Eg vil vara þingmenn við þeim villulærdómi, að siðferðisleg ábyrgð geti átt sèr stað hèr á Íslandi, ef hin «pólitiska» er suður í Danmörku. Nei, það er svo langt frá, að frumvarpið heiti oss «Constitution», eða sönnu þjóðfrelsi, að stjórnarbót þessi, sem hèr er boðin, er, ef nokkuð er, einmitt verri en ástand það, sem nú er. «Konungurinn ákveður verkasvið landshöfðingjans», stendur í frumvarpinu; hvert er þá það verkasvið? Er það meira eða minna eður akkurat það sama, sem stiptamtmaðurinn á Íslandi nú hefir? Hver getur svarað þessu? Enginn. Gleymið því eigi, fulltrúar Íslendinga, að þetta er það «constitutionella» framkvæmdarvald fyrir Ísland og ekkert annað, sem frumvarpið inniheldur og fram býður oss. En þá er löggjafarvaldið; það fær alþingi ekki, af því ábyrgðina vantar gagnvart þinginu, og það er ómögulegt, því ábyrgðarlögin sjálf geta ekki til orðið, nema fyrir meðverkun ábyrgðarlausa danska ráðgjafans; en nærri má geta, hvort nokkur danskur ráðgjafi muni ráða konungi til að færa það í lög, að sú stjórnarábyrgð, sem hann áður var laus við, lendi á honum framvegis. Nei, trúið mèr, það eru ekki svona bernskulegar vonir, sem vèr megum byggja á framtíð Íslands og frelsi um ókomnar aldir. Þetta er á annan veg að skilja: Ráðgjafinn hefir hingað til ráðið

yfir málum vorum, og mun eins eptirleiðis ráða, hverju sem hann vill fyrir frumvarpinu því arna, þó það yrði lög; enda sýna þau mörgu frumvörp, sem að þessu sinni hafa verið lögð fyrir þingið, og þar sem svo ljóslega er bent á áframhald þessa sama stjórnarástands, sem nú er, og þingsins tillögur eru að svo litlu hafðar, að stjórnarandinn gamli frá Danmörku býr undir öllu saman. Um dómsvaldið skal eg ekki tala, því það játa allir, að það er Dönum áskilið, eins og verið hefir. En má eg nú spyrja: er það nú ekki hraparleg mótsögn í frumvarpinu, þar sem segir, að Ísland skuli hafa löggjöf og stjórn út af fyrir sig í öllum sèrstökum íslenzkum málum, að dómsvaldið sè hjá dómendunum, o. s. frv., en öll æðsta stjórn landsins, bæði hvað löggjöf, stjórn og dóma snertir, er þó eins eptir sem áður úti í Danmörku eptir þessu frumvarpi? Hvað er þetta? Ekkert annað, mildast talað, en glæsilegur «Floskel», sem í raun rèttri er minna en einskis virði. Eg kalla það eptirtektavert, að í staðinn fyrir að hrekja þetta með sönnum ástæðum, þá skuli konungsfulltrúi segja það, sem hann sagði, að «ef hann væri mótstöðumaður frelsis Íslendinga, þá mundi hann mæla með uppástungum meira hlutans»; já, hann áleit uppástungur og skoðanir meira hlutans svo hættulegar fyrir frelsi Íslendinga, að hann, að mèr fannst, varaði þingið við, að láta blekkjast af slíkum villukenningum. Þetta er nú ekki villukenningin úr hinum Nýju Fèlagsritum.

En hver er munurinn á meiri hlutanum og kenningu konungsfulltrúa, og í hverju hlutfalli standa þessar skoðanir við frumvarpið? Þessu er alhægt að svara. Meiri hlutinn gegnum færir grundvallarsetningu frumvarpsins sjálfs í 1. gr., um að Ísland fái löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig, með því að koma stjórnarábyrgðinni inn í Ísland, en hinn háttvirti konungsfulltrúi þar á móti niður brýtur þessa grundvallarsetningu frumvarpsins 1. gr. með því, að vilja hafa stjórnarábyrgðina í Danmörku. Þetta er munurinn, og þetta er sambandið við frumvarpið. Eg segi: hèr er enginn annar munur á setningum konungsfulltrúa og meiri hlutanum en sá, að meiri hlutinn vill hafa stjórnarábyrgðina í Íslandi, og þetta er einmitt mögulegt eptir sjálfu frumvarpinu 2. gr., eins og meiri hlutinn hefir stungið upp á, en ekki ómögulegt, eins og sagt hefir verið út í bláinn; því í stjórnarfrumvarpsins 2. grein segir svo: «Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur

skipar», o. s. frv. Hvaða munur er nú á þessu og ákvörðuninni í 7. grein meiri hlutans? Enginn nema það, að landsstjóri eptir meiri hlutans uppástungu á, þegar þörf gjörist, að ferðast frá Íslandi til Danmerkur, til að bera málin fram fyrir konunginn, og til að fá þá hina nauðsynlegu samvinnu við konunginn, svo málin geti fengið hin eðlilegu úrslit, sem stjórnarfrumvarpið ætlast til með ráðgjafanum í Danmörku, slitnum burtu frá allri samvinnu við alþingið. Þetta er svo nálægt hvað öðru hjá meiri hlutanum og frumvarpinu, að hver sá, sem telur fyrirkomulag frumvarpsins mögulegt, hann verður nauðugur viljugur að játa, að fyrirkomulag meiri hlutans sè það líka, nema sá einn sem segir, að stjórnarábyrgðin megi ekki vera í Íslandi, sem er sama sem að Íslendingar eigi megi fá lögbundna þjóðstjórn. En þetta er annað mál, en hitt, að þingmenn muni vera svo fáfróðir, að þeir ekki viti, að ráðgjafi með ábyrgð er ekki ávallt við hlið konungsins, eða hvernig er það í Noregi? situr ráðgjafinn þar einlægt við hlið konungsins? og eru sendiherrar yfir höfuð að tala jafnan við hlið konunganna? þeir þjóna þeim þó eigi til sængur. Nei, nefndin eða meiri hluti hennar hefir því með þessari ákvörðun og hinni um erindsrekann gefið stjórninni allar nauðsynlegar bendingar, og þó nægilega frjálsar hendur á hinn bóginn, svo fjarlægðin eigi tálmaði hinum eðlilegu «constitutionelle» stjórnarframkvæmdum á Íslandi.

Um þetta atriði vil eg því ekki tala meir, sízt að sinni; en aptur á móti vil eg víkja nokkrum orðum til hins heiðraða minni hluta; hann hefir borið það fram, að ef þingið samþykkti eigi frumvarp þetta, þá muni allt standa í stað og engar umbætur fást á því, sem ábótavant er í stjórn landsins; en ef þingið tæki nú þegar við frumvarpinu óbreyttu eða með óverulegum breytingum, þá mundi auðvelt veita úr því, að fá hverri grundvallarákvörðuninni eptir aðra breytt, og þær lagaðar eptir óskum vorum; en gæti menn að, hvílík mótsögn þetta er hjá minni hlutanum, að nú sem stendur verði eigi hreift við neinum aðalatriðum stjórnarfrumvarpsins, en að þetta muni auðvelt verða, ef vèr að eins göngum inn á frumvarpið. Þetta er svo hroðaleg mótsögn, að hún getur engum dulizt, og mun á síðan standa fyrir áfellisdómi hvers skynsams manns í alþingistíðindunum. Mèr hefir eigi verið talið það til gildis, að eg fari of mjög eptir dauðum bókstaf laganna, en það verð eg að segja, að eg virði meira helgi stjórnar-

skrár eða grundvallarlaga en svo, að eg vilji setja þær ákvarðanir í þau í dag, sem eg ætla mèr að fara að grauta í á morgun, eptir að búið er að lögleiða þau. Minni hlutinn er auðskilinn. Hann kannast við með sjálfum sèr, að frumvarpið sè óhafandi grundvallarlög fyrir Ísland, en hann hefir eigi kjark eða andlegt þrek til að kveða upp úr með það; en með hverjum rètti getur hann látið þetta kjarkleysi leiða sig út í þær gönur, að þetta ástand, sem nú er, muni vara um aldur og æfi, nema því að eins að við aðhyllumst þetta frumvarp, sem hann sjálfur játar að sè óhafandi? Mín hjartans sannfæring er sú þar á móti, að eptir því sem hið óþolandi ástand, sem nú er, eldist og vesnar, eptir því færist það óumflýjanlega nær gröf sinni og dauða. Það er mikið slæmt, ef engu hefir þokað áfram til hins betra í stjórn Íslands síðan 1848; það er slæmt, ef árangurinn af þingunum 1867 og 1869 er sá, að ekkert hefir færzt nær samkomulagi í máli þessu milli Íslendinga og Dana. En einmitt þetta, sem að öðru leyti er dagsanna, er hin sterkasta hvöt fyrir mig til þess að hafna þessu frumvarpi. Allir verða að játa, að hin undanförnu þing hafi vandað tillögur sínar í máli þessu sem bezt, og hliðrað til, svo sem þeim framast var auðið, við stjórnina í Danmörku, enda vil eg minna menn á, hvað eg í hitt eð fyrra gjörði mèr far um samkomulag í málinu. Nefndin þá komst að þeirri niðurstöðu, að ræða eigi frumvarpið, sem þá lá fyrir; eg álasaði henni harðlega fyrir þetta; eg vildi af öllum mætti miðla málum, og, eins og menn muna, fèllst þingið á endanum þá og á þá varauppástungu, þar sem gjört var af þingsins hálfu hið ýtrasta, til þess að samkomulag gæti komizt á, sem Íslendingar nokkurn tíma geta gjört. En þess sèr þó hvergi vott í frumvarpi þessu, að nokkurt tillit hafi verið tekið til þessara tilslökunar-uppástungna, sem þingið þannig fèllst á, og því mætti svo virðast, að nú hefði legið næst fyrir þingið, að fara með þetta frumvarp eins og það í hitt eð fyrra, og það án alls tillits til þess samþykktaratkvæðis, sem þinginu nú á að vera veitt. Því hvað þýðir það? Það þýðir sama sem leyfi til að segja já og amen til frumvarpsins, eins og það liggur fyrir; en slíkt leyfi þarf konungsfulltrúi eigi að veita þinginu; því sá samþykktarrèttur verður víst seint frá því tekinn. Af öllu þessu er það ljóst, að áframhald og afleiðingar ástandsins, sem nú er á Íslandi, verður að vera á ábyrgð stjórnarinnar, en ekki Íslendinga. Það er enn eitt atriði, er eg að lokum vil leyfa mèr að

taka fram út af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa í gær, enda þó það fremur heyri undir annan kafla nefndarálitsins en þann, sem hèr er um að ræða. Konungsfulltrúi sagði, þá er hann rakti sögu málsins frá 1848, að það eigi hefði verið tilgangur konungsbrèfsins af 4. apríl 1848, að skipað yrði til um samband hinna einstöku ríkishluta, heldur að eins að veita þegnum Danakonungs meiri hluttöku í löggjöf og stjórn en áður var. Gott og vel; því einmitt í svona löguðu konungsbrèfi liggur, að konungur heiti öllum þegnum sínum jafnrètti, en sízt hitt, að meiningin hafi með því verið sú, að veita Dönum einum og ríkisþingi þeirra löggjafarvald og stjórnarráð yfir hinum öðrum hlutum ríkisins, því þetta hefði þó sannarlega verið «qua maxime» að skipa um sambandið milli landshlutanna innbyrðis, en eins og ekkert þvílíkt verður af þessu konungsbrèfi ráðið, þannig verð eg að halda því fast fram, að hinn einvaldi konungur hefði eigi, þó hann hefði viljað, sem hann aldrei vildi, einu sinni getað arfleitt Dani að einveldi sínu á Íslandi, sem hann hafði öðlazt með frjálsum vilja þeirra. Mèr skilst eigi betur en svo, að jafnskjótt og konungurinn sleppir einveldi sínu, þá sè það «de jure» fallið til þjóðanna sjálfra, Íslendinga eigi síður en Dana. Allar tilraunir stjórnarinnar sjálfrar, til að koma máli þessu áleiðis, eins og hún vill, er og viðurkenning frá hennar hálfu og ljósastur votturinn um, að stjórnarstaða Íslands með tilliti til sambandsins við Dani er enn þá óákveðin, að sambandið milli Íslands og Danmerkur er enn eigi þann dag í dag orðið ákveðið að rèttum lögum.

Forseti: Þar eð nú er orðið svo áliðið, þá verður að hætta umræðunum að sinni; vil eg því ákveða fund seinna í dag kl. 5, og segi svo

Fundi slitið.

---

33. fundur — 15. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem liggur fyrir nú, er áframhald umræðunnar þeirrar í dag um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. Eg veit ekki, hvort hinn háttvirti framsögumaður vill taka til máls að svo stöddu.

Framsögumaður (Jón Sigurðsson): Eg finn eigi ástæðu til þess að tala að sinni.

Davíð Guðmundsson: Það, er kannske líkt og blindur maður dæmi um lit, þegar eg fer að tala um ábyrgðina, sem nú liggur fyrir. En eg get eigi fellt mig við, að sumir, sem hafa talað hèr á þingi um ábyrgðina, hafa gjört svo lítið úr henni, því þegar eg aðgæti sambandið milli stjórnarskrár eða grundvallarlaga og stjórnarábyrgðar, þá er stjórnarskráin hyrningarsteinn allrar löggjafar, og lögin verða eptir því frjálsleg og góð, sem stjórnarskráin er frjálsleg og góð, því að hún er lög laganna. Eins virðist mèr ábyrgðin vera hyrningarsteinn framkvæmdarvaldsins, og að því verði frjálslega og vel fyrir komið, eptir því hvernig ábyrgðinni er fyrir komið. Í öllu stjórnlegu lífi er það því engu síður áríðandi, að ábyrgð þessari, er framkvæmdarvaldið hefir, sè vel fyrir komið, en að stjórnarskráin sè góð og frjálsleg; ábyrgðin virðist mèr því aðalatriði góðrar stjórnarskipunar. En menn segja, að hin lagalega ábyrgð sè lítilsverð, og mest sè að meta hina siðferðislegu eða embættislegu ábyrgð. Hvað er þá siðferðisleg ábyrgð? Það virðist mèr siðferðisleg ábyrgð, þegar eg hefi falið einhverjum manni, er eg treysti vel, framkvæmd á því, er mèr er mikils um vert, og hann hefir lofað mèr góðu í því efni; þá álít eg hann skuldbundinn til þess að standa við orð sín, ef hann vill eigi niðra sèr sem manni í augum mínum. En getur oss nægt þessi ábyrgð hjá hinum danska ráðgjafa? Alls ekki, því hinn danski ráðgjafi getur eigi, þótt hann sè allur af vilja gerður, haft þá þekkingu á oss, er til þessa útheimtist, einkum þegar menn gæta að hinum tíðu ráðgjafaskiptum í Danmörku; því hvaðan hafa danskir ráðgjafar þekkingu á oss? Mestmegnis af blaðagreinum, sem þeir landar vorir, er sjálfir kalla sig frelsisvini, telja sóma sinn að fylla með dönsk blöð nú um stundir, og er sú þekking á oss Íslendingum, er af því fæst, sannarlega eigi til meðmælis oss. En hvað er þá embættis-ábyrgðin? Það er sú ábyrgð, sem er bundin við embættiseiðinn og samband embættismannsins við yfirboða sína. Getur sú ábyrgð hins danska ráðgjafa nægt oss? Nei, af því að hann er eigi embættismaður vor, heldur embættismaður Dana, og að því leyti sem hann hefir störf vor á hendi, hefir hann þau í hjáverk-

um; hann tekur ekki einu sinni laun hjá oss. Yfirboðar hans eru konungurinn og ríkisþingið danska; honum er allt um að gera, ef hann vill halda sèr í sæti sínu, að koma sèr vel það, og er alls eigi óhugsanlegt, að hann gæti komið sèr því betur við það, sem hann þröngvaði meir kostum vorum. Afleiðingarnar af þessu yrðu vafalaust óánægja og tortryggni á báða bóga, einlægur rígur og stríðleiki; ráðgjafinn yrði eigi við óskum vorum, og alþingi fèllist eigi á uppástungur hans; ekkert gengi í stjórnarframkvæmdinni. Þess vegna yrði stjórn með ábyrgð ytra eigi betri en ástand það, sem nú er; ábyrgðin þarf endilega að vera í landinu, ef hún á að liði að koma, og hefi eg eigi betur vit á, en nefndin, hinn meiri hluti hennar, hafi komizt til skynsamlegrar og haganlegrar niðurstöðu í því efni, og kann eg henni þakkir fyrir það. Mèr virðist, að nefndin hafi hlutdrægnislaust leitað hins sanna og rètta, og borið fram mál sitt með stilling og alvörugefni, og þetta hefi eg jafnan álitið ætlunarverk þessa þings.

Vèr höfum eigi framar öðru að treysta en afli sannleikans og rèttarins. Vèr erum svo opt búnir að reka oss á, að málum vorum hefir annaðhvort verið lofað afgreiðslu, og þá hafa þau staðið í stað, eða oss hefir verið ögrað með að leggja þau fyrir, ef vèr eigi fèllumst á allar tillögur stjórnarinnar, og einmitt þá hefir þeim þokað áfram. Á þessu sjáum vèr hvað manna orð eru að marka. Hèr er því engu að treysta öðru en, eins og skáldið kvað, »krapti guðs og sannleikans». Hver getur líka sagt að vèr eigi fáum það, sem hèr er farið fram á? Það getur enginn fremur sagt að vèr fáum það ekki en að vèr fáum það, og mèr þykir enda líklegra að vèr fáum það. Því enginn getur neitað, að það sè skynsamlegt, sem fram á er farið, og ef það er skynsamlegt, þá eru þeir óskynsamir, sem veita eiga, ef þeir eigi gjöra það. En það er sannfæring mín, að svo sè eigi með hinn núverandi dómsmálaráðgjafa, og eg vona að hann láti það frægðarverk eptir sig liggja, að binda enda á þessa löngu og leiðinlegu stjórnarstælu vora við Dani. Hvað getur honum líka gengið til þess að synja oss um það, sem vèr förum hèr fram á? Ann hann oss þess ekki? Því get eg eigi trúað, því með því að veita oss það, gjörir hann ekki að eins oss rètt, heldur og Dönum sóma og þá um leið gott. Honum gæti gengið til hègómasemi, að geta eigi fengið sig til að láta af því, sem einu sinni er farið fram á af stjórninni; en því get eg eigi trúað um þann mann, og það því síður sem hann er beinn

samverkamaður hans hátignar konungs vors, sem hefir valið sèr fyrir einkunnarorð: »Med Gud for Ære og Ret». Þá er eg lít til þessara orða, álít eg það beina skyldu ráðgjafans, að fara því einu fram við oss, er hann með guð fyrir augum sèr getur samþýtt við sóma og rètt, eigi að eins vorn, heldur sinn og Dana, og skylda vor þingmanna að bera það hispurslaust fram, sem vèr með guð fyrir augum getum samþýtt við sóma og rètt vorn. Þeirri nauðsyn er eg fús að lúta, en nauðsyn hagsmuna, allra-helzt þá ímyndaðra, skal eg aldrei lúta.

Jón Pètursson: Öll nefndin óskar þess, að stjórnin verði svo innlend sem auðið er og staðizt getur með því, að vèr höfum Danakonung yfir oss, og hvað meira er, að vèr höfum fullan rètt til þess. Öll nefndin er enn fremur samdóma í því, að ástandið, sem núna er, sè slæmt, að landinu fari einlægt meir og meir hnignandi undir þessari stjórn, og á þessu þurfi að ráða bót. Meiri hlutinn liggur nú alla áherzlu á fyrra atriðið og segir, að verði stjórnin ekki öllsömun innlend, vilji hann enga stjórnarbót, það sè þá betra að bíða og lofa ástandinu að vesna sem það vill, því, því verra sem það verði, því nær sè það endalykt sinni. Minni hlutinn leggur þar á móti áherzluna á seinna atriðið og vill taka frumvarpið með litlum breytingum, því hann álítur, að það geti bætt nokkuð úr þörfum vorum nú þegar, og seinna muni geta fengizt breyting á stjórnarskrá þessari oss til góðs, þegar reynslan sýni, að þess sè þörf. Mèr virðist nú, að meira hlutanum farist að nokkru leyti áþekkt manni, er kæmi til sjúklings; sjúklingurinn spyrði hann, hvort hann ekkert gæti ráðlagt sèr, maðurinn segði jú, hann vissi að sönnu af meðali, er maður nokkur ætti og sem honum gæti fullbatnað af, en maður þessi vildi ekki eða þættist ekki geta látið hann fá það; sjúklingnum væri því bezt að reyna ekkert og láta sèr vesna, uns hann loksins dæi. Minni hlutinn þar á móti sýnist mèr líkjast manni, sem kæmi til sama sjúklings og segði honum, er hinn spyrði hann ráða, að maður sá, er hinn hefði nefnt, ætti og annað meðal til, sem honum gæti skánað nokkuð af; þegar hann hefði brúkað það meðal, kynni maður þessi að gefa honum hitt meðalið, það væri, ef til vildi, ekki heldur gott fyrir hann, að fara að brúka það strax, hann kann ske þyldi það ekki, meðan hann væri svona lasinn. Mèr getur nú eigi sýnzt betur en að þessi seinni maður sè talsvert heilráðari en hinn. Eg veit ekki nær þetta auma ástand á að enda; meiri hlutinn nefnir

það ekki; það er vest að liggja lengi í andarslitrunum; mèr sýnist betra að taka það meðalið, sem manni fer strax að geta skánað af, þó manni ekki strax batni til fulls.

Eiríkur Kúld: Af því eg var svo óheppinn að komast í nefndina í þessu mikilvæga málefni þjóðar vorrar, verð eg að fara nokkrum orðum um málið, en eg ætla mèr samt eigi að ræða margt um þennan kafla frumvarpsins. Það var satt, að konungsfulltrúi las nokkuð harðan dóm yfir oss í gær; eg get vorkennt honum það frá hans sjónarmiði á málinu og eins minni hluta nefndarinnar. Mig tekur það ekki svo sárt, þó menn álíti mig eigi hafa mikla pólitiska þekkingu á málinu; »því enginn tekur sig meiri mann en hann er». En hítt fellur mèr þyngra, ef eg heyri mèr er álasað fyrir það, að eg og meiri hluti nefndarinnar fylgi ekki sannfæringu vorri heldur »Nýjum Fèlagsritum» og þeirra skoðun í stjórnarmálinu. Eg verð að láta í ljósi, að eg læt mig eigi svo draga af straumnum, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi komst að orði, eins og eg líka vil benda honum á, að það eru fleiri rit en Fèlagsritin, fleiri jafnvel en blöð Íslendinga og Dana, sem rætt hafa með sèr mál þetta. Það er til sá maður, lögfræðingur merkur, sem hefir miklu meiri þekkingu á þjóðsögu og þjóðrèttindum Íslendinga en eg og má ske fleiri hinna heiðruðu þingmanna, sem hefir ritað í þjóðversk blöð um mál þetta með svo nægum og ljósum rökum, að eg veit ei til að menn hafi hrakið það, sem hann hefir ritað um þetta mál; hann ætti þó víst ekki að vera hlutdrægur í þessu tilliti, því hann er hverki danskur maður nè íslenzkur og því óviðriðinn. Þessi maður er professor Konráð Maurer í München. Eg tek þetta fram viðvíkjandi því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, jafnvel þó eg engan veginn álíti að þess konar rit beinlínis eigi að ráða sannfæringu þingmannsins. Það er skoðun þjóðarinnar — hinn lifandi, verkandi þjóðarvilji, sem gefur þingmanninum rèttari skoðun og náttúrlegra aðhald. Hefði hinn háttvirti konungsfulltrúi í dag svarað áskorun hins heiðraða þingmanns Reykjavíkur, hvort nokkrar verulegar breytingaruppástungur frá þingsins hálfu yrðu teknar til greina í þessu máli, þá veit eg ekki nema eg hefði áskilið mèr breytingaratkvæði en það verður nú að liggja fyrir í bráð. Viðvíkjandi erindsrekanum, skal eg eigi vera langorður, því hann er mèr nokkurs konar neyðarúrræði, en eg kann þó betur við erindsreka undir landstjóra, heldur en við landshöfðingja undir dönskum ráðgjafa, sem hefir ábyrgð fyrir ríkisþingi Dana, en enga fyrir al-

þingi. Meðan eigi er rætt um jarlshugmyndina, ætla eg þó rèttast að sleppa þessari umræðu að sinni. En eg verð þó að láta í ljósi, að eg eigi geti samþykkt þá stjórnarskrá, sem er ábyrgðarlaus fyrir Íslendingum; mèr finnst óeðlilegt að landstjóri sè, að eg leyfi mèr að kveða svo að orði, eins og vinnumaður ráðgjafans; ætli t. a. m. löggjafarþingi Íslendinga þætti ei óviðfelldið, þegar það þyrfti að spyrja hann um, hvers vegna það eða það væri svo, og hann þá yrði að segja: «Mèr hefir ekki verið fengið neitt umboð af ráðgjafanum til að segja neitt um það». Hvað minni hlutanum viðvíkur, þá er eg viss um, að hann hefir viljað vel í þessu máli og tekið uppástungur sínar í því skyni, að til samkomulags drægi, en hvað aðferð þá snertir, er hann hefir valið sèr, verð eg í því tilliti að fallast á orð hins 3. konungkjörna þingmanns í gær. Eg skildi ekki hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu, og held eg hvorki minni hlutinn hafi skilið hann eða hann hafi skilið sig sjálfur. Hann hèlt, hafi eg ekki misskilið orð hans, að alþingi með því að fallast á brennivínstolls-frumvarpið, hefði leitt það með sèr, að menn yrðu að stinga upp á þessu stjórnarfyrirkomulagi, sem minni hlutinn kemst niður á til þess að þingið fengi umráð yfir, hvernig verja skyldi tollinum, en eg bið þess gætt, að þingið með atkvæðum hefir áskilið sèr það og beðið um það. Það finnst mèr undarlegt, að minni hlutinn skuli segjast gjöra þetta til að fá enda á málinu; en er það að fá enda á málinu, að ætlast til að fá það lögleitt nú í von um að fá því fyrirkomulagi bráðum aptur breytt? — Það er þó enginn endir á málinu. Það var að heyra á þingmanni Gullbringusýslu, eins og hann vildi ráðgjafann sem fjærstan Íslandi; það furðar mig að hann skyldi þá ekki leita lengra en til Damerkur, leita suður á Ítalíu, því þar er maður, sem verksvið hefir, en lítið að gjöra nú sem stendur. Það er páfinn. Eg vildi feginn geta sannfærzt um að tillögur minni hlutans væru betri en frumvarpið, en get það eigi, þrátt fyrir það sem hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu hefir talið þeim svo margt til gildis. Eg ætla þá eigi að ræða meir að svo búnu.

Konungsfulltrúi: Af því að hinn heiðraði þingmaður Barðastrandarsýslu hefir ítrekað þá áskorun, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga beindi að mèr, skal eg, þó eg í rauninni álíti það óþarft, vegna þess að eg nægilega skýrt hefi tekið það fram áður, ekki að síður taka það upp aptur, að ekki sè, eptir mínu áliti, von á breytingum á aðalreglum frumvarpsins. Mèr virðist

þetta, þegar litið er á feril málsins, alveg eðlilegt, þar sem frumvarpið ekki liggur fyrir í 1., heldur í 3. skipti eptir ítarlegar umræður á undanförnum þingum, og eg skal bæta því við, að ef íslenzkur ráðgjafi væri í minn stað í konungsfulltrúasætinu, gæti hann að mínu áliti ekki fyrir hönd konungs samþykkt þær breytingar við 2. og 3. gr. frumvarpsins, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á, vegna þess að þessar breytingar, hvernig sem á þær er litið, stríða á móti grundvallarreglu «constitutionels» konungsveldis, sem beinlínis gjörir ráð fyrir ráðgjafaábyrgð við hlið konungs; og hjá því verður ekki komizt, á meðan konungur Danmerkur einnig er vor konungur, að íslenzk mál verði lögð undir ráðgjafa Danakonungs. Málið er svo lítið kappsmál frá stjórnarinnar hálfu, að það stendur að mínu áliti stjórninni alveg á sama, hvort þingið þiggur tilboð það, sem hèr liggur fyrir, eða ekki, því það er sjálfsagt að konungurinn, sem í þessu frumvarpi er kominn svo langt til móts við óskir þingsins, sem honum eptir öllum kringumstæðum virðist frekast unnt, treystir því, að hann geti stjórnað hinum sèrstaklegu málefnum landsins eins vel með ráðgefandi og með löggefandi alþingi, ef þingið ekki getur gengið að þeim skilmálum, sem að hans áliti eru nauðsynlegir.

Þórarinn Böðvarsson: Eg býst við, að öllum hafi þótt eg vera nógu langorður um þetta mál í dag; enda ætlaði eg ekki að þreyta menn á að hlusta eptir mèr nú; en eg neyðist til að tala fáein orð sakir þess, að borin hafa verið ýmisleg orð upp á mig, er eg aldrei hefi talað, eða að minnsta kosti hafa orð mín verið mjög rangfærð. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði, að eg hefði sagt, að það, að samþykkt var af þinginu 8 skildinga tollgjald á brennivíni, hefði komið mèr til að aðhyllast þær uppástungur, er minni hlutinn nú er kenndur við. Þessi orð sagði eg aldrei, heldur að eins, að þetta auk alls annars ætti að vera hvöt fyrir þingið til þess að gjöra allt sitt til, að vèr fengjum stjórnarbót og löggjafarvald. Hann og fleiri þingmenn hafa og sagt, að uppástungur minni hlutans væru engu betri en frumvarpið; þessu álít eg kastað alveg út í bláinn, enda færði hann enga ástæðu fyrir orðum sínum aðra en þá, að hann hvorki hefði sèð nè skilið það, sem í uppástungum vorum lá, en það er ekki á valdi minna hlutans að bæta úr þeim annmörkum þingmannsins. Hitt er honum sjálfum án efa ljóst, að það er jafnhægt, já, miklu hægra fyrir minni hlutann að segja, að uppástung-

ur meiri hlutans sèu verri en frumvarpið. Þetta er allt hægt að segja, ef ekki þarf að sanna, en eg skal þar að auki sanna, ef þingmaðurinn álítur að sönnunar þurfi, að svo er sem eg sagði. Fleiri þingmenn hafa og talað í sömu átt, og hirði eg eigi um að fara lengra út í að hrekja orð þeirra, en eg skal geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði svo höglega núna, að mig skal furða, ef hann ekki getur orðið með oss í minni hlutanum. Þingmaður Árnesinga kvaðst ekki vildu sleppa neinu, og þar af ræð eg þá, að hann í rauninni sè með minni hlutanum, en ályktanir hans margar voru alveg rangar, t. d. þar sem hann sagði, að af því ráðgefandi þing hefði verið sett í landinu, þá ætti stjórnin öll að vera það. Já, stjórnin öll á að vera í landinu, svo mikið sem hún getur verið. En ráðgjafastjórnin getur að mínum skilningi ekki verið hèr, meðan konungur er hèr ekki sjálfur. Þessi háttvirti þingmaður er annars svo vanur því, að álykta svo enginn skilji, að jeg veit, að hann tekur ekki til þess af mèr, þó eg skilji ekki.

Stefán Jónsson: Eg get ekki verið samdóma þingmanni Barðstrendinga í því, að minni hlutinn hafi ekkert bætt frumvarpið, því í fyrstu greinina er þó töluvert varið, nefnilega þá ákvörðun, að ráðgjafinn hafi rètt á að koma til þings. Eg man það, að eg hefi verið hèrna í salnum fyrir mörgum árum, þegar hèr var danskur maður konungsfulltrúi, og hafði hann þó verið hèr nokkur ár stiptamtmaður, og var mjög vel að sèr, en samt treysti hann sèr þó ekki til að tala íslenzku, svo sá var nauðugur einn kostur, að hafa mann við hlið hans til að útleggja á íslenzku hvert orð, sem hann talaði, en þó var sú bót í máli, að sá maður, sem eg tala um, skildi íslenzku mjög vel. Eg er því hræddur um, að þessi ráðgjafi yrði naumast svo góður í íslenzku, að allir skildu hann vel; og það tefði þó óneitanlega allt of mikið fyrir þingstörfum, að út leggja hvert orð eptir honum, ef hann talaði nokkuð til muna; en ef hann talaði ekkert, þá væri koma hans hingað til þings til lítils. Og ef hann nú auk þess ætti bágt með að skilja íslenzku, eins og telja má víst, þá yrði líka að út leggja fyrir honum hverja ræðu þingmanna, en að því væri engin bót, og ráðgjafanum að líkindum lítil ánægja og engum gagn. Ef nú ráðgjafinn ynni það til, að nema íslenzku svo sem dygði í þessu skyni, þá yrði hann víst að eiga von á, að hann yrði fastari í embættinu en við hefir gengizt á hinum seinni árum, og skal eg nú ekki

meira tala um það. Það hefir verið mikið talað um stjórnarábyrgðina; enda er hún aðalatriði málsins, og það atriði, sem allur ágreiningurinn rís út af. Það hefir verið sagt, að lagaleg ábyrgð hefði litla þýðingu, en hin siðferðislega ábyrgð væri aðalatriðið, en eg ímynda mèr, að hver embættismaður hafi þessa siðferðislegu ábyrgð; en hvernig það hefir gengið hingað til með hana, það vitum vèr allir, og það hefir verið tekið fram greinilega í dag, hversu langt er síðan að konungur lofaði breytingu á þessu til hins betra, og á þinginn hafa ávallt setið menn með siðferðislegri ábyrgð. Það væri þó mikill munur á því, að hafa þann mann í konungsfulltrúasætinu, er gæti sagt manni, hvers menn mættu vænta, og hvers ekki, og sem gæti brúkað samkomulag við þingið með ábyrgð fyrir, hvað menn gætu fengið eða ekki fengið; en hingað til hefir allt af verið viðkvæðið, að svo mikið tillit yrði tekið til tillaga alþingis, sem þær ættu skilið, en hver metur það? Þeir, sem hafa fullan rèttinn til þess, gjöra það eptir eigin hugþótta. Svo hefir það gengið hingað til, og eins mun framvegis verða, meðan svona stendur.

Framsögumaður: Eg verð að svara þeim herrum, hinum 4. konungkjörna og 3. konungkjörna þingmanni, fáum orðum. Mèr þykir margt ætla að ganga skrítilega til við umræðu þessa máls. Hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði í gær mikið og margt um stjórnarmál, og einvaldan jarl og ýmislegt fleira, en hinn 4. konungkjörni þingmaður kom nú með nokkurs konar lækninga-recept, sem mèr að vísu ekki syndist eiga sem bezt við í þessu máli. Við því gat eg búizt, að hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði um lækningar og ráð við sjúkdómum, af því hann er læknir sjálfur, og hinn 4. konungkjörni um jarl, og hvers konar annað stjórnarfyrirkomulag, af því að hann er eigi síður stjórnfræðingur en lögvitringur, en þetta fór alveg öðruvísi en eg bjóst við, því hver þeirra fyrir sig lagði út af því, sem hann hafði minnst vit á. Eg ætla engu að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni út af jarlinum í þetta skipti, af því ræða hans átti ekkert við þann kafla málsins, sem nú liggur fyrir, en eg mun hugsa til hans seinna, þegar uppástungan um jarlinn liggur fyrir til umræðu, og sný eg mèr því eingöngu að ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns. Eg hefði svarið fyrir, að heyra slíka ræðu frá konungkjörnum þingmanni. Hann líkir oss Íslendingum saman við dauðsjúkan mann, sem svo er útleikinn, að hann getur enga björg sèr veitt. Meiningin getur eigi

verið önnur en sú, að þjóðin sè svo illa farin af sambúðinni við Dani, að hún sè komin hreint á heljarþrömina, og sè naumast viðreisnar-von. Eg held það hefði þótt hart, ef þjóðkjörinn þingmaður hafði talað svona, og að minnsta kosti fórust honum ekki fimlega orð; hann sagði minni hlutinn vildi bjarga sjúklingnum, og hefði ráð á meðali sem dygði, en meiri hlutinn vildi ekkert líkna honum. Þetta dæmi, sem hinn heiðraði þingmaður hefir tekið af sjúka manninum, er rammskakkt, og því verður líka ályktun hans röng. Meiri hlutinn hefir einmitt vísað á óyggjandi meðal, þótt hann máske ekki sem stendur eigi vald á því, en minni hlutinn vill troða að sjúklignum meðali, sem engin líkindi eru til að honum mundi batna af, og sem auðsjáanlega mundi verka það, að sjúklingurinn drægist áfram með sömu veikindi hèr eptir sem hingað til. Höfuðástæður þessa þingmanns og annara konungkjörinna þingmanna fyrir því, að eigi tjái annað en ganga að stjórnarfrumvarpinu eins og það liggur fyrir, er sú, að ástandið sè svo bágt í landinu, að það geti með engu móti staðizt óbreytt til lengdar. Eg verð að benda á það, hvílík ósamkvæmni kemur fram í ræðum þessara háttvirtu þingmanna við þær skoðanir, sem þeir áður hafa látið í ljósi hèr á þinginu fyrir svo sem 10 til 20 árum síðan; því í hvert skipti sem þingið þá knúði á náðir stjórnarinnar um breyting á stjórnarfyrirkomulaginu og bót á kjörum landsmanna, var það ávallt viðkvæðið hjá þessum þingmönnum, að þess væri engin þörf; því ástandið væri fullviðunandi eins og það væri. Eg held þessir heiðruðu þingmenn hefðu nú gott af að lesa upp aptur sínar eigin ræður í stjórnarbótarmálinu frá þeim tímum; þá þótti þeim ástandið hèr í landinu gott, en, má eg spyrja, er það ekki alveg hið sama nú og fyrir 10 til 20 árum síðan? eða í hverju skyldi það hafa átt að breytast til hins lakara? Eg verð að segja það fyrir mitt leyti, að mèr hefir ávallt þótt stjórnarfyrirkomulagið hjá oss illt og óþolandi, og mèr þykir það eins þann dag í dag er, en að fá því breytt á þann hátt, sem frumvarpið býður, álít eg þýðingarlaust, og svo sem ekki til neinna umbóta.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr þótti eigi konungsfulltrúi áðan svara svo upp á fyrirspurn mína um það, hversu langt næði umboð hans til að semja við þingið, að það geti nægt mèr; hann svaraði henni alls eigi hreint og beint, en mèr skildist þó á orðum hans, að hann hefði ekki neitt umboð til samninga við þingið; mèr skildist, að vèr ekki ættum víst að fá neitt, nema vèr gengj-

um alveg inn á frumvarpið eins og það liggur fyrir, að minnsta kosti gæti hann eigi lofað neinu; hann talaði að eins um, hvað honum þætti aðgengilegt, og hvað hann ætlaði að stjórnin mundi ganga að. Það er alveg satt, að ástandið, sem nú er, er illt, en ástand það, sem stjórnarfrumvarpið vill setja í staðinn, er að mínum skilningi ekki betra. Að eg taki til dæmis ábyrgðina, þá get eg ekki séð, að hún verði eptir frumvarpinu meiri en hún er nú, þar sem ráðgjafinn á að verða 300 mílur í burtu, og hann getur aldrei á þing komið, og getur aldrei við þingið samið í neinu efni; en landstjórinn getur eigi haft meira umboð eða fyllra en konungsfulltrúinn nú. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri óhugsandi og gagnstætt hugmyndinni um constitution, að hafa ráðgjafann nokkurstaðar annarstaðar, en við hlið konungs. Eg skal þá leyfa mèr að vekja athygli hans á því, að það erum eigi vèr Íslendingar einir, sem höfum farið þessu á flot, að hafa hèr landstjóra með ábyrgð fyrir alþingi, heldur hefir danskur maður, maður, sem er einhver hinn merkasti meðal Dana, maður, sem hefir fengizt við stjórn Íslands, einnig haft sömu skoðunina. Hann hefir ritað grein í Berlingatíðindi um mál vor, og skal eg leyfa mèr að lesa upp úr henni kafla, sem útlagður er í Norðanfara, sem eg hefi nú liggjandi fyrir mèr, og sem eg vona að sè rètt útlegging. Þar segir svo:

«Ætli menn að byggja fyrirkomulagið á stjórnlegum grundvelli, verður eigi komizt hjá að láta stjórn Íslands málefna hafa ábyrgð fyrir alþingi».

Af þessu vona eg að augljóst verði, að þetta er ekki ný kenning frá alþingi eða oss, þótt vèr segjum, að danskur ráðgjafi geti eigi haft ábyrgð fyrir alþingi; mèr finnst, að það hljóti að vera öllum ljóst, að þetta liggur í hlutarins eðli, enda hafa og aðrir merkir menn játað hið sama. Eg skal leyfa mèr að lesa enn fremur:

«Allar stjórnarathafnirnar og sú ábyrgð, sem þar af leiðir, verður því að vera í höndum 1 eða fleiri manna, sem búsettir eru á Íslandi; það má kalla þá stjórnarherra eða gefa þeim eitthvert annað nafn, sem minni hljóm hefir».

Þetta var nú «Phantasie» meiri hlutans í gær, sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa þóknaðist að kalla svo, og nefndi loptkastala, sem við engin rök ætti að styðjast. Enn fremur stendur hèr:

«Yfir þessa stjórn verður að setja stiptamtmann, sem jarl,

ríkisstjóra eða höfuðsmann. Það er með öðrum orðum: mann með konunglegu umboði, sem sè ábyrgðarlaus fyrir alþingi eins og konungurinn sjálfur, en sem hafi ábyrgð fyrir hinni dönsku stjórn; hann á að hafa vakandi auga á því, að stjórn hinna sèrstöku málefna Íslands fari ekki í bága við almennan hag ríkisins. Einasta með þessu eða þvílíku fyrirkomulagi er unnt að koma viðunanlegri skipun á þetta mál, og Ísland getur fengið það frelsi og þá viðurkenningu sinna stjórnlagalegu rèttinda, sem það með rèttu getur heimtað». «Hver, sem ætlar sèr að stjórna Íslandi frá Kaupmannahöfn, mun naumast komast hjá því, enda hvað duglegur sem hann væri, að almenn og á rökum byggð óánægja ætti sèr stað með stjórnarathafnirnar».

Þetta segir einhver hinn merkasti maður Dana, og finnst mèr, að vitnisburði hans verði ekki kastað og sagt, að hann tali út í bláinn. Það er sannarlega illt og málinu til tálmunar, að ekki verður samið um málið, og að hinn hæstvirti konungsfulltrúi getur engin viss loforð gefið, eða sagt með vissu og ábyrgzt, að hverjum breytingum stjórnin muni ganga. Eg þarf ekki að láta hann segja mèr, að stjórnin muni staðfesta frumvarpið, ef þingið breytir því ekki í neinu, en ef þingið gjörir þetta, þá afsölum vèr oss rètti vorum. Hinn háttvirti þingmaður Árnessýslu tók það fram, að ef vèr nú samþykktum frumvarpið, þá mundi ekki verða hægt, að fá breytingu á því seinna, og þetta liggur líka í hlutarins eðli; ef vèr nú samþykkjum frumvarpið, í þeirri von að vèr fáum því breytt síðar, og förum síðar slíkum breytingum á flot, sem vèr nú æskjum, mun danska stjórnin fljótt segja: «þetta er það, sem þèr hafið samþykkt og gengizt undir». Vèr getum reyndar afsalað oss sem hèr erum, hverjum um sig, rètti vorum, vèr getum, ef til vill, afsalað þessari kynslóð, sem nú er uppi, rètti sínum, en vèr getum eigi afsalað oss honum fyrir alda og óborna. Eptir mínu áliti er ástandið, sem nú er, alveg hið sama og engu verra, en það sem í frumvarpinu er boðið, og þá veit eg eigi hvers vegna vèr eigum að vera að breyta til, þegar vèr ekki, hvort sem er, höfum von um meiri framfarir undir þannig lagaðri stjórnarskipun, heldur en vèr getum haft með því fyrirkomulagi, sem nú er. Hinn háttvirti 3. konungkjörni sagði, að eptir að Ísland hefði fengið ráðgefandi alþingi, þá hefði öllu hnignað — það er sannarlega illa farið; því eptir því ættum vèr að fara hreinlega á höfuðið, ef vèr fengjum löggefandi þing, og eg verð því að skilja hann svo,

sem hann alls enga stjórnarbót vilji hafa. En eg verð nú að segja fyrir mig, að eg vil gjarnan fá enda á máli þessu, þótt hinn 3. konungkjörni sè því mótfallinn, og er sannfærður um, að veruleg stjórnarbót verði oss til sannarlegs gagns.

Benidikt Sveinsson: Eg stend nú upp að eins til þess að leita mèr upplýsinga hjá hinum heiðraða minni hluta, og þykir mèr það leiðinlegt, að mèr heyrðist ekki betur, en að hinn 1. konungkjörni þingmaður væri genginn úr minni hlutanum, því honum hefði eg treyst bezt til að láta mèr þessa upplýsingu í tè, en þá verð eg að snúa mèr til hinna tveggja, sem eptir eru. Eptir uppástungu minna hlutans í 36. gr. 37., gr., eiga báðir, bæði ráðgjafi og landshöfðingi, að eigi setu á alþingi; nú vil eg hiðja þá háttvirtu herra í minna hlutanum að gefa mèr skýringu um það, hvað þeir eiga að gjöra á alþingi báðir. Það er nefnilega eptir allri stefnu og aðalskoðun hins háttvirta minna hluta sjálfs óhugsandi, að ráðgjafinn hafi ábyrgð fyrir alþingi, og hvað á hann svo að gjöra á alþingi? Minn hlutinn álítur einnig ómögulegt, að landstjórinn hafi ábyrgð fyrir alþingi, og hvað á hann svo að gjöra á alþingi? En einkum vil eg vita, hvað þessir ábyrgðarlausu menn báðir eiga að gjöra á alþingi. Og enn fremur, hvernig getur minni hlutinn yfir höfuð sameinað þessar alþingisgöngur við stefnu sína í stjórnarmálinu og mótstöðu sína móti meiri hlutanum? og eg veit ekki hvað getur verið undarlegra en það, að minni hlutinn gjörir allra handa óskiljanlegar uppástungur um ábyrgð fyrir alþingi, og segist þó hafa gagnstæða skoðun meiri hlutanum, sem hefir svo ljósar ákvarðanir um þessa ábyrgð.

Þórarinn Böðvarsson: Þar eð þingmaður Árnesinga með berum orðum sneri máli sínu til mín, er það skylda mín, að svara honum nokkru, og vil eg þá svara honum með bók, sem hann sjálfur vitnaði í í dag. Það eru grundvallarlög Noregs; 15. gr. þeirra hljóðar þannig á íslenzku:

«Meðan konungur dvelur í Svíþjóðu (því þess má geta, að hann á eptir lögunum að vera nokkurn hluta árs í Noregi), skal norskur stjórnarherra jafnan vera hjá honum og 2 úr ríkisráðinu, sem skiptast á árlega. Þeir hafa þær sömu skyldur og þá sömu ábyrgð og ráðherrar þeir, sem eru í Noregi, og því að eins, að þeir sèu við staddir, getur konungur lagt úrslit á norsk málefni».

Á þessu sjá menn, að Norðmenn hafa komizt upp á það, að vera ráðgjafalausir, og hafa þeir þó eða geta haft vicekonung eða jarl, þegar konungurinn sjálfur er heima í Svíþjóð. Hvað aðra

spurninguna snertir, um hvað meint sè með því, að konungurinn hafi hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstöku málefnum Íslands með þeim einum takmörkunum, er settar eru í stjórnarskrá þessari og hlutaðeigandi lagaákvörðun, þá get eg eigi svarað honum á annan hátt betur en með því, að biðja hann að lesa stjórnarskrána, og að öðru leyti höfðum við í huga þær ýmsu lagaákvarðanir, sem í henni eru ráðgjörðar, t. d. um verksvið landshöfðingja; en hitt áleit minni hlutinn ómögulegt, að koma fyrir ráðgjafastjórn í landinu sjálfu. Nægi honum ekki þetta, skilji hann ekki frumvarp stjórnarinnar og viðauka minni hlutans, þá skal eg ráða honum til að lesa orð sjálfs sín í frumvarpinu 1869, sem hann þá samdi með mèr. Þingmaður Árnesinga spurði enn fremur, til hvers bæði ráðgjafinn og landshöfðinginn ættu að mæta á þinginu, en minni hlutinn skyldaði þá eigi báða til að vera á þinginu í einu; þeir gætu skipzt á; en að öðru leyti var það hugsun minni hlutans, að það væri landshöfðinginn, er að öllum jafnaði mundi sitja á þinginu, og þar eð hann byggi undir öll lagafrumvörp og hefði á hendi hina æðstu stjórn landsins, þá mundi hann eigi vera svo ókunnugur, að hann eigi í flestöllum tilfellum gæti haldið uppi svörum af hendi ráðgjafans.

Hann og annar þingmaður til hafa viljað gjöra gys að því, að ráðgjafanum er áskilinn rèttur til að sitja á þinginu, og þykir mèr það eigi eiga við, þar sem menn eru að reyna til að finna þá formlegu miðlunarvegi, er eigi verði því til fyrirstöðu, að vèr fáum þá stjórnarbót, er allir kannast við að sè landi voru svo áríðandi. En það er eins og menn vilji gjöra sem lakast úr öllu því, sem kostur er á að fá, en halda aptur sínum tillögum fram; þannig er t. a. m. ótiltekinn tími hjá meiri hlutanum, sem landstjórinn má vera erlendis, en hjá minni hlutanum er ráðgjafinn í mesta lagi bundinn við að vera hèr á landi meðan alþingi stendur yfir, sem sè 8 vikur annaðhvort ár.

Jón Pètursson: Eg vissi það eigi fyr en áðan, að framsögumanni þótti ástand það, sem er, svo gott, því það er gagnstætt því sem sagt er í nefndarálitinu, en úr því honum þykir það svo gott, þá undrar mig eigi, þótt hann eigi vilji flýta fyrir neinni breytingu, eða veit hann, hve nær stjórnin aðhyllist tillögur nefndarinnar? En eg vil spyrja meiri hlutann: hvað meinar hann með 2. greininni? eptir því sem orðin þar liggja, væri Dönum meinað að taka nokkra ályktun um hin almennu ríkismál, t. d. myntina, konungs-

kosning o. s. fr., án samþykkis alþingis, og væri þetta eðlilegt? Mun þingið fá þessu framgengt?

Helgi Hálfdánarson: Eg er einn af þeim, er álíta, að ásigkomulag landsins sè eigi svo gott, að eigi sè brýnasta þörf á, að breyta því sem fyrst, svo að menn gætu vænt þess, að landið færi að taka framförum; þess vegna vildi eg í hitt eð fyrra fara meðalveg til að fá þessu framgengt, með því að nálgast stjórnina sem mest, án þess þó að sleppa að öllu leyti þeirri stefnu, sem þingið hafði 1867 tekið í þessu máli, og enn þá vil eg eptir veikum mætti stuðla til þess, að vèr getum fengið þá stjórnarbót, sem þing og þjóð hefir svo lengi óskað eptir. Jafnskjótt og eg las frumvarpið, sá eg þar ýmsar ákvarðanir, er eg eigi kunni við; einkum líkuðu mèr eigi 3 fyrstu greinarnar. Það fyrsta er, að frumvarpið byrjar með tilvitnun til annara laga; þetta kann eg eigi við í stjórnarskrá Íslands. Mèr finnst það ekki eiga vel við, að þau lög, er eiga að vera grundvallarlög landsins, byrji á tilvitnun til annara laga. Fyrir því líkar mèr vel það, sem nefndin hefir gjört, bæði minni hlutinn og meiri hlutinn, að sleppa tilvitnuninni, en taka hèr upp hinar nauðsynlegu ákvarðanir úr lögunum frá 2. jan. þ. á., þótt fjarri fari að eg fallist á skoðun meiri hlutans á lögum þessum. Enn fremur þykir mèr óviðkunnanleg byrjunin á 2 gr., þar sem farið er að tala um «hlutaðeigandi ráðgjafa», án þess hans hafi verið getið með einu orði á undan; þetta er öðruvísi og jafnvel lakara en í frumvarpinu í hitt eð fyrra, þar sem þó var til tekinn einhver einn af ráðgjöfum konungs. Það, sem hèr stendur, getur skilizt á ýmsan veg. Menn sjá eigi, hvort átt er við sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland, eða einhvern einn af ráðgjöfum Danmerkurríkis, eður þá alla hvern í sínum málum. Sömuleiðis er í seinni lið annarar greinar þannig talað um landshöfðingjann, að mèr virðist vald hans verða harðla lítið og takmarkað vald, og það lítur næstum svo út sem hann eigi að vera ábyrgðarlaus, en þó er seinna í 3. gr. farið að gjöra ráð fyrir ábyrgð hans. Þessu finnst mèr að þurfi að breyta, ef mögulegt væri að fá þetta öðruvísi ákveðið. En þegar eg lít á ágreininginn milli meiri og minni hluta nefndarinnar, það er að skilja, þegar eg lít einungis á aðaluppástungu meiri hlutans, þá virðist mèr að munurinn sè eigi svo fjarska-mikill, sem mörgum má ske sýnist. Mèr virðist meiri hlutinn einnig hafa farið fram með varúð og stillingu í máli þessu, að því er þennan kafla frumvarpsins snertir, og tillögur hans flest-

ar vera svo, að eg gæti vel aðhyllzt þær, ef eg gæti búizt við, að stjórnin fengist til að fallast á þær. Sú uppástunga meiri hluta nefndarinnar, sem mèr sízt getur geðjast að, er um hinn ábyrgðarlausa erindsreka (í 6. gr. nefndarfrumvarpsins). Mèr sýnist þetta fyrirkomulag mikið ísjárvert; menn geta sem sè vel ímyndað sèr, að erindsreki þessi kynni að leggja stund á, að koma sèr í mjúkinn hjá konungi, og færi þá má ske svo, að hann spillti fyrir úrslitum mála vorra í ýmsum greinum. En af því eg get eigi sèð, að minni hlutinn hafi komið fram með nokkrar slíkar tillögur, en orðið geti máli því, er vèr nú ræðum um, til hindrunar, vil eg heldur fylgja honum; því eg álít nauðsynlegt, að sem fyrst verði ráðin bót á hinu pólitiska ástandi voru. Eg skyldi fúslega fylgja meiri hlutanum í flestum eða jafnvel öllum breytingum hans á þessum kafla frumvarpsins, ef hann vildi taka upp tillögur minni hlutans sem vara-uppástungur, svo að stjórnin gæti þá aðhyllzt þær, ef hún eigi sæi sèr fært, að taka til greina breytingar meiri hlutans við frumvarpið. Mèr þykir leiðinlegt og sorglegt það stapp, sem þingið þegar í mörg ár hefir átt í við stjórnina út af máli þessu; en þó er það enn þá leiðinlegra og sorglegra, að þingið sjálft skuli eigi geta orðið á eitt sátt. Eg vil því einlæglega óska og vona, að hinir heiðruðu þingmenn gjöri sèr allt far um, að saman geti dregið bæði með þeim sjálfum innbyrðis og með þinginu og stjórninni.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að leyfa mèr að tala fáein orð, og skal eg reyna, að lengja ekki mikið umræðurnar með óþarfamælgi eða hnútukasti, því eg held við mættum vorkenna Íslendingum, þótt þeim væri farið að leiðast þetta stapp. Hinum heiðraða framsögumanni fórust reyndar í mörgu tilliti vel og greindarlega orð; en þó var ýmislegt í ræðu hans, er mèr eigi gat geðjazt að. Það hryggir mig, að hann skuli allt af vera að staglast á þessari ábyrgð, sem allt of mikið umtal er þegar orðið um. Hann þarf þó ekki annað, en lesa stjórnarfrumvarpið, 3. grein, til þess að sjá, að það er gjört ráð fyrir, að ráðgjafinn hafi ábyrgð. (*Jón Sigurðsson:* Jú, fyrir ríkisþinginu!) Nei, það er beinlínis sagt í 3. gr., að «nákvæmar skuli ákveðið með lögum, hvernig alþingi eigi að koma þessari ábyrgð fram» á hendur honum. Ef alþingi fleygir eigi frá sèr frumvarpi þessu, þá fær það löggjafarvald í öllum málum, er það snerta sèrstaklega, og það hafa mörg merkilegri lönd en Ísland látið sèr nægja. Eg get sagt hinum heiðraða framsögumanni

það, að í hinu enska parlamenti í Canada og Ástralíu, og jafnvel víðar hafa menn ekkert þrasað um þessa ábyrgð. Það getur nú verið, að menn í þessum löndum sèu ekki jafnskynsamir, eða hafi eins góða pólitiska menntun, og hinn háttvirti framsögumaður(!!!); en eg held þó, að þeir hafi bæði heyrt og sèð, lesið og numið margt, sem hann hefir hvorki heyrt nè sèð. Það lýsir vissulega einhverju dæmafáu vantrausti til löggjafanna, að þykjast aldrei geta fengið nógu trygga ábyrgð. Hann var eitthvað að tala um, að «slá föstum» ýmsum ákvörðunum; já, guð hjálpi oss; hverju getum vèr mennirnar slegið föstu? Það er eins og hann haldi, að þessi stjórnarskrá eigi að standa óbreytt um aldur og æfi, og furðar mig á, að hann, sem eg álít þó skynsaman mann, skuli koma með slíkt í ræðum sínum. Eg ætla nú eigi að þjarka meira við hann að sinni, því mèr þykir engin skemmtun að þessum sneiðum og hnútukasti. Það getur skeð eg segi honum eitthvað fleira við ályktarumræðuna. Einungis vil eg biðja hann, að gá að því, að binda sig eigi núna sem stendur of fast við þessa ábyrgð. Mèr virðist hinn heiðraði þingmaður Árnesinga álíta frumvarp þetta svo óaðgengilegt, að betra væri að halda sèr til alþingistilskipunarinnar. Eg held nú reyndar að hann hafi eigi ávallt verið á þessari skoðun, enda get eg ekki skilið, hvernig hann fer að koma með slíkt, að betra sè að hafa ráðgjafarþing en löggjafarþing. Hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga ætla eg eigi að svara í þetta sinn, en mun hvísla einhverju að honum við ályktarumræðuna. Að því er snertir minni hlutann, þá getur vel verið, að eitthvað það sè fólgið í hans breytingum, er eg eigi skil; eg skal reyna að bera mig saman við hann, því að nú sem stendur fæ eg eigi sèð, að hann breyti í nokkru um til batnaðar. Það er reyndar mikilsvert að fá að heyra eins fagra ræðu, eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hèlt, og sannaði hún mèr það, sem eg reyndar vissi áður, að maðurinn er gáfumaður, en hún sannaði ekkert af því, sem hún átti að sanna. Eg veit eigi, hvort eg er verri Íslendingur en margir aðrir, eða vil þjóð minni ver, og þótt eg fái hnútu fyrir, þá skulu þær liggja mèr í lèttu rúmi, hvaðan sem þær koma; en þegar verið er að fara fram á það, sem auðsjáanlega er fósturjörðu minni til eyðileggingar, þá skal eg játa það, þá rennur mèr til rifja. Eg vil annars biðja hina heiðruðu menn, er hafa dæmt svo hart skoðanir mínar og annara á þessum málum, að hugsa

eptir þessum orðum meistara vors: «Dæmið eigi hart, svo að þèr verðið eigi hart dæmdir».

Torfi Einarsson: Eg hafði hugsað mèr að beiðast í dag upplýsingar um hina brèflegu og verklegu ábyrgð, en nú hefi eg fengið svo mikla upplýsingu um þetta atriði, að þess gjörist eigi þörf fyrir mig. Hvað þá snertir ábyrgð ráðgjafans, þá er varla að óttast, að hann verði svo lengi, að hann skaði fyrir það, því að reynslan hefir sýnt, að ráðgjafarnir í Danmörku hafa orðið jafnmargir síðan 1867, eins og árin hafa verið, og þar sem einn þingmanna sagði áðan, að það mundi verða mögulegt fyrir ráðgjafa út í Danmörku að kynna sèr ástand lands vors nægilega, þá mundi hann naumast vilja vinna það til fyrir þennan tíma, sem hann gæti brúkað til að stjórna Íslandi, og þótt svo væri, þá yrðum vèr litlu nær, þar sem hann svo mundi líklega víkja frá að ári liðnu. Það sem eg annars hefi lært af öllum þessum ræðum er það, að annaðhvort er fyrir oss að ganga að því, sem oss er boðið í frumvarpinu, alveg óskornu, eða þá að koma sèr saman um, hvað skynsamlegast er að biðja um, og láta svo ráða, hvort það fæst eða eigi; maður á hvorki að hræsna fyrir sjálfum sèr nè þinginu, með því að biðja um það, sem maður er óánægður með, en hvaða stefnu eg nú tek í málinu, læt eg enn eigi uppskátt.

Framsögumaður: Eg ætlaði að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fám orðum, en eg held þó, að það sè rèttast að geyma það, þangað til við ályktarumræðuna, með því hann ætlar líka að geyma mèr sitt bezta þangað til. Hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga var áðan öldungis í ráðaleysi. Honum líkuðu, að hann sagði, vel breytingarappástungur meiri hluta nefndarinnar, en ætlar þó eigi að gefa þeim atkvæði sitt af því, að hann er svo hræddur um, að það eigi fáist, er þær fara fram á. Þetta kalla eg nú óafsakanlegt einurðarleysi af þjóðkjörnum þingmanni, og skal eg leyfa mèr að skýrskota til orða hins háttvirta þingmanns Strandasýslu, sem nú settist síðast niður, að menn ekki mega láta einurðarleysi eða óverulega hræðslu fyrir því að það ekki fáist, sem menn álíta nauðsynlegt að biðja um, aptra sèr frá að greiða atkvæði. Þingmaður Strandasýslu talaði, eins og eg álít að þjóðkjörinn þingmaður eigi að tala. Hèr er eigi nema um tvennt að gjöra, annaðhvort er það, að ganga alveg orðalaust að frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, eða þá hreint og beint að sýna fram á þær breytingar, sem nauðsynlegar eru á því, með

einurð og djörfungu, og með þeirri von, að það muni fást, sem fram á er farið. En hvorugt af þessu hefir minni hlutinn gjört. Hann hefir farið að káka við frumvarpið og gjöra við það ýmsar smábreytingar, en þær breytingar hans eru verri en hálfverk. Þingmaður Vestmannaeyinga var hræddur við erindsrekann, en það er nú búið þegar áður að sýna ljóslega fram á, að hann eigi getur orðið hættulegur, þar sem hann er að eins embættismaður, sem á að standa undir landstjóranum, og sem þess vegna er hægt að víkja frá, ef þingið eða landstjórinn skyldi álíta hann óþarfan, eða ef hann skyldi reynast ótrúr í stöðu sinni. Það hlýtur þó hinn heiðraði þingmaður að sjá og viðurkenna, að erindsrekinn getur aldrei orðið eins hættulegur eins og hinn ábyrgðarlausi landshöfðingi með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir. Eg ætla líka að svara hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Hann ranghermdi beinlínis orð mín, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að ástand það, sem nú væri í landinu, væri hið æskilegasta. Þetta hefi eg aldrei talað; eg sagði einmitt hið gagnstæða. Eg sagði, að það væri illt og óþolandi, en það gæti þó eigi verið verra en það hefði verið nú í 23 ár. Þar sem hann fór aptur að tala um sjúklinginn, þá er það, sem okkur skilur á um hann, að eg vil gefa honum það meðal, sem honum getur algjörlega batnað af, en hinn 4. konungkjörni þingmaður vill fara að káka við hann og gefa honum það meðal, sem heldur honum í sama sjúkdómsástandinu hèr eptir sem hingað til. Hann beiddist útskýringar hjá mèr á 3. grein nefndarálitsins, en eg get eigi kennt honum annað betra ráð, en snúa sèr aptur að greininni og lesa hana vandlegar, og þá mun hann sannfærast um, hvort sá sè rèttur skilningur greinarinnar, að þar sè átt við ríkislán, myntun peninga o. s. frv., og með því getur hann þá sparað mèr þá fyrirhöfn, að vera að útlista það fyrir honum.

Grímur Thomsen: Orð hins háttvirta framsögumanns sýna það ljóslega, að menn optlega eigi skirrast við að fara í kringum sannleikann. Í 2. grein stendur: «um hin almennu ríkismál eða hin nákvæmari takmörk milli þeirra og hinna sèrstaklegu mála Íslands skal ekkert ákveðið að því er Ísland snertir, nema með samþykki alþingis». Í fyrri hluta greinarinnar liggur það því beinlínis, að eigi má taka ákvarðanir um almenn ríkismál, nema með samþykki alþingis; ríkið má eigi taka lán, eigi hefja ófrið nè semja frið, án þess samþykki alþingis sè fengið til þess. Þar fyrir utan

er hið síðara atriði í greininni um takmörkin milli hinna almennu og sèrstöku málefna ekki nægilega ákveðið. Eg skal játa það, að það var rètt af meiri hlutanum, að taka þetta atriði fram, og það vantar alveg í uppástungu minni hlutans, því að vel getur þess konar spursmál komið fyrir, þótt eg eigi geti efazt um, að til ríkisþingsins kasta verði einnig að koma. Þetta er alveg sama tilfellið og með hertogadæmin; það var tiltekið, að í sumum þessara mála skyldi alríkissamkoman skera úr, í sumum standaþingin. Hèr hefir verið mikið talað um ábyrgðina, og er það annars merkilegt, hve örðugt mönnum ætíð veitir að koma henni fyrir, svo að vel þyki fara, þar sem það er þó í sjálfu sèr lítilsvarðandi. Ábyrgðin hefir ætíð verið brennandi spursmál, er um stjórnarskipun hefir verið að ræða, og nú kemur fram ágreiningur um hana milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar og frumvarpsins. Mèr þykir ákvörðun frumvarpsins vera bæði óheppileg og ónóg, en menn verða að gæta þess, að það er örðugt yfir höfuð að tala, að koma ábyrgðinni fyrir haganlega, og þá sèr í lagi hèr, eins og auðsætt er, þegar litið er á fjarlægð landsins. Það er öldungis rètt, er hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram í gær, að ráðgjafinn hlýtur að vera við hlið konungsins, en það hefir engum dottið í hug að stinga upp á því, að konungurinn væri hèr nokkurn tíma af árinu, og eigi heldur að hann hefði fleiri ráðgjafa. Eg vil þó engan veginn lasta aðgjörðir meiri hlutans, og lái honum alls eigi, þótt hann hafi ætlað sèr á þann hátt, er hann hefir gjört, að koma ábyrgðinni fyrir, en hvernig honum hefir tekizt það, sýnir einmitt, hve örðugt það er, að fá þennan hnút vel leystan. Þessi ábyrgð er tiltekin í 5., 6. og 7. grein. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu benti á það í dag, að það mundi vera óheppilegt, ef landstjórinn þyrfti að vera að ferðast til Danmerkur til þess að flytja þar málin fyrir konungi, og það er án efa rètt álitið; eg ímynda mèr, að það mundi verða líkt og er höfuðsmennirnir stjórnuðu hèr, sem voru lengst af erlendis, en settu fógeta í sinn stað, og stjórnuðu flestir með heimsku og harðýðgi, eins og t. d. Herluf Daa og Pros Mundt. Að hafa erindsreka, eins og meiri hlutinn fer fram á, álít eg eigi heppilegt, að minnsta kosti hafa öðrum löndum eigi gefizt þessir erindsrekar vel. Eg vil taka til dæmis Luxemburg, er stóð í sambandi við Holland; hún hafði nokkur ár þar erindsreka, en varð feginn að verða sem fljótast af með hann. En þó var sambandið svo laust, að það var einungis

konungurinn, er var sameiginlegur fyrir bæði ríkin. Í Luxemburg var jarl með 3 eða 4 ráðgjöfum, og sambandið var svo ónáið, að Holland hafði sinn konsúl eða verzlunarstjóra í Luxemburg, og Luxemburg sinn verzlunarstjóra í Hollandi. Þessi erindsreki, er Luxemburg hafði í Hollandi var, eins og líka meiri hlutinn stingur upp á, skipaður af konungi, og það getur enginn láð honum, að hann nefndi til þess þann mann, er honum er kær, en þessi maður hvíslaði því í eyra konungsins, er honum þótti bezt, án þess að líta á hag Luxemburgarmanna, og eyddi þá optlega málum fyrir þeim, er vest gegndi, svo að þeir flæmdu hann burt eptir 4 eða 5 ár. Eg get til nefnt annað dæmi. Í Danmörku var merkur maður «Cabinetssecretair» konungs; ráðgjöfunum virtist hann sèr eigi nógu hollur og afflytja málin fyrir þeim, og þess vegna urðu þeir allir á eitt sáttir um, að fara til konungsins og segja af sèr embættum, ef þessum manni væri eigi vikið burtu. Eg er öldungis sannfærður um, að þetta fyrirkomulag með erindsrekann mun reynast óheppilegt, enda sagði líka hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga um erindsrekann, eins og menn stundum segja um pönnukökurnar, að nefndin hefði stungið upp á honum sem neyðarúrræði. En eitt virðist mèr aðgætandi í þessu máli, og það er það, að þar sem meiri hlutinn heldur því fram, að öll ábyrgð hvíli á landstjóranum, og hann á að undirskrifa lögin, þá er auðvitað, að fyrst hann á að undirskrifa lögin, þá hlýtur hann opt að fara utan, og getur það orðið til töluverðrar fyrirstöðu fyrir afgreiðslu málanna. Eg skal játa, að ef uppástungu meiri hlutans er fylgt, þá er eigi annað ráð, en að fallast á uppástunguna um jarlinn, en það á eigi við að þessu sinni að fara lengra út í það mál, þar eð sá kaflinn eigi liggur fyrir.

Framsögumaður: Eg ætla að svara fám orðum hinum háttvirta þingmanni Rangæinga. Eg ber það eigi til baka, er hann sagði um erindsrekann; eg skal fúslega játa, að það er ærnum annmörkum bundið, að koma sambandinu milli landstjórnarinnar og konungsins svo fyrir, að vel fari og tryggilega. En einmitt það dæmi, sem hann kom með um erindsreka Luxemburgarmanna, sýnir, að erindsreki í Kaupmannahöfn þarf aldrei að verða hættulegur, því eins og hann var af tekinn þar, þegar hann þótti óþarfur, eða jafnvel hættulegur, eins mundi mega fara að hèr, og er eg viss um, að þing og stjórn mundu þá geta komið sèr saman um eitthvert heppilegra fyrirkomulag, og þar sem sami þingmaður var að

tala um, að það væri hættulegt, að erindsrekinn mundi liggja í eyrunum á konungi, þá get eg eigi betur séð, en það sè þó miklu meiri hætta, ef ráðgjafinn lægi í eyrunum á honum (*Grímur Thomsen*: Hann er með ábyrgð). Þingmaðurinn sagði sjálfur, að hún þýddi ekkert. Hann gjörði svo mikið úr því, hve óhagfellt það er, ef landstjórinn þyrfti að fara opt utan, og vera lengi burtu í hvert skipti. Eg get eigi ímyndað mèr, að það þurfi opt að koma fyrir, að landstjórinn þurfi að vera langdvölum í Kaupmannahöfn, og það nær eigi neinni átt, að líkja landshöfðingjanum við höfuðsmennina, sem hèr voru til forna; þeir áttu að hafa á hendi allt önnur störf en landstjóranum eru ætluð; eg ætla, að þeir hafi strangt tekið, eigi haft annað að gjöra, en heimta saman skatta og skyldur af landinu. Það virðist engin ástæða til, að óttast fyrir því, að landstjórinn þurfi að fara svo opt utan eða vera þar svo lengi, þar sem hann hefir öll stjórnarstörfin á hendi, og þar sem hann hefir ábyrgð fyrir alþingi, og er því nauðugur einn kostur að vera hèr sem optast. Eg get eigi gjört ráð fyrír því, að hann þurfi að fara utan á hverju ári og vera þar ½ ár í senn, eins og þingmaður Rangæinga gjörði ráð fyrir, þar sem hann mundi sjaldan þurfa þess, nema þegar konunglega staðfesting ætti að fá á lögum alþingis, og það vita menn af reynslunni, að þar sem eigi er gjört ráð fyrir, að alþingi komi saman nema annaðhvort ár, þá munu þau lög, er frá því koma, eigi verða svo mörg eða margbrotin, að svo langan tíma þyrfti til að fá konunglega staðfestingu fyrir þeim, eins og þingmaður Rangæinga ætlaði.

Hjálmur Pètursson: Út af skilningi þeim, sem 2 háttvirtir þingmenn hafa lagt í síðasta lið 2. greinar í nefndarfrumvarpinu, vil eg áskilja mèr rètt til að koma fram með breytingu við þennan hluta greinarinnar, svo hún síður verði undirorpin misskilningi; en fyrst að eg er staðinn upp á annað borð, þá skal eg í fám orðum lýsa skoðun minni á málinu, og taka fram þau atriði, sem mèr þykja mest verð, og sem hafa ráðið mèr til að fara þá leið, sem eg hefi gjört, með meiri hluta nefndarinnar. Aðalástæðan er sú, að eg álít, að allt sè undir því komið, að hin æðsta stjórn landsins vinni saman við hið löggefandi þing, annars getur stjórnin eigi verið heilbrigð; en til þess að stjórnin geti unnið saman við hið löggefandi þing, verður hún að vera innlend í fyllsta skilningi, því annars verður hún ófug og óholl, en til þess að stjórnin sè innlend að fullu og öllu, hljóta þeir, sem hafa á hendi hið æðsta stjórnarvald, að hafa

ábyrgð fyrir alþingi; eg verð því að halda fast fram uppástungum meiri hluta nefndarinnar, og eg get ómögulega fallizt á skoðun minni hlutans um það, að vèr seinna getum fengið breytt þeim atriðum, er oss þykja eigi fulltryggjandi, þótt vèr nú göngum að þeim; það verð eg að álíta með öllu óhugsandi, en þó allrasízt þeim atriðum, sem miklu varða, svo sem ábyrðarspursmálinu, og hefi eg það til marks, að það er einmitt þetta atriði, sem stjórnin hefir haldið fastast fram að undanförnu, og alls eigi vill hagga. Eg get því ekki gjört mèr vonir um það, sem engin ástæða er fyrir, og þó eg vildi mjög gjarnan, að málinu þokaði eitthvað áfram, fæ eg ekki sèð að neitt það sè fram komið í þessu máli að þessu sinni, hvorki frá stjórnarinnar hálfu nè heldur hèr á þinginu, sem hamlar mèr frá að halda þeirri sömu skoðun, sem eg hefi áður haft á málinu.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að leyfa mèr að svara hinum háttvirta þingmanni Rangvellinga nokkrum orðum út af því, sem hann sagði um 2. grein nefndarfrumvarpsins. Eg verð að játa, að eg get ekki lagt sama skilning í þessa grein og hinn háttvirti þingmaður, nefnilega, að fyrir alþingi þurfi að leggja hvers konar samninga, sem Danir innganga við aðrar þjóðir, um frið og stríð, o. s. frv., því að þessi alríkismál geta ekki átt við orðin síðar í greininni: «að því er Ísland sèrstaklega snertir»; það getur verið, að greinin sè ekki nógu ljóst orðuð; en meiningin á að vera sú, að einungis þau mál, sem Ísland snerta og íslenzk eru, skuli ekki verða útkljáð nema með samþykki alþingis, og skal eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að orða hana ljósar.

Grímur Thomsen: Eg verð að svara hinum háttvirta framsögumanni því, að eg tók greinina eins og hún lá fyrir frá meiri hluta nefndarinnar, en ef honum hefir orðið mismæli, þá er sjálfsagt, að hann á leiðrètting orða sinna. «Um hin almennu ríkismál», stendur hèr í greininni, «eða hin nákvæmari takmörk milli þeirra og hinna sèrstöku mála Íslands», — eg bið þingmenn að gæta að því, að hèr stendur «eða» en ekki «og» — «skal ekkert ákveðið að því er Ísland snertir, nema með samþykki alþingis». En friður, og verzlunarsamningar og fleiri almenn ríkismál snerta Ísland beinlínis; það veit hinn háttvirti framsögumaður eins vel og eg — og þessir samningar, sem eru gjörðir án þess að þeir sèu einu sinni lagðir fyrir ríkisþingið, ættu að þurfa samþykkis alþingis eptir þessari grein, ef henni er eigi breytt, en ef meiri

hlutinn orðar hana, svo hún verði aðgengilegri, þá er eigi ómögulegt að eg gangi að henni.

Forseti: Með því að ekki taka fleiri til máls, þá er undirbúningsumræðunni um þennan 1. kafla frumvarpsins lokið; til þess að halda áfram undirbúningsumræðunni um hina síðari kafla frumvarpsins, og hin önnur atriði málsins, skal eg ákveða fund á morgun kl. 11, en vil eigi byrja hana nú, þó ekki sè orðið mjög áliðið, heldur skal eg biðja þingmenn að hlýða upplestri á nokkrum álitsskjölum og bænarskrám, sem eiga að ganga frá þinginu til konungs.

Síðan voru skjöl þessi lesin upp og samþykkt:

1. Álitsskjal um frumvarp til tilsk. um gjald spítalahlutanna (Sjá II, bls. 469).
2. Bænarskrá um sölu opinberra eigna (Sjá II, bls. 472).
3. Álitsskjal um frumvarp til tilsk. um síldarveiði með nót (Sjá II, bls. 478).

Að því búnu ákvað forseti fund næsta dag klukkan 11 og sagði

Fundi slitið.

---

34. fundur. — 16. ágúst.

Allir á fund. Þingbók frá undanfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið er til umræðu, skal eg geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann geti eigi lengt þingið meira, en til mánudags, 21. þessa mán. Vil eg því skjóta því til hinna heiðruðu þingmanna, að haga umræðum sínum eptir þessari yfirlýsingu, svo að meðferð málanna, sem eptir eru, gangi sem greiðast.

Það, sem fyrir liggur í dag, samkvæmt dagsskránni, er framhald af undirbúningsumræðu um hið konunglega frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands; verður byrjað á 2. kafla, sem er 14. grein frumvarpsins, og þaðan frá til enda. Eg skal skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, hvort hann vill þegar taka til máls.

Framsögumaður: Eins og hinn háttvirti forseti sagði, liggur nú fyrir til umræðu síðari hluti frumvarpsins frá 13. grein og til enda. Við þennan hluta frumvarpsins hefir nefndin að eins gjört tvær aðal- eða efnisbreytingar, nefnilega við 24. og og 25. grein, þá nefnilega, að nefndin hefir stungið upp á lausri fjárhagsætlun í staðinn fyrir fasta. Það mun nefnilega vera venja víðast, þar sem lögbundin konungsstjórn er á komin, að fjárhagsáætlunin sè laus; og þótt þingið 1867 og 1869 fèllist á fasta fjárhagsáætlun af eptirlátsemi við stjórnina og konungsfulltrúa, þá má þó sjá af umræðunum á þessum þingum, að menn einmitt vildu hafa lausa áætlun; enda er þetta aðalskilyrði fyrir því, að þingið fái fullt skatta-álögu- og fjárveizluvald. Við 34. grein frumvarpsins hefir nefndin einnig stungið upp á breytingu við 2. kaflann. Hún áleit, að ef danskur ráðgjafi ætti að hafa flest mál vor til meðferðar, þá væri þýðingarlaust, að fara að senda annan mann til þingsins, er skyldi vera settur jafnhliða landsstjóranum; þetta væri beinlínis til að eyða öllum áhrifum, er landsstjóri ætti að hafa og gæti haft á störf þingsins. Fyrir því gat hvorki meiri nè heldur minni hlutinn fallizt á grein þessa.

Eg ætla svo eigi að tala meira að sinni; en eg mun svara eptir megni mótbárum þeim, er kunna að koma fram, gegn þessum síðara hluta frumvarpsins.

Konungsfulltrúi: Við þenna kafla skal eg að eins geta þess, að breytingaruppástungur bæði meiri og minni hlutans virðast mèr allar vera litilsvarðandi, hvernig sem á þær er litið, að undantekinni uppástungunni við 24 gr., að sleppa ákvörðun þeirri, sem þingið hingað til hefir samþykkt um fasta fjárhagsáætlun. Eg skal ekki orðlengja um þetta atriði, sem svo ýtarlega var rætt á alþingi 1867, heldur skýrskota til þess, er eg þá tók fram og alþingið þá fèllst á, að fasta fjárhagsáætlun má álíta nauðsynlega, og þess vegna skal eg geta þess, að breytingaruppástunga meiri hlutans við þessa grein að mínu áliti er alveg óaðgengileg. Hvað breytingaruppástunguna við 34. grein snertir, skal eg geta þess, að mèr virðist hún næsta þýðingarlítil, og skal eg þess vegna ekki mæla fastlega á móti henni.

Sigurður Gunnarsson: Af því eg flutti til þingsins bænarskrá frá kjósendum mínum, er snertir þetta mál, finn eg mèr skylt, að tala nokkur orð. Í bænarskrá þessari er ýmislegt tekið fram, bæði viðvíkjandi stöðulögunum og stjórnarskráarfrumvarpi því, sem hèr

er um að ræða. Eg skal fyrst minnast á það atriði í bænarskránni að kjósendum mínum hefir þótt óparft, að fjölga þingmönnum; fram yfir það sem nú er; bar tvennt til þessa, það fyrst, að mönnum getur eigi skilizt, að góð lög séu komin undir fjölda þeirra, sem setja þau, heldur hyggindum og vandvirkni; það annað, að lagasetningin muni sízt batna við mannfjöldann á þingi að því skapi sem hann eykur landinu kostnað. Og eg verð að vera á sama máli og kjósendur mínir í þessu efni. Eg skil ekki í öðru en að þetta þing sè fullfjölmennt fyrir oss, svo fámenna þjóð. Þá var annað atriði í bænarskránni, er eg nefndi, að þing yrði hèr ekki tvískipt, því það væri eigi nema til tafar og kostnaðarauka. Það mun nú þykja óhæfa að hreifa þessu nú hèr í salnum, þar sem 2 þing á undan og svo stjórnin hefir fallizt á tvískipt þing. En það muna þeir menn, sem við voru hèr á þinginu 1867 og 69, að erfitt átti tvískipta þingið uppdráttar. Í fyrra sinni mátti segja það væri barið fram — og í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu 1869 minnir mig að stjórnin gengi að eins nauðulega að því; það hafa því verið mjög deildar meiningar um þetta mál. Eg ber lítið skyn á þetta mikla gagn, sem tvískipt þing eiga að gjöra, en mèr skilst að þing í einu lagi með góðum þingsköpum geti orðið vel fært að setja góð lög. Enda getur það af ráðið, að fresta til næsta þings löggildingu í miklum vandamálum og kynna þau þjóðinni milli þinga. Eptir þessu, sem eg hefi vikið hèr á, mun eg áskilja mèr breytingaratkvæði við 14. gr. frumvarpsins, að þingmönnum verði eigi fjölgað, og við næstu grein, og aðrar sem það á við, að þing verði eigi skipt í 2 deildir. Samt mun eg bera upp til vara uppástungur um fækkun deildarmanna, ef þing yrði tvískipt. Reyndar er hèr í 14. gr. ákveðið, að þessu megi breyta með lögum, nefnil. tölu þingmanna, og eins seinna um hið tvískipta þing. En mundi það eigi vera nær, að byrja með færri þingmönnum og einföldu þingi, og breyta þá þessu síðan, ef það þætti áríðandi, en að byrja á hærra stigi og þokast svo til hins lægra; þetta er vert að athuga. Og þó menn vildu skipta þinginu í tvær deildir, virðist mèr, að eigi þyrfti að fjölga þingmönnum til þess; eg held t. a. m. að 8 til 9 menn í efri deildinni gætu gjört jafnmikið gagn í góðri lagasetningu og 12, svo hið sama 18 í neðri deild líkt og 24. Enn fremur skal eg geta þess, að mèr virðist eigi alls kostar ráðleg sú ákvörðun í frumvarpinu, að allir hinir konungkjörnu menn skuli eiga sæti í efri deildinni; eg held það

væri hollt fyrir þingið að sumir af þeim væri í neðri deild; þeir munu jafnan verða hinir fremstu og ágætustu menn landsins, og er sárt fyrir neðri deildina að fá engan af þeim. Af þessum ástæðum vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um það, að kosið sè í hina efri deild, ef tvídeilt þing verður hèr ofan á. Mèr finnst mèr vera skylt að stinga upp á þessum breytingaratkvæðum, sem eg hefi nú gert ráð fyrir, af því eg tel, að mèr hafi verið falið það á hendur af kjósendum mínum, og svo er það líka eptir sannfæringu minni.

Framsögumaður: Eg get reyndar í mörgu tilliti verið hinum háttvirta þingmanni Suður-Múlasýslu samdóma, hvað tvídeilingu þingsins snertir; því í raun og veru hefi eg aldrei verið henni sèrlega meðmæltur. Það má, ef til vill, segja, að þessi tvídeiling á þinginu sè eigi áríðandi, en nefndin vildi þó ekki breyta þessari ákvörðun, sem þingið 1867 tók sjálft upp, og þingið 1869 aðhylltist, því að það gat litið svo út í augum stjórnarinnar, að þetta væri ástæðulaust hviklyndi hjá nefndinni; enda held eg, að menn geti varla neitað því, að nokkur trygging sè þó fólgin í þessu fyrirkomulagi. Eg skal fúslega játa, að eg álít eigi haganlegt, að allir hinir konungkjörnu þingmenn sitji í efri deildinni; en nefndin vildi þó eigi heldur í þessu tilliti raska ákvörðun frumvarpsins, enda áleit hún, að stjórnin hefði farið rètt og hyggilega að í því, að hún hefir eigi bundið kosningu hinna konungkjörnu við embættismenn eina, og hefir hún í því tilliti eigi verið á sömu skoðun og hinn 3. konungkjörni þingmaður var 1867 og 1869. Eg ætla samt eigi að verða mótfallinn breytingaruppástungum þingmanns Suður-Múlasýslu, því eg álít hentugt, að nokkrir hinna konungkjörnu eigi sæti í neðri deild þingsins. Eg ætla eigi að þessu sinni að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa viðvíkjandi fjárhagsáætluninni, því þetta atriði er þegar tekið fram í nefndarálitinu, og skal eg láta það á þingsins valdi, hvort það vill samþykkja eða fella uppástungu meira hlutans.

Þórarinn Böðvarsson: Eg stend í þetta skipti upp að eins til þess, að áskilja minna hlutanum breytingaratkvæði við 2. grein hins 1. kafla frumvarpsins.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal eigi að þessu sinni lengja mikið umræðurnar um þetta mál, enda er búið að tilkynna þingmönnum það, að svo verði að haga umræðunum, að ekki eyðist tíminn um of. Eg ætla einungis þá að geta þess, að mèr

finnst hèr eigi vera nema um tvennt að velja, ganga að eða frá, annaðhvort að aðhyllast hið konunglega frumvarp, sem hèr liggur fyrir með litlum eða engum breytingum, því ef við það eru gjörðar nokkrar verulegar efnisbreytingar, þá hefir oss verið sagt það skýlaust frá konungsfulltrúastólnum, «að stjórnin geti ekki gengið að því», eða að gjöra við það þá breytingu, sem er nokkurs virði og mönnum geti geðjazt að og yrði sannarleg stjórnarbót, og í því falli er tillaga meiri hlutans skárri en hins minna hluta, því hún held eg sè nú lítið fremri frumvarpinu; en þess konar breyting kvað vera sama sem að hafna því, vitaskuld, þá hefir maður ekki bundið sig og sína eptirkomendur neinum þeim skilmálum, er oss eru í óhag. En með því að hèr hefir mikið verið talað um ábyrgð, og af því tilefni skal eg einnig geta þess, að eg finn vel, að ábyrgð hvílir á mèr, sem þingmanni í þessu máli, sem er orðið vandræðamál, því vandræði eru það, þegar öðru eins velferðarmáli og þetta er miðar ekkert áfram fyrir ýmsum mótspyrnum. Þegar eg á að segja annaðhvort já eða nei um frumvarpið, sè eg að það er ekki vandalítið og ekki ábyrgðarlaust, og með því að mèr er ekki um að neita því, nema því að eins að eitthvað verulegt sè í boði og von um að það fengist þó síðar yrði, svo sem varauppástunga meiri hlutans um jarlinn, sem eg mun gefa atkvæði mitt — en um hana á ekki við að ræða í þessum kafla — þá kemur mèr einungis eitt ráð til hugar til þess að komast hjá vandræðum þeim, sem í þessu efni eiga sèr stað, og sem máske gæti orðið til að sætta menn dálítið við frumvarpið. Það er nefnilega, að gjöra viðauka við 62. grein eða við enda frumvarpsins í þá átt, að lög þessi skuli að eins vera bráðabyrgðarlög, t. a. m. í 20 ár, og verði þau þá endurskoðuð af þinginu eptir þetta tímabil, eða eptir því sem mèr kemur til hugar að orða það, og getur þessi viðauki eigi að síður, hvernig sem atkvæðagreiðslan fer, vel átt við. Ef að þingið aðhylltist þessa mína uppástungu, þætti mèr meiri von, að stjórnin mundi einneginn samþykkja aðrar breytingar þingsins, þar eð hún sæi, að hèr með væri þó engu slegið föstu, eins og þjóðinni yrðu ljósari smíðlýtin á stjórnarskránni eptir nokkur ár, og þá líka hægra að laga þau fyrir löggefandi þing. Að svo mæltu ætla eg ekki að fara ýtarlegar út í málið, það eru nógir aðrir til þess.

Jón Pètursson: Eg ætlaði að eins að leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við 14. gr.; þar er svo ákveðið, að konungur

skuli kjósa þingmenn fyrir hvert nýtt alþingi, en þar á móti eiga víst kosningar hinna þjóðkjörnu að gilda fyrir 6 ár. Nú er svo ákveðið, að hinir konungkjörnu skuli eiga sæti í hinni efri þingdeild, og þar sem líkur eru til að þeir, er þar sitja, myndi hið svo nefnda «conservative Element» í þinginu, eða verði fastheldnari við það, sem er, þá skil eg eigi, hví þeir skuli eigi verða kosnir nema fyrir eitt þing og eitt þing í senn. Þar sem ákveðið er í 5. grein, að alþingi skuli eigi eiga setu lengur en 6 vikur, vil eg að þessu sé breytt þannig, að það ekki eigi lengri þingsetu í senn, en í 8 vikur, því það er hætt við, að þingið annars opt sökum tímaleysis yrði að hætta við mál í miðju kafi, einkum ef þinginu yrði skipt í tvær þingdeildir, því af því hlyti að leiða, að málin gætu eigi svo fljótt út kljázt sem nú. Menn þyrftu eigi að nota þetta leyfi frekar, en nauðsyn krefur.

Davíð Guðmundsson: Til þess, að koma samhljóðun á breytingar nefndarinnar við frumvarpið, vil eg leyfa mèr, að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að orðinu «lagaboð» á nokkrum stöðum í frumvarpinu verði breytt í «lög», og að í staðinn fyrir að «leysa upp» á einum stað verði sett «slíta»

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er umræðunni um hina síðari kafla frumvarpsins lokið, og vil eg þá setja til umræðu hin önnur atriði málsins, eða annan kafla nefndarálitsins, frá 13. til 21. bls. Það hefir að vísu verið talað nokkuð um uppástungurnar viðvíkjandi jarlinum þegar við 1. kafla frumvarpsins, og eg hefi ekki tekið fyrir þær umræður, vegna þess mèr virtist þær eiga bezt við þann kafla frumvarpsins, en eg sè að hinn háttvirti framsögumaður og nefndin hefir helzt hugsað sèr, að þessar uppástungur yrðu ræddar í þessum kafla, svo sem hin «önnur atriði málsins», og vil eg þá ekki standa í móti því, að svo megi vera. Eg skal skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, hvort hann vill nú þegar taka til máls.

Framsögumaður: Eg hefi einmitt hugsað mèr, að haganlegast væri, að ræða varauppástungu meira hluta nefndarinnar í sambandi við þennan kafla nefndarálitsins, eins og hinn háttvirti forseti tók fram. En þar eð þegar hefir verið allmikið rætt um þetta atriði, skal eg ekki vera langorður um það að sinni. Það hefir mörgum þingmanna litizt allvel á þessa uppástungu nefndarinnar, enda get eg eigi betur sèð, en að hún sè aðgengileg. Sumir hafa reyndar talað um kostnað þann, er mundi verða þessu fyrirkomu-

lagi samfara, og það er reyndar alveg eðlilegt, að menn vilji fara varlega, þar sem um stóran kostnað er að ræða. En eg vil taka það fram, að mèr virðist mjög vafasamt, hvort jarlinn verður oss dýrari, en hvert annað stjórnarfyrirkomulag, því það er efalaust, að margt mætti spara hèr innanlands, og má ske fækka ýmsum embættum, ef stjórnarfyrirkomulagið yrði þannig lagað, sem nefndin hefir hugsað sèr. Og þar að auki er eg sannfærður um, að landsmenn yrðu fúsir á, að leggja nokkuð á sig, til að standast þennan kostnað, því eg er nokkurn veginn viss um, að þetta er ósk margra á meðal almennings, og vil eg biðja þingið að taka tillit til þess. Hvað yfirlýsingu meiri hlutans viðvíkur, skal eg eigi fara öðrum orðum um hana að sinni, en þeim, að það voru einmitt bænarskrárnar úr hinum einstöku hèruðum landsins, er gáfu nefndinni tilefni til þessarar yfirlýsingar; og álít eg, að þinginu beri að taka tillit til bænarskráa þessara, því þær lýsa einmitt skoðun almennings á málinu.

Konungsfulltrúi: Af því að jarlsgreinirnar vafalaust eru breytingar á 1. kaflanum, virðist mèr ljóst að búið er að ræða þær í þetta skipti — og eg fyrir mitt leyti hefi ekki neina ástæðu til frekar að ræða þessar uppástungur — eg veit það, að þær eru ekki alveg nýjar, eins og hinn heiðraði þingmaður Reykjavíkur benti að, heldur eru þær kenndar merkum manni í Danmörku, sem að öðru leyti bæði er stjórnvitringur mikill, og einnig merkilegur fyrir sínar »Drömmerier» eða »Fantasier» (draumóra), og þessi jarls-hugmynd er vafalaust af því tægi. Að öðru leyti hefir höfundurinn viljað leggja ábyrgð á jarlinn gagnvart stjórn Dana, en því hefir meiri hlutinn sleppt, og farið annan veg, sem, að því mèr bezt getur skilizt, miðar til að víkja konunginum úr konungssætinu, en mèr þykir þessi vegur næsta ótilhlýðilegur; þar sem jarlinn, hvort sem verður, á að vera undir danskri stjórn, munu þessar uppástungur einungis auka útgjöld landsins til einkis gagns og án þess að meiri hlutinn nái tilgangi sínum.

Hvað þær athugasemdir og uppástungur snertir, sem meiri hluti nefndarinnar hefir tekið fram bls. 15—21, hefði eg óskað að geta leitt hjá mèr að hafa nein orð um þann kafla nefndarálitsins, því hann er þess eðlis, að mèr virðist æskilegt þingsins vegna, að hann hvorki hefði verið tekinn í nefndarálitið nè komið til umræðu. En þar sem eg ekki get leitt hjá mèr að skýra þinginu frá áliti mínu einnig um þennan kafla, skal eg gjöra það sem stytzt að

verða má, og eg skal leiða hjá mèr að ræða öll þau rangindi, sem meiri hlutinn hefir komið með í honum, heldur að eins fara fáeinum orðum um aðalskoðun hans, sem að nokkru leyti gjörir það skiljanlegt, hvernig eins skynsamir og heiðvirðir menn og í meiri hlutanum eru, geti framfylgt þeirri stefnu í málinu, sem þeir hafa gjört, þó að þeir hljóti að sjá, að þessi stefna alveg muni spilla, og þó þeir að mínu áliti ekki hafi óskað að spilla þessu velferðarmáli landsins.

»Það eru lög, sem konungur ákveður«; þetta er gamalt og gott orð, sem ætti að vera inngróið rèttarmeðvitund allra Íslendinga, allra siðaðra þjóða, þar sem konungsveldið er. Menn kunna að vera meira eða minna ánægðir með einstök lög, en þegar það eru lög og svo lengi sem það eru lög, má ekki synja þeim um hlýðni, nema með það sama sè brotið á móti öllum grundvallarreglum og máttarstólpum mannfèlagsins. En nú eru vafalaust lögin af 2. janúarm. þ. á. ákveðin fyrir Ísland af vorum allramildasta konungi, því getur enginn heilvita maður neitað, og þess vegna eru þau ómótmælanlega gildandi lög á Íslandi. Alþingið getur samkvæmt alþingistilskipuninni og tilskip. 28. maí 1831 stungið upp á breytingum á þessum eða öðrum gildandi lögum, en það er hin fyrsta skylda alþingis, að hlýðnast gildandi lögum, og þingið vantar alla heimild til að mótmæla þeim. En sú er bót í máli: það sem alþingið gjörir heimildarlaust, er æfinlega alveg þýðingarlaust, og þingið getur með því að mótmæla lögunum frá 2. jan. þ. á. ómögulega áunnið annað, en að spilla virðingu sjálfs sín.

Framsögumaður: Eg ætla að eins með fám orðum að svara ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, og skal eigi halda upp langri vörn fyrir uppástungum nefndarinnar um jarlinn, þó skal eg geta þess, að þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi gjöra lítið úr orðum þeim, er þingmaður Reykvíkinga hafði upp í gær eptir manni í Danmörku, þá man eg, að þingmaður nokkur sagði einu sinni hèr í salnum, að nafn eins manns í Danmörku (það var Örsted gamli) hljómaði svo skært í eyrum sèr, að hann gæti aldrei haft á móti því, sem hann segði. Sama verð eg fyrir mitt leyti að segja um Monráð biskup, og munnu fleiri verða til þess að taka undir það með mèr, að orð hans í stjórnarmálum sèu jafnan svo þýðingarmikil og mikilsverð, að það þurfi meiri og vitrari menn en hèr eru á þingi, til að hrekja það, sem hann segir með rökum, og mèr getur eigi annað en þótt það undarlegt, að konungsfull-

trúi skuli vilja álíta þessi orð hans með öllu þýðingarlaus, eða eintóma draumóra, eins og hann sagði, og þetta þykir mèr því undarlegra, sem eg veit, að þessi maður er þó víða erlendis nafnfrægur fyrir þekkingu sína og afskipti af stjórnarmálefnum. Það getur verið, að sú stjórn, sem setið hefir að völdum í Danmörku síðan 1864, kalli allar hans skoðanir á stjórnarmálefnum eintómar hugsmíðar og draumóra, en vèr þekkjum of vel skoðanir hinnar dönsku stjórnar til þess, að vèr tökum mark á slíku. Hinn háttvirti konungsfulltrúi byrjaði ræðu sína með því að lýsa því, að meiri hluti nefndarinnar hefði á bls. 15—21 í nefndarálítinu farið fram á ýmisleg rangindi, sem hann eigi einu sinni vildi virða sig til að hrekja. En eg verð að svara honum því, að eg álít, að hann sè alls eigi bær um að dæma um, hvort nefndin hafi rètt eða rangt fyrir sèr í uppástungum sínum, og eg verð alveg að mótmæla þvílíkum sleggjudómi í nafni allrar nefndarinnar sem ástæðulausum, þangað til konungsfulltrúi færir nægilegar ástæður fyrir því, að sá dómur, er hann kvað upp yfir þessum kafla nefndarálitsins, sè á góðum og gildum rökum byggður. Það er heldur eigi rètt sagt af hinum háttvirta konungsfulltrúa, að nefndin mótmæli þeim lögum, er konungur gefur út handa Íslandi; það hefir nefndin eigi gjört; hún hefir einmitt sagt, að lögin 2. jan. 1871 sèu gildandi lög fyrir Danmörku, en eigi fyrir Ísland, og það er aðalumtals- og ágreinings-efnið í þessu máli, að lögin sèu ekki, og geti ekki verið bindandi fyrir Ísland, enda stendur það hvergi skrifað í lögunum 2. jan., að þau eigi að gilda fyrir Ísland. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sjálfur sagt, að konungurinn væri hèr einvaldur, og það er öldungis satt, þess vegna er það einungis hann, sem á að gefa oss lög, og hvers lögum vèr erum skyldir að hlýða, en hvað þessi lög 2. jan. snertir, þá hefir hin danska stjórn og hið danska ríkisþing komið sèr saman um að skipa þau hèr, en ekki konungurinn sjálfur, svo þannig skoðuð geta þau eigi verið bindandi fyrir oss. Eg skal nú eigi fara fleirum orðum um málið að sinni. Þingið ræður því, hvernig það fer með þetta atriði, en eg tek það fram, að þingið getur ekki leitt hjá sèr að taka til greina þær almennu áskoranir, sem fram eru komnar í bænarskránum frá hálfu þjóðarinnar, og meira að segja: það er skyldugt til að taka þetta mál til meðferðar og segja álit sitt um það.

Benidikt Sveinsson: Eg skal eigi fara út í orðahnippingar í dag,

og reyna til að nota mèr heilræði konungsfulltrúa, sem hann tók fram, þó mèr virðist það sannast á honum, að hægra sè að kenna heilræðin en halda þau, en reyna að tala með rósemi og stillingu um þetta mál. Hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram þær almennu setningar, sem í rauninni er öldungis rètt, að maður ætti að hlýða gildandi lögum, og að það, sem væri heimildarlaust, það væri þýðingarlaust. Einmitt þessi orð hins háttvirta konungsfulltrúa vil eg taka til nánari íhugunar út af ræðu hans og í sambandi við lögin frá 2. jan. þ. á., og það sem eg síðast talaði í þessu máli, mig minnir í gær. Eg vil þá leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa, — eg hefi reyndar opt áður beiðzt upplýsingar frá þessu háa sæti, og optast forgefins. — Eg vil þá spyrja konungsfulltrúann, segi eg: hefir hinn constitutionelle konungur í Danmörku í sambandi við ríkisþingið löggjafarvald yfir Íslandi, eða hefir hinn absoluti konungur löggjafarvald yfir Íslandi í sameiningu við alþingið? Þangað til þessari spurningu er svarað af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, getur hann eigi með neinum rètti vefengt skoðun meiri hluta nefndarinnar, eða sagt með neinni ástæðu, að hún fari fram á það, að víkja konungi úr löggjafarsætinu sem konungi og löggjafa Íslands, þó hann alls eigi viðurkenni gildi laganna frá 2. jan. þ. á., hvað Ísland snertir. Eg vil enn fremur leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa: gat hinn einvaldi konungur yfir Íslandi og Danmörku bæði í almennum og sèrstaklegum málum afsalað einustu hársbreidd af einveldi sínu yfir oss Íslendingum til þegna sinna í Danmörku, það er að segja: ríkisþingsins? Og enn fremur spyr eg: hvernig skyldi konungurinn, hefði hann getað afsalað, og virkilega afsalað einveldi sínu yfir Íslandi til ríkisþingsins, þó samt enn verið einvaldur yfir Íslandi? því það hefir þó konungsfulltrúi játað, og það hlýtur hann að játa, að konungurinn er enn einvaldur konungur yfir Íslandi, og nema hann játi þetta, þá fer hann einmitt fram á, að víkja konunginum úr löggjafarsæti hans yfir Íslandi. Eg vona, að hverjum manni sè það ljóst, að hèr ræðir um «absolute, logiske Utænkeligheder». En mætum vèr hèr eigi öðrum ómöguleikanum, jú, vèr mætum hèr «juridisk, statsretlig Umulighed». Eg vil spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa: hvernig skilur hann konungalögin 14. nóvember 1665? Eru það eigi þau lög, sem gjörðu konunginn einvaldan yfir Íslandi? og er það eigi samþykki Íslendinga sjálfra, sem gjörði hann hèr einvaldan? Þessu

vona eg að hinn háttvirti konungsfulltrúi verði að játa. Eg vil spyrja enn fremur hinn háttvirta konungsfulltrúa: var þetta einveldi konungsins yfir Íslendingum eigi «uafhændelig Ret»? eða gat hann eður afkomendur hans afhent það og afsalað það hverjum, sem hann eða þeir vildu? Eg segi nei, og eg vona, að konungsfulltrúi gjöri það líka. Gæti maður að, hvað síðan hefir farið fram í Daumörku, þá sýnir það ljósast, að það er satt, sem eg segi. Hin nýju konungserfðalög sýna bezt, að konungalögunum varð eigi breytt nema með samþykki þegnanna. Þegar gengið er út frá þessari setningu, þá fer að mig vonar að minnka hið þunga brigzli, sem konungsfulltrúi ber á nefndina, að hún vildi rýra veldi Dana. Eg vil enn spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa: hefir nokkuð það farið fram, síðan 1848, er sanni það, að það hafi verið vilji eða meining Danakonungs, að afsala einveldi sitt yfir Íslendingum í hendur Dönum? Sá sem segir þetta, hann á að sanna það, því móti því liggja svo rík rök gróðursett í hlutarins eigin eðli, eins og eg hefi tekið fram, að sá sem neitar þessu, hann verður að gjöra svo vel að minnsta kosti og kannast við sönnunarbyrði sína; hann verður að koma fram með yfirgnæfandi rök og ástæður. Af þessu flýtur og, að allir actar frá 1848 til dato eru svo að skilja sem eg nú hefi sagt, og leitt rök að því hlutarins eðli, svo framarlega sem það er unnt, að skilja bókstaf þeirra því samkvæmt, enda er svo langt frá því að orð þeirra miði í einu eða neinu að því, að það nokkurn tíma hafi flogið í brjóst Danakonungi, að leggja einveldi sitt yfir Íslandi frá sèr í hendur Dana, að skýlaus orð og andi allra þessara acta, til samans tekinna og sèrhvers út af fyrir sig, sýna og sanna hið gagnstæða. Eg ætla þá enn fremur að leyfa mèr að taka það stuttlega fram, er eg minntist á í gærkveldi. Hvað snertir konungsbrèfið 4. apríl 1848, þá tók hinn hæstvirti konungsfulltrúi það fram sem mótmæli gegn þingnefndinni 1869, að það alls eigi hafi verið meiningin með henni, að skipa um sambandið milli hinna sèrstöku hluta ríkisins, og þetta er rètt mælt, því tilgangurinn hafi að eins verið sá, að veita þegnum Danakonungs yfir höfuð meiri hluttöku í sinni eigin stjórn, eða með öðrum orðum: að veita þegnum sínum yfir höfuð það, sem menn kalla constitution eður lögbundna þjóðstjórn. En hvernig verður þá af þessu leiddur út sá hugsunarlegi og juridiski ómögulegleiki, að konungurinn hafi afsalað sèr í hendur ríkisþingi Dana löggjafarvald yfir Íslandi; og eg verð enn að taka það sterklega fram, að

sá vilji að mínu viti einmitt miklu fremur halda uppi valdi konungsins, sem segir, að hann hafi það óskert yfir Íslandi enn þann dag í dag, heldur en hinn, sem segir, að hann hafi það skert og afnumið síðan 4. apríl 1848. Nú vil eg benda mönnum á, að bera saman, hvernig stjórnarskipun hefir myndazt í Danmörku, og hvað gjörzt hefir viðvíkjandi Íslandi einmitt síðan 4. apríl 1848. Það er þá fyrst á Danmerkurhlið kosningarlögin 7. júlí 1848. Eptir nýnefndu konungsbréfi höfðu standaþingin í Danmörku gefið álit sitt um nýja stjórnarskipun og endursköpun þeirra (Omorganisation af Provindsialstænder-Institutionen) ásamt þessum kosningarlögum til hins fyrirhugaða ríkisdags. Síðan kom ríkisdagurinn (den grundlovgivende Forsamling) saman, og ávöxturinn af honum voru hin ölkunnu grundvallarlög frá 5. júní 1849. En skeður nú eigi einmitt hið sama, hvað Ísland snertir? Það er einmitt merkilegt atriði í þessum kosningarlögum og sem sýnir ljósast, að danska þingið hafði ekkert og átti ekkert yfir Íslands málefnum að segja, já, sem ómótmælanlega sýnir, að konunginum var annt um, að eigi væri farið fram á annað en fullkomnasta jafnrètti við Íslendinga, en það er það, að það var aldrei fyrirhugað, að neinn þjóðkjörinn Íslendingur sæti á ríkisdeginum, sjá lögin 1. gr., því þó konungkjörnir þingmenn væru þar, þá hafði það ekkert að þýða, sem gæti hindrað Íslendinga, og þetta sýnir líka bezt rescriptið 23. sept. 1848; því að þar er sagt beinlínis, að fyrst að Íslendingar eigi hafi haft færi á að taka þátt í þessu þingi Dana, þá verði að leggja mál þeirra fyrir sèrstakan fund í landinu sjálfu, og þess vegna var það, að út kom auglýsing til alþingis 1849, er með sömu orðum undirbýr hina fyrirhuguðu constitution á Íslandi eins og konungsbrèf 4. apríl 1848 í Danmörku, nema hvað auglýsingin til alþingis er þó ef til vill enn þá orðfyllri. Svo koma nú kosningarlögin 25. sept. 1849, og eru þau alveg samhljóða þeim fyrir Danmörku frá 7. júlí 1848 bæði hvað orð, tilgang og efni snertir, og þetta er allt beinlínis positiv sönnun fyrir því, að konungurinn hefir ætlað sèr að veita Íslendingum með þessum sèrstaka fundi í landinu sjálfu alveg sama rètt og Danir fengu með »den grundlovgivende Forsamling». 1851 mættu nú Íslendingar á þessum fundi, það var þjóðfundurinn, sem allir þekkja; en þar kom fram hin óhappasæla og ástæðulausa tilraun af hendi Dana, að vilja nota það frelsi, er þeir nú höfðu fengið, til þess að bæla oss Íslendinga undir sig, og um það vil eg enn segja, að það hafi verið tilraun til þess,

að víkja konungi úr sætinu sem konungi yfir Íslandi; en þótt það sæti sè að visu eigi svo tignarlegt í augum Dana, þá er eg þó sannfærður um, að konungi vorum mundi vera annt um að halda því óskertu af yfirráðum Dana, ef hann vissi, hve heit lotning og elska býr í brjóstum Íslendinga til hans hátignar konungsins. Því næst kom «Bekjendtgjörelsen» 2. maí 1852. Þar er málið sett alveg í sama horf, sem það var í fyrir þjóðfundinn, og við það varð ástandið hèr öldungis hið sama og það var í Danmörku fyrir 1849, en eptir konungsbrèf 4. apríl 1848 eða áður en grundvallarlögin fyrir Danmörku voru gefin út. Eg vil nú eigi telja upp allar hinar mörgu bænir þjóðar vorrar, og aptur öll hin mörgu loforð stjórnarinnar annað veifið og annað veifið undanfærslur um það, að hrinda þessu máli í horfið og ráða því til lykta, öll þessi ár frá 1852—67. Þá 1867 lagði loksins stjórnin frumvarp fyrir alþingið, sem vel að merkja höndlaði bæði um hin almennu og sèrstaklegu mál landsins, og var það lagt fyrir þingið með fullu samþykktaratkvæði. Nú vannst samkomulag, en stjórnin vildi þá á engan hátt ganga að boðum alþingis, en kastaði þá með öllu þessu frumvarpi með þeim breytingum, sem alþingi hafði við það gjört. Svo kemur 1869. Þá leggur stjórnin allt annað frumvarp fyrir þingið, og í mörgu tilliti óaðgengilegra, og þá er því neitað með öllu um samþykkisatkvæði, og þá var auðvitað, að það þýddi ekki mikið fyrir þingið, að gjöra breytingar við frumvarpið. Svo fór líka, að því var vísað frá, og mótmælt af þingsins hálfu. Nú 1871 er stjórnin búin að fá innsigli ríkisþingsins undir nýja stjórnarskrá Íslands með stöðulögunum frá 2. jan. þ. á., en þessi stjórnarskrá hefir aldrei verið lögð fyrir alþingið, og því tek eg mèr orð konungsfulltrúa nú í munn um þessi lög í krapti alls þess, sem eg hefi sagt: «Það sem er heimildarlaust, það er líka þýðingarlaust. Eg spyr nefnilega, hvort þessi svo köllnðu stöðulög, sem hinn «constitutionelle» konungur og ríkisþingið danska hafa í sameiningu gefið út, eru þessi lög, spyr eg, bindandi fyrir Íslaud, þessi lög, sem grípa yfir bæði hin almennu og sèrstaklegu mál vor? Eg segi: með þessum lögum hefir ríkisþingið tekið sèr heimildarlaust löggjafarvald yfir öllum málum vorum, og einnig hinum sèrstaklegu. En með hvaða rètti gjörir það þetta? Þessa spurningu hygg eg að ástæða sè til að skoða nokkuð nákvæmar. Ef ríkisþingið og konungur í sameiningu ekki hafa löggjafarvald á Íslandi, þá get eg ekki annað skilið, en að stöðu-

lögin verði, að eg við hafi orð, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi brúkaði, þá verði þau, segi eg, heimildarlaus, og þar af leiðandi líka þýðingarlaus eða ekki skuldbindandi. Meiri hluta nefndarinnar virðast lög þessi til orðin á bak við þingið, og þótti þessari aðferð stjórnarinnar vera þannig varið, að þinginu væri nauðugur einn kostur að mótmæla henni. Eg vil ekki rífa lög þau, sem hèr ræðir um, ástæðulaust niður, en hèr er þinginu nauðugur einn kostur, segi eg, annaðhvort að leggja samþykki sitt á frumvarpið í heild sinni, eða að mótmæla þessum lögum, og nefndin er því alveg samkvæm við það, sem hún heldur fram í 1. kafla um sèrskildu málin, þegar hún mótmælir lögunum af 2. janúar þ. á. Auðvitað er, hversu mikla þýðingu löggjafarvald ríkisþingsins og konungsins hefir, og engin ber meiri virðingu fyrir þessu valdi en eg; en það þarf sannarlega meiri ástæðu en löggjafarvald hins «constitutionella» konungs og ríkisdagsins til þess, að þessi lög sèu gild hèr á Íslandi; eg er neyddur til þess, að kveða upp þennan dóm; hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir neytt mig til þess með ræðu sinni, og eg, sem þjóðkjörinn þingmaður, er eigi bær um að ganga móti óskum og skoðun þjóðarinnar, sem eg álít eptir beztu sannfæringu að eigi við góð og gild rök að styðjast, af misskilinni virðingu fyrir annarlegu löggjafarvaldi. Það hryggir mig, að nefndin hefir neyðzt til að velja þennan veg, að mótmæla stöðulögunum, til þess að beina stjórnarmálum vorum í það horf, sem er og hið eina sanna og rètta og samkvæmt ófrávísanlegum þjóðarþörfum Íslendinga. Eg get engar ásakanir veitt mèr, þó eg hafi í hitt eð fyrra viljað miðla málum, og það hefði eg viljað enn, ef ríkisþingið hefði viljað veita oss jafnrètti með því, að leggja stöðulögin fyrir alþingi.

Sigurður Gunnarsson: Eptir mínum skilningi er jarlshugmyndin ekkert neyðarúrræði. Uppástungan um jarl eða landstjóra með líku valdi, er framkvæmi hèr í umboði konungs vors það, sem honum veitir sjálfum svo erfitt vegna fjarlægðarinnar, hefir engan uppreistarblæ á sèr. Þessi jarls- eða landstjórahugmynd er gömul hèr á landi. Svo rèðu hèr margir fyrir í umboði konungs. Veit eg menn segja það hafi þeygi vel gefizt — en þá voru eigi heldur þing lík þeim, sem nú eiga að verða. Já, mèr finnst það vera eðlilegt vegna fjarlægðarinnar, að hèr á landi verði að vera maður, sem hafi umboð konungsins, og sem mest vald, og að hann sè eigi háður erlendum umboðsmanni, heldur konungin-

um sjálfum. Menn koma ótæpt með þá mótbáru, að jarl eða landstjóri með ráðaneyti mundi hafa óbærilegan kostnað í för með sèr fyrir landið; en eg get eigi haldið, að hann þurfi að verða svo fjarskalegur; eg get ímyndað mèr, að þá mætti haga svo stjórn, að amtmanna þyrfti ekki. Enga af þeim, sem halda fram jarlshugmyndinni, get eg skilið svo, að þeir vilji í nokkru rýra með því vald konungs, heldur að þeir vilji gjöra með þessu móti konungi auðveldara að stjórna landinu því til heilla. Um ábyrgðina, sem margrætt var um í dag, get eg ekki haft ljósan skilning — eg er of fávís til þess; hún er hèr syndaeplið, sem gott væri að þurfa eigi að snerta. Og þó get eg varla ætlað, að hún sè svo voðaleg, er sumir virðast ætla; því eg er maður auðtryggur. Heyri eg að margir merkir menn leggja mikið upp úr henni. Og þó kann eg eigi við að fara í blindni eptir aliti þeirra. Því verð eg líklega trauður að greiða nokkurt atkvæði um sum þessi ábyrgðar-spursmál, er sumir kalla brennandi. Eg vil varla brenna mig á þeim. Fáein orð vil eg minnast á þessi margræddu stöðulög. Get eg eigi láð nefndinni, þó hún hafi tekið tillit til bænarskráa þeirra, sem komið hafa til þingsins úr svo mörgum hèruðum landsins, og dragi spurninguna um stöðulögin inn undir ætlunarverk nefndarinnar. Það getur vel verið, að minni þörf hafi verið á því, að nefndin tók þessi lög svona bert á fram til yfirvegunar og mótmæla, því meiri og minni hluti nefndarinnar hefir þegjandi mótmælt gildi þeirra; þeir hafa hvorirtveggja numið burtu minningu þeirra í 1. grein frumvarpsins, hvorirtveggja tekið upp eina grein úr þeim og flèttað hana í uppástungur sínar, eins og hún hefði hvergi verið áður í gildi, því ef nefndin hefði kannazt við að svo hefði verið, þá mundi hún ekki hafa tekið þessa grein inn í sín verk. Eptir einföldum skilningi mínum áleit eg, að þessi stöðulög, sem kölluð eru, gætu ekki haft hèr lagagildi, þar þau væru ekki orðin til eins og önnur lög á þessum tímum. Þessi stöðulög voru orðin kunnug strax í vetur í mínu kjördæmi, og heyrði eg, að menn skildu þau svo, að þau væri eins og heimildarskjal um það, hvaða kosti mætti veita oss í sambandi við Danmörku og hvaða fjárstyrk. Töldu menn sèr óskiljanlegt, að Danaþing hefði nokkra heimild til að skamta oss sambandsrètt við konung vorn og hlutdeild í sams konar stjórnfrelsi og Danir hafa nú notið í meir en 20 ár, og svo þótti mönnum fjarri lagi, að fjárviðskiptum Íslendinga við Dani eða fjárkröfum gæti verið lokið með þessum hætti. Þessi viðskipti

hafa lengi verið þrætuepli milli stjórnarinnar og alþingis. 1867 og 69 var upphæð árgjaldsins til tekin meira af handahófi, en eptir skýlausum rökum, og sama kemur enn fram í stöðulögunum. Mèr þykir því öll von, þó nefndin hafi tekið það fram á 21. bls., að með stöðulögunum væru ekki útkljáð skuldaskipti Íslendinga við ríkissjóðinn. Það var eins og eg sagði fyr: í mínu kjördæmi skildu menn svo, að lögin 2. janúar þ. á. væru skuldbindandi fyrir Dani en ekki oss.

Bænarskráin, sem eg kom með að austan um stjórnarbótarmálið, var orðin til löngu áður en þessi lög 2. janúar þ. á. voru þinglesin. Það varð eigi fyr í mínu kjördæmi, en um það leyti, sem eg fór af stað hingað, og skildi eg það þá ekki, hvað það ætti að þýða, en þeir, sem eg talaði við, hugsuðu þau ættu þó ekki að fá hèr lagagildi fyrir það, heldur væri þinglesin til að gjöra mönnum kunnugt efni þeirra eða til að auglýsa alþýðu, hvernig nú væri komið þessu máli, og því finnst mèr nefndinni vorkunn og öllum, sem hafa meðferðis bænarskrá í þessa átt, þó þeir taki svona í málið.

Þórarinn Böðvarsson: Það kom hèr í morgun áminning frá forseta-stólnum um að lengja ekki þingræðurnar; eg hefði heldur ekki staðið upp, þar eð eg ekki vil tefja tímann, ef hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Suður-Múlasýslu ekki hefðu neytt mig til þess. Hinn háttvirti framsögumaður sagði ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis, að minni hlutinn ásamt meiri hlutanum ætti 15., 16., 17., 18., 19., 20., og 21. bls. nefndarálitsins. Þessu verð eg alveg að mótmæla og vitna það til nefndarmanna sjálfra; eg get vitnað það til þeirra, að þau niðurlagsatriði, sem þar eru, voru ekki einu sinni rædd í nefndinni þangað til hún skiptist. Eg vildi sannarlega óska, að stjórnin sjálf og eptirkomendur vorir skildu eigi stöðulögin eins og hinn háttvirti framsögumaður nefndarinnar og meiri hlutinn hafa skilið það; því skilningur þeirra á þeim er oss beinlínis í óhag, og að leggja út lög oss sjálfum í óhag, get eg ei álitið viturlegt. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu beindi að minni hlutanum, að hann hefði með því, að taka upp grein úr stöðulögunum, viðurkennt, að þau væru ekki gildandi, skal eg vitna það undir samnefndarmenn mína, að eg og fèlagar mínir í nefndinni álitu, að stöðulögin væru gild fyrir Ísland. Hitt álitum við betur eiga við, að hin sèrstöku málefni væru talin upp í stjórnarskránni sjálfri, heldur en að vitn-

að væri til þeirra í stöðulögin. Eg vænti að hinn háttvirti þingmaður skilji það, þegar honum er bent á það, að minni hlutinn tók greinina orðrétta upp úr lögunum, og mun honum þá geta skilizt, að minni hlutinn hafi ei mótmælt þeirri grein. Það hefir verið lögð mikil áherzla á bænarskrár þær, sem hafa komið til þingsins, og eg hefi fengið ávítur fyrir það í nefndinni, að eg ekki legði mikla áherzlu á þær, eins og eg annars hefi verið að nokkru leyti lagður í einelti í þessu máli af meiri hluta nefndarinnar. Eg veit reyndar ekki, hversu mikið tillit meiri hlutinn tekur til bænarskráa, sem hann sjálfur semur; en eg fyrir mitt leyti verð að fara einungis eptir minni sannfæringu, þó eg reyndar taki þar að auki tillit til þeirra. Eg get líka út af þessu tekið það fram, að á síðastliðnu vori boðaði eg fund um alla Gullbringusýslu, og benti sérstaklega á, að stjórnarskrármálið mundi koma fyrir þingið, og bað kjósendur mína að láta í ljósi vilja sinn í því efni. Fundurinn var ekki fjölmenntur, en þeir, sem komu, lögðu það til þess máls, að þeir mæltust til, að eg reyndi það sem í mínu valdi stæði, að gjöra enda á þessari stjórnardeilu. Þetta vildu þeir skrifa, en eg kvað mig það engu skipta, en kvaðst fara eptir kringumstæðunum og sannfæringu minni. Eg hefi opt verið hvattur til að skýra frá þessu í þinginu af manni, sem var á fundinum, en eg hefi ei viljað gjöra það fyr en nú, að eg þóttist til neyddur. Ef nú aðrir þykjast skyldugir til að fara eptir bænarskrám, sem þeir hafa í höndum, þá ætti eg líka að vera skyldugur til að fara eptir þessari bænarskrá, en eg álít ei svo; eg álít mig skyldugan til, að leggja það eitt til, sem mèr sýnist skynsamlegast, og fyrir samvizku minni er bezt og hollast fyrir fósturjörð mína. Þetta hefi eg gjört í þessu máli, þetta ætla eg að gjöra hèr eptir.

Benidikt Sveinsson: Eg leyfi mèr að mótmæla því, sem hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði um Instrux það, er hann kvaðst hafa frá fundinum í Hafnarfirði, að það geti haft nokkra þýðing með tilliti til vilja Gullbringusýslubúa í þessu efni. Þegar Thorchilliisjóðsmálið var hèr fyrir á þinginu um daginn, þá var það borið fyrir, að sá fundur hefði eigi verið bær að láta í ljósi almenningsálit sýslubúa um Thorchilliilegatið sakir þess hann var svo fámennur. Þó eg kunni ekki að vera á borð við þessa Hafnarfjarðar-fundarmenn, þá verð eg þó að telja mig með íbúum Gullbringu- og Kjósarsýslu, og skal eg þá lýsa því yfir, að allir hinir beztu menn sýslunnar, sem eg þekki, eru á allt annari skoð-

un en þessi fámenni fundur í Hafnarfirði virðist hafa verið. Eg bið hinn heiðraða þingmann gæta þess, að á slíkum fundi getur með engu móti fram komið fullkominn þjóðar- eður alþýðuvilji. Og fyrst þingmaðurinn telur sèr það til gildis, að hann ekki fer eptir vilja kjósanda sinna, heldur að eins eptir sinni eigin samvizku, þá vona eg, að samvizka hans sè af sjálfu sèr bundin við sanna hagsmuni þjóðar sinnar, en ekki við eitthvað annað, sem þar er þvert á móti.

Grímur Thomsen: Það er eins vakandi fyrir mèr, eins og öðrum háttvirtum þingmönnum, að lengja ekki umræðurnar að óþörfu; en allt um það, og þótt eg viti, að menn muni varla breyta aðal-sannfæringu sinni í þessu máli, þótt eg eða annar reyni að sannfæra þá, með því að flestir munu koma á þing með fullbúnar sannfæringar sínar þessu viðvíkjandi, get eg þó eigi leitt hjá mèr að sýna fram á ósamkvæmni þá, er hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar hefir gjört sig sekan í. Hinn síðari hluti 2. greinar nefndarálitsins hljóðar svo: «Um hin almennu ríkismál eða hin nákvæmari takmörk milli þeirra og hinna sèrstaklegu mála Íslands, skal ekkert ákveðið, að því er Ísland snertir, nema með samþykki alþingis». Þessa beiðist meiri hlutinn. En þegar konungurinn leitar samþykkis ríkisþingsins um málið um stöðu Íslands í ríkinu, álítur þá meiri hlutinn, að brotin sèu lög á oss, og konungur má eptir þessu ekki leita ríkisþingis í þeim Íslands-málum, er snertir ríkisheildina, eins og þetta mál óneitanlega gjörir; þar á móti heimtar meiri hlutinn fyrir alþingis hönd, að um almenn ríkismál (myntina, friðarsamninga o. s. frv.) skuli leitað samþykkis þingsins; að þetta sè ekki sjálfu sèr samkvæmt, vona eg allir játi. Sama hugsun kom fram í Danmörku eins og hèr, að menn sögðu, að þótt þetta mál snerti Ísland, þá snerti það Danmörk líka, og kváðu konunginn þess vegna eigi vera bæran að ákvarða um stöðu Íslands í ríkinu án þess að spyrja um sínar tillögur í því máli; hið sama er um fjártillagið til Íslands að segja, að um það mál hlaut ríkisþingið að hafa atkvæði með konunginum. Hin önnur ósamkvæmni, er hinn heiðraði meiri hluti auðsjáanlega hefir gjört sig sekan í, er í því fólgin, er stendur á 20. blaðsíðu nefndarálitsins. Sú grein hljóðar svo: «Í 6. grein er sú ákvörðun, að skipagjald það, sem eptir lögum 15. apríl 1854 er greitt af póstskipi því, sem gengur milli Íslands og Danmerkur, skuli endurgoldið ríkissjóðnum á þann hátt, að jafnmikið sè árlega dregið af tillaginu

til Íslands, sem gjaldi þessu nemur», og hefir þetta þegar komið fram í fjárhagsáætlun 4. marz þ. á. Þessi ákvörðun laganna kemur beinlínis í bága við lög 15. apríl 1854. Þegar meiri hlutinn gætir sín, er eg viss um, að hann sèr, að 6. grein stöðulaganna engan veginn stríðir á móti lögunum frá 15. apríl 1854, því þótt skip skuli borga 2 rd. í lestagjald eptir þessum lögum, þá kemur það í engan bága við hina umræddu grein stöðulaganna. Allt öðru máli er að skipta um áætlunina um tekjur og útgjöld Íslands, þar sem hún stríðir á móti lögunum 15. apríl 1854, eins og eg líka tók fram um daginn, þegar það mál var rætt til undirbúnings. Um uppástungu meiri hlutans viðvíkjandi jarlinum, skal eg fátt tala, en skal þó geta þess, að eg er þar hinum heiðruðu nefndarmönnum samdóma, með því eg álít það hinn rèttasta og eðlilegasta veg til að losast úr þeirri kví, sem vèr erum komnir í. Það er enginn efi á, að 300 mílna fjarlægð lands vors frá Danmörk hlýtur að gjöra ábyrgðina nálega ómögulega og — að eg brúki útlent orð — sem optast «illusoriska», eins og eg annars álít hana yfir höfuð lítilsvirði í sjálfu sèr. En eg álít, að samkvæmt stöðu Íslands sè jarlsstjórn hèr hin langrèttasta. Eg veit að vísu, að sú stjórnarskipun er allmiklum kostnaði bundin; en eg býst við, ef jarl yrði skipaður yfir Ísland, þá mundi hann verða settur á konungsins kostnað, því svo er venjulega um vici-konunga, enda hafa þeir ábyrgð stjórnargjörða sinna að eins fyrir konunginum; en ráðherrar hans, sem ábyrgðina ættu að hafa fyrir alþingi, yrðu auðvitað að vera á landsins kostnað. Þetta kemur oss reyndar eigi beinlínis við sem stendur; en eg vil þó geta þess, að Englendingar, sem að minni ætlan einir hafa skipað slíka stjórn í hjálendum sínum, eða löndum þeirra í öðrum heimsálfum, hafa t. a. m. í Canada vici-konung, sem að eins er krúnunnar embættismaður. Þessi stjórnarskipun var þar ekki í upphafi; en Englendingar veittu Canadabúum hana eptir ósk þeirra; af þessu leiddi eðlilega mikinn kostnað, en hann bættu Englendingar sèr með því, að áskilja sèr við Canadabúa, að mega leggja svo og svo háan toll á vörur, sem fluttar væru frá Canada til Englands. Þannig hygg eg Danastjórn hlyti að leggja toll á vörur þær, er fluttar eru frá Íslandi til Danmerkur, til að standast þann kostnað, er jarlinn hefði í för með sèr; nú veit eg ekki, hvort menn mundu álíta þetta tilvinnandi til þess; en óneitanlega væri þetta hið glæsilegasta, eðlilegasta, og, eg vil bæta því við, þjóðlegasta form á stjórn landsins.

Þingmaður Árnesinga vildi vefengja þýðingu fundarins í Hafnarfirði, og eg skal fúslega játa, að hann hafi máske ekki mikið að þýða, en ef menn rannsökuðu alla þá fundi, sem hèr eru komnar bænarskrár frá, þá efast eg um, að þýðing þeirra margra mundi eigi reynast meiri. Það er að vísu satt, að fundurinn var eigi svo heppinn, að hinn háttvirti þingmaður væri þar sjálfur við, en þar voru þó ýmsir málsmetandi menn, er vit höfðu; eg vil taka til dæmis bóndann í Þerney, og var það sameiginlegt álit þeirra allra, að menn ættu sem fyrst að binda enda á þetta þras, og eigi vera að setja sig á móti lögunum af 2. janúar 1871; eg er fullfær um að votta þetta, því eg var svo heppinn, að vera á þessum fundi. Eg verð að álíta, að yfirlýsingar meiri hlutans sèu til orðnar á einhverju því augnabliki, þegar kapp og æstar geðshræringar hafa blekkt augu uppástungumannanna, og eg efast eigi um, að þeir sèu svo skynsamir menn, að þegar þeir með köldu blóði og rólegum huga íhuga uppástungur sínar, þá muni þeir sjá, að þær eigi fá staðizt, með því þær og eigi í neinu tilliti geta gjört landinu nokkurt gagn; enn fremur er meiri hlutinn, eins og eg gat um áðan, sjálfum sèr ósamkvæmur; hann má ekki lá ríkisþinginu eða Dönum, þó þeir vilji hafa atkvæði með í þeim almennum málum, er snerta þá sjálfa, svo sem er staða Íslands í ríkinu. Eg er að vísu hræddur um, að mál þetta mun fara enn sem fyrri, en þó hefi eg hugsað mèr að koma með breytingaratkvæði um, að ef stjórnin eigi getur gjört frumvarpið, eins og það kemur frá þinginu, að lögum, og heldur eigi hið konunglega frumvarp verður löggilt, þá biðji þingið konunginn þó um að veita sèr löggjafaratkvæði í öllum þeim málum, sem það nú er ráðgefandi í, og þar að auki samþykkisatkvæði í fjárhagsmálum. Þessi uppástunga er til orðin af þeim einlægum vilja mínum, að reyna til að komast úr því þófi, sem hingað til hefir staðið oss fyrir öllum framförum; vèr erum hèr að ræða mál ár eptir ár, án þess að oss þoki þó nokkuð áfram; «vi marschere paa Stedet», sem kallað er á dönsku, eða snúumst á sama blettinum; tillögur þingsins eru bollaleggingar einar, því þær vantar bæði krapt og ábyrgð hins löggefandi þings; eg vona að þingmenn sjái, að breytingaratkvæði mitt er svo meinlaust og þó svo þýðingarmikið, að allir geti fallizt á það.

Jón Hjaltalín: Eg get eigi leitt hjá mèr að tala nokkur orð. Í flestu fer Íslandi aptur; fyrir 800 árum var annar andi drottn-

andi hjá Íslendingum; annað var þá, er Þormóður Kolbrúnarskáld vildi heldur deyja með Ólafi konungi, en bregðast hollustu þeirri, er hann hafði lofað. 34 árum seinna voru Íslendingar með Haraldi konungi harðráða við Stafnfurðubryggju, og brugðust þeir þá heldur eigi, svo sem kveðið var, er skáldið sagði:

«Eigi varð hins ýgja
auðligr konungs dauði;
hlífðu-t hlennasæfi
hoddum reknir broddar;
heldr kuru meirr ens milda
mildings, en grið vildi,
um fólksnaran fylki
falla liðsmenn allir.»

Þorvaldur Víðförli vildi og heldur sitja í fangelsi með Danakonungi en yfirgefa hann, þó honum væri boðin lausn, og um þenan mann, er fyrstur allra reisti krossinn hèr á landi, kváðu Íslendingar nið og flæmdu hann úr landi. Gjörðir þessara manna hafa lengi þótt drengilegar, en nú er öldin önnur, o. s. frv.; nú mótmæla menn lögum konungsins; það dugir eigi að vilja fegra þetta með sèrvizkulegum orðaflækjum; hèr eru mótmæli móti lögum konungsins, og þetta kunna menn eigi að skammast sín fyrir; mikið er að vita til þess um framsögumann og þingmann Árnesinga, jafn-skynsama menn og góða drengi, að þeir skuli eigi fyrirverða sig fyrir slíkt. Mèr er sama hvað þeir vefja; þeir villa eigi sjónir fyrir mèr; en hvað er eg tala þetta? Þegar fólk eigi vill sjá það sem rètt er, þá þýðir ekkert að vera benda því á það. En eg hugsa þó, að eitthvert ærlegt blóð muni enn vera eptir í Íslendingum, og væru þeir allir saman komnir á einn stað, þá get eg eigi annað skilið, en mikill þorri þeirra mundi mæla í móti slíkri aðferð alþingis; alþingi má nú einmitt vara sig; eg hefi heyrt, hvað menn hvískra sín í millum út um landið um þetta mál, þó eigi fari það í hámælum; þeir óska, að alþingi fari fjandans til. Menn hafa verið að vitna til bænarskránna, en vari menn sig á að fara of mikið eptir þeim; almenningsálitið er hvikult. Menn eiga eigi að vera að sníkja skoðanir sínar hjá skrílnum; hafi menn enga skoðun eða skilning á málunum sjálfir, þá er þeim bezt að vera eigi að koma á þing. Þá kemur jarlinn; ekki vil eg hafa hann, og getur mig eigi annað en furðað á því, að þingmaður Rangæinga skuli fylgja slíku fram og vilja vekja upp aptur Gissur jarl eða Skúla

jarl; það er merkilegt, að honum skuli vaxa þessi fjarlægð svo mjög í augum, þar sem hann þó sèr að löndin dragast saman ár frá ári, eptir því sem samgöngurnar batna. Þingmaður Barðstrendinga minntist á K. Maurer, og man eg líka eptir, að eg talaði við hann. Hann var skynsamur maður og sá fljótt, hvar fiskur lá undir steini; hann sagði: «Guð hjálpi oss; eigi þessir menn að gefa lög? Þú getur sett þá hvar sem þú vilt í norðurálfunni; þeir munu hvergi komast fram, með þeim hugsunarhætti sem þeir hafa». Þingmaður Reykvíkinga minntist á Monrad og sagði, þó hann hefði verið óheppinn Politicus, þá væri hann þekktur um alla Evrópu; en hvernig er hann þekktur? Eg gæti sýnt honum það á frönsku blaði einu; þar er sagt, að meðan stóð á seinasta stríðinu, hafi maður einn spurt hann, hvað lengi Danir ætluðu að halda áfram, og hann svaraði: þangað til við vöðum í blóði á konungsins Nýja-torgi». Líkt fer framsögumanni, en gætum að, hvert vöðum við. Sú er spá mín, að eigi muni langt um líða, áður en þing þessi fá þungan dóm hjá Íslendingum, því eigi láta þeir til lengdar villa sèr sjónir. Eg vil svo enda ræðu mína með því, að lýsa því yfir, að eg er bæði hryggur og reiður yfir, að slíkar tillögur sem meiri hlutans skyldu nokkurn tíma hafa sèzt eptir Íslendinga.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum 3. konungkjörna nokkrum orðum, bæði því er hann sagði nú og í fyrra kveld um jarlinn; hann spáði, að hann mundi verða ofjarl; en gæti hann að, hvernig stendur á þessu orði. Þegar Magnús konungur góði ætlaði að setja Svein Úlfsson fyrir jarl yfir Danmötku, þá sagði hann fóstra sínum Einari þambarskelfi frá því, og þá sagði Einar þetta, sem frægt er orðið síðan: «ofjarl, ofjarl, fóstri». Það getur nú verið að Sveinn Úlfsson hafi orðið Norðmanna-konungum ofjarl, en mundi þingmaðurinn þó eigi vilja óska Íslandi, að fá slíkan jarl sem Sveinn var fyrir Danmörku, er fèkk það orð að verið hefði hinn ástsælasti og þjóðhollasti konungur Dana. Hinum 3. konungkjörna þingmanni fer í mörgu ólíkt Einari þambarskelfi, þá er hann varði Orminn langa, og var hann þá eigi nema 18 vetra. Eg vil eigi bregða hinum háttvirta 3. konungkjörna um löðurmennsku, en eg fæ þó eigi leitt hjá mèr, að geta þess, að þá er hann á að verja frelsi fósturjarðar sinnar, virðist boginn vera allt of linur og örvarnar sljóyddar hjá honum. Þar sem hann minnist á bænarskrárnar og sagði, að menn lètu leiðast af skoðunum skrílsins hèr á Íslandi, þá vil eg taka fram, að bænarskrár þessar eru

12 að tölu, og eru að minnsta kosti 7 þeirra frá hèraðafundum, þar sem saman hafa verið komnir kosnir menn úr sveitunum; sèu þessir menn skrill, þá eru líka allir Íslendingar skrill, nema hann og hans kompánar, og þótt slíkt sè eigi nema eptir öðru, sem hann hefir látið frá sèr fara á prenti um landa sína, þá get eg þó eigi ætlað, að það muni vera meining hans. Þingmaður Rangæinga bar nefndinni á brýn tvöfalda ósamkvæmni, en þetta er beinlínis misskilningur og hártogun á orðum nefndarinnar, eins og eg tók fram um annað atriði í gærkveldi; mèr skildist svo á orðum hins heiðraða þingmanns sem nefndin ætti að hafa með breytingar-uppástungum ætlað, að útiloka ríkisþingið frá atkvæðisrèttinum um hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur. (*Grímur Thomsen:* Þetta er misskilningur á orðum mínum). Er það þá ósamkvæmt af nefndinni að hún vill láta alþingi hafa meðsamþykktaratkvæði þar sem um þau mál er að ræða, sem Íslandi við koma, en þessa hefir eigi verið gætt um lögin frá 2. jan. 1871, sem aldrei hafa verið lögð fyrir þingið, eins og svo opt er búið að taka fram. Eg vil biðja þingmanninn, sem annars er svo sanngjarn, að snúa eigi að óþörfu út úr orðum nefndarinnar. Það sem nefndin sagði um 6. grein laganna frá 2. jan. 1871 er líka misskilið af honum; hann vildi velta allri skuldinni yfir á fjárhagsáætlunina, en nefndin varð að ganga út frá því, að í fjárhagsáætluninni kæmi fram sá skilningur greinarinnar, sem ráðgjafinn hefði og sem því mundi verða framfylgt, og að því mætti greinin eigi standa óbreytt, þar eð með þessu yrðu brotin lög á oss. Það er hægt fyrir jafnskarpan mann sem þingmann Rangæinga, að slíta orð nefndarinnar út úr rèttu samanhengi og rangfæra þau, en eg vil biðja hann að neyta viturleiks síns og mælsku til annars betra. Þingmanni Gullbringusýslu þarf eg eigi að svara; það getur vel verið að Hafnarfjarðarfundurinn, er svo opt hefir verið minnzt á, hafi verið því mótfallinn, að mótmæla lögunum frá 2. jan. 1871, en það verð eg að taka fram, að hvorki hann nè nokkur hinna úr minni hlutanum lýsti neinum mótmælum móti þessum kafla nefndarálitsins, meðan nefndin vann saman, og því datt mèr eigi annað í hug, en að þeir væru því samþykkir, eins og einnig sagt var með berum orðum í nefndarálitinu, en einhver góður maður, sem hefir viljað koma vitinu fyrir minni hlutann, hefir seinna dregið undir orðin í ágreiningsáliti hans: «en að öðru leyti er minni hlutinn meira hlutanum samþykkur». Þessi orð standa hèrna í nefndarálitinu, og hverjum

er heimilt að sjá þau. Að öðru leyti vil eg lýsa því yfir, að eg er sannfærður um að Gullbringusýslubúar hafa sömu skoðun á þessu máli sem aðrir landsmenn, en hitt getur mèr vel skilizt, að þeir 14 menn, er sagt er að verið hafa á Hafnarfjarðarfundinum, muni hafa haft svo margt annað að hugsa um, að því ráða má af öllu því, sem til þingsins hefir komið frá þeim, að þeir eigi hafi getað verið að leggja út í þetta mál.

Jón Hjaltalín: Vilji þingmaðurinn hafa orð mín rètt eptir, þá var meining þeirra sú, að það væri skrill, er mótmælti lögum konungsins, og tek eg slíkt því síður aptur, sem það er hið mildasta orð, er slíkir menn eiga skilið, eða þætti honum betra, að þeir væru kallaðir drottinssvikarar?

Halldór Kr. Friðriksson: Eg finn mèr skylt að tala fáein orð. Eg vona að þingmenn játi, að eg í gær fór hógværum orðum um þetta mál, og eg vil óska þess, að eg heyrði eigi fleiri ræður slíkar sem þá, er hinn 3. konungkjörni hèlt, því þær eru að eins til að espa menn og auka sundurlyndi. Konungsfulltrúi þótti mèr fara þungum orðum um nefndina, og vil eg að vísu játa, að tillögur hennar mættu ef til vill vera betur orðaðar, og mun það þá verða lagað í álitsskjalinu, ef þær verða samþykktar. En svo að eg leiði hjá mèr allar orðadeilur, en líti að eins á aðalatriðin, þá eru einkum tvær ástæður, er menn bera fram móti lögunum af 2. jan. 1871; annað er formið og hitt er fjártillagið. Eg vona að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni eptir því, að einn af ráðherrum og stjórnfræðingum Dana, er eigi verða kenndir neinir draumórar, sem sè Casse, sagði, að ríkisþinginu væri allt stjórnarbótarmál Íslands óviðkomandi, nema fjártillagið eitt, en til þess var sjálfsagt að útvega þurfti samþykki ríkisþingsins. Eg vonast til þess, að vèr fáum fullkomin jafnrèttindi við Dani, og verður þá að leggja málið fyrir alþingi; en vèr höfum eigi jafnrèttindi við Dani, meðan ráðgjafi Íslands málefna hefir ábyrgð fyrir ríkisþinginu. Því verður eigi neitað, að vèr höfum eigi notið þessa jafnrèttis, því lög 2. jan. 1871 eru ekki lögð fyrir alþingi, og þau eru allt annað en frumvarp það, er lagt var fyrir 1869, því þótt uppástunga þá hafi komið frá einhverjum þingmanni, sú er í líka stefnu þætti fara, þá er þar með í engu tilliti stjórninni gefin nein ástæða til, að taka slíka uppástungu eins einstaks til greina, svo að hún byggði á henni.

Að því er niðurlagsatriðum meira hlutans í nefndarálitinu við-

víkur, þá mætti kann ske orða þau betur, en þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi brigzlar oss um, að vèr neitum lögum þeim, er konungur setur, þá liggja hèr fyrir engir gjörningar konungs, heldur ríkisþings Dana upp á ábyrgð dómsmálaráðgjafans, svo sem sjá má af umræðunum í haust, er var á ríkisþinginu. Vèr neitum eigi heldur neinni hlýðni, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi ámælir oss um; vèr neitum ekki hlýðni, þegar vèr eigi framkvæmum neitt það, er óhlýðni lýsir gegn konungi. Væri lögin frá konungi, myndu þau vera samþykkt af oss, því fyrst þá væru þau rèttileg lög. Hið annað er fjárhagsatriðið. Danir hafa kannazt við ástandskröfur vorar, en þeir hafa álitið, að vèr þyrftum eigi svo mikils með oss til framfara. Vèr getum þó heimtað, að þeir rannsaki skuldaskipti á milli þeirra og vor, eins og vèr erum búnir að því frá vorri hálfu, og finnst oss engin frekja í því, að heimta samkomulag í þessu atriði, sem byggt sè á rètti, en eigi á einhliða velþóknun ríkisþingsins; því að það er ekkert samkomulag. Menn mega heldur eigi skilja orð Casse dómsmálastjóra svo, að ríkisþingið hafi atkvæði í fjárhagsmáli Íslands — ekki í stjónarmálinu — svo, að það eitt hafi atkvæði í þessu máli. Það er alveg ástæðulaust og tekur engu tali. Nei, þar höfum vèr atkvæði líka, og það höfum vèr nú. Á móti þeim 30,000 rd. sem afborgun getur enginn með rètti haft, því það bendir einmitt á samkomulag, sem verði að komast á, og það held eg enginn fái sèð sè annað en mjög eðlileg ákvörðun, að þingið áskilji sèr þann rètt, sem það eigi hefir afsalað sèr, til hins eptirstandanda fjár. Eg verð að játa, að mèr skilst eigi betur, en að lögin af 2. jan. 1871 sèu fjárhagslög fremur en stöðulög. 3. gr. ætti því eigi að eiga heima þar, eins og hún er heimildarlaus frá ríkisþingsins hálfu. Þingmaður Rangæinga hártogaði 3. gr. hjá nefndinni; meiri hlutanum datt eigi í hug, að útiloka ríkisþingið frá því að eiga þátt í því, að skipa hinum sameiginlegu málum; en vildi bæta inn í greinina einhverri ákvörðun, er tæki það skýrt fram, að þessi mál yrðu eigi af ráðin, að því er Ísland snertir, nema alþingi legði sitt samþykki á; en vilji þingmaðurinn taka nánari ákvörðun upp í greinina, þá gjöri hann svo vel. Eins var um 6. grein; mèr fannst þingmaðurinn hártoga þar þá þýðingu, sem hann var samdóma oss að leggja í orðin áður í öðru máli hèr á þingi, og auglýsing 4. marz bendir líka að því, að dómsmálaráðgjafinn hefir haft hinn sama skilning á henni og vèr.

Viðvíkjandi þessum jarli, þá verð eg að láta þá skoðun í ljósi, að hinn háttvirti konungsfulltrúi kvað upp mjög óvægan dóm yfir þeim manni sem stjórnfræðing, sem stungið hefir fyrstur upp á jarli hèr á landi, og kenndi þekkingu þess manns við draumóra og «Fantasier»; en Monrad biskup hefir þó þótt mjög merkur í stjórn Danmerkur, og það þóttu eigi draumórar, er hann vann að frelsi Dana 1848, og vann að grundvallarlögunum; og það er eigi í það skipti eitt, að Dönum hafi þótt skoðanir hans merkar, heldur einatt síðan. En þótt honum kunni að hafa skjátlazt einu sinni, þá á það þó ekki fremur heima hjá honum en öðrum, að að allir eiga glappaskot á æfi sinni.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til kenningar þeirrar, sem hinn heiðraði meiri hluti gefur bls. 20 um lögin frá 2. janúarm.: «að þessi lög beri að álíta að eins sem yfirlýsingarlög frá hinni dönsku stjórn og hinu danska ríkisþingi, það er með öðrum orðum, að stjórnin og ríkisþingið, sem nú er, hafi viljað bjóða oss þessa kosti viðvíkjandi skipun stjórnarmála vorra og fjárhagsviðskiptum Íslands og Danmerkur, skal eg játa það, að þessi kenning er mjög falleg, þegar að henni er farið í blindni, því hún snýr sèr að eigingirni og sjálfræði manna. En þegar henni er haldið á lopti af hinum heiðraða þingmanni Reykjavíkur hèr á alþingi, má skoða hana nákvæmlegar. Það er satt, að sum lög eru yfirlýsingarlög (declaratoriske), önnur bindandi (præceptive), en þess ber vel að gæta, að öll yfirlýsingarlög, sem að öðru leyti koma mjög sjaldan fyrir, og aldrei nema um «contractmæsige» og því um lík «privatretlige Retsforhold» (samningslegt og einstakra manna rèttarástand) eiga sjálf að skýra frá þessu ásigkomulagi, og engin lög má álíta tóm yfirlýsingarlög, nema það sè beinlínis tekið fram í lögunum sjálfum, eða þá að ákvarðanir þeirra komi fram beinlínis á þennan hátt, en þetta á sèr ekki stað í lögunum frá 2. jan. þ. á., þar sem segir: «eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða», og yfir höfuð ekki í neinum lögum, sem snerta stjórnarfyrirkomulag nokkurs lands. Eg skal einungis — en það held eg sè nægilegt til að sannfæra þingmenn um, að þessi kenning sè byggð á alveg röngum rökum — leiða athygli þingsins að einu dæmi frá þessu þingi. Setjum að frumvarpið til tilskipunar um toll á brennivíni verði lögleitt til þess tíma, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, setjum, að einhver kaupmaður, þegar lögreglustjórinn til næsta vors heimtar af honum gjaldið, segi: þessi lög eru að eins yfir-

lýsingarlög frá hinni íslenzku stjórn og alþingi, sem nú er; þau hafa að eins viljað bjóða mèr og öðrum kaupmönnum þá kosti, sem þau hafa inni að halda viðvíkjandi verzlunar-viðskiptum vorum við Ísland; en eg sè mig alls eigi bæran um að ganga að slíkum kostum með mitt eindæmi, heldur mótmæli hátíðlega þessum lögum. Hann getur vafalaust sagt þetta með sömu rökum og meiri hluti nefndarinnar segir þessi orð um lögin 2. janúar; en eg ætla, að þingmenn hvorki muni vera þessum kaupmanni nè meiri hluta nefndarinnar samdóma um þessa kenningu, sem ekki getur leitt til neins annars en lagaleysis og stjórnleysis (Anarchi), því ef hún væri sönn eða á rökum byggð, mundi hún skjóta því til hvers einstaks manns, hvort hann vildi hlýðnast lögum landsins eða ekki, með því að leyfa honum eptir geðþótta sínum að álíta hver helzt lög, sem honum væru ekki eptir geði, yfirlýsingarlög.

Eg skal bæta því við, að þó að hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga hafi tekið upp aptur yfirlýsingu meiri hlutans um það, að ekki hafi verið leitað álits alþingis um ákvarðanir laganna frá 2. jan. þ. á., álít eg það alveg óþarft að svara upp á þess konar hártoganir, því þinginu er það fullkunnugt, að bæði 1867 og 1869 hefir það málefni, sem nú er ákveðið með lögunum 2. jan., verið ýtarlega rætt á þinginu, og það er alveg ástæðulaust að skýra frá alþingistilskipuninni eins og hún heimili alþingi nokkur veruleg áhrif á form laganna, því hún gjörir einungis ráð fyrir því, að konungur leiti álits þingsins um þau mál, sem tilgreind eru í tilsk. 28. maí 1831, og sem ekki er alveg nákvæmlega lýst í nefndarálitinu; þegar leitað hefir verið álits alþingsins, er það samkvæmt alþingis-tilskipuninni alveg komið undir konunginum einum, hvort og að hve miklu leyti hann geti tekið tillögur þingsins til greina, hvort honum þóknist, eptir að hafa leitað þessa álits, að breyta frumvarpinu samkvæmt áliti þingsins eða bendingum þess, eða yfir höfuð að tala að ákveða, hvernig frumvarpið bæði að formi og efni verði að lögleiða. Að öðru leyti er ekki í þessu máli að ræða um lögin frá 2. jan. þ. á., og eg skal þess vegna skjóta því til hinna heiðruðu þingmanna, hvort ástæða sè til að eyða tímanum með því að fara lengra út í þessar umræður.

Hvað snertir spurning hins heiðraða þingmanns Árnesinga skal eg, þó að eg í rauninni álíti það óþarft, ítreka það: í öllum sameiginlegum málefnum ríkisins hefir konungurinn í sameiningu við ríkisþingið löggjafarvaldið fyrir allt ríkið, en í sèrstaklegum

málefnum Íslands hefir konungurinn löggjafarvaldið með þeirri ráðgefandi hlutdeild alþingis, sem í alþingistilskipuninni er ákveðin. Að öðru leyti virðist mèr ekki eiga við að taka upp aptur þær umræður, sem á undanförnum þingum hafa átt sèr stað um öll þau atriði, sem hinn heiðraði þingmaður Árnesinga tók aptur upp, og skal eg einungis skýrskota til þess, sem eg um þau atriði ýtarlega hefi tekið fram. Hinn heiðraði þingmaður gat þess, að ekki konungur, heldur stjórnin, hefði lögleitt lögin frá 2. janúar; eg held það nægi að benda honum á undirskript konungs undir hinum íslenzka texta. Að því leyti hinn heiðraði framsögumaður benti að nafni Monráðs, skal eg fræða hann um það, að þessi höfundur einmitt sjálfur hefir gefið út bækling um pólitisk málefni, sem heitir «Drömmerier».

Forseti: Ut af því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði um, að lögin frá 2. janúar væri ekki yfirlýsingarlög, þá skal eg geta þess, að einn maður, sem án efa þekkir lög þessi bezt allra manna, nefnilega hinn núverandi dómsmálaráðgjafi sjálfur (Krieger), hefir sagt í mín eyru, að lögin frá 2. janúar væru «declaratorisk» lög. Það er auðvitað, að þau eru bindandi fyrir Dani, þar eð þau eru útgefin af löggjafarvaldi þeirra, en fyrir Ísland geta þau því að eins verið bindandi, að alþingi játi þeim. Það er einnig sjálfsagt, að ef sú yfirlýsing kemur af hendi alþingis, að það viðurkenni þessi lög, þá verða þau bindandi fyrir oss. Það gefur hverjum að skilja, að ef þetta væri ekki svo, þá væru lögin frá 2. janúar kúgunarlög, og þetta getur ekki átt sèr stað, því vèr munum allir, að konungsfulltrúi sagði 1867: «Konungur vill eigi, — um það get eg fullvissað þingið — octroyera nein stjórnarskipunarlög upp á Ísland án samþykkis alþingis»; það er með öðrum orðum: konungur vor hefir lofað oss hèr á alþingi, að vilja ekki beygja oss undir þing Dana, heldur láta fulltrúaþing vort njóta fulls atkvæðisrèttar. Þá talaði konungsfulltrúinn gagnstætt því, er nú mælti hann, en konungur vona eg standi við orð sín, og ógildi ekki samþykkisatkvæði vort. Þegar nú svona stendur á, þá höfum vèr fullan rètt til að skoða lögin, bæði að formi til og efni, og þó þingið taki sèr þann rètt að láta í ljósi sannfæringu sína, þá ímynda eg mèr, að konungur vor muni vilja sýna oss það rèttlæti, að hann vilji bæði heyra orð fulltrúaþings vors, og taka þau til greina; hann hefir áður sjálfur sagt, að hann vilji vera frjáls konungur yfir frjálsum þegnum, og það mun hann enn

vilja. Hitt verður maður heldur að fallast á, að þeir, sem eigi þora að segja álit sitt um lög þessi, eins og þeir finna rök fyrir, þeir gegna ekki réttilega skyldu sinni við konung vorn. Þeir sem svo eru, það er sá rétti skrýll; þau hjú, sem ekki þora að segja húsbónda sínum sannleikann, það eru prælarnir. Það er því brýnni skylda alþingis nú, að skoða lög þessi nákvæmlega, og segja um þau álit sitt, sem alþingi hefir eigi notið síns löglega atkvæðisréttar um þau, áður en þau urðu til. Með tilliti til gildis laganna get eg enn framar skýrskotað til þess, sem nokkrir þingmenn sögðu á ríkisþingi Dana, og dómsmálaráðgjafinn sjálfur ekki mótmælti. Það var einn maður á ríkisþinginu, sem sagði beinlínis, að lög þessi væru skuldbindandi fyrir Danmörk, en eigi fyrir Ísland, nema því að eins að vèr veittum þeim samþykki vort. Það er að vísu satt, að vèr getum eigi af eigin rammleik skapað oss rètt vorn sjálfir, en er þar fyrir nokkur ástæða til, að vèr gefum samþykki til þess, sem hallar rètti vorum? Af þessu leiðir þá, að þingið hefir rètt til að tala um lög þessi bæði að efni og formi; því þótt þau hafi verið boðuð hèr á landi, þá er mèr um það kunnugt, að eins hefir verið með mörg lagaboð, bæði að fornu og nýju, sem þó engum hefir dottið í hug að væru gildandi hèr á landi. Lög þessi snerta að vísu Ísland, en þau eru eigi svo vaxin, að Íslendingar megi eigi láta í ljósi skoðun sína um þau, ræða þau og stinga upp á breytingum við þau, til þess þau geti sem fyrst orðið löguð eptir því, sem rèttur vor stendur til.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti forseti tók það skýrt fram, að lögin 2. jan. eru gildandi, hvort sem þau nú sèu yfirlýsingarlög eða ekki, og þar sem eg áður beinlínis hefi getið þess, að alþingi samkvæmt alþingistilskipuninni er heimilt að stinga upp á breytingum við öll gildandi lög, skal eg nú einungis ítreka það, sem eg sagði áður: alþingi vantar alla heimild til að mótmæla hinum gildandi lögum; en það, sem alþingi gjörir heimildarlaust, er alveg þýðingarlaust.

Eiríkur Kúld: Þess var getið í morgun, að þingtíminn, sem eptir er, væri næsta stuttur, og veit eg að svo er; enda skal eg eigi lengja umræðurnar að mun að þessu sinni. Eg skal og eigi fara langt út í þá sálma, að grennslast eptir, að hve miklu leyti lögin frá 2. jan. þ. á. sèu alveg gildandi fyrir Ísland, því það heyrir lagamönnunum til; en eg er ekki lagamaður, eins og vita má. En eg stend upp af því að eg var einn í nefndinni, er

kosin var til að íhuga þetta mál. Hún hefir nú fengið mörg stóryrði, og af því gamall orðsháttur segir: «Argur er sá, sem engum verst», þá stóð eg upp, og því vildi eg feginn mega halda að nokkru hlífiskildi fyrir henni. Orðin á síðasta kafla nefndarálitsins hafa mislíkað mörgum; og skal eg reyndar játa, að mèr voru þau eigi að skapi; en með því eg á þeim tíma, sem nefndarálitinu var lokið, hafði mikið að starfa í öðrum nefndum, þá komst eg ekki til að koma fram með neina breyting á þessum kafla, er mèr virtist að betur hefði farið eða skrifa ágreiningsatkvæði um hann. Mèr er það því ekki neitt kappsmál, hvort þeim kafla er haldið eða ekki. Mèr finnst nóg, ef þingmönnum líkar það betur, að áskilja Íslendingum rètt sinn geymdan með tilliti til fjárkrafanna. Mèr er og kunnugt um það, að víðar en í Suður-Múlasýslu hefir verið lagður sami skilningur í lög þessi, sem hinn háttvirti þingmaður þaðan gat um að ætti sèr þar stað. Og þegar menn nú segja, að nefndin hefði ekki átt að taka þetta spursmál til íhugunar, þá er þó þess að gæta, að til þingsins höfðu komið margar bænarskrár um þetta efni; þessar bænarskrár fól þingið nefndinni á hendur, og í hverju skyni, ef eigi í því, að nefndin tæki þær til íhugunar og álita? Hvað var þá annað fyrir nefndina að gjöra en annaðhvort að kasta þeim á hylluna eða taka þær til meðferðar? Eg gjöri sem sagt ekkert kappsmál úr því, hvort yfirlýsingar nefndarinnar eru heppilega orðaðar, og álít og áleit strax að þær væru það ekki og að mildari orð kæmu sèr betur, — og eg tel víst, að meiri hlutinn verði tilleiðanlegur að breyta þeim, og það álít eg alveg rètt. En sú skoðun er ríkjandi í meðvitund Íslendinga, að Íslendingar og Danir eigi fè saman, og þá skoðun hafa Danir játað með því að veita oss árgjald það, sem stöðulögin til taka. Íslendingar álíta sig, eins og kunnugt er, hafa í þessu efni bæði rèttarkröfu, ástands- og sanngirnis-kröfur til Dana; Danir viðurkenna má ske helzt ástands-kröfur; en mèr er allt hið sama í rauninni hvað þetta er kallað. Vèr þurfum ekki nema líta á það, hve langt vèr stöndum á baki öðrum í flestum efnum. Vèr höfum beðið um lagaskóla, læknaskóla, sjómannaskóla, kennaraembætti í íslenzkum fornfræðum, gufuskipsferðir umhverfis landið, vegabætur og svo framvegis, og ekkert kemst áleiðis sakir fèleysis. Skoðum hinar opinberu byggingar landsins. Vèr þurfum ekki lengra en ofan á Austurvöll til að skoða, hvernig veglegasta guðshús landsins, dómkirkjan í Reykjavík, er útlítandi; og eg held það

þyrfti eigi alllítið fè til að gjöra sómalega við hana o. fl. Þess vegna er næsta eðlilegt, þótt Íslendingar vilji fá svo mikið fè af Dönum, sem þeir geta, til þess sem oss vantar, og eg sem þjóðkjörinn þingmaður Íslendinga á ráðgjafarþingi get ekki eptir bænarskránum, sem þingið fèkk nefndinni, álitið mig hafa fulla heimild til að gefa kvittun fyrir því, að Danir með árgjaldi því, er stöðulögin frá 2. jan. þ. á. ákveða oss, hafi lokið þeim skuldaskiptum, sem þeim og Íslendingum hafa hingað til farið á milli, sízt meðan eg sè eigi reikning frá Dönum yfir þessi samskipti. Það virðist því ekkert ósanngjarnt, þótt þingið fái að sjá reikninga þessa, því hreinir reikningar gjöra góða vini. Reyndist þá svo, að Íslendingar ættu ekkert fè hjá Dönum, þá mundu þeir verða ánægðir, ef þeir sæju það með skýrum rökum. Mèr er annars ekki sárt um þennan kafla; en um jarlinn er mèr sárara. Konungsfulltrúi mælti á móti þeirri uppástungu og ýmsir þingmenn hafa og verið á hans máli, og það af því, að kostnaðurinn væri svo mikill, er þessu væri samfara. En hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sýndi fram á, hvert sá kostnaður mundi lenda, og vona eg því, að sú grýla hræði menn eigi framar. Eg vildi einkum hafa jarlinn af því, að með því móti getum vèr komizt út úr því völundarhúsi, er ábyrgðin hefir í för með sèr, því þá yrði hèr fyllilega innlend stjórn; en að nefndinni þar með hafi dottið í hug, að víkja konunginum úr hásætinu, það getur víst hver maður sèð að er einber misskilningur hins háttvirta konungsfulltrúa, því það er auðvitað, að jarlinn stæði undir konunginum. En það kann að vera, að það færi betur á því, að ákveða ekkert um verkasvið jarlsins, eins og nefndarálitið að nokkru leyti gjörir, þó það reyndar sè sagt í því, að konungur skuli ákveða það með lögum; og skal eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu, er eg mun orða nákvæmar seinna.

Forseti: Með því nú er orðið áliðið, en eg sè að undirbúningsumræðu þessari eigi getur orðið lokið á þessum fundi, ákveð eg fund í kveld kl. 5, og segi nú

Fundi slitið.

---

35. fundur — 16. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Það, sem nú liggur fyrir, er að halda fram undirbúningsumræðu um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sérstöku málefni Íslands. Eg vil geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi mætir eigi á þingi í dag, og hefir hann því sett aðstoðarmann sinn í sinn stað. Ef framsögumaður vill taka nú þegar til máls, þá er það á hans valdi.

Jón Pétursson: Það voru fá atriði í þessum kafla, er eg vildi hafa gjört athugasemdir við, en þingmaður Rangæinga hefir tekið af mér ómakið og gjört það langtum betur en eg mundi hafa gjört, því hann talaði, eins og honum er tamt, svo skynsamlega og hlutdrægnislaust, eins og hann gjörir í öllum málum, þar sem hann leggur nokkuð til. Eg vil þó tala lítið eitt um jarlinn; það er sú hugsun, er eg ætíð hefi fellt mig vel við, því á þann hátt leysist bezt ábyrgðarspursmálið, enda held eg og, að hún mundi falla öllum Íslendingum langbezt í geð, og er eg nefndinni þakklátur fyrir það, að hún kom með þessa hugsun inn á þingið. En það er þó eitt atriði, er gjörir, að eg ómögulega get fellt mig við uppástungur hennar um hann; það er þá auðsèð, að þingið getur ekki fyrir skrifað konunginum reglur fyrir því, hvað hann fær jarlinum í hendur að gjöra í umboði sínu, en þetta gjörir þó nefndin eða meiri hlutinn; því eptir því sem uppástungur hans hljóða, hefir konungur ekkert með Ísland að gjöra nema setja jarl og afsetja hann, jarlinn gerði allt í umboði konungs, og konungur yrði lögbundinn að gefa honum þetta vald. En þetta hefir fjærri því verið meining meiri hlutans, og úr þessu held eg mætti bæta, ef 2.—4. gr. væru dregnar aptur fyrir 5.—14. gr., svo konunginum sèu látnar óbundnar hendur, og þá ætti að standa: «konungur veitir» o. s. frv. Eg vil einnig með fám orðum minnast á stöðulögin. Eg vil með öllu leiða hjá mèr að tala um form þeirra, en snúa mèr að eins að efninu, og verð eg þá að segja, að efnið er allt gott, og þykir mèr því mjög vænt um þau. Strax í fyrstu gr. er yfirlýsing um, að Ísland hafi sérstök landsrèttindi, og þykir mèr mikið varið í þessa yfirlýsingu, því það er í fyrsta sinni að slíkt hefir verið viðurkennt á slíkan hátt. Því næst er í 2. gr. trygging fyrir, að á Ísland verði lagðar nokkrar byrðar eða útgjöld til hinna almennu

þarfa ríkisins svo sem útboð eður skattar nema með samþykki alþingis; mèr sýnist meiri hlutinn hafa mjög misskilið þessa grein, eptir því sem stendur efst á 19. bls. í nefndarálitinu, því eg get eigi skilið greinina öðruvísi en svo, að gjöld Íslands til hinna almennu þarfa sèu bundin við, hvort Ísland á fulltrúa á ríkisþinginu, og þar eð þetta er komið undir samþykki alþingis, þá sè hitt það sömuleiðis. Í 3. gr. eru talin upp hin sèrstaklegu mál Íslands. Í 4. greininni er talað um eptirlaun embættismanna; meiri hluti nefndarinnar vill nú eigi telja landssjóðnum til útgjalda, nema eptirlaun þeirra manna, er hèr eptir fá lausn frá embætti, en þetta sýnist mèr eigi rètt eða sanngjarnt, því mèr sýnast eptirlaun allra þeirra manna, sem verið hafa embættismenn á Íslandi og nú njóta eptirlauna, eigi að greiðast úr landssjóði. Í 5. gr. er viðurkenning frá ríkisþinginu, að Ísland eigi að fá árgjald frá Danmörku; þar segir ríkisþingið, hvað það vilji veita oss, og með hverjum skilmála, og til að gjöra þetta loforð skuldbindandi, þurfti konungur að staðfesta það með undirskript sinni. Væru kröfur vorar óyggjandi, þá er eg viss um, að oss yrði leyft að fram fylgja þeim við dómstólana, þrátt fyrir þessi lög.

Grímur Thomsen: Eg vil tala fátt eitt um skilning meiri hluta nefndarinnar á 6. gr. stöðulaganna, sem stendur á 20. bls. í nefndarálitinu, er mèr virðist koma í bága við það, er eg vona að þingið fram fylgi í öðru máli. Framsögumaður bar mèr á brýn, að eg hártogaði orð nefndarinnar, en svo sem það er fjarri mínu skapi að hártoga, svo vil eg heldur eigi að aðrir gjöri það, og eg verð að segja, að það er hártogun á 6. gr. laganna, að þau í nokkru tilliti komi í bága við tilsk. 15. apríl 1854, því í verzlunartilskipuninni er að eins átt við gjald af farmrúmi undir verzlunarvörur, en í 6. gr. er átt við gjald, sem kunni að verða lagt á póstferðir; en þetta er sitt hvað. En hitt játa eg, að fjárhagsáætlunin brýtur lögin af 2. janúar 1871; í henni eru undir I, 2. gr. 9. talin fyrst gjöld af verzluninni, og svo sèrstaklega gjald af póstgufuskipinu, en þetta er rangt, því hin síðari upphæð á að teljast með hinni fyrri, og vona eg að dómsmálaráðgjafinn sjálfur játi það, þegar honum er bent á það. Það er því áætlunin, en eigi stöðulögin, er halla rètti vorum í þessu efni, og eg vona, að framsögumaður sjái, þegar hann gætir sín, að nefndin hefir haft víxl á þessu tvennu. Eg vil svo eigi fara fleiri orðum um 2. gr., en að eins bæta því við, að fyrst þingið hefir að eins ráðgjafaratkvæði, en eigi

samþykktarvald, þá er við því að búast, að lög komi út, sem mönnum kunni ekki að líka, og það rýrir eigi gildi eður lögmæti stöðulaganna, þó þau að efninu til eigi séu alveg samkvæmt óskum vorum, og þar eð stjórnin hafði áður lagt málið fyrir þingið, þá gat stjórnin og frá formsins hlið samkvæmt alþingistilskipuninni lögleitt þau.

Sigurður Gunnarsson: Eg misnefndi held eg í dag 4. gr. í niðurlagsatriðum nefndarinnar fyrir 3. gr., og bið eg menn að virða það á hægra veg. Svo vildi eg tala fáein orð út af því, sem sagt hefir verið hér í salnum um fundina í héruðunum í þá átt, að menn sníkja sér út atkvæði manna og undirskriptir. Þessu mótmæli eg að því er nær til míns kjördæmis, því engínn sýslufundur var haldinn þar, en menn komu sér saman um, að finnast í hverjum hrepp seint í vetur er var, og ræða ýms alþingismál; síðan sendu formenn fundanna mér skýrslur um það, sem fundarmönnum hafði komið saman um, og báðu mig að búa til nokkrar bænarskrár eptir því; nú má nærri geta, að eigi muni öllum fundunum hafa komið saman um ýms málefni, því enginn einstakur maður hafði ráðið þar tillögum manna. Nú reyndi eg að samrýma sem bezt eg gat álit fundanna og samdi eptir því bænarskrárnar, sendi þær svo aptur í hreppana; þar voru allir sjálfráðir að skrifa undir eða ekki. Áður en hreppafundir voru haldnir, vissu menn til þessara stöðulaga, þó allt efni þeirra væri ekki fullkunnugt. En samt bárust þau alstaðar í tal, og var það almenn meining manna, að þau mundu eigi verða gjörð hér að lögum svona undirbúin. Þetta var löngu áður en sýslumaður las þau á manntalsþingum; af þessari ástæðu vildu menn láta bæta því inn í bænarskrána um landstjórnarmálið, að mótmæla þessu, því þykir mér og von, að þingnefndin hreifði þessu; en þegar eg heyri nú, að þessi stöðulög eigi að heita gild hér á landi og óhæfa að mæla móti þeim, þá get eg vel trúað, að betur hefði farið, að einhver hefði komið með bænarskrá inn á þingið um þessi lög, og að nefnd hefði verið sett til að íhuga þau og biðja svo breytingar á þeim.

Pétur Pétursson: Eg vil tala nokkur orð um uppástungu meiri hlutans um jarlinn. Menn hafa mikið reynt til að styðja uppástungu þessa með því að vitna inn í grein eina í Berlingatíðindum, sem fer í líka stefnu. Eg ber að vísu mikla virðingu fyrir manni þeim, sem talinn er höfundur greinar þessarar, einkum sem vísindamanni. Eins og mönnum er kunnugt var maður þessi

fyrst lengi stjórnarherra í Danmörku til 1864, síðan fór hann til Nýja-Zeelands, en kom þó aptur að nokkrum árum liðnum; varð hann þá prestur og nú er hann biskup. Síðan hann kom aptur, hefir hann skrifað ýmsar greinir, einkum stjórnarlegs efnis, og eg man sérstaklega eptir þessari grein; hann hefir jafnan verið Íslandi velviljaður og lagt því gott til, eins og hann einnig hefir lært íslenzku, ef eg man rètt hjá þingmanni Reykvíkinga. Hann segir í grein sinni að sèr sè vel til Íslands, og er ekki ólíklegt, að hann í uppástungu sinni hafi haft tillit til þess fyrirkomulags, sem er á Nýja-Zeelandi, en hann getur þess jafnframt, að hann væntir eptir, að Íslendingar fari vel og skynsamlega að ráði sínu, því það væri undarlegt að sjá langafaföður («Tipoldefader») sinn standa á höfði. En þótt eg beri mjög mikla virðingu fyrir manni þessum, þá er það þó fremur fyrir honum sem vísindamanni heldur en sem stjórnarmanni, og einu furðar mig á, að hann skyldi eigi bera þessa uppástungu fram í ríkisráðinu, þá er hann sjálfur var fyrir stjórninni, eða hafi hann gjört það, þá hefir hann eigi komið henni fram, og er eg þá hræddur um, að enn mundi verða sama niðurstaðan. Um yfirlýsingu þá, er meiri hluti nefndarinnar fer fram á, vil eg eigi tala; eg get varla trúað að hún sè alvara, en yfir höfuð að tala þykir mèr mjög sorglegt, að hún skuli hafa komið hèr fram, sè þinginu alvara í að fá hèr stjórnarbót.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla eigi að tala margt í þetta sinn; en viðvíkjandi því, er hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði um skoðun nefndarinnar á 2. gr. stöðulaganna, vil eg taka fram, að það er hann, en eigi nefndin, sem eigi gætir þess, hvað í greininni liggur. Ísland hefir eptir henni enga tryggingu fyrir, að Danir leggi eigi á það gjöld til hinna almennu þarfa ríkisins; eg vil biðja þingmanninn að lesa greinina og mun hann þá sjá, að í henni eru 2 atriði, og annað þeira inniheldur að eins loforð, sem engin trygging er fólgin í, einkum eptir því sem orðin liggja í dönskunni, og ástæðurnar taka af öll tvímæli í þessu efni, þar sem sagt er, að: «að þar sú grundvallarregla sè óyggjandi, að löggjafarvald ríkisins geti lagt skatta á Ísland og útboð, hvort sem Íslendingar hafi fulltrúa á ríkisþinginu eða ekki» o. s. frv. Eg veit eigi á hvern annan hátt það verður greinilegar sagt, að ríkisþingið hafi leyfi til, að leggja gjöld á Ísland, þó það leyfi eigi verði notað að sinni. En það er eigi að eins í hinum almennu málum, að ríkisþingið áskilur sèr rètt til að hafa yfirráð yfir Ís-

landi, en sama á sèr og stað í hinum sèrstöku málum, og það eru einmitt stöðulögin, sem sanna þetta; þau ná yfir allt; þau áskilja Dönum hið æðsta dómsvald með hæstarètti, hið æðsta löggjafarvald og æðsta framkvæmdarvald með ábyrgð ráðgjafans fyrir ríkisþinginu einu; ef aptur á móti skilningur þingmannsins á lögunum er rèttur, þá er það einmitt hið sama sem nefndin fer fram á, og það skaðar þá ekki, að taka það fram með berum orðum, og hvernig getur þingmaðurinn haft á móti því? Um 2. grein í frumvarpi meiri hlutans verð eg að vera á sama máli sem framsögumaður, að enginn geti leitt út úr henni, að ríkisþinginu sèu í nokkru tilliti bundnar hendur í hinum almennu málum.

Það er víst, að meiri hluti nefndarinnar gjörði það af virðingu fyrir stöðulögunum að nefna eigi nafn ríkisþingsins, þar sem það var sá eini hlutaðeigandi þeirra. Þingmaður Rangæinga vill sanna, að meiri hlutinn hafi gjört sig sekan í rangmæli við 6. gr. laganna, en eg skil eigi, að sá sami ráðgjafi, sem skipaði stöðulög þessi, hafi skipað slíka grein inn í án þess að leggja neinn skilning í hana. Það sem þingmaðurinn sagði viðvíkjandi fundunum þykir mèr eigi vera svaravert; hitt væri það, að það skyldi hafa glatt mig, ef hann hefði haft með sèr instrux frá fundarmönnum í Rangárþingi. Af því konungsfulltrúi er eigi á þingi, vil eg eigi svara honum að sinni, þótt hann enn þá engan veginn rèttilega nè nægilega sè búinn að leysa úr spurningum þeim, er eg áðan lagði fyrir hann.

Það á engan veginn við, að færa til lögin um brennivinsgjaldið við distinction á milli declaratoriskra og præceptiv-laga; það sèr hver heilvita maður, að stöðulögin og lögin um toll á brennivíni eiga ekkert skylt í þeirri lagalegu hugmynd, er ræður gildi þeirra sem laga; að blanda saman stöðulögum og lögum til breytinga, það er að jafna saman lögum og frumvörpum; hver á þá að framkvæma breytingarnar á lögunum 2. jan. 1871? hver gæti það? Ríkisdagurinn og konungurinn í sameiningu. Er þetta ekki til að sýna, að þessi lög setja oss undir ríkisdaginn sem löggjafa? Nei, eg kalla það óheppilegt af hinni dönsku stjórn og ríkisþinginu að vera að hræða þingið eða imponera því með öðru eins lagaleysi. Lög þessi eru sem sagt gengin út frá ríkisþinginu, og ráðgjafinn, sá konstitutionelle ráðgjafi í Danmörku hefir alla siðferðislega ábyrgð á þessum lögum, og eigi það við að meiri hluti nefndarinnar fari fram á anarchi og lagaleysi, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði,

þá segi eg, að lögin frá 2. jan. 1871 opni beina leið fyrir «ministerielt Despoti», sem stríðir á móti hinum nú gildandi stjórnarlögum á Íslandi.

Stefán Eiríksson: Það er nú að vísu óþarft fyrir mig, að standa upp, enda skal eg játa það, að eg er enginn stjórnfræðingur, og enda hafa líka sumar þær ræður, er hèr hafa verið fluttar í þessu máli, eigi verið sèrlega stjórnfræðislegar, og það er þá naumast við því að búast, að mín ræða verði það. En eg hefi þó þá tilfinningu fyrir þessu máli, og eg finn líka þá skyldu og ábyrgð, er hvílir á mèr, þegar um það er að ræða, að greiða atkvæði í málinu, og því álít eg mèr það skylt að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Því eg vil ekki binda mig neinu því, og sízt í þessu máli, sem eg sè að ekki geti orðið til neinna framfara fyrir alda og óborna. Þegar eg nú tala um frumvarpið í heild sinni, þá sè eg eigi betur, en að öll stjórnarábyrgðin sè yfir í Danmörku, og meir að segja: eg fæ eigi betur sèð en að allt framkvæmdarvaldið sè þar líka í þessari 300 mílna fjærlægð, sem það hefir áður verið. Mèr virðist því þetta stjórnarfrumvarp í engu bjóða oss betri kosti, en vèr nú höfum; ástandið verður að minu áliti öldungis hið sanna og verið hefir í stjórnlegum efnum. Það hefi nú sem optar heyrzt sú rödd frá konungsfulltrúa stólnum, og fleiri þingmönnum, að það væri eigi til neins, að stinga upp á nokkrum breytingum við þetta frumvarp stjórnarinnar, og að þær breytingar, er meiri hluti nefndarinnar hefði stungið upp á við frumvarpið, mundu verða með öllu árangurslausar og að þær því eigi yrðu teknar til greina. Það getur nú verið, að svo sè. En má eg þá spyrja: því sendi stjórnin þá frumvarpið þinginu til álita, ef eigi má gjöra neinar breytingar á því? Stjórnin hlaut þó að vera svo kunnug undirtektum þingsins áður í þessu máli, að hún gat búizt við, að þingið mundi nú, eins og það hefir áður gjört, stinga upp á ýmsum breytingum við frumvarpið, og eg get ekki betur sèð en stjórnin hafi einmitt ætlazt til þess, að svo væri gjört, hvað svo sem sagt er um það hèr í salnum. Þess vegna mun eg halla mèr að meiri hluta nefndarinnar yfir höfuð að tala, því hann fer því fram, sem næst er minni sannfæringu; það getur verið, að í minni hlutanum sèu einhver hulin gæði, en eg get eigi sèð, að hann bæti hið minnsta úr þessu stjórnarófrelsi, sem oss er boðið. Eg get ómögulega hallazt á meiri hluta nefndarinnar fyrir það, þótt hann hafi komið fram með þær yfirlýsingar, sem standa í niðurlagi meiri hluta nefndarálits-

ins, úr því að bænarskránum um stjórnarbótarmálið var vísað til nefndarinnar á annað borð. Eg fyrir mitt leyti get sagt það með vissu, að þegar þessum stöðulögum af 2. jan. 1871 var þinglýst í vor í Skaptafellssýslu eystri, þá var þar alstaðar á öllum þingum megn óánægja yfir þeim, bæði af því að þau væru komin út, án þess nokkurt tillit hefði verið haft til tillaga alþingis áður í þessu máli, og svo líka af því að mönnum þótti, að stjórninni hefði farizt svo smámunalega með fjártillagið; því getur heldur enginn neitað eptir þeim kröfum, sem alþingi hefir komið fram með og sýnt með rökum að væru sannar, þá er þetta fjártillag Dana til okkar Íslendinga næsta lítilfjörlegt. Það eru líka fleiri en Íslendingar, sem hafa sýnt fram á, að við með réttu ættum stórfé hjá Dönum, og skal eg að eins nefna það sem doktor Maurer segir í ritgjörð sinni, sem allir verða að játa að er merkur maður og vel að sér, og sem sér í lagi hefir kynnt sér nákvæmlega öll reikninga-viðskipti Dana og Íslendinga að fornu og nýju. Hann hefir þó sýnt fram á, að við gætum með góðu talið upp á 350,000 hjá Dönum. Hvað það snertir, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði í dag viðvíkjandi stöðulögunum og var að benda þinginu til þess, að almenningsálitið væri hvikult og því eigi hyggilegt að fara eptir því, þá skal eg eigi þræta um það við hann; hann má hafa þá skoðun um það, sem hann vill, fyrir mér, en eg álít þessa dóma hans eins og svo marga aðra nokkurs konar sleggjudóma, sem maður kallar; en eg vil leyfa mér að spyrja þingmanninn að einu: hefir eigi stjórnin líka verið hvikul í þessu máli? því mun hann þó verða að játa, þegar hann ber saman skoðanir stjórnarinnar 1867 og 1869 og nú síðast 1871. Því öll þessi ár hefir stjórnin sýnt sannarlegt hviklyndi í máli þessu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði eigi að standa framar upp í þessu máli, en eg neyðist þó til þess, til að hrinda af mér ertingum hins háttvirta framsögumanns. Hann sagði, að vér minni hlutinn hvergi létum það í ljósi, að vér værum mótfallnir yfirlýsingu meiri hlutans í niðurlagi nefndarálitsins. En til þess að sýna fram á, að hér fer framsögumaður með helber ósannindi, neyðist eg til að lesa upp kafla úr nefndarálitinu. Þar segir svo: «Eptir að nefndin ítarlega hafði kynnt sér bænarskrárnar, varð meiri hlutinn eg B. Sveinsson o. s. frv. á því, að skylda vor við þingið og ættjörðu vora byði oss að taka bænarskrárnar til greina svo sem þörf væri á, til þess að komast að þeirri niðurstöðu, sem

má ætla að sè samkvæm skoðun og ósk alls þorra þjóðarinnar». Og svo heldur meiri hlutinn áfram og snýr út úr hverju orði stöðulaganna og rangfærir þau, þangað til kemur að niðurlagsatriðum þessa máls. Þá segir ekki: Samkvæmt þessu ræður nefndin, heldur: «Samkvæmt þessu ræður meiri hlutinn hinu heiðraða þingi til að taka upp í álitsskjal sitt til konungs svo látandi yfirlýsingu». Nú vil eg spyrja: stendur það eigi hèr með berum orðum, að það er meiri hlutinn einn, sem ber fram þessa yfirlýsingu? Þegar hinn háttvirti framsögumaður var að reyna að klína þessu á minni hlutann með, þá reyndi hann enn til að færa það til, að einhver annar hefði strykað út þau orð, sem rèttilega eru felld úr því prentaða nefndaráliti, því þau voru útstrykuð, en orðin voru þessi: «að öðru leyti er minni hlutinn samdóma meiri hlutanum um frumvarpið», þá get eg sagt það satt, að þessi orð voru útstrykuð af minni hlutanum sjálfum, einmitt til þess að girða fyrir það, sem nú er fram komið, að meiri hlutinn gæti með nokkrum rökum reynt til að hafa minni hlutann með sèr. Það eru sannindi, að sá sami nefndarmaður, sem skrifaði orðin, dró þau út, og annar nefndarmaður setti punktana í kring til frekari fullvissu. Þetta vita hinir háttvirtu menn í minni hlutanum að eru sannindi; þótt hinn háttvirti framsögumaður ef til vill sè hræddur um, að meiri hlutinn fari að týna tölunni, af því sumum kunni að vera aukin sú vizka, að hèr sè stigið heldur langt fram, þá dugir honum eigi að hugsa til að bæta minni hlutanum í skarðið. Þó það ætti að vera óþarft, að orðlengja um þetta, sem eg tek annaðhvort eins og ástæðulausar ertingar eða eins og siðferðislaus ósannindi, þá skal eg þó bæta því við, að eg get vitnað til nefndarinnar allrar, að eg á ekki eitt einasta orð í yfirlýsingu þessari nè ástæðum þeim, sem hún er byggð á. Eg hefi ekki einu sinni heyrt niðurlagsatriðin rædd í nefndinni. Eg skal enn vitna það til nefndarinnar allrar, að eg hèlt því mjög lengi fram í nefndinni, að stöðulögin væru orðrètt sett framan við hina sèrstöku stjórnarskrá, en hvarf frá því, bæði af því mèr þótti það ei með öllu nauðsynlegt og af því það mundi vekja stælu í þinginu. Eg skal lýsa því hèr opinberlega, að auk þess, sem eg álít stöðulögin gild og bindandi lög, þá er nú vit mitt ekki meira en svo, að eg álít þau veita oss þann rètt, sem oss má nægja. Svo eg þess vegna hafi við þau orð, sem mig væntir að meiri hlutinn kannist við og hafi sèð í einhverri bók, þá ætla eg að mótmæla þessum ósanna áburði snarplega.

Jón Kristjánsson: Eg held hèr á lögunum frá 2. janúarm. þ. á., og hefi eg sjaldan skilið þau við mig, síðan sá hæstvirti konungsfulltrúi lèt út býta þeim meðal þingmanna. Mig hefir langað til að sætta mig við þau, svo eigi rættist í mínu tilliti sú sorglega spá dómsmálaráðgjafans, þegar þessi lög voru í samningu. Eg stóð samt ekki upp til þess að tala um sjálfan mig, heldur til að benda hinu heiðraða þingi á, að «varðar mest til allra orða, undirstaða rètt sè fundin».

Mèr finnst að sumir menn hafi fellt hèr og þó helzt hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, þó hann þjóðvinur sè, of harðan dóm um bænarskrárnar heiman að úr hèruðunum. Er það ekki föst rèttarregla að taka betri meininguna, þegar um tvær er að velja? Það er nú kunnugra en frá þurfi að segja, hve samgróið það gat orðið hugsun þeirra fámennu og fátæku þjóðar hèr á landi, sem þó var þingstjórnarveldi, að kalla konung sinn landsföður. En síðan eg fyrst man til, hefir mèr aldrei heyrzt þetta orð «landsföður» hljóma eins sætt frá vörum manns og konu, sveina og meyja, sem þá, þegar lýðurinn las: «alþing hið nýja» eptir skáld sitt, og síðan: «Kristján konungur 8. er landsfaðirinn», sögðu menn, sögðu börnin jafnvel og gamalmennin í bæjunum í sveitinni með uppyngdu fjöri andans. Föðurnafnið hefir ætíð bent þjóðinni á barnslega stöðu, Íslendingar hafa unað henni; þeir hafa verið hlýðnir þeim föðurlega vilja; þeir hafa haft það hugfast: «það eru lög, sem konungur segir». En bænarrèttarinn heyrir einnig til þeirri barnslegu stöðu. Barninu getur ekki skilizt, að það megi ekki biðja hann föður sinn um góðar gjafir, um hjálp, um mildi, um vægð, já einmitt um þá vægð, að hann lini þá hirtingu, sem hann hefir ályktað að barnið skyldi þola, eða þann stranga aga, sem hann hefir ætlað því, sèr í lagi þegar þetta fer eptir ráði annarlegs siðameistara, og föðurhrísið kemur ekki beinlínis. Eg efast um að þetta barnslega hugarfar geti verið hjartanlegra hjá nokkrum konungkjörnum manni jafnvel, en það er hjá alþýðu. En eg get skilið, að þeir háttvirtu konungkjörnu menn muni vita betur, en bóndinn, hvers biðja ber. Hver getur heimtað það af barninu, að það æpi eptir nótum, þegar það kennir mikils sársauka. Hèr á þingi er enginn svo ófróður í sögunni, að hann viti eigi, að það er álitin sæmd og heill hverrar þjóðar, að varðveita þjóðerni sitt, þetta helga einkenni, sem alfaðir hefir sett, og sem aðgreinir þjóðirnar, áþekkt og maður greinist frá manni, sem er skilyrði fyrir sannri tilveru hverrar

þjóðar. Hèr er enginn svo ófróður að hann eigi viti, að það er og hefir um aldur verið hlutfall hverrar þjóðar, sem fámenn var og fátæk, að hún hefir annaðhvort hlotið að hverfa sem sèrstök þjóð, eða hníga öldungis, ellegar þá reyna margar hörmungar, þegar hún hefir haldið fast á þjóðerni sínu í sambandi gagnvart annari þjóð, sem máttugri var. Vèr Íslendingar höfum hlotið að bergja á þessum bikar um langan aldur, og vil eg þó engan veginn hallmæla þeirri dönsku þjóð með þessum orðum, því þetta er vottorð sögunnar. En hver getur láð oss Íslendingum, þó vèr hikum við, að sötra dreggjar þessa bikars, sem oss hafa verið bornar, síðan einveldinu hætti? Hver getur láð oss, þó vèr biðjum óaflátanlega að landsfaðirinn hlífi oss við því? Það er ekki rètt mælt, að oss hafi verið rètt frelsis-sverðið «að oddi, heldur að hjöltum»; en norræn hönd vill eigi svo við taka. Það var einmitt talað frá hjarta Íslendinga á þingstjórnaröldinni, sem Íslendingurinn mælti þá: «vèr viljum vera vinir konungs, ef hann vill vera vor vinur». Íslendingar vilja heimfæra þessi orð til Dana, eins og nú á stendur; þeir finna ekki, að þeir eigi að vera í hinni barnslegu stöðu gagnvart Dönum, en þeir vilja að bræðrafèlag tryggist og treystist millum þeirra og sín. Íslendingar vilja eiga sama landsföðurinn, en þeir vilja ekki vera álitnir af Dönum, bræðrum sínum, eins og stjúpbörn, eða óskírgetnir, eða hjábörn.

Frá þessu sjónarmiði finnst mèr að þingið eigi að taka bænarskrárnar, sem komið hafa frá hèruðunum hingað til þings. Þær eru allar skrifaðar með þjóðlegri einurð, en allar líka auðsjáanlega með allraþegnsamlegasta þeli. Bóndinn getur ekki skilið, að það megi ekki breyta þeim lögum, sem hafa verið sett, með nýjum lögum, einkum ef til bóta horfir, ef breytt er; og í þessu skyni hafa bænarskrárnar beiðzt, að lögum frá 2. janúar yrði breytt, eða þeim yrði ekki þröngvað á Íslendinga, því þau mundu ekki hnýta bræðrabandið eins tryggilega og æskilegt væri.

Eg býst við að bóndinn skilji ekki til fulls, hvað í því felst, þegar verið er að ræða um þingbundna stjórn, og um þann óraskanlega hag, sem rás viðburðanna myndar í stöðu þjóðanna. Það er svo langt síðan Þorgeir stóð á þingi, og þangað komu Gissur og Geir — því nú er Snorrabúð stekkur. Og þess vegna lái eg þetta ekki bóndanum; eg er sjálfur á því sama lága þekkingarstigi og hann í þessu efni. En það hlýðir ekki, að honum sè brigzlað um þennan þekkingarskort, heldur á að leiðrètta hann og fræða.

Bóndinn er námfús og bóndavitið er skarpt. Bóndinn tekur eptir því sem sagan segir, að rás viðburðanna renni ekki ætíð beinan farveg; og sagan fellir opt þann dóm um það, sem kallað er ævarandi: hingað og ekki lengra. — Þá skyldu hafa nú eptir minni meiningu fulltrúar þjóðarinnar með tilliti til bænarskránna, að áskilja þjóðinni þann rètt, sem henni ber, og eg meina að þingmaður Barðstrendinga hafi eitthvað talað á þá leið, og það læt eg mèr nægja.

Með tilliti árstillagsins úr ríkissjóði, sem bænarskrárnar minnast á, þá er aðaltilefnið það, að þjóðin óskar að það verði miðað við það, sem Dönum er sæmd í að bjóða oss, og oss engin vansæmd í að þiggja, og þetta ætti að vera ósk þingsins líka, því hreinir reikningar gjöra góða vini.

Á eitt vil eg minnast enn, það er sem sè það, að brúkað sè orðið «ályktarvald», þar sem það á við í málunum, en ekki samþykktaratkvæði; mèr finnst þetta seinna orð hafi helgað sèr meiri rètt en það í þingmálinu.

Jón Pètursson: Það gengur alveg yfir mig, hvernig hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, les og skilur þessi lög. Eg verð að skilja þessi lög eptir orðunum. Í annnari grein stöðulaganna segir svo: «að þess verði eigi krafizt, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins meðan svo á stendur», sumsè, sem á undan er sagt, eða á meðan Ísland ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu. En hvað lengi verður þess þá eigi krafizt eptir þessu, að Ísland leggi nokkuð til hinna almennu eða sameiginlegu mála? svar: svo lengi sem alþingi vill; því eptir orðum greinarinnar verður það að eins ákveðið með lögum, er bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sèrstaka löggjafarvald Íslands, sumsè alþingi, samþykkir, hvort Ísland eigi að hafa fulltrúa á ríkisþinginu. Það er þannig auðsætt, að eptir stöðulögunum verður ekkert lagt á Ísland til sameiginlegra mála nema með samþykki alþingis, fyrst ekkert í því skyni verður lagt á landið, fyrri en það hefir fulltrúa á ríkisþinginu, og það eigi verður neytt til að hafa þar fulltrúa, eða fyrst til þess útkrefst samþykki alþingis. Hvernig getur nú nokkur sagt, sem hefir heilbrigða skynsemi, og hana hefir fyllilega þingmaður Árnesinga, að skatt megi leggja á Ísland til almennra mála eptir stöðulögunum án samþykkis alþingis? Eg skil það ekki; en þingmaðurinn sagði, að stöðulögin innihèldu að eins heiti eða loforð, er enga tryggingu gæfi. En um hvað innihalda þá lögin heiti? og er ekki heiti í lögum skuldbindandi? Einhver

hin helgustu lög Dana, lögin um innfæddra-rèttinn, innibinda í sèr heiti, er hinn einvaldi konungur gaf þegnum sínum, og sem siðferðislega bundu hann. (*Benidikt Sveinsson*: Nei). Jú, þau lög innihalda heiti. En yfir hverju er annars meiri hlutinn í ástæðum sínum hèr að kvarta? yfir því: «að í stöðulögunum eigi skuli vera gjört ráð fyrir neinum atkvæðisrètti alþingis um gjöld eða byrðar frá Íslands hálfu til almennra ríkisþarfa». En fyrst nú stöðulögin segja, að ekkert skuli lagt á Ísland til þessara málefna, virðist sem umkvörtunin hljóti að ganga út á það, að Ísland eigi skuli gjalda neitt til almennra þarfa, en það á þó víst eigi að vera meiningin. Þá eru nú ástæðurnar fyrir stöðulögunum; eg hefi ekki sèð þær fyr en einmitt í þessu augnabliki, en þær sanna einmitt mitt mál. Ástæður fyrir lögum eru samt annað en lögin sjálf. Eg leyfi mèr að lesa all-langan kafla upp úr ástæðunum fyrir stöðulögunum, til þess þingmenn geti sjálfir dæmt um, hvort eg hefi eigi rètt að mæla; þar segir svo á 3. blaðsíðu: «Það hefir þótt við eiga, að láta frumvarpið byrja með ákvörðun þeirri, sem 1. grein hefir inni að halda, og að orða hana eins og alþingi hvað eptir annað hefir óskað. Þar sem ákvörðunin í 2. grein um, að atriðið um setu fulltrúa frá Íslandi á ríkisþinginu verði að eins ráðið til lykta með lögum, sem bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sèrstaklega löggjafarvald Íslands hafi samþykkt, er samkvæm því, sem báðar deildir ríkisþingsins áður hafa verið ásáttar um, þá hefir ekki þótt ísjárvert að slaka til við Íslendinga, eins og gjört er í sömu grein, í því atriði, að svo lengi sem Ísland ekki eigi fulltrúa á ríkisþinginu, skuli ekki verða krafizt af því, að það leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins, því þó að sú grundvallarregla sè óyggjandi, að það er hið almenna löggjafarvald ríkisins — og það hvort sem Ísland á fulltrúa á ríkisþinginu eður eigi — sem hefir vald til að leggja einnig á Ísland fjárframlag og útboð, þá hefir samt verið talið sjálfsagt í öllum hinum fyrri umræðum um mál þetta, að þess mundi verða lengi að bíða, að þessum rètti yrði beitt». Eg bið nú hvern mann, er hlutdrægnislaust vill tala, að segja mèr, hvort eg skil ekki þessi orð rètt. Þar er þá fyrst og fremst sagt, að sú grundvallarregla sè óyggjandi, að það sè hið almenna löggjafarvald ríkisins, sem hafi vald til að leggja á Ísland fjárframlag og útboð, það er að skilja án samþykkis alþingis. Þetta er nú eptir skoðun frumvarpsins, en síðan segir þar, að þó þetta megi nú álítast

óyggjandi grundvallarregla, að alþingið ekki hafi hèr í atkvæðisrètt, þá hafi það samt ekki þótt ísjárvert, að slaka svo til við Íslendinga, sem gjört sè í greininni; en hver er þessi tilslökun? hún getur ekki verið nein önnur en sú, að beita ekki fyrnefndri grundvallarreglu eða leggja ekkert á Ísland til almennra þarfa, fyr en það fær fulltrúa sinn á ríkisþingið, er Ísland ræður hve nær verður, og sem eigi verður án samþykkis alþingis. En því hefir eigi þótt ísjárvert, að gjöra þessa tilslökun frá hinni grundvallarreglunni? Ástæðan er beinlínis tilgreind, og hún er sú: að mönnum hafi komið saman um það, að það mundi hafa orðið langt að bíða þess, að ríkisþingið hefði beitt þessum rètti sínum, sumsè að leggja án samþykkis alþingis þyngsli á Ísland í þarfir almennra mála. Tilslökunin væri því í rauninni ekki svo tilfinnanleg. Mèr finnst þetta ljóst, og eg skil ekki, að svo skarpur maður, sem þingmaður Árnesinga og framsögumaður er, skuli með þeim skilningi, er þeir leggja í þetta, alveg umhverfa því, sem þeir hafa skrifað fyrir sèr.

Benidikt Sveinsson: Eg þykist hafa miklu meiri ástæðu til að verða hissa, þegar eg heyri, hverning þingmaðurinn les og leggur svo rètta áherzlu á þau orð, sem einmitt sanna mitt mál, en hrekja hans. Eg sagði í dag, að alþingi og konungur hefði löggjafarvald í sameining, og það hefir ekki verið borið til baka. (*Jón Pètursson*: Hefi eg borið á móti því?) Mèr kemur ekki svo vel saman við konungsfulltrúa, að eg ekki taki með þökkum þá aðstoð, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður veitir mèr, eigi þessi aðstoð við og komi hún mèr að haldi. Með almennu löggjafavaldi eður löggjafarvaldi ríkisins meinast í stöðulögunum það löggjafarvald, sem nær yfir Danmörk og Ísland; þetta sýna stöðulögin sjálf hinum 4. konungkjörna þingmanni. Tilslökunin er sú, að ekkert verði gjört Íslandi til byrðar af þessu lögjafarvaldi fyr en eptir langan tíma; hún er lítil og einkisvirði. En úr því nú þessi heiðraði þingmaður leggur þennan skilning, sem reyndar er rammskakkur, inn í lögin, þá er auðsætt, að hann ætti þess heldur að vera á máli meira hluta nefndarinnar. Meiru held eg eigi sè ástæða til að svara að sinni. Eg tek það enn fram, að það er í öllu falli skaðlaust, þótt nefndin taki það skýlaust fram, sem að áliti þingmannsins liggur í stöðulögunum.

Jón Hjaltalín: Eg verð að standa upp til að kasta frá mèr nokkrum þeim hnútum, er mèr hafa verið sendar; og skal eg

þá fyrst gjöra þá fyrirspurn til hins háttvirta forseta, hvort eg hefi misskilið hann, er mèr tókst svo eptir honum í dag, að minister Krieger hefði sagt honum, að stjórnarstöðulög Íslands frá 2. jan. þ. á. að eins væru yfirlýsingarlög. Sagði forseti það? (*Forseti:* Jú!). Mèr þykir það skrítið, þegar nafn ministersins stendur undir lögum þessum (náttúrlega undir nafni konungsins) — og svo stendur undir þeim bæði á dönsku og íslenzku: «Eptir þessu eiga allir sèr þegnsamlega að hegða»; því eg veit ekki betur en þetta sè vanaleg formúla við lög. En má eg nú spyrja meiri hluta nefndarinnar: Hvað kallast þeir menn í öðrum löndum, sem mæla á móti gildandi lögum? Kann ske einhver ný merking þess orðs sè nú komin upp; eg þekki hana ekki. Þá skal eg enn fremur spyrja framsögumann, svo eg sannfærist um, að eg ekki misskilji hann: Var hann á þinginu 1867 ekki fremur á því, að hafa tvídeilt þing? En er eigi svo nú, að hann hvorki vilji tvídeilt þing nè fleiri þingmenn en nú eru? Sè svo, þá er hann nú búinn að skipta um skoðun síðan 1867. Þá spyr eg enn þingmann Suður-Múlasýslu: Voru ekki þær bænarskrár, er hann kom með úr sínu kjördæmi, um stjórnarskipunarmálið þess eðlis, að þær afbæðu tvídeiling alþingis? Þar næst verð eg að leggja eina spurning fyrir þingmann Húnvetninga; eg veit, að hann er vænsti og ráðvandasti maður, en hvort hann er svo mikill stjórnvitringur, um það efast eg; eg vildi óska að svo væri. Hann var eitthvað að tala um svívirðu — og hefir hann kann ske tekið þetta upp eptir Norðanfara; en eg vona að sú grein sýni, að mannskepnan, er greinina ritaði, hafi gjört sèr miklu meiri svívirðu með henni en mèr, — má eg spyrja þennan heiðraða þingmann: Heldur hann að þingið sè hæstirèttur til að dæma um það mál, er hèr liggur nú fyrir? Hefir hann eigi ímyndað sèr, að margar þúsundir manna dæmi öðruvísi en þetta góða alþingi? Eg verð að vera svo djarfur, að láta þá ætlan mína í ljósi, að þing vort nú gjöri sèr lítinn sóma. Þá kastaði þingmaður Austur-Skaptfellinga að mèr hnútu, þótt hún væri lítil, en hann talaði einnig miður vel um stjórnina. Hann bar henni á brýn hviklyndi; en eg verð þá að segja honum, að verði stjórninni borið hviklyndi á brýn í stjórnarmáli voru, þá er það einmitt þess konar hviklyndi, sem vèr höfum allt af verið að óska eptir; það hefir allt af verið að hækka fjártillag það, sem stjórnin hefir boðið, þangað til núna, nú sýnist alþingi vera búið að fá því framgengt, að það er aptur farið að lækka. 1867 voru oss boðnar

37 þúsundir og 500 rd.; en nú er það sigið talsvert niður; og hver veit, nema vèr fáum að sjá, að það verði búið að síga neðar á næsta þingi. Hinn háttvirti konungsfulltrúi, sem eg veit að er maður hreinskilinn, hefir sagt, að mál þetta væri hèr fyrir nú í síðasta sinni. Það kann að virðast þeim gott, sem 1867 og eins nú álíta allt of lítið það, sem boðið er; en vèr sitjum nú hèr mörg þing eptir þing, án þess það nokkurn árangur hafi. Eg verð þó að segja það, að eg held margur hafi þegið minna og orðið gott af.

Það hefir verið talað hèr um Þorgeir á þingi, og eg skal sannarlega ekki lasta hann eða aðra forfeður vora, sem eru í gröfinni og ekki geta borið hönd fyrir höfuð sèr, en svo mikið held eg að eg geti sagt, að við ekki eigum mikið að þakka gamla alþingi. Sjáum vèr frá þeirri tíð nokkurn almennilegan vegspotta nema krákustigi? Það var sannarlega lítið glæsilegt ástandið hèr, þegar Þorgeir stóð á þingi, og eigi mundum vèr kjósa, að slíkt ástand væri komið nú í annað sinn hèr á land. En svo eg snúi mèr aptur að málinu, sem hèr liggur fyrir, þá bið eg þingmenn að gæta að því, hvar þeir eru staddir og hvert þeir geta komizt. Það er mitt álit, að oss hafi heldur miðað aptur á bak en á fram síðan 1866, og það má hver lá mèr sem vill, að eg vil heldur taka þetta frumvarp, sem nú er boðið, og þó menn kasti hnútum í mig fyrir, að eg með því sýni að eg ekki sè föðurlandsvinur, þá skal eg reyna að kasta þeim hnútum aptur sem bezt eg get; eg veit með sjálfum mèr, að eg er Íslandi allt eins velviljaður og þeir, sem í mig hnýta, og þessir blaðskrifarar, sem eru að smjaðra fyrir lýðnum (*Halldór Kr. Friðriksson*: Í Berlingatíðindum) til þess að koma út og fá borgaðan ónýtan blaðaþvætting. Það dugar ekki að látast hafa krapt, sem vèr eigi höfum; það dugar eigi að stappa í gólfið, þegar ofureflí er á móti; það dugar ekki að berja þannig blákalt áfram skoðun sína gegn ofureflinu; það hefði sannarlega verið ástæða fyrir þingmenn að fara varlega í málið, en í stað þess hafa þeir aldrei farið óvarlegar í það, en einmitt nú; þingið hefir aldrei fyrri en nú mótmælt lögum konungsins, og eg verð að segja, að alþingi hefir með því gjört sèr litla æru gagnvart landsmönnum, og enn þá minna gagn. Mig furðaði á því, að hinn háttvirti vinur minn, þingmaður Rangæinga, skyldi gjöra eins mikið úr jarlshugmyndinni og hann gjörði; eg vil spyrja hann: hver á að borga þessum jarli? mèr hefir skilizt á honum, að stjórnin danska ætti að gjöra það; en eg spyr hinn háttvirta þingmann: er hann viss

um, að ríkisþingið vilji gefa 40—50,000 til þess að koma hèr á þessum jarli? Ef hann er það eigi, þá gef eg ekki mikið fyrir alla þessa uppástungu um jarlinn. Eg er líka hræddur um, eins og eg sagði áður, að hann yrði þinginu ofjarl og gæti ráðið öllu á Íslandi, hvað sem alþingi segði; hann gæti leyst upp alþingi og sett það alveg eptir geðþótta sínum. Eg man nú ekki, hvort eg á eptir að kasta nokkrum hnútum til baka af þeim, sem mèr hafa verið sendar, en ef svo er, þá skulu hlutaðeigendur fá þær við á-lyktarumræðuna. Hinn hæstvirti forseti þingsins fór þeim orðum um mig í ræðu sinni, sem eg ekki get skilið; hann sagði að eg hèldi fram frumvarpinu af smjaðri og þrælsótta fyrir stjórninni; hann þekkir mig og eg þekki hann; en eg vil minna hinn háttvirta forseta á, að það er ekki langt síðan, að eg talaði á móti konunglegu frumvarpi. Mèr gjörir illt, ef hann eða aðrir landsmenn hafa slíkar hugmyndir um mig, en eg ber það lètt, því meðvitund mín segir mèr, að eg sè eins góður Íslendingur og aðrir, sem hèr sitja á þingbekkjunum; eg er, ef til vill, svo óheppinn að geta ekki komið skoðunum mínum í þessu máli saman við skoðanir hins háttvirta forseta, af því eg álít annan veg beinni, en hann álítur. Eg er orðinn svo vanur að fá hnútukast í ýmsum málum, svo sem í kláðamálinu og spítalamálinu, að eg kippi mèr sannarlega ekki upp við það, en það þykir mèr þó illa farið, ef sannað verður, að eg sè verri Íslendingur en aðrir; en eg get sagt þessum mönnum, sem þykjast vera þjóðlegir, að eg veit sumt betur en þeir, og opt hefir mitt álit orðið ofan á eptir á. Eg sagði t. a. m. í nefndinni 1867 þessi orð: «Nú er vel boðið faðir, minn», og má og spyrja hina háttvirtu þingmenn: ætli okkur hefði ekki verið betra að káka ekkert við það frumvarp? og það held eg líka sè bezt, fyrir þingið að gjöra sem minnst núna, ef vèr viljum annars fá löggjafarvald og fjárforræði; það er eins og meiri hluti nefndarinnar álíti, að þegar frumvarpið verði að lögum, þá verði allt svo rígbundið, að vèr getum aldrei framar fengið nokkrum breytingum fram komið á þessari stjórnarskrá; en þetta er alveg röng skoðun; vèr fáum þá þvert á móti miklu frjálsara verksvið, en nú meðan þingið er ráðgefandi, og hvað sem svo hinn háttvirti þingmaður Árnesinga og aðrir þrástagla um, að ástandið, sem oss er boðið, sè ei betra, en það sem vèr höfum, þá veit eg að allur þorri bæði útlendra og innlendra skynsamra manna fellst eigi á þær skoðanir. Eg ætla nú ekki að tala meira í dag, og fer nú

burt til þess að vitja um sjúklinga mína og gegna skyldu minni í þá átt; en ef eg á nokkrum hnútum ósvarað, þá mun eg gjöra það við ályktarumræðuna, ef mèr þykir þær þess verðar.

Framsögumaður: Það er nú, ef til vill, torvelt fyrir mig að svara öllum spurningum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns; en þar sem hann beindi því að mèr, að eg hefði breytt skoðun minni í þessu máli síðan í hitt eð fyrra og 1867, þar sem eg í dag hefði viljað hafa óskipt þing, en áður barizt fyrir tvídeildu, þá skal eg taka það fram, að hann hefði getað sparað sèr spurningu þessa, ef hann hefði tekið rètt eptir því, sem eg sagði í dag, og það var, að skoðun min á tvískiptingu þingsins hefði aldrei verið mèr kappsmál; hann hèlt, hinn háttvirti þingmaður, langa prèdikun út af föðurlandsást sinni, og eg skal fúslega játa það, og efa það alls eigi, að hann er föðurlandsvinur og ann ættjörðu sinni engu minna en hver annar Íslendingur, en ekki get eg neitað því, að mèr finnst þessi ættjarðarást hans stundum koma fram í óheppilegum búningi, og með þessu hygg eg flestum mótbárum hins 3. konungkjörna svarað. Eg skal ekki fara að blanda mèr í þrætu þeirra hins 4. konungkjörna og þingmanns Árnesinga um rèttan skilning á 2. grein stöðulaganna 2. janúar þ. á.; en það verð eg að segja, að hinn 4. konungkjörni hefir engan rètt til að segja, að enginn geti þýtt lög rètt nema hann; enda er hægt að sanna, að hann hefir getað misskilið gildandi lög, engu síður en hver annar, og það optar en einu sinni. Eg get verið honum samdóma um það, að varauppástunga meiri hlutans um jarlinn er ekki sem heppilegast fram sett, og áskil eg nefndinni rètt til að laga hana og koma henni betur fyrir. Þingmaður Árnesinga hefir svarað þingmanni Rangæinga upp á útúrsnúning þann, er hann gjörði hjá nefndinni um rèttan skilning á 6. grein stöðulaganna, og skal eg að eins bæta því við, að dómsmálaráðgjafinn hefir einmitt skilið greinina eins og nefndin, svo sem ljóslega hefir sýnt sig í verkinu, á áætluninni 4. marz þ. á. Þingmaður Rangæinga verður því að beinast að ráðgjafanum, en ekki nefndinni með ákúrur sínar, og hann má víst ekki lá henni, þó hún fylgdi þýðingu ráðgjafans á grein þessari. Hinn háæruverðugi 5. konungkjörni þingmaður fann köllun hjá sèr til að skýra þinginu frá, að Monrad biskup, sem svo opt er búið að skýrskota til, hafi jafnan verið meiri vísindamaður en stjórnfræðingur, og að stjórnarstörf hans hafi farið mjög óheppilega, meðan hann sat að völdum í Danmörku. Það

stendur reyndar ekki á mèr, að halda svörum uppi fyrir þennan mann, en eg verð að segja það, að Monrad hefir verið jafnmikið ágættur fyrir stjórnspeki sína, sem vísindi, og að hann hefir verið talinn, og verður jafnan talinn einn af hinum mestu ágætismönnum, sem Danir hafa átt. Það er líka alveg rangt, að kenna honum um óhöpp Dana í stríðinu um hertogadæmin 1864, því eins og eg hefi áður tekið fram, leiddi stríðið af öfugri og einstrengingslegri stjórnaraðferð Dana í hertogadæmunum, svo að orsakanna til hinna óheppilegu afleiðinga stríðsins er að leita löngu á undan því, sem Monrad hafði á hendi stjórnarstörfin. Þar sem hinn sami þingmaður var að furða sig á því, að Monrad skyldi eigi hafa komið með uppástunguna um jarlinn, á meðan hann sat að völdum, þá getur nú þetta orðið skiljanlegt, þegar rètt er litið á málavöxtu. Danastjórn hafði víst um allt annað að hugsa en Íslands mál árin 1863 og 64, á meðan Monrad sat að völdum; enda er líklegt að hann hafi þá eigi verið búinn að fá þessa hugmynd um jarlinn. Eins og kunnugt er, flutti hann eptir það til Nýja-Sjálands og var þar nokkur ár. Þar kvað vera skipaður jarl til yfirstjórnar, og þar hefir hann einmitt fengið færi á að þekkja þvílíkt stjórnarfyrirkomulag. Það er því mjög líklegt, að hann hafi einmitt síðan komizt á þá skoðun, að sama stjórnarfyrirkomulag ætti einmitt bezt við hèr, og í þessu er eg honum alveg samdóma. Það hafa ýmsir fundið það að síðasta kafla nefndarálitsins, að hann væri of berorður, og miður heppilega orðaður. Þetta kann nú vel að vera; eg skal játa það að eg hefi átt mestan þátt í að semja hann, og það getur vel verið, að eg hafi eigi kunnað að haga orðum mínum svo sem vera hefði átt. En það vona eg allir verði að játa, að hèr kemur fram hin mesta hreinskilni, og það held eg að vor allra-mildasti konungur muni eigi misvirða við þegna sína, þó að þeir beri kveinstafi sína og kröfur upp fyrir honum með fullri einurð og hreinskilni. Það gleður mig annars, að enginn hefir getað hrakið með rökum eitt orð af því, sem sagt er í nefndarálitinu. Til þess samt að spilla ekki málinu með tómum orðaleik, skal eg áskilja mèr og nefndinni rètt til, að laga niðurlagsatriði yfirlýsingar-uppástungunnar, svo þau þurfi engan að hneyksla, því það eru einmitt þau, sem eiga að koma inn í álitsskjalið til konungs, en ekki ástæðurnar fyrir þeim. Hvað snertir varauppástungu þá, sem þingmaður Rangæinga ráðgjörði, þá getur vel verið að nefndin geti aðhyllzt hana, og áskil eg nefndinni rètt til að koma sèr saman við hann um það.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, þá er undirbúningsumræðu þessari lokið, og vil eg biðja þingmenn þá, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, að koma þeim til mín sem allrafyrst; því þar eð þingi á að verða lokið á mánudaginn, er alveg nauðsynlegt, að mál þetta geti komið til ályktarumræðu á föstudaginn.

Framsögumaður: Eg get ekki sèð, að unnt sè, að mál þetta geti komið til ályktarumræðu á föstudaginn, með því atkvæðaskráin verður víst mjög löng. Mèr virðist því brýn nauðsyn til að biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa, að lengja þingið enn um 2—3 daga, til þess að þetta mál verði bærilega af hendi leyst.

Forseti: Eg er í þessu tilliti samdóma hinum heiðraða framsögumanni; en nú er konungsfulltrúi eigi viðstaddur; vil eg því benda hinum heiðraða framsögumanni til, að mælast til þessarar lengingar við hann, þá er hann kemur næst á fund.

Eg ætla, að tími sè til, að taka til umræðu hið annað mál, er á dagskránni stendur, nefnil. málið um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands; framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður Rangvellinga, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill nú þegar taka til máls.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eg hefi eigi miklu að bæta við það, er eg áður hefi talað í máli þessu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fremur vel undir uppástungur nefndarinnar, að þeirri undanskilinni, er stendur undir 1. tölul. á atkvæðaskránni, enda bjóst eg aldrei við, að hann yrði nefndinni samþykkur í því atriði. Eg vil því leyfa mèr, að fara nokkrum orðum um þennan tölulið. Nefndin biður þar um, að leiðrèttur verði reikningshalli sá Íslandi í óhag, er fólginn virðist vera í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1871—72, 1. kap. 4. gr. Það er sem sè auðsèð, að 6. gr. laganna 2. jan. 1871 er misskilin í áætluninni, því skipagjald það, sem að undanförnu hefir verið lagt á farmrúm póstskipsins, og ráð er fyrir gjört að eptirleiðis verði lagt á, er ekki lagt á póstferðirnar sjálfar. Það er rangt að segja, að gjald þetta sè lagt á póstgufuskipið, því það er ekki skipagjald, heldur beinlínis lestagjald, því ef þetta væri skipagjald, þá ætti einnig að leggja það á öll önnur skip. En menn muna, að í verzlunarlögunum frá 1854 er gjald þetta lagt á farm, en eigi skip, og í umræðunum um þessi lög á ríkisþinginu var það tekið fram, að lestagjaldið væri vörutollur, sem hagfelldara þætti að leggja á með

þessu móti, en eins og síður er til í þeim löndum, þar sem nægilegt tolleptirlit og nægir tollþjónar eru. Eg vil biðja hinn heiðraða meiri hluta, að taka aptur uppástungu sína undir 5. tölul., því hún er að mínu áliti þessu máli óviðkomandi, og að eins til að spilla fyrir því.

Benidikt Sveinsson: Með tilliti til hinnar síðustu óskar hins hins heiðraða þingmanns, er nú settist niður, skal eg geta þess, að eg get eigi séð, að þessi uppástunga meiri hlutans undir 5. tölul. sé málinu óviðkomandi. Hann tók það fram, að dómstólarnir mundu gefa nefndinni rétt viðvíkjandi reikningshalla þeim, sem nefndur er í 1. tölul., en má eg þá spyrja: mundi þetta eigi geta átt sèr stað um fleiri reikninga? Jú! eptir þessu, og eptir þingmannsins eigin setning, ættu Íslendingar að geta fengið hverja helzt rètta og lögfulla krôfu uppfyllta hjá Dönum með úrslitum dómstólanna. Eg skal að öðru leyti leyfa mèr, að lesa upp kafla úr þingtíðindunum 1869, úr ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, er þannig hljóðar:

«Það er eptir minni meiningu kostur frumvarpsins, að þegar það verður lögleitt, eiga öll skuldaskipti Íslands og ríkissjóðsins að vera á enda kljáð, án þess að alþingi nokkru sinni hafi verið gefinn kostur á að rannsaka þessi skuldaskipti; því eg er fyrir mitt leyti sannfærður um það, að rèttur reikningur — en það er einungis hann, sem gjörir góða vini — muni sýna allt önnur úrslit, en sá, sem fljótlega er gjörð tilraun til í nefndarálitinu, þar sem einstök atriði viðskiptanna milli Danmerkur og Íslands eru tekin til greina á þann hátt, sem enginn nýtur reikningsmaður getur gjört það, en hinum atriðunum alveg sleppt. Eg er fyrir mitt leyti öldungis sannfærður um, að það mundi verða Íslandi til mikils skaða, ef rèttur reikningur ætti að leggjast til grundvallar við fjárhagsaðskilnaðinn, og þess vegna álít eg það mjög heppilegt, að um það getur eptir málsins eðli aldrei orðið spursmál, og eg skal þess vegna ekki spilla þingtímanum með að ræða þetta spursmál, sem eins og stendur er þessu máli alveg óviðkomandi».

Meiri hlutinn biður nú hèr ekki um annað, en rètta reikninga, og ætlast til, að þeir «gjöri góða vini», Íslendinga og Dani, einmitt eins og konungsfulltrúinn hefir þannig fyrir tveimur árum bent oss Íslendingum á! Þessu vona og að enginn geti haft á móti.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að fylgja hinum heiðraða þingmanni Árnesinga út í efnið í uppástungu meiri hlutans undir 5. tölul., en eg verð að leyfa mèr að segja, að hún sè formlega

röng. Eða er það eigi ósamkvæmni, að ákveða fast fjártillag, 60,000 rd., og biðja þó um rannsókn á reikningunum milli vor og Dana? Þessi uppástunga heyrir beinlínis undir annað mál, eins og eg hefi áður sagt. (*Benidikt Sveinsson*: Hvaða mál?) Stjórnarstöðulögin.

Jón Sigurðsson: Hinn heiðraði framsögumaður villist í þessu efni að mínu áliti. Meiri hluti nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu hefir eigi nefnt neina vissa upphæð í yfirlýsingaruppástungum sínum; hann hefir að eins lýst því yfir, að þeir 30,000 + 20,000 rd., sem eptir stöðulögunum eiga að greiðast til Íslands úr ríkissjóðnum, sèu að eins afborgun skuldar þeirrar, er talið er að Ísland eigi hjá ríkissjóðnum. Mèr getur heldur eigi sýnzt uppástungan undir 5. tölul. koma í nokkru tilliti í bága við hina aðra töluliði á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Eg bið forláts, hafi eg rangbermt þetta; en eg vil leyfa mèr, að benda á 21. bls. nefndarálitsins, og sýnist mèr, að rèttast sè, að ræða um þessa uppástungu undir 5. tölul. um leið og niðurlagsatriði nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu. Eg vil enn þá biðja hinn heiðraða meiri hluta, að spilla eigi fyrir því máli, sem hèr er um rætt, með þessari uppástungu.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn, að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir munu hafa fyrir sèr prentaða.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þannig. (Sjá II, bls. 484).

Að lokinni atkvæðagreiðslunni var lesin upp og samþykkt:

Bænarskrá til konungs um stofnun sjómannaskóla á Íslandi. (Sjá II, bls. 485).

Forseti ákvað því næst fund næsta dag kl. 11, og sagði

Fundi slitið.

---

36. fundur. — 17. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að jafnvel þótt eg hafi skorað á þingmenn, að koma fram með breytingaratkvæði sín í stjórnarmálinu, hefi eg enn þá einungis tekið á móti fám uppástungum frá þeirra hendi, en með því þingtiminn, eins og konungsfulltrúi hefir látið í ljósi við oss, er farinn að styttast, bið eg þingmenn að nota tímann sem bezt og fá mèr ekki seinna en við enda fundarins breytingaruppástungur þær í hendur, er þeir vilja að teknar séu til greina.

Viðvíkjandi því, sem kemur fyrir í dag til umræðu, þá er fyrst að taka til umræðu hið konunglega frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa yfirdómara Benidikt Sveinssyni. Þetta frumvarp er til undirbúningsumræðu. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga er framsögumaður í málinu, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá málinu, það sem nauðsynlegt er.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 488).

Eg finn eigi ástæðu til þess að lesa upp fylgiskjölin, en vil geyma mèr rètt til þess síðar, ef við þarf og umræðurnar í málinu gefa tilefni til þess.

Konungsfulltrúi: Eg skal einungis fara fáum orðum um nefndarálit það, er nú var lesið upp. Í þessu máli ræðir, eins og auðsætt er, ekki um það, hvort embættismanni þeim, er á hlut í málinu, hafi borið að víkja úr embættinu, heldur einungis um það, hvaða eptirlaun honum eigi að veita, eptir að búið er að víkja honum frá. Eg skal þess vegna leiða hjá mèr að ræða ástæður þær, sem hafa ollað þessu. Hans hátign konungurinn hefir álitið ástæður þessar nægilegar, og um það, hvort þessi úrskurður konungsins sè byggður á nægilegum rökum, geta dómstólarnir sjálfsagt ekki dæmt, því úrskurðir konungsins liggja ekki undir dómstólana. Eg get þess vegna ekki fallizt á niðurlagsatriði hins heiðraða meiri hluta nefndarinnar, og eg skal bæta því við, að eptir bráðabyrgðartilsk. frá 1. apríl þ. á. eru eptirlaunin ákveðin þangað til frumvarp það, sem hèr liggur fyrir, verður lögleitt með breytingum þeim, sem tillögur þingsins gefa tilefni til. Að fela dómstólunum að ákveða upphæð eptirlaunanna, getur heldur ekki átt sèr stað, af því lögin frá 31. maí 1855, eins og hinn heiðraði minni hluti tekur fram, beinlínis ákveða, að eptirlaunin skuli ákveða með sèrstöku lagaboði, þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættistöpun eptir dómi. Að

svo miklu leyti er eg hinum heiðraða minni hluta samdóma, en hvað snertir upphæð eptirlaunanna, skal eg skjóta því til afgreiðslu þingsins, hvort ástæða sè til að mæla með, að þeim embættismanni, sem vikið er frá samkvæmt 6. gr. tilsk. 31. maí 1855 verði veitt sömu eptirlaun og þeim embættismanni, sem vegna aldurs eða lasleika er veitt lausn frá embætti sínu.

Hvað snertir endurborgun þá upp á lán, sem assessor B. Sveinsson hefir þegið af lífsfjár- og framfærslustofnuninni, eptir því sem segir í ástæðunum bls. 5, skal eg geta þess, að þessari endurborgun, að því mèr er kunnugt, nú er komið fyrir á annan hátt, en ráð var fyrir gjört, þegar frumvarpið var samið.

Framsögumaður: Eg skal eigi fara langt út í þetta mál að óþörfu, en eg verð að lýsa því yfir, sem tekið er fram fulljóslega í nefndarálitinu af meiri hluta nefndarinnar, að hann treystir sèr eigi til þess að ráða þinginu til, að kveða upp nokkurt álit um málið að svo stöddu, og eptir skýrslum þeim, er nefndin hefir tekið á móti frá hlutaðeiganda um málið, er auðsætt, að dómstólarnir verða að meðhöndla það, áður en þingið getur nokkuð sagt um eptirlaunin. Það er skoðun vor á máli þessu, að þingið þurfi að sjá fyrst, hvort þær orsakir, sem urðu þess ollandi, að yfirdómara B. Sveinssyni var vikið frá embætti, eru svo saknæmar, að hann eigi að missa eptirlauna sinna. Þetta er fyrsta mál, sem lagt hefir verið fyrir alþingi þessa efnis, að embættismanni hafi verið vikið frá á unga aldri, og án þess það sè sannað, að hann hafi gjört það fyrir sèr, er varðað gæti embættistöpun. Það er í principinu ekki heldur rètt eða aðgengilegt, að það skuli við gangast í nokkru því landi, hvar hin almenna menntun á að vera farin að ryðja sèr til rúms, og þar sem einhver snefill er af frjálsræði, að það skuli við gangast, segi eg, að dómara á bezta aldursskeiði sè vikið frá án dóms og laga og hann settur upp á eptirlaun. Að vísu ræður minni hluti nefndarinnar til, að þingið stingi upp á fullum eptirlaunum handa yfirdómara B. Sveinssyni, en eg sè eigi á hverju hann byggir það, nema á meðaumkunarsemi sinni, sem að sönnu ei er lastverð, en sem eigi sýnist við eiga, þar sem um þetta efni er að ræða.

Erlendur Gottskálksson: Eg óska skýrslu hlutaðeiganda lesna upp.

Forseti: Frá minni síðu er ekkert í vegi fyrir því.

Konungsfulltrúi: Má ekki skjóta því til atkvæðagreiðslu þingmanna?

Forseti: Eptir áskorun hins háttvirta konungsfulltrúa skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort þeir óska, að fylgiskjölin yrðu lesin upp.

Síðan var leitað atkvæða um þetta, og urðu 6 atkvæði ein með upplestrinum, og fèll hann þar með burtu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg ætlaði eigi að taka til máls, og ætlaði bezt, að enginn talaði, en fyrst eg nú hefi tekið til máls, þá gleður það mig að geta vottað, að það var mèr ánægja að heyra, að konungsfulltrúi fèllst helzt á tillögur mínar í nefndinni. Eg óska þess, að bæði hann og aðrir hèr á þingi mættu alveg færast á mál mitt; og skal eg svo ekki tala fleirum orðum að sinni.

Forseti: Óskar nokkur fremur að taka til máls? (þögn) Fyrst það er ekki, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá liggur næst fyrir ályktarumræða um hið konunglega frumvarp um sveitastjórn á Íslandi, og skýt eg því til hins háttvirta framsögumanns, þingmanns Dalamanna, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (*Guðmundur Einarsson*): Eg tel það bezta fyrirboða, að þessu frumvarpi hefir verið svo vel tekið hèr á þinginu, og eg er sannfærður um, að þegar það kemur út sem lög með þeim breytingum, sem þingið stingur upp á við það, verði það í lagalegum skilningi góð rèttarbót, og í þjóðlegu tilliti bezta fèlagsbót, því fleira mun rætt á sýslufundum en það, sem lögin ákveða. Þessi atkvæðaskrá er nú býsna-löng, og tíminn orðinn naumur fyrir þinginu; eg skal því reyna til að vera sem orðfæstur, og það vona eg að hinir aðrir heiðruðu þingmenn einnig gjöri sèr far um. Eg skal því að eins tala um þær breytingar, sem eru gagnstæðar skoðun nefndarinnar, og skýra jafnframt málið að nokkru. Hvað breytingaratkvæðið undir 6. tölul. snertir, þá er ákvörðun frumvarpsins miklu frjálslegri, og ræð eg því þinginu til þess að fallast á hana. Hvað breytingaratkvæðið undir 7. tölul. snertir, þá er það sprottið af misskilningi, og ræð eg því þinginu frá að aðhyllast það. Hvað breytingaratkvæðið undir 10. tölul. snertir, þá er það auðsjáanleg efnisbreyting, sem er bæði á móti anda frumvarpsins og stefnu nefndarinnar, því að það getur vel verið, að þótt hlutaðeigandi eigi hafi þegið óendurgoldinn sveitarstyrk í þeim hrepp, sem hann er í, þá getur þó vel verið, að hann hafi þegið óendurgoldinn sveitarstyrk í öðrum hreppum. Eg ræð því þinginu frá

að samþykkja þennan tölulið. Hvað breytingaratkvæðið undir 22. tölul. snertir, þá virðist mèr það óviðkunnanlegt að nema þessa ákvörðun burtu, og ræð því þinginu frá að aðhyllast það. Hvað breytingaratkvæðið undir 34. tölul. snertir, þá legg eg það á þingsins vald, hvort það fellst á það, eða eigi, en nefndin hafði þá skoðun, að láta úrskurð sýslunefndarinnar einnar gjöra út um þess konar málefni. Hvað breytingaratkvæðið undir 38. tölul. snertir, þá er það athugavert, ef það er samþykkt, þá sè eg ekki betur, en að oddvita vanti um tíma, þar sem talsverður tími getur liðið milli kosninga. Hvað breytingaratkvæðið undir 54. tölul. snertir, þá legg eg það með öllu á þingsins vald. Sumum virðist orðið landstjóri þýðingarmeira og nær íslenzku máli en landshöfðingi. Breytingar þær, sem byrja með 55. tölul. eru eptir því, sem hverjum finnst. Það er sjálfsagt, að ef ný vegabótalög koma út, þá falla þessar innvitnanir, sem í frumvarpinu standa, nefnil. tilskipun 12. marz 1861, úr gildi. Hvað 60. tölul. snertir, þá miða báðar málsgreinirnar að eins til þess, að ákveða nákvæmar verkasvið hreppsnefndarinnar, og virðast mèr þær báðar vera til bóta og skýringar, og ræð því þinginu til, að taka þær til greina, og ef þingið gjörir það, þá fellur burt 63. tölul. Hvað 67. tölulið snertir, þá fæ eg eigi sèð, að orðið «gjaldþegnar« sèu í nokkru betra en «hreppsbúar»; en varaatkvæðið er eigi rètt hugsað, því að það eru fleiri sem aukaútsvör eiga að greiða en þeir, sem telja fram fè til tíundar. 68. tölul. tekur nefndin aptur, en hefir þar á móti bætt inn í ákvörðun um ákveðinn gjalddaga. Á umræðunum við undirbúningsumræðu þessa máls varð nefndin þess áskynja, að þorri þingmanna mundi hallast að því, að hafa gjaldagann ákveðinn, og hefir hún því undir 80.—82. tölul. lagað þar eptir uppástungu sína, einmitt til þess að eigi kæmu fram margar breytingar, sem rækju sig hver á aðra; þess vegna virðist mèr rèttast að bera fyrst upp til atkvæða 80. og 81. tölul., og væri æskilegast, ef uppástungumennirnir vildu taka töluliðina, sem um gjalddagann hljóða, aptur, svo að eigi þyrfti að greiða atkvæði um þá. Hvað breytingaratkvæðin undir tölul. 71.—75. snerta, þá legg eg það á þingsins vald, hvað það af ræður í því efni. Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess, að allt það, sem farið er fram á í þessum tölulið, er innifalið í orðinu: «aðfinningar» í fyrri hluta greinarinnar, því að þær geta verið með svo mörgu móti, og að svo miklu leyti eru þessir töluliðir að eins til útskýringar, en hafa alls engin áhrif á

efnið. 107. tölul. hefir nefndin tekið aptur samkvæmt þeim bendingum, er hinn háttvirti konungsfulltrúi gaf henni við undirbúningsumræðu málsins. Breytingaratkvæðið undir 109. tölul. er eigi rètt hugsað, og ræð eg því þinginu til þess að fallast eigi á það. Í nefndinni geta líka verið 7 eða 9, sèr í lagi ef það á að verða ofan á, að prófasturinn sè sjálfkjörinn í nefndina. Hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 110. snertir, þá legg eg það alveg á vald þingsins, hvort það aðhyllist í þessu frumvarpið eða tillögur nefndarinnar; mèr finnst það eigi standa á svo mjög miklu, þótt þingið fylgi í þessu efni ákvörðun frumvarpsins, sèr í lagi ef það þá líka samþykkir tölul. 111. a. Eg get ómögulega fallizt á breytingaratkvæðið undir 112. tölul. Hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 113. áhrærir, þá er eg ekki á móti efni þess, en það er svo orðað, að sè það sett inn í greinina, eins og það liggur fyrir, þá kemur það mjög illa við. Hvað viðaukaatkvæðið undir 115. tölul. snertir, þá er það eigi formlega rètt, því að, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi ljóslega tók fram við undirbúningsumræðu þessa máls, er sýslunefndarmaðurinn eigi fyrir hvern einstakan hrepp í sýslunni, heldur fyrir alla sýsluna í heild sinni, það á því eigi við að skylda hann til með lagaboði, að flytja mál einhvers tiltekins hrepps á fundinum; hitt er annað, þótt hann sè beðinn í kyrrþey að fylgja máli einhvers tiltekins hrepps, og taka málstað hans á fundinum. Um 126. tölul. skal eg eigi fara mörgum orðum, og eigi dæma um, hvort ráðlegt sè að takmarka þessa 2 sýslufundi, sem til eru teknir í frumvarpinu, að eins við einn sýslufund á ári, því að það má segja margt um það bæði með og móti. En verði ákvörðun frumvarpsins breytt þannig, að einungis einn sýslufundur verði lögskipaður á hverju ári, þá skal eg ráða þinginu til að fallast heldur á 126. en 127. tölulið. Eg skal fúslega játa, að það er miklum örðugleikum bundið, að halda þessa 2 sýslufundi á ári hverju, og að það er miklu betra, að hafa einn fund, ef hann er vel sóttur, heldur en 2, ef þeir eru illa sóttir. En á hinn bóginn er það líka auðvitað, að það getur opt dregizt lengur, að málin verði leidd til lykta, ef að eins einn sýslufundur er ákveðinn, og það enda þótt leyft sè að halda aukafundi, ef þörf gjörist. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir 141. tölul. skal eg geta þess, að mèr virðast þau orð, er þar standa, vera betur valin og eiga betur við. Aptur á móti virðist mèr breytingaratkvæðið undir 142. tölul. vera allt of takmarkað, því að geldfè gengur víðar, en þar

sem kallaður er almenningur, og eins er það, að gren finnast opt í heimahögum, og það er venja hèr í landi, að bæði fjársöfn úr heimalöndum og grenjaleitir í þeim heyri undir yfirumsjón hins opinbera, enda þótt menn sèu eiginlega sjálfir lögskyldaðir til þess, hver í sínu landi, að leita löndin og hreinsa þau, sem menn kalla, og verð eg því beinlínis að ráða þinginu frá að fallast á 142. tölul. Uppástungurnar undir 148. og 149. tölul. fara því fram, sem er beinlínis gagnstætt tillögum nefndarinnar, og hefir nefndin tekið fram í áliti sínu ástæðurnar fyrir þessum tillögum sínum, og gjörist þess því eigi þörf fyrir mig að ítreka þær aptur; eg sleppi því að minnsta kosti fyrst um sinn. Hvað 154. tölul. snertir, þá er það rètt, að þau orð eiga að standa í greininni, og hefir það orðið af vangá fyrir nefndinni að fella þau burtu. Hvað breytingaratkvæðið undir 167. tölul. snertir, þá leggur nefndin mikla áherzlu á það, að hennar tillögu sè fylgt í því efni, nefnilega að þeir, er í amtsráðinu sitja, sèu að eins kosnir til 3 ára, því að auðsætt er, að þar sem svo fáir eiga að sitja í því, þá ríður mjög á, ef illa hefir tekizt til með kosninguna, að fljótt verði kosið um aptur, en hafi vel tekizt til með kosninguna, þá gjörir það heldur ekkert til, þótt kosið verði um aptur, því að þá verður sami maðurinn kosinn aptur, svo að það getur eigi valdið neinum baga. Eg hefi eigi ástæðu til að segja meira að svo komnu um málið.

Konungsfulltrúi: Eptir því, hvað hin heiðraða nefnd hefir tekið vel í frumvarp það, sem hèr ræðir um, og eptir því sem undirbúningsumræðurnar fèllu, gjöri eg ráð fyrir, að þinginu muni heppnast að greiða fyrir þessu umfangsmikla og mikilsvarðandi máli upp á hið bezta.

Eg hefi við undirbúningsumræðuna skýrt þinginu frá, að eg gæti fallizt á flestar uppástungur nefndarinnar, og eg skal að svo miklu leyti leiða hjá mèr, að ítreka það, sem eg í því tilliti hefi tekið fram við undirbúningsumræðuna. Eg skal einnig sleppa að ræða þær breytingaruppástungur, sem á atkvæðaskránni standa og sem mèr virðast vera annaðhvort orðabreytingar, eða frumvarpinu til skýringar, eða í sjálfu sèr lítilsvarðandi, að því leyti mèr þykir standa á sama, hvort þær verða teknar til greina eða ekki. Hvað hinar aðrar uppástungur snertir, skal eg fara fáeinum orðum um þær.

Breytingin undir tölul. 10., að bæta «þar» við, er í sjálfu sèr ekki þýðingarmikil efnisbreyting, en ákvörðun frumvarpsins þykir

mèr eiga betur við, þar sem sá, er þegið hefir óendurgoldinn sveitarstyrk, þó að það sè í öðrum hreppi, varla getur orðið talin alveg «solvent» (borgunarfær).

Þingið hefir ekki aðhyllzt álíka uppástungu frá þingmanni Vestmannaeyja við frumvarpið um bæjarstjórn í Reykjavík um aldur og hlutkesti, eins og uppástunga hans undir tölul. 23.; eg gjöri þess vegna ráð fyrir, að þingið heldur ekki við þetta frumvarp vilji láta aldur, heldur hlutkesti ráða.

Uppástungur hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga undir tölul: 32. og 34. eru í efninu samsvarandi ákvörðun frumvarpsins í 9. grein, og get eg þess vegna fallizt á þær.

Breyting hins heiðraða þingmanns Suður-Múlasýslu undir tölul. 57. getur ekki staðizt með ákvörðun frumvarpsins í 37. gr. 1. kafla, að sýslunefndirnar skuli ráða því, hvernig verja eigi vegabótagjaldi því, sem hèr ræðir um, og þar sem hinn heiðraði þingmaður ekki hefir gjört tilsvarandi breytingaruppástungu við þessa grein, skal eg skjóta því til hans að taka tölul. 57. aptur.

Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu hefir undir tölul. 60. stungið upp á að bæta 2 nýjum greinum inn í frumvarpið viðvíkjandi störfum þeim, sem ætluð eru hreppanefndunum. Hvað hina nýju 18. gr. snertir, fæ eg ekki sèð betur en að hún sè alveg í samkvæmni við stefnu frumvarpsins og að nokkru leyti fólgin í ákvörðunum þess; eg skoða því þessa breytingu sem frumvarpinu til skýringar. Hin nýja 17. gr. er þar á móti verulegri efnisbreyting, þar sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, að eptirlit það, sem uppástungan ræðir um, verði falin sýslunefndunum á hendur, og að hreppstjórinn eigi fyrir hönd sýslunefndarinnar að framkvæma þetta eptirlit. En mèr virðist að öðru leyti ekkert vera því til fyrirstöðu, að fela hreppanefndunum þessi störf á hendur undir yfirumsjón sýslunefndanna, sem eptir 37. gr. II. eiga að semja reglugjörðir um málefni þau, sem hèr er um að ræða, og eg skal þess vegna, ef þingið aðhyllist uppástunguna, ekki mæla á móti henni.

Eg skal einnig mæla með uppástungu hins heiðraða þingmanns undir tölul. 73. af ástæðum þeim, sem eg hefi tekið fram við undirbúningsumræðuna bæði í þessu máli og um frumvarpið um bæjarstjórn í Reykjavik við álíka grein. Þar sem hin heiðraða nefnd hefir tekið þá bendingu til greina, sem eg gaf við undirbúningsumræðuna, skal eg mæla með tölul. 80. og 82.

Ef þingið aðhyllist uppástungu nefndarinnar undir tölul. 102.,

að breyta «helmingi» eptir frumvarpsins 24. gr. 4. stafl. í «þriðjung», get eg fyrir mitt leyti fallizt á þessa uppástungu.

Þar sem hin heiðraða nefnd undir tölul. 107. hefir tekið uppástungu sína um breytingu á 25. gr. aptur, vona eg að þingið aðhyllist þessa grein óbreytta.

Eg skal með tilliti til spursmálsins um það, hvort hèraðsprófasturinn eigi að vera sjálfkjörinn í sýslunefndina, skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna.

Við 27. gr. var sá verulegasti ágreiningur milli mín og hinnar heiðruðu nefndar; en þar sem eg við undirbúningsumræðuna hefi leitt rök að því, hvers vegna kjördæmaskiptinguna eptir minni meiningu eigi að kjósa heldur en uppástungu nefndarinnar um að láta hvern hrepp vera kjördæmi sèr, og þá í hinum stærri sýslum láta nokkra hinna minni hreppanna stöðugt á víxl vera alveg órepræsenteraða eða fulltrúalausa í sýslunefndinni, skal eg skýrskota til þeirra ástæðna, sem eg þar hefi tekið fram, og skjóta því til þingsins með atkvæðagreiðslu sinni að skera úr þessum ágreiningi milli nefndarinnar og mín.

Hvað tölul. 116. og 127. snertir, er það eins og hinir heiðruðu uppástungumenn tóku fram við undirbúningsumræðuna með tilliti til þess kostnaðar, sem fleiri árlegir sýslufundir munu hafa í för með sèr, að þeir hafa stungið upp á þessari breytingu. Mèr þykir það ekki að síður, þó að eg sè hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að mjög æskilegt sè að gjöra fundi sýslunefndanna svo kostnaðarlitla sem unnt er, ísjárvert að fallast á þessa breytingu, sèr í lagi þegar litið er til þess eptirlits, sem sýslunefndirnar eptir 36. gr. eiga að hafa með hreppanefndunum og hreppareikningunum; í tölul. 126. er nefnilega gjört ráð fyrir því, að þessi eini fundur egi að vera á ári hverju að vorinu, en þar sem reikningsár hreppsins eptir 18. gr. er fardagaárið, er auðsætt, að afleiðing breytingarinnar mundi verða sú, að hreppsreikningarnir mundu ekki verða endurskoðaðir og úrskurðaðir fyrri en að ári liðnu, og þetta virðist mèr mjög óheppilegt. Ekki getur sýslunefndin heldur hæglega á vorin, áður en búið er að framkvæma þær vegabætur, sem fyrirætlaðar eru það ár, ákveðið, hvernig verja eigi vegabótagjaldinu til næsta árs. Ef tveir reglulegir fundir verða ákveðnir, eins og frumvarpið stingur upp á, mun einnig fundarhaldið í hvert skipti verða töluvert styttra og þeim mun kostnaðarminna, en ef að eins 1

fundur verður haldinn á ári. Eg skal þess vegna mæla í móti þessum 2 töluliðum.

Þar sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, að tala nefndarmanna standi ávallt á stöku, er ákvörðunin í 32. gr. um að helmingurinn að minnsta kosti af öllum nefndarmönnum eigi að vera viðstaddur til þess að sýslunefndin geti gjört einhverja ályktun, samkvæmt þeirri hugsun, sem liggur í tölul. 130. og 131., og það er þess vegna komið undir atkvæðagreiðslunni við tölul. 116., hvort samþykkja skuli þessa töluliði, eða 32. gr. óbreytta.

Hvað viðvíkur tölul. 142. álít eg hann óþarfan, því mér virðist það sjálfsagt, að ákvörðun frumvarpsins 37. gr. 2. kafla eigi ekki við um afrétti, sem háðir eru eignarrétti einstakra manna.

Með tilliti til tölul. 146. og 147. skal eg skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, og viðvíkjandi tölul. 148., sem að efninu liggur frumvarpinu nær en uppástunga nefndarinnar, að eins benda til að orðatiltækið: «eptir samkomulagi við landsstjórnina» virðist mér óheppilegt, vegna þess að það gjörir ráð fyrir, að þetta atriði eigi að ákveða sérstaklega fyrir hverja sýslu, og vegna þess að samkomulag milli sýslunefndarinnar og landsstjórnarinnar eptir frumvarpinu að öðru leyti ekki á sér stað, heldur ákvörðun sýslunefndarinnar með samþykki landsstjórnarinnar.

Hvað snertir aðalbreytingu hinnar heiðruðu nefndar um skipun amtsráðanna hvers í sínu amti hefi eg við undirbúningsumræðuna nægilega skýrt tekið það fram, að eg fyrir mitt leyti ætla að mæla með henni, ef þingið aðhyllist hana, og þar sem hinar einstöku breytingar nefndarinnar við þennan kafla virðast mér vel tilfallnar og samkvæmar aðalbreytingunni að undantekinni þeirri, sem snertir kosningartíma þeirra 2 þjóðkjörnu nefndarmanna, skal eg ekki orðlengja um þennan kafla, en að eins mæla með tölul. 167.

Sigurður Gunnarsson: Flest breytingaratkvæði mín á atkvæðaskrá þessari eru að eins orðabreytingar, og er það á valdi þingsins, hvort það aðhyllist þær eða ekki. Eg bar þær flestar fram í því skyni, að lagfæra orðfærið á frumvarpinu, og er það reyndar víða komið undir tilfinning hvers eins, hvort þessar breytingar eru málinu til bóta; nefndin hefir gjört sér far um að laga flesta lökustu málgalla í frumvarpinu. Eg bæti að eins fáu við, og vil eg eigi eyða tíma til að mæla með því nema sem minnst. Breyting-

aruppástungan í 37. tölul. stendur á litlu; en eg veit, að upp til sveita eru menn vanir við að þeir, er fyrir nefndum standa, kallist »formenn» en eigi »oddvitar», þótt það sè líka gott og gilt orð. Breytingaratkvæðið í 47. tölul. getur varla talizt annað en orðabreyting, og skal eg því eigi tala meira um það. Þá er 55. tölul. Um hann get eg þess, að vera má, að mèr hafi gleymzt að gjöra breytingaratkvæði um líka tilvitnun fyr í frumvarpinu. Eg gjörði þetta breytingaratkvæði, af því að mèr er svo illa við vegabótalögin nýju, að eg vil með engu móti, að vitnað sè til þeirra í þessum lögum; enda er og líklegt, að þeim verði bráðum breytt, og þá verða ávallt til einhver vegabótalög, og er þá harðla nóg að vitna hèr til vegabótalaganna, hver sem þau verða. Þegar vel er aðgætt, þá er 57. tölul. ekki nema orðabreyting samkvæm 55. tölulið. Eptir því, sem mig minnir að eg skrifaði, þá á ekki að standa hèr «vegabótalögum», heldur «vegabótalögunum». Með 74. tölul. ætla eg eigi mikið að mæla, því eg vonast eptir, að þingið samþykki 73. tölul., með því það er að mestu leyti sama efni og í frumvarpsgreininni, sem mèr fellur vel í geð. 78. tölul. fer því fram, að ákveða gjalddagann, og fellur mèr sú uppástunga bezt af öllum um það efni, því mèr finnst nefndinni eigi að vera heimilt að lögum að umlíða menn um gjaldið; skil eg samt að þetta stendur ekki á miklu; það sem lögin banna ekki, það leyfir nefndin sèr. 97. tölul. er að vísu ekki kallaður orðabreyting, en hann er að eins til skýringarauka, en engin breyting á efni. 114. tölul. hefir nefndin samþykkt, og mun þingið aðhyllast hann, því mèr getur ekki betur sýnzt, en nefndin hafi gleymt þessu í nefndarálitinu. Á móti 115. tölul. mælti framsögumaður, og má vel vera, að hann hafi mikið til síns máls, því litlu hrepparnir geta auðsjáanlega falið mál sín á hendur manni úr stórum hrepp, eins vel og úr hinum minna; enda er auðvitað, að nefndarmenn gæta eigi einungis rèttar síns eigin hrepps, heldur og allra hreppa sýslunnar í flestum málum. 123. tölul. hefir nefndin samþykkt, enda er auðfundið, að sú breyting fer betur. 141. tölul. er orðabreyting, er eg vona sè til bóta, og svo er þar bætt við orðinu: «rèttir»; en það kann að vera, að það sè rèttara, að láta það heyra undir hreppanefndirnar, en «fjársöfn» er eflaust rèttara en eins og stendur í frumvarpinu. Hvað 147. tölul. snertir eða minn viðbæti, þá er það komið undir þinginu, hvort það vill aðhyllast hann; eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að mèr þætti fara betur, að hver

sýsla bæri sínar byrðar, en að kostnaðurinn kæmi á allt amtið eptir niðurjöfnun til jafnaðarsjóðsins. Uppástunga nefndarinnar getur valdið talsverðum ójöfnuði milli sýslna, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna. Um breytingaratkvæði mitt undir 167. tölul. skal eg eigi fjölyrða. Eptir 30. grein, sem nefndin hefir fallizt á, á að kjósa sýslunefndarmenn til 6 ára, og fannst mèr samkvæmt því, að sama reglan ætti að gilda um þá, sem kosnir eru til amtsráðanna, þó skilst mèr það vel, sem framsögumaður sagði, að betra væri, að kosningin gylti eigi nema til 3 ára, ef menn væru óánægðir með amtsráðið. Mèr getur eigi annað en fundizt, að 168. tölul. breyti til betra, því það er þó varlegra, að hafa 2 menn til vara en 1, en einkum er það, ef kosið væri til 6 ára. Breytingaratkvæði mitt undir 185. tölul. er að sönnu lítilsvert, en mèr finnst það þó fara fram á það, sem augljóst er að svo verður að vera eptir breytingum nefndarinnar á sameinuðu amtsráði í fleiri amtsráð. Í 49. gr. frumvarpsins eru nefndir amtssjóðir, því þar er um fleiri ömt að ræða; en hèr finnst mèr ekki geta verið talað um nema 1 sjóð, og því verði hèr að vera eintala í staðinn fyrir fleirtölu.

Ólafur Pálsson: Það var að eins eitt atriði, sem eg vildi minnast á, og það er að eg álít að rèttast sè að fylgja 26. gr. frumvarpsins eins og hún er, að hèraðsprófastur sè sjálfkjörinn í sýslunefndina; eg segi þetta af reynslu, því eg hefi vitað til þess, að þegar prestur hefir orðið var við, að barnafræðsla hefir verið vanrækt einhvers staðar í sókn hans, og hefir viljað taka börnin upp þaðan, og snúið sèr um það til hreppstjóranna, þá hafa þeir eigi viljað sinna því, þó þeir annars hafi verið liðlegir menn, af því þeir hafa haft einhvern sparnað fyrir hreppinn í huga, og ekki heldur hefir prestur komið neinu áleiðis við sýslumann, en þá hefir þetta fyrst lagazt þegar prófastur hefir tekið í taumana, og þá hefir aðstoð sýslumanns fengizt til að hrinda þessu í lag. Þetta virðist mèr benda til, að líkt gæti einnig komið fyrir í sýslunefnd, og því hygg eg nauðsynlegt, að hèraðsprófasturinn sè sjálfkjörinn í sýslunefndina, og það komi vel í hag, að hann sè þar, til að gefa skýringar um þvílík mál. Eg tek þetta að eins fram til skýringarauka; eg hefi ekki annað að tala, því nefndin hefir gengið svo vel frá starfa sínum í þessu máli.

Þórður Jónasson: Eg skal að eins geta þess út af 73. tölul., sem er sama og 2. kafli 17. greinar, að eg hygg það væri ósam-

kvæmni af þinginu, að samþykkja hann, þar sem það hefir fellt sömu ákvörðunina í bæjarstjórnarfrumvarpinu, og þessi ákvörðun er, að hver og einn megi kvarta yfir sveitarútsvari annara en sjálfra sín. Að þessu vildi eg leiða athygli þingsins.

Helgi Hálfdánarson: Eg skal ekki tala mikið um breytingaratkvæði mín; eg býst við, að þau muni ekki fá góðan byr hjá þinginu hvort sem er. Eg ætla samt að taka það fram, að eg gat eigi skilið það, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði um tölul. 38., að nefndin gæti orðið oddvitalaus um lengri tíma, ef uppástungu minni þar yrði framgengt. Eptir frumvarpinu eiga kosningar til nefndarhlutans að fram fara á vorin og oddvitakosningin að gilda frá vori til vors, svo það yrði aldrei langur tími, sem á milli liði, og þá gæti hinn fyrri oddviti eða aldursoddviti nefndarinnar staðið fyrir á meðan, ef á þyrfti að halda. Viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu undir 23. tölul. skal eg geta þess, að það er að minu áliti siðferðisleg frumregla, að menn eiga ekki að láta tilviljunina ráða gjörðum sínum, og mun eg enn standa upp fyrir þessu breytingaratkvæði mínu, þótt enginn annar standi upp með mèr. Þar sem framsögumaður sagði um 109. tölul., að hann væri hugsunarvilla, skil eg það ekki; eg held að eg geti með fyllra rètti sagt, að uppástunga nefndarinnar sè það. Því eptir uppástungu nefndarinnar geta verið 7 og 9 menn í nefndinni auk sýslumanns, sem er sjálfkjörinn, og þá verða að sýslumanni meðtöldum 8 eða 10 menn alls í nefndinni, sem er jöfn tala. En það hefir hingað til verið regla bæði hèr á þingi og annarstaðar, að í nefndum væri oddatala, og það hugði eg að hèr ætti og betur við, og verð enn að vera á því að svo sè.

Eiríkur Kúld: Eg stend upp, að eins vegna þess, að eg á eina uppástungu á atkvæðaskránni. Það getur verið, að sumum virðist hún litilsverð, en eg get þó eigi álitið hana þýðingarlausa. Eg skil ekki, að menn eigi að hafa minna frelsi í þessu tilliti upp til sveita, en hèr í Reykjavík, og í frumvarpi því, er þingið hefir haft til meðferðar og samþykkt um bæjarstjórn í Reykjavik, er þó eigi gjalddaginn bundinn við einn dag eins og hèr. Eg álít, að það sè mjög óhagkvæmt, að binda gjaldið við einn fastákveðinn dag, t. a. m. við 31. desember, eins og nefndin hefir gjört. Eg skal leyfa mèr, að taka til dæmi á Vesturlandi; þar er fátækur fjölskyldumaður, sem á að lúka þessu gjaldi; en nú þarf hann að fara til sjávar, og þá er eðlilegt, að hann láti útgjörð sina sitja

í fyrirrúmi fyrir sveitarútsvarinu. Nú, þá kemur hreppsnefndin 31. desember, og tekur gjaldið lögtaki einmitt af því, sem konu og börnum á að vera til framfæris, meðan maðurinn er í verinu, og hvað liggur þá fyrir konu og börnum annað, en að fá í þess stað styrk af hreppnum? Jeg ímynda mèr að nóg sè, að binda $^2/_3$ hluta gjaldsins við Marteinsmessu, því útsvarinu er þó eigi einungis varið til vetrarins, og hygg eg því, að ekkert verulegt óhagræði væri í því, að leyfa að gjalda $^1/_3$ hluta til vorsins, og skyldi þeim hluta lokið í miðjum maímánuði. Það er auðvitað, að fallist enginn á þetta nema eg, og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga, þá fellur það um sjálft sig, enda skal eg alveg láta það á þingsins valdi. Þá var annað atriði, er eg ætlaði að fara nokkrum orðum um. Eg hefi sèð það í ástæðunum fyrir 42. og 43. gr. frumvarpsins, að svo er að sjá sem í ráði sè, að leggja saman suður- og vesturamtið, og vil eg biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að skýra mèr nokkuð nákvæmar frá þessu. Mèr þykir það sannarlega nokkuð undarlegt, ef amtmanns-embættið í vesturamtinu verður flutt hingað til Reykjuvíkur að öllum amtsbúum fornspurðum; eg lýsi því yfir, eigi að eins fyrir sjálfan mig heldur alla Vestfirðinga, að þessi væntanlega ákvörðun muni verða mjög óþokkasæl og óholl landi og lýð í alla staði. Það er líka merkilegt, að þegar ráðgjört hefir verið, að leggja saman sýslur, þá hefir það verið borið undir alþingi, en nú er ráðgjört, að steypa saman 2 ömtum að þinginu fornspurðu. Með því nú að svo vel vill til, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi er svo nákunnugur stiptamtmanninum yfir Íslandi og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður amtmanninum í vesturamtinu, leyfi eg mèr að skora á þá báða, í nafni allra vesturamtsbúa, að þeir eigi sem beztan þátt í því, að þetta sè ekki afráðið svona án vilja Vestfirðinga, og án þess að þar um sè leitað álits alþingis.

Davíð Guðmundsson: Framsögumaður áleit breytingaratkvæði mitt undir 7. tölulið sprottið af misskilningi, en eg get eigi sèð, að svo sè; því ef hreppsnefndin fer þess á leit að breytt sè um tölu nefndarmanna, þá er hún með því búin að samþykkja breytinguna; að öðrum kosti er þess eigi getið, hverjum hún á að gefa samþykki sitt, því að það er hvergi gjört ráð fyrir því í frumvarpinu, að aðrir eigi að stinga upp á, að tölu hreppsnefndarmanna sè fjölgað, og því get eg eigi annað skilið, en að orð-

unum: «hvernig sem á er litið», sè of aukið og eigi því að falla burt.

Páll Pálsson: Eg ætla að tala fátt eitt viðvíkjandi breytingaratkvæðum þeim, er eg á hèr á þessari stuttu atkvæðaskrá. Hinn heiðraði framsögumaður mótmælti einkum tveimur þeirra, en mèr fundust ástæður hans næsta lítilvægar. Eg get ekki annað sèð, en að uppástunga mín undir 6. tölul. sè á góðum rökum byggð, því ef leita ætti tillaga úr hverjum hrepp, þá mundu þær verða mjög mismunandi, en þar á móti hlýtur sýslumaðurinn að geta gefið hinar beztu upplýsingar, þar eð hann hlýtur ætíð að hafa mestan kunnugleika í þessu efni. Að því er snertir 67. tölulið, get eg eigi betur sèð en að uppástunga mín sè rètt, því orðið «hreppsbúar» getur eptir því sem það er víð haft í daglegu máli merkt að eins alla búendur í hreppnum, en hjá þessum misskilningi verður komizt með því, að taka upp orðið «gjaldþegna» eða varauppástungu mína undir þessum tölulið, sem annars er ekki nærri eins góð og aðaluppástungan. Eg skal gjarnan taka aptur 69. tölulið, fyrst nefndin hefir tekið aptur 68. tölulið, en aðhyllist þá uppástunguna undir 78. tölul. í staðinn, því jeg álít, að þessi viðbætir, sem þar er farið fram á, komi í veg fyrir allan ójöfnuð. Eg ímynda mèr, að enginn þingmanna geti annað en aðhyllzt uppástungu mína undir 86. tölulið, því hún er í rauninni eigi annað en sjálfsögð orðabreyting. Sama er að segja um 92. tölulið; það er einnig orðabreyting, sem nefndin hefir ekki að eins fallizt á, heldur jafnvel þótt svo vænt um, að hún hefir lagað hana. Um 96. og 98. tölulið skal eg heldur eigi fara mörgum orðum; þeir eru að eins gjörðir til skýringar. Breytingaruppástungu mína undir 111. tölulið a, álít eg alveg nauðsynlega, svo framarlega sem 26. grein frumvarpsins verður samþykkt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir mælt móti 127. tölulið; það getur verið, að þessi uppástunga hafi sína galla, því opt getur svo á staðið, að nauðsynlegt sè að sýslunefndin eigi 2 fundi á ári, en þar sem eg hefi stungið upp á, að leyfa megi að halda ekki nema 1 fund á ári, þá hefi eg bætt því við, að til þess verði sýslunefndin að fá samþykki amtsráðsins, og virðist mèr það veita fullkomna tryggingu fyrir því, að þetta leyfi verði eigi veitt, án þess fullgildar ástæður sèu til þess. Eg legg að vísu ekki mikla áherzlu á breytingaratkvæði mitt undir 152. tölulið, en það er þó auðvitað, að þegar oddviti gjörir full skil á gjaldinu, hlýtur sýslumaður að taka það fullgilt.

Jón Pèturssson: Það eru eigi mörg orð, er eg þarf að tala í þetta sinn, en þó vil eg í sem stytztu máli taka fram ástæður mínar fyrir breytingaratkvæðum þeim, er eg hefi gjört í máli þessu. Fyrst er tölul. 10., er fer því fram, að viðvíkjandi kosningarrètti og kjörgengi manns til hreppsnefndarinnar sè eingöngu haft tillit, hvort hann á ógoldinn sveitarstyrk í þeim hreppi, sem hann er búsettur í; framsögumaður sagði, að töluliðurinn væri móti anda frumvarpsins, en eg verð að neita því; hann gæti ef til vill í einhverju tilliti ekki verið hentugur, en að hann sè á móti anda frumvarpsins, því verð eg gjörsamlega að mótmæla, eins og hann heldur eigi kemur í bága við neina ákvörðun þess, nema þá eina, sem hann breytir. Það hefir verið tekið fram, hve örðugt það væri fyrir prestana að útvega skilríki fyrir brúðhjón, að þau eigi hafi þegið sveitarstyrk, og hve örðugt yrði þá eigi, að útvega skilríki fyrir hvern einasta mann í hreppnum og vottorð allra þeirra sveitarstjórna, þar sem hver hefir verið, fyrir, að hann hvergi hafi þegið sveitarstyrk, er sè óendurgoldinn, en þetta virðist nauðsynlegt eptir frumvarpinu, til þess að fá vissu fyrir, hvort sá eða sá hefir kosningarrètt eður eigi. 22. tölul. vil eg eigi tala um, því hann stendur á litlu, en eg verð þó að álíta ákvörðun frumvarpsins óþarfa. Viðvíkjandi 63. tölul. verð eg að taka það fram, að eg álít að það, sem hreppanefndunum er ánafnað í frumvarpinu, sè að eins til dæmis, en að annars heyri undir þeirra verksvið allt það, sem varðar hreppinn sem fèlag; annars er þetta flest talið upp undir 60. tölul., svo ef þingið fellst á hann, þá held eg minni uppástungu eigi fast fram, enda þótt það gæti verið fleira en þar er talið, er hreppanefndunum til heyrði, og kynni mönnum að koma það til hugar, er þeir hugsuðu sig betur um. Viðvíkjandi 70. töluliðnum vil eg geta þess, að hingað til hefir Marteinsmessa verið eindagi á fátækragjaldinu nema aukaútsvarinu, því eg veit enga ákvörðun um gjalddaga á því, og virðist mèr rèttast að halda þessum gjalddaga, því það er auðvitað, að hann hefir upphaflega verið til tekinn þannig rètt á eptir hreppaskilaþinginu á haustin, með tilliti til þess, að þá þegar mætti setja ómagana niður á útsvörin, sem eigi verður hægt eptir uppástungu nefndarinnar, þar eð útsvörin falla þá eigi til útborgunar fyr en í árslokin. 77. tölul. virðist mèr góð uppástunga, og hefir hún og verið vel útskýrð af þingmanni Barðstrendinga. Framsögumaður hafði það á móti tötul. 112 (*Guðmundur Einarsson*: 113) eða 113. að hann væri illa orðaður, en

þetta get eg eigi sèð að sè, að minnsta kosti eigi að uppástungan sè fellandi fyrir þá sök. Annars gekk mèr það til hennar, að manntalsþingið er rèttarhald, þar sem sýslumaður gjörir ýmislegt fyrir rètti, t. d. tekur mál fyrir, lýsir lagaboðum og öðrum skjölum o. s. frv., og fyrrum var venja, að sýslumaður seldi þar ýmislegt við uppboð. Þetta eru allt rèttarstörf; hann kallar þar og eptir gjöldum, og það eru ýmsar ástæður til, að gott er að slíkt fram fari fyrir rètti; en nú þegar ætti að fara að kjósa, þá yrðu þingsvitnin að ganga frá, en kjörstjórnin að ganga til sætis, og þá væri í sjálfu sèr manntalsþingið úti, svo þó þannig væri ákveðið í lagaboðinu, þá hlyti kosningin þó að fara fram á sèrstökum fundi, eins og einnig sýslumaður mundi hafa sèrstaka gjörðabók, en þetta væri þó móti orðum lagaboðsins, er segir að kosningin skuli fara fram á manntalsþinginu, allt svo fyrir rèttinum. Viðvíkjandi 142. tölul. vil eg geta þess, að eptir því sem 37. gr. er orðuð, þá mætti, ef til vill, misskilja hana, því orðið «notkun» er of vítt; það getur átt við slægjur, kolagjörð og fleiri slík afnot, sem sýslunefndin engin ráð gæti átt yfir, ef afrèttin væri einstaks manns eign. Þessari ónákvæmni vildi eg rýma burt, en aptur á mót verður sýslunefndin að hafa öll umráð yfir þeim afrèttum, sem eru almenningar, eins og yfir höfuð að tala yfir öllu, er snertir sýsluna sem fèlag, því eg álít að það, sem hèr er talið, sè að eins tekið til dæmis en eigi til að tæma efnið. Út af 143. tölul. vil eg geta þess, að mèr þykir eðlilegra, að breyta nafni hreppstjórans, þar eð staða hans breytist alveg, svo hann verður í raun rèttri að eins lögregluþjónn og aðstoðarmaður sýslumanns, en hefir eigi lengur stjórn hreppsins á hendi.

Hjálmur Pètursson: Breytingaratkvæði okkar þingmanns Austur-Skaptfellinga undir tölul. 126. er nokkuð öðruvísi hèr á atkvæðaskránni, en eg bar það upp, þegar eg áskildi mèr það við undirbúningsumræðuna; eg ráðgerði þá að stinga upp á, að þessi eini sýslufundur skyldi vera haldinn í september eða októberm. ár hvert; þessu hefi eg breytt, mest eptir ráði framsögumanns og samkomulagi við hann, en allt fyrir það hefir hann ekki getað fallizt algjörlega á þetta breytingaratkvæði enn þá, enda þótt allt það í ræðu hans, er að þessu laut, væri miklu meira því til meðmælis, eins og líka eðlilegt er, því hann þekkir manna bezt erfiðleika þá, sem á því eru á ýmsum stöðum, að hafa fundi fleiri en þörf er á, einkanlega ef þeir eiga að haldast snemma á vori og seint á hausti, og líka

þekkir hann fundafýsn almennings. Með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði helzt á móti þessu breytingaratkvæði, nefnil. að reikningar hreppanefndanna yrðu ársgamlir, þegar þeir kæmu fyrir sýslunefndina, skal eg geta þess, að það var meining mín, að sýslufundurinn væri ekki haldinn fyrri en eptir fardaga eða að útliðnu reikningsári hreppanna; enda fæ eg ekki betur séð, en að það sè meining frumvarpsins, að sýslunefndin yfirfari hreppareikningana á vorfundi, því eptir 18. grein frumvarpsins eiga sveitarreikningar að vera komnir fyrir lok nóvembermánaðar til sýslunefudar, og þá væri hinn ákveðni haustfundur hjáliðinn, því eg ímynda mèr ekki, að nokkrum manni detti í hug að hafa lögboðinn sýslufund eptir lok nóvembermánaðar, enda mætti það þá fremur heita vetrarfundur, heldur en haustfundur; eg held því að í öllu falli sè vissast vegna kringumstæðanna, og jafnframt hættulaust að fela oddvita á vald, á hverjum tíma sýslufundurinn er haldinn, og því vil eg óska, að orðin «að vorinu» í tölulið 126. sèu tekin til atkvæða sèr í lagi.

Aðalástæða mín fyrir því, að hafa að eins einn sýslufund lögskipaðan, er sú, að forðast óþarfan kostnað; eg segi óþarfan, því það er eg viss um, að ekki er þörf á í öllum sýslum öll ár, að hafa fleiri en einn fund, en þegar þörf er á fleirum fundum getur oddviti og nefndin kvatt til aukafunda, eins og í frumvarpinu stendur, en þeirri ákvörðun vil eg halda, eins og eg hefi áður tekið fram.

Nefndin hafði það fast í huga, að forðast allan óþarfan kostnað, og hið sama hefir mèr skilizt á öðrum þingmönnum eptir öllum þeim ræðum, sem fram hafa farið á þinginu; eg verð því að álíta það ósamkvæmni, ef þingið fellir þessa uppástunga undir 126. tölulið.

Önnur stæða er sú, að eptir því sem fundir eru fleiri, má óttast fyrir að þeir sèu ver sóttir, og hefi eg reynslu fyrir mèr í þessu, en eptir 32. grein frumvarpsins verður engin ályktun gjörð, ef ekki er helmingur nefndarmanna á fundi; eg er því öldungis viss um, að það mundi opt að bera, að ekki yrði fundarfært, ef fundirnir eru óþarflega margir, einkum ef þeir ættu að vera á óhentugum árstíma, og væri þá illa spilað þeim kostnaði, sem af því leiddi.

Breytingaratkvæðið undir 127. tölul. get eg ekki álitið aðgengilegt, því þegar sýslunefndin á fyrst að koma sèr saman um,

hvort þörf muni vera á, að halda 3 fundi eða ekki, og síðan að sækja leyfi til amtsráðsins til að afbiðja hann, ef henni kemur saman um það, þá verður þetta að hafa með sèr langan tíma, og getur því verið komin ný nauðsyn á aukafundi, áður en leyfið er fengið frá amtsráðinu, og verður þá leyfið þýðingarlaust, ef það ekki á að vera bindandi, sem víst er ekki meiningin.

En þó nú svo ólíklega kynni ske, að í einhverri sýslu yrði nauðsynlegt að hafa 2 fundi ár hvert, þá álít eg miklu heppilegra að ákveða þá of fáa heldur en of marga í byrjuninni, og bæta heldur við síðar, en eg fæ ekki sèð, að þessa verði nokkurn tíma þörf vegna hinna leyfilegu aukafunda.

Ein af þeim ástæðum, sem þingmaður Barðstrendinga færði fyrir breytingaratkvæði sínu undir 77. tölulið, var sú, að hreppsnefndin gæti gengið svo hart eptir sveitarútsvarinu, ef hún hefði vald til þess, að fátækir menn færu á sveitina; þessa ástæðu verð eg álíta lítilsvirði; mèr finnst það óhugsandi, að hreppsnefndin vilji hrinda nokkrum manni út á hreppinn, eða vilji vinna það fyrir útsvar hans, að hafa af honum margfalt meiri þyngsli en útsvari hans nemur; eg held miklu fremur, að nefndin muni sjá hag sinn og hreppsins við það, að ganga ekki harðara að neinum en hann þolir, að minnsta kosti má trúa henni fyrir þessu eins vel eins og að jafna niður aukaútsvarinu eptir efnum og ástandi, og yfir höfuð verð eg að álíta miklu hættulegra að leyfa einstökum mönnum og öllum yfir höfuð, að draga að borga $^1/_3$ útsvarsins meir en missiri eða til miðs maí, hvernig sem á stendur, heldur en veita nefndinni vald til að krefja inn gjöldin eptir því sem þarfir hreppsins og aðrar kringumstæður út heimta, því það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að ef $^1/_3$ allra sveita gjalda stæði ógoldinn til miðs maímánaðar, gæti það ollað bæði nefndinni og þeim, sem gjöldin ættu að taka, óþæginda og skaða; eg held því, að þetta breytingaratkvæði sè óheppilegt og óaðgengilegt.

Framsögumaður: Eg ætlaði að vera stuttorður, en nú eru umræðurnar orðnar svo langar, að eg neyðist til að svara fám orðum upp á sumt af því, sem aðrir hafa tekið fram. Þar sem hinum háttvirta þingmanni Mýramanna þótti eg hafa fylgt linlega breytingaratkvæði sínu undir tölul. 126., þá skal eg geta þess, að eg er því í rauninni ekki hlynntur. Reyndar eru ástæður þær, er hann færði fyrir því, sennilegar, en eg hygg þó, að það eigi muni vera hentugt, þá til framkvæmdanna kemur, að ekki sè á-

kveðinn nema einn lögskipaður ársfundur handa sýslunefndinni. Það er allt um það athugandi, að þótt 2 fundir séu lögskipaðir, þá getur það vel við borið, ef bíða skal þar til allir reikningar eru komnir inn, að síðari fundurinn verði haldinn svo seint, að það verði vandræði, að sækja hann. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna tók það fram, er eg ætlaði að svara þingmanni Barðstrendinga, og þarf eg því eigi að ítreka það aptur.

Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga hreifði því, að það væri eigi rètt skilið af mèr, að breytingaratkvæði hans undir 7. tölulið væri sprottið af misskilningi; en hann hlýtur þó að sjá, ef hann gáir vel að, að eg hefi rètt að mæla, því það er auðsjáanlega af misskilningi hjá honum sem það er sprottið, því að orðin «eða samþykkir það» gefa það til kynna, að nefndin getur gefið samþykki sitt til þess, sem t. a. m. sýslunefndin stingur upp á í þessu efni, þó hún sjálf hafi ekki stungið upp á því. Viðvíkjandi gjalddaganum skal eg geta þess, að mèr hefir komið til hugar, til þess að friða þingmann Barðstrendinga, að stinga upp á þeirri breytingu, að tekin séu síðustu orðin í 78. tölul.: «nema hreppsnefndin gefi lengri frest», og skeyta aptan við 80. tölulið eða 82., svo að þótt eindaginn sè lögskipaður, þá megi þó samkvæmt lögum veita lengri gjaldfrest, og eg álít þetta gott til þess að sætta alla, sem eru að keppa um málið. Eg skal því næst svara hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, en svo fáu, sem eg framast get. Hann barðist mjög fyrir 10. tölulið, en það sjá þó allir, að hann er alveg gagnstæður anda frumvarpsins; því að það fer því fram, að maðurinn hafi eigi þegið óendurgoldinn sveitarstyrk, og sè með öllu fjár síns ráðandi, en sá getur eigi kallazt fjár síns ráðandi, er stendur í skuld fyrir óendurgoldinn sveitarstyrk, þótt það sè eigi í þeim hreppi, er hann þá á heima í. Þingmaðurinn talaði mikið um 112. og 113. tölul., en eg held, að það reyndar dugi ekki. Eg fæ ómögulega annað sèð, en að 113. töluliður eigi illa við, eptir því sem hann er orðaður, og neyðist eg til að sýna þingmanninum, hvernig hann (töluliðurinn) kemur inn í, sem sè: Það er eins og þingmaðurinn ætli sýslumanninum að taka við atkvæðum manna, um leið og hann er á manntalsþinga-ferðinni, með því að koma máske heim á hvern bæ. Það var allt annað, hefði þingmaðurinn orðað atkvæðið svo, að það hefði borið með sèr, að sýslumaðurinn skyldi um leið, og hann væri á þingferðum setja aukafund til kosninga. Viðvíkjandi orðunum: «notkun af-

rètta», þá er það satt, að «notkun» er ónákvæmt, ef það er tekið út úr sambandinu. Annars gefur það að skilja, að þetta heyrir undir aðgjörðir sýslunefndarinnar, og skal eg nú eigi fara fleirum orðum um málið að sinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal fara fám orðum um breytingaratkvæði mín á atkvæðaskránni. Það er þá fyrst breytingaratkvæðið undir 34. tölul., sem eg verð að álíta mjög nauðsynlegt, hvað sem öðrum virðist um það. Eg vil biðja menn að gæta þess, að ef þingið samþykkir þá tillögu, að haldinn sé að eins einn sýslufundur á ári, hve miklu óhagræði það getur valdið, ef einhver hreppsnefndarmaður vill fá lausn, en verður að bíða hennar. þangað til á næsta sýslufundi; hann verður ef til vill að bíða heilt ár, og getur eigi úr henni sloppið, hvað sem við liggur. Auk þess er það og eðlilegast, að hver nefnd sé hinn fyrsti «Instants», að eg við hafi það orð, þegar um þess konar efni er að ræða, eða, með öðrum orðum, að hver nefnd geti veitt sínum nefndarmönnum lausn úr nefndinni, og það mál þurfi eigi að fara lengra, svo framarlega sem nefndin vill veita lausnina; en vilji hún eigi veita hana, og hlutaðeigandi nefndarmaður unir eigi við úrskurð nefndarinnar, þá er sjálfsagt, að hann verður að geta leitað æðri úrskurðar. Mèr skildist svo, sem hinn háttvirti framsögumaður væri nú farinn að sætta sig betur við breytingaratkvæði mitt undir 78. tölul., og eg fæ eigi betur séð, en að síðustu orðin í tölul. séu þó að minnsta kosti til skýringar, og þar sem nefndin hefir stungið upp á, að þessi ákvörðun væri sett í byrjuninni á 4. kafla, en eigi í endann á 3. kafla, þá skal frá minni hálfu ekkert vera því til fyrirstöðu. Hvað breytingaratkvæði mín undir 148. og 149. tölul. snertir, þá skal eg geta þess, að mèr gekk það til með þessum breytingum, að eg vildi, að það væri komið undir ákvörðun sýslunefndarinnar, hve nær og hvernig þessum kostnaði yrði jafnað niður, og það felst eigi beinlínis í orðum frumvarpsins, að sýslunefndin skuli ráða því, hve nær kostnaður sá, sem hèr ræðir um, skuli greiðast úr sýslusjóðnum. Eg skal nú eigi fjölyrða meir um mín breytingaratkvæði. Eg skal að eins minnast lítið eitt á 17. gr. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður mælti með uppástungu nefndarinnar, og færði hann til þá ástæðu, að þessari ákvörðun hlyti einnig að vera sleppt í þessu frumvarpi, fyrst að alveg sama ákvörðun hefði verið felld úr frumvarpinu til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík. En eins og þingmenn víst muna, þá var eg

þegar bæjarstjórnarfrumvarpið var rætt, því mótfallinn, að þessi ákvörðun væri felld úr frumvarpinu, og sömu skoðun hefi eg enn; eg álít það eigi heppilegt að fella hana burtu (*Jón Pètursson:* Jú); þingmaðurinn getur þó eigi bannað mèr að hafa þá skoðun á þessu, sem mèr sýnist. Eg vil spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort þeim virðist rètt, að ef einhverjum er sleppt, sem greiða á eitthvert gjald í sveitarsjóð, að öðrum sè þá meinað að minna á það, og þetta kann þó stundum að koma fyrir, og mèr er það kunnugt, að bæjarstjórninni í Reykjavík hefir nýlega orðið þetta á. Eg fæ eigi annað sèð, en að það sè mjög ósanngjarnt, að fyrirmuna öðrum þannig að benda á slíkar yfirsjónir hreppsnefndarinnar og skora á hana að laga þær. Eins og eg sagði um daginn, þá geta opt þau atvik komið fyrir, að það verði óhentugt, ef hreppsbúar eru óánægðir með gjald sitt og hafa þá eigi leyfi til að bera sig saman við aðra, eða, þótt þeir sèu ánægðir með gjald sitt, að þeir þá eigi hafi leyfi til að kæra það, ef þeim þykir það gjald, er á aðra er lagt, annaðhvort of lágt eða jafnvel of hátt. Eg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að þótt þessari ákvörðun yrði haldið, þá mundi alls eigi leiða af því margar kærur eða mikil málaferli. Eptir því sem eg nú hefi sagt, verð eg eindregið að fallast á það, að grein frumvarpsins sè haldið óbreyttri, því hún er að mínu áliti mjög hentug, og reynslan mun sanna það, og að minnsta kosti hèr í Reykjavík mun það reynast óhagkvæmt, ef þessari ákvörðun er sleppt.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi 10. tölulið skal eg geta þess, að eg er í rauninni sámdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni um það, að það í sjálfu sèr sè eigi skaðlegt, að þessi ákvörðun sè tekin inn í frumvarpið, sem töluliðurinn bendir til, en eg vil leyfa mèr að benda þingmanninum á það, að það, sem farið er fram á í þessum tölulið, er ósamkvæmt öðrum ákvörðunum í núgildandi lögum, t. d. þegar gætt er að þeim ákvörðunum, sem nú gilda um kosningarrètt til alþingis, að þá hefir sá eigi kosningarrètt, sem stendur í skuld fyrir óendurgoldinn sveitarstyrk, og það er alls eigi bundið við það, hvort að hann hefir þegið styrkinn í þeim hreppi, sem hann á heimili í; það stendur öldungis á sama, þótt hann hafi þegið styrkinn í öðru amti eða annari sýslu. Þess vegna virðist mèr ákvörðun frumvarpsins eiga hèr vel við, og að það sè rètt að láta hana standa, því að það verður að minnsta kosti óviðkunnanlegt, ef ekki óvinsælt, ef þeir yrðu kosnir

í hreppanefndir, sem eigi eru fullkomlega fjár sins ráðandi. Eg skal geta þess, að eg felst að öllu leyti á 60. tölul., eptir þeim umræðum, sem fram hafa komið í málinu, því eg er viss um, að nefndin hefði tekið þessa ákvörðun inn í frumvarpið, ef hún eigi hefði álitið það sjálfsagt, að hreppsnefndin hefði þess konar störf á hendi, sem upp eru talin í tölul. 60. En þar sem menn nú hefir greint á um þetta, álít eg vel til fallið, að þetta sè með berum orðum tekið fram í lagaboðinu, og felli eg mig þá vel við þennan tölulið og betur en 63. tölul. Þótt hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga haldi svo fast fram 73. tölululið, þá get eg þó eigi fellt mig við hann, og það sèr í lagi af þeirri ástæðu, að eg álít hann með öllu óþarfan, því að það er auðvitað, að það er hverjum manni heimilt, að bera sig upp undan því, ef honum þykir rangt lagt á aðra, án þess að þessi ákvörðun sè tekin inn í lagaboðið, og eg er sannfærður um, að það eigi mundi verða til annars, en auka prætusemi, sem eg held að vèr höfum þó nóg af. Hvað tölul. 77.—82. snertir, þá hefir nefndin látið það eptir þinginu, að taka þessa ákvörðun um gjalddagann inn í frumvarpið, því að hún álítur hana sjálf eigi beinlínis nauðsynlega, og það hefir stjórnin heldur eigi gjört, en þar sem nú nálega allir þingmenn eru á þeirri skoðun, að þessi ákvörðun sè nauðsynleg, og hún getur máske átt vel við í einstökum tilfellum, svo sem þegar sveitargjöld þarf að taka lögtaki, þá skal eg ráða þinginu til að fallast helzt á 82. tölul, því að það á illa við að skeyta þessa ákvörðun aptan við 3. kafla greinarinnar, eins og gjört er ráð fyrir í 78. tölul.; þessi ákvörðun á einmitt að standa í byrjun 4. kafla. Þessi útskýring, sem er síðast í 78. tölulið á að mínu áliti illa við, því að það segir sig sjálft, að nefndinni er heimilt að lengja gjaldfrestinn fyrir þá, er þess æskja, og henni sjálfri þykir ástæða til að gjöra það. Sama er að segja um 77. tölulið; mèr virðist hann eigi alls kostar heppilegur, að minnsta kosti verður það afleiðingin, ef þessi tölul. er samþykktur, að eindaginn verður tvískiptur, og mun það verða til þess, að valda talsverðum vafningum við greiðslu gjaldsins. Þá er enn eitt atriði, er eg vil minnast á; það er breytingaratkvæðið undir 126. tölul., og mun eg gefa því atkvæði mitt; því betur sem eg hugsa um það, því meir sannfærist eg um, að það sè eigi nauðsynlegt að halda 2 lögákveðna sýslunefndarfundi á ári hverju. Það er auðvitað, að aðalástæðan á móti því, að hafa fundina 2, er kostnaðurinn, en menn verða líka að taka nokkurt

tillit til hans, og ekki gjöra að óþörfu leik til þess að auka hann, verði hjá öðru komizt; menn verða að varast að baka sèr þann kostnað, sem auðið er hjá að komast. Eg held einnig, að þegar litið er til þess, hvernig lagaður verkahringur sýslunefndarinnar er, þá mun það eigi vera óumflýjanlega nauðsynlegt að hafa fundina 2, enda mundi oddviti sýslunefndarinnar, ef ekki væri nema að eins 1 fundur lögskipaður, undir búa svo málin, að þeim yrði hæglega lokið á einum fundi. Það gefur reyndar að skilja, að þessi eini fundur mundi standa lengur, heldur en ef 2 fundir væru haldnir, en kostnaðurinn hlyti samt að verða töluvert minni, því kostnaðurinn verður ekki allur fólginn í sjálfu fundarhaldinu; hann verður reyndar mestur fólginn í ferðalögunum til og frá fundinum. Viðvíkjandi kjördæmaskiptunum, þá virðast mèr yfirgnæfandi ástæður vera til þess, að uppástungu nefndarinnar sè haldið, og vona eg, að hinn háttvirti konungsfulltrúi verði henni heldur hlynntur, og að þingið fallist á hana. Eg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að það aldrei getur orðið hinum smáu hreppum að baga að borga, þó þeir ekki hafi fulltrúa í sýslunefndinni nema annaðhvort ár, því eins og áður er búið að taka fram, geta þeir, ef þeir hafa einhver sèrstakleg vandamál að bera upp fyrir sýslunefndinni gefið einhverjum öðrum sýslunefndarmanni umboð til þess, og það er óefað nægilegt.

Þórarinn Böðvarson: Eg skal nú ekki tala margt um breytingaratkvæði mín; það, sem stendur hèr á skránni undir 60. tölul., vona eg að gangi fram; að minnsta kosti hefir enginn talað móti því enn þá. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður var á móti breytingaratkvæði mínu undir 73. tölul., að menn mættu kvarta yfir útsvari annara en sjálfra sín, og það af þeirri ástæðu, að þingið hefði ráðið frá sömu ákvörðuninni í bæjarstjórnarmálinu. Fyrst og fremst er nú ekki víst að rètt sè, að fella ákvörðun þessa burt, þó þingið hafi gjört það; og í öðru lagi er óvíst, að sama eigi við í sveitinni sem í kaupstöðum. Annar háttvirtur þingmaður sagði, að þessi ákvörðun mundi verða til að vekja þrætu, og til þess að minna ófriðsama menn á að kvarta. En það get eg ekki skilið. Allar umkvartanir geta vakið þrætu, hvort sem þær eru út af órètti, sem maður sjálfur hefir orðið fyrir, eða aðrir. Eg gjöri hreppsnefndinni engar gersakir; hún vill gjöra rètt, en getur skjátlazt, því það er mannlegt, en ef hún hlífir einhverjum einum, þá er ekki líklegt, að hann beri sig upp undan því. Þess vegna finnst

mèr alveg nauðsynlegt, að aðrir megi bera sig upp undan þessu eins og ef einhverjum er sleppt, og ef þetta er ekki tekið fram, þá getur hreppsnefndin sagt við mig, ef eg ber mig upp undan, hvernig lagt hefir verið á aðra, að eg eigi ekkert með að kvarta. Eptir nefndaruppástungunni er þetta hvorki bannað nè leyft, en eg þykist nú hafa gjört það ljóst, að það verði að taka upp ákvörðun um, að það sè leyft. Mèr virðist nefndin ei hafa skilið frumvarpið til fulls. Í öðrum kafla greinarinnar er greint, hverjir megi bera sig upp, í hinum, fyrir hverjum menn megi bera sig upp og á hvaða tíma, og hvorugt virðist mèr óþarft, heldur hvortveggja ákvörðunin jafnþörf. Meiningin með breytingaratkvæði mínu undir 79. tölulið var sú, að eg vildi hafa fastan gjalddaga, en af því nefndin hefir nú tekið upp líka ákvörðun, þá ætla eg að taka þetta breytingaratkvæði aptur.

Framsögumaður: Eg stend upp til þess að lýsa því yfir, að eg ekki mæli á móti 73. og 74. tölulið, en mèr finnst hann vera hreinn óþarfi, því eg álít, að í orðinu «aðfinningar» sè fólgið leyfi til allra umkvartana, sem í þessu efni getur orðið umtalsmál um. Ef menn vilja halda frumvarpinu óbreyttu, þá verður nákvæmlega að taka tillit til þess, að 75. töluliður ekki verði tekinn til greina. Uppástungumaður hefir haldið, að kærandi, en ekki sá sem kært er yfir, ætti að fá leyfi til þess að halda uppi svörum fyrir sig, en mèr virðist ljóst að sá, sem kært er yfir, eigi líka og engu síður en kærandi að fá tækifæri til þess.

Konungsfulltrúi: Út af áskorun þeirri, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga beindi að mèr viðvíkjandi sameiningu suður- og vesturamtsins, sem í ástæðunum segir að sè í ráði, skal eg leyfa mèr að ítreka það, sem eg að öðru leyti, að eg held, optar en einu sinni hefi tekið fram á þessu þingi, að ekkert er enn fastráðið, að því mèr er kunnugt, um hið nýja fyrirkomulag á hinni æðri umboðsstjórn hèr á landinu. Eg skil vel, að hinum heiðraða þingmanni Barðastrandarsýslu og hinum öðrum heiðruðu þingmönnum vesturamtsins sè þetta spursmál mjög umvarðandi, og eg efast ekki um það, og eg bið þá treysta því, að allar kringumstæður, sem eiga að ráða úrslitum í þessu tilliti, muni verða teknar til greina, þegar skera skal úr þessu spursmáli; eg skal bæta því við, að eg fyrir mitt leyti ekki fæ sèð, að þessi sameining verði örðugri eða óheppilegri báðum ömtunum heldur en sameining austur- og norðuramtanna.

Stefán Eiríksson: Hinn háttvirti meðuppástungumaður minn hefir svo vel tekið fram ástæður fyrir breytingaratkvæði okkar undir 126. tölul., að eg hefi þar litlu við að bæta. Eins og eg tók fram við undirbúningsumræðu þessu máls; þá álít eg þessa 2 lögboðnu sýslufundi öldungis ónauðsynlega, einkum vegna þess hvað þeir geta bakað mönnum óbærilegar álögur, eins og eg sýndi með skýrum reikningi við undirbúningsumræðuna. Ef 2 ættu að vera fundirnir, þá yrði fyrri fundurinn ekki haldinn fyr en í júní, því menn mundu ekki halda vorfundi þessa fyrri, en menn ekki þyrftu að gefa inni hestum, því það er óhugsandi að nokkur búandi eða fáir mundu hafa þær heyfyrningar að vorinu, að geta um lengri tíma hýst og gefið 10 til 12 hestum, og þá yrði seinni fundurinn að byrja síðla í september, seinna mætti hann ekki vera, því ef hann stæði yfir fram í október, þá gæti svo farið, að menn yrðu fullsaddir af ferðalaginu víða um land bæði vegna snjóa og annara óveðra, og þegar þessir fundir, eins og eg hefi tekið fram, verða báðir að fram fara að sumrinu, og með að eins 3 mánaða millibili, þá vona eg að allir sjái, hversu ónauðsynlegir þessir 2 fundir eru; með því líka, eins og þráfaldlega er búið að taka fram, hefir oddviti fullt umboð og yfir höfuð nefndin öll heimild til að kalla saman aukafund, ef óumflýjanleg nauðsyn er til þess; eg vona því að þingið fallist á þetta breytingaratkvæði, og sjái að það er upp borið í bezta tilgangi, sem er að auka mönnum ekki óþarfan kostnað, og það ef til vill af árangurslausum fundarhöldum. Það hefir verið talað margt um þennan gjalddaga, og því get eg þess einnig, að eg fellst alveg á breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga undir 78. tölul.; mér finnst nauðsyn á, að einhver fastur gjalddagi sé ákveðinn, og álít því hentugt, að hann sé 31. dag desembermánaðar; því þrátt fyrir það hefir nefndin alveg frjálsar hendur að umlíða gjaldendur, eins og hún vill, fram yfir skildaga samkvæmt síðari hluta breytingaratkvæðisins. Eg skal þá ekki tefja lengur tímann með tölu minni í þetta sinn.

Hallgrímur Jónsson: Mér hefir heyrzt á ræðum margra þingmanna, að þeir eigi vildu aðhyllast breytingaruppástunguna undir 77. tölul., jafnvel þótt meðuppástungumaður minn hafi sýnt ljóslega fram á, að þessi ákvörðun um gjalddagann er eðlileg, eins og hún er nauðsynleg, og það var einmitt það, sem kom okkur til að bera fram þessa breytingu; því nefndin hafði ekki gjört það sjálf, þegar nefndarálitið var rætt við undirbúningsumræðuna, eins og eg líka

sè að fleiri þingmenn hafa viljað hafa eitthvað fastákveðið um hann. Hvað það snertir að sá fari á sveit, sem endilega verði að lúka útsvari sínu öllu í einu t. a. m. 31. des., eins og þingmaður Barðstrendinga gat til að gæti orðið tilfellið, þá get eg að nokkru leyti orðið honum samdóma, því svo mikið þekki eg til fátæktar manna og sveitarþyngsla, að þeir geta ekki greitt allt sitt sveitarútsvar í einu án þess að fá það hjá öðrum til láns, eins og það er víst að fátæklingum við sjó er gjört útsvar, einmitt í þeirri von að þeir afli eitthvað í það á vetrarvertíðinni, sem þá fer í hönd; og því sýnist mèr að minnsta kosti ekkert geta verið á móti því, þótt menn sèu umliðnir til miðs maímánaðar; enda mælir öll sanngirni með því, að eigi sèu heimtuð öll gjöldin fyr en reikningsárið er þegar liðið, eins og líka að sá, sem heldur sveitarómagann, ekki getur krafizt alls meðlagsins fyrirfram. Og þótt menn ættu að greiða tvo þriðjunga um Marteinsmessu, sem að vísu er nokkru meir en svarar þeim tíma, sem þá er liðinn af reikningsárinu, þá getur það eigi álitizt ósanngjarnt, þar sem bezti afla- og aðdráttartíminn er þá þegar liðinn, og með tilliti til fjárfjörgunar og haustverzlunar er hinn hentugasti gjalddagi, svo mèr virðist að gjaldendur eigi aldrei eins hægt með að inna gjald sitt af hendi eins og þá, hvort heldur er til sjós eða sveita og hvort heldur þeir eru ríkir eða fátækir. Eg skal samt ekki halda því svo fast fram, að 2 gjalddagar sèu gjörðir, og er ekki svo mjög sárt um, þótt sú ákvörðun falli, ef að eins samþykktur verður viss gjalddagi. Eg hefi svo litlu hèr við að bæta. Þó skal eg minnast á tölul. 73., er svo mikið umtal hefi orðið um; og skal eg þá geta þess, að eg er alveg á sömu skoðun í þessu efni nú eins og eg var í bæjarstjórnarmálinu í Reykjavík, og gef eg ekki honum atkvæði mitt; slík ákvörðun er víst ekki nauðsynleg. Því þótt henni væri sleppt, þá er eigi þar með sagt, að hver og einn megi ekki eða það sè bannað að segja frá því, að sá og sá hefði í niðurjöfnuninni orðið fyrir of lágu gjaldi; og því virðist mèr alveg óþarft, að taka slíkt fram, því eins og vikið hefir verið á, er eg hræddur um, að slík heimild yrði ekki til annars en að vekja meiri óánægju, og þá þætti svo sem sjálfsagt að klaga yfir því, að einhverjum hefði má ske fyrir eitthvert atvik verið hlíft við þungu útsvari, sem klagarinn hefði sèð ofsjónum yfir, og vil eg í þessu tilliti heimfæra málshättinn: »Opt má satt kyrrt liggja»; enda veit eg til þess, að þess er opt gætt árið eptir, hvort sá eða sá hefir orðið þungt eða lètt

úti árið áður, og honum þá íþyngt eptir því, og þannig lagast opt þessar misfellur, án þess að kvartað sè. Hvað 126. tölul. snertir, þá held eg helzt, að fundirnir ættu að vera tveir lögskipaðir, jafnvel þótt því sè talsverður kostnaður samfara. Það geta á ýmsan hátt vel komið fyrir þau forföll, að ekki verði af þessum eina lögskipaða fundi, sem ákveðinn skal einungis á vorin, og þá er eg óviss um, hvað oddviti væri ákafur með að kveðja til nýs fundar, og þá hinir má ske sumir hverjir ófúsir að skora á hann, og hugsuðu þannig minna til þarfarinnar, en meir til kostnaðarins, sem til finnanlega legðist á sýsluna, en þyngði lítið þeirra vasa, svo að af því gæti leitt, að seinast yrði enginn sýslufundur haldinn; og þess vegna get eg ekki aðhyllzt þetta breytingaratkvæði. Auk þess er ætlunarverk sýslunefndarinnar ekki svo lítið, að hún geti lokið því sómasamlega á einum fundi, og mèr sýnist svo margt mæla með því, að haustfundur sè nauðsynlegur, en vorfundur ómissandi; eg held þannig fast við það, að það sèu 2 fundir lögskipaðir.

Forseti: Út af því svari, er hinn háttvirti konungsfulltrúi gaf þingmanni Barðstrendinga áðan upp á fyrirspurn hans, þá treystum vèr, alþingismenn úr kjördæmum vesturamtsins því, að hinn háttvirti konungsfulltrúi gjöri allt, sem í hans valdi stendur, til þess að málið um sameining vesturamtsins við suðuramtið verði nákvæmlega skoðað á allar hliðar, áður það verði fastráðið; vèr vonum það verði ekki fyr, en það hefir verið borið undir alþingi. Hvað það snertir, er hann sagði, að eigi væri örðugra, að hafa vesturamtið og suðuramtið sameinuð en norður- og austuramtið, þá skal eg ekki bera á móti, að þetta megi að nokkru leyti segja, ef mál það er skoðað einungis eptir landvídd; en þar á er að öðru leyti sá mikli munur, að austuramtið hefir aldrei verið amt fyrir sig, heldur ávallt sameinað við norðuramtið. Vesturamtið aptur á móti var áður fyr meir sameinað við suðuramtið; en sú sameining þótti þá óhafandi af þeirri ástæðu, að ófært væri að koma fram hinni umboðslegu stjórn með því fyrirkomulagi, og síðan hefir almenn þörf vesturamtsbúa gjört það brýna nauðsyn, að það amt hèldist sèrstakt fyrir sig, svo að það mætti nú kalla beinlínis apturför, ef amt þetta yrði nú lagt niður.

Með því að engir fleiri taka til máls, er ályktarumræðu þessari lokið; en þar eð talsvert er orðið framorðið, álít eg rèttast að

fresta atkvæðagreiðslunni þangað til í kveld kl. 5; segi eg nú þess vegna

Fundi slitið.

---

37. fundur — 17. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Eg get þess, að eg hefi síðan áðan fengið nefndarálit frá nefnd þeirri, sem kosin var til að skýra frá málinu um þjóðhátíð Íslands 1874, og mun það nefndarálit verða lagt fram á lestrarsalinn; þar eð málið er umfangslítið, vona eg að það geti komið til umræðu á morgun.

Það sem liggur fyrir á þessum fundi er atkvæðagreiðsla í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi.

Því næst var gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni og féllu þau þannig:

(Sjá II, bls. 507).

Forseti: Þar með er þessari atkvæðagreiðslu lokið, og segi eg þar með

Fundi slitið.

---

38. fundur. — 18. ágúst.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann geti eigi mætt í dag á þinginu, og hefir hann því sett aðstoðarmann sinn í sinn stað.

Af því gjörðabók frá síðasta fundi er býsna-löng, þá gat hún ekki orðið fullbúin, og verður hún því ekki lesin í dag.

Það mál, sem fyrst stendur á dagskránni, er undirbúningsum-

ræða í málinu um stofnun læknaskóla. en af því að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir óskað, að hið konunglega frumvarp um eptirlaun yfirdómara Benidikts Sveinssonar væri látið ganga á undan læknamálinu, og eg fyrir mitt leyti ekki hefi neitt á móti því, og eg vona hinir háttvirtu þingmenn ekki heldur, þá kemur þetta konunglega frumvarp fyrst í röðinni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga; veit eg ekki, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (Jón Sigurðsson): Það urðu ekki langar umræður um þetta mál við undirbúningsumræðuna, og komu þá fá mótmæli á móti nefndinni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom þó fram með fáein mótmæli, en af því þau voru ekki veruleg, þá finn eg ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um þau. En af því eg veit ekki hvort mál þetta er öllum þingmönnum nægilega ljóst, þótt nefndarálitið og fylgiskjölin hafi legið á lestrarsalnum, þá vil eg fara um það nokkrum orðum.

Af fylgiskjölunum sést, að Benidikt yfirdómari Sveinsson hefir verið kærður fyrir, að hann hefði gjört sig sekan í ýmsum yfirsjónum í embættisfærslu sinni sem yfirdómari, og að honum hefir verið vikið frá embætti sínu fyrir þessar sakir, án þess að honum hafi verið gefinn kostur á að bera hönd fyrir höfuð sèr eða svara til þeirra saka, sem honum hafa verið bornar. Eg skal nú leiða hjá mèr, að dæma um þessa aðferð, þó eg verði að álíta hana mjög svo óheppilega. Þegar búið var að setja þennan embættismann af, var frumvarp til laga um eptirlaun handa honum lagt fyrir ríkisþing Dana í vetur, sem leið. Eg hefi nú raunar ekki lesið umræður þær, sem urðu um frumvarp þetta á ríkisþinginu, en eg hefi heyrt áreiðanlega menn, sem þó ekki eru staddir nú hèr á þingi, segja, að ríkisþingið hefði verið í vandræðum með málið, og þess vegna hefði dómsmálaráðgjafinn tekið frumvarpið aptur frá ríkisþinginu og lagt það fyrir alþingi. En hvernig undirbúið kemur þá málið fyrir alþingi? Eg hefi heyrt enn fremur sagt, að býsna-mörgum ríkisþingsmönnum hafi þótt málið svo illa undirbúið þar, að ekki væri hægt að kveða neinn dóm upp um það. Svona undirbúið og ekki betur kemur þá málið fyrir alþingi. Því finnst mèr nefndinni ekki verða láð, þó hún reyndi að leita sèr þeirra upplýsinga, sem hún gat fengið um málið, og það kom líka bæði meiri og minni hlutanum saman um. Þessar upplýsingar, sem nefndin hefir fengið, eru allar fólgnar í fylgiskjölum nefndar-

álitsins, og á þessum fylgiskjölum er allt nefndarálitið byggt. Þessi fylgiskjöl voru eigi lesin upp við undirbúningsumræðuna, en eg verð sem formaður og framsögumaður nefndarinnar og vegna hennar að áskilja það, að fylgiskjölin verði prentuð í þingtíðindunum ásamt nefndarálitinu, því annars mundu þeir, sem málinu eru ókunnugir, ekkert skilja í nefndarálitinu, ef fylgiskjölin, sem það er byggt á, ekki sæjust þar líka. Eg vil því skjóta þessu til hins háttvirta forseta þingsins, hvort honum sýnist nokkuð á móti því. Svona undirbúið hefir þá málið komið fyrir þingið, og þessar upplýsingar hefir nefndin fengið um það, og hafa þær orðið þess ollandi, að meiri hluti nefndarinnar hefir ekki séð sèr fært að kveða upp neitt víst álit um málið. Eins og eg sagði við undirbúningsumræðuna, virðist mèr og meiri hlutanum, að þingið ekki sè bært um að ákveða, hvort Benidikt yfirdómari á að hafa nokkur eptirlaun, eða þá hversu há þau skuli vera, fyr en búið er að meta embættis afglöp þau, sem hann er kærður fyrir, og honum látin verða embættistöpun, og á meðan þetta ekki er skeð, er ekkert til þess að fara eptir nema tilfinningar sjálfs manns eða meðaumkunarsemi. Hèr er í rauninni eigi nema um tvennt að gjöra; annaðhvort hefir yfirdómari Benidikt Sveinsson fyrirgjört embætti sínu, og þá á hann enga heimtingu á eptirlaunum, eða embættisbrot þau, sem hann hefir verið kærður fyrir, hafa eigi verið svo stórvægileg, eða þess eðlis, að honum yrði vikið frá embætti fyrir þau, og þá á hann heimtingu á fullum eptirlaunum, að eg ekki segi meira. Þetta síðara hefir nú minni hlutinn að líkindum látið ráða skoðun sinni, og skal eg verða síðastur manna til að kasta á hann þungum steini fyrir það; en eg vil að eins taka það fram, að það er minni hlutinn en eigi meiri hlutinn, sem setur sig í dómarasætið milli Benidikts yfirdómara Sveinssonar og yfirboðara hans, því eg álít, að minni hlutinn felli óbeinlínis dóm í máli þessu með því að stinga upp á fullum eptirlaunum handa honum. Eg tek það fram, að mèr virðist það væri óheppilegt, ef þingið tæki það upp sem aðalreglu, að ákveða eptirlaun fyrir hvern þann, sem stjórninni þóknast að setja frá án þess að rannsakaðar sèu nákvæmlega ástæður fyrir afsetningunni. Þó eigi sè um mikið fè að ræða, þá ætti þingið að vera varasamt að kasta því út í bláinn, ef eigi gjörist þörf. Eg álít því, að rèttast sè fyrir þingið að dæma ekkert í þessu máli, en eg álít það ekki rètt að þola það umtalslaust, að mönnum á bezta aldri sè vikið frá embætti og svo dembt upp á

hinn fátæka landssjóð. Eg ætla þá ekki að tala meira að sinni, þangað til eg heyri, hvernig þingmenn taka í málið.

Forseti: Út af fyrirspurn hins háttvirta þingmanns viðvíkjandi prentun fylgiskjalanna í alþingistíðindunum, þá verður að leita atkvæða þingmanna um, hvort skjöl þessi skuli verða tekin í alþingistíðindin. Það er ekki vant að taka önnur skjöl í þau að sjálfsögðu, en þau sem lesin eru á þinginu, en það hefir verið gefið á ritnefndarinnar vald yfir höfuð að tala, hvað henni hefir sýnzt að láta prenta af öðrum skjölum, sem ekki hafa verið lesin upp. En í þessu efni getur ritnefndin nú verið í vafa, vegna þess að þingmenn greiddu atkvæði á móti því við undirbúningsumræðuna, að skjöl þessi yrðu lesin upp, og mætti þar af leiða, að þeir vildu ekki hafa þessi skjöl prentuð í tíðindunum. Þess vegna skal eg leita atkvæða þingmanna um, hvort þeir vilji hafa skjöl þessi prentuð í tíðindunum eða ekki.

Síðan var leitað atkvæða um þetta efni, og var samþykkt með 18 atkvæðum að taka fylgiskjöl nefndarálitsins upp í þingtíðindin.

Þórarinn Böðvarsson: Eg var í efa um, hvort eg ætti að standa upp í þessu máli, og það mundi ekki hafa orðið af því, ef hinn háttvirti framsögumaður hefði eigi neytt mig til að bera hönd fyrir höfuð mèr. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að eg hefði tekið mèr dómsvald í þessu máli. Þetta er ekki satt, heldur hefi eg neytt þess ráðgjafaratkvæðis, sem frumvarpið og staða mín sem nefndarmanns veitti mèr. Hinn háttvirti framsögumaður sagði enn fremur, að eg hefði farið eptir meðaumkun, en mèr finnst að hann, sem vinur þess, sem í hlut á, ætti ekki að bregða mèr þeim brigzlum, og eg get eigi skilið, hvernig hann fær það út úr nefndarálitinu, eða hvernig hann getur fundið nokkra skynsamlega ástæðu fyrir þeirri ætlun sinni. Eg verð þá að lýsa stuttlega yfir því, að eg var ekki móti því í nefndinni, að útvegaðar væru upplýsingar þær, sem hèr liggja fyrir í fylgiskjölunum, en ekki til þess, að dæma um, hvort konungsúrskurðurinn um afsetningu yfirdómarans væri rèttur eða rangur, gildur eða ógildur, þar eð eg áleit þá spurningu gefna, og að hinu leytinu liggja fyrir utan ætlunarverk mitt, heldur áleit eg, að eg eptir þessum upplýsingum ætti að ákveða, hversu há eptirlaun yfirdómaranum bæri; en það getur nú verið, að þetta sè misskilningur. Konungsfulltrúi tók annars vel undir uppástungu mína, enn þótt eg stynga upp á ofháum eptirlaunum. Þau eptirlaun, sem eg stakk upp á, eru þó

engan veginn þau hæstu, og vænti eg, að hann leggi það sama til þessa máls og eg. Eg stakk upp á þessum eptirlaunum að athuguðum öllum kringumstæðum, og verð að játa, að fyrir mèr liggur ekki sönnun fyrir því, að B. Sveinsson hafi sem embættismaður drýgt þau, sem að sjálfsögðu varði embættismissi.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að skýra frá, hvaðan eg hef tekið orð þau, sem hinn háttvirti meðnefndarmaður minn, þingmaður Gullbringusýslu, tók sèr svo nærri. Þau eru tekin úr ágreiningsatkvæði hans sjálfs, og skal eg leyfa mèr, að lesa upp úr því dálítinn kafla: »Þar eð þetta hefir eigi átt sèr stað hèr, ... eða 601 rd. 64 sk». Af þessum orðum hins heiðraða minni hluta má sjá, að hann hefir borið meiri hlutanum á brýn það, sem hann er sjálfur valdur að, og því gat eg eigi orða bundizt í ræðu minni áðan um þetta. Meiri hlutinn þóttist eigi hafa rètt til að kveða upp neinn dóm um, hvort B. Sveinsson hefir verið settur frá með rèttu eða röngu, en minni hlutinn hefir sannarlega kveðið óbeinlínis upp dóm sinn um þetta efni, með því að hann hefir stungið upp á, að yfirdómarinn fengi í eptirlaun 601 rd. og nokkra skildinga, og eru þetta þau eptirlaun, sem honum geta borið að lögum; en með því liggur beinast fyrir að ályktа, að minni hlutinn hafi álitið að hann hafi verið ranglega settur frá. Eg vildi nú samt heldur leggja betri þýðingu í ágreiningsatkvæði minna hlutans, og því gat eg þessa til, að það væri sprottið af tómri meðaumkunarsemi.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja menn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg gjöri ráð fyrir að allir þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu atkvæðin á þessa leið. (Sjá II, bls. 527).

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu málið um stofnun læknaskóla; hinn háttvirti 3. konungkjörni er framsögumaður, og mun hann gjöra svo vel að lesa upp álitsskjal nefndarinnar og skýra frá málinu að öðru leyti, svo sem þurfa þykir.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann Vestmannaeyinga að lesa nefndarálitið fyrir mig.

Helgi Hálfdánarson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 528).

Framsögumaður: Eg vona að þingmenn hafi lesið nefndar-

álitið, þó það sè nokkuð langt, en eg skal reyna að forsvara það hvar sem stendur, fyrir hverjum sem er. Eg hefi hingað til ekki fengið góðan byr með þetta mál, hvorki hjá stjórninni nè hjá embættisbræðrum mínum ytra, þótt eg hafi orðið að slíta mèr út við þessa læknakennslu nú í 10 undanfarin ár fyrir litla borgun. Eg get varla talið hana sem laun; því hún er ekki reiknuð til eptirlauna, en eg læt það nú allt vera. Einungis vil eg biðja þingið alvarlega að gá að, hvort eg hafi hreift máli þessu af sèrplægni, eða til þess að gjöra landinu gagn. Það sýnist ef til vill lítið í það varið, sem stendur í nefndarálitinu, að vèr missum margar þúsundir manna fram yfir það, sem vèr þyrftum að missa, ef læknaskipunin væri í góðu lagi, en þetta er þó svo, og verður eigi hrakið; frá öconomisku (búskaparlegu) sjónarmiði, er þetta þó ekki ómerkilegt. Það eru til nægar töflur bæði í landshagsskýrslunum og annarstaðar, sem sýna nákvæmlega, hversu mikið hver Íslendingur vinnur, og er það vissulega meira, en menn skyldu hugsa. Það, sem út er flutt frá Íslandi, var á árunum 1864 og til 69 árlega nærfellt 1,200,000 rd. virði, og þegar því er skipt á hina verkfæru landsbúa, þá sèst, að hver verkfær maður hefir unnið fyrir meiru en 100 rd. árlega, og reikni maður vinnualdurinn, eptir að menn eru fermdir til 17 ára, þá missir landið 1700 rd. fyrir hvern verkfærann mann, sem eigi nær meðalaldrinum. Líkt er um annað í nefndarálitinu, að það mun eigi svo gott að hrekja það. Eg vil reyna að forsvara það bæði hèr á þingi og annars staðar. Eg vona, að það sè augljóst af því, að mikið vantar til, að vèr höfum viðunandi læknaskipun, og að því örðugra muni verða að ráða bót á þessu, sem það er lengur dregið; það er því sannarlega mikill ábyrgðarhluti, að draga það lengur. Eg ætla þá ekki að tala meira, þangað til eg heyri mótbárur manna.

Sigurður Gunnarsson: Það er kunnugt af inngangsumræðunni og nefndarálitinu, hverjar ástæður eru til þess, að mál þetta er nú borið fram hèr á þingi. Það er almennt viðurkennt, hver nauðsyn er á að fá hèr sem flesta lækna og sem duglegasta, en til þess er ómissandi að fá hèr stöðuga innlenda læknakennslu. Sú læknakennsla, sem nú er hèr í Reykjavík, er að sönnu lofleg byrjun, en aðalgallinn á henni er sá, að hún er svo stopul; vèr getum eigi vitað nema hún falli niður, þegar minnst vonum varir. Stjórnin hefir að vísu hlynnt vel að þessari byrjun. En hún getur þó ekki talizt föst stofnun, heldur líkust privatskóla. Þegar hinn mikli

heiðursmaður, sem hefir barizt fyrir þessari læknakennslu, fellur frá, hver getur þá vitað, hvort þeir, sem eptir hann koma, geta tekið á sig þá fyrirhöfn, sem verður að fylgja læknakennslu? Bregðist það, þá getur verið, að þessi kennsla hætti með öllu. En reynslan hefir margfaldlega sannað, að það er valt að eiga undir því, að nógir læknar muni fást í læknaembætti landsins frá háskólanum í Kaupmannahöfn; orsökin til þessa er öllum ljós; hún er, að fátækir Íslendingar megna ekki að rísa undir þeim fjarskalega kostnaði, sem háskólalærdóminum fylgja, einkum síðan að aðalgreinir læknisfræðinnar voru sameinaðar og menn eru farnir að vera sex til átta ár að meðaltali til að ná embættisprófi í læknisfræði. En svo margir munu þó að líkindum ætíð læra utanlands, að nógu margir fengjust þaðan í kennaraembætti þau við læknaskólann, sem nefndin stingur hér upp á að stofnuð verði hér í Reykjavík, og ef til vill fáeinir að auki í önnur hin helztu læknaembættin. Það getur, eins og eg sagði, enginn efazt um, að öll nauðsyn sé á að koma hér upp sem fyrst fastri læknakennslu, og það því síður, sem sá ágætismaður, sem hingað til hefir stundað læknakennslu hér, er farinn að eldast. Landlæknirinn er þó dauðlegur eins og aðrir, og vér vitum eigi, hvort eptirkomendur hans muni fylgja máli þessu með sama áhuga og hann. Það gæti vel dregið úr áhuga þeirra og fylgi, að margir danskir merkismenn gjöra lítið úr læknakennslunni hér, það hefi eg heyrt, og telja hana mjög fánýta og ónóga. Eg man ekki betur, en að einn útlendur herra, sem fór hér um, hafi virt hana svo lítils, að kalla hana «Qvaksalveri i stor Scala». Þess háttar orð eru vel löguð til að spilla áliti hennar erlendis. Veit eg, það má telja læknakennslu þeirri, sem nú er hér, til ókosta, að eigi sé ætlazt til, að námstíminn sé nema 2 ár; en á þessu er nú ráðin töluverð bót, með því stjórnin hefir ákveðið, að stúdentarnir, sem læri hér, skuli sigla 1 ár og ganga á spítala í Kaupmannahöfn; þrátt fyrir það getur kennslan eða námið varla orðið svo sem þyrfti á svo stuttum tíma, og því hefir nefndin gjört vel í því að lengja tímann um 1 ár. Það þótti nauðsynlegt, að stofna prestaskólann til þess að efla þekkingu og kunnáttu prestaefnanna, því fáir eru svo efnum búnir, að þeir geti sent sonu sína á háskólann í Kaupmannahöfn, til að læra þar guðfræði; prestaskólinn er líka orðinn reglulegur skóli, og er hann búinn að fá fulla festu, og gjöra mjög mikið gagn. En eigi virðist minni nauðsyn á því, að sama væri gjört til að tryggja

læknakennsluna, til að reyna að bæta úr meinsemdum líkamanna. Með prestaskólanum er leitazt við að verja sálina meinsemdum og lækna kvilla hennar. Er þá ekki eins áríðandi að sínu leyti að bera umhyggju fyrir því sem læknað gæti líkamann, svo sálin hafi frið að búa í honum? Allur sá kostnaður, er þarf til prestaskólans, er lagður fram úr landssjóði, og þar eð læknaskólinn er allt eins áríðandi, þá sè eg eigi betur, en að eins væri rètt að allur kostnaður til hans væri greiddur úr landssjóði; en ef eg man rètt, þá var í bænarskránni, er kom máli þessu á hreifingu, eigi farið fram á annað, en að læknasjóðurinn bæri þennan kostnað, að því leyti, sem hann hrykki til, en landssjóðurinn legði að eins til það, sem vantaði. Menn hafa sagt, að eigi væri þörf á svo mörgum læknum, sem þessi skóli mundi koma upp, og allt of margir stúdentar mundu leggja sig eptir læknisfræði, ef til vill 3 til 4 á ári; þessa þarf varla að kvíða; nú sem stendur eru nógu mörg auð rúm handa læknum í landinu svo að langan tíma þarf til að fylla þau öll, og svo eru nú læknar optar skammvinnari en aðrir menn, því þeir eru mörgum hættum undirorpnir; embætti þeirra fylgja margir hrakningar og slys, og þeir verða að mæðast af sífelldu ónæði, missa heilsu og líf fyrir örlög fram. En þó svo bæri við, að lækna-efnin yrðu óþarflega mörg, þá held eg að það væri enginn skaði; það var áður títt, að prestaefni frá Bessastöðum bjuggu búi sínu í sveit lengi, áður en þeir fengu embætti, og gjörðu á ýmsan hátt mikið gagn með þekkingu sinni; sama mundi verða um læknaefni, ef þau yrðu fleiri en svo, að allir gætu fengið embætti. Þeir gætu lifað af búi sínu eins og aðrir og gjört margt gagn. Nefndin hefir gjört ráð fyrir, að lærdómstíminn yrði lengdur, og held eg þetta gott í tvennu tilliti; bæði yrðu læknarnir þá betur að sèr, og þá mundu færri sækja að læknaskólanum, þegar hann tæki meiri tíma og kostnað en prestaskólinn. Eg hefi orðið þess var, að þeim, sem um þessar mundir út skrifast úr latínuskólanum, er eigi um að ganga á prestaskólann, því þeir fælast hin vesölu útkjálkabrauðin, sem muni liggja fyrir sèr, og vilja heldur fara á læknaskólann, því læknaembættunum fylgi meiri laun. Þetta er satt, þó eg álíti það hègóma, því það er bezt fyrir fátækan mann að byrja á litlu; þegar námstíminn á læknaskólanum væri nú lengdur, þá mundu fleiri sætta sig við, að ganga á prestaskólann, og þá mundi eigi verða hætt við að of margir sæktu að læknaskólanum. Hvernig sem eg álít þetta mál,

þá virðist mèr allt mæla með því, að þingið fylgdi alvarlega að því, að hèr komist á föst kennslustofnun í læknisfræði.

Framsögumaður: Eg sè á ýmsum þingmönnum, að þeir efast um, að það sè satt, sem eg sagði, að hver verkfær maður á landinu vinni fyrir seytján hundruð ríkisdölum á meðalaldri, en eg get fullvissað þá um að þetta er rètt, því það er almenn aðferð, að reikna produktionina eptir hinum útfluttu vörum, og þar á er þessi reikningur byggður. Það er auðvitað, að börnin vinna ekki, en því að eins verður maður verkfær, að hann hafi verið barn.

Egill Egilson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við staflið b, að undirkennararnir skuli hafa sömu laun sem docentarnir á prestaskólanum »auk launa sem hèraðslæknar«.

Pètur Pètursson: Af því ráð er fyrir því gjört, að kostnaðurinn til skóla þess, sem hèr er um að ræða, verði greiddur úr læknasjóðnum, að svo miklu leyti, sem hann vinnst til, og svo hitt sem á vantar úr landssjóðnum, þá þykir mèr það vera skylda mín, að gjöra yfirlit yfir kostnað þann, er stofnun þessi mundi hafa í för með sèr og sýna, hve mikið af honum að læknasjóðurinn mundi geta borið. Yfirkennaranum eru hèr ætluð sömu laun sem forstöðumanni prestaskólans, og eru það auk húsaleigustyrks, sem eru 150 rd., mest 2200 rd., og enn fremur sem landlækni 600 rd.; eg vil því gjöra ráð fyrir, að laun hans yrðu samtals 2800 rd., og er það eigi of mikið fyrir þann heiðursmann, sem hèr á hlut að máli; enn fremur eru laun hinna annara kennara miðuð við laun kennaranna á prestaskólanum, sem eru mest 1000 rd., og að auki mætti eigi ætla þeim minni laun sem hèraðslæknum, en helming hinna minnstu hèraðslæknislauna, sem væru 300 rd.; laun þeirra hvors um sig yrðu því 1300 rd.; því næst er húsaleigustyrkur fyrir 3 lærisveina 120 rd., 3 ölmusur 300 rd.; fyrir lestrarstofur og fleira 250 rd., siglingarstyrkur fyrir 3 stúdenta 900 rd.; þetta yrðu samtals 6970 rd., sem væri hinn árlegi kostnaður til skólans sjálfs. Enn fremur hefir landlæknir gjört ráð fyrir, að læknaembættin yrðu 20, eða eiginlega 32, ef vel væri, en eg vil taka hina minni tölu 20, og þar eð hann hefir ráðgjört, að laun þeirra hvers um sig yrðu 400—800 rd. eða að meðaltali 600 rd., þá yrðu þau samtals 12000 rd. Þannig yrði þá kostnaðurinn við fyrirkomulag það, sem ráðgjört er á læknaskipuninni, 18970 rd. á ári hverju; læknasjóðurinn er að upphæð 63000 rd., og rentur af því 2520 rd., og eg vil gjöra ráð fyrir að spítalahlutirnir kunni að verða 2600 rd. að

meðaltali, þá eru það þó eigi nema rúm 5000 rd., er læknasjóðurinn mundi geta látið af hendi, en hátt á 14. þúsund mundi þurfa að skjóta til úr landssjóði. Mèr hefir þótt það skylda mín, að taka fram þessa hlið málsins, og gjöra þetta yfirlit yfir kostnaðinn; en það er fjærri mèr, að vilja spilla málinu, því eg efast eigi um, að hvervetna annarstaðar mundi mönnum eigi vaxa þessi kostnaður í augum, þar sem um nauðsynjamál er að ræða. Eg dylst eigi við, að stjórnin hefir hingað til slegið slöku við þessa læknakennslu hèr í Reykjavík, með því að ætla læknasjóðnum einum að bera hana; en það er mikið slæmt að kennsla þessi eigi nær meiri festu en enn er orðið, sem eigi mun verða fyrri en landssjóðurinn tekur hana upp á sig; stjórnin hefir og jafnan kallað þessa tilhögun, sem nú er, læknakennslu en eigi læknaskóla, sem sýnir, að hún skoðar svo sem tilhögun þessi sè að eins til bráðabyrgða; hún gjörir líklega ráð fyrir, að þegar embætti þau, sem nú vantar lækna í, eru orðin fullskipuð, þá muni verða hlè á, og fáir sækja skólann, því naumast mætti vænta þess, að menn mundu nema læknisfræði í þeirri von, að þeir gætu lifað embættislausir sem practiserandi læknar; reyndar hefi eg heyrt, að danskur læknir sè kominn á Seyðisfjörð, er ætli að lifa þar á praxis eingöngu, en bæði er slíkt eindæmi og óvíst, hvað lengi það verður. Það sem hèr ríður mest á, er að festa kennsluna og koma henni svo fyrir, að eigi þurfi því að kvíða, að tilfinnanlegur skortur verði á læknaefnum, því reynslan hefir sýnt, að erfitt verður að fá nægilega marga kandídata frá Kaupmannahöfn. Að svo mæltu fel eg þetta nauðsynjamál þinginu til hinna beztu úrslita.

Framsögumaður: Út af því, sem farið er að tala um kostnaðinn, þá vil eg geta þess, að hann er nú sem stendur um 7000 rd. til læknaskipunarinnar á öllu landinu, en mèr ofbýður það eigi, þótt hann ætti að verða full 20,000 rd.; eg sýndi um daginn, að það eru renturnar af 3 miliónum, sem sötuð er upp á ári hverju eingöngu í áfengum drykkjum, og gæti eg eigi grátið, þótt nokkru af þessu væri varið, til að koma á betri læknaskipun. Það hefir verið sagt, að það mundi vera stjórnarinnar meining að láta þessa læknakennslu hætta, þegar fullskipuð væru orðin embættin, og þetta er eg dauðhræddur um, en menn verða að gæta þess, að læknarnir verða eigi eilífir, og vil eg taka til dæmis, að á Vesturlandi og í Vestmannaeyjum hefir þeirra að meðaltali eigi notið við lengir en 10 ár; þegar svo enginn hefir fengizt í embættin, þá hefir

næsti læknir verið konstitueraður, en allir vita, að slíkt er nafnið eitt, því optast hefir hann eigi svo mikið sem stigið fæti sínum í það hèrað. Hinn 5. konungkjörni gat um einhvern praktiserandi lækni frá Danmörku, en eg hefi litla trú á honum, því með því danskir læknar tolla hèr eigi í embættum, þá hefi eg litla von um að þeir muni ílendast embættislausir. Læknar eru jafnaðarlega skammlífastir allra manna, og þeir, sem hèr læra, munu verða dauðlegir eins og aðrir; og nú vantar menn í þau embætti, sem til eru, en þau eru svo fá, að eigi veitti af, að þau væru þrefalt fleiri, því það væri eigi nóg í stórum sýslum að hafa að eins einn lækni; það veitir því eigi af að læknaefnum sè fjölgað að mun og læknakennslunni fram haldið. Í útlöndum þykir læknaskipunin eigi vera í góðu lagi nema 1 læknir sè fyrir hverja 1000 manns; í Kaupmannahöfn man eg eptir að það var jafnvel meira, og er þó munur á götunum þar eða vegunum hèr um landið. Það er rètt sem Dr. Schleisner segir, að dauðratalan hèr á landi komi mest til af því, hvað fjarskalega fáir að læknarnir eru; enda hafa menn alstaðar annarstaðar fundið nauðsyn á að fjölga læknum, þar sem þá hefir vantað, bæði í Ameríku og Rússlandi. Það er sjálfsagt, að það er stór summa, sem hinn 5. konungkjörni gat um, en væru allir Íslendingar komnir saman á einn blett, þá er eg viss um, að þeir mundu hver fyrir sig vilja leggja til 3 mrk. á ári fyrir að geta fengið læknishjálp, hvenær sem þeim lægi á; en þetta mundi nema 35000 rd. Sú mótbára, að kostnaðurinn sè mikill, á því eigi að fæla menn frá, að koma máli þessu áleiðis, er varðar líf og velferð margra þúsunda manna.

Sigurður Gunnarsson: Þingið má þakka hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni fyrir þær upplýsingar, er hann hefir gefið viðvíkjandi málinu, bæði að því er snertir kostnaðinn við læknaskólann og læknaskipunina á öllu landinu eptir uppástungum nefndarinnar, og geta þær sèzt í þingtíðindunum. En eg vil biðja menn að gæta þess, að þess mun verða lengi að bíða, að læknar sèu komnir í öll þau embætti, er ætlazt er til að stofnsett verði hèr á landi; og annað atriði er það, sem eg vil biðja menn að íhuga, að landlækninum og öllum þeim læknum, er í konunglegum embættum eru, hefir hingað til verið launað úr ríkissjóðnum, og það er þá sjálfsagt, að þeim á að launa eptirleiðis úr landssjóðnum, en aptur á móti álít eg, að spítalasjóðnum eða læknasjóðnum eigi að verja sem líkast því, er upphaflega var

augnamið hans, það er að segja til þess að styrkja spítala og innlendan læknaskóla, og ef svo væri, að honum yrði einkum varið til læknakennslunnar, þá mundi eigi þurfa að skjóta miklu fé til læknaskóla úr landssjóðnum. Út af því, sem hinn háttvirti framsögumaður var að tala um barna- og unglinga-dauðann, hversu mikill hann sé, þá skal eg geta þess, að í hitt eð fyrra dóu í báðum Múlasýslum af hverjum 100, sem fèllu þar frá, undir 60 fyrir innan 15 ára aldur, og dó það ár hvergi á landinu jafnmargt á þeim aldri. Og um leið vil eg geta þess, að á Austurlandi hefir án efa opt gengið barnaveiki, sem drepið hefir niður ungbörnin mörgum hundruðum saman, en enginn tekið fram eða getið um, að sú veiki hafi verið þar til nokkurn tíma, af því læknaskipun hefir verið þar alla tíð svo ónóg, því síður að sá sjúkdómur hafi verið læknaður þar. Þessi voðalegi sjúkdómur ætla eg hafi verið sá, sem læknar nefna «trismus neonatorum». Þetta ræð eg af kirkjubókum á Austurlandi. Þar er þess getið, einkum í fjarðasveitunum, að fjöldi ungbarna hafi dáið á ýmsum áraköflum 3—8 ár í senn, á aldursdögunum 5. til 8., og bætt við í skýrslum um dauða-orsökina «af krampa». Þessi óttalegi barnasjúkdómur gekk í minni sveit 5 ár af þeim 17, sem eg var í Borgarfirði austur, og drap þar flestöll börn, sem fæddust, einkum þau sem kraptmest sýndust, hin vesalli tórðu. Um aldurstíma lækna í embætti á Austurlandi get eg borið þann sama vitnisburð sem hinn háttvirti framsögumaður, að á rúmum 40 árum, sem eg hefi verið á Austurlandi, hafa 5 læknar verið þar hver eptir annan, 4 af þeim hafa verið þar sína læknistíð, 3 dáið þar, hinn 4. misst heilsu, svo hann varð að hætta; hinn 5., sem þar er nú, má teljast nýkominn. Embættisaldur lækna á Austurlandi hefir því verið til jafnaðar 10 ár.

Læknir sá, sem hèr var getið um að nú væri kominn á Seyðisfjörð, er mèr kunnugur. Hann hefir verið eystra tvisvar áður, og sýnt þar mikla góðvild og hjálpað um dálítið af ýmsum húsmeðulum. Mèr hefir verið sagt, að hann sè ekki skólagenginn læknir, en hafi gengið á spítala um 2 ár að ráði stjórnarinnar, farið síðan til Grænlands og verið þar læknir um nokkur ár, því næst var hann skipslæknir hjá kaptainleutenant Hammer, og ætla eg hann sè sá sami, sem nú er sagt að sè seztur að í Austfjörðum. Þegar eg nú sný huga aptur að læknaskólamálinu, sem nú er um að ræða, þá hefi eg ástæðu til að gjöra mèr í grun, að það geti fallið hèr á þingi, því áskil eg mèr til vara það viðaukaatkvæði, að þingið

sendi bænarskrá til konungs vors um það, að frumvarp um læknaskóla hèr á landi verði lagt fyrir næsta þing.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu skýrði þinginu frá, skal eg, þingmönnum til upplýsingar í málinu, jafnframt geta þess, að fyrir vestan hafa síðan 1828 tekið við hver eptir annan 7 læknar; og það hefir sýnt sig á barnaveiki þeirri er gekk á Vestmannaeyjum, áður en þangað kom læknir, hversu lífsnauðsynleg aðstoð þeirra er hvervetna hèr á Íslandi.

Eiríkur Kúld: Eg hefi þá von til þingsins, að það sè eins nú sem áður hlynnt læknamálefnum vorum. Það er ekki margt nema kostnaðurinn að uppástungu nefndarinnar að finna, og mun hann vaxa mörgum þingmönnum í augum, en menn eiga þó allra sízt hèr að spyrja um kostnað, því í þessu máli er önnur spurning, sem hverjum þingmanni og hverjum Íslendingi hlýtur að liggja nær og hún er: hvað kostar heilsan? hvað kostar lífið? Enginn Íslendingur held eg telji eptir sèr að kosta uppá heilsu sína. Eitt er líka aðgætandi viðvíkjandi kostnaðinum, að þótt hann kunni að vera mikill, þá er vonlegt að tekjur læknasjóðsins ríki smámsaman betur en nú, og þannig geti borið meiri kostnað en hingað til hefir hvílt á honum. Eg fyrir mitt leyti get eigi annað en verið sannfærður um, að það liggi Íslendingum mjög á hjarta, að fjölgað verði læknum hèr á landi, því að því verður alls ekki neitað, að læknar eru hèr allt of fáir, og það eru engin útlit til, að þeir geti fjölgað, nema komið sè á fót innlendum læknaskóla, því að þótt þeir geti fjölgað um stundarsakir með þeirri læknakennslu sem nú er í Reykjavík, þá er sú kennsla svo stopul, þar sem hún að eins er bundin við einstaka menn, að menn eigi geta búizt við, að hún verði til frambúðar. Eg vil biðja menn að gæta þess, að af þeim læknum, sem nú eru í embættum á landinu, hafa 6 numið læknisfræði í Reykjavík, og eigum vèr það þannig að eins einum manni að þakka, að þessir menn geta nú orðið til þess að ráða nokkra bót á meinsemdum landsmanna sinna. Ef að þessi maður hefði eigi sýnt svo mikinn áhuga á þessu máli, þrátt fyrir öll önnur störf, er hann hefir að gegna, og svo mikið þrek, að enginn fyrirrennari hans í embættinu áður getur komið til jafns við hann, þá væru öll þessi 6 læknaembætti óskipuð, því allir þeir, er tekið hafa læknispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, eru líka komnir í embætti. Þessi maður hefir unnið af ýtrasta mætti til þess, að fá læknaskip-

uninni komið í betra horf hèr á landi, og enginn veit hve lengi hans nýtur við. Viðvíkjandi því sem þingmaður Suður-Múlasýslu gat um, að lítið væri gjört úr læknakennslunni hèr erlendis, þá vil eg benda á það, að eins og menn vita að þeir menn, er gengið hafa gegnum læknaskólann hèr í Reykjavík, hafa undantekningarlaust áunnið sèr hið bezta mannorð, eins veit eg það fyrir víst, að þeir læknar hafa komið frá útlöndum sumir hverjir þeir — nomina sunt odiosa — sem óskað hefir verið gleðilegrar burtfarar, þá þeir fóru hèðan aptur, en engrar apturkomu. Þegar nú þar á ofan ætlazt er til að þeir, sem læri, fari síðan utan til þess að auka þekkingu sína á fæðingarstofnuninni, skil eg eigi að þeir í nokkru tilliti standi á baki læknum, sem læra í Kaupmannahöfn, og þá sè eg eigi betur en að íslenzkur maður, jafnframt læknir og danskur maður, hljóti að þekkja betur til sjúkdóma hèr á landi en sá danski. Eg veit eigi, þó tíminn sè orðinn stuttur, hvort þingið hefir láð mèr, að eg bar upp uppástungu þessa, en eg held að enginn Íslendingur lái mèr það.

Páll Pálsson: Þegar eg sè niðurlagsatriði nefndarinnar, finnst mèr uppástunga hennar svo gífurleg að lengri tími en þingið að svo stöddu hefir að ráða yfir sè nauðsynlegur málinu til yfirvegunar, ef til úrslita er ætlað að sinni. Eg áskil mèr því þá breytingaruppástungu líks efnis sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu, að þingið taki eigi málið fyrir að sinni, en að frumvarp viðvíkjandi þessu máli verði lagt fyrir næst, þá er Íslendingar eigi sèr þing.

Jón Sigursson: Eg verð líka að láta það í ljósi fyrir þinginu, að eg er ekki meðmæltur þessum nefndaruppástungum, sem hèr liggja fyrir til umræðu, ekki af því, að eg sè mótfallinn málinu í sjálfu sèr, eg skal að minnsta kosti hvorki lofa það nè lasta í þetta sinn, en bæði hefir það verið lagt of seint fyrir þingið, og er þar að auki svo yfirgripsmikið, að varlega er farandi út í það, eins og það liggur fyrir. Eg fellst því á breytingaratkvæði þingmannsins úr Suður-Múlasýslu, að frumvarp í þessu máli verði lagt fyrir næsta alþing, og ef gengið verður til atkvæða um alla töluliðina a-g, þá álít eg margt óþarft í þeim t. d. A og B. Þegar læknaskóli er stofnaður, er nógur tíminn til þess að ræða um og ákveða upphæð launanna handa forstöðumanni skólans og kennaranna við hann. Eg ætla því til vara, að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að allar þær ákvarðanir í uppástungum

nefndarinnar, sem lúta að fjárframlögum til skólans, verði úr felldar.

Framsögumaður: Eg hóta ekki þinginu, en vilji það draga læknaskipunarmál þetta, þá er það upp á þeirra ábyrgð, sem þess ollandi verða; eg tek það fram, að dráttur á málinu er samvizkupóstur, ísjárverður og mun spilla fyrir því; en eg skal segja þingmanni Suður-Þingeyinga það, að þetta frumvarp er fullt svo gott sem það, sem hann hefir borið á borð fyrir þingið í stjórnarmálinu. Að öðru leyti get eg rólegur sagt: «Dixi et liberavi animam meam«; eg hefi lagt fram mínar tillögur og velt hinni miklu ábyrgð í þessu velferðarmáli landsins frá mèr við Íslendinga og aðra, sem vilja kynna sèr þingræður vorar. Eg vil ekki bera skuldina fyrir því, sem af þessu flýtur, og mun eg geta velt henni af mèr.

Jón Pètursson: Eg heyri það, að mörgum þingmönnum blöskrar sá kostnaður, er læknaskóli með því fyrirkomulagi, er nefndin hefir stungið upp á, mundi hafa í för með sèr; en eg veit eigi, hvort hann mundi verða eins mikill og menn ætla. Hinn háttvirti varaforseti sýndi áðan fram á, hvað læknakennslan eptir þessu fyrirkomulagi nefndarinnar mundi kosta, og einnig sýndi hann fram á, hvað læknaskipun sú, sem farið er fram á, mundi kosta, er hún væri komin á. Hann til greindi einnig, hvað spítalasjóðurinn væri hár, og að hve miklu leyti hann því gæti borgað kostnaðinn, og var þetta allt saman án efa öldungis rètt hermt af honum. Það sem læknasjóðurinn nú eigi fær sjálfur borgað af þessum kostnaði, það hlýtur að lenda á landssjóðnum, en sá kostnaður verður eigi nærri eins mikill og mönnum kann við fyrsta álit að virðast, því að þar frá verður að draga þann kostnað til læknaskipunarinnar hèr á landi, er nú hvílir á landssjóðnum, það er að segja: þar frá verður að draga laun landlæknisins og hèraðslækna þeirra, sem í konunglegum embættum sitja, því að þau eru einmitt talin nú í fjárhagsáætluninni meðal útgjalda Íslands; þess vegna mundi kostnaðurinn verða miklu minni, en menn nú hafa álitið að hann mundi verða *(Grímur Thomsen:* Hve miklu minni?) Það veit eg eigi gjörla, því að eg hefi eigi áætlunina fyrir mèr, og svo eru líka laun allra embættismanna í henni tekin saman í eitt. Það er einnig annað atriði, sem eg vil biðja menn að gá vel að, það er það, að þessi kostnaður fellur eigi strax á; það verður efalaust langur tími, þangað til embættin öll verða skipuð læknum, þess vegna fæ eg eigi sèð, að það sè ástæða til

að fresta að byrja á að koma á fót þessari stofnun vegna ókomins kostnaðar, er öldungis er óvíst hve nær muni falla á. Þá voru þar taldir 900 rd. á ári til 3 kandidata, er frá læknaskólanum sigla á fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, en eg held að þetta sè of mikið; menn geta víst varla gjört ráð fyrir, að fleiri mundu sigla að meðaltali á ári en 1, og þar sem hann ekki yrði lengur þá en 1 ár, yrði kostnaður þessi um árið 300 rd., eða verða þeir að vera þar lengur en eitt ár? Eg ímynda mèr, að það verði ekki. Svo finnst mèr mætti minnka um 1 ölmusuna, svo ölmusurnar væru ekki nema tvær. Að fresta málinu og bíða þess að stjórnin leggi frumvarp um það fyrir þingið, álít eg að ekki sè vert, því vèr ættum að fá þess konar stofnanir sem allra-fyrst og láta oss annt um að koma öllu slíku á fót hjá oss sem fyrst, er gjörir hverja þjóð civiliseraða, og það því heldur sem kostnaður sá, er hèr ræðir um, ekki er neitt fjarskalegur. Svo hefir stjórnin ekkert betri föng á að semja uppástungu um þetta mál heldur en þingið. Eg ræð því þinginu til að hlynna nú þegar sem bezt að máli þessu.

Guðmundur Einarsson: Mèr þætti fróðlegt að heyra, áður en lokið er þessari umræðu, hve mikinn kostnað hin núverandi læknakennsla í Reykjavík hefir í för með sèr, svo menn gætu skoðað mál þetta með nægilegum rökum og athugað, hve mikið skólastofnan sú, er hèr ræðir um, mundi þurfa að kosta fram yfir það sem nú er. Eg er því mjög hlynntur, að læknum sè fjölgað hèr á landi og að þeir öðlist svo fullkomið nám í sinni grein, sem unnt er; en hvað þessar uppástungur nefndarinnar snertir, þá virðast mèr þær allt of háar og óaðgengilegar, og finnst mèr því óráðlegt að hrapa að málinu, meðan þingið ekki hefir öðlazt fjárveizluvald og veit ekkert, hvað af verður ráðið. Eg kalla það kynlegt nú að hlaupa til stjórnarinnar og biðja hana um þetta fjarskamikla fè, þar sem sú aðalregla virðist að hafa haft yfirborðið þennan þingtíma, að gjöra sem fæstar fjárbænir af þeim ástæðum að þingið hefði enn eigi fengið fjárveizluvald. Sömuleiðis álít eg, að læknakennslunni hèrna í Reykjavík, yrði að aukast álit, áður en menn færu að flýta sèr að auka svo mjög kostnaðinn, því þrátt fyrir lofsorð það, er þingmaður Barðstrendinga lauk á lækna þá, sem hèðan eru útskrifaðir, er eg þó viss um, að almenningsálitið á þeim getur komizt á nokkuð hærra stig; og það væri sannarlega æskilegt að þokki landsmanna á þessari vís-

indastofnan yxi fram úr því sem nú er. Eg verð því að vera á máli þeirra, sem ráðið hafa til að fresta máli þessu, jafnvel þótt eg í rauninni sè því mjög hlynntur.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að lengja umræðurnar með því að reyna til að sannfæra þá, er móti máli þessu eru, því geti nefndarálitið, eins og það er samið, ekki sannfært menn, þá dettur mèr ekki í hug, að mèr muni takast það með orðum mínum. En hvernig sem fer, áskil eg mèr rètt til að beiðast þess, að nafnakall verði við haft, þegar til atkvæða verður gengið.

Jón Pètursson; Síðan áðan hefi eg fengið þá upplýsing í máli þessu, að landlæknirinn og hèraðslæknar vorir kostuðu um 5000 rd., og þegar það er dregið frá 13000 rd., er eptir reikningunum áðan ættu að lenda á landssjóðnum, þá verða eptir 8000 rd., og sem þá ættu að koma á landssjóðinn. Svo er þess að gæta, að þessi kostnaður kæmi ekki strax, og líka er þetta hinn hæsti kostnaður, sem eptir uppástungunni orðið getur nokkurn tíma.

Torfi Einarsson: Eg verð að segja það, að nefndarálitið gjörði miklu meira en fullnægja mèr, þar sem það færir rök fyrir því, að þörf sè á betri læknaskipan hèr á landi en verið hefir, því það er nokkuð, sem allir vita og þurfa ekki að sannfærast um. En hitt þykir mèr vanta, að ekki er neitt vist framsett þar um kostnað þann, er skólastofnun þessari mundi verða samfara, því eg fæ enga greinilega vissu um það, þótt menn sèu hèr á þinginu að þræta um slíkt aptur á bak og áfram, því eg er ekki svo skarpur, að eg geti veitt sannleikann út úr þess konar ræðum. Eg segi um sjálfan mig, að eptir veikum mætti hefi eg ávallt verið hlynntur læknamálinu, og hlýt enn að vera það, því heldur sem Strandasýsla í því efni hefir allt til þessa orðið, ef til vill, ver út undan en nokkurt annað kjördæmi landsins. Og af því að svo fór, að eg með hægð útilokaði Strandasýslu frá þeirri litlu læknishjálp, sem hún hafði, þá er engin furða, þótt mèr sè þetta læknaspursmál máske heitara en flestum öðrum. Það, sem eg hefi frá upphafi gjört í spítalamálinu, hefi eg gjört eingöngu í því skyni að auka læknasjóðinn sem mest, jafnvel þótt hinn 3. konungkjörni hafi þegar í upphafi nógsamlega þvegið mèr um höfuðið fyrir mína uppástungu í því máli. En nú sagði hann, að það væri 1700 rd. arður af hverjum verkfærum manni, en hèrna nýlega sagði hann, að þessari nú lifandi kynslóð væri að fara svo mikið aptur; og sè eg nú, að það hefir verið rangt hjá honum, ef hið fyrra er satt.

Hvað álitið á læknunum nýju snertir erlendis, þá má nú einu gilda, hvernig það er, hátt eða lágt, en hinu skiptir meiru, að þeir sèu vel þokkaðir hèr. Að þeir sèu ekki alveg fullkomnir í námsgrein sinni, getur maður ekki furðað sig á, þar sem landlæknirinn, sem hefir kennsluna á hendi, hefir allt til skamms tíma haft á hendi læknisumdæmi, sem var fullnóg handa tveim mönnum, svo varla var von á, að kennsla þessi gæti verið alveg í bezta lagi áður en bætt var hèr við öðrum lækni; en af því vel er látið af honum, þá efast eg ekki um, að meira sè nú heimtandi af þessum nýju læknum en áður, meðan landlæknirinn var einn. En eg er nú farinn að missa talsvert traust á læknum, einkum síðan maður fór að sjá auglýsingar frá þeim um það, að hver, sem vildi sækja þá, yrði að vera útbúinn með reiðhesta. Eg er viss um, að slíkt mundi valda hverjum einstökum manni að minnsta kosti 30 rd. kostnaðar á ári hverju, og væri það langtum tilfinnanlegra fyrir menn, en mikið spítalagjald. Víst er um það, að vèr Strandasýslubúar höfum aldrei vitjað læknis vors, enda mun hann aldrei hafa komizt inn fyrir takmörk Strandasýslu, síðan hann tók við embætti sínu, og settist að í Ísafjarðarsýslu. Að nú sè mál að flýta fyrir þessari læknaskóla-uppástungu, álít eg ekki, af því eg held það sè ekki hægt, að afgjöra mál þetta á þessu þingi, meðan það ekki er meira undirbúið. Við inngangsumræðuna var eg þeirrar skoðunar, að vert væri að taka það til íhugunar, af því það er mikilvægt í sjálfu sèr; en nú er eg hræddur um, að vèr ekki höfum fè til að vísa á; því eptir því sem atkvæði fèllu um brennivinsmálið, getum vèr ekki vísað á það fè til þessa. Spítalagjaldið hefir hingað til þótt næsta lítið, og álít eg því að svo stöddu ómögulegt, að standast þennan kostnað. Eg vildi því miklu heldur, að þessi uppástunga hefði komið á næsta þingi. Svo álít eg endilega nauðsynlegt í uppástungunni að hafa ákveðna töluupphæð, sem menn gætu fest sig við. Eg skora því á nefndina, að leggja fram ljóst yfirlit yfir kostnaðinn, svo menn gætu áttað sig á honum áður en til atkvæða er gengið.

Jón Pètursson: Uppástungu nefndarinnar undir staflið c skil eg ekki, sumsè að kennararnir skyldu ávallt vera kandídatar frá Kaupmannahöfn, því slíka menn væri kannske ómögulegt að fá, og þá mætti skólinn til að standsa. Það er auðvitað, að til þessa mundi ávallt verða tekið tillit, svo lengi sem slíkir menn væru til; en eg skýt því til nefndarinnar, hvort hún ekki álítur óhætt að

kippa þessu burt. Sömuleiðis áskil eg mèr breytingaratkvæði um það, að ölmusurnar verði ekki nema tvær. Svo eru, líka ákveðin 4 ár, sem læknaefnin þurfi að ganga í skóla þennan; en í Kaupmannahöfn er, ef mig minnir rètt, prófessórunum að eins gjört að skyldu, að hafa af lokið fyrirlestrum sínum yfir lögin, eða hvað þeir nú kenna, á svo eða svo löngum tíma, en ekkert er ákveðið um, að stúdentarnir megi ekki ganga upp fyrir þann tíma. Svo fyndist mèr ætti að vera hèr. Það kynnu líka sumir, eptir aflokið embættispróf í læknisfræðinni, að fara að segja öðrum til undir læknaskólann, og þá væri hart fyrir þá, sem svo væru undirbúnir, að vera 4 ár á læknaskólanum, eins og þeir, sem ekkert vita, þegar þeir byrja þar. Mèr virðist því betra, að tíminn væri ákveðinn til 3—4 ára.

Þórarinn Böðvarsson: Eg hefi opt óskað, að umræðunum um þetta mjög mikilsvarðandi mál mætti sem fyrst linna, og því væri það ósamkvæmni af mèr, ef eg færi mikið að orðlengja um það á þessu stigi, enda ætla eg að eins að tala fáein orð. Skal eg þá geta þess, að eg var mótfallinn uppástungunni og mælti á móti því, að nefnd væri sett í þetta mál, ekki af því, að mèr þætti það svo lítilsvert, heldur af því, að tíminn var svo naumur, og kringumstæðurnar svo, að mèr virtist ekkert geta orðið gert við málið nú. Eg veit ekki af neinu því fé, er þingið geti ályktað neitt um að svo stöddu. Það er satt, sem þingmaður Srandasýslu tók fram, að nefndarálitið hefði vel mátt vera miklu styttra, því um þörf á betri læknaskipun þarf engan að sannfæra. En það er ekki svo auðvelt að bæta læknaskipun hèr á landi voru. Það er ekki nóg að punga út fé til læknaskóla hèr í Reykjavík; auk þess mun allt hið minnsta hafa verið til tekið, þar sem rætt hefir verið um kostnað til þess skóla, ef læknarnir ættu að verða vaxnir starfi því, er þeim er ætlað að gegna. Hvað nú snertir manndauða hèr á landi, þá efast eg mjög um, að úr honum yrði bætt með fleiri læknum, því menn deyja hèr í raun rèttri ekki svo mjög af læknaskorti eins og af fátækt, eða afleiðingum af henni. Mèr virðist því varúðarvert að fara langt út í málið. Látum þá lækna, er menn með þessu móti kynnu að fá, vera miklu betri en þá, er vèr nú fáum; það dugir samt ekki, ef menn geta ekki staðizt kostnaðinn, sem af því leiðir. Það dugir ekki þeim sjúka, að vita af góðum lækni, ef hann hefir ekki efni á að vitja hans; efni þarf til þess, að mèr skilst, og svo er þess að gæta, að þó læknar komi út um landið,

þá hafa þeir engin meðul í höndum; lyfjabúðirnar eru svo langt frá þeim, þeir verða að kaupa í þeim af handahófi, sumt það sem þeir aldrei brúka. Þannig leiðast þeir í þá óttalegu freistni að brúka það, sem fyrir hendi er, hvort sem það á við eða ekki, hvort sem það er að gagni eða ekki. Þeim er þannig ómögulegt að hafa góð og næg meðul eptir því sem hèr hagar til. Eg er því á því, að mál þetta þurfi miklu meiri umhugsun og að það því ætti að bíða næsta þings. Eg vonast til enginn misskilji orð mín svo, að eg ekki álíti að hinn háttvirti framsögumaður sè alls góðs maklegur, og því vildi eg að sinni að eins biðja stjórnina, að hlynna svo að honum, að hann sèr að skaðlausu geti haldið fyrst um sinn áfram læknakennslu þeirri, er hann nú um æði-langan tíma hefir haft á hendi; og verði svo frumvarp um læknaskipunarmálið í heild sinni lagt fyrir næsta þing.

Framsögumaður: Það er sorglegt að vita til þess, hversu þingmenn hafa litla trú á því, sem í nefndarálitinu stendur, og að þeir álíta það eigi nægan undirbúning. Eg freistast til að trúa, að þeir sökum annara anna hafi eigi lesið það. En eg get enga ástæðu fundið til þess að láta þingið ráða skoðun minni í þessu efni. Í Prússlandi, Rússlandi og Englandi er annað fyrirkomulag á þessu; þar hafa læknarnir sína eigin stjórn og eru undir sèrstöku «ministerio» og hafa jafnvel sitt eigið «parlament» fyrir sig. Það er ekki von, að almenningur geti dæmt rètt í þessu máli, og því finnst mèr, að mèr sè heldur eigi láandi, þó eg leggi eigi mína meiningu alveg undir álit þingsins. Það er ekki mín meining, að þingið geti eigi ráðið úrslitum málsins, en eg hef sagt mína meining samvizkusamlega, og þá er mèr nóg. En eg verð að segja, að eg get eigi gjört mig ánægðan með stefnu þingsins, ef hún verður gagnstæð minni skoðun, því eg vil eigi og get eigi lagt mig undir annara dóm í þessu máli um það, hvað gjöra eigi, og hvernig það eigi að gjöra; það er á móti embættiseiði mínum. Eg ætla eigi að hóta þinginu, en eg finn það skyldu mína, að láta almenning fá að vita hvert álit eg hefi haft á málinu og hvernig þingið hefir tekið í það. Eg hefi nú sagt mína sannfæringu eptir beztu samvizku og þá get eg ekki meira.

Forseti: Með því að eigi fleiri taka til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið, og bið eg hina háttvirtu þingmenn, er áskilið hafa sèr breytingaratkvæði, að láta mig fá þau sem fyrst.

Sumir eru reyndar þegar búnir að skila mèr þeim, en nokkur þeirra hefi eg ekki fengið, þau vilda eg fá sem fyrst, til þess ef málið gæti orðið rætt til lykta. Það mál, sem liggur næst fyrir, er málið um þjóðhátíðina 1874 til undirbúningsumræðu; hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, sem er framsögumaður, gjörir svo vel að lesa nefndarálitið upp, og skýrir það eptir því, sem hann álítur að þörf sè.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Nefndarálitið hljóðar svo: (Sjá II, bls. 536).

Það, sem þegar er innkomið af fè til þessa fyrirtækis, eru um 600 rd., og 2000 rd. er lofað, en sem enn eru ókomnir inn. Þótt nú þessir peningar kæmu inn, get eg enga von gjört mèr um, að álitið verði tiltækilegt, að koma upp hinu fyrirhugaða alþingishúsi fyrir ekki meira fè, enda er þetta allstórkostlegt fyrirtæki í sjálfu sèr. Nefndinni virtist því líklegast, að horfið mundi verða frá þessu, með því eigi lítur út fyrir að fjárframlögin gangi betur hèr eptir en hingað til, og samskotafèð ætlað til einhvers annars fyrirtækis, sem eigi útheimti jafnmikinn kostnað, en sem þó að áliti nefndarinnar gæti verið all-sæmilegt og samboðið augnamiði sínu. Eg hefi nú heyrt, að nefnd sú, er hingað til hefir staðið fyrir samskotum þessum, og sem er skipuð þeim ágætismönnum, sem þinginu er kunnugt, sèu ófúsir að halda starfi þessu lengur áfram, ef þeir eigi vissu, til hvers samskota fènu skuli varið. Reyndar getur þetta eigi orðið fastákveðið fyr en gefendurnir hafa gefið samþykki sitt til þess fyrirtækis, sem þingið kann að stinga upp á; en svo getur alþingi 1873 gjört út um þetta mál, þegar samþykki gefendanna er fengið. Þau fyrirtæki, sem komu til orða meðal vor nefndarmanna, og sem oss virtust öll sæmileg, voru: að stofna fèlag til Íslands heilla, að stofna «legat», og væri vöxtum þess varið til að styrkja unga menn til náms helzt í einhverju verklegu augnamiði, og enn fremur kom oss í hug, að mjög samboðið væri hinu hátíðlega tímamarki, er hèr ræðir um, að verja samskotafènu til að semja Íslands sögu og jafnvel út býta henni gefins meðal landsmanna. Og margt fleira gæti verið enn betra, ef til vill, þótt oss hafi ekki komið það í hug. Menn geta sèð, að ýmsar uppástungur hafa komið fram í þessu máli. Þannig hefir t. a. m. verið stungið upp á í «Norðanfara», að kaupa skip fyrir tillög þau, er greidd verða til þessa málefnis. Það hafa komið fram margar slíkar uppástungur; en eg vil biðja hið heiðraða þing,

að fresta þessari uppástungu þangað til 1873, og hina heiðruðu nefnd, að halda áfram störfum sínum í þessu máli.

Pètur Pètursson: Af því að mèr veittist sá heiður, að vera ásamt öðrum fleirum kosinn í nefnd þá, er safna átti gjöfum til þessa fyrirtækis, þá finn eg ástæðu til að tala fáein orð. Hinu heiðraða þingi er kunnugt, að árangurinn af störfum nefndar þessarar hefir orðið fremur lítill, þótt hún hafi gjört það, sem í hennar valdi stóð, fyrirtæki þessu til framkvæmdar. En þar eð mèr virðist nú þingið vera horfið frá hinum upprunalega tilgangi sínum í þessu máli, þá vil eg lýsa því yfir bæði fyrir sjálfan mig og eptir umboði frá tveimur af meðnefndarmönnum mínum, að svo framarlega sem þingið eigi kemst að fastri niðurstöðu um það, hvernig verja skuli fè því, er saman verður skotið, þá óskum vèr að þinginu mætti þóknast að losa oss við þennan starfa og fela hann öðrum á hendur. En ef það vildi ákveða einhvern vissan tilgang, mundum vèr enn þá halda áfram, að gjöra tilraun til, að útvega samskot. Þar sem stungið hefir verið upp á, að verja fènu til að semja sögu Íslands, þá álít eg það ekki óheppilegt; en þar á mót álít eg það liggja miklu fjær, að kaupa skip fyrir það. Eg óska, að hinir heiðruðu þingmenn og einkum hinn háttvirti forseti vildu láta álit sitt í ljósi um það, hvort eigi mundi rèttast, að ákveða nú þegar, til hvers verja skuli fènu.

Forseti: Það er sjálfsagt samhuga ósk þingmanna, að nefnd sú, er kjörin hefir verið til að safna gjöfunum, haldi áfram störfum sínum, og ímynda eg mèr, að þeir kunni henni þakkir fyrir framkvæmdir hennar í þessu máli; enda get eg eigi sèð, að hún hafi getað hafzt meira að, nema ef vera skyldi, að auglýsa á prenti gjafirnar, jafnóðum og þær kæmu inn. Hvað þeirri uppástungu hins háttvirta varaforseta viðvíkur, að ákveða nú þegar, til hvers verja skuli fènu, þá get eg eigi sèð, að hægt sè að ákveða þetta fyr en menn vita hèr um bil, hve miklu samskotin nema. Eg vil leyfa mèr að skora á hina heiðruðu nefnd, að halda áfram að gangast fyrir samskotunum; og þegar fèð er fengið, mun mega sjá ráð til að ákveða, til hvers skuli verja því.

Pètur Pètursson: Mèr getur þó eigi skilizt, að haganlegt sè, að reyna að safna fènu, án þess til tekið sè, til hvers því er safnað. Því að menn eru eigi hèr svo efnum búnir, að þeir geti snarað út peningum í óvissu. En það getur vel verið, að nýrri nefnd gengi betur að safna samskotum. Þingnefnd sú, er kosin hefir

verið í mál þetta, stingur upp á, að vèr höldum áfram tilraunum vorum, að útvega fè; en mèr þykir vafasamt, að það heppnist, þó breytt sè um hinn upprunalega tilgang, verði ekki annar tilgangur nákvæmar ákveðinn. Og af því mèr finnst mál þetta hafa tekið svo óvissa stefnu, vil eg biðja hinn háttvirta forseta, að skjóta því til atkvæða, hvort eigi skuli kjósa nýja nefnd til að standa fyrir samskotunum.

Forseti: Eg skal fúslega skjóta þessu til atkvæða hinna heiðruðu þingmanna.

Framsögumaður: Er það ekki of snemmt, þar eð áformað er, að hafa tvær umræður um málið?

Bergur Thorberg: Mèr virðist, að ef þingið vill breyta hinum upprunalega tilgangi með samskotin, þá þurfi til þess beina ákvörðun frá þinginu, en menn geta ekki, eins og mèr sýnist menn gjöra, gengið svona þegjandi út frá því, að þingið sè horfið frá hinum upprunalega tilgangi, nefnilega, að byggja alþingishús; en enn sem komið er, liggur ekkert formlegt fyrir hèr um, og meðan svo er, þá er of snemmt að ráðgjöra, að verja fènu öðruvísi.

Framsögumaður: Eg er sannfærður um, að það er einhuga vilji nefndarinnar og þingsins, að «samskotanefndin» haldi áfram, að safna gjöfum til fyrirtækis þessa; enda sagði hinn háttvirti varaforseti, að hún mundi takast það á hendur, ef meiri hluti atkvæða yrði með því. En að öðru leyti álít eg hentugast, að láta það óákveðið að þessu sinni, hvernig verja skuli gjöfunum; vona eg, að hinn háttvirti varaforseti játi, að þegar búið er að safna fènu, þá er allt af hægt að ákveða, til hvers skuli verja því.

Pètur Pètursson: Eg get enn þá eigi sannfærzt um, að ómögulegt sè, að ákveða fyrir fram, til hvers gjöfunum skuli verja. Mèr finnst það allt of óákveðið og örðugra fyrir nefndina, að fresta þessari ákvörðun þangað til 1873; enda mætti gjöra þá breytingaruppástungu, að það skyldi verða komið undir samþykki gefandanna, á hvern hátt samskotunum yrði varið. Eg fyrir mitt leyti fellst á þá uppástungu, að þeim sè varið til að semja sögu Íslands.

Framsögumaður: Það er auðvitað, að hinum háttvirta varaforseta er heimilt, að gjöra þessa uppástungu, og er eg fús á, að bera mig saman við hann í þessu efni nefndarinnar vegna.

Forseti: Mèr virðist að þeir, sem vilja styðja málefni þetta, megi óhult trúa þinginu fyrir að ákvarða, til hvers fènu skuli verða

varið. Menn mega vera vissir um, að peningum þessum verður eigi eytt, en að þeir munu verða settir á vöxtu smámsaman, eptir því sem þeim verður safnað, eins og hingað til hefir verið gjört. Eg get ekki séð, að neitt ríði á, að ákveða á þessu þingi, til hvers verja skuli samskotunum, meðan ekki hefir safnazt meira en nú er komið; eg þykist viss um, að menn geta átt von á eins miklum styrk til viðbótar, þótt því verði frestað þangað til 1873, að ákveða fullkomlega, hvað skuli gjöra fyrir það, sem safnast.

Framsögumaður: Eg vil biðja þingið að taka tillit til þess, að samskotanefndin vill, að ákveðið verði, til hvers fénu skuli verja, og álít eg allt tilvinnandi til, að fá hana til að halda áfram störfum sínum.

Pètur Pètursson: Eg vildi óska, að fleiri þingmenn vildu láta álit sitt í ljósi, svo sjá mætti, hvort þingið er horfið frá hinum upprunalega tilgangi sínum. Nefndin getur eigi starfað, meðan eigi er ákveðið, til hvers fénu skuli verja.

Eiríkur Kúld: Eg hefi þá skoðun, eins og hinn háttvirti varaforseti, að nauðsynlegt sé, að ákveða einhvern vissan tilgang, ef menn eiga að vænta þess, að áskoruninni um samskot verði vel tekið út um landið. Eg hefi þrívegis gjört tilraun til að safna fé til þessa augnamiðs í kjördæmi mínu, en það hefir eigi haft mikinn árangur; og eg gjöri mér litla von um, að mikið fé safnist til þessa fyrirtækis, sízt nema ákveðið sé eitthvað annað, til hvers því skuli verða varið.

Stefán Jónsson: Eg ímynda mér að hin almennu bágindi manna muni að nokkru leyti hafa valdið því, að eigi hefir verið tekið betur undir áskorunina til samskota þessara, en þó er líka þar til önnur orsök, og er það sú, að mönnum hefir eigi líkað, til hvers verja ætti fé þessu, með því að mörgum hefir sýnzt það þarfleysa, að fara að reisa nýtt alþingishús; að minnsta kosti hefi eg heyrt menn segja, að þessi salur mundi nægja fyrst um sinn, einkum á meðan fjárforráð og löggjafarvald eigi sé fengið. Eg játa það, að hugmyndin um alþingishús eða minnisvarða er mikið glæsileg; en þó mundu menn ef til vill verða fúsari á að skjóta fé saman til einhvers annars þjóðlegs fyrirtækis, t. a. m. sögu Íslands.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal lýsa því yfir, að eg er ánægður með aðgjörðir nefndarinnar í máli þessu, og láta það öldungis óákveðið til næsta þings, hvort hætta skuli við það, að hugsa til að byggja alþingishús af þessum samskotum, þó eg sé vissulega sann-

færður um að þetta hús, sem vèr erum nú í, nægir ekki til að verða alþingishús með framtíðinni, skyldi koma að því, sem verið er að vonast eptir, að þingið verði tvískipt og þýðingarmeira, og kemur þá að því, að til þeirrar byggingar þyrfti að kosta af landsmannaefnum eða landssjóði, og kæmu þá samskotin ekki í eptirþörf. Að öðru leyti er eg mjög kvíðinn fyrir því, að bænirnar um samskotin í þessari meiningu fái mjög daufar undirtektir, eg segi fyrir mig, að eg hefi eptir megni reynt, að safna gjöfum í kjördæmi mínu, en mèr hefir lítið orðið ágengt, eins og sjá má af skýrslu minni, og eg er hræddur um, að árangurslítið muni verða, að biðja um gjafir í Borgarfirði til alþingishússbyggingar. Eg vil alveg láta það á þingsins valdi, síðar meir að ákveða, hvernig verja skuli samskotunum, því eg þykist viss um það, að gefendurnir muni varla verða svo smámunasamir, að kalla aptur gjafir sínar, þó að ekki verði af því upprunalega áformi, heldur fela það heppilegri ályktun alþingis, hvernig þessu litla skuli verja á sem viðfelldnastan hátt.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal geta þess, að eg hefi gjört 2 tilraunir til þess, að fá nokkrum samskotum á komið í mínu kjördæmi í þessu augnamiði. Eg hefi reynt það bæði skriflega og munnlega, og verð eg að segja, að eg hefi fengið mjög daufar undirtektir hjá mönnum, ámæli, en engan árangur, svo teljandi sè; helzta orsökin þessa hygg eg að sè fyrst bágindi af því, hve illa hefir látið í ári nú undanfarandi tíma, og svo að mönnum líkaði ekki áformið. En eg er eigi úrkulavonar um, að nokkur árangur kunni að verða af líkum tilraunum, ef ákveðið væri að verja fènu til einhvers endurminningar-fyrirtækis, er mönnum geðjaðist betur að, en að því, er fyrst var stungið upp á að verja fènu til; því að þar sem mèr er kunnugt, munu flestir vera því mótfallnir. Menn segja, að það verði fæstir, er gagn geti haft af þessu steinhúsi, og það væri eigi einu sinni svo mikið, að þeir fengju nema færri að sjá dýrð þess. Eins og eg hefi áður sagt, mun þó aðalástæðan til þess, hve daufar undirtektir málið fèkk fyrir austan, vera bágindi manna, og menn eru orðnir leiðir á svo mörgu bænakvabbi, er að mönnum sækir nálega úr öllum áttum. Þó er eg alveg samdóma nefndinni um það, að það sè rèttast af þinginu, að skora enn á samskotanefndina hèr í Reykjavík, að halda áfram starfa sínum og kalla inn þau tillög, sem enn eru ógoldin. En um leið vil eg að ráð sè fyrir gjört, að verja fènu til annars. Til þess þetta geti komizt að, þá áskil eg mèr rètt til breytingaratkvæðis í

líka stefnu, og hinn háttvirti framsögumaður áskildi sèr breytingaratkvæði um.

Pètur Pètursson: Þess er getið í nefndarálitinu, að búið sè að gefa hèr um bil 600 dali, og hèr um bil 2000 dali sèu enn eigi inn komnir, en sem þó hefir verið heitið að gefa. En eg skal geta þess, að eg veit til, að sumir þeirra, er gjöfum hafa heitið til þessa augnamiðs, hafa sagt, að þeir eigi mundu greiða það fè af hendi, er þeir hefðu lofað, ef þingið upp gæfi sinn upphaflega tilgang, og tæki enga sennilega ályktun um, hvernig fènu skyldi varið. Þess vegna verð eg að ímynda mèr, að ef eigi einu sinni það fè fæst inn, sem heitið hefir verið, ef það er látið óákveðið, til hversu fènu skuli verja, þá muni eigi vera til mikils að fara að reyna að safna gjöfum á ný, án þess til tekið sè, í hvaða augnamiði þeim skuli verja. Af þessari ástæðu virðist mèr það auðsætt, að nauðsynlegt er, að þingið til taki eithvað víst, er gjöfunum skal safna til; það er heldur engan veginn sagt, að menn nú sèu bærari um að skjóta saman fè til þessa fyrirtækis, en hitt er aptur á móti víst, að áhuginn á málinu deyfist, því lengur sem það er á döfinni og ekkert er að gjört. Eg sè heldur eigi, að þingið þurfi vera í vandræðum með að til taka eitthvað víst, er fènu skuli verja til, þar sem nú hefir verið stungið upp á svo mörgu, og þótt þingið gjöröi þá breytingu, er síðar yrði felld, þá mætti þó allt af hverfa aptur að uppástungu nefndarinnar.

Þórarinn Böðvarsson: Eg get eigi annað en verið vel ánægður með tillögu nefndarinnar um að skora á samskotanefndina að reyna til að halda áfram starfa sinum í þessu efni, eins og henni er auðið; það er eigi af því fyrir mèr, að eg búist við eða geti vonað, að það muni hafa verulegan árangur, þvert á móti er eg hræddur um, að það muni verða vonleysa, sèr í lagi þegar ætlazt er til, að steinhús verði reist fyrir þessi samskot, því þau munu seint verða svo mikil, að svo stórt hús verði reist fyrir fèð. Þótt farið verði að breyta um og stungið sè upp á, að fènu skuli verja til annars fyrirtækis, þá er eg sannfærður um, að það eigi mundi gagna, því að þótt stungið væri upp á að verja því til þessa eða hins, þá mundu menn, að minnsta kosti sumir, finna eitthvað til að bera fyrir, hvers vegna þeir eigi vildu styrkja það eða það augnamið, er stungið væri upp á. Eg vil nú samt stinga upp á einu, er fènu sè varið til, það er til þess, að semja sögu Íslands. Til þess mundi eigi þurfa svo sèrlega mikið fè, en eg álít það mjög

nauðsynlegt fyrir hverja þjóð, að eiga sína eigin sögu, og má segja, að þjóðin sè þá fyrst komin til meðvitundar sem þjóð, er hún á sína eigin sögu. Eg álít því, að það væri mjög heppilegt, ef hún gæti orðið samin og henni jafnvel út býtt meðal landsmanna kostnaðarlaust, en til þess mundi þurfa ærið fè. Eg vil því, að þingið stingi upp á því, að fènu verði varið til að semja og gefa út sögu Íslands, og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá stefnu.

Framsögumaður: Með því eg vil vera ósèrplæginn og hjálpa sjálfur þinginu til að fella uppástungu nefndarinnar, þá skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi sè nauðsynlegt, ef þingmenn koma með þær breytingar, er þeir nú hafa ráðgjört, að þingið þá breyti uppástungu sinni í málinu frá 1867.

Forseti: Það mundi verða, að eg held, öldungis nauðsynlegt. En eg álít það eigi rètt, að bera nú upp margar breytingaruppástungur í máli þessu, því það verður að minni ætlun einungis til þess að auka þras og þref um, hvað gjöra skuli við fèð, því þá lízt sitt hverjum, eins og áður, og þessi ágreiningur spillir fyrir málinu. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta varaforseta, hvort hann eigi treystist til, að fá uppástungu frá samskotanefndinni um það, til hvers henni sýnist ráðlegast að verja fènu, þar sem hún endilega vill, að það verði ákveðið.

Pètur Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja þingið, eða sèr í lagi hina heiðruðu nefnd, hvort hún þó eigi hafi haft einhvern tilgang fyrir augum, þar sem hún skorar á samskotanefndina að halda áfram starfa sínum, því að það er í mótsögn við hitt, að þær tilraunir, sem gjörðar hafa verið, hafa orðið árangurslitlar, og verða líklega árangurslausar. Mèr getur því eigi virzt annað, en að nefndin sjálf hafi hugsað sèr annað, heldur en byggingu þessa húss, sem svo miklum örðugleikum er bundið. Annars gat nefndin eigi skorað á oss, að halda áfram sama starfa, sem vèr áður höfum haft á hendi.

Framsögumaður: Eg gat þess áðan þegar í byrjun umræðanna, að það hefðu komið til tals í nefndinni ýmisleg augnamið, er verja skyldi fènu til, svo sem til þess að stofna legat til styrktar efnilegum ungum mönnum, er nema vildu landbúnað eða annað þess konar; enn fremur var stungið upp á að verja fènu til þess, að stofna fyrir það fèlag til Íslands heilla; einnig hefir það komið til tals, að verja því til að semja sögu landsins, og enn til þess að kaupa skip fyrir. En eins og hinn háttvirti varaforseti sèr,

varð nefndin eigi á eitt sátt, hvorki um það, hvort til taka skyldi nokkuð sèrstakt, er verja skyldi fènu til, nè um það, hvað þetta sèrstaka skyldi vera, ef nokkuð sèrstakt ætti að ákveða; og svo verð eg líka að geta þess, að það var með fram af hæversku fyrir nefndinni, að hún eigi vildi ákveða neitt víst í þessu efni, því að hún áleit, að það gæti vel verið, að einhverjir þingmenn eða samskotanefndin sjálf kæmu fram með einhverja þá uppástungu, er væri haganlegri og mönnum geðfelldari. Annars vil eg biðja hina heiðruðu þingmenn að reyna að koma sèr saman um, til hvers þeim virðist æskilegast að fènu sè varið, en koma eigi hver með sína uppástungu.

Benidikt Sveinsson: Eg skal eigi vera langorður að þessu sinni. Eg vil að eins geta þess, að í mínu kjördæmi hafa einnig orðið daufar undirtektir undir þetta mál, eins og víðast hvar annarstaðar á landinu, og valda því ýmsar orsakir, og meðal þeirra er óneitanlega sú ein orsökin: tilgangurinn með þessum samskotum, eða með öðrum orðum: það augnamið, er fènu á að verja til. Nú hafa menn verið að stinga upp á að breyta tilganginum með ýmsu móti, en það er með öllu ómögulegt, því, eins og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður áðan sagði, liggur engin uppástunga fyrir þinginu um það, að breyta tilganginum; 2. þyrfti til þess vilja allra gefandanna, og 3. er ómögulegt að kalla inn þær gjafir, er heitið hefir verið, nema tilganginum sè haldið óbreyttum, er þær voru gefnar til. Það er ómögulegt, að þeir samþykki það fyrir fram, og þess vegna vantar alla heimild til að heimta samskotin inn. En hitt annað er það, þótt alþingi nú eigi ákveði neitt um það, hvort breyta skuli tilganginum, þá getur það þó lýst því yfir, að menn sèu alls eigi bundnir við að halda fast við þann tilgang, er gjöfunum upphaflega var safnað í, en verði honum breytt, þá skuli það vera komið undir atkvæði allra gefandanna og atkvæði alþingis 1873, bæði það, hvort honum skuli breyta, og einnig hvernig honum skuli breyta. Þetta ætla eg að vera muni hið eina ráð til þess, að fá meiri samskotum safnað í þessu augnamiði, og skal eg bera mig saman við þá þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingar í líka stefnu, og eg nú hefi mælt.

Jón Sigurðsson: Af því að nokkrir þingmenn hafa gjört grein fyrir því, hvernig gengið hafi með þessi samskot heima í hèruðum sínum, þá skal eg einnig gjöra það. Lengi fram eptir sinnti eg aldrei opinberlega þessu máli, en átti þó opt tal um

það við merka menn í mínu kjördæmi, þegar tækifæri var til þess, og voru þá undirtektir manna jafnan daufar. Loksins tók eg mig til og ritaði öllum hreppstjórum í sýslunni næstliðinn vetur, og skoraði á þá, að láta eitthvað til sín heyra í þessu máli. Síðan var málið rætt á sýslufundi, og var mèr af fundinum ritað brèf til svars upp á áskorun mína. Brèf þetta hefi eg hèr, og kæri eg mig eigi um, að lesa það allt upp, heldur að eins niðurlagsatriði þess.

Þetta er þá árangurinn af mínum tilraunum, og eg vænti eigi nokkurs styrks úr mínu kjördæmi, nema til þessa augnamiðs, er menn þar hafa sjálfir stungið upp á. Eg bið menn að skilja þetta eigi svo, að Þingeyingar ætli sèr að stofna fèlag fyrir allt landið, en þeir höfðu í huga að stofna fèlag fyrir sig, ef eigi tækist betur til. Eg bar nú þessar uppástungur fram í nefndinni, og urðum vèr nefndarmenn ásáttir um, að eigi væri ástæða að taka þær fremur til greina, en ýmsar aðrar uppástungur, er bornar voru upp. Vèr nefndarmenn rèðum því af, að fara að eins og vèr höfum gjört. En eg skal geta þess, að ef svo fer, að menn fara að stinga upp á, að breytt sè um tilganginn með þessum samskotum, þá áskil eg mèr rètt til að koma fram með þessar uppástungur kjósanda minna, sem breytingaratkvæði, því að eg álít það beinlínis skyldu mína við þá. Annars er eg alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga um það, að eigi verði breytt um tilganginn með þessum samskotum, nema með beinu samþykki þeirra, er gefið hafa, og gjöfum hafa heitið.

Stefán Jónsson: Eg skal enn fremur geta þess, hver árangur hefir orðið af tilraunum mínum við þessi samskot. Þegar eg kom af alþingi 1867, sendi eg öllum prestum ásamt amtmanni og sýslumanni í mínu kjördæmi hinar prentuðu áskoranir nefndarinnar með meðmælum mínum um, að gangast fyrir samskotum í þessu augnamiði; 1. apríl nú í vor ritaði eg aptur öllum prestunum í mínu kjördæmi og bað þá að skýra mèr frá, hver árangur hefði orðið af þessum tilraunum þeirra; eg fèkk skriflegt svar frá 3 þeirra, og þar á meðal prófastinum, og kváðust þeir ekkert hafa áorkað í þessu efni, og frá 2 þeirra fèkk eg munnlegt svar, og kváðust þeir eigi treysta sèr til að fá nokkrum samskotum safnað. Frá hinum fèkk eg ekkert svar. Þótt nú undirtektir manna í mínu kjördæmi hafi verið þannig fjarska-daufar, þá er eg þó eigi vonlaus um, að tilraunir mínar mundu verða eigi með öllu árangurslausar, ef

þeim tilgangi væri haldið, er þingmaður Suður-Þingeyinga benti á. En eg skal taka það fram, að eg vil styðja uppástungurnar um, að skora á samskotanefndina að halda áfram starfa sínum, að taka á móti samskotunum og reyna að efla þau, eins og hún hefir gjört hingað til.

Forseti: Mèr virðist enn vera eitt, sem eigi hefir verið tekið fram, en liggur þó nærri, og kann að falla sumum betur í geð, og það er, að nefndin segði í boðsbrèfi sínu, að þingið mundi ekki halda því fast fram, að byggja skyldi steinhús, fremur en að kaupa eða á annan hátt koma upp einhverri þeirri byggingu, sem sæmileg væri og þinginu samboðin.

Benidikt Sveinsson: Það má taka það fram sem dæmi.

Framsögumaður: Eg fyrir mitt leyti álít, að það sè eigi heppilegt, að stinga upp á að verja fènu til húsbygginga; eg skal geta, að eg hefi skrifað til um þetta mál bæði sýslumanninum, prófastinum, og varaþingmanninum í mínu kjördæmi; frá sýslumanninum og prófastinum hefi eg fengið svar, og hefir árangurinn orðið hjá þeim harðla lítill; en frá varaþingmanninum hefi eg enn ekkert svar fengið. Einnig ritaði eg brèf um þetta mál merkum bónda í Fljótshlíð, og fèkk eg það svar frá honum, að hann eigi mundi safna samskotum til húsabygginga.

Pètur Pètursson: Eg vil leyfa mèr mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort menn eigi megi koma fram með breytingaratkvæði síðar, er menn eigi beinlínis hafa áskilið sèr rètt til nú við undirbúningsumræðu málsins, og þau svo verði tekin til greina, þar sem þetta er innanþingsmál, og tíminn hefir verið svo naumur til þess að íhuga málið.

Forseti: Eg hefi ekkert á móti því, að þessi uppástungurètturr verði svo frjáls sem orðið getur, en eg vil biðja þá þingmenn, er ætla sèr að bera fram breytingaratkvæði, að koma þeim til mín hið allra-fyrsta, og það þegar í dag, svo að atkvæðaskráin verði sem fljótast prentuð, og málið tekið til meðferðar á morgun. Störfum vorum er nú lokið í dag. Eg ákveð fund á morgun kl. 11 eða 12, sem eg skal ákveða á dagskrá, og segi

Fundi slitið.

---

39. fundur. — 19. ágúst.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal geta þess, að eigi er enn búið að skrifa þingbók frá síðasta fundi, og getur hún því eigi orðið lesin upp á þessum fundi. Hèr liggur nú fyrir til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, og vona eg, að þingmenn hafi fyrir sèr prentaðar atkvæðaskrár, en eg skal skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, þingmanns Suður-Þingeyinga, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg finn eigi ástæðu til þess, að tala mikið um þetta mál, sem svo ítarlega var rætt til undirbúnings. Þingmenn hafa nú atkvæðaskrána í málinu í höndum sèr, og sjá nú glögglega af henni uppástungur og tillögur meiri og minni hluta nefndarinnar, og þeim er engin vorkunn á, að greina á milli þess rètta og ranga hjá hvorum hluta nefndarinnar um sig, því svo margt var um það rætt við undanfarandi umræðu málsins. Hin önnur breytingaratkvæði á skránni eru flest óveruleg og framar til breytinga á formi en efni. Aðalágreiningurinn, sem fram hefir komið í málinu, er fólginn í breytingaruppástungum meiri hluta nefndarinnar við 1. kafla frumvarpsins. Eptir frumvarpinu eiga öll hin sèrstaklegu mál vor að leggjast undir danskan ráðgjafa, sem er háður hinu danska ríkisþingi, og hefir ábyrgð fyrir því, en getur í rauninni aldrei orðið krafinn til ábyrgðar fyrir alþingi. Landsstjórinn á að hafa ábyrgð fyrir ráðgjafanum, og er auðsætt, að slík ákvörðun leiðir beinlínis til þess, að hann verður alveg háður ráðgjafanum og hinu danska ríkisþingi, og getur alþingi engan hemil haft á því. Meiri hlutinn hefir nú lagt það til, að landsstjórinn hafi öll stjórnarstörfin á hendi og að þingið hafni alveg afskiptum hinna dönsku ráðgjafa af hinum sèrstöku málefnum Íslands. Úr þessu á nú þingið að skera með atkvæðum sínum, og er því það vorkunnarlaust, svo sem búið er nú að skýra málið á ýmsa vegu. Um hin önnur breytingaratkvæði meiri hluta nefndarinnar við frumvarpið ætla eg eigi að tala, því að það hafa lítil mótmæli komið á móti þeim. Eg vona, að þær niðurlagsuppástungur meira hlutans, sem sumir hafa kallað yfirlýsingu, en sumir mótmæli gegn lögum 2. janúar 1871, eins og meiri hlutinn hefir nú breytt þeim og dregið úr þeim, sèu svo

lagaðar, að allir þingmenn geti gefið þeim atkvæði sitt, að minnsta kosti hinir þjóðkjörnu þingmenn, sem vissulega hafa í þessu tilliti stórrar skyldu að gæta, og mikkillar ábyrgðar fyrir kjósendum sínum og þjóðinni yfir höfuð að tala, og skal eg svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg hefi ekki von um með ræðu minni í þessu máli að sannfæra hina heiðruðu þingmenn, og eg óska ekki að hafa nein önnur áhrif á atkvæðagreiðsluna en þau, sem eg gæti haft, ef mèr væri unnt að sannfæra þingmenn. En eg er viss um það, að hver þingmaður er kominn hingað í dag, eptir nákvæmlega að hafa yfirvegað allt, sem hann í þessu máli ætlar að taka til greina, og málið hefir verið rætt svo ýtarlega bæði á undanfarandi þingum og þessa seinustu daga við undirbúningsumræðuna, að öll atriði þess eru orðin þingmönnum svo ljós, sem þau yfir höfuð að tala geta orðið.

Það er samkvæmt alþingstilsk. 44. gr. skylda konungsfulltrúans, að skýra fyrir þinginu hin konungl. frumvörp að svo miklu leyti sem þörf gjörist; eg hefi uppfyllt þessa skyldu svo vel, sem mèr hefir verið unnt; ef mèr ekki hefir heppnazt að gjöra það á þann hátt, sem þingmenn, ef til vill, hefðu óskað, má kenna veikum krðptum mínum um það, því það þori eg að fullyrða, að mig hefir ekki vantað einlægan vilja til þess að gjöra þá skyldu mína, sem hèr er úm að ræða. Við undirbúningsumræðuna hefi eg skýrt málið svo ýtarlega, sem mèr frekast hefir verið unnt, og eg hefi ekki neinu að bæta við það, sem eg þá hefi tekið fram. En eg skal ekki að síður enn einu sinni fara fáeinum orðum um spursmál það, sem hèr liggur fyrir þinginu.

Það er í rauninni að eins eitt atriði í frumvarpinu, sem þingið og stjórnin ekki geta orðið á eitt sátt um; það er spursmálið um, hvernig haga skuli hinni »constitutionelle» ábyrgð og fyrirkomulagi því, sem stendur í sambandi við hana. Eg ætla sjálfsagt ekki að taka upp aptur allt það, sem eg í þessu tilliti hefi tekið fram bæði á þessu og undanförnum þingum, og eg held, að hvorki eg nè þeir, sem eru á annari skoðun um þetta spursmál, en eg, þurfi að taka þessar umræður upp aptur; eg fyrir mitt leyti álít slíkt að eins vera til tímaspillis, heldur skal eg að eins »constatera», að ábyrgðarspursmálið er það einasta, sem ekki hefir orðið náð samkomulagi um, því eg gjöri ráð fyrir, að þingið ekki mundi halda breytingunni við 24. gr. fastlega, ef ekki væri þessi ágrein-

ingur um ábyrgðina, að minnsta kosti hefir þingið tvisvar sinnum áður samþykkt þá ákvörðun, sem hèr er um að ræða. Þegar í frumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið 1867, var ábyrgðin ákveðin á sama hátt, sem í þessu frumvarpi, því í 8. gr. var sagt: »Ráðgjafinn hefir alla ábyrgð á stjórninni. Ábyrgð hans verður nákvæmar ákveðinn með lögum», og í ástæðunum var gjörð grein fyrir því, að ekki væri mögulegt að skipa ábyrgðinni á annan hátt. Alþingi 1867 gjörði — eg skal fúslega kannast við það — alvarlega tilraun til að ná samkomulagi í öllum atriðum stjórnarbótarmálsins, og ekki vantaði mikið í, að þessu yrði náð, en ekki að síður voru uppástungur þingsins um ábyrgðina þess eðlis, að eg ýtarlega tók það fram bæði við undirbúnings- og við ályktar-umræðuna, og þar að auki beinlínis áður en gengið var til atkvæðagreiðslu, sumpart að eg ekki gæti mælt með þessum uppástungum, sem eptir minni sannfæringu mundu spilla málinu, sumpart að þó eg lofaði að mæla með tveimur þeirra, sem miðuðu til þess að skjóta þessu spursmáli á frest, með því að geyma úrgreiðslu þess til sèrstakra ábyrgðarlaga, gæti eg ekki ábyrgzt, að þær mundu þykja stjórninni aðgengilegar, en samt sem áður aðhylltist þingið þessar uppástungur, og á þessu skeri strandaði stjórnarskráin 1867, eins og eg hafði leyft mèr ýtarlega og skýrt að benda þinginu á. Í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið 1869, var ábyrgðin einnig ákveðin í 3. gr. á þann hátt, að ráðgjafinn ætti að hafa alla stjórnarábyrgð, og í ástæðunum var það einnig ýtarlega skýrt, að ómögulegt væri að skipa ábyrgðinni öðruvísi. Að öðru leyti játaði nefndin 1869, að stjórnin í þessu frumvarpi, hvað hin sèrstaklegu málefni Íslands snerti, »í flestu hefði tekið tillit til óska þingsins 1867 að tveimur aðalákvörðunum undanskildum, það er að segja: ákvörðuninni um ábyrgðina á stjórnarathöfnunum, og þar sem í 61. gr. væri tekin upp ný ákvörðun um útboðsskyldu til hins danska herafla». Hin síðarnefnda ákvörðun var nú reyndar alveg misskilin af nefndinni, og er, til þess ekki að valda frekari misskilningi, í þessu frumvarpi orðuð samkvæmt óskum þingsins. En aptur í þetta skipti hefir stjórnin vandlega og nákvæmlega yfirvegað ábyrgðarspursmálið, og er, þó að hún með því í flestu að hafa tekið tillit til óska þingsins 1867, eins og bæði nefndin og þingið í hitt eð fyrra hafa játað, hafi sýnt og sannað, að hún hafi haft einlægan vilja til að láta að óskum þingsins, aptur komin að þeirri niðurstöðu, að ekki sè mögulegt með tilliti til þessa eina atriðis

að fallast á uppástungur alþingis. Eg fæ ekki betur séð, en að þessi ágreiningur, ef þingið ekki getur aðhyllzt skoðun frumvarpsins um þetta ábyrgðarspursmál, sé aldeilis óleysanlegur. Eg ætla sjálfsagt ekki að reyna til þess að telja hinum heiðruðu þingmönnum hughvarf frá því, sem þeir álíta rètt og satt, með því eg álít það bæði ómögulegt, og frá þessari stöðu ótilhlýðilegt. En eg skal skjóta því til rèttlætis- og sanngirnis-tilfinningar hinna heiðruðu þingmanna, hvort ekki sè líklegt, að skoðun stjórnarinnar geti verið byggð á eins skynsömum rökum og þeirra, sem skoða spursmálið á annan hátt. En eins og frumvarpið svoleiðis er orðið til, virðist mèr það alveg eðlilegt, að úrslit þessa máls nú verði komin undir því einu, hvort þingið getur aðhyllzt ákvarðanir frumvarpsins um stjórnarábyrgðina, því þegar litið er á sögu stjórnarbótarmálsins frá 1867 til nú, er það í raun og veru meðal allra ákvarðana um hin sèrstaklegu málefni Íslands einungis þetta spursmál, sem um er að ræða. Hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar hefir farið þann veg, að taka upp aptur þær uppástungur um stjórnarábyrgðina, sem stjórnin nú í 3 skipti hefir lýst alveg óaðgengilegar frá hennar hálfu; eg skal ekki lá honum þetta, þvert á móti skal eg biðja hann að framfylgja sannfæringu sinni um það, sem hann álítur rètt og satt, því einungis á þann hátt getur hann borið þá ábyrgð fyrir öldum og óbornum, sem þetta mál leggur á hann ekki síður en á oss alla, sem starfað höfum að því; en eg hefi álitið mèr skylt, áður gengið verði til atkvæðagreiðslu, að skýra honum og þeim þingmönnum, sem honum fylgja, frá »Situationen» (stöðu málsins), eins og hún í raun og veru er. Hinn heiðraði minni hluti hefir aptur á móti aðhyllzt aðalreglur frumvarpsins, en reynt til að koma miður verulegum efnisbreytingum og breytingum til skýringar á ákvörðunum frumvarpsins við. Á meðan stefna meiri hlutans að mínu áliti vafalaust mun spilla málinu, getur stefna minni hlutans leitt að því, annaðhvort að frumvarpið verði lögleitt með þeim breytingum, sem þingið, ef það aðhyllist þessa stefnu, samþykkir, eða þá að nýtt frumvarp verði lagt fyrir alþingið 1873, en því getur eptir minni meiningu þingið ekki átt von á, ef það fellst á uppástungur meiri hlutans um ábyrgðina, og það, sem í sambandi við hana stendur, því ekki mun vera ástæða til að svo komnu að halda áfram árangurslausum tilraunum, sem bæði kosta þingið mikinn tíma og mikla fyrirhöfn, og landið afar-mikinn kostnað til einkis gagns.

Það er sjálfsagt einmitt vegna þess, að eg ætla að efna það loforð um samþykktarvald, sem eg hefi gefið þinginu með tilliti til þessa frumvarps, að eg óska að þingið samþykki ekki aðrar breytingar, en þær, sem því virðast alveg nauðsynlegar, en taki hinar fram sem bendingar í álitsskjalinu, og skal eg fyrir mitt leyti mæla með þeim og styðja þær, ef svo verður, eins mikið og þó þær væru gjörðar að niðurlagsatriðum.

Eg ætla ekki að eyða tímanum með því að ræða þær breytingar, sem eptir minni meiningu vafalaust munu spilla málinu, en eg skal að eins til leiðbeiningar þeim þingmönnum, sem kynni að hafa nokkurt traust á hreinskilni minni, og sem kynnu að óska alþinginu samþykkjandi hlutdeild í löggjafarvaldinu og fjárforræðinu með þeim skilmálum, sem eptir minni sannfæringu yfir höfuð að tala eru mögulegir, taka það fram, að þær uppástungur, sem á atkvæðaskránni standa undir tölul. 1., 4., 5., 7., 10., 11., 13., 15., 53., sbr. 55., og 108. og tölul. 88. eru þess eðlis að þær eptir minni sannfæringu alveg spilla málinu. Enn fremur má álíta allan tölul. 117. alveg óaðgengilegan vegna þess, að meiri hlutinn hefir sleppt ábyrgð jarlsins gagnvart stjórn ríkisins; eins og eg tók það fram um daginn, getur jarlsfyrirkomulagið ekki staðizt með «constitutionel» konungsveldi, nema ráðgjafinn hafi ábyrgð af stjórnarathöfnum konungsins; eg er þess vegna sannfærður um, að varauppástunga meiri hluta nefndarinnar undir tölul. 117. alveg muni spilla málinu.

Hvað tölul. 111. snertir er það sjálfsagt komið undir atkvæðagreiðslunni um frumvarpið sjálft, hvaða þýðingu þessi uppástunga muni fá; það segir sig sjálft, að hún getur ekki bætt úr þeim göllum, sem eg hefi tekið fram að fólgnir séu í uppástungum meiri hlutans, en á hinn bóginn getur uppástungan í sambandi við breytingar minni hlutans veitt þinginu þá tryggingu, sem eg gjöri ráð fyrir að hinn heiðraði uppástungumaður hafi ætlazt til.

Tölul. 115. virðist mér alveg óhafandi, þar sem hann gjörir ráð fyrir, að löggjafarvaldið og fjárforræðið veitist þinginu, án þess að nauðsynlegar reglur um fyrirkomulagið á þessum völdum séu settar, en það er einmitt tilgangur stjórnarskráarinnar, að ákveða þess konar nauðsynlegar reglur. Eg get ekki ímyndað mér, að þessi uppástunga geti orðið tekin til greina, og mér er ekki kunnugt, að álíkt fyrirkomulag eigi sér stað nokkurs staðar. Eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að aðhyllast þessa uppástungu.

Eg get fyrir mitt leyti fallizt á tölul. 116., þar sem hann í

sambandi við frumvarpið eða við uppástungu minni hluta nefndarinnar veitir landinu alla þá tryggingu, sem yfir höfuð að tala í þessu tilliti getur verið um að ræða, en á hinn bóginn virðist mèr þessi uppástunga ekki alveg nauðsynleg, þar sem 62. grein frumvarpsins mun veita landinu hèr um bil sömu tryggingu.

Það er auðsætt, að yfirlýsingar-uppástunga hins heiðraða meiri hluta nefndarinnar undir tölulið 118. eiga alveg ekki við í álitsskjalinu um þetta frumvarp, þar sem ekki er að ræða um lögin af 2. janúar þessa árs, þó að frumvarpið, eins og öll frumvörp, sem lögð hafa verið fyrir þingið, sjálfsagt sè byggt á rèttarástandi því sem er, og þó að lögin frá 2. jan. þ. á. vafalaust sèu ómissandi hluti (integrerende Del) af þessu rèttarástandi, ekki síður en hver önnur gildandi lög. Þessar yfirlýsingar eru því í raun rèttri frumvarpinu alveg óviðkomandi; þeim gæti, ef til vill, allt eins hafa verið bætt við álitsskjalið um frumvarpið um síldarveiði með nót eða hvert helzt annað konunglegt frumvarp, sem í þetta skipti hefir verið lagt fyrir þingið. Eg skal þess vegna þegar af þessari «formelle» ástæðu ráða þinginu frá að aðhyllast þær, og þegar litið er á efni þeirra, get eg enn síður ráðið þinginu til að aðhyllast þær. Eg skal í þessu tilliti skýrskota til þess, sem eg við undirbúningsumræðuna skýrt hefi tekið fram um þessar yfirlýsingar, og einungis bæta því við, að eg fæ ekki skilið, hvernig hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar. getur hugsað, að nokkur gaumur verði gefinn þess konar yfirlýsingum.

Þar sem lögin frá 2. jan. þ. á. vafalaust eru gildandi lög á Íslandi, er það, ef til vill, óheppilegt, að meiri hluti nefndarinnar ekki getur viðurkennt þau, sem bindandi fyrir Ísland, en það segir sig sjálft, að þessi yfirlýsing getur ekki numið lögin úr gildi, eða haft nein áhrif á skyldu þingsins eða hinna annara þegna, að hlýðnast þeim. Þar sem lögin frá 2. jan. þ. á. vafalaust eru gildandi lög á Íslandi, segir það sig enn fremur sjálft, að ekki á við, að leita samkomulags um það, hvort eða hvernig þau eiga að ná því, sem þau þegar hafa, lagagildinu. Þar sem ákvörðun laganna frá 2. jan. þ. á. um árstillagið úr ríkissjóðnum sjálfsagt stendur í nánasta sambandi við ákvörðunina um að öll skuldaskipti milli ríkissjóðsins og Íslands sèu þar með á enda kljáð, fæ eg ekki sèð, hvernig meiri hluti nefndarinnar eptir almennum

hugsunarreglum, getur ímyndað sèr, að gengið verði að 2. atriði þessara ákvarðana, en hinu, sem í því er fólgið, verði sleppt.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla að eins að fara fáum orðum um breytingaratkvæði þau, er eg á á atkvæðaskránni, og er þá fyrst að minnast á 32. tölulið. Eg get eigi betur sèð, en að þingmannatala sú, er eg hefi stungið upp á, sè nægileg, og að minnsta kosti held eg þetta sè samkvæmt almennings-álitinu. Viðvíkjandi 35. tölulið, um tvískiptingu þingsins, hefi eg tekið það fram áður, að mèr virðist þetta fyrirkomulag óþarft, enda átti þessi uppástunga erfitt uppdráttar á þinginu 1867, og þótt hún yrði ofan á 1869, þegar öllu var flaustrað af seinast, get eg ekki álitið það sönnun fyrir því, að hún sè nauðsynleg, og gagnstætt er það áliti minna kjósanda. En þótt menn vildu nú hafa þingið tvídeilt, álít eg nægilegt, að í efri málstofunni verði 9 menn og í hinni neðri 18, eins og eg hefi stungið upp á í 36. tölul. Að því er snertir 40. tölul., álít eg alveg nauðsynlegt, að nokkrir hinna konungkjörnu ættu sæti í hinni neðri þingdeild, ef það annars yrði ákveðið, að tvískipta þinginu. Það má sem sè gjöra ráð fyrir, að optast verði kjörnir af konungi embættismenn hans, og þá vitrir menn og margir lögfræðingarnir, og virðist mèr óráðlegt, að þeir eigi allir setu í efri deildinni; það þyrftu að mínu áliti einnig að vera nokkrir af hinum færustu í hinni neðri deild; því hefi eg stungið upp á, að kosið væri í hina efri. Eg ætla svo eigi að fara fleirum orðum um breytingaratkvæði þau, sem eg á hèr; þau snerta einungis þessi tvö atriði, sem eg hefi minnzt á; það er á þingsins valdi, hver afdrif þau fá.

Ólafur Pálsson: Eg ætla ekki að fara nákvæmlega út í hin einstöku atriði, er hèr liggja fyrir, því það hefir verið gjört rækilega af öðrum, heldur að eins líta stuttlega yfir málið í heild sinni. Eg hlýt að vera á máli þeirra, er vilja sem fyrst fá stjórnarbót; því að mèr sýnist nauðsynlegt, að losast við ástand það, er nú á sèr stað hjá oss í stjórnarlegum efnum. Meðan þessu fer fram, strandar allt, sem til verulegra framfara heyrir, á sama skerinu, að alþingi vantar fjárforræði og fjárveitingavald. Menn mega varla vænta þess, að fá nú þegar svo fullkomna stjórnarbót, að ekkert verði að henni fundið; þess mun verða langt að bíða, að vèr fáum hana svo algjörða, að vèr getum eigi óskað annarar betri. Og þar sem nokkrir hafa látið í ljósi ótta fyrir því, ef gengið væri að frumvarpinu, að stjórnarlögunum mundi aldrei verða breytt, þá er

eg alls eigi hræddur um það; enda er auðsèð, að þar sem meiri hlutinn hefir stungið upp á því, að ef óhagkvæmt þætti að hafa «erindsreka», þá skyldi því mega breyta með lögum, bendir þetta til, að sú hugsun hefir einmitt vakað fyrir meiri hlutanum, að stjórnarlög vor skyldu eigi verða alveg óbreytanleg. Yfir höfuð verð eg að aðhyllast tillögur minni hlutans, og í sambandi við það geðjast mèr allvel að 111. og 116. tölulið á atkvæðaskránni, og þó einkum viðauka-atkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga.

Framsögumaður: Það lítur svo út, sem þingmenn álíti eigi þörf á, að lengja umræðurnar um málið að þessu sinni, og skal eg ekki fást um það. En sè nú komið að atkvæðagreiðslunni í málinu, verð eg enn að tala nokkur orð. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi fór enn að að skýra fyrir þinginu ágæti þess stjórnarfyrirkomulags, sem frumvarpið býður, þá álít eg enga þörf á, að fara enn að hrekja það, sem hann sagði, og sýna þær mörgu mótsagnir og afvegaleiðslur, sem fram komu í ræðu hans, því þetta var nógsamlega gjört við undirbúningsumræðuna. Eg álít þinginu enga vorkunn á, að vera komið á fasta og óbifanlega skoðun í málinu, því svo mikið er búið að ræða um það, bæði á þessu þingi og undanfarandi þingum. Eg skal að eins taka það fram til skýringar, að varauppástunga nefndarinnar um jarlinn undir tölul. 117. er þannig lögð, að hún verði þýðingarlaus, nema hún standi í sambandi við breytingar meiri hluta nefndarinnar við 1. kafla frumvarpsins, svo þeir þingmenn, sem greiða atkvæði með jarlinum, hljóta að aðhyllast breytingar meiri hlutans við frumvarpið. Þetta vildi eg taka fram, sökum þess að mèr hafa skilizt svo umræðurnar, sem sumum væri þetta ekki alveg ljóst, og að sumir þingmenn vildi eins vel tengja jarls-uppástunguna við frumvarpið, eða breytingar minni hluta nefndarinnar, sem er eitt og hið sama.

Þetta er þýðingarmikil og alvarleg stund, sem vèr eigum nú fyrir hendi, og eflaust sú lang-alvarlegasta og þýðingarmesta, sem nokkur okkar hefir lifað. Nú eigum vèr að kasta tening um heill vora og niðja vorra — ef til vill — um allar ókomnar aldir. Vèr skulum þá snöggvast renna huganum til baka yfir umliðna tíð, og sjá, hvað sagan segir að fram hafi farið á landi voru við sams konar tækifæri, og hverjar afleiðingarnar hafi orðið. Vèr höfum allir heyrt getið um þann atburð, þegar forfeður vorir sóru Hákoni gamla Noregskonungi «land og þegna», að því sem kallað var, og þó þeir þá ætluðu að við hafa alla varúð, eins og gamli sáttmáli

sýnir, þá hefir reynslan sannað til hlítar, að þessi yfirsjón, að eg ekki segi glámsýni, feðra vorra hefir komið landinu á kaldan klaka. Vèr getum samt eigi kastað þungum steini á þá eða hallmælt þeim fyrir þetta, því þeim má telja það til málbóta, að þeir vissu ekki, hvað þeir gjörðu. Aptur 1662 seldu feður vorir Friðriki 3. Danakonungi einveldið yfir landinu í hendur, og gjörðu oss þar með viðskila við hinn síðasta snefil af þjóðfrelsi voru og þjóðrèttindum. Vèr getum samt eigi álasað þeim fyrir þetta, því þeir voru til neyddir og áttu eigi um aðra kosti að velja. Nú stöndum vèr í viðlíka sporum, sem forfeður vorir stóðu 1262 og 1662, þó ólíku sè saman að jafna. Niðjar vorir geta alls eigi fært oss það til málbóta, að vèr ekki vitum, hvað vèr eigum að gjöra. Hèr er nefnilega um það að gjöra, hvort vèr viljum selja frelsi vort og þjóðrèttindi í hendur dönskum ráðgjafa — ekki dönskum konungi. Reynsla undanfarinna ára ætti að vera búin að sannfæra oss um, hvernig það er að standa undir dönskum ábyrgðarlausum ráðgjafa, og eg skal eigi fjölyrða um það. Ekki verður heldur með sanni sagt, að oss sè þröngvað til þessa. Vèr höfum óbundnar hendur til að ganga að eða frá þeim kostum, sem settir eru. Vèr hljótum því einir að bera alla ábyrgðina af atkvæðum vorum fyrir þjóð vorri og niðjum vorum, og sannarlega er þessi ábyrgð þung og þýðingarmikil. Eg skal því leyfa mèr að biðja um nafnakall við öll aðalatriðin í þessu máli, svo þjóðin sjái, hvernig atkvæðin falla, og svo að sagan geti geymt niðjum vorum nöfn þeirra manna, sem nú vilja í hinnsta sinni ofurselja frelsi vort og þjóðrèttindi, ekki í hendur einvöldum konungi, eins og forfeður vorir gjörðu, heldur ábyrgðarlausum dönskum ráðgjafa.

Þórarinn Böðvarsson: Framsögumanni fórust alvarlega orð síðast í ræðu sinni, enda er og mál þetta þess vert, að menn með fullri alvöru hugsi um, hvað þeir gjöra í því. Eg þarf eigi að þessu sinni að fara orðum um hið helzta þrætuatriði, ábyrgðina, en eg verð þó að taka það fram, að framsögumaður sjálfur hefir lagt mesta áherzluna á hina siðferðislegu ábyrgð, og hana hefir ráðgjafinn, þó hin lagalega ábyrgð verði erfið í framkvæmdinni, meðan henni eigi er fyrir komið á annan hátt en ráð er fyrir gjört í frumvarpinu. Eg verð og að taka það fram, að það, sem meiri hlutanum og minni hlutanum ber á milli, er eigi svo mikið, sem í fyrsta áliti kann að virðast. Eptir því sem minni hlutinn hugsar sèr landshöfðingjann, þá mundi það verða hann, er í raun rèttri

hefði allt vald ráðgjafans á hendi; hann mundi semja öll lagafrumvörp, koma fram á alþingi af hendi ráðgjafans, út borga allt fé o. s. frv. Eg vil þá spyrja framsögumann, hvort honum virðist svo, sem engin ábyrgð liggi hjá landshöfðingjanum? Eg set svo, að landshöfðinginn segði á þinginu, þegar um eitthvað væri að ræða, sem þingið vildi hafa fram, að hann fyrir sitt leyti væri þessu að vísu samþykkur, en þess væri eigi að vænta, að ráðgjafinn fèllist á það, þá mundi án efa einhver þingmanna geta bent landshöfðingjanum á, hve ólíklegt væri, að ráðgjafinn setti sig á móti sameiginlegri ósk alþingis og landsstjórans. Framsögumaður tók fram, að hèr væri um það að velja, hvort vèr ættum að ganga undir danskan ráðgjafa eður eigi, en má eg spyrja: erum vèr eigi nú sem stendur undir dönskum ráðgjafa? (*Framsögumaður*: Nei). Þegar því er neitað að sá, sem setur nafn sitt undir lagaboðin, sem útvegar úrskurði konungs og ræður úrslitum allra mála vorra, hafi nokkur yfirráð yfir oss, þá er eigi frekari orðum eyðandi um þetta mál. En erum vèr þá undir Danakonungi? En eg vil þó minnast lítið eitt á nokkra töluliði á atkvæðaskránni. Breytingaratkvæðið undir tölul. 111. fer alveg í sömu átt sem skoðun mín á málinu, sè það tekið með uppástungum minni hlutans; það miðar þá til, að taka burtu festu þeirra ákvarðana, er mönnum væri móti skapi, og heldur málinu framvegis opnu fyrir öllum umbótum, og það þeim mun fremur en nú, sem tillögur löggjafarþings mundu verða meira metnar, en orð vor, sem að eins erum ráðgefandi; það væri því undarlegt, ef menn eigi vildu reyna 3 löggjafarþing, þegar málið að þeim liðnum liggur eins vel eða jafnvel betur við en nú. En hins verð eg að geta, að sèu uppástungur meiri hlutans samþykktar, þá verður breytingaratkvæði þetta til skaða en eigi til bóta, því þá verður þýðing þess sú, að eigi megi hræra við stjórnarskránni fyr en eptir 3 þing. Um tölul. 117. hefir það verið sagt, að ástand það, sem hann fer fram á, sè bæði glæsilegt og eðlilegt, en eg get þó eigi fallizt á hann, því þar er enn sama skerið, sem vèr höfum strandað á og strönd um á. Eg get eigi skilið stöðu þess jarls, sem öllu ræður en enga ábyrgð hefir; um þetta vil eg þó eigi tala, en á hitt vil eg minnast, hvern kostnað fyrirkomulag þetta hefir í för með sèr. Eg bið menn að líta eigi að eins á þann veg og virðing, er landið mundi hafa af jarlinum, en hugsa til heimferðar sinnar, að þeir þurfa að fara yfir einlægar vegleysur fram hjá aumustu moldarkofum, er

varla geta veitt mönnum hið nauðsynlegasta skýli; að hvervetna ber fyrir augu þeirra vottur örbyrgðar og volæðis; að þeir hvergi sjá neina opinbera stofnun eða neina opinbera byggingu, að undanteknum lítilfjörlegum kirkjum. Þegar þeir þannig sjá allt það ógjört, er gjöra þarf, þá ímynda eg mèr, að þeir eigi muni hugsa til að ausa út ógrynni fjár að eins til gamans. Eg hefi áður verið neyddur til að tala um yfirlýsinguna undir tölul. 118., en í þetta sinn hefir meiri hlutinn verið svo hreinskilinn að eigna hana sèr einum. Breytingar þær, sem hann nú hefir gjört, þykja mèr eigi vera til neinna bóta; og hefði eg átt hina fyrri yfirlýsingu, þá mundi eg eigi hafa hikað við að fylgja henni fram.

En fyrst eg minntist enn á stöðulögin, þá ætla eg að fara um þau nokkrum orðum. Eg get með enga móti annað álitið en að þau að öllu efni hafi verið lögð fyrir þingið. Þingið rèð ekki til neinna umbóta á þeim, heldur vísaði þeim frá; þá tók ráðherrann sjálfur þau og bætti þau sannarlega fyrir okkur; það gjörir mèr illt þingsins vegna, að játa það hèr opinberlega, að eg álít stöðulögin betri en nokkuð það, sem þingið hefir beðið um að undanförnu um það efni, að fjárhagnum einum undanteknum. Um hann má margt segja á báða bóga af þeim, sem hlut eiga að því máli. Hvað sem reikningum líður, þeir verða víst aldei hreinir, þegar þeir eru teknir um margar aldir, þá verð eg að álíta það siðferðislega skyldu stjórnarinnar, að reyna að koma landinu upp, undir eins og það er skylda landsins, að neyta allra krapta sinna.

Sá maður, sem mest vann að lögum þessum í ríkisþinginu, kallaði þau slagbrand, ef eg man rètt. Eg vil samsinna þessu, og álít þau nægan og góðan slagbrand milli rèttinda Dana og Íslendinga. Eg fæ ei betur sèð, en að vèr getum haft full þrif fyrir utan þennan slagbrand. Eg fæ ekki sem stendur hugsað mèr betra fyrirkomulag fyrir landa mína, en að þeir sèu að öllu lausir við öll afskipti af alríkismálum, og þurfi ekkert til þeirra að leggja. Þetta mundi sumum ekki þykja harðir kostir.

Eg vil nú skilja stöðulögin svona, en ekki reyna að hártoga þau löndum mínum í óhag, það álít eg eigi hyggilegt, og heldur eigi skyldu mina. Af því að hinn háttvirti framsögumaður fór í lok ræðu sinnar að tala svo alvarlega um málið, skal eg líka leyfa mèr, að tala nokkur alvarleg orð, nú að síðustu; hann sagði, að sèr væri þetta sannarlegt áhugamál; það er mèr óhætt að segja, að mèr er líka, og það eins mikið, já meira áhugamál, en hon-

um; hann er, ef til vill, engu frjálslyndari en eg, en þá vil eg vekja athygli hans á því, og biðja hann að gæta þess vel, að það er stjórnarfræðisleg regla, sem að minnsta kosti að mínu áliti er sönn og rètt, að hafna aldrei því, sem boðið er, og til bóta horfir, og taka á móti því, sem fengizt getur, en vera eigi sífellt að garga fram og aptur, og hafna öllum tilboðum. Eg veit eigi til, að nein framfaraþjóð hafi haft þessa aðferð. Eg meina, að eg vilji taka við því, sem eg get brúkað, sem er betra en það, sem eg áður hefi. (*Benidikt Sveinsson:* Sú stjórnarskipun, sem oss er boðin með þessu frumvarpi, er verri en sú, sem vèr nú höfum). Það er ekki satt, það er á engu byggt. En fyrst að eg heyrði í þingmanni Árnesinga, þá skal eg leyfa mèr, að lesa upp grein úr alþingistíðindunum 1869, er við báðir vorum þá um að semja, og þingið, eg held í einu hljóði, þá samþykkti. Greinin hljóðar þannig: «Þangað til öðruvísi verður ákveðið í lögum, sem ríkisþingið og alþingið samþykkir, felur konungur hina æðstu stjórn hinna sèrstaklegu íslenzku málefna, sem útheimta staðfestingu konungs, annaðhvort einhverjum af ráðgjöfum sínum, eða sèrstökum ráðgjafa, sem ráðgjafa fyrir Ísland». Eg vil nú spyrja: er ekki þetta, sem þingið bað um 1869, verra en það sem nú býðst, þegar á allt er litið? Þá vildum vèr þó allir fela dönskum ráðgjafa mál vor, þangað til öðruvísi væri ákeðið, það er um óákveðinn tíma, nú um 3 þing. Þá var engin vissa fyrir, að ráðgjafinn hefði ábyrgð, nú er framboðin vissa fyrir því. Eg bið menn að leiðrètta, ef það er eigi rètt hermt af mèr, að þingið samþykkti grein þess. Eg skal nú játa það, að ef eg væri stjórnarherra, og þingið þannig aptur og aptur hyrfi frá því, er það áður hefir samþykkt, og færðist ávallt lengra og lengra frá skoðun stjórnarinnar, í stað þess að vilja nálgast hana, þá vissi eg eigi, hvað eg ætti að gjöra, jú, eg vissi það. Eg var að tala um áðan, að við hafa alvarleg orð. Háttvirtir þingmenn, göðir landar, guðsríki er ekki fólgið í orðum, heldur í krapti, veraldarríkið ekki heldur. Stjórnarskráin ein getur engan landslýð gjört sælan. Duglegur landslýður getur brúkað hverja stjórnarskrá sem er, þó miklu verri sè en sú, sem nú er kostur á. Frelsið, gætið þess, það er enginn útvortis hlutur, svo vèr getum sagt við aðra um hann: fáðu mèr hann, vèr verðum að hafa það hjá oss sjálfum, ef það á að vera eign vor. Þèr vitið, vitið fyrir víst, að ef þèr samþykkið uppástungur meiri hlutans, þá fáið þèr enga stjórnarskrá að sinni, enga um þann tíma,

sem eg ekki þekki. Ef þèr aðhyllist frumvarpið með breytingum minni hlutans, hafið þèr mikla von um að fá stjórnarskrá, þá stjórnarskrá, sem yður og oss öllum mun nægja til framfara og farsældar. Eg held á þessari stjórnarskrá, eg sýni yður hana, eg sýni hana löndum mínum, eg sýni hana sögunni. Hún er ekki fullkomin, en svo að duga má í því ástandi, sem vèr erum nú í. Og nú tala eg þau alvarlegu orð: eg segi það úr minni ábyrgð, eg segi á ábyrgð yðar allt, sem af því kann að leiða fyrir þjóð vora, ef þèr hafnið því stjórnfrelsi, sem nú er kostur á. Þèr gjörið það, ef þèr samþykkið þær uppástungur meiri hlutans í þessu máli, sem bæði eru óskynsamlegar og óhollar fyrir land vort. Gætið yðar á þessari alvarlegu stund, að þèr gjörið það eitt, sem gegnir bezt.

Framsögumaður: Aðal-mergurinn í ræðu hins háttvirta þingmanns, er nú settist niður, virtist mèr vera sá, að hann vildi sýna, hverju maður sleppti og hvað maður hreppti, ef menn samþykktu þetta frumvarp um stjórnarskrá Íslands. Þetta er nú það, sem menn alla-jafna hafa verið að klifa á og þræta um. Sumir álíta, að það stjórnarfyrirkomulag, sem frumvarpið fram býður, sè þó nokkru skárra en það, sem vèr höfum, en aptur aðrir vilja vefengja það. (*Benidikt Sveinsson:* Það er verra). Þingmaðurinn hefði nú einmitt átt að sanna það ljóslega, að það stjórnarfyrirkomulag, sem oss er boðið með þessu frumvarpi, sè í nokkru tilliti betra, en það sem vèr nú höfum, en þetta hefir hann ekki gjört nè getað, og því var ræða hans óþörf. Hann kvaðst eigi mundu greiða atkvæði fyrir yfirlýsingunni; um það er hann alveg sjálfráður; hann á sjálfur að bera ábyrgð af atkvæði sínu fyrir þjóðinni og kjósendum sínum; en eg verð þó að segja svo mikið, að eptir minni tilfinningu, svo eg vitni til tilfinningarinnar eins og þingmaður Gullbringusýslu gjörir svo opt í ræðum sínum, þá fæ eg eigi skilið, hvernig nokkur þjóðkjörinn þingmaður fer að greiða atkvæði á móti þessari meinlausu yfirlýsingu, þar sem þó hèr er ekki farið fram á neitt annað en það, sem þingið og þjóðin yfir höfuð að tala hefir verið að berjast fyrir að undanförnu, og sem allir hljóta að játa að vèr eigum fyllstu og rèttustu heimting á. Þar sem hann var enn að tala um stjórnarábyrgðina, og hvernig henni yrði bezt komið fyrir, þá ræð eg honum helzt til þess, að spyrja sjálfan sig um, hvernig hann hefir hugsað sèr fyrirkomulagið á henni, því eg held það verði torvelt fyrir lesendur tíðindanna, að ráða af ræðum hans, hvernig hann hefir hugsað sèr að

bæta úr ábyrgðarleysi frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar hefir gjört ljósa grein fyrir því, hvernig hann vildi haga stjórnarfyrirkomulaginu og stjórnarábyrgðinni, en það er enn öldungis óupplýst, hvernig minni hlutinn hefir ætlað sèr að greiða úr þessari flækju frumvarpsins, eða hvernig hann hefir hugsað sèr að koma ábyrgðinni fyrir. Hann minntist einnig á, að það væri vafasamt, hvort vèr værum nú undir einvöldum konungi eða undir dönskum ráðgjafa, en eg skal minna hann á það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sjálfur hvað eptir annað á þessu þingi lýst því yfir, að konungur vor væri einvaldur hèr á landi, og má þingmaðurinn, ef honum sýnist svo, hrekja þessi orð konungsfulltrúa til baka á hvern þann hátt, sem honum sýnist bezt við eiga. Þess vegna var það fullkomlega rètt, er eg sagði áðan, að ef vèr samþykktum þetta frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, þá seldum vèr oss undir vald eða gengjum á hendur dönskum ráðgjafa, en slepptum hinum einvalda konungi, sem eg fyrir mitt leyti álít breytingu til hins verra. Með þessu ætla eg að eg hafi svarað hinni afarlöngu ræðu hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu.

Páll Pálsson: Áður en gengið er til atkvæða, álít eg skyldu mína að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Ágreiningur meiri og minni hlutans snýst allur, að kalla má, um eitt atriði, það er að segja um ábyrgðina. Eg verð nú enn að hafa sömu skoðun, sem eg hafði árið 1869, að það væri æskilegt og ómissandi, að landstjórinn hefði ábyrgð fyrir alþingi. Þess vegna get eg eigi, hvað feginn sem eg vildi, gefið atkvæði mitt með minni hluta nefndarinnar, því að þar sem í 12. tölul. stendur: «ráðgjafinn hefir ábyrgð á því, að stjórnarskipunarlögunum sè fylgt», þá fæ eg eigi skilið þetta öðruvísi en svo, að ráðgjafinn eigi að hafa ábyrgðina fyrir ríkisþinginu, og það sèr í lagi af þeirri ástæðu, að Orla Lehmann, sem var formaður í að semja stöðulögin 2. jan., segir í riti einu: «den islandske Forfatningssag», að íslenzk mál heyri undir einhvern danskan ráðgjafa, er geti með engu móti haft ábyrgð fyrir alþingi (*Pètur Pètursson:* Þessi ákvörðun var aldrei samþykkt). Henni var heldur aldrei neitað, og það eru þó orð þess manns, er Danir og allrasízt stjórnin munu vilja gjöra ómerkan í Íslands málum. Eg hefi annars vandlega íhugað þetta mál, eg segi það satt, og hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að rèttast sè að fylgja uppástungum meiri hluta nefndarinnar í öllum greinum. Mèr getur eigi annað en þótt það undarlegt, að konungur vor eigi skuli

heyra þessa sáklausu bæn þegna sinna á Íslandi. Eg hefi ávallt hugsað mèr konunginn sem föður og þegnana sem börn hans, en það getur vel verið, að hann eigi vilji veita börnum sínum bænheyrslu þegar í stað, heldur mun hann vilja sjá, hvort þeim er alvara með að fá það, sem þau biðja um, og hvort þau hafi þá staðfestu til að bera, að þau fram fylgi sömu skoðun sinni, þótt þau eigi þegar í stað fái henni framgengt. Eg verð þess vegna að treysta því, að konungur vor muni heyra bænir vorar, þar sem þær eru með öllu meinlausar og hafa ávallt sömu stefnu, því að eg get eigi skilið, að það meiði ríkisþingið í Danmörku eða nokkurn danskan mann, þótt vèr fáum það stjórnarfyrirkomulag, er oss þykir heppilegast. Eg skal leyfa mèr að svara hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu fám orðum, þar sem hann las upp grein nokkra, er hann sagði, eins og víst er satt, að þingið 1869 hefði samþykkt í einu hljóði, þá skal eg minna hann á það, að sú ákvörðun, sem greinin inniheldur, er að eins ákvörðun um stundarsakir (*Þórarinn Böðvarsson:* Hver er munur á ákvörðunum um stundarsakir og ákvörðunum fyrst um sinn?) Ákvarðanir um stundarsakir standa alls eigi í stjórnarskránni, því hún er fastákveðin til lengri tíma. Mèr þykir illt, að eg með því að hallast að skoðun meiri hlutans kemst í tölu skríls hins háttvirta 3. konungkjörna, en eg er eigi upp úr því vaxinn að fylla flokk þess konar skríls, enda mun hann heldur eigi verða svo fámennur. Þannig kallaði hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður alla þá skríl, er fylgdu skoðun meiri hlutans, og þá neyðist eg til að svara honum fám orðum. Hann sagði um daginn, að Íslendingum hefði mjög farið aptur, því að fyrir 800 árum síðan hefðu verið hèr á landi margir góðir drengir, en nú væri hèr enginn nýtur. Mèr þykir þetta því undarlegar mælt af þingmanninum, þar sem eg er þó sannfærður um, að hann vill telja að minnsta kosti sjálfan sig góðan og nýtan dreng. Daginn eptir sagði hann aptur á móti, að Íslendingar hefðu verið á æði-lágri tröppu, þegar «Þorgeir stóð á þingi», og var þá svo að skilja, sem hann áliti oss vera nú miklu lengra komna, enda er það von, að þingmanninum þyki það æði-mikil framför, að við erum búnir að sjá stöðulögin 2. jan. 1871. Hann sagði enn fremur um daginn, að maður ætti eigi að vera að sníkja sannfæringu sína út um hèruð, en eg held, að sá, sem enga sannfæringu hefir, og þeir eru þó til, þótt fáir sèu á þingmannabekkjunum, megi þakka fyrir, ef hann getur sníkt sèr hana út hvar

sem er, einungis að það verði þá sannfæring. Mest hneykslaði það mig þó, þá er hann var að tala um jarlsdæmið, því að það er einmitt það fyrirkomulag, er mèr virðist heppilegast og æskilegast. Mig furðaði það einnig mjög, er hann tók Warren Hastings, sem dæmi upp á ofjarl og jafnvel fant, því að hann var einhver hinn merkasti og ágætasti maður. Hann var «Gouverneur» á Austur-Indlandi, og er hann fór þaðan, þá fèkk hann mjög mörg þakkarávörp, og fylgdi landslýðurinn honum á smáskipum mjög mörgum niður eptir fljótunum, og skildi ekki við hann fyr en út á hafi, er hafnsögumaðurinn fór af skipi; og þegar hann kom heim til Englands aptur, þá rituðu forstöðumenn Austur-Indlandsfèlagsins honum þakklætisbrèf í einu hljóði og lásu yfir honum; og þá er Alexander Rússakeisari kom til Lundúna, þá sýndi Englands-konungur honum þennan mikla ágætismann, og sagði um leið, að hann ætti skilið miklu meiri virðingu heldur en þá, að vera í «Geheimeráðinu», því hann hefði frelsað eignir Breta á Austur-Indlandi. Eg veit nú eigi, hvað lýsir ágæti eins manns, ef eigi það, að bæði yfirmenn hans og undirmenn elska hann og virða. Þar sem þingmaðurinn einnig minntist á ræðu Sheridans, þá skal eg minna hann á það, að sú ræða er að mestu leyti öll glötuð af skeytingarleysi þeirra, er skrifa áttu, og eg er sannfærður um, að þingmanninum mundu verða kunnar miklar þakkir á Englandi fyrir það, ef hann gæti uppgötvað hana. *(Forseti:* Eg vil biðja þingmanninn að halda sèr til þess máls, sem verið er að ræða um, en fara eigi út í það, sem málinu er með öllu óviðkomandi; tíminn er of naumur til þess). Mèr þykir það undarlegt, ef einn má allt af slá út í aðra sálma, en enginn annar gjöra honum það til samlætis, og taka undir með honum, svo það verði ekki endasleppt. *(Forseti:* Það er annað, ef menn gjöra það þegar á sama fundi, en að fara að rifja þess konar upp eptir marga daga). Vilji hinn háttvirti þingmaður rengja það, er eg sagði um ræðu Sheridans, þá getur hann sèð það í 71. bindi Riises Archivs, neðst á blaðsíðu 77, og þá getur hann sèð að eg hefi með öllu rètt að mæla.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að tilkynna þinginu, að eg hefi ákveðið að slíta því þriðjudaginn 22. þ. mán. á hádegi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn, að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var gengið til atkvæða og fèllu þau á þessa leið: (Sjá II, bls. 537).

Þar með var þessari atkvæðagreiðslu lokið, og þar eð ekki var meira fyrir hendi, sagði forseti

Fundi slitið.

---

40. fundur — 19. ágúst.

(Kveldfundur).

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá þingmanni Árnesinga og þingmanni Suður-Þingeyinga um, að þeir geti eigi komið á þennan fund.

Ætlunarverk vort á þessum fundi er að lesa upp nokkur álitsskjöl til konungs.

Þau álitsskjöl, er nú skal greina, voru þá upp lesin og samþykkt:

1. Álitsskjal um konunglegt frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi (Sjá II, bls. 558).
2. Álitsskjal um konunglegt frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík (Sjá II, bls. 587).
3. Álitsskjal um konunglegt frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi (Sjá II, bls. 607).

Að því búnu ákvað forseti fund á mánudaginn kl. 12 f. m., og sagði

fundi slitið.

---

41. fundur — 21. ágúst.

Forseti: Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann komi ekki á fund í dag, en í hans stað mætir aðstoðarmaður hans. Sömuleiðis hefi eg fengið tilkynning frá hin-

um 6. konungkjörna þingmanni, þingmanni Vestmannaeyinga, þingmanni Árnesinga og þingmanni Norður-Þingeyinga um, að þeir geti eigi komið á þennan fund, hinn síðast nefndi sökum lasleika.

Gjörðabók frá 36., 37., 38. fundi lesin og samþykt.

Forseti: Það, sem liggur fyrir í dag samkvæmt dagskránni, er ályktarumræða og atkvæðagreiðsla í málinu um þjóðhátíð 1874 til minningar um bygging Íslands. Þingmaður Rangæinga, sem er framsögumaður þessa máls, er ekki við á fundi þessum, en þingmaður Suður-Þingeyinga, sem er einn nefndarmanna, hefir tekið að sèr framsöguna í hans stað, og skal eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka til máls.

Jón Sigurðsson: Við uppástungu nefndarinnar í máli þessu hefir að eins komið fram eitt breytingaratkvæði, sem svo er lagað, að eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, ef þinginu líkar það betur en nefndaruppástungan. Samt sem áður held eg að rèttast væri að aðhyllast heldur nefndarinnar uppástungu, með því það hefir orðið ljósara fyrir mèr af þeim umræðum, sem fèllu um mál þetta um daginn, að þingmenn ekki eru á hinu hreina með, hvort eitthvert annað fyrirtæki væri tiltækilegra en þinghúsbyggingin, ef ekkert yrði af henni sakir fjárskorts. Þess vegna held eg sè rèttast, að ákveða ekkert um það að svo komnu, hvað eigi að koma í stað steinhúsbyggingarinnar. Eg hafði að vísu við undiringsumræðuna áskilið mèr breytingaratkvæði í máli þessu eins og sumir aðrir þingmenn, en eg fèll frá því, af því eg áleit heppilegast, að hið upphaflega fyrirtæki biði óbreytt þangað til 1873.

Þórður Jónasson: Eg felli mig bezt við uppástunguna undir tölul. I. 2.; hún er eðlilega og rètt hugsuð, og henni verður vel tekið af þjóðinni; það er eg sannfærður um. Hin upphaflega uppástunga var það þar á móti ekki; hún var svo mikilfeng og stórvaxin, enda er reynslan þegar búin að sýna til hlítar, að það er ekki að hugsa til þess, að þessari uppástungu geti orðið fullnægt. Með því að verja því fè, er þegar er búið að skjóta saman og að lofa eða eptirleiðis kynni að geta fengizt, til að fá ritaða sögu Íslands, reisum vèr atburðinum um bygging Íslands langtum merkilegri, langtum varanlegri og eðlilegri minnisvarða, en með því að byggja hèr hús handa alþingi, sem fyrnist og fellur, meðan hinn stendur um aldur og æfi.

Það vill svo vel til, að vèr eigum þann mann, sem af öllum Íslendingum, sem nú eru uppi, er færastur um að rita sögu Ís-

lands. Enginn nú lifandi Íslendingur stendur að mínu áliti honum jafnt að þekkingu á sögu vorri, því hann hefir lagt mjög svo stund á hana og þekkir hana út í allar æsir. Eg þarf ekki að nafngreina þennan mann; þèr þekkið hann allir; hann er heldur ekki langt í burtu, því það er hinn háttvirti núverandi forseti þingsins, sem situr í sæti sínu. Næst Rask sál. hefir enginn af seinni tíma Íslendingum eins eflt og aðstoðað bókmenntir Íslands; það verðum vèr að játa, og um það getur engum skipzt hugur. Frá hans hendi getum vèr vænzt Íslands sögu þannig úr garði búinnar, sem yrði landinu til sóma og verðugt Ingólfs-minni. Fáist því fè, sem til þessa þarf, og það vil eg vona að fáist, því fyrirtækið verður vinsælt hjá öllum almenningi, þá vil eg ráða til, að því samskotafè, sem búið er að safna, búið að lofa, eður og kann að gefast eptirleiðis, einmitt verði varið í því augnamiði, sem eg leyfði mèr að taka fram, og vorum heiðraða forseta falið á hendur, ef fèð fæst til þess, og hann er til þess fáanlegur, að taka þetta vandasama verkefni að sèr, þá er málið komið í þær rèttu hendur.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist þó 2. atriði breytingaruppástungunnar svo ógreinilega orðað, að það alls eigi sè aðgengilegt, eins og það liggur fyrir. Þar segir, að «fáist eigi nægt fè til þess að byggja alþingishús, þá útvegi samskotanefndin leyfi gefandanna til þess að fènu verði varið til að semja sögu Íslands«. En maður verður þó að vita, hve mikið fè getur álitizt nægt til þessa, og hve nær vissa er fengin fyrir því, að það eigi fáist; og hvenær á að fara að útvega leyfi gefandanna? og hve nær að hætta að safna? Svo er þess að gæta, að maður hefir ekki vissu fyrir, að nokkur fáist til að semja sögu Íslands, og hvar stendur nefndin þá? Eg er reyndar hugsuninni í breytingaruppástungu þeirri, er hèr ræðir um, alveg samþykkur; en eg veit ekki, hvort þingið nú geti úr þessu orðað svo breytingaratkvæði þetta, að vel fari. Uppástunga nefndarinnar virðist mèr viðfelldnari, jafnvel þótt hún sè með öllu óákveðin. Væru menn vissir um, hve lengi á að safna til þinghúsbyggingarinnar, og hve nær því skyldi hætta, og maður væri til, er takast vildi sögusamninguna á hendur, sèr í lagi ef hinn háttvirti forseti þingsins gæfi kost á sèr til þessa starfa, þá væri allt öðru máli að gegna, því þá væri nokkuð það fyrir hendi, er á yrði byggt í þessu tilliti, og þá vildi eg ráða þinginu til að taka uppástunguna til greina.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg felli mig bezt

við uppástungu nefndarinnar, því eg get ekki séð, að neitt verði betra gjört, en að halda áfram að safna fé, eins og gjört hefir verið að undanförnu, allt fram að 1873, og gæti þá alþingi það, er þá kemur saman, ákvarðað, til hvers fé því, er þá verður komið saman, skuli varið. Eg er að vísu þakklátur hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni fyrir það lofsorð, er hann lauk á mig, er hann kvaðst álíta mig færastan allra um að semja sögu Íslands. En þótt eg geti kannske viðurkennt, að eg hafi fengizt ekki minna en margur annar við ýmislegt, er sögu Íslands við kemur, og þó eg væri svo ráðisfullur, að taka slíkt verk að mèr, ef eg yrði falaður til þess, þá er þó þar á sá annmarki, að eg veit ekki, hve mikið fé eg mundi geta talið upp á, meðan á því stæði, að eg væri að semja rit þetta, því satt að segja er fjárhagurinn ekki betri en svo, að eg yrði að fá það, sem eg þyrfti til að lifa af, meðan eg væri að verkinu. En svo mikið er víst, að það fé, sem enn er safnað, er mikils til of lítið til þess; því eg tel það eins og sjálfsagt, að ef semja ætti sögu Íslands á annað borð, þá mundi mönnum eigi þykja nóg að fá dálítið ágrip, eins og handa börnum eða unglingum, heldur vísindalega ritað verk, sem vèr gætum verið þekktir fyrir hvar sem vera skyldi meðal vísindamanna, bæði hèr og erlendis. Til að afla svo mikils fjár, sem til þessa þyrfti, virðist mèr útsjónin vera mjög tvísýn. Eg get því ekki betur séð, en að þingið gjöri rèttast í, að halla sèr að uppástungu nefndarinnar að sinni, og ákveða ekkert nýtt fyrirtæki, þótt ekki fáist nóg fé til þinghúsbyggingarinnar; aptur á móti virðist mèr ekkert móti því, að þegar samskotanefndin ritar áskorun til landsmanna, að hún þá benti lauslega á þau fyrirtæki, er henni virtist tiltækilegast að verja fénu til, ef hið upphaflega fyrirtæki nær eigi fram að ganga. Hvað viðvíkur tíma þeim, þá er út séð væri um, að eigi fengist nægilegt fé til þinghúsbyggingarinnar, þá álít eg eigi unnt að ákveða hann nú; en ef samskotanefndin er beðin nú af þinginu að halda áfram störfum sínum í sömu átt og hingað til, þangað til 1873, þá er það þá á þess þings valdi, sem þá kemur saman, hvað gjört verður við það fé, sem þá verður inn komið.

Jón Hjaltalín: Eg held að uppástunga hins fyrsta konungkjörna sè affarasælust og rèttust af því, sem fram hefir komið í þessu máli, og að samskotum verði þar með bezt náð, því allir Íslendingar munu hafa gagn af þessu, og enn, sem komið er, eru samskotin svo lítil, að með þeim verður ekkert gjört, sem landinu sè

sómi í að gjöra. Íslendingar hafa jafnan áunnið sèr mestan sóma með sagnafróðleik sínum hjá öðrum þjóðum; þessi Ingólfur hefir lítinn sóma gjört oss, en Snorra Sturlusyni er það aptur á móti að þakka, að vèr erum kunnugir um allan heim. Eg er á sama máli og hinn hæstvirti forseti, að ómögulegt sè að semja sögu Íslands fyrir þetta fè, og eg get eigi álitið, að 6000 rd. sè of mikið fè til þess, en þeir ættu líka að nást, ef löndum er alvara. Þó eg því álíti, að tiltækilegast sè, að fenginn væri maður til þess að semja sögu Íslands nú þegar, þá sè eg þó, að enn þarf að safna, og því vil eg aðhyllast uppástungu nefndarinnar, og vil eg að alþingi 1873 eigi hafi bundnar hendur um þetta mál, en það vil eg að sjáist á álitsskjali þingsins, að það hafi helzt fallizt á uppástunguna um að semja sögu landsins, því annars er eg hræddur um, að eigi fáist mikið fè til þessa augnamiðs. Ef svona er farið í málið, þá mun eg skrifa mig fyrir samskotum, en það ber til, að eg eigi hefi skrifað mig fyrir þeim enn þá, að mèr hefir eigi líkað planið frá í hitt eð fyrra, því mèr þótti þetta hús eigi gjöra oss svo mikinn sóma. En eg er viss um, að saga landsins til 1874, ef hún er vel skrifuð, muni verða oss til hins mesta sóma. Eg stend því að eins upp fyrir nefndaruppástungunni, að ef eigi fást nóg samskot, þá verði farið eptir breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið, og þetta vil eg að verði tekið upp í álitsskjal þingsins.

Forseti: Með því þetta er innanþingsmál, mun þingið eigi senda frá sèr álitsskjal um málið; þingmaðurinn hefir víst meint brèf það, sem þingið mun senda samskotanefndinni um þetta efni, og þá sè eg frá minni hálfu ekkert á móti því, að ósk þingmannsins verði fullnægt.

Sigurður Gunnarsson: Af því eg heyrði um daginn, að nefnd sú, sem þingið setti 1869 til þess að safna samskotum til þjóðhátíðarinnar út um landið, væri ófáanleg til þess að halda áfram starfa sínum, ef sömu stefnu skyldi halda sem áður um það, til hvers samskotunum skyldi verja, og þess vegna breifði eg til vara þeirri uppástungu, að vèr skyldum taka þá ákvörðun þegar í stað, að fènu skyldi verja til þess að láta semja sögu Íslands, því að mèr virtist, að sú saga gæti orðið hinn fegursti minnisvarði um byggingu landsins, ef hún væri greinilega samin. Eg játa, að það er satt, sem varaforseti sagði, að breytingaratkvæði mitt og meðuppástungumanns míns undir I 2. tölul. er ekki svo nákvæmlega orðað sem skyldi, og eg vildi líka breyta því, og hafði í höndum

breytingaratkvæði frá öðrum, sem var miklu greinilegra, en eg kom því ekki að; læt eg mèr lynda að fela þinginu, hvað það vill gjöra við þetta breytingaratkvæði mitt, en það finnst mèr helzt að uppástungu nefndarinnar, að þar er ekkert til tekið, hvað gjöra skuli, ef eigi fæst nóg fè til alþingishússins, heldur að eins ákveðið, að næsta þing ráði því. Eg hefi von um, að betur muni veita að fá gjafir til þess að semja sögu landsins fyrir, því að menn þrá hana, og þess minnisvarða geta allir menn notið framvegis, nú og síðar; hann líkar mèr bezt. En af því eg býst við, að menn fallist heldur á uppástungu nefndarinnar, þá vil eg fyrir mitt leyti óska þess, eins og hinn 3. konungkjörni, að þingið biðji þjóðhátíðarnefndina að taka það upp í umburðarbrèf sitt, sem hún mun senda út um landið, að þingið hafi nú einkum verið á því, að fènu, sem gefst, skuli verja til þess að semja sögu Íslands, ef ekki fáist nóg til steinhússins.

Eiríkur Kúld: Reynslan hefir kennt, að það er ekki gott að ná samskotum til þessa fyrirtækis; og eru margar orsakir til þess, svo sem harðæri og það, að mönnum eigi hefir geðjazt uppástungan. Eg er á sama máli og hinn 5. konungkjörni þingmaður, að lítill árangur muni af því verða, þó menn aðhyllist nefndaruppástunguna og biðji samskotanefndina að safna meiru enn þá. Mèr finnst það þó nauðugur einn kostur fyrir þingið, að aðhyllast nefndaruppástunguna, en eg vildi þá helzt, að þingið skoraði á þjóðhátíðarnefndina að taka 2. tölulið upp í umburðarbrèf sitt að eins sem bendingu til vara, ef eigi fengjust næg samskot til annars mikilfenglegra, svo að alþingi 1873 hefði sem frjálsastar hendur í þessu máli.

Jón Sigurðsson: Eg álít að 2. tölul. komi eigi í bága við nefndarálitið, og eg er eigi á móti því, að þessi töluliður verði samþykktur að minnsta kosti sem bendingaratriði, svo að landsmönnum sè bent á, til hvers þingmenn hafi helzt hugsað sèr að verja fènu. Flestir þingmenn, sem talað hafa, hafa verið á því að verja skyldi fènu til þess, að semja sögu landsins, og er eg reyndar á því, að sú uppástunga mundi líta girnilega út fyrir landsmönnum.

Jón Hjaltalín: Mèr er líka nóg, ef samskotanefndin tekur 2. tölul. upp sem bendingu, eins og þingmenn fara fram á.

Forseti: Með því að eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til

atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg vona að þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Þá var gengið til atkvæða, og fèllu atkvæðin á þessa leið: (Sjá II, bls. 616).

Forseti: Þá vil eg biðja þingmenn að hlýða upplestri eins álitsskjals og einnar bænarskrár til konungs.

Því næst voru þessi skjöl lesin upp og samþykkt:

1. Álitsskjal til konungs um konunglegt frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa Benidikt yfirdómara Sveinssyni. (Sjá II, bls. 616).
2. Bænarskrá til konungs í málinu um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands. (Sjá II, bls. 619).

Þar eð eigi var meira að starfa, ákvað forseti fund næsta dag kl. 11 og sagði

Fundi slitið.

---

42. fundur — 22. ágúst.

Gjörðabók frá 39., 40. og 41. fundi lesin og samþykkt.

Því næst var upplesið og samþykkt álitsskjal alþingis til konungs um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. (Sjá II, bls. 622).

Að því búnu tók konungsfulltrúi til máls, og hèlt svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Þegar vèr lítum á samvinnutíma vorn, sem nú líður undir lok, getum vèr að mínu áliti verið ánægðir með þá meðferð, sem hin flestu konunglegu frumvörp, er í þetta skipti hafa verið lögð fyrir þingið, hafa fengið, en þessi frumvörp hafa bæði verið fleiri en nokkurn tíma áður, og líka nokkur á meðal þeirra í sjálfum sèr mikilsvarðandi og snerta hin mestu velferðarmál landsins. Eg skal sèr í lagi taka fram frumvarpið til tilskipunar um sveitastjórnarmál, því þessi málefni þurfa sannarlega mikillar endurbótar við, og þar sem frumvarpið bæði í sjálfu sèr var frjálslegt og meðferð þingsins á því hin bezta, getum vèr átt von á, bráðum að ná þýð-

ingarmikilli rèttarbót í þessu tilliti, sem einnig getur orðið undirstaða undir frjálslegra stjórnarfyrirkomulagi, þegar sá tími kemur, að þingið óskar að þiggja samþykkishluttekningu í löggjafarvaldinu og fjárforræðinu með þeim skilmálum, sem Hans Hátign konungurinn sèr sèr fært að veita landinu. Þó að bæjarstjórnarmálefni Reykjavikur kaupstaðar að eins snerti eitt sveitarfèlag landsins, mun frumvarp það, sem þingið í þessu tilliti hefir starfað að, einnig fyrir ókomnum tíma bera vott um þá frjálslegu stefnu, sem bæði sjórnin og þingið hafa fram fylgt í þetta skipti. Frumvarpið til tilskipunar um póstmálefni landsins hefir enn fremur fengið þá beztu meðferð á þinginu, og þess vegna er vonandi, að þetta velferðarmál innan skamms fái þá endurbót, sem það yfir höfuð að tala þarf við, og sem, eptir því sem hagar til hèr á landinu, er mögulegt. Einnig í spítalamálinu hefir þingið reynt til að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem voru samfara tilskip. 10. ágúst 1868, og sem sumstaðar í landinu hafa ollað mikilli óánægju. Með því að samþykkja frumvarpið um stofnun búnaðarskóla hefir alþingið einnig stutt að því, að efla atvinnuvegi landsins. Þinginu er það kunnugt, að það, sem ávallt hefir verið því til fyrirstöðu, að koma nauðsynlegum og gagnlegum stofnunum upp hèr í landinu til að efla framfarir þess, er fátæktin, bæði landsmanna og landssjóðsins; það átti þess vegna að vera fyrsta ætlunarverk stjórnarinnar með aðstoð alþingis að auka tekjur landsins, og gjöra það á þann hátt, að ekki yrðu lagðar of þungbærar byrðar á landsbúa, heldur að ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar væru til að auka tekjur landssjóðsins, gætu einnig stutt að því, að velmegun landsins efldist. Við frumvarpið til tilskipunar um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem lagt var fyrir þingið í þetta skipti, hefir stjórnin reynt til að ná hvorutveggja, og þingið hefir með því að aðhyllast þetta frumvarp í öllum aðalatriðum veitt aðstoð sína til þessa augnamiðs; og svo af þessum störfum þingsins er von á bezta árangri. Eg skal sleppa hinum öðrum frumvörpum og uppástungum, sem hafa verið ekki allfáar, og fleiri þeirra hafa einungis miðað til að efla atvinnuvegi og velmegun landsins; en eg skal í stuttu máli taka það fram, að þingið í þetta skipti hefir starfað með einlægum vilja, með dugnaði og atorku að framförum landsins í margar áttir, og þetta er og verður aðalætlunarverk alþingis, hvort sem það fær löggjafarvald, eða verður, eins og hingað til, að eins ráðgefandi þing, en sèr í lagi er þetta nauðsynlegt eptir að búið er að slíta

sambandi því, sem hingað til hefir átt sèr stað milli ríkissjóðsins og Íslands. Lögin frá 2. jan. þ. á. hafa í þessu tilliti bundið enda á það ástand, sem allir Íslendingar um langan tíma hafa óskað leitt til lykta, og veitt Íslandi það sjálfsforræði, sem allir landsmenn um langan tíma hafa óskað eptir, af því þeir gjörðu ráð fyrir, að þegar sjálfsforræði væri veitt landinu, mundi það margvíslega taka framförum, því þá gæti það notað krapta sína án tálmunar frá hálfu ríkisdagsins. Hans hátign konungurinn hefir, eptir að honum hafði heppnazt að leiða þetta mál til lykta, í þetta skipti látið leggja fyrir þingið frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem hafði að innihalda frjálslegt tilboð frá hálfu konungsins um, að veita alþinginu samþykkjandi hluttekningu í löggjafarvaldinu og fjárforræðinu, og sem í öllum atriðum var samkvæmt óskum þeim, sem á alþingunum 1867 og 1869 voru komnar fram, að þeim einum ákvörðunum undanskildum, sem snerta fyrirkomulagið á stjórnarábyrgðinni, og sem eptir aðalreglum þeim, er gilda um «constitutionelt» konungsveldi, ekki geta orðið ákveðnar á annan hátt, en frumvarpið stakk upp á. Alþingið er, eptir nákvæmlega og ýtarlega yfirvegun alls þess, sem í þessu tilliti á að taka til greina, í 3. skipti komið að þeirri niðurstöðu, að það óski ekki að taka á móti tilboði konungs um löggjafarvald og fjárforræði með þeim skilmálum, sem það var bundið við, og sem að áliti stjórnarinnar eru alveg nauðsynlegir. Um það getur ekki verið vafi, að hver þingmaður hefir í þessu máli fram fylgt sannfæringu sinni um það, sem satt og rètt er, og þess vegna á ekki við að ásaka þingið fyrir úrslit þessa máls, sem hefir verið öllum þingmönnum fullljóst bæði í öllum atriðum þess, og með tilliti til þeirra afleiðinga, sem ályktun þingsins að öllum líkindum mun hafa. Hans hátign konungurinn mun sjálfsagt nákvæmlega yfirvega tillögur þingsins um þetta mál, ekki síður en um öll önnur mál, sem samkvæmt alþingstilskipuninni á að leggja fyrir þingið, og ef þessar tillögur virðast aðgengilegar, getur þingið átt von á, að þær muni verða teknar til greina, en að mínu áliti er, eins og eg ýtarlega hefi tekið fram á þinginu, ekki líklegt, að uppástungur þess um fyrirkomulagið á stjórnarábyrgðinni geti orðið teknar til greina; og þar sem nú á 3 þingum, hverju eptir annað, hefir verið leitað samkomulags um þetta atriði, án þess því hafi orðið náð, má búast við, að stjórnin, að minnsta kosti fyrst um sinn, sleppi þessum árangurslausu tilraunum, sem, á meðan þær hafa staðið yfir, hafa

hamlað öllum ráðstöfunum til þess að skipa innlendri stjórn á Íslandi, og þeim framförum, sem þetta eptir meiningu allra mun hafa í för með sèr. Eg hefi sagt það áður á þinginu, en skal taka það upp aptur: «það má stjórna vel undir hverju formi, sem vill, ef formið er fast ákveðið og það verður notað vel». Það má stjórna vel bæði með ráðgefandi þingi, og eg þori að segja, að umræður þingsins í þetta skipti og meðferð þess á hinum flestu konunglegu frumvörpum sýna og sanna þetta, og með löggefandi þingi, og þess vegna getum vèr treyst því, að þó að umræðurnar um stjórnarbótarmálið ekki sèu komnar að þeirri niðurstöðu, sem þessi eða hinn þingmaður, ef til vill, hefði óskað, munu afleiðingarnar af því, bæði að þessar umræður nú verða að álíta til lykta leiddar, að minnsta kosti fyrst um sinn, og af því að stjórn konungsins á hinum sèrstaklegu íslenzku málefnum eptir lögunum 2. jan. þ. á. ekki lengur er bundin af ríkisdeginum, og af því að með árstillagi því úr ríkissjóðnum, sem Íslandi er veitt í þessum lögum í sameiningu við aðrar tekjur landsins, bæði þær sem hingað til hafa verið, og þær, sem von er á eptir þeim frumvörpum, sem þingið hefir haft til meðferðar, er útvegað nægilegt fè eptir þörfum landsins — vèr getum treyst því, segi eg, að afleiðingarnar af þessu muni verða, að stjórn konungsins með aðstoð alþingis, samkvæmt alþingistilskipuninni 8. marz 1843, verði fær um að efla framfarir og velmegun landsins í allar áttir. En þetta er, háttvirtu alþingismenn, aðalætlunarverk bæði stjórnarinnar og alþingis, og í samanburði við þetta er spursmálið um form stjórnarfyrirkomulagsins langtum þýðingarminna.

Háttvirtu alþingismenn! þèr hafið á þessum samvinnutíma vorum, þó að vèr á stundum, og sèr í lagi um stjórnarmálið, höfum verið á mjög ólíkum skoðunum, sýnt mèr þá sömu velvild, sem mèr hefir verið sýnd á undanförnum þingum, þar sem eg hefi haft þá æru að vera umboðsmaður hans hátignar konungsins, og eg finn mèr skylt, að votta yður mitt innilegt þakklæti fyrir þessa velvild. En sèr í lagi kann eg hinum háttvirta forseta þingsins, sem hefir stjórnað störfum þingsins með þeim mannúðleik, dugnaði og áhuga, sem oss öllum er alkunnugt hjá honum, mínar beztu þakkir bæði þingsins og sjálfs mín vegna fyrir ágæta stjórn hans á þingstörfunum og fyrir þá velvild og vináttu, er hann einnig á þessu þingi, eins og áður, hefir auðsýnt mèr.

Eg óska þess að lyktum, að algóður guð haldi verndarhendi

sinni yfir konungi vorum, yfir föðurlandinu og alþinginu, og veiti störfum vorum þá blessun, að þau geti orðið landinu til heilla.

Þá stóð forseti upp og ávarpaði þingið á þessa leið:

Háttvirtu herrar og alþingismenn.

Eptir því sem til hagar, þykir mèr hlýða að fara nokkrum orðum um nokkur söguleg atriði stjórnarmáls vors, þó það komi annars fram á mörgum stöðum í tíðindum frá alþingi, og í mörgum atriðum greinilegar, en hèr er kostur á. Yður mun vera það öllum minnisstætt, að frumvarp til algjörðrar stjórnarskrár handa Íslandi var lagt fram á alþingi 1867; alþingi var þá heitið samþykktaratkvæði því, sem vèr teljum oss eiga með rèttu, svo að þingið var fullvissað um af hendi konungs vors og stjórnar hans, að engin stjórnarskipunarlög handa þessu landi skyldu verða í lög leidd án samþykkis alþingis. Alþingi gjörði þá allt, hvað það gat með sóma gjört, til að nálgast frumvarp stjórnarinnar sem mest að mögulegt var, og eg fæ ekki betur sèð, en að frumvarp alþingis 1867 hefði verið aðgengilegt fyrir stjórnina, ef henni hefði verið eins umhugað að koma sèr saman við oss, eins og vèr af alhuga vildum reyna að koma oss saman við hana. Oss hefir að vísu verið sagt, að uppástungur alþingis um ráðgjafa-ábyrgðina hafi spillt öllu málinu, en þessar uppástungur voru, að mèr virðist, svo lagaðar, að þær hefðu ekki þurft að vera misklíðarefni, ef stjórnin hefði frá sinni hlið komið þinginu til móts eins fúslega og þingið að sínu leyti hafði gjört. Þessar uppástungur hefðu varla spillt málinu, ef hinn þáverandi ráðgjafi hefði eigi borið það upp á ríkisþinginu í Danmörku mjög óheppilega. Þar sem hinn fyrverandi ráðgjafi hafði sagt, sem satt var, að fjárhagsmálið eitt heyrði undir ríkisþingsins atkvæði, þá gekk frumvarp þessa ráðgjafa miklu lengra, svo að þar voru talin upp þau mál, sem skyldu vera sèrstakleg fyrir Ísland, öldungis eins og að þessi mál hefðu heyrt undir atkvæði ríkisþingsins, sem þau höfðu aldrei heyrt, eða að ríkisþingið hefði yfirlöggjafarvald yfir oss, eins og nýlendu, sem það hefir aldrei haft. Þessi meðferð ráðgjafans á málinu hefir komið því í öfuga stefnu, en ekki uppástungur alþingis 1867, því með þessu móti fèkk ríkisþingið, eða þeir, sem þá rèðu þar mestu, tækifæri til að teygja málið allsendis til þeirrar hliðar, sem þeir vildu. En þessi flokkur er kunnur að því, að vera ekki eins örlyndur á frelsi handa öðrum, eins og handa sjálfum sèr. Eptir umræðurnar á ríkisþingi

Dana, og fyrir þau áhrif, sem þær höfðu á stjórnina, komst málið í skakka stefnu, sem alþingi gat ómögulega fallizt á, nema með því að afneita sjálfu sèr og landsrèttindum vorum að fullu og öllu. Þetta var þó reynt, og til að koma því fram, var alþingi — ráðgjafarþingið — rofið, og nýjar kosningar skipaðar, frumvarpið frá 1867 bútað í tvennt, loforðið um samþykkis-atkvæði alþingis tekið aptur, og sagt með sæmilega ljósum orðum, að lögin skyldum vèr hafa, hvort sem það væri oss ljúft eða leitt. Með hinum nýju kosningum hafði konungur vor og stjórn hans þó skotið málinu til þjóðarinnar, og menn skyldu halda, að þar af hefði leitt, að ef hinn fyrri dómur á því yrði staðfestur á nýju alþingi, þá mundi verða farið eptir því atkvæði þjóðar vorrar og þingsins. Dómurinn fèll nú, eins og kunnugt er, hèr um bil eins á alþingi 1869 eins og á alþingi 1867, og stjórnin kvað sèr ekki þykja ráðlegt, að ráða málinu til lykta án samþykkis alþingis. En skömmu síðar urðu ráðgjafaskipti, og hinn núverandi ráðgjafi, sem hefir vor mál á hendi, tók sèr fyrir hendur að framkvæma það, sem stjórnin hafði látið boða oss á alþingi 1869. Ráðgjafinn fann það, sem rètt var, að mál þetta allt var komið í óvænt horf, og hann fann það líka, sem rètt var, að það, sem fyrst lá fyrir, var að gjöra enda á þeim afskiptum, sem ríkisþingið í Danmörku hafði hingað til haft af vorum málum, og sem hafði komið málinu í fulla sjálfheldu. En í stað þess, að fá ríkisþingið til að sleppa afskiptum sínum og fjárforræði við oss sjálfa, hina rèttu hlutaðeigendur, og viðurkenna með sanngirni kröfur vorar, þá vildi hann ná þessum umráðum í hendur stjórnarinnar einnar undir nafni konungs sem einvaldsherra, og skamta oss síðan rèttindi vor, eptir því sem henta þætti og eptir því, hversu lítilþægir vèr yrðum. Hann tók því fremra hlutann af stjórnarskrá vorri frá 1867, með þeim breytingum, sem honum sýndust hæfilegar, og fèkk fyrst ríkisþingið til að fallast á þetta frumvarp, og síðan konung vorn til að samþykkja það. Þannig eru lögin frá 2. janúar 1871 til orðin, þvert á móti loforði því um samþykkisatkvæði, sem oss var gefið 1867, þvert á móti tillögum alþingis 1869, og að því eg fæ sèð, þvert á móti orðum og anda alþingistilskipunarinnar. Menn hefir greint á um, hvort þessi lög frá 2. janúar 1871 hafi verið lögð fyrir alþingi eða ekki, og menn geta svarað því með já eða nei, eptir því sem hverjum sýnist, því sumt af greinum þeirra hefir alþingi sèð, en sumt ekki. En það sem hèr er aðalatriðið, það er, hvort

alþingi hafi notið síns löglega atkvæðis við þessi lög, og það hefir það ekki. Því verða allir að játa. Það er eins í þessu máli og öðrum ekki nóg, að alþingi fái að sjá einstakar greinir lagafrumvarpa, og að það sè kallað nóg ráðgjafaratkvæði, þó lögin komi út síðan öldungis öðruvísi, og ekkert hið sama nema titillinn. Þegar alþingi hefir samþykkisatkvæði, þá á það kröfurètt til að heimta, að ekkert orð eða atvik sè sett í lögin nema það, sem þingið hefir sèð og samþykkt. Þessu var ekki svo háttað hèr. Það sem alþingi hafði sèð í lögum þessum, hafði það að sumu leyti samþykkt í allt öðru lagalegu sambandi, að sumu leyti öldungis ráðið frá, eins og frá því, að hluta stjórnarskrána í tvennt, og að draga hana að nokkru eða öllu undir atkvæði ríkisþingsins í Danmörku. Það sem alþingi hafði aldrei sèð af lögunum, sem voru jafnvel merkustu greinirnar eptir dómi ríkisþingsmanna sjálfra, og einmitt þær, sem gengu rèttindum vorum hvað næst, það mun þó enginn geta sagt að hafi komið undir atkvæði alþingis. Því virðist mèr það vera í augum uppi, að alþingi hefir ekki notið síns löglega atkvæðisrèttar í þessu máli, enn síður þess samþykkisrèttar, sem því bar og sem því var lofað, og þar af leiðir ljóslega, að lögin frá 2. janúar vantar fullkominn lagalegan grundvöll, sem er samþykki eins aðila málsins.

En nú hefir frumvarp um stjórnarfyrirkomulag hinna sèrstaklegu málefna Íslands verið lagt fyrir þetta þing. Það er síðari hlutinn af sjórnarskrárfrumvarpinu frá 1867, geta menn kallað. Nú hefir aptur verið lofað oss samþykkisatkvæði um þennan hlutann, eins og um alla stjórnarskrána 1867; hvort það loforð stendur, eða hvernig, eða hversu lengi, það mun sýna sig. Þingið hefir enn á ný sagt álit sitt um þetta frumvarp, og um málið í heild sinni, með fullri einurð að eg ætla, svo sem þess skylda er. Vèr höfum heyrt spádóma um, að tillögur þingsins muni ekki eiga von á betri byr hjá stjórninni í þetta sinn, heldur en að undanförnu í þessu máli. Eg skal ekki fara neinum orðum um þessar spár, en eg vil segja það, að ef stjórnin tekur svo meining alþingis, að það vilji enga stjórnarbót hafa, og vilji láta allt vera við það hið gamla, þá er þetta herfilegur misskilningur. Alþingi vill og hefir ætíð viljað stjórnarbót, en það vill þá stjórnarbót, sem er meira en nafnið tómt, þá stjórnarbót, sem kemur því til leiðar, að stjórn landsmálanna fái grundvöll sinn í landinu sjálfu, með því fyrirkomulagi, sem frjálslegri og þjóðlegri stjórnarskipun heyrir eptir hugmyndum

vorra tíma; þar til heyrir stjórnarskrá, sem gefur fulltrúaþingi voru fullt löggjafarvald og fjárforræði, byggir stjórnina á málefnum landsins alveg á nauðsynjum og gagni þess sjálfs, það er, gjörir stjórnina sem mest innlenda, og tengir hana sem fastast í samband og samvinnu við alþingi með fullri lagalegri ábyrgð. Með þessu fyrirkomulagi er framfaravon, með öðru ekki, og það er að eg ætla engin von, að fulltrúar þjóðar vorrar muni ganga að neinum afarkostum, þó þeim sè sýnd einhver stjórnarbótarmynd, sem stendur í þoku suður í Kaupmannahöfn. Verði oss neitað um þessar sanngjörnu og þjóðlegu kröfur, þá er ábyrgðin á þeim, sem neita, og þeim, sem ekki vilja styrkja réttan málstað vorn, en hann mun að vísu vinna sigur um síðir, því það er auðsætt, að geti ekki stjórn komizt á hèr á landi, sem nokkurn veginn fullnægir þörfum vorum og sanngjörnum kröfum þessara tíma, þá er annaðhvort þjóðfrelsi vort ómögulegt, eða stjórnaraðferð sú, sem nú er, er ómöguleg.

Hèr er hvorki tími nè tækifæri til að taka fram þá stóru annmarka, sem eru á stjórnarfyrirkomulaginu nú sem stendur. Hinn núverandi dómsmálaráðgjafi hefir sýnt það ljóslega, hverjir annmarkar voru á, að ríkisþingið var látið hafa öll fjárráð landsins, þar sem alþingi hafði öll löggjafarmálin. En engan veginn minni er sá galli, sem nú kemur hvað ljósast fram, að hugmyndirnar um mörg atriði í hinni æðstu stjórn eru mjög á reiki. Eg skal einungis benda á, að sumir vilja telja konung einvaldan hèr á landi; aðrir þar á móti vilja ætla, að Friðrik hinn sjöundi hafi eins afsalað sèr einveldi hèr, eins og í öðrum löndum sínum, og það er víst, að vor núverandi konungur mun aldrei af ásetningi vilja halla rètti vorum í neinu, heldur vill hann vissulega unna oss jafnrèttis við aðra þegna sína, eins og hann hefir lofað. Eg skal enn fremur benda á, að nú um hríð hefir hin æðsta yfirstjórn vor verið í höndum danskra ráðgjafa, sem hafa skipzt um án alls tillits til vorra mála og einungis eptir því sem til hefir hagað um stjórnina í Danmörku; þar af hefir leitt, og mun leiða meðan svo stendur, að yfirstjórnin hèr verður öll tvíbent, eða eins og tvíhliðuð; önnur hliðin verður einveldisleg, en önnur hliðin þjóðstjórnarleg, og þó háð yfirvaldi ríkisþingsins í Danmörku, sem hefir verkun bæði á stjórnina alla og sèrstaklega á þann ráðgjafa, sem hefir vor mál á hendi, meðan hann er einn á meðal þeirra ráðgjafa, sem hafa dönsk mál jafnframt á hendi. Um tilhögun þá, sem nú er á fjárstjórninni, þarf eg ekki að taka fram sèr í lagi. Eg get varla

hugsað mèr annað, en að konungur vor og stjórn hans finni þessa stóru galla, og kosti kapps um, að bæta úr þeim sem fyrst, en þær umbætur verða því að eins heillavænlegar fyrir land og lýð, að þær verði leiddar í lög og framkvæmdar í fullri samhljóðun við tillögur alþingis, og því skulum vèr treysta, að vor háttvirti konungsfulltrúi muni leiða stjórninni þetta kröptuglega fyrir sjónir.

Að þinglokum er það eðlilegt, að vèr rennum auga yfir aðgjörðir þingsins í þetta sinn. Menn bjuggust við því almennt, áður en þing þetta var sett, að það mundi standa lengi. Mönnum mun og þykja sú spá hafa rætzt, en þess ber einnig að gæta, að þingið hefir haft mörg og stór frumvörp til meðferðar frá stjórninni, og að auki allmörg málefni frá landsmönnum sjálfum eða þingmönnum sèrstaklega. Frá stjórninni hafa komið til þingsins í þetta sinn 12 konungleg frumvörp, sem nefndir hafa verið kosnar til, og þar að auki eitt álitsmál, um hin dönsku lagaboð 1869 og 1870, sem ekki var tekið til nefndar. Öll þessi konunglegu frumvörp hafa verið rædd að fullu, og álitsskjöl um þau samin og send til stjórnarinnar. Frá landsmönnum hafa alls komið til þingsins nærfellt 90 bænarskrár og uppástungur, og hafa margar þeirra hitt þau mál, sem stjórnin hefir að þessu sinni lagt fyrir þingið, einkum stjórnarmálið, sveitastjórnina og spítalagjaldið, og verið vísað til þessara nefnda. Út af þessum bænarskrám og uppástungum hafa verið settar 11 nefndir, auk 12 hinna fyrnefndu, og ritnefndar alþingistíðindanna. Allar þessar nefndir hafa lokið störfum sínum, og málin verða fullrædd, að einu undanteknu. En margar fleiri af uppástungum þessum, og bænarskrám hafa verið ræddar, og fengið ýmisleg afdrif eptir umræður þessar; þannig hafa sex verið felldar frá nefnd eptir umræður, og ein tekin aptur; einni bænarskrá hefir verið vísað forsetaveginn til stjórnarinnar, og annari til stiptamtmanns, án þess nefndir væru kosnar til að rannsaka þær. Einu máli var vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, eptir að nefnd hafði verið sett og málið var rætt til enda, og annað málið var alveg fellt eptir allar umræður bæði í nefnd og á þingi. Þegar vèr lítum yfir þessi störf, sem nú eru til lykta leidd, þá vona eg að allir nærgætnir menn og kunnugir þingstörfum sanni það með mèr, að þingið hafi að þessu sinni leyst allmikið starf af hendi; hvernig frá því sè gengið að öðru leyti, skal eg ekki leggja neinn dóm á, því það er á þjóðarinnar dómi.

Þèr hafið, háttvirtu þingmenn, á þessum vorum samvinnutíma

sýnt mèr svo mikla velvild, vorkunnsemi og aðstoð, eins og reyndar svo opt áður, að eg finn mèr skylt, að votta yður öllum, og hverjum yðar sèr í lagi, mitt bezta þakklæti. Sèr í lagi þakka eg hinum háttvirtu skrifurum þingsins fyrir þeirra ágæta dugnað og framkvæmd í ritstörfum þingsins, sem þeir hafa haft á hendi á þessu þingi eins og á undanförnum þingum og leyst svo ágætlega vel af hendi eins og fyrri. Sömuleiðis færi eg hinum háttvirta varaforseta mínar beztu þakkir fyrir aðstoð hans og alla aðra hlutdeild hans í þingstörfum vorum.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir enn á þessu þingi sýnt þinginu og hverjum af oss sèr í lagi hina sömu góðvild, sem vèr höfum reynt á undanförnum þingum. Vissulega hefir erindi hans það í för með sèr, að hann getur ekki ætíð komið fram eins og meðmælandi þeirra skoðana, sem kunna að vera ofan á meðal þingmanna; en þetta er í engu tilliti óheppilegt, heldur miklu fremur æskilegt, til þess að málin verði betur rannsökuð, og hinar ýmsu skoðanir geti komið skarplega fram. Í þessu tilliti hefir hlutdeild hins háttvirta konungsfulltrúa í meðferð málanna, eins og að undanförnu, verið bæði vekjandi og hvetjandi, og hreinskilni hans og frjálslyndi hlýtur að auka hjá oss öllum virðing og góðan þokka, þó vèr ekki getum annað stundum, en mælt á móti því, sem hann fylgir fram. Eg er viss um, að eg get flutt honum hinar beztu þakkir allra þingmanna fyrir hlutdeild hans í meðferð málanna og fyrir alla hans góðvild við hvern sèrstaklega. Að mínu leyti segi eg honum mínar beztu þakkir fyrir, að hann hefir haldið fram hinni sömu velvild við mig, eins og að undanförnu, og sem eg skal ávallt þakklátlega minnast.

Þegar vèr nú að þessu sinni ljúkum störfum vorum, skulum vèr biðja hinn algóða guð, að halda sinni mildu hendi yfir konungi vorum og blessa hann og hans hús, land vort og lýð, alþingi vort og öll vor efni, svo að þau mættu komast í hið heillavænlegasta horf, sem vèr allir óskum.

Konungsfulltrúi: Í nafni og umboði konungs segi eg þá þessu

ALÞINGI SLITIÐ.

Þá stóð einn þingmanna upp og sagði:

«*Lengi lifi konungur vor*, **Kristján hinn níundi**,»

og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Loks var upp lesin og samþykkt gjörðabók frá þessum síðasta fundi.

Síðan gengu menn af þingi.